

# BIBLÍAN

NÝHEIMSPÝÐING  
GRÍSKU RITNINGANNA



Eigandi þessarar biblíu er

---

# BIBLÍAN

NÝHEIMSPÝÐING  
GRÍSKU RITNINGANNA

„EN VIÐ BÍÐUM EFTIR NÝJUM HIMNUM OG  
NÝRRI JÖRÐ SAMKVÆMT FYRIRHEITI HANS  
OG ÞAR MUN RÉTTLÆTI BÚA.“

- 2. Pétursbréf 3:13.

---

© 2019

WATCH TOWER BIBLE  
AND TRACT SOCIETY  
OF PENNSYLVANIA

200 Watchtower Drive  
Patterson, NY 12563-9205  
USA

ÚTGEFENDUR

© Druck und Verlag:  
Wachtturm Bibel- und  
Traktat-Gesellschaft,  
Selters/Ts.

Vottar Jehóva

---

*Nýheimsþýðing Biblíunnar* er  
fánleg í heild eða að hluta  
á meira en 180 tungumálum.  
Lista yfir öll tungumálin er  
að finna á [www.jw.org](http://www.jw.org).

Heildarupplag  
af öllum útgáfum  
*Nýheimsþýðingarinnar*:

235.115.528 eintök

Prentað 2020

---

Þetta rit er ekki til sölu.  
Útgáfa þess er þáttur í  
alþjóðlegri biblíufræðslu  
Votta Jehóva.

*Biblian – Nýheimsþýðing  
Grísku ritninganna*

*New World Translation of the  
Christian Greek Scriptures*

Icelandic (bi7-IC)

Made in Germany  
Prentað í Þýskalandi



bi7-IC  
200610

## FORMÁLI

HEILÖG ritning var skrifuð á hebresku, arameísku og grísku undir innblæstri Guðs. Til að fólk af „öllum þjóðum“ geti haft gagn af orði Guðs, Biblíunni, þarf að þýða það á fjölda tungumála. (Matteus 24:14) Bækurnar 27 frá Matteusi til Opinberunarbókarinnar eru kallaðar „Grísku ritningarnar“ því að kristnir menn á fyrstu öld okkar tímats skrifuðu þær upphaflega á grísku.

*Nýheimsþýðing Grísku ritninganna* kom fyrst út á ensku árið 1950. Hún er í meginatriðum byggð á hinum kunna gríska texta Westcotts og Horts en hann fylgir elstu grísku handritunum. *Nýheimsþýðingin* er eins trú gríska textanum og kostur er. Þessi íslenska þýðing er byggð á ensku þýðingunni frá 2013, og í henni er leitast við að sýna frumtextanum sömu tryggð.

Nafnið Jehóva, hið einstæða nafn Guðs, stendur 237 sinnum í meginmáli *Nýheimsþýðingar Grísku ritninganna*. Nafnið endurheimtir þar með sinn réttmæta sess í Heilagri ritningu. Það skiptir máli í ljósi þess hve mikilvægt er að helga nafn Guðs og hve áriðandi er fyrir alla að ákalla nafn hans til að bjargast. – Matteus 6:9; Rómverjabréfið 10:13.

Heitið *Nýheimsþýðing* er sótt í loforð Guðs um réttlátan nýjan heim sem verður öllu mannkyni til blessunar. (2. Pétursbréf 3:13) Þeir sem þýddu þetta verk elska Guð, höfund Heilagrar ritningar, og finna til þess hve mikil ábyrgð hvílir á þeim að miðla hugsunum hans og yfirlýsingum eins nákvæmlega og unnt er. Það er bæn okkar að þessi þýðing reynist mikils virði fyrir einlæga lesendur sem vilja fá „nákvæma þekkingu á sannleikanum“.

– 1. Tímóteusarbréf 2:4.

# EFNISYFIRLIT

## BÆKUR GRÍSKU RITNINGANNA

BÓK	SKAMMSTÖFUN	BLS.	BÓK	SKAMMSTÖFUN	BLS.
Matteus .....	Mt	7	1. Tímóteusarbréf .....	1Tí	272
Markús .....	Mr	48	2. Tímóteusarbréf .....	2Tí	277
Lúkas .....	Lúk	74	Títusarbréfið .....	Tít	281
Jóhannes .....	Jóh	118	Filemonsbréfið .....	Flm	284
Postulasagan .....	Pos	151	Hebrea-bréfið .....	Heb	285
Rómverjabréfið .....	Róm	195	Jakobsbréfið .....	Jak	299
1. Korintubríf .....	1Kor	213	1. Pétursbréf .....	1Pé	304
2. Korintubríf .....	2Kor	231	2. Pétursbréf .....	2Pé	309
Galatabréfið .....	Ga	243	1. Jóhannesarbréf .....	1Jó	313
Efesusbréfið .....	Ef	250	2. Jóhannesarbréf .....	2Jó	318
Filippibréfið .....	Fil	257	3. Jóhannesarbréf .....	3Jó	319
Kólossubrésið .....	Kól	261	Júdasarbréfið .....	Júd	320
1. Þessaloníkubríf .....	1Þe	266	Opinberunarbókin .....	Op	321
2. Þessaloníkubríf .....	2Þe	270			
Yfirlit yfir bækur Bibliunnar .....		343			
Orðalykill .....		344			
Orðaskýringar .....		362			

# MATTEUS

## SEGIR FRÁ

### YFIRLIT

- 1 Ættartala Jesú Krists (1-17)  
Fæðing Jesú (18-25)
- 2 Stjörnuspekingar koma (1-12)  
Flóttinn til Egyptalands (13-15)  
Heródes lætur drepa unga drengi (16-18)  
Setjast að í Nasaret (19-23)
- 3 Jóhannes skírari boðar iðrun (1-12)  
Skírn Jesú (13-17)
- 4 Djöfullinn freistar Jesú (1-11)  
Jesús byrjar boðun í Galíleu (12-17)  
Fyrstu lærisveinarnir kallaðir (18-22)  
Jesús boðar, kennir og læknar (23-25)
- 5 FJALLRÆÐAN (1-48)  
Jesús byrjar að kenna á fjallinu (1, 2)  
Níu hamingjuráð (3-12)  
Salt og ljós (13-16)  
Jesús kom til að uppfylla lögin (17-20)  
Ráð varðandi reiði (21-26), hjúskaparbrot (27-30), skilnað (31, 32), eiða (33-37), hefnd (38-42), það að elska óvini (43-48)
- 6 FJALLRÆÐAN (1-34)  
Ekki vinna góðverk til að sýnast (1-4)  
Að biðja bæna (5-15)  
Fyrirmynd að bæn (9-13)  
Föstur (16-18)  
Fjársjóðir á jörð og á himni (19-24)  
Hættið að hafa áhyggjur (25-34)  
Einbeitið ykkur fyrst að ríki Guðs (33)
- 7 FJALLRÆÐAN (1-27)  
Hættið að dæma (1-6)  
Haldið áfram að biðja, leita og banka (7-11)  
Gullna reglan (12)  
Þrönga hliðið (13, 14)  
Þeir þekkjast af ávöxtum sínum (15-23)  
Hús á klöpp, hús á sandi (24-27)  
Mannfjöldinn agndofa yfir kennslu Jesú (28, 29)
- 8 Holdsveikur maður læknast (1-4)  
Liðsforingi sýnir trú (5-13)  
Jesús læknar marga í Kapernaúm (14-17)  
Að fylgja Jesú (18-22)  
Jesús lægir storm (23-27)  
Jesús sendir illa anda í svín (28-34)
- 9 Jesús læknar lamaðan mann (1-8)  
Jesús kallar Matteus (9-13)  
Spurning um föstu (14-17)  
Dóttir Jáirusar; kona snertir yfirhöfn Jesú (18-26)  
Jesús læknar blinda og mállausa (27-34)  
Uppskeran mikil en verkamennirnir fáir (35-38)
- 10 Postularnir 12 (1-4)  
Fyrirmæli varðandi boðunina (5-15)  
Lærisveinar Jesú verða ofsóttir (16-25)  
Hræðist Guð, ekki menn (26-31)  
Ekki friður heldur sverð (32-39)  
Að taka við lærisveinum Jesú (40-42)
- 11 Jesús ber lof á Jóhannes skírara (1-15)  
Jesús fordæmir forherta kynslóð (16-24)  
Jesús lofar föður sinn fyrir að sýna auðmjúkum velvild (25-27)  
Ok Jesú er endurnærandi (28-30)
- 12 Jesús er „drottinn hvíldardagsins“ (1-8)  
Maður með visna hönd læknast (9-14)  
Elskaður þjónn Guðs (15-21)  
Illir andar reknir út með heilögum anda (22-30)  
Ófyrirgefanleg synd (31, 32)  
Tré þekkt af ávextinum (33-37)  
Tákn Jónasar (38-42)  
Þegar óhreinndi andi snýr aftur (43-45)  
Móðir Jesú og bræður (46-50)
- 13 DÆMISÖGUR UM RÍKI GUÐS (1-52)  
Akuryrkjumaðurinn (1-9)  
Ástæða þess að Jesús kenndi með dæmisögum (10-17)



- Útskýrir dæmisöguna um akuryrkjumanninn (18–23)  
 Hveitið og illgresið (24–30)  
 Sinnepsfræið og súrdeigið (31–33)  
 Uppfyllir spádóm með því að nota dæmisögur (34, 35)  
 Útskýrir dæmisöguna um hveitið og illgresið (36–43)  
 Falinn fjársjóður og dýrmæt perla (44–46)  
 Dragnetíð (47–50)  
 Nýtt og gamalt úr forðabúri (51, 52)  
 Jesú hafnað í heimabyggð sinni (53–58)
- 14 Jóhannes skírari hálfhöggvinn (1–12)  
 Jesús gefur 5.000 að borða (13–21)  
 Jesús gengur á vatni (22–33)  
 Jesús læknar í Genesaret (34–36)
- 15 Jesús afhjúpar erfðavenjur manna (1–9)  
 Það sem óhreinkar kemur frá hjartanu (10–20)  
 Föníkísk kona sýnir mikla trú (21–28)  
 Jesús læknar margs konar mein (29–31)  
 Jesús gefur 4.000 að borða (32–39)
- 16 Beðið um tákn (1–4)  
 Súrdeig farísea og saddúkea (5–12)  
 Lyklar himnaríkis (13–20)  
 Söfnuðurinn byggður á kletti (18)  
 Jesús segir fyrir um dauða sinn (21–23)  
 Að vera sannur lærisveinn (24–28)
- 17 Ummyndun Jesú (1–13)  
 Trú eins og sinnepsfræ (14–21)  
 Jesús spáir aftur um dauða sinn (22, 23)  
 Peningur úr munni fisks til að borga skatt (24–27)
- 18 Mestur í himnaríki (1–6)  
 Það sem getur orðið að falli (7–11)  
 Dæmisagan um týnda sauðinn (12–14)  
 Að endurheimta bróður (15–20)  
 Dæmisagan um þjóninn sem fyrirgef ekki (21–35)
- 19 Hjónaband og skilnaður (1–9)  
 Sumum er gefið að vera einhleypir (10–12)  
 Jesús blessar börnin (13–15)
- Spurning unga ríka mannsins (16–24)  
 Fórnir fyrir ríki Guðs (25–30)
- 20 Verkamenn í víngarði og sama kaup (1–16)  
 Jesús spáir aftur um dauða sinn (17–19)  
 Beiðni um stöður í ríki Guðs (20–28)  
 Jesús er lausnargjald fyrir marga (28)  
 Tveir blindir menn fá sjónina (29–34)
- 21 Jesús ríður sigri hrósandi inn í Jerúsalem (1–11)  
 Jesús hreinsar musteríð (12–17)  
 Jesús formælir fíkjutré (18–22)  
 Vald Jesú véfengt (23–27)  
 Dæmisagan um synina tvo (28–32)  
 Dæmisagan um grimmu vínyrkjana (33–46)  
 Aðalhornsteini hafnað (42)
- 22 Dæmisagan um brúðkaupsveisluna (1–14)  
 Guð og keisarinn (15–22)  
 Jesús spurður um upprisu (23–33)  
 Tvö æðstu boðorðin (34–40)  
 Er Kristur sonur Davíðs? (41–46)
- 23 Líkið ekki eftir fræðimönnum og faríseum (1–12)  
 Illa fer fyrir fræðimönnum og faríseum (13–36)  
 Jesús harmar örlög Jerúsalem (37–39)
- 24 TÁKN UM NÆRVERU KRISTS (1–51)  
 Stríð, hungursneyðir, jarðskjálftar (7)  
 Boða þarf fagnaðarboðskapinn (14)  
 Mikil þrenging (21, 22)  
 Tákn Mannssonarins (30)  
 Fíkjutréd (32–34)  
 Eins og dagar Nóa (37–39)  
 Haldið vöku ykkar (42–44)  
 Trúi þjónninn og illur þjónn (45–51)
- 25 TÁKN UM NÆRVERU KRISTS (1–46)  
 Dæmisagan um meyjarnar tíu (1–13)  
 Dæmisagan um talenturnar (14–30)  
 Sauðirnir og geiturnar (31–46)
- 26 Prestar leggja á ráðin um að lífláta Jesú (1–5)  
 Kona hellir ilmólú á höfuð Jesú (6–13)

- |   |   |
|---|---|
| <p>Síðasta páskamáltíðin, Jesús svikinn (14-25)<br/>         Kvöldmáltíð Drottins innleidd (26-30)<br/>         Jesús segir fyrir að Pétur afneiti honum (31-35)<br/>         Jesús biðst fyrir í Getsemane (36-46)<br/>         Jesús handtekinn (47-56)<br/>         Æðstaráðið réttar yfir Jesús (57-68)<br/>         Pétur afneitar Jesús (69-75)</p> <p>27 Jesús afhentur Pílatusi (1, 2)<br/>         Júdas hengir sig (3-10)</p> | <p>Jesús fyrir Pílatusi (11-26)<br/>         Hæðst að Jesús (27-31)<br/>         Staurfestur á Golgata (32-44)<br/>         Jesús deyr (45-56)<br/>         Jesús lagður í gröf (57-61)<br/>         Grafarinnar tryggilega gætt (62-66)</p> <p>28 Jesús reistur upp (1-10)<br/>         Hermönnum mútað til að ljúga (11-15)<br/>         Fyrirmæli um að gera fólk að lærisveinum (16-20)</p> |
|---|---|

- 1** Bókin sem segir sögu\* Jesú Krists,<sup>#</sup> sonar Davíðs, sonar Abrahams.
- 2** Abraham eignaðist Ísak, Ísak eignaðist Jakob, Jakob eignaðist Júda og bræður hans,
- 3** Júda eignaðist Peres og Sera með Tamar, Peres eignaðist Hesrón, Hesrón eignaðist Ram,
- 4** Ram eignaðist Ammínadab, Ammínadab eignaðist Nakson, Nakson eignaðist Salmón,
- 5** Salmón eignaðist Bóas með Rahab, Bóas eignaðist Óbeð með Rut, Óbeð eignaðist Ísaí,
- 6** Ísaí eignaðist Davíð konung. Davíð eignaðist Salómon með eiginkonu Úría,
- 7** Salómon eignaðist Rehabeam, Rehabeam eignaðist Abía, Abía eignaðist Asa,
- 8** Asa eignaðist Jósafat, Jósafat eignaðist Jóram, Jóram eignaðist Ússía,
- 9** Ússía eignaðist Jótam, Jótam eignaðist Akas, Akas eignaðist Hiskía,
- 10** Hiskía eignaðist Manasse, Manasse eignaðist Amón, Amón eignaðist Jósía,
- 11** Jósía eignaðist Jekonja og bræður hans um það leyti sem Gyðingar voru fluttir í útlegð til Babýlonar.
- 12** Jekonja eignaðist Sealtíel í útlegðinni í Babýlon, Sealtíel eignaðist Serúbabel,
- 13** Serúbabel eignaðist Abíúd, Abíúd eignaðist Eljakím, Eljakím eignaðist Asór,
- 14** Asór eignaðist Sadók, Sadók eignaðist Akím, Akím eignaðist Elíúd,
- 15** Elíúd eignaðist Eleasar, Eleasar eignaðist Mattan, Mattan eignaðist Jakob,
- 16** Jakob eignaðist Jósef eiginnmann Maríu en hún fæddi Jesú sem er kallaður Kristur.
- 17** Alls voru því 14 kynslóðir frá Abraham til Davíðs, 14 kynslóðir frá Davíð til útlegðarinnar í Babýlon og 14 kynslóðir frá útlegðinni í Babýlon til Krists.
- 18** Fæðingu Jesú Krists bar að með þessum hætti: María móðir hans var trúlofuð Jósef, en áður en þau gengu í hjónaband reyndist hún barnshafandi af völdum heilags

1:1 \*Eða „rekur ættartölu“. <sup>#</sup>Eða „Messíasar; hins smurða“.

anda.\* **19** Þar sem Jósef eiginmaður\* hennar var réttlátur maður og vildi ekki valda henni opinberri skömm ætlaði hann að skilja við hana í kyrrþey. **20** En eftir að hann hafði ákveðið sig birtist engill Jehóva\* honum í draumi og sagði: „Jósef sonur Davíðs, vertu óhræddur að taka Maríu konu þína heim til þín því að hún er barnshafandi af völdum heilags anda. **21** Hún mun fæða son og þú átt að nefna hann Jesú\* því að hann mun frelsa fólk frá syndum þess.“ **22** Allt gerðist þetta til að það rættist sem Jehóva\* sagði fyrir milligöngu spámanns síns: **23** „Meyjan verður barnshafandi og fæðir son og hann verður nefndur Immanuel“ en það merkir ‚Guð er með okkur‘.

**24** Síðan vaknaði Jósef af svefni, gerði eins og engill Jehóva\* hafði sagt honum og tók konu sína heim til sín. **25** Hann hafði þó ekki kynmök við hana fyrr en hún hafði fætt son, og hann lét hann heita Jesú.

**2** Eftir að Jesús var fæddur í Betlehem í Júdeu á dögum Heródesar\* konungs komu stjörnuspekningar frá Austurlöndum til Jerúsalem **2** og sögðu: „Hvar er barnið sem á að verða konungur Gyðinga? Við sáum stjörnu hans þegar við vorum í Austurlöndum og erum komnir til að veita honum lotningu.“\* **3** Þegar Heródes konungur heyrði þetta komst hann í mikið uppnám og öll Jerúsalem með honum. **4** Hann kallaði saman alla yfirprestana og fræðimenn-

ina og spurði þá hvar Kristur\* ætti að fæðast. **5** Þeir svöruðu honum: „Í Betlehem í Júdeu því að spámaðurinn skrifaði: **6** ‚Þú, Betlehem í landi Júda, ert alls ekki ómerkasta borgin í augum stjórnenda Júda því að frá þér kemur stjórnandi sem verður hirðir þjóðar minnar, Ísraels.‘“

**7** Heródes kallaði þá stjörnuspekningana til sín á laun og spurði þá í þaula hvenær stjarnan hefði birst. **8** Hann sendi þá síðan til Betlehem og sagði: „Farið og leitið vandlega að barninu. Látið mig svo vita þegar þið hafið fundið það svo að ég geti líka farið og veitt því lotningu.“ **9** Eftir að hafa hlustað á konung fóru þeir sína leið. En stjarnan sem þeir höfðu séð í Austurlöndum fór á undan þeim þar til hún staðnæmdu fyrir ofan staðinn þar sem barnið var. **10** Þeir urðu yfir sig glaðir þegar þeir sáu stjörnuna. **11** Þeir gengu inn í húsið og sáu barnið ásamt Maríu móður þess, féllu á kné og veittu því lotningu.\* Þeir opnuðu öskjur sínar og gáfu því gjafir – gull, reykelsi<sup>#</sup> og myrru. **12** En þar sem þeir fengu viðvörun frá Guði í draumi um að snúa ekki aftur til Heródesar fóru þeir aðra leið til heimalands síns.

**13** Þegar þeir voru farnir birtist engill Jehóva\* Jósef í draumi og sagði: „Farðu á fætur, taktu barnið og móður þess og flýið til Egyptalands. Verið þar þangað til ég læt þig vita því að Heródes ætlar að leita að barninu til að drepa það.“ **14** Jósef fór þá á fætur og tók barnið og móður þess um nóttina og fór til Egyptalands. **15** Hann dvaldist þar þangað til Heródes dó. Þannig rættist það sem Jehóva\* lét spámann sinn segja: „Ég kallaði son minn frá Egyptalandi.“

1:18 \*Eða „kraftar Guðs“. 1:19 \*Hjá Gyðingum var sú hefð að unnusti væri kallaður eiginmaður. 1:20 \*Þetta er fyrsti staðurinn af 237 þar sem nafn Guðs, Jehóva, stendur í Grísku ritningunum í þessari bibluútgáfu. Sjá orðaskýringar. 1:21 \*Samsvarar hebreska nafninu Jesúa eða Jósúa sem merkir ‚Jehóva er hjálpræði‘. 1:22, 24; 2:1, 13, 15 \*Sjá orðaskýringar. 2:2 \*Eða „krjúpa fyrir honum“.

2:4 \*Eða „Messías; hinn smurði“. 2:11 \*Eða „krupu fyrir því“. #Eða „hvítt reykelsi“.

16 Heródes reiddist heiftarlega þegar hann áttaði sig á að stjórnu- spekingarnir höfðu leikið á hann. Hann sendi menn og lét þá drepa alla drengi í Betlehem og nágrenni, tveggja ára og yngri, en það samsvaraði þeirri tímallengd sem hann hafði komist að hjá stjórnu- spekingunum. 17 Þá rættist það sem sagt var fyrir milligöngu Jeremía spámanns: 18 „Rödd heyrst í Rama, grátur og harmakvein. Það er Rakel sem grætur börn sín og vill ekki láta huggast því að þau eru ekki lengur á lífi.“

19 Þegar Heródes var dáinn birtist engill Jehóva\* Jósef í draumi í Egyptalandi 20 og sagði: „Stattu upp, taktu barnið og móður þess og farðu til Ísraelslands því að þeir sem sóttust eftir lífi\* barnsins eru dánir.“ 21 Hann hélt þá af stað með barnið og móður þess og kom til Ísraelslands. 22 En þegar hann frétti að Arkelás réði ríkjum í Júdeu í stað Heródesar föður síns þorði hann ekki að fara þangað. Auk þess fékk hann viðvörðun frá Guði í draumi og fór því til Galíleu. 23 Hann settist að í borg sem heitir Nasaret til að það rættist sem var sagt fyrir milligöngu spámannanna: „Hann verður kallaður Nasarei.“\*

3 Síðar meir kom Jóhannes skírari og boðaði í óbyggðum Júdeu: 2 „Íðrist því að himnaríki er í nánd.“ 3 Hann er sá sem Jesaja spámaður talaði um þegar hann sagði: „Rödd manns kallar í óbyggðunum: „Greiðið veg Jehóva!“ Gerið brautir hans beinar.“ 4 Jóhannes klæddist fötum úr úlfaldahári og var með leðurbelti um mittið. Hann át engisprettur og villihunang. 5 Fólk frá Jerúsalem, allri Júdeu og öllu svæðinu kringum Jórd-

an kom til hans. 6 Það játaði syndir sínar opinberlega og hann skírði\* það í ánni Jórdan.

7 Þegar hann sá að margir fari- sear og saddúkear komu á skír- arstaðinn sagði hann við þá: „Þið nöðruafkvæmi, hver hefur sagt ykkur að þið getið flúið hina komandi reiði? 8 Berið ávöxt sem sýnir\* að þið hafið iðrast. 9 Haldið ekki að þið getið sagt með sjálf- um ykkur: „Abraham er faðir okkar.“ Ég segi ykkur að Guð getur mynd- að börn handa Abraham úr þessum steinum. 10 Öxin liggur þegar við rætur trjáanna. Hvert það tré sem ber ekki góðan ávöxt verður högg- ið og því kastað í eldinn. 11 Ég skíri ykkur með vatni vegna þess að þið iðrist en sá sem kemur á eftir mér er máttugri en ég, og ég er ekki þess verður að taka ilskóna af fötum hans. Hann mun skíra ykkur með heilögum anda og eldi. 12 Hann er með varpsköfluna\* í hendinni og mun gerhreinsa preskí- völlinn og safna hveitinu í hlöðu en brenna hismið í óslökkvandi eldi.“

13 Jesús kom nú frá Galíleu til Jórdanar til að skírast hjá Jóhannesi 14 en Jóhannes mótmælti og sagði: „Það er ég sem þarf að skír- ast hjá þér. Hvers vegna kemur þú þá til mín?“ 15 Jesús svaraði honum: „Gerðu það nú samt, því að þannig fullnægjum við öllu sem er réttmætt.“ Þá hætti hann að mótmæla. 16 Um leið og Jesús hafði verið skírður kom hann upp úr vatninu, himnarnir opnuðust og Jóhannes sá anda Guðs koma niður yfir hann eins og dúfu. 17 Einnig heyrðist rödd af himni sem sagði: „Þetta er sonur minn sem ég elska og hef velþóknun á.“

2:19; 3:3 \*Sjá orðaskýringar. 2:20 \*Eða „sál“. 2:23 \*Líklega dregið af hebresku orði sem merkir „sproti“.

3:6 \*Eða „dýfði; skírði það niðurdýfing- arskírni“. 3:8 \*Eða „Sýnið í verki“. 3:12 \*Áhald sem var notað til að skilja hismið frá korninu.

**4** Andinn leiddi nú Jesús út í óbyggð-irnar þar sem Djöfullinn freist-aði hans. **2** Eftir að hafa fastað í 40 daga og 40 nætur var hann orð-inn sársvangur. **3** Freistarinn kom þá til hans og sagði: „Ef þú ert sonur Guðs segðu þá þessum steinum að verða að brauði.“ **4** En hann svar-aði: „Skrifað stendur: ‚Maðurinn lifir ekki aðeins á brauði heldur á hverju orði sem kemur af munni Jehóva.‘“\*

**5** Þá fór Djöfullinn með hann inn í borgina helgu, setti hann upp á virkisvegg\* musterisins **6** og sagði við hann: „Ef þú ert sonur Guðs kastaðu þér þá fram af, því að skrif-að stendur: ‚Hann sendir engla sína til þín,‘ og ‚Þeir munu bera þig á höndum sér til að þú hnjótir ekki um stein.‘“ **7** Jesús sagði við hann: „Einnig stendur skrifað: ‚Þú skalt ekki ögra Jehóva\* Guði þínum.‘“

**8** Eftir það fór Djöfullinn með hann upp á afar hátt fjall, sýndi honum öll ríki heims og dýrð þeirra **9** og sagði við hann: „Ég skal gefa þér allt þetta ef þú fellur fram og tilbiður mig einu sinni.“ **10** Þá svaraði Jesús: „Farðu burt, Satan! Skrifað stendur: ‚Þú skalt tilbiðja Jehóva\* Guð þinn og honum ein-um skaltu veita heilaga þjónustu.‘“ **11** Þá yfirgaf Djöfullinn hann og englar komu og þjónuðu honum.

**12** Þegar Jesús frétti að Jóhann- es hefði verið handtekinn hélt hann til Galíleu. **13** Síðar fór hann frá Nasaret og settist að í Kapernaúm við vatnið í héruðum Sebúlons og Naftali, **14** til að það rættist sem Jesaja spámaður sagði: **15** „Sebúl- onsland og Naftalíland, við veginn til sjávar\* handan við Jórdan, Galí- lea þjóðanna. **16** Fólkið sem sat í myrkri sá mikið ljós og ljós skein

4:4, 7, 10 \*Sjá orðaskýringar. 4:5 \*Eða „brjóstrið; efstu brún“. 4:15 \*Sennilega Mið- jarðarhaf en samkvæmt sumum heimildum Galíleuvatn.

á þá sem sátu í skuggalandi dauð-ans.“ **17** Upp frá því fór Jesús að boða: „Iðrist því að himnaríki er í nánd.“

**18** Hann gekk meðfram Galíleu- vatni og sá þá tvo bræður kasta neti í vatnið. Það voru þeir Símon, sem er kallaður Pétur, og Andrés bróðir hans en þeir voru fiskimenn. **19** Hann sagði við þá: „Komið og fylgið mér og ég skal láta ykkur veiða menn.“ **20** Þeir yfirgáfu net- in samstundis og fylgdu honum. **21** Hann gekk áfram og sá tvo aðra bræður, þá Jakob Sebedeusson og Jóhannes bróður hans. Þeir voru í bátnum með Sebedeusi föður sín- um að bæta netin. Hann kallaði á þá **22** og þeir yfirgáfu bátinn og föður sinn samstundis og fylgdu honum.

**23** Hann fór síðan um alla Galí- leu, kenndi í samkunduhúsunum, boðaði fagnaðarboðskapinn um rík- ið og læknaði fólk af hvers kyns sjúkdómum og meinum. **24** Frétt- irnar af honum bárust út um allt Síryland og fólk kom til hans með alla sem kvöldust og þjádust af ýmsum sjúkdómum, voru andsetn- ir, flogaveikir og lamaðir, og hann læknaði þá. **25** Mikill fjöldi fylgdi honum þess vegna frá Galíleu, Dekapólís,\* Jerúsalem, Júdeu og landinu handan við Jórdan.

**5** Þegar Jesús sá mannfjöldann gekk hann upp á fjallið. Hann settist niður og lærisveinarnir komu til hans. **2** Síðan fór hann að kenna þeim og sagði:

**3** „Þeir sem skynja andlega þörf sína\* eru hamingjusamir því að himnaríki tilheyrir þeim.

**4** Þeir sem syrgja eru hamingju- samir því að þeir hljóta huggun.

**5** Hinir hógværu\* eru hamingju- samir því að þeir erfa jörðina.

4:25 \*Eða „Tíuborgasvæðinu“. 5:3 \*Eða „Þeir sem betla andann; þeir sem skilja að þeir þarfnast Guðs“. 5:5 \*Eða „mildu“.

6 Þeir sem hungrar og þyrstir eftir réttlæti eru hamingjusamir því að þeir verða saddir.

7 Hinir miskunnsömu eru hamingjusamir því að þeim verður sýnd miskunn.

8 Hinir hjartahreinu eru hamingjusamir því að þeir munu sjá Guð.

9 Þeir sem stuðla að friði\* eru hamingjusamir því að þeir verða kallaðir börn<sup>#</sup> Guðs.

10 Þeir sem hafa verið ofsóttir fyrir að gera rétt eru hamingjusamir því að himnaríki tilheyrir þeim.

11 Þið eruð hamingjusöm þegar fólk smánar ykkur, ofsækir og lýgur upp á ykkur öllu illu vegna mín.

12 Gleðjist og fagnið ákaflega því að laun ykkar eru mikil á himnum. Þannig ofsóttu þeir líka spámennina á undan ykkur.

13 Þið eruð salt jarðar en hvernig er hægt að endurheimta seltuna ef saltið dofnar? Það er ekki lengur nothæft til neins annars en að henda því út þar sem það er troðið undir fótum.

14 Þið eruð ljós heimsins. Ekki er hægt að fela borg sem stendur á fjalli. 15 Fólk kveikir ekki á lampa og setur hann undir korfú\* heldur á ljósastand og þá lýsir hann öllum í húsinu. 16 Eins skuluð þið láta ljós ykkar lýsa meðal manna svo að þeir sjái góð verk ykkar og lofi föður ykkar sem er á himnum.

17 Haldið ekki að ég sé kominn til að afnema lögin eða spámennina.\* Ég kom ekki til að afnema heldur uppfylla. 18 Trúið mér, það er líklegra að himinn og jörð líði undir lok en að einn smástafur eða stafkrókur hverfi úr lögunum áður en allt er komið

fram. 19 Hver sem því brýtur eitt minnsta boðorð þeirra og kennir öðrum að gera það verður óhæfur til að ganga inn í himnaríki.\* En hver sem heldur þau og kennir verður hæfur til að ganga inn í himnaríki.<sup>#</sup> 20 Ég segi ykkur að ef þið eruð ekki réttlátari en fræðimenn og farisear komist þið alls ekki inn í himnaríki.

21 Þið hafið heyrt að sagt var við forfeðurna: „Þú skalt ekki myrða, en sá sem fremur morð þarf að svara til saka fyrir dómi.“ 22 En ég segi ykkur að hver sem elur með sér reiði í garð bróður síns þarf að svara til saka fyrir dómi og sá sem eys svívirðingum yfir bróður sinn þarf að svara til saka fyrir Hæstarétti. En sá sem segir: „Þú fyrirlitlegi heimskingi!“ á yfir höfði sér að lenda í eldi Gehenna.\*

23 Sértu því að koma með fórn þína að altarinu og manst þá að bróðir þinn hefur eitthvað á móti þér 24 skaltu skilja fórnina eftir fyrir framan altarið. Farðu fyrst og sæstu við bróður þinn. Komdu síðan aftur og færðu fórnina.

25 Vertu fljótur að sættast við þann sem höfðar mál gegn þér. Gerðu það meðan þið eruð á leiðinni í réttinn svo að hann dragi þig ekki fyrir dómarrann og dómarrann afhendi þig réttarþjóninum og þér verði varpað í fangelsi. 26 Ég segi þér að þú losnar alls ekki þaðan fyrr en þú hefur greitt upp skuldina, hvern einasta eyri.\*

27 Þið hafið heyrt að sagt var: „Þú skalt ekki fremja hjúskaparbrot.“ 28 En ég segi ykkur að hver sem horfir á konu þannig að hann fer að girnast hana hefur þegar

5:9 \*Eða „Hinir friðsömu“. <sup>#</sup>Orðrétt „synir“. 5:15 \*Eða „mæliker“. 5:17 \*Þegar talað er um „lögin og spámennina“ er átt við Hebresku ritningarnar í heild.

5:19 \*Orðrétt „verður kallaður minnstur í himnaríki“. <sup>#</sup>Orðrétt „verður kallaður mikill í himnaríki“. 5:22 \*Staður fyrir utan Jerúsalem þar sem sorp var brennt. Sjá orðaskýringar. 5:26 \*Orðrétt „síðasta kvadransinn“.

framið hjúskaparbrot með henni í hjarta sínu. **29** Ef hægra augað verður þér að falli skaltu rífa það úr þér og henda því burt. Það er betra fyrir þig að missa einn líkamshluta en að öllum líkama þínum verði kastað í Gehenna.\* **30** Og ef hægri hönd þín verður þér að falli skaltu höggva hana af og henda henni burt. Það er betra fyrir þig að missa einn útlím en að allur líkami þinn lendi í Gehenna.\*

**31** Enn fremur var sagt: „Hver sem skilur við konu sína skal gefa henni skilnaðarbréf.“ **32** En ég segi ykkur að hver sem skilur við konu sína nema vegna kynferðislegs siðleysis\* setur hana í þá hættu að fremja hjúskaparbrot, og hver sem giftist fráskilinni konu fremur hjúskaparbrot.

**33** Þið hafið einnig heyrt að sagt var við forfedurna: „Þú skalt ekki sverja án þess að halda eiðinn heldur skaltu efna heit þín við Jehóva.“\*

**34** En ég segi ykkur: Þið eigið alls ekki að sverja, hvorki við himininn, því að hann er háseti Guðs, **35** né við jörðina, því að hún er fótaskemill hans, né við Jerúsalem því að hún er borg hins mikla konungs. **36** Þú átt ekki að sverja við höfuð þitt því að þú getur ekki gert eitt hár hvítt eða svart. **37** Láttu bara „já“ þitt merkja já og „nei“ þitt nei því að allt þar fyrir utan er frá hinum vonda.

**38** Þið hafið heyrt að sagt var: „Auga fyrir auga og tónn fyrir tónn.“ **39** En ég segi ykkur: Streitist ekki á móti vondum manni. Ef einhver slær þig á hægri kinnina skaltu líka snúa hinni kinninni að honum. **40** Vilji einhver draga þig fyrir dómstól og hafa af þér kyrtílinn skaltu líka láta hann hafa yfirhöfnina **41** og ef maður í valda-

stöðu þvingar þig“ með sér eina mílu\* skaltu fara með honum tvær. **42** Gefðu þeim sem biður þig og vísaðu ekki frá þeim sem vill fá lán\* hjá þér.

**43** Þið hafið heyrt að sagt var: „Þú skalt elska náunga þinn og hata óvin þinn.“ **44** En ég segi ykkur: Elskið óvini ykkar og biðið fyrir þeim sem ofsækja ykkur **45** þannig að þið reynist börn\* föður ykkar á himnum því að hann lætur sólina skína bæði á vonda og góða og rigna bæði yfir réttláta og rangláta. **46** Hvaða laun hljótið þið ef þið elskið þá sem elska ykkur? Gera ekki skattheimtumenn það sama? **47** Og hvað er merkilegt við það ef þið heilsíð bara bræðrum ykkar? Gerir ekki fólk af þjóðunum það sama? **48** Þið skuluð því vera fullkomin eins og faðir ykkar á himnum er fullkominn.

**6** Gætið þess að vinna ekki góðverk\* ykkar í augsýn manna til að sýnast fyrir þeim. Annars fáið þið engin laun frá föður ykkar á himnum. **2** Þegar þú gefur fátækum\* skaltu því ekki láta blása í lúður fyrir þér eins og hræsnaerar gera í samkunduhúsum og á götum til að fá lof manna. Trúið mér, þeir hafa tekið út laun sín að fullu. **3** Þegar þú gefur fátækum skaltu ekki láta vinstri hönd þína vita hvað sú hægri gerir **4** þannig að gjöfin sé gefin í leynum. Faðir þinn, sem horfir á í leynum, mun þá launa þér.

**5** Þegar þið biðjist fyrir skuluð þið ekki heldur hegða ykkur eins og hræsnaerar því að þeir vilja gjarnan biðja standandi í samkunduhúsum og á gatnamótum til að sýnast fyrir með þinum. Trúið mér, þeir hafa

5:41 \*Eða „þvingar þig til þjónustu“. 5:42 \*Það er, vaxtalaust lán. 5:45 \*Orðrétt „synir“. 6:1 \*Orðrétt „réttlætisverk“. 6:2 \*Eða „gefur miskunnargjafir“. Sjá orðaskýringar.

5:29, 30, 33, 41 \*Sjá orðaskýringar. 5:32 \*Á grísku *porneia*. Sjá orðaskýringar.

tekið út laun sín að fullu. **6** En þegar þú biður skaltu fara inn í herbergi þitt, loka dyrunum og biðja til föður þíns sem er í leynum. Faðir þinn, sem horfir á í leynum, mun þá launa þér. **7** Þegar þið biðjist fyrir skuluð þið ekki fara með sömu orðin aftur og aftur eins og fólk af þjóðunum gerir. Það heldur að það verði bænheyrð fyrir orðaflauminn. **8** Líkist þeim ekki því að faðir ykkar veit hvers þið þarfnist, jafnvel áður en þið biðjið hann.

**9** Þið skuluð biðja þannig:

„Faðir okkar á himnum, við biðjum að nafn þitt helgist.\* **10** Láttu ríki þitt koma. Láttu vilja þinn verða á jörð eins og á himni. **11** Gefðu okkur brauð fyrir daginn í dag **12** og fyrirgefðu skuldir okkar eins og við höfum fyrirgefið þeim sem skulda okkur. **13** Leiddu okkur ekki í freistingu\* heldur frelsaðu“ okkur frá hinum vonða.“

**14** Ef þið fyrirgefið mönnum það sem þeir gera á hlut ykkar mun faðir ykkar á himnum líka fyrirgefa ykkur. **15** En ef þið fyrirgefið ekki öðrum það sem þeir gera á hlut ykkar mun faðir ykkar ekki heldur fyrirgefa ykkur það ranga sem þið gerið.

**16** Þegar þið fastið skuluð þið hætta að vera döpur á svip eins og hræsnararnir. Þeir hirða ekki um útlit sitt því að þeir vilja sýna að þeir fasta. Trúið mér, þeir hafa tekið út laun sín að fullu. **17** En þegar þú fastar skaltu bera olíu á höfuðið og þvo þér í framan **18** svo að menn taki ekki eftir að þú fastar heldur aðeins faðir þinn sem er í leynum. Faðir þinn, sem horfir á í leynum, mun þá launa þér.

**19** Hættið að safna fjársjóðum á jörð þar sem mölur og ryð eyð-

ir og þjófar brjótast inn og stela. **20** Safnið heldur fjársjóðum á himni þar sem hvorki mölur né ryð eyðir og þjófar brjótast ekki inn og stela. **21** Þar sem fjársjóður þinn er þar verður líka hjarta þitt.

**22** Augað sér skýrt\* verður allur líkami þinn bjartur.“ **23** En ef augað beinist að hinu illa\* verður allur líkami þinn dimmur. Ef ljósið í þér er í rauninni myrkur, mikið er þá myrkríð!

**24** Enginn getur þjónað tveim herrum því að annaðhvort hatar hann annan og elskar hinn eða er trúr öðrum og fyrirlítur hinn. Þið getið ekki þjónað Guði og auðnum.

**25** Þess vegna segi ég ykkur: Hættið að hafa áhyggjur af því hvað þið eigið að borða eða drekka til að viðhalda lífi\* ykkar, eða hverju þið eigið að klæðast. Er ekki lífið“ meira virði en maturinn og líkaminn meira en fötin? **26** Virðið fyrir ykkur fugla himinsins. Þeir hvorki sá né uppskera né safna í hlöður en faðir ykkar á himnum fóðrar þá samt. Eruð þið ekki meira virði en þeir? **27** Hvert ykkar getur með áhyggjum lengt ævi sína um eina alin?\* **28** Og hvers vegna hafði þið áhyggjur af fatnaði? Lærið af liljum vallarins, hvernig þær vaxa. Þær vinna hvorki né spinna **29** en ég segi ykkur að jafnvel Salómon í allri sinni dýrð var ekki eins fallega klæddur og ein þeirra. **30** Fyrst Guð prýðir þannig gróður vallarins sem stendur í dag og er kastað í ofn á morgun, skyldi hann þá ekki miklu frekar klæða ykkur, þið trúlitlu? **31** Segið því aldrei áhyggjufull: „Hvað eigum við að borða?“

6:9 \*Eða „verði upphafið; verði virt sem heilagt“. 6:13 \*Eða „leyfðu ekki að við látum undan freistingu“. \*Eða „bjargaðu“.

6:22 \*Eða „augað beinist að einu“. Orðrétt „er einfalt“. \*Eða „upplýstur“. 6:23 \*Eða „er ófundsjúkt“. Orðrétt „er illt“. 6:25 \*Eða „sál“. \*Eða „sálin“. 6:27 \*Sjá orðaskýringar.



eða: „Hvað eigum við að drekka?“  
eða: „Hverju eigum við að klæðast?“  
**32** Þjóðirnar keppast eftir öllu þessu en faðir ykkar á himnum veit að þið þarfnist alls þessa.

**33** Einbeitið ykkur því fyrst og fremst að ríki Guðs og réttlæti, þá fáið þið allt hitt að auki. **34** Hafið ekki áhyggjur af morgundeginum því að morgundeginum fylgja sínar áhyggjur. Hverjum degi nægja sín vandamál.

**7** Hættið að dæma til að þið verðið ekki dæmd **2** því að þið verðið dæmd á sama hátt og þið dæmið aðra og ykkur verður mælt í sama mæli og þið mælið öðrum. **3** Hvers vegna horfðu á flísina í auga bróður þíns en tekur ekki eftir bjálkanum í þínu eigin auga? **4** Eða hvernig geturðu sagt við bróður þinn: „Leyfðu mér að taka flísina úr auga þínu,“ þegar þú ert sjálfur með bjálka í auganu? **5** Hræsnari! Fjarlægðu fyrst bjálkann úr þínu eigin auga, þá sérðu skýrt til að taka flísina úr auga bróður þíns.

**6** Gefið ekki hundum það sem er heilagt og kastið ekki perlum ykkar fyrir svín því að þau myndu troða þær niður, snúa sér við og ráðast á ykkur.

**7** Haldið áfram að biðja og ykkur verður gefið, haldið áfram að leita og þið munuð finna, haldið áfram að banka og það verður opnað fyrir ykkur **8** því að allir fá sem biðja, allir finna sem leita og opnað verður fyrir öllum sem banka. **9** Hver myndi gefa syni sínum stein ef hann bæði um brauð? **10** Og varla myndi hann rétta honum höggorm ef hann bæði um fisk. **11** Fyrst þið, sem eruð vond, hafið vit á að gefa börnum ykkar góðar gjafir hlýtur faðir ykkar á himnum miklu frekar að gefa þeim góðar gjafir sem biðja hann.

**12** Allt sem þið viljið að aðrir geri fyrir ykkur skuluð þið gera fyrir þá. Það er þetta sem lögin og spámennirnir snúast um.

**13** Gangið inn um þrönga hliðið því að vítt er hliðið og breiður vegurinn sem liggur til tortímingar og margir fara þar inn. **14** En þröngt er hliðið og vegurinn mjór sem liggur til lífsins og fáir finna hann.

**15** Varið ykkur á falsspámönnum sem koma til ykkar í sauðargærum en eru undir niðri gráðugir úlfar. **16** Þeir þekkjast af ávöxtum sínum. Ekki tina menn vínber af þyrnum eða fikjur af þistlum. **17** Hvert gott tré ber sömu leiðis góða ávexti en fúið tré vonda. **18** Gott tré getur ekki borið vonda ávexti og ekki heldur fúið tré góða. **19** Hvert tré sem ber ekki góða ávexti er höggvið og því kastað í eldinn. **20** Þessir menn þekkjast vissulega af ávöxtum sínum.

**21** Ekki munu allir sem segja við mig: „Drottinn, Drottinn,“ ganga inn í himnaríki heldur aðeins þeir sem gera vilja föður míns sem er á himnum. **22** Margir munu segja við mig á þeim degi: „Drottinn, Drottinn, spáðum við ekki í þínu nafni, rákum út illa anda í þínu nafni og unnum mörg máttarverk í þínu nafni?“ **23** Þá svara ég þeim: „Ég hef aldrei þekkt ykkur. Farið frá mér, illvirkjar!“

**24** Hver sem heyrir þessi orð mín og fer eftir þeim er eins og skynsamur maður sem byggði hús sitt á klöpp. **25** Nú skall á hellirígning, það kom flóð og stormur geisaði og buldi á húsinu en það hrundi ekki af því að það var byggt á klöpp. **26** En hver sem heyrir þessi orð mín og fer ekki eftir þeim er eins og heimskur maður sem byggði hús sitt á sandi. **27** Nú skall á hellirígning, það kom flóð og stormur geisaði og buldi á hús-

inu, og það hrundi og gereyðilagðist.“

**28** Þegar Jesús lauk ræðunni var mannfjöldinn agndofa yfir kennslu hans **29** því að hann kenndi eins og sá sem hefur vald en ekki eins og fræðimennirnir.

**8** Hann gekk nú niður af fjallinu og mikill mannfjöldi fylgdi honum. **2** Holdsveikur maður kom til hans, veitti honum lotningu\* og sagði: „Drottinn, ef þú bara vilt geturðu hreinsað mig.“ **3** Jesús rétti þá út höndina, snerti hann og sagði: „Ég vil! Vertu hreinn.“ Samstundis varð hann hreinn af holdsveikinni. **4** Síðan sagði Jesús við hann: „Gættu þess að segja engum frá þessu en farðu og sýndu þig prestinum og færðu fórnina sem Móselögin kveða á um, til að sanna að þú sért læknaður.“

**5** Hann gekk inn í Kapernaúm og þá kom til hans liðsforingi og bað hann innilega: **6** „Herra, þjónn minn liggur lamaður heima og er sárþjáður.“ **7** Jesús sagði við hann: „Ég lækna hann þegar ég kem heim til þín.“ **8** Liðsforinginn svaraði: „Herra, ég er ekki þess verður að þú komir inn í hús mitt. Segðu bara eitt orð og þá læknaast hann.“ **9** Ég er sjálfur maður sem þarf að lúta valdi annarra en ræð líka yfir hermönnum. Ég segi einum: ‚Farðu,‘ og hann fer, og öðrum: ‚Komdu,‘ og hann kemur, og við þjón minn segi ég: ‚Gerðu þetta,‘ og hann gerir það.“ **10** Jesús varð undrandi þegar hann heyrði þetta og sagði við þá sem fylgdu honum: „Svona sterka trú hef ég ekki fundið hjá neinum í Ísrael.“ **11** En ég segi ykkur að margir munu koma úr austri og vestri og leggjast að borði með Abraham, Ísak og Jakobi í himnaríki **12** en sonum ríkis-

ins verður kastað út í myrkrið fyrir utan. Þar munu þeir gráta og gnísta tönnum.“ **13** Síðan sagði Jesús við liðsforingjann: „Farðu í friði. Þér verður umbunað fyrir trú þína.“ Og þjónninn læknaðist á sömu stundu.

**14** Jesús kom í hús Péturs og sá að tengdamóðir hans lá veik með hita. **15** Hann snerti þá hönd hennar, hitinn hvarf og hún fór á fætur og fór að matbúa handa honum. **16** Um kvöldið kom fólk til hans með marga sem voru andsetnir. Hann rak út andana með einfaldri skipun og læknaði alla sem voru veikir. **17** Þannig rættist það sem Jesaja spámaður sagði: „Hann tók á sig veikindi okkar og bar sjúkdóma okkar.“

**18** Þegar Jesús sá mikinn mannfjölda kringum sig sagði hann við lærisveinana að þeir skyldu fara saman yfir vatnið. **19** Fræðimaður kom þá til hans og sagði: „Kennari, ég vil fylgja þér hvert sem þú ferð.“ **20** En Jesús svaraði: „Refir eiga greni og fuglar himins hreiður en Mannssonurinn á hvergi stað til að halla höfði sínu.“ **21** Þá sagði einn af lærisveinunum við hann: „Drottinn, leyfðu mér að fara fyrst og jarða föður minn.“ **22** Jesús svaraði honum: „Fylgdu mér og láttu hina dauðu jarða sína dauðu.“

**23** Hann steig nú um borð í bát og lærisveinarnir fylgdu honum. **24** Úti á vatninu skall á stormur og öldurnar gengu yfir bátinn en Jesús svaf. **25** Þeir vöktu hann þá og sögðu: „Drottinn, bjargaðu okkur, við erum að farast!“ **26** En hann sagði við þá: „Af hverju eruð þið svona hræddir,\* þið trúlitlu menn?“ Síðan reis hann upp, hastaði á vindinn og vatnið og allt datt í dúnalogn. **27** Mennirnir voru agndofa og sögðu: „Hvers konar maður er

8:2 \*Eða „kraup fyrir honum“.

8:26 \*Eða „kjarklitlir“.

þetta? Jafnvel vindarnir og vatnið hlýða honum.“

**28** Þegar hann kom í Gadarena-hérað hinum megin við vatnið komu tveir andsetnir menn til hans frá gröfunum.\* Þeir voru svo ofsafengnir að enginn þorði að fara um veginn sem lá þar hjá.

**29** Þeir æptu: „Hvað viltu okkur, sonur Guðs? Ertu kominn hingað til að kvelja okkur fyrir tímanna?“

**30** Langt í fjarska var stór svínahjörð á beit. **31** Illu andarnir báðu hann því: „Sendu okkur í svínahjörðina ef þú rekur okkur út.“

**32** Hann sagði við þá: „Farið!“ Þá fóru þeir út af mönnum og í svínin, og öll hjörðin æddi fram af þverhnípinu\* og drapst í vatninu.

**33** En svínahirdarnir flúðu, fóru inn í borgina og sögðu frá öllu saman, meðal annars því sem hafði gerst hjá andsetnu mönnum. **34** Allir borgarþávar fóru þá til móts við Jesús og þegar þeir sáu hann báðu þeir hann eindregið að yfirgefa héraðið.

**9** Hann steig um borð í bátinn, hélt yfir vatnið og kom til heima-borgar sinnar. **2** Þá komu menn til hans með lamaðan mann á börum. Þegar Jesús sá trú þeirra sagði hann við lamaða manninn: „Hertu upp hugann, barnið mitt. Syndir þínar eru fyrirgefna.“

**3** Nokkrir fræðimenn hugsuðu með sér: „Maðurinn guðlastar.“

**4** Jesús vissi hvað þeir voru að hugsa og sagði: „Hvers vegna hugsid þið illt í hjörtum ykkar? **5** Hvort er auðveldara að segja: ‚Syndir þínar eru fyrirgefna,‘ eða: ‚Stattu upp og gakktu?‘

**6** En til að þið vitið að Mannssonurinn hefur vald á jörð til að yfirgefa syndir ...“ og síðan segir hann við lamaða manninn: „Stattu upp, taktu börurnar og farðu heim.“ **7** Hann

stóð þá upp og fór heim til sín. **8** Þegar fólkið sá þetta varð það óttaslegið og lofaði Guð sem gaf mönnum slíkt vald.

**9** Á leið sinni þaðan kom Jesús auga á mann sem hét Matteus en hann sat á skattheimtu-stofunni. Jesús sagði við hann: „Fylgdu mér.“ Hann stóð þá upp og fylgdi honum. **10** Síðar, þegar Jesús var að borða\* í húsi hans, komu margir skattheimtumenn og syndarar og borðuðu\* með honum og lærisveinum hans. **11** En þegar farísearnir sáu það sögðu þeir við lærisveinana: „Af hverju borðar kennari ykkar með skattheimtumönnum og syndurum?“ **12** Jesús heyrði þetta og sagði: „Heilbrigðir þurfa ekki á lækni að halda heldur þeir sem eru veikir. **13** Farið og hugleiðið hvað þetta merkir: ‚Ég vil sjá miskunnsemi en ekki fórnir.‘ Ég kom ekki til að kalla réttláta heldur syndara.“

**14** Lærisveinar Jóhannesar komu þá til hans og spurðu: „Hvers vegna föstum við og farísearnir en lærisveinar þínir ekki?“ **15** Jesús svaraði þeim: „Vínir brúðgumans hafa varla ástæðu til að syrgja meðan brúðguminn er hjá þeim. En sá dagur kemur að brúðguminn verður tekinn frá þeim og þá fasta þeir.

**16** Enginn saumar bót af óþæfðu efni á gamla flík því að nýja bótin hleypur og rifan á flíkinni verður þá enn stærri. **17** Menn láta ekki heldur nýtt vín á gamla vínbelgi. Ef það er gert springa þeir, vínið fer til spillis og belgirnir eyðileggjast. Menn láta öllu heldur nýtt vín á nýja belgi og þá varðveitist hvort tveggja.“

**18** Meðan Jesús var að segja þeim þetta kom forstöðumaður nokkur, kraup fyrir honum\* og

8:28 \*Eða „minningargrófunum“. 8:32 \*Eða „bröttum bakkanum“.

9:10 \*Eða „lá til borðs“. \*Eða „lágu til borðs“. 9:18 \*Eða „sýndi honum lotningu“.

sagði: „Dóttir mín er vafalaust dái nuna en komdu og leggðu hönd þína yfir hana, þá lifnar hún aftur.“

**19** Jesús stóð þá upp og fór með honum ásamt lærisveinunum.

**20** Kona sem hafði haft stöðugar blæðingar í 12 ár kom nú að honum aftan frá og snerti kögrið á yfirhöfn hans

**21** því að hún hugsaði með sér: „Ef ég aðeins snerti yfirhöfn hans læknað ég.“

**22** Jesús sneri sér við og þegar hann kom auga á hana sagði hann: „Hertu hugann, dóttir. Trú þín hefur læknað þig.“ Og konan varð samstundis heil heilsu.

**23** Jesús kom nú í hús forstöðumannsins og sá flautuleikarana og fólkið í uppnámi. **24** Þá sagði hann: „Farið út. Stúlkan er ekki dái heldur sofandi.“ Fólkið hló þá að honum. **25** Um leið og fólkið var farið út gekk hann inn til stúlkunnar og tók um hönd hennar og hún reis á fætur. **26** Fréttirnar af þessu bárust að sjálfsgöðu út um allt héraðið.

**27** Þegar Jesús fór þaðan eltu hann tveir blindir menn og kölluðu: „Miskunnaðu okkur, sonur Davíðs.“

**28** Jesús fór inn í hús og blindu mennirnir komu til hans. Hann spurði þá: „Trúið þið að ég geti læknað ykkur?“ Þeir svöruðu: „Já, Drottinn.“ **29** Þá snerti hann augu þeirra og sagði: „Verði ykkur að trú ykkar.“ **30** og þeir fengu sjónina. Jesús gaf þeim síðan þessi ströngu fyrir mæli: „Gætið þess að enginn fái að vita þetta.“ **31** En þegar þeir voru komnir út sögðu þeir frá honum úti um allt héraðið.

**32** Þegar þeir voru að fara kom fólk til hans með mállausan mann sem var haldinn illum anda.

**33** Eftir að illi andinn hafði verið rekinn út gat mállausi maðurinn talað. Mannfjöldinn var furðu lostinn og sagði: „Aldrei hefur nokk-

ur þessu líkt sést í Ísrael.“ **34** En farisearnir sögðu: „Hann rekur út illu andana með hjálp höfðingja illu andanna.“

**35** Jesús fór nú um allar borgirnar og þorpinn og kenndi í samkunduhúsum, boðaði fagnaðarboðskapinn um ríkið og læknaði fólk af hvers kyns sjúkdómum og meinum. **36** Þegar hann sá mannfjöldann kenndi hann í brjósti um fólkið því að það var hrjád og hrakið eins og sauðir án hirðis. **37** Hann sagði þá við lærisveinana: „Uppskeran er mikil en verkamennirnir fáir.“ **38** Biðjið því herra uppskerunnar að senda verkamenn til uppskeru sinnar.“

**10** Hann kallaði nú til sín lærisveina sína 12 og gaf þeim vald til að reka út óhreina anda og lækna fólk af hvers kyns sjúkdómum og meinum.

**2** Postularnir 12 hétu: **Simon**, sem var kallaður **Pétur**, og **Andrés** bróðir hans, **Jakob Sebedeusson** og **Jóhannes** bróðir hans, **3** **Filippus** og **Bartólómeus**, **Tómas** og **Matteus** skattheimtumaður, **Jakob Alfeusson**, **Taddeus**, **4** **Simon Kananeus\*** og **Júdas Ískariót** sem síðar sveik hann.

**5** Jesús sendi út þessa 12 og gaf þeim eftirfarandi fyrir mæli: „Leggið ekki leið ykkar til annarra þjóða og farið ekki inn í nokkra samverska borg **6** heldur aðeins til týndra sauða af ætt Ísraels. **7** Farið og boðið: „Himnaríki er í nánd.“ **8** Læknið veika, reisið upp dána, hreinsið holdsveika, rekið út illa anda. Gefins hafið þið fengið, gefins skuluð þið láta í té. **9** Útvegið ykkur ekki gull, silfur eða kopar til að hafa í peningabelti ykkar **10** og takið ekki nestispoka til ferðarinnar, fót til skiptanna,\* ilskó eða staf

10:4 \*Eða „hinn kappsami“. 10:10 \*Eða „tvenn fót“.

því að verkamaðurinn verðskuldar mat sinn.

**11** Þegar þið komið í borg eða borg skuluð þið leita að þeim sem eru verðugir og dvelja þar þangað til þið leggið af stað aftur. **12** Heilsíð heimilisfólkinu þegar þið gangið í húsið. **13** Ef það er verðugt skal friðurinn sem þið óskið því koma yfir það en sé það ekki verðugt skal friðurinn snúa aftur til ykkar. **14** Ef einhver tekur ekki á móti ykkur eða hlustar ekki á ykkur skuluð þið hrista rykið af fótum ykkar þegar þið farið úr húsinu eða borginni. **15** Trúið mér, bærilegra verður fyrir land Sódómu og Gómorru á dómsdegi en þá borg.

**16** Ég sendi ykkur út eins og sauði meðal úlfa. Verið því varkárir eins og höggormar en saklausir eins og dúfur. **17** Varið ykkur á mönnum því að þeir munu draga ykkur fyrir dómstóla og húðstrýkja ykkur í samkunduhúsum sínum. **18** Þið verðið leiddir fyrir landstjóra og konunga vegna mín, til að bera vitni fyrir þeim og þjóðunum. **19** En þegar þeir leiða ykkur fyrir yfirvöld skuluð þið ekki hafa áhyggjur af því hvað þið eigið að segja eða hvernig, því að ykkur verður gefið það jafnóðum. **20** Það eruð ekki bara þið sem talið heldur er það andi föður ykkar sem hjálpar ykkur að tala. **21** Auk þess mun bróðir framselja bróður sinn til dauða og faðir barn sitt, og börn rísa gegn foreldrum sínum og fá þau líflátin. **22** Allir munu hata ykkur vegna nafns míns en sá sem er þolgóður\* allt til enda bjargast. **23** Þegar þeir ofsækja ykkur í einni borg skuluð þið flýja í aðra. Trúið mér, þið náðið alls ekki að fara um allar borgir Ísraels áður en Mannsonurinn kemur.

10:22 \*Eða „hefur verið þolgóður“.

**24** Nemandi er ekki fremri kennara sínum né þjónn húsbónda sínum. **25** Nemandi má búast við að fá sömu meðferð og kennari hans, og þjónn sömu meðferð og húsbóndi hans.\* Hafi menn kallað húsbóndann Beelsebú<sup>†</sup> hljóta þeir að kalla heimilismenn hans það líka. **26** Hræðist þá ekki því að ekkert er hulið sem verður ekki flett ofan af og ekkert er leynt sem verður ekki kunnugt. **27** Segið í birtu það sem ég segi ykkur í myrkri, og boðið af húspökum það sem þið heyrið hvíslað. **28** Hræðist ekki þá sem deyða líkamann en geta ekki deytt sálina.\* Hræðist heldur þann sem getur tortímt bæði sál og líkama í Gehenna.<sup>‡</sup> **29** Eru ekki tveir spörvar seldir fyrir einn smápening?<sup>§</sup> Samt fellur enginn þeirra til jarðar án þess að faðir ykkar viti af því. **30** En á ykkur eru jafnvel öll höfuðhárin talin. **31** Verið því óhræddir, þið eruð meira virði en margir spörvar.

**32** Hvern sem kannast við mig frammi fyrir mönnum mun ég einnig kannast við frammi fyrir föður mínum á himnum. **33** En þeim sem afneitar mér fyrir mönnum mun ég einnig afneita fyrir föður mínum á himnum. **34** Haldið ekki að ég hafi komið til að færa frið á jörð. Ég kom ekki til að færa frið heldur sverð. **35** Ég kom til að valda sundrung, setja son upp á móti föður sínum, dóttur á móti móður sinni og tengdadóttur á móti tengdamóður sinni. **36** Já, heimilismenn manns verða óvinir hans. **37** Hver sem elskar

10:25 \*Orðrétt „Það er nóg að lærisveinn verði eins og kennari hans og þjónn eins og húsbóndi hans“. <sup>†</sup>Heiti sem er notað um Satan, höfðingja eða drottvara illra anda. 10:28 \*Eða „lífið“, það er, möguleikann á lífi í framtíðinni. <sup>‡</sup>Sjá orðaskýringar. 10:29 \*Orðrétt „assarion“.

föður eða móður meira en mig verðskuldar ekki að fylgja mér, og hver sem elskar son eða dóttur meira en mig verðskuldar ekki að fylgja mér. **38** Hver sem tekur ekki kvalastaur\* sinn og fylgir mér verðskuldar ekki að vera fylgjandi minn. **39** Hver sem finnur líf\* sitt týnir því og hver sem týnir lífi\* sínu vegna mín finnur það.

**40** Hver sem tekur við ykkur tekur líka við mér og hver sem tekur við mér tekur líka við þeim sem sendi mig. **41** Hver sem tekur við spámanni af því að hann er spámaður hlýtur sömu laun og spámaður, og hver sem tekur við réttlátum manni af því að hann er réttlátur hlýtur sömu laun og réttlátur maður. **42** Og hver sem gefur einum af þessum minnstu bolla af köldu vatni að drekka af því að hann er lærisveinn fer alls ekki á mis við launin.“

**11** Þegar Jesús hafði lokið við að leiðbeina lærisveinum 12 hélt hann þaðan til að kenna og boða fagnaðarboðskapinn í öðrum borgum.

**2** Jóhannes hafði heyrt í fangelsinu um verk Krists og sendi lærisveina sína **3** til að spyrja hann: „Ert þú sá sem á að koma eða eigum við að vænta annars?“ **4** Jesús svaraði þeim: „Farið og segið Jóhannesi það sem þið heyrið og sjáið: **5** Blindir sjá og fatlaðir ganga, holdsveikir hreinsast og heyrnarlausir heyra, dánir eru reistir upp og fátækum er fluttur fagnaðarboðskapurinn. **6** Sá sem hneykslast ekki á mér er hamingjusamur.“

**7** Þegar þeir voru farnir tók Jesús að tala við mannfjöldann um Jóhannes og sagði: „Hvað fóruð þið til að sjá í óbyggðunum? Reyrr sem

sveiflast til í vindi? **8** Hvað fóruð þið þá til að sjá? Mann í finum\* fötum? Nei, þeir sem klæðast finum fötum halda til í konungshöllum. **9** Til hvers fóruð þið þá? Til að sjá spámann? Já, segi ég ykkur, og miklu meira en spámann. **10** Það er hann sem skrifað er um: „Ég sendi sendiboða minn á undan þér\* sem greiðir veg þinn.“ **11** Trúið mér, enginn sem er fæddur af konu er meiri en Jóhannes skírari en hinn minnsti í himnaríki er meiri en hann. **12** Frá dögun Jóhannesar skírara þar til nú er himnaríki markmiðið sem menn keppa að og þeir sem keppa að því ná því. **13** Bæði spámennirnir og lögin sögðu fyrir hvað myndi gerast, allt þar til Jóhannes kom, **14** og ef þið viljið viðurkenna það er hann „sá Elía sem átti að koma“. **15** Sá sem hefur eyru hann hlusti.

**16** Við hverja á ég að líkja þessari kynslóð? Hún er eins og börn sem sitja á markaðstorgum og kalla til leikfélaga sinna: **17** „Við lékum á flautu fyrir ykkur en þið dönsuðuð ekki, við sungum sorgarljóð en þið syrgðuð ekki.“\* **18** Eins kom Jóhannes, át hvorki né drakk og fólk segir: „Hann er haldinn illum anda.“ **19** Mannssonurinn kom, borðar og drekkur og fólk segir: „Sjáið! Hann er mathákur og drykkfelldur, vinur skattheimtumanna og syndara.“ En vísan sannast\* af verkom sínum.“\*

**20** Þá fór hann að ávíta borgirnar þar sem hann hafði unnið flest máttarverk sín því að íbúar þeirra iðruðust ekki. **21** „Þú auma Korasín! Þú auma Betsáida! Ef máttarverkin sem gerðust í ykkur hefðu átt sér stað í Týrus og Sídon

11:8 \*Eða „mjúkum“. 11:10 \*Orðrétt „fyrir andliti þínu“. 11:17 \*Eða „börðuð ykkur ekki á brjóst í sorg“. 11:19 \*Orðrétt „réttlætist“. \*Eða „af árangrinum“.

hefðu íbúar þeirra fyrir löngu iðrast í sekk og ösku. **22** En ég segi ykkur: Bærilegra verður fyrir Týrus og Sídon á dómsdegi en ykkur. **23** Og þú, Kapernaúm, verður þú kannski hafin upp til himins? Nei, þú ferð niður í gröfina.\* Ef máttarverkin sem gerðust í þér hefðu átt sér stað í Sódómu stæði hún enn þann dag í dag. **24** En ég segi ykkur: Bærilegra verður fyrir land Sódómu á dómsdegi en ykkur.“

**25** Um þessar mundir sagði Jesús: „Faðir, Drottinn himins og jarðar, ég lofa þig í áheyrn annarra því að þú hefur hulið þetta fyrir hinum vitru og gáfuðu en opinberað það börnum. **26** Já, faðir, þetta er samkvæmt vilja þínum. **27** Faðir minn hefur lagt allt í hendur mér og enginn gerþekkir soninn nema faðirinn. Enginn gerþekkir heldur föðurinn nema sonurinn og þeir sem sonurinn vill opinbera hann. **28** Komið til mín, þið öll sem stritið og berið þungar byrðar, og ég skal endurnæra ykkur. **29** Takið á ykkur mitt ok og lærið af mér því að ég er ljúfur í lund og litillátur í hjarta, og þá endurnærist þið.\* **30** Ok mitt er þægilegt\* og byrði mín létt.“

**12** Um þessar mundir fór Jesús um kornakra á hvíldardegi. Lærisveinar hans voru svangir og fóru að tína kornöx og borða. **2** Farisearnir sáu það og sögðu við hann: „Sjáðu! Lærisveinar þínir gera það sem er bannað á hvíldardegi.“ **3** Hann sagði við þá: „Hafið þið ekki lesið hvað Davíð gerði þegar hann og menn hans voru svangir? **4** Hann gekk inn í hús Guðs og hann og menn hans átu skoðunarbrauðin sem þeir máttu ekki borða. Þau mátti enginn borða nema

prestarnir. **5** Eða hafið þið ekki lesið í lögunum að á hvíldardögum vanhelga prestarnir hvíldardaginn í musterinu en eru þó án saka? **6** En ég segi ykkur að hér er meira en musterið. **7** Ef þið hefðuð skilið hvað þetta merkir: „Ég vil sjá miskunnsemi en ekki fórnir,“ hefðuð þið ekki fordæmt saklausa menn **8** því að Mannssonurinn er drottinn hvíldardagsins.“

**9** Eftir að hann fór þaðan gekk hann inn í samkunduhús þeirra. **10** Þar var maður með visna\* hönd. Þeir vildu ákæra Jesú og spurðu því: „Er leyfilegt að lækna á hvíldardegi?“ **11** Hann svaraði þeim: „Segjum að þið eigið sauðkind og hún falli í gryfju á hvíldardegi. Hver ykkar myndi ekki taka hana og lyfta henni upp úr? **12** Er ekki maðurinn miklu meira virði en sauðkind? Það er því leyfilegt að gera góðverk á hvíldardegi.“ **13** Síðan sagði hann við manninn: „Réttu fram höndina.“ Hann rétti hana fram og hún varð heilbrigð eins og hin höndin. **14** En farisearnir fóru út og lögðu á ráðin um að drepa Jesú. **15** Þegar hann komst að því fór hann þaðan. Margir fylgdu honum og hann læknaði þá alla **16** en harðbannaði þeim að segja frá hver hann væri **17** til að það rættist sem Jesaja spámaður sagði:

**18** „Sjáið, þetta er þjónn minn sem ég hef valið, hann sem ég elska og hef\* velþóknun á. Ég læt anda minn koma yfir hann og hann mun boða þjóðunum hvað réttlæti er. **19** Hann þrætir hvorki né hrópar og enginn heyrir rödd hans á strætunum. **20** Hann brýtur ekki brákadan reyfr og slekkur ekki á rjúkandi kveik þar til hann kemur á réttlæti. **21** Já, nafn hans mun veita þjóðunum von.“

11:23 \*Eða „Hades“, það er, sameiginlega gróf mannkyns. Sjá orðaskýringar. 11:29 \*Eða „endurnærast sálir ykkar“. 11:30 \*Eða „auðvelt að bera“.

12:10 \*Eða „lamaða“. 12:18 \*Eða „sál mín hefur“.

22 Nú komu þeir til hans með andsetinn mann sem var blindur og mállaus, og hann læknaði manninn þannig að hann gat talað og séð.

23 Allur mannfjöldinn var agndofa og sagði: „Þetta er þó ekki sonur Davíðs?“ 24 Farisearnir heyrðu þetta og sögðu: „Þessi maður rekur ekki út illu andana nema með hjálp Beelsebúls,\* höfðingja illu andanna.“ 25 Hann vissi hvað þeir hugsuðu og sagði við þá: „Hvert það ríki sem er sundrað líður undir lok og engin borg eða fjölskylda sem er sundruð fær staðist. 26 Ef Satan rekur Satan út hefur hann sömuleiðis snúist gegn sjálfum sér. Hvernig getur ríki hans þá staðist? 27 Og ef ég rek út illu andana með hjálp Beelsebúls hver hjálpar þá fylgjendum\* ykkar að reka þá út? Þeir skulu því dæma ykkur. 28 En ef ég rek út illu andana með hjálp anda Guðs þá er ríki Guðs komið, ykkur að óvörum. 29 Eða hvernig getur nokkur brotist inn í hús hjá sterkum manni og hrifsað eigur hans nema hann bindi fyrst manninn? Þá fyrst getur hann rænt hús hans. 30 Hver sem stendur ekki með mér er á móti mér og hver sem safnar ekki saman með mér, hann tvístrar.

31 Ég segi ykkur þess vegna að mönnum verða fyrirgefnar hvers kyns syndir og lastmæli en lastmæli gegn andanum verður ekki fyrirgefið. 32 Til dæmis verður hverjum sem talar gegn Mannssyninum fyrirgefið en engum sem talar gegn heilögum anda verður fyrirgefið, hvorki í þessum heimi\* né hinum komandi.

33 Annaðhvort eruð þið gott tré og ávöxturinn góður eða fúið tré og ávöxturinn rotinn. Tréð

þekkt af ávextinum. 34 Nöðruafkvæmi, hvernig getið þið talað það sem er gott fyrst þið eruð vondir? Munnurinn talar af gnægð hjartans.

35 Góður maður ber gott fram úr góðum sjóði sínum en vondur maður ber vont fram úr vondum sjóði. 36 Ég segi ykkur að á dómsdegi þurfa menn að svara fyrir hvert fánytt\* orð sem þeir segja, 37 því að þú verður lýstur réttlátur af orðum þínum og dæmdur sekur af orðum þínum.“

38 Nokkrir fræðimenn og farisear svöruðu honum og sögðu: „Kennari, við viljum sjá þig gera tákni.“ 39 Hann svaraði þeim: „Vond og ótrú kynslóð heimtar stöðugt að fá tákni en hún fær ekkert annað en tákni Jónasar spámanns. 40 Jónas var í kviði stórfisksins í þrjá daga og þrjár nætur og Mannssonurinn verður sömuleiðis í djúpi jarðar í þrjá daga og þrjár nætur. 41 Nínívemenn rísa upp í dómnum ásamt þessari kynslóð og dæma hana seka því að boðun Jónasar varð til þess að þeir iðruðust. En hér er meira en Jónas. 42 Drottningin í suðri verður reist upp í dómnum ásamt þessari kynslóð og dæmi hana seka því að hún kom frá endimörkum jarðar til að hlusta á vísku Salómóns. En hér er meira en Salómon.

43 Þegar óhreinn andi fer út af manni flakkar hann um þurrar auðnir í leit að hvíldarstað en finnur engan. 44 Þá segir hann: ‘Ég fer aftur í hús mitt sem ég flutti úr.’ Þegar hann kemur þangað finnur hann það autt en sópað og skreytt. 45 Hann fer þá og tekur með sér sjö aðra anda sem eru verri en hann sjálfur. Þeir fara inn og setjast þar að, og maðurinn er enn verr settur en í upphafi. Þannig fer einnig fyrir þessari illu kynslóð.“

12:24 \*Heiti sem er notað um Satan. 12:27 \*Orðrétt „sonum“. 12:32 \*Eða „á þessari öld“. Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“.

12:36 \*Eða „skaðlegt“.



46 Meðan hann var enn að tala við fólkið komu móðir hans og bræður. Þau stóðu fyrir utan og vildu tala við hann. 47 Einhver sagði þá við hann: „Móðir þín og bræður standa fyrir utan og vilja tala við þig.“ 48 Hann svaraði þeim sem talaði við hann: „Hver er móðir mín og hverjir eru bræður mínir?“ 49 Hann rétti síðan út höndina í átt að lærisveinum sínum og sagði: „Sjáið, hér eru móðir mín og bræður. 50 Hver sem gerir vilja föður míns sem er á himnum, sá er bróðir minn og systir og móðir.“

**13** Sama dag fór Jesús úr húsinu og settist við vatnið. 2 Svo mikill mannfjöldi safnaðist að honum að hann steig um borð í bát og settist þar niður en allt fólkið stóð á ströndinni. 3 Síðan kenndi hann fólkinu margt með dæmisögum og sagði: „Akuryrkjumaður gekk út að sá. 4 Þegar hann sáði féll sumt af korninu meðfram veginum og fuglarnir komu og átu það. 5 Annað féll í grýtta jörð þar sem var lítill jarðvegur, og það spratt fljótt því að jarðvegurinn var grunnur. 6 En þegar sólin hækkaði á lofti skrælnaði það og dó vegna þess að það hafði litlar sem engar rætur. 7 Annað féll meðal þyrna og þyrnarnir uxu og kæfðu það. 8 En sumt féll í góðan jarðveg og bar ávöxt, sumt hundraðfaldan, sumt sextugfaldan og annað þrítugfaldan. 9 Sá sem hefur eyru hann hlusti.“

10 Lærisveinarnir komu nú til hans og spurðu: „Hvers vegna kennirðu fólkinu með dæmisögum?“ 11 Hann svaraði: „Ykkur er gefið að skilja heilaga leyndardóma himnaríkis en hinum er það ekki gefið. 12 Þeim sem hefur verður gefið meira og hann mun hafa gnægð. En frá þeim sem hefur ekki

verður tekið jafnvel það litla sem hann hefur. 13 Þess vegna tala ég til fólksins í dæmisögum því að það sér að visu en horfir þó til einskis og heyrir en hlustar til einskis og það nær ekki merkingunni. 14 Spádómur Jesaja rætist á því en þar segir: „Þið munuð vissulega heyra en alls ekki skilja og horfa en alls ekki sjá. 15 Hjörtu þessa fólks eru orðin ónæm. Það heyrir með eyrunum án þess að bregðast við því og það hefur lokað augunum svo að það sjái ekki með augunum né heyrir með eyrunum né skilji með hjartanu og snúi við og ég lækni það.“

16 En þið eruð hamingjusöm þar sem augu ykkar sjá og eyru ykkar heyra. 17 Trúið mér, margir spámennt og réttlátir menn þráðu að sjá það sem þið sjáið en sáu það ekki, og heyra það sem þið heyrið en heyrðu það ekki.

18 Heyrið nú hvað dæmisagan um akuryrkjumanninn merkir: 19 Þegar einhver heyrir boðskapinn um ríkið en skilur hann ekki kemur hinn vondi og hrifsar frá honum það sem var sáð í hjarta hans. Þetta er sáðkornið sem var sáð meðfram veginum. 20 Það sem var sáð í grýtta jörð er sá sem heyrir orðið og tekur strax við því með fögnuði 21 en hefur enga rótfestu. Hann stendur um tíma en fellur um leið og erfiðleikar eða ofsóknir verða vegna orðsins. 22 Það sem var sáð meðal þyrna er sá sem heyrir orðið en áhyggjur daglegs lífs\* og tál auðæfanna kæfir orðið svo að það ber ekki ávöxt. 23 Það sem var sáð í góða jörð er sá sem heyrir orðið, skilur það og ber ávöxt. Einn gefur af sér hundraðfalt, annar sextugfalt og annar þrítugfalt.“

13:22 \*Eða „áhyggjur þessarar aldar“. Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“.

24 Hann sagði þeim aðra dæmisögu: „Líkja má himnaríki við mann sem sáði góðu korni í akur sinn. 25 Meðan menn sváfu kom óvinur hans og sáði illgresi meðal hveitisins og fór síðan. 26 Þegar hveitið spratt og myndaði óx kom illgresið einnig í ljós. 27 Þjónar húsbóndans komu þá til hans og sögðu: „Herra, sáðirðu ekki góðu korni í akurinn? Hvaðan kemur þá illgresið?“ 28 Hann svaraði þeim: „Þetta hefur einhver óvinur gert.“ Þjónarnir sögðu þá: „Viltu að við förum og reytum það?“ 29 Hann svaraði: „Nei, ef þið reytið illgresið er hætt á að þið slítið upp hveitið um leið. 30 Látið hvort tveggja vaxa saman fram að uppskerunni, og þegar uppskerutíminn kemur segi ég við kornskurðarmennina: Safnið fyrst illgresinu og bindið í knippi til að brenna það. Safnið síðan hveitinu í hlöðuna.““

31 Hann sagði þeim aðra dæmisögu: „Himnaríki er eins og sinnepsfræ sem maður sáði í akur sinn. 32 Það er smæst allra fræja en þegar það vex verður það stærst allra plantna. Það verður að tré og fuglar himins koma og hreiðra sig í greinum þess.“

33 Hann sagði þeim aðra dæmisögu: „Himnaríki er eins og súrdeig sem kona tók og blandaði í þrjá stóra mæla mjöls svo að allt deigið gerjaðist.“

34 Jesús talaði allt þetta í dæmisögum. Hann talaði reyndar ekki til mannfjöldans án dæmisagna 35 til að það rættist sem spámaðurinn sagði: „Ég tala í dæmisögum, ég boða það sem hefur verið hulið frá upphafi.““

36 Síðan sendi hann fólkið burt og fór inn í húsið. Lærisveinarnir komu til hans og sögðu: „Útskýrðu fyrir okkur dæmisöguna um illgres-

ið á akrinum.“ 37 Hann sagði: „Sá sem sáir góða korninu er Mannsonurinn 38 og akurinn er heimurinn. Góða kornið er synir ríkisins, illgresið er synir hins vonða 39 og óvinurinn sem sáði því er Djöfullinn. Uppskerutíminn er lokaskeið þessarar heimsskipanar\* og kornskurðarmennirnir eru englar. 40 Rétt eins og illgresinu er safnað og það brennt í eldi, þannig verður á lokaskeiði þessarar heimsskipanar.\* 41 Mannsonurinn sendir engla sína og þeir fjarlægja úr ríki hans allt sem verður öðrum að falli og fólk sem gerir illt 42 og kasta því í brennsluofn. Þar mun það gráta og gnísta tönnum. 43 Þá munu hinir réttlátu skína eins skært og sólin í ríki föður þeirra. Sá sem hefur eyru hann hlusti.

44 Himnaríki er eins og fjársjóður sem var falinn á akri. Maður nokkur fann hann og faldi aftur. Í gleði sinni fer hann og selur allar eigur sínar og kaupir akurinn.

45 Himnaríki er einnig eins og farandkaupmaður sem leitar að fögrum perlum. 46 Þegar hann finnur eina dýrmæta perlu fer hann strax og selur allar eigur sínar og kaupir hana.

47 Himnaríki er einnig eins og dragnet sem lagt er í sjó og safnar alls konar fiski. 48 Þegar það fyllist er það dregið í land og menn setjast við og safna góðu fiskunum í ker en kasta hinum óætu burt. 49 Þannig verður á lokaskeiði þessarar heimsskipanar.\* Englarnir verða sendir út og aðgreina vonða frá réttlátum 50 og kasta þeim í brennsluofn. Þar munu þeir gráta og gnísta tönnum.

51 Skiljið þið allt þetta?“ „Já,“ svöruðu þeir. 52 Þá sagði hann: „Fyrst svo er skuluð þið vita að sérhver kennari sem hefur fengið

13:35 \* Eða hugsanl. „grundvöllun heims“.

13:39, 40, 49 \* Eða „aldar“. Sjá orðaskýringar.

fræðslu um himnaríki er eins og húsbóndi sem ber fram bæði nýtt og gamalt úr forðabúri\* sínu.“

**53** Eftir að Jesús hafði sagt þessar dæmisögur fór hann þaðan. **54** Hann kom í heimabyggð sína og fór að kenna í samkunduhúsinu. Menn voru agnodafa og sögðu: „Hvaðan hefur maðurinn þessa visku og hvernig getur hann gert þessi máttarverk? **55** Er þetta ekki sonur smíðsins? Heitir ekki móðir hans María og bræður hans Jakob, Jósef, Símon og Júdas? **56** Og systur hans, búa þær ekki allar á meðal okkar? Hvaðan hefur hann þá allt þetta?“ **57** Og þeir höfnuðu honum. En Jesús sagði við þá: „Spámaður er alls staðar mikils metinn nema í heimabyggð sinni og á eigin heimili.“ **58** Vegna vantrúar þeirra vann hann ekki mörg máttarverk þar.

**14** Um þessar mundir frétti Heródes héraðsstjóri\* af Jesú 2 og hann sagði við þjóna sína: „Þetta er Jóhannes skírari. Hann er risinn upp frá dauðum og þess vegna getur hann unnið þessi máttarverk.“ **3** Heródes\* hafði handtekið Jóhannes, fjöttrað hann og varpað í fangelsi vegna Heródíasar, eiginkonu Filippusar bróður síns, **4** því að Jóhannes hafði margsinnis sagt við hann: „Þú hefur ekki leyfi til að eiga hana.“ **5** Heródes vildi drepa hann en óttaðist fólkið þar sem það taldi hann vera spámann. **6** En þegar haldið var upp á afmæli Heródesar dansaði dóttir Heródíasar í veislunni, og Heródes varð svo hrifinn **7** að hann sór þess eið að gefa henni hvað sem hún bæði um. **8** Þá sagði hún að undirlagi móður sinnar: „Gefðu mér höfuð Jóhannesar skírara á fati.“ **9** Konungur

hryggðist en vegna eiðsins og gestanna\* skipaði hann svo fyrir að hún fengi það. **10** Hann sendi því mann og lét hálshöggva Jóhannes í fangelsinu. **11** Höfuð hans var borið inn á fati og fengið stúlkunni og hún færði móður sinni það. **12** Lærissveinar hans komu síðan, tóku líkið og greftruðu. Eftir það fóru þeir og sögðu Jesú frá. **13** Þegar Jesús heyrði þetta fór hann á báti á öbyggðan stað til að vera einn. En fólkið í borgunum frétti það og fór gangandi á eftir honum.

**14** Jesús steig á land og sá þá mikinn mannfjölda. Hann kenndi í brjósti um fólkið og læknaði þá sem voru veikir. **15** Þegar kvöldaði komu lærissveinar hans til hans og sögðu: „Þetta er afskekktur staður og langt liðið á daginn. Láttu fólkið fara svo að það geti komist í þorpin og keypt sér mat.“ **16** En Jesús svaraði þeim: „Fólkið þarf ekki að fara. Þið getið gefið því að borða.“ **17** „Við erum bara með fimm brauð og tvo fiska,“ sögðu þeir. **18** „Komið með það hingað,“ svaraði hann. **19** Hann sagði fólkinu að setjast í grasið, tók brauðin fimm og fiskana tvo, leit til himins og fór með bæn. Hann braut síðan brauðin og rétti lærissveinum og lærissveinarnir gáfu fólkinu. **20** Allir borðuðu og urðu saddir. Þeir tóku saman brauðbitana sem voru afgangs og fylltu 12 körfur. **21** En þeir sem borðuðu voru um 5.000 karlmenn, auk kvenna og barna. **22** Síðan sagði hann lærissveinum sínum að fara tafarlaust um borð í bátinn og fara á undan sér yfir vatnið á meðan hann sendi mannfjöldann burt.

**23** Eftir að hafa látið fólkið fara gekk hann upp á fjallið einn síns liðs til að biðjast fyrir. Um kvöld-

13:52 \*Orðrétt „sjóði“. 14:1 \*Orðrétt „fjórðungsstjóri; tetrarki“. 14:3 \*Það er, Heródes Antípas. Sjá orðaskýringar.

14:9 \*Eða „þeirra sem lágu til borðs með honum“.

ið var hann þar einn. **24** Baturinn var nú mörg hundruð metra\* frá landi og lærisveinarnir börðust við öldurnar því að þeir höfðu mótvind. **25** En um fjórðu næturvöku\* kom hann til þeirra gangandi á vatninu. **26** Þegar þeir sáu hann ganga á vatninu urðu þeir skelkaðir og sögðu: „Þetta er andi!“ Og þeir æptu af ótta. **27** En Jesús sagði strax við þá: „Verið rólegir. Þetta er ég, verið ekki hræddir.“ **28** Pétur svaraði honum: „Drottinn, ef þetta ert þú segðu mér þá að koma til þín út á vatnið.“ **29** Jesús sagði: „Komdu!“ Pétur steig þá úr bátnum og gekk á vatninu til hans. **30** En þegar hann horfði á veðurofsann varð hann hræddur. Hann fór að sökkva og hrópaði: „Drottinn, bjargaðu mér!“ **31** Jesús rétti þegar í stað út höndina, greip í hann og sagði: „Þú trúlitli maður, hvers vegna fórstu að efast?“ **32** Þeir stigu í bátinn og þá lægði storminn. **33** Þeir sem voru í bátnum veittu honum lotningu\* og sögðu: „Þú ert sannarlega sonur Guðs.“ **34** Og þeir héldu ferðinni áfram og komu að landi við Genesaret.

**35** Menn á staðnum þekktu hann og sendu boð út um allt svæðið í kring, og fólk kom til hans með alla sem voru veikir. **36** Þeir sár bændu hann að fá rétt að snerta kögríð á yfirhöfn hans og allir sem snertu það læknuðust að fullu.

**15** Nú komu farisear og fræðimenn frá Jerúsalem til Jesús og sögðu: **2** „Af hverju bregða lærisveinar þínir út af erfðavenjum manna frá fyrri tíð? Þeir þvo sér\* til dæmis ekki um hendurnar áður en þeir borða.“

14:24 \*Orðrétt „mörg skeiðrúm“. Skeiðrúm var 185 m. 14:25 \*Það er, um kl. 3 til sólarupprásar um kl. 6. 14:33 \*Eða „krupu fyrir honum“. 15:2 \*Það er, þvo sér eftir helgisíðareglum Gyðinga.

**3** Hann svaraði þeim: „Af hverju brjótið þið boðorð Guðs vegna erfðavenja ykkar? **4** Guð sagði til dæmis: ‚Heiðraðu föður þinn og móður,‘ og: ‚Sá sem smánar\* föður sinn eða móður skal líflátinn.‘ **5** En þið segið: ‚Hver sem segir við föður sinn eða móður: ‚Það sem ég á og hefði getað gagnast ykkur er gjöf helguð Guði,‘ **6** hann þarf alls ekki að heiðra föður sinn.‘ Þannig hafið þið ógilt orð Guðs með erfikeningum ykkar. **7** Hræsnaar, Jesaja spáði réttilega um ykkur þegar hann sagði: **8** ‚Þetta fólk heiðrar mig með vörunum en hjórtu þess eru fjarlæg mér. **9** Það tilbiður mig til einskis því að það kennir boðorð manna eins og trúarsætingar.‘ **10** Hann kallaði nú mannfjöldann til sín og sagði: ‚Hlustið og reynið að skilja þetta: **11** Það sem fer inn um munninn óhreinakar ekki manninn heldur það sem fer út af munninum.“

**12** Lærisveinarnir komu þá og sögðu við hann: „Veistu að fari-searnir hneyksluðust á því sem þú sagðir?“ **13** Hann svaraði: „Sérhver planta sem himneskur faðir minn hefur ekki gróðursett verður upp-rætt. **14** Látið þá eiga sig. Þeir eru blindir leiðtogar. Ef blindur leiðir blindan falla báðir í gryfju.“ **15** Þá sagði Pétur: „Skýrðu líkinguna fyrir okkur.“ **16** Hann svaraði: „Hafið þið ekki heldur skilið þetta? **17** Vit-ið þið ekki að allt sem kemur inn um munninn fer gegnum magann og síðan út í skólpræsið? **18** En það sem kemur út af munninum kemur frá hjartanu, og það óhreinakar manninn. **19** Frá hjartanu koma til dæmis illar hugsanir sem hafa í för með sér morð, hjúskaparbrot, kynferðislegt siðleysi,\* þjófnað, ljúgvitni og lastmæli. **20** Það er þetta sem

15:4 \*Eða „formælir“. 15:19 \*Fleirtala gríska orðsins *pornei* a. Sjá orðaskýringar.

óhreinkar manninn, en að borða með óþvegnum\* höndum óhreinkar ekki manninn.“

**21** Jesús fór nú þaðan og hélt til héraðs Týrusar og Sídonar. **22** Föníkísk kona úr héraðinu kom þá og kallaði: „Miskunnaðu mér, Drottinn sonur Davíðs. Dóttir mín er sárþjád af illum anda.“ **23** En hann svaraði henni ekki einu orði. Lærisveinar hans komu þá og sögðu við hann: „Segðu henni að fara því að hún hættir ekki að kalla á eftir okkur.“ **24** Hann svaraði: „Ég var ekki sendur nema til týndra sauða af ætt Ísraels.“ **25** En konan kom, kraup fyrir honum\* og sagði: „Drottinn, hjálpaðu mér!“ **26** Hann svaraði: „Það er ekki rétt að taka brauð barnanna og kasta því fyrir hvolpana.“ **27** Hún sagði: „Það er satt, Drottinn, en hvolparnir éta samt brauðmolana sem falla af borði húsbændanna.“ **28** Þá svaraði Jesús: „Mikil er trú þín, kona. Verði þér að ósk þinni.“ Og dóttir hennar læknaðist samtundis.

**29** Jesús fór nú þaðan og kom að Galíleuvatni. Hann hélt upp á fjallið og settist þar. **30** Fólk kom þá til hans hópum saman og hafði með sér halta, fatlaða, blinda, mállausa og marga aðra og lagði þá við fætur hans, og hann læknaði þá. **31** Fólkíð var agndofa þegar það sá mállausa tala, fatlaða verða heilbrigða, halta ganga og blinda sjá, og það lofaði Guð Ísraels.

**32** Jesús kallaði lærisveinana til sín og sagði: „Ég kenni í brjósti um fólkíð því að það er búið að vera hjá mér í þrjá daga og hefur ekkert fengið að borða. Ég vil ekki senda það svangt\* frá mér því að það gæti örmagnast á leiðinni.“ **33** En læri-

sveinarnir sögðu við hann: „Hvar eigum við að fá nóg af brauði á þessum afskekktu stað til að metta allan þennan fjölda?“ **34** Þá spurði Jesús: „Hve mörg brauð eruð þið með?“ Þeir svöruðu: „Sjö, og fáeina litla fiska.“ **35** Hann sagði fólkinu að setjast á jörðina, **36** tók brauðin sjö og fiskana og fór með þakkarbæn. Síðan braut hann þau og gaf lærisveinunum og lærisveinarnir fólkinu. **37** Allir átu og urðu saddir. Þeir tóku saman leifararnar og þær fylltu sjö stórar kórfur.\* **38** En þeir sem borðuðu voru 4.000 karlmenn, auk kvenna og barna. **39** Að lokum lét hann mannfjöldann fara, steig um borð í bátinn og fór til Magadanhéraðs.

**16** Þar komu farísear og saddúkear til hans. Þeir vildu reyna hann og báðu hann að sýna sér tákn af himni. **2** Hann svaraði þeim: „Að kvöldi segið þið: „Það verður gott veður því að himinninn er eldrauður,“ **3** og að morgni: „Það verður kuldi og rigning í dag því að himinninn er eldrauður en þungbúinn.“ Þið getið spáð um veðrið af útliti himins en þið kunið ekki að ráða tákn tímanna. **4** Vond og ótrú kynslóð heimtar stöðugt að fá tákn en hún fær ekkert annað en tákn Jónasar.“ Þar með fór hann og skildi við þá.

**5** Lærisveinarnir fóru nú yfir vatnið en gleymdu að taka með sér brauð. **6** Jesús sagði við þá: „Hafið augun opin og varið ykkur á súrdeigi farísea og saddúkea.“ **7** Þeir fóru þá að ræða sín á milli og sögðu: „Við tókum ekkert brauð með.“ **8** Jesús varð þess var og sagði: „Hvers vegna eruð þið að tala um að þið hafið ekkert brauð, þið trúlitlu menn? **9** Skiljið þið þetta ekki enn eða munið þið ekki eftir brauðunum fimm handa

15:20 \*Það er, ekki þvegnum eftir helgisiða-reglum Gyðinga. 15:25 \*Eða „veitti honum lotningu“. 15:32 \*Eða „fastandi“.

15:37 \*Eða „birgðakórður“.

þeim 5.000 og hve margar körfur þið tókuð saman? **10** Eða brauðunum sjö handa þeim 4.000 og hve margar körfur\* þið tókuð saman? **11** Hvers vegna skiljið þið þetta ekki? Ég var ekki að tala við ykkur um brauð heldur að þið eigið að vara ykkur á súrdeigi farísear og saddúkea.“ **12** Þá skildu þeir að hann var ekki að vara við súrdeigi í brauði heldur því sem farísear og saddúkear kenndu.

**13** Þegar Jesús var kominn í grennd við Sesareu Filippí spurði hann lærisveinana: „Hver heldur fólk að Mannssonurinn sé?“ **14** Þeir svöruðu: „Sumir segja Jóhannes skírari, sumir Elía og aðrir Jeremía eða einn af spámönnunum.“ **15** Hann spurði þá: „En þið, hver segið þið að ég sé?“ **16** Símon Pétur svaraði: „Þú ert Kristur, sonur hins lifandi Guðs.“ **17** Jesús sagði þá við hann: „Símon Jónasson, þú mátt vera ánægður því að það var ekki maður\* sem opinberaði þér þetta heldur faðir minn á himnum.“ **18** Auk þess segi ég þér: Þú ert Pétur og á þessum kletti mun ég byggja söfnuð minn og hlið grafarinnar\* munu ekki yfirbuga hann. **19** Ég gef þér lykla himnaríkis og hvað sem þú bindur á jörð hefur þegar verið bundið á himnum og hvað sem þú leysir á jörð hefur þegar verið leyst á himnum.“ **20** Síðan harðbannaði hann lærisveinunum að segja nokkrum að hann væri Kristur.

**21** Upp frá því fór Jesús að skýra fyrir lærisveinunum að hann yrði að fara til Jerúsalem og þola miklar þjáningar af hendi öldunganna, yfirprestanna og fræðimanna. Hann yrði liflátinn en reist-

ur upp á þriðja degi. **22** Pétur tók hann þá afsíðis, ávitaði hann og sagði: „Hlífðu þér, Drottinn. Þú átt alls ekki að þurfa að ganga í gegnum þetta.“ **23** Jesús sneri þá bakinu í Pétur og sagði við hann: „Farðu burt frá mér,\* Satan! Þú leggur stein í götu mína því að þú hugsar ekki eins og Guð heldur eins og menn.“

**24** Jesús sagði nú við lærisveinana: „Sá sem vill fylgja mér afneiti sjálfum sér, taki kvalastaur\* sinn og fylgi mér stöðugt.“ **25** Hver sem vill bjarga lífi\* sínu týnir því en hver sem týnir lífi\* sínu vegna mín finnur það. **26** Hvaða gagn hefði maðurinn af því að eignast allan heiminn en týna lífi\* sínu? Eða hvað myndi maður gefa í skiptum fyrir líf\* sitt? **27** Mannssonurinn kemur í dýrð föður síns ásamt englum sínum og þá endurgeldur hann sérhverjum eftir breytni hans. **28** Trúið mér, sumir þeirra sem standa hér munu ekki deyja fyrr en þeir sjá Mannssoninn koma í ríki sínu.“

**17** Sex dögum síðar tók Jesús þá Pétur, Jakob og Jóhannes bróður hans með sér upp á hátt fjall þar sem þeir voru einir. **2** Þar ummyndaðist hann frammi fyrir þeim, andlit hans geislaði sem sólin og föt hans urðu skínandi\* eins og ljósið. **3** Skyndilega birtust Móse og Elía og töluðu við Jesú. **4** Pétur sagði þá við Jesú: „Drottinn, það er gott að vera hér. Ef þú vilt skal ég reisa hér þrjú tjöld, eitt handa þér, eitt handa Móse og eitt handa Elía.“ **5** Meðan hann var enn að tala haldi þá bjart ský og rödd heyrðist úr skýinu sem sagði: „Þetta er sonur minn sem ég elska og hef velþóknun á.

16:10 \*Eða „stórar körfur; birgðakörfur“. 16:17 \*Orðrétt „hold og blóð“. 16:18 \*Eða „máttur dauðans“. Orðrétt „hlið Hadesar“. Sjá orðaskýringar.

16:23 \*Orðrétt „Farðu aftur fyrir mig“. 16:24 \*Sjá orðaskýringar. 16:25, 26 \*Eða „sál“. 17:2 \*Eða „hvít“.

Hlustið á hann.“ **6** Lærisveinarnir urðu mjög hræddir þegar þeir heyrðu þetta og féllu á grúfu. **7** Jesús kom þá til þeirra, snerti þá og sagði: „Standið upp. Verið óhræddir.“ **8** Þeir litu upp en sáu nú engan nema Jesú einan. **9** Á leiðinni ofan af fjallinu gaf Jesús þeim þessi fyrirmæli: „Segið engum frá sýninni fyrr en Mannssonurinn hefur verið reistur upp frá dauðum.“

**10** Lærisveinarnir spurðu hann: „Hvers vegna segja fræðimennirnir að Elía eigi að koma fyrst?“

**11** Hann svaraði: „Elía kemur vissulega og færir allt í samt lag.

**12** En ég segi ykkur að Elía er þegar kominn og þeir þekktu hann ekki heldur fóru með hann eins og þeim sýndist. Eins á Mannssonurinn að þjást af þeirra völdum.“ **13** Þá skildu lærisveinarnir að hann var að tala um Jóhannes skírara.

**14** Þeir nálgudust nú mannfjöldann og kom þá maður til Jesú, féll á kné og sagði: **15** „Drottinn, miskunnaðu syni mínum því að hann er flogaveikur og illa haldinn. Hann fellur oft í eld og oft í vatn. **16** Ég fór með hann til lærisveina þinna en þeir gátu ekki læknað hann.“ **17** Jesús svaraði: „Þú trúlausa og spillta kynslóð, hve lengi þarf ég að vera hjá ykkur? Hve lengi þarf ég að umbera ykkur? Komið með hann hingað til mín.“ **18** Síðan ávítaði Jesús illa andann, hann fór út af drengum og drengurinn læknaðist samstundis. **19** Þegar lærisveinarnir voru einir með Jesú spurðu þeir hann: „Hvers vegna gátum við ekki rekið hann út?“ **20** Hann svaraði: „Vegna þess að þið hafið ekki næga trú. Trúíð mér, ef þið hafið trú á við sinnepsfræ getið þið sagt við þetta fjall: ‚Færðu þig þangað,‘ og það færir

sig. Ekkert verður ykkur um megn.“ **21** \*—

**22** Meðan þeir voru saman í Galíleu sagði Jesús við þá: „Mannssonurinn verður svikinn í hendur manna **23** og þeir munu taka hann af lífi en á þriðja degi verður hann reistur upp.“ Þeir urðu mjög hryggir við þetta.

**24** Þegar þeir voru komnir til Kapernaúm komu mennirnir sem innheimtu musterisskattinn\* til Péturs og spurðu: „Greiðir kennari ykkar ekki musterisskattinn?“

**25** „Jú,“ svaraði hann. En þegar hann kom inn í húsið spurði Jesús hann að fyrra bragði: „Hvað sýnist þér, Simon? Af hverjum heimta konungar jarðarinnar tolla eða skatta?\* Af sonum sínum eða öðrum?“ **26** „Af öðrum,“ svaraði hann. „Þá eru synirnir undanþegnir skatti,“ sagði Jesús. **27** „En til að valda ekki hneykslun skaltu ganga niður að vatninu, renna öngli og taka fyrsta fiskinn sem þú færð. Þegar þú opnar munninn á honum finnurðu silfurpening.\* Taktu hann og greiddu skattinn fyrir mig og þig.“

**18** Eftir þetta komu lærisveinarnir til Jesú og spurðu: „Hver er eiginlega mestur í himnaríki?“ **2** Hann kallaði þá til sín barn, lét það standa meðal þeirra **3** og sagði: „Trúíð mér, þið komist alls ekki inn í himnaríki nema þið breytið um hugarfar\* og verðið eins og börn. **4** Hver sem auðmýkir sig eins og þetta barn, hann er mestur í himnaríki **5** og hver sem tekur við einu slíku barni vegna nafns

17:21 \*Þetta vers er ekki í sumum fornum handritum og tilheyrir greinilega ekki innblásinni frásögn Bibliunnar. 17:24 \*Orðrétt „tvídrökmuna“ sem var um tveggja daglauna virði. 17:25 \*Það er, nefskatt. 17:27 \*Orðrétt „stater“, jafnvirði fjögurra drakma. 18:3 \*Orðrétt „snúíð við“.

míns tekur einnig við mér. **6** En þeim sem veldur því að einn af þessum minnstu sem trúá á mig fellur væri betra að vera sökk í opið haf með stóran myllustein\* hengdan um hálsinn.

**7** Illa fer fyrir heiminum þar sem hann er fólki til hrösunar. Auðvitað er óhjákvæmilegt að eitthvað verði fólki til hrösunar en illa fer fyrir þeim manni sem veldur því. **8** Ef hönd þín eða fótur verður þér að falli skaltu höggva hann af og kasta frá þér. Það er betra fyrir þig að ganga limlestur eða einfættur inn til lífsins en að vera kastað í eilífa eldinn með báðar hendur eða báða fætur. **9** Og ef auga þitt verður þér að falli skaltu rífa það úr þér og kasta því burt. Það er betra fyrir þig að ganga eineygður inn til lífsins en að hafa bæði augun og vera kastað í eld Gehenna.\* **10** Gætið þess að fyrirlíta ekki neinn af þessum minnstu því að ég segi ykkur að englar þeirra á himnum hafa andlit föður míns á himnum stöðugt fyrir augum.\* **11** \*—

**12** Hvað sýnist ykkur? Ef maður á 100 sauði og einn þeirra villist frá hjörðinni, skilur hann þá ekki hina 99 eftir á fjallinu og fer að leita að þeim týnda? **13** Trúid mér, ef hann finnur hann gleðst hann meira yfir honum en yfir þeim 99 sem týndust ekki. **14** Faðir minn\* á himnum vill ekki heldur að einn einasti þessara minnstu glatist.

**15** Ef bróðir þinn syndgar skaltu fara og benda honum einslega\* á það ranga sem hann hefur gert.\* Ef

**18:6** \*Eða „með myllustein sem snúid er af asna“. **18:9** \*Sjá orðaskýringar. **18:10** \*Eða „hafa alltaf aðgang að föður mínum á himnum“. **18:11** \*Þetta vers er ekki í sumum fornum handritum og tilheyrir greinilega ekki innblásinni frásögn Biblíunnar. **18:14** \*Eða hugsanl. „ykkar“. **18:15** \*Orðrétt „og ávita hann einslega“.

hann hlustar á þig hefurðu endurheimt bróður þinn. **16** En ef hann hlustar ekki skaltu taka með þér einn eða tvo til viðbótar til að allt sé staðfest með framburði\* tveggja eða þriggja vitna. **17** Ef hann hlustar ekki á þá skaltu segja það söfnuðinum. Ef hann hlustar ekki einu sinni á söfnuðinn skaltu líta á hann sem mann af þjóðunum og skattheimtumann.

**18** Trúid mér, hvað sem þið bindið á jörð hefur þegar verið bundið á himnum og hvað sem þið leysið á jörð hefur þegar verið leyst á himnum. **19** Ég segi ykkur enn fremur að ef tveir ykkar á jörð eru samála um að biðja um eitthvað mikilvægt mun faðir minn á himnum veita þeim það. **20** Þar sem tveir eða þrír eru samankomnir í mínu nafni þar er ég mitt á meðal þeirra.“

**21** Pétur gekk nú til hans og spurði: „Drottinn, hve oft á ég að fyrirgefa bróður mínum ef hann syndgar gegn mér? Allt að sjö sinnum?“ **22** Jesús svaraði: „Ég segi þér: Ekki allt að sjö sinnum heldur 77 sinnum.“

**23** Þess vegna má líkja himnaríki við konung sem vildi gera upp reikninga við þjóna sína. **24** Þegar hann byrjaði á uppgjörinu var komið með mann til hans sem skuldaði honum 10.000 talentur.\* **25** Þar sem hann gat ekki greitt skuldina skipaði konungur svo fyrir að selja skyldi hann, konu hans, börn og allt sem hann átti til að greiða skuldina. **26** Þjónninn féll þá á kné, veitti honum lotningu\* og sagði: „Sýndu mér þolinmæði og ég skal borga allt til baka.“ **27** Konungurinn kenndi í brjósti um þjóninn, leyfði honum að fara og gaf

**18:16** \*Orðrétt „af munni“. **18:24** \*10.000 silfur talentur jafngiltu 60 milljónum denara. Sjá orðaskýringar. **18:26** \*Eða „kraup fyrir honum“.



honum upp skuldina. **28** Þjónninn fór þá út og hitti einn af samþjónum sínum sem skuldaði honum 100 denara.\* Hann tók hann kverkataki og sagði: „Borgaðu það sem þú skuldar mér.“ **29** Samþjónn hans féll þá á kné og grátbað hann: „Sýndu mér þolinmæði og ég skal borga þér til baka.“ **30** En hann vildi það ekki heldur fór og lét varpa honum í fangelsi. Þar átti hann að vera þangað til hann gæti borgað skuldina. **31** Þegar samþjónar hans sáu hvað hafði gerst urðu þeir miður sín, og þeir fóru og sögðu konunginum frá öllu sem hafði átt sér stað. **32** Konungurinn kallaði hann þá fyrir sig og sagði: „Þú illi þjónn, ég gaf þér upp alla skuldina þegar þú baðst mig um það.“ **33** Áttir þú ekki að sýna samþjóni þínum miskunn eins og ég miskunnaði þér?“ **34** Í reiði sinni afhenti konungurinn hann fanga-vörðunum. Hann átti að sitja inni þar til hann hefði borgað alla skuldina. **35** Faðir minn á himnum fer eins með ykkur ef þið fyrirgefið ekki bróður ykkar af öllu hjarta.“

**19** Eftir að Jesús hafði lokið máli sínu fór hann frá Galíleu og kom að útjaðri\* Júdeu handan við Jórdan. **2** Fólk fylgdi honum hópum saman og hann læknaði það.

**3** Farísear komu til hans, ákveðnir í að reyna hann, og þeir spurðu: „Má maður skilja við konu sína fyrir hvaða sök sem er?“ **4** Hann svaraði: „Hafið þið ekki lesið að sá sem skapaði þau í upphafi gerði þau karl og konu **5** og sagði: „Af þeirri ástæðu yfirgefur maður föður sinn og móður og binst konu sinni og þau tvö verða eitt?“\* **6** Þannig eru þau ekki lengur tvö heldur eitt.\* Það sem Guð hefur tengt saman má enginn maður aðskilja.“ **7** Þeir

sögðu við hann: „Hvers vegna fyrirskipaði Móse þá að gefa út skilnaðarbréf og leyfði að maður skildi við hana?“ **8** Hann svaraði: „Það var vegna þess hve harðbrjóstá þið eruð sem Móse gerði þá tilslökun að þið mættuð skilja við eiginkonur ykkar, en þannig var það ekki frá upphafi.“ **9** Ég segi ykkur að sá sem skilur við konu sína, nema hún hafi gerst sek um kynferðislegt sidleysi,\* og giftist annarri fremur hjúskaparbot.“

**10** Lærisevinnarnir sögðu við hann: „Fyrst sambandi karls og konu er þannig háttáð er ekki ráðlegt að giftast.“ **11** Hann sagði við þá: „Það er ekki á allra færi að gera eins og ég segi heldur aðeins þeirra sem það er gefið.“\* **12** Sumir eru fæddir þannig að þeir geta ekki gifst\* og sumir eru þannig af mannavöldum en sumir neita sér líka um að giftast\* til að geta helgað sig himnaríki. Sá sem hefur tók á því ætti að gera það.“

**13** Fólk kom nú til hans með börn til að hann legði hendur yfir þau og bæði fyrir þeim. Lærisevinnarnir ávítuðu fólkið **14** en Jesús sagði: „Látið börnin í friði og reynið ekki að hindra að þau komi til mín því að himnaríki tilheyrir þeim sem eru eins og þau.“ **15** Og hann lagði hendurnar yfir þau og fór síðan þaðan.

**16** Þá kom til hans ungur maður og sagði: „Kennari, hvað gott þarf ég að gera til að hljóta eilíft líf?“ **17** Jesús svaraði: „Hvers vegna spyrðu mig hvað sé gott? Aðeins einn er góður. En ef þú vilt ganga inn til lífsins skaltu halda boðorðin.“ **18** „Hvaða boðorð?“ spurði hann. Jesús svaraði: „Þú skalt ekki myrða, þú skalt ekki fremja hjú-

19:9 \*Á grísku *pornei'a*. Sjá orðaskýringar. 19:11 \*Það er, aðeins þeirra sem það er gefið að geta verið einhleypir. 19:12 \*Orðrétt „fæddir geldingar“. \*Orðrétt „gera sig að geldingum“.

18:28 \*Sjá orðaskýringar. 19:1 \*Eða „landamærum“. 19:5, 6 \*Orðrétt „eitt hold“.

skaparbrot, þú skalt ekki stela, þú skalt ekki bera ljúgvitni, **19** heiðraðu föður þinn og móður og þú skalt elska náungann eins og sjálfan þig.“ **20** Ungi maðurinn sagði við hann: „Ég hef haldið allt þetta. Hvað fleira þarf ég að gera?“ **21** Jesús svaraði: „Ef þú vilt vera fullkominn farðu þá og seldu eitur þínar og gefðu fátækum, og þá áttu fjársjóð á himni. Komdu síðan og fylgdu mér.“ **22** Ungi maðurinn fór hryggur burt þegar hann heyrði þetta því að hann átti miklar eignir. **23** Jesús sagði þá við lærisveinana: „Trúid mér, það verður erfitt fyrir ríkan mann að komast inn í himnaríki. **24** Ég segi ykkur að það er auðveldara fyrir úlfalda að komast gegnum nálarauga en fyrir ríkan mann að ganga inn í ríki Guðs.“

**25** Þegar lærisveinarnir heyrðu þetta voru þeir steini lostnir og sögðu: „Hver getur þá einleglega bjargast?“ **26** Jesús horfði einbeittur á þá og sagði: „Mönnum er það ógerlegt en Guð getur allt.“

**27** Þá sagði Pétur: „Við höfum yfirgefið allt og fylgt þér. Hvað fáum við þá?“ **28** Jesús sagði við þá: „Trúid mér, þegar allt verður endurnýjað\* og Mannssonurinn sest í dýrlegt háseti sitt munuð þið sem hafið fylgt mér sitja í 12 hásetum og dæma 12 ættkvíslir Ísraels. **29** Og allir sem hafa yfirgefið heimili, bræður eða systur, föður eða móður, börn eða landareignir vegna nafns míns fá hundraðfalt aftur og hljóta eilíft líf.

**30** En margir hinna fyrstu verða síðastir og hinir síðustu fyrstir.

**20** Líkja má himnaríki við landeiganda sem fór út snemma morguns til að ráða verkamenn í víngarð sinn. **2** Eftir að hafa samið við verkamennina um denar\* í

daglaun sendi hann þá í víngarðinn. **3** Um þriðju stund\* fór hann aftur út og sá menn standa atvinnulausa á markaðstorginu. **4** Hann sagði við þá: „Farið þið líka í víngarðinn og ég skal greiða ykkur sanna gjörn laun,“ **5** og þeir fóru. Hann fór einnig út um sjöttu stund\* og níundu stund\* og réð fleiri. **6** Að lokum, um elleftu stund,\* fór hann út og fann aftur menn sem stóðu þar og hann sagði við þá: „Hvers vegna hafið þið staðið hér atvinnulausir allan daginn?“ **7** „Vegna þess að enginn hefur ráðið okkur,“ svöruðu þeir. Hann sagði þá: „Farið þið líka í víngarðinn.“

**8** Um kvöldið sagði víngarðseigandinn við verkstjóra sinn: „Kallaðu á verkamennina og greiðu þeim kaupið. Byrjaðu á þeim síðustu og endaðu á þeim fyrstu.“ **9** Þeir sem voru ráðnir á elleftu stund komu nú og fengu hver sinn denar.\* **10** Þegar þeir fyrstu síðan komu bjuggust þeir við að fá meira, en þeir fengu sömuleiðis sinn denarinn\* hver. **11** Þá fóru þeir að kvarta við landeigandann **12** og sögðu: „Þeir sem komu síðast unnu eina stund. Þeir fá samt sama kaup og við sem höfum stritað allan daginn í steikjandi hitanum.“ **13** En hann svaraði einum þeirra: „Vinur, ég er ekki ósanna gjarn við þig. Sömdum við ekki um einn denar?“ **14** Taktu kaupið þitt og farðu leiðar þínar. Ég vil greiða þeim síðasta það sama og þér. **15** Ræð ég ekki sjálfur hvað ég geri við eigið fé? Eða finnurðu til öfundar\* af því að ég er örlátur?“ **16** Þannig verða hinir síðustu fyrstir og hinir fyrstu síðastir.“

**17** Á leið upp til Jerúsalem tók Jesús lærisveinana 12 afsíðis og

19:28 \*Eða „endurskað“. 20:2, 9, 10, 13 \*Sjá orðaskýringar.

20:3 \*Það er, um kl. 9. 20:5 \*Það er, um kl. 12 á hádegi. \*Það er, um kl. 15. 20:6 \*Það er, um kl. 17. 20:15 \*Orðrétt „er auga þitt illt“. \*Eða „göður“.

sagði einslega við þá: **18** „Við erum nú á leið upp til Jerúsalem og Mannssonurinn verður látinn í hendur yfirpresta og fræðimanna. Þeir munu dæma hann til dauða **19** og láta hann í hendur manna af þjóðunum sem munu hæða hann, húðstrýkja og staurfesta, en á þriðja degi verður hann reistur upp.“

**20** Nú kom móðir Sebedeussona til hans ásamt sonum sínum, kraup fyrir honum\* og bað hann bónar. **21** Hann sagði við hana: „Hvað viltu?“ Hún svaraði: „Lofaðu að synir mínir tveir fái að sitja við hlið þér í ríki þínu, annar til hægri handar og hinn til vinstri.“ **22** Jesús sagði: „Þið vitið ekki um hvað þið biðið. Getið þið drukkið bikarinn sem ég á að drekka?“ „Við getum það,“ svöruðu þeir. **23** Hann sagði við þá: „Þið skuluð vissulega drekka bikar minn, en það er ekki mitt að ákveða hver situr mér til hægri handar og vinstri. Þessi sæti eru tekin frá handa þeim sem faðir minn hefur ákveðið að sitji þar.“

**24** Þegar hinir tíu heyrðu af þessu gramdist þeim við bræðurna tvo. **25** En Jesús kallaði þá til sín og sagði: „Þið vitið að þeir sem ráða yfir þjóðunum drottna yfir þeim og háttsettir menn beita valdi sínu. **26** Þannig má það ekki vera meðal ykkar. Sá sem vill verða mikill á meðal ykkar á að vera þjónn ykkar **27** og sá sem vill vera fremstur á meðal ykkar á að vera þræll ykkar, **28** rétt eins og Mannssonurinn sem kom ekki til að láta þjóna sér heldur til að þjóna og gefa líf\* sitt sem lausnargjald fyrir marga.“

**29** Mikill mannfjöldi fylgdi honum þegar þeir fóru frá Jeríkó. **30** Tveir blindir menn sátu við veginn. Þegar þeir heyrðu að Jesús

ætti leið hjá hrópuðu þeir: „Drottinn sonur Davíðs, miskunnaðu okkur!“ **31** Fólkið hastaði á þá og sagði þeim að þegja en þeir hrópuðu bara enn hærra: „Drottinn sonur Davíðs, miskunnaðu okkur!“ **32** Jesús nam þá staðar, kallaði á þá og sagði: „Hvað viljið þið að ég geri fyrir ykkur?“ **33** Þeir sögðu við hann: „Drottinn, opnaðu augu okkar.“ **34** Jesús kenndi í brjósti um þá, snerti augu þeirra og þeir endurheimtu sjónina samstundis og fylgdu honum.

**21** Þeir nálgudust nú Jerúsalem og komu til Betfage á Olíufjallinu. Jesús sendi þá tvo lærisveina **2** og sagði við þá: „Farið inn í þorpið hér fram undan og þá finnið þið strax ösnu bundna og fola hjá henni. Leysið þau og færið mér. **3** Ef einhver segir eitthvað skuluð þið svara: ‚Drottinn þarfnast þeirra.‘ Þá leyfir hann ykkur tafarlaust að taka þau.“

**4** Þetta gerðist til að það rættist sem spámaðurinn sagði: **5** „Segið dóttur Síonar: ‚Sjáðu! Konungur þinn kemur til þín ljúfur í lund og ríður asna, fola undan burðardýri.‘“

**6** Lærisveinarnir fóru og gerðu alveg eins og Jesús hafði sagt þeim. **7** Þeir komu með ösnuna og folann, lögðu yfirhafnir sínar á þau og hann settist á bak. **8** Fjöldamargir breiddu yfirhafnir sínar á veginn en aðrir skáru greinar af trjánum og lögðu þær á veginn. **9** Mannfjöldinn sem fór á undan honum og þeir sem eltu hrópuðu: „Viltu vernda\* son Davíðs! Blessaður sé sá sem kemur í nafni Jehóva!“ Viltu vernda hann, þú sem ert í hæstu hæðum.“

**10** Þegar hann kom til Jerúsalem var öll borgin í uppnámi og menn sögðu: „Hver er þetta?“ **11** Mannfjöldinn sem fylgdi honum

20:20 \*Eða „veitti honum lotningu“. 20:28 \*Eða „sál“.

21:9 \*Á grísku *Hósanna*. \*Sjá orðaskýringar.

sagði: „Þetta er spámaðurinn Jesús frá Nasaret í Galíleu.“

**12** Jesús gekk inn í musterið og rak út alla sem seldu þar og keyptu. Hann velti um koll borðum þeirra sem skiptu peningum og bekkjum dúfnasalanna **13** og sagði við þá: „Skrifað stendur: ‚Hús mitt verður kallað bænahús‘ en þið gerið það að ræningjabæli.“ **14** Blindir og fatlaðir komu til hans í musterinu og hann læknaði þá.

**15** Yfirprestarnir og fræðimennirnir urðu gramir þegar þeir sáu hann vinna þessi miklu verk og heyrðu drengina hrópa í musterinu: „Viltu vernda son Davíðs!“ **16** Þeir sögðu við hann: „Heyriðu hvað þeir segja?“ Jesús svaraði: „Já. Hafið þið aldrei lesið þetta: ‚Þú hefur fengið börn og ungbörn til að lofa þig?‘“ **17** Hann yfirgaf þá, fór úr borginni til Betaníu og var þar um nóttina.

**18** Hann sneri aftur til borgarinnar snemma morguns og var þá svangur. **19** Hann kom auga á fikjutré við veginn og gekk að því en fann ekkert nema laufblöðin ein. Þá sagði hann við tréð: „Aldrei framar skal vaxa ávöxtur á þér.“ Og fikjutréd visnaði samtundis. **20** Lærisveinarnir undrúðust þegar þeir sáu þetta og sögðu: „Hvernig gat fikjutréd visnað svona fljótt?“ **21** Jesús svaraði: „Það megið þið vita að ef þið trúið án þess að efast getið þið ekki aðeins gert það sama og ég gerið við fikjutréd heldur jafnvel sagt við þetta fjall: ‚Lyftu þér upp og kastaðu þér í hafið,‘ og það gerist.“ **22** Þið fáið allt sem þið biðjið um í bænum ykkar ef þið hafið trú.“

**23** Hann gekk inn í musterið. Yfirprestarnir og öldungarnir komu til hans meðan hann var að kenna og sögðu: „Hvaða vald hefurðu til að gera þetta? Og hver gaf

þér þetta vald?“ **24** Jesús svaraði þeim: „Ég ætla líka að spyrja ykkur að einu. Ef þið svarið mér þá skal ég segja ykkur hvaða vald ég hef til að gera þetta.“ **25** Hvaðan fékk Jóhannes vald til að skíra? Frá himni eða frá mönnum?“\* Þeir fóru að ræða sín á milli og sögðu: „Ef við segjum: ‚Frá himni,‘ segir hann við okkur: ‚Hvers vegna trúðuð þið honum þá ekki?‘“ **26** En ef við segjum: ‚Frá mönnum‘ er hætt á að fólkið snúist gegn okkur því að allir telja að Jóhannes hafi verið spámaður.“ **27** Þeir svöruðu því Jesú: „Við vitum það ekki.“ Hann sagði: „Þá segi ég ykkur ekki heldur hvaða vald ég hef til að gera þetta.“

**28** Hvað sýnist ykkur? Maður átti tvo syni. Hann fór til annars þeirra og sagði: ‚Sonur minn, farðu út í vingarðinn að vinna í dag.‘ **29** ‚Ég vil það ekki,‘ svaraði hann, en sá svo eftir því og fór. **30** Maðurinn fór til hins og sagði það sama. Sá svaraði: ‚Ég skal gera það, herra,‘ en fór ekki. **31** Hvor þeirra gerði það sem faðirinn bað um?“ ‚Sá fyrri,‘ svöruðu þeir. Jesús sagði þá: „Trúið mér, skattheimtumenn og vændiskonur verða á undan ykkur inn í ríki Guðs.“ **32** Jóhannes kom og benti ykkur á leið réttlætisins en þið trúðuð honum ekki. Skattheimtumenn og vændiskonur trúðu honum hins vegar, en þótt þið sæjuð það iðruðust þið hvorki né trúðuð honum.“

**33** Heyrið aðra dæmisögu: Maður nokkur, landeigandi, plantaði vingarð, girti hann af, gróf fyrir vínþröng og reisti turn. Hann leigði hann síðan vínyrkjum og fór úr landi. **34** Þegar uppskerutíminn hófst sendi hann þræla sína til vínyrkjanna að sækja sinn hluta af uppskerunni. **35** En vínyrkjarnir tóku þrælana, börðu einn, drápu

21:25 \*Eða „var það runnið frá mönnum?“

annan og enn einn grýttu þeir. **36** Hann sendi aðra þræla, fleiri en í fyrra skiptið, en þeir fóru eins með þá. **37** Að lokum sendi hann son sinn til þeirra því að hann hugsaði með sér: „Þeir eiga eftir að virða son minn.“ **38** Þegar vínryrkjarnir sáu soninn sögðu þeir hver við annan: „Þetta er erfinginn. Komum, drepum hann og náum af honum arfinum.“ **39** Síðan tóku þeir hann, köstuðu honum út fyrir víngarðinn og drápu hann. **40** Hvað gerir nú eigandi víngarðsins við vínryrkjana þegar hann kemur?“ **41** Þeir svöruðu: „Þar sem þeir eru vondir tortímur hann þeim og leigir öðrum vínryrkjum garðinn og þeir gefa honum ávöxtinn þegar uppskeran er tilbúin.“

**42** Jesús sagði við þá: „Lásuð þið aldrei í Ritningunum: „Steinninn sem smiðirnir höfnuðu er orðinn að aðalhornsteini.“ Hann er frá Jehóva“ og hann er stórfenglegur í augum okkar?“ **43** Þess vegna segi ég ykkur að ríki Guðs verður tekið frá ykkur og gefið þjóð sem ber ávexti þess. **44** Sá sem fellur á þennan stein tortímist og sá sem steinninn fellur á verður sundurkraminn.“

**45** Þegar yfirprestarnir og farisearnir heyrðu þessar dæmisögur skildu þeir að hann átti við þá. **46** Þeir vildu grípa\* hann en óttuðust mannfjöldann því að fólkíð leit á hann sem spámann.

**22** Jesús talaði aftur til þeirra í dæmisögum og sagði: **2** „Líkja má himnaríki við konung sem hélt brúðkaupsveislu fyrir son sinn. **3** Hann sendi þjóna sína til að kalla þá sem voru boðnir til veislunnar en þeir vildu ekki koma. **4** Hann sendi aðra þjóna og sagði: „Segið boðsgestunum: „Ég hef undirbúið máltíðina. Það er búið að

slátra nautum mínum og alifé og allt er tilbúið. Komið til brúðkaupsveislunnar.““ **5** En þeir létu sér fátt um finnast og fóru, einn á akur sinn, annar að sinna viðskiptum **6** en hinir tóku þjónana, misþyrmdu þeim og drápu.

**7** Konungurinn reiddist mjög, sendi út her sinn og lét drepa morðingjana og brenna borg þeirra. **8** Síðan sagði hann við þjóna sína: „Brúðkaupsveislan er tilbúin en boðsgestirnir verðskulduðu ekki að koma. **9** Farið því út á vegina sem liggja út úr borginni og bjóðið öllum sem þið finnið í brúðkaupsveisluna.“ **10** Þjónarnir fóru þá út á vegina og söfnuðu öllum sem þeir fundu, bæði vondum og góðum, og brúðkaupsalurinn fylltist gestum.\*

**11** Konungurinn gekk nú inn til að virða fyrir sér gestina og kom þá auga á mann sem var ekki í brúðkaupsfötum. **12** Hann sagði við hann: „Vinur, hvernig komstu hingað inn án þess að vera í brúðkaupsfötum?“ Maðurinn gat engu svarað. **13** Konungurinn sagði þá við þjóna sína: „Bindið hann á höndum og fótum og kastið honum út í myrkið fyrir utan. Þar mun hann gráta og gnísta tönnum.“

**14** Já, mörgum er boðið en fáir eru útvaldir.“

**15** Farisearnir fóru þá og tóku sig saman um að hanka hann á orðum hans. **16** Þeir sendu því lærisveina sína til hans ásamt fylgismönnum Heródesar og þeir sögðu: „Kennari, við vitum að þú ert sannsögull og kennir veg Guðs sannleikanum samkvæmt, og allir eru jafnir fyrir þér því að þú horfir ekki á útlit fólks. **17** Hvað telur þú? Er leyfilegt\* að greiða keisarannum skatt“ eða ekki?“ **18** En Jesús vissi hve illir þeir voru og sagði: „Hræsnarar,

21:42 \*Orðrétt „efsta hluta hornsins“. #Sjá orðaskýringar. 21:46 \*Eða „handtaka“.

22:10 \*Eða „þeim sem lágu til borðs“. 22:17 \*Eða „rétt“. #Það er, nefskatt.

hvers vegna leggið þið gildru fyrir mig? **19** Sýnið mér peninginn sem er greiddur í skatt.“ Þeir færðu honum denar.\* **20** Hann sagði við þá: „Hvers mynd og áletrun er þetta?“ **21** „Keisaran,“ svöruðu þeir. Þá sagði hann: „Gjaldið þá keisaranum það sem tilheyrir keisaranum en Guði það sem tilheyrir Guði.“ **22** Þeir undruðust þegar þeir heyrðu þetta, yfirgáfu hann og gengu burt.

**23** Sama dag komu saddúkear til hans en þeir segja að ekki sé til upprisa. Þeir spurðu hann: **24** „Kennari, Móse sagði: ‚Ef maður deyr barnlaus á bróðir hans að giftast konu hans til að hún ali fyrri eiginmanni sínum afkomendur.‘ **25** Nú voru sjö bræður meðal okkar. Sá fyrsti gifti sig og dó síðan. Hann var barnlaus og eftirlét því bróður sínum konuna. **26** Eins fór fyrir öðrum bróðurnum og þeim þriðja og síðan öllum sjö. **27** Að síðustu dó svo konan. **28** Kona hvers þeirra sjö verður hún í upprisunni? Allir höfðu þeir nú átt hana.“

**29** Jesús svaraði þeim: „Ykkur skjátlast því að þið þekkið hvorki Ritningarnar né mátt Guðs. **30** Í upprisunni kvænist fólk hvorki né giftist heldur er það eins og englar á himni. **31** Hafið þið ekki lesið hvað Guð sagði ykkur um upprisu dauðra: **32** ‚Ég er Guð Abrahams, Guð Ísaks og Guð Jakobs?‘ Hann er ekki Guð dauðra heldur þeirra sem lifa.“ **33** Þegar fólkið heyrði þetta hreifst það af kennslu hans.

**34** Farísearnir komu saman þegar þeir fréttu að Jesús hefði þaggað niður í saddúkeum. **35** Einn þeirra, sem var löglærður, vildi reyna hann og spurði: **36** „Kennari, hvert er ædsta boðorð laganna?“ **37** Hann svaraði: „Þú skalt elska Jehóva\* Guð þinn af öllu

hjarta þínu, allri sál\* þinni og öllum huga þínum.‘ **38** Þetta er mesta og ædsta boðorðið. **39** Annað er líkt því og það er: ‚Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.‘ **40** Lögin í heild og spámennirnir byggjast á þessum tveim boðorðum.“

**41** Jesús spurði nú faríseana meðan þeir voru enn saman í hópi: **42** „Hvað hugsíð þið um Krist? Sonur hvers er hann?“ „Davíðs,“ svöruðu þeir. **43** Þá spurði hann: „Hvernig stendur þá á því að Davíð var innblásið að kalla hann Drottin þegar hann sagði: **44** ‚Jehóva\* sagði við Drottin minn: ‚Sittu mér til hægri handar þar til ég legg óvini þína undir fætur þína‘? **45** Fyrst Davíð kallar hann Drottin hvernig getur hann þá verið sonur hans?“ **46** Enginn gat svarað honum einu orði og frá þeim degi þorði enginn að spyrja hann neins framur.

**23** Jesús talaði nú til mannfjöldans og lærisveinanna og sagði: **2** „Fræðimenn og farísear hafa sest á stól Móse. **3** Þið skuluð því gera og halda allt sem þeir segja ykkur, en líkið ekki eftir verkum þeirra því að þeir segja eitt en gera annað. **4** Þeir binda þungar byrðar og leggja fólki á herðar en sjálfir vilja þeir ekki snerta þær einum fingri. **5** Öll verk sín gera þeir til að sýnast fyrir mönnum. Þeir stækka hylkin með ritningarstöðunum sem þeir bera sér til verndar og lengja kögrið á fötunum. **6** Þeim finnst gott að sitja í hefðarsætum í veislum og fremstu\* sætunum í samkunduhúsum, **7** láta heilsa sér á torgunum og láta kalla sig rabbí.\* **8** En þið skuluð ekki láta kalla ykkur rabbí því að einn er kennari ykkar og þið eruð öll bræður og systur.

23:6 \*Eða „bestu“. 23:7 \*Sem þýðir ‚kennari‘.

9 Kallið engan föður ykkar á jörð því að einn er faðir ykkar og hann er á himnum. 10 Látið ekki heldur kalla ykkur leiðtoga því að einn er leiðtogi ykkar, Kristur. 11 En sá mesti á meðal ykkar á að vera þjónn ykkar. 12 Hver sem upphæfur sjálfan sig verður auðmýktur og hver sem auðmýkir sjálfan sig verður upphafinn.

13 Illa fer fyrir ykkur, fræðimenn og farísear, hræsningar! Þið lokið himnaríki fyrir fólki. Sjálfir gangið þið ekki inn og leyfið ekki heldur þeim sem eru á leiðinni þangað að komast inn. 14 \*—

15 Illa fer fyrir ykkur, fræðimenn og farísear, hræsningar! Þið ferðist um sjó og land til að snúa einum til ykkar trúar og þegar það tekst valdið þið því að hann verðskuldar enn frekar en þið að lenda í Gehenna.\*

16 Illa fer fyrir ykkur, blindu leiðtogar, sem segið: „Ef einhver sver við musterið er það ógilt en ef einhver sver við gullið í musterinu þarf hann að halda eiðinn.“ 17 Blindu og heimsku menn! Hvort er meira, gullið eða musterið sem helgar gullið? 18 Þið segið líka: „Ef einhver sver við altarið er það ógilt en ef einhver sver við fórnina á altarinu þarf hann að halda eiðinn.“ 19 Blindu menn! Hvort er meira, fórnin eða altarið sem helgar fórnina? 20 Sá sem sver við altarið sver við það og allt sem er á því, 21 sá sem sver við musterið sver við það og þann sem býr í því 22 og sá sem sver við himininn sver við háseti Guðs og þann sem situr í því.

23 Illa fer fyrir ykkur, fræðimenn og farísear, hræsningar! Þið

23:14 \*Þetta vers er ekki í sumum fornum handritum og tilheyrir greinilega ekki innbláskinni frásögn Bibliunnar. 23:15, 33 \*Sjá orðaskýringar.

gefið tíund af myntu, dilli og broddkúmeni en vanrækið það sem meira máli skiptir í lögunum, það er að segja réttlæti, miskunn og trúfesti. Þið áttuð vissulega að gjalda tíundina en ekki sleppa hinu. 24 Blindu leiðtogar, þið sið mýfluguna frá en gleypið úlfaldann!

25 Illa fer fyrir ykkur, fræðimenn og farísear, hræsningar! Þið hreinsið bikarinn og diskinn að utan en að innan eru þeir fullir græðgi\* og óhöfs. 26 Blindi farísei, hreinsaðu fyrst bikarinn og diskinn að innan svo að þeir geti líka orðið hreinir að utan.

27 Illa fer fyrir ykkur, fræðimenn og farísear, hræsningar! Þið líkist hvítkólkuðum gröfum sem eru fallegar að sjá að utan en að innan eru þær fullar af dauðra manna beinum og alls konar óhreinindum. 28 Á sama hátt virðist þið út á við vera réttlátir en innra með ykkur eruð þið fullir hræsni og illsku.

29 Illa fer fyrir ykkur, fræðimenn og farísear, hræsningar! Þið hlaðið upp leiði spámannanna og skreytið grafir\* hinna réttlátu. 30 Þið segið: „Ef við hefðum verið uppi á dögum forfeðra okkar hefðum við ekki úthellt blóði spámannanna eins og þeir.“ 31 Þar með vitnið þið gegn sjálfum ykkur þar sem þið játið að þið séuð synir þeirra sem myrtu spámennina. 32 Ljúkið þá verkinu sem forfeur ykkar hófu.\*

33 Höggormar, nöðruafkvæmi, hvernig ætlið þið að komast hjá þeim dómi að lenda í Gehenna?\* 34 Þess vegna sendi ég til ykkar spámenn, vitra menn og kennara. Suma þeirra munuð þið drepa og staurfesta, og suma þeirra munuð þið húðstrýkja í samkunduhús-

23:25 \*Eða „ráns“. 23:29 \*Eða „minningargrafir“. 23:32 \*Orðrétt „Fyllið þá mæli forfeðra ykkar“.

um ykkar og ofsækja borg úr borg. **35** Þess vegna kemur yfir ykkur blóð allra réttláttra sem hafa verið drepnir á jörð, frá blóði hins réttláta Abels til blóðs Sakaríá Barakíasonar sem þið myrtuð milli musterisins og altarisins. **36** Trúðið mér, allt þetta kemur yfir þessa kynslóð.

**37** Jerúsalem, Jerúsalem, þú sem drepur spámennina og grýtir þá sem eru sendir til þín, hve oft vildi ég ekki safna saman börnum þínum eins og hæna safnar ungum sínum undir vængi sér. En þið vilduð það ekki. **38** Hús ykkar verður yfirgefið og verður í ykkar höndum.\* **39** Ég segi ykkur að þið munuð alls ekki sjá mig aftur fyrr en þið segið: „Blessaður sé sá sem kemur í nafni Jehóva.“\*\*

**24** Jesús var á leið frá musterinu þegar lærisveinarnir komu til hans og sýndu honum byggingar musterisins. **2** Þá sagði hann: „Sjáðið þið allt þetta? Trúðið mér, hér mun ekki standa steinn yfir steini heldur verður allt rífið niður.“

**3** Meðan hann sat á Olúfjallinu og lærisveinarnir voru einir með honum komu þeir að máli við hann og spurðu: „Segðu okkur, hvenær gerist þetta og hvert verður táknið þess að þú sért nærverandi\* og að lokaskeið þessarar heimsskipanar“ sé hafið?“

**4** Jesús svaraði þeim: „Gætið þess að láta engan blekkja ykkur **5** því að margir munu koma í mínu nafni og segja: ‘Ég er Kristur,’ og blekkja marga. **6** Þið munuð fréttast af stríðsátökum í grennd og í fjarska. Gætið þess að skelfast ekki því að þetta þarf að gerast en endirinn er samt ekki kominn.“

**7** Þjóð mun ráðast gegn þjóð og ríki gegn ríki. Það verða hungurs-

neyðir og jarðskjálftar á einum stað eftir annan. **8** Allt er þetta upphaf fæðingarhríðanna.\*

**9** Þá mun fólk ofsækja ykkur og drepa og allar þjóðir munu hata ykkur vegna nafns míns. **10** Margir munu einnig falla frá trúnni og svíkja og hata hver annan. **11** Margir falsspámenn koma fram og blekkja marga **12** og þar sem illskan magnast mun kærleikur flestra kólna. **13** En sá sem er þolgóður\* allt til enda mun bjargast. **14** Og fagnaðarboðskapurinn um ríkið verður boðaður um alla jörðina til að allar þjóðir fái að heyra hann, og síðan kemur endirinn.

**15** Þegar þið sjáið viðurstygðina sem veldur eyðingu og Daniel spámaður talar um standa á helgum stað (sá sem les þetta sýni dómgreind) **16** þá flýi þeir sem eru í Júdeu til fjalla. **17** Sá sem er uppi á þaki fari ekki niður til að sækja eigur sínar í húsinu **18** og sá sem er úti á akri snúi ekki aftur til að ná í yfirhöfn sína. **19** Þetta verða skelfilegir dagar fyrir barnshafandi konur og þær sem eru með barn á brjósti. **20** Biðjið að þið þurfið ekki að flýja að vetri til né á hvíldardegi **21** því að þá verður svo mikil þrenging að annað eins hefur ekki gerst frá upphafi heims allt til þessa og gerist aldrei aftur. **22** Ef þessir dagar yrðu ekki styttnir myndi enginn bjargast en vegna hinna útvöldu verða þeir styttnir.

**23** Ef einhver segir við ykkur: „Sjáið! Hér er Kristur,“ eða: „Þarna er hann,“ þá skuluð þið ekki trúa því. **24** Falskristar og falsspámenn munu koma fram og gera mikil tákni og undur til að blekkja jafnvel hina útvöldu ef hægt er. **25** Ég hef varað ykkur við. **26** Ef fólk því segir við ykkur: „Hann er

23:38 \*Eða hugsanl. „og lagt í eyði“. 23:39 \*Sjá orðaskýringar. 24:3 \*Sjá orðaskýringar, „nærvera“. \*Eða „aldar“. Sjá orðaskýringar.

24:8 \*Eða „hörmunganna; þjáninganna“. 24:13 \*Eða „hefur verið þolgóður“.



í óbyggðunum!‘ þá skuluð þið ekki fara þangað, eða: ‚Hann er innst inni í húsinu!‘ þá trúið því ekki. **27** Nærvera\* Mannssonarins verður eins og elding sem leiftrar frá austri til vesturs. **28** Þar sem hræið er þar safnast ernirnir.

**29** Strax eftir þrengingu þessara daga mun sólin myrkvast og tunglið ekki skína, stjörnurnar falla af himni og kraftar himnanna nótta. **30** Þá birtist tákn Mannssonarins á himni og allar þjóðir\* jarðar harma og kveina, og þær sjá Mannssoninn koma á skýjum himins með mætti og mikilli dýrð. **31** Og hann sendir út engla sína með sterkum lúðurblestri og þeir safna saman hans útvöldu úr áttunum\* fjórum, frá öðrum endimörkum himins til hinna.

**32** Lærið af þessari líkingu um fikjutréd: Um leið og ungu greinarnar mýkjast og laufið springur út vitið þið að sumar er í nánd. **33** Eins skuluð þið vita þegar þið sjáið allt þetta að hann er í nánd, við dyrnar. **34** Trúði mér, þessi kynslóð lifur alls ekki undir lok fyrr en allt þetta gerist. **35** Himinn og jörð lifa undir lok en orð mín lifa alls ekki undir lok.

**36** Enginn veit þann dag og stund, hvorki englarnir á himnum né sonurinn heldur aðeins faðirinn. **37** Nærvera\* Mannssonarins verður eins og dagar Nóa. **38** Dagana fyrir flóðið átu menn og drukku, kvæntust og giftust fram til þess dags sem Nói gekk inn í örkina, **39** og þeir gáfu engan gaum að því sem var að gerast fyrr en flóðið kom og sópaði þeim öllum burt. Þannig verður við nærveru Mannssonarins. **40** Þá verða tveir menn á akri, annar verður tekinn og hinn

skilinn eftir. **41** Tvær konur mala í handkvörn, önnur verður tekin og hin skilin eftir. **42** Haldið því vöku ykkar því að þið vitið ekki hvaða dag Drottinn ykkar kemur.

**43** En eitt skuluð þið vita: Ef húseigandinn vissi hvenær um nóttina\* þjófurinn kæmi myndi hann vaka og ekki láta brjótast inn í hús sitt. **44** Verið þið sömuleiðis viðbúinir, því að Mannssonurinn kemur þegar þið eigið ekki von á því.

**45** Hver er eiginlega hinn trúi og skynsami\* þjónn sem húsbóndinn hefur sett yfir vinnuhjú sín til að gefa þeim mat á réttum tíma? **46** Sá þjónn er glaður ef húsbóndi hans sér hann gera það þegar hann kemur. **47** Trúði mér, hann setur hann yfir allar eigur sínar.

**48** En ef þjónninn reynist illur og segir í hjarta sínu: ‚Húsbónda mínum seinkar,‘ **49** og hann fer að berja samþjóna sína og borða og drekka með drykkjumönnum, **50** þá kemur húsbóndi hans á degi sem hann á ekki von á og stund sem hann býst ekki við. **51** Hann refsar þá þjóninum harðlega og rekur hann út til hræsnaranna. Þar mun hann gráta og gnísta tönnum.

**25** Líkja má himnaríki við tíu meyjjar sem tóku lampa sína og fóru út til móts við brúðgumann. **2** Fimm voru óskynsamar og fimm skynsamar.\* **3** Hinar óskynsömu tóku lampa sína en höfðu enga olíu með sér **4** en þær skynsömu tóku með sér olíu á flöskum ásamt lömpunum. **5** Nú tafðist brúðguminn og þær urðu allar syfjaðar og sofnuðu. **6** Um miðja nótt var kallað: ‚Brúðguminn er að koma! Farið til móts við hann.‘ **7** Þá stóðu allar meyjarnar á fætur og tóku til lampa sína. **8** Óskynsömu meyjarnar sögðu við þær skynsömu:

24:27, 37 \*Sjá orðaskýringar. 24:30 \*Orðrétt „allir ættbálkar“. 24:31 \*Orðrétt „frá vindunum“.

24:43 \*Eða „á hvaða næturvöku“. 24:45 \*Eða „hyggni“. 25:2 \*Eða „hyggnar“.

„Gefið okkur smá olíu því að það er að slokkna á lömpunum okkar.“

**9** Hinar skynsömu svöruðu: „Þá nægir hún kannski ekki handa okkur öllum. Farið frekar og kaupið ykkur olíu hjá þeim sem selja hana.“

**10** Meðan þær voru að kaupa olíuna kom brúðguminn. Meyjarnar sem voru viðbúnar fóru með honum inn til brúðkaupsveislunnar og dyrunum var lokað. **11** Seinna komu hinar meyjarnar og sögðu: „Herra, herra, opnaðu fyrir okkur!“

**12** Hann svaraði: „Ég segi ykkur eins og er, ég þekki ykkur ekki.“

**13** Haldið því vöku ykkar því að þið vitið hvorki daginn né stundina.

**14** Himnaríki má einnig líkja við mann sem var í þann mund að fara til útlanda. Hann kallaði á þjóna sína og fól þeim að sjá um eigur sínar. **15** Hann fékk einum fimm talentur,\* öðrum tvær og þeim þriðja eina, allt eftir hæfni hvers og eins, og fór svo úr landi. **16** Sá sem fékk fimm talentur fór tafarlaust, verslaði með þær og þénaði aðrar fimm. **17** Sá sem fékk tvær gerði eins, og þénaði aðrar tvær. **18** En þjónninn sem fékk aðeins eina fór burt, gróf peninga\* húsbónda síns í jörð og faldi þá.

**19** Löngu síðar kom húsbóndi þjónanna og lét þá gera reikningskil. **20** Sá sem hafði fengið fimm talentur gekk þá fram, færði honum fimm að auki og sagði: „Herra, þú trúðir mér fyrir fimm talentum og ég hef þénað fimm í viðbót.“ **21** Húsbóndinn sagði við hann: „Vel gert, góði og trúi þjónn. Þú varst trúr yfir litlu. Ég set þig yfir mikið. Komdu og fagnaðu með húsbónda þínum.“ **22** Því næst gekk fram sá sem hafði fengið tvær talentur og sagði: „Herra, þú trúðir mér fyrir tveim talentum og ég hef

þénað tvær í viðbót.“ **23** Húsbóndinn sagði við hann: „Vel gert, góði og trúi þjónn. Þú varst trúr yfir litlu. Ég set þig yfir mikið. Komdu og fagnaðu með húsbónda þínum.“

**24** Að lokum gekk þjónninn fram sem hafði fengið eina talentu og sagði: „Herra, ég vissi að þú ert kröfuharður maður. Þú uppskerð þar sem þú sáðir ekki og safnar þar sem þú þresktir ekki.“ **25** Ég varð því hræddur og faldi talentuna í jörð. Hér hefurðu það sem þú átt.“

**26** Húsbóndinn svaraði honum: „Illt og latit þjónn, þú vissir sem sagt að ég uppsker þar sem ég sáði ekki og safna þar sem ég þreskti ekki.“ **27** Þú hefðir því átt að leggja fé\* mitt í banka og þá hefði ég fengið það aftur með vöxtum þegar ég kom.

**28** Takið talentuna af honum og gefið þeim sem hefur tíu talentur **29** því að hverjum sem hefur verður gefið meira og hann mun hafa gnægð. En frá þeim sem hefur ekki verður tekið jafnvel það litla sem hann hefur. **30** Og kastið þessum einskis nýta þjóni út í myrkrið fyrir utan. Þar mun hann gráta og gnista tönnum.“

**31** Þegar Mannssonurinn kemur í dýrð sinni og allir englarnir með honum sest hann í dýrðarhásæti sitt. **32** Allar þjóðir safnast saman frammi fyrir honum og hann skilur fólk hvert frá öðru eins og hirðir skilur sauði frá geitum. **33** Hann lætur sauðina vera sér til hægri handar en geiturnar til vinstri.

**34** Þá segir konungurinn við þá sem eru honum á hægri hönd: „Komið, þið sem faðir minn hefur blessað, og takið við ríkinu sem ykkur var ætlað frá grundvöllum heims.“ **35** Ég var svangur og þið gáfuð mér að borða, ég var þyrstur

25:15 \*Grísk talenta jafngilti 20,4 kg. Sjá orðaskýringar. 25:18, 27 \*Orðrétt „silfur“.

og þið gáfuð mér að drekka. Ég var ókunnugur og þið sýnduð mér gestrisni, **36** nakinn\* og þið klædduð mig. Ég var veikur og þið önnuðust mig. Ég var í fangelsi og þið heimsóttuð mig.’ **37** Þá svara hinir réttlátu: ‚Drottinn, hvenær sáum við þig svangan og gáfum þér að borða eða þyrstan og gáfum þér að drekka? **38** Hvenær sáum við þig ókunnugan og sýndum þér gestrisni eða nakinn og klæddum þig? **39** Hvenær sáum við þig veikan eða í fangelsi og heimsóttum þig?’ **40** Þá svarar konungurinn þeim: ‚Trúið mér, allt sem þið gerðuð fyrir einn minna minnstu bræðra gerðuð þið fyrir mig.’

**41** Síðan segir hann við þá sem eru til vinstri: ‚Farið frá mér, þið sem eruð bölvaðir, í hinn eilífa eld sem biður Djöfulsins og engla hans. **42** Ég var svangur en þið gáfuð mér ekkert að borða og þyrstur en þið gáfuð mér ekkert að drekka. **43** Ég var ókunnugur en þið sýnduð mér ekki gestrisni, nakinn en þið klædduð mig ekki, veikur og í fangelsi en þið önnuðust mig ekki.’ **44** Þá svara þeir líka: ‚Drottinn, hvenær sáum við þig svangan eða þyrstan, ókunnugan eða nakinn, veikan eða í fangelsi og hjálpuðum þér ekki?’ **45** Þá svarar hann þeim: ‚Trúið mér, allt sem þið gerðuð ekki fyrir einn þessara minnstu gerðuð þið ekki fyrir mig.’ **46** Þeirra biður eilífur dauði\* en hinir réttlátu hljóta eilíft líf.“

**26** Eftir að Jesús hafði sagt allt þetta sagði hann við lærisveina sína: **2** „Þið vitið að eftir tvo daga eru páskar og þá verður Mannssonurinn framseldur til stauffestingar.“

**3** Nú komu yfirprestarnir og öldungarnir saman í húsagarði æðsta-

prestsins, sem hét Kaifas, **4** og lögðu á ráðin um að ná\* Jesú með brögðum\* og taka hann af lífi. **5** En þeir sögðu: „Ekki á hátíðinni svo að það verði ekki uppþot meðal fólksins.“

**6** Jesús var staddur í Betaníu heima hjá Símoni holdsveika. **7** Þá kom til hans kona með dýra ilmolíu í alabastursflösku og hún hellti olíunni á höfuð hans meðan hann var að borða.\* **8** Þegar lærisveinarnir sáu þetta hneyksluðust þeir og sögðu: „Af hverju sóar hún olíunni svona? **9** Það hefði mátt selja hana fyrir mikið fé og gefa fátækum.“ **10** Jesús varð var við þetta og sagði við þá: „Hvers vegna eruð þið að angra konuna? Það var gott verk sem hún vann í mína þágu. **11** Fátæka hafið þið alltaf hjá ykkur en mig hafið þið ekki alltaf. **12** Þegar hún smurði líkama minn með þessari ilmolíu var hún að búa hann til greftrunar. **13** Trúið mér, um allan heim þar sem fagnaðarboðskapurinn verður boðaður verður einnig sagt frá því sem þessi kona gerði, til minningar um hana.“

**14** Nú fór einn hinna tólf, sá sem hét Júdas Ískariot, til yfirprestanna **15** og sagði: „Hvað viljið þið gefa mér fyrir að svikja hann í hendur ykkar?“ Þeir buðu honum 30 silfurpeninga. **16** Upp frá því leitaði hann að hentugu tækifæri til að svikja Jesú.

**17** Á fyrsta degi hátíðar ósýrðu brauðanna komu lærisveinarnir til Jesú og spurðu: „Hvar viltu að við undirbúum páskamáltíðina handa þér?“ **18** Hann sagði: „Farið inn í borgina til ákveðins manns og segið við hann: ‚Kennarinn segir: ‚Minn tími er í nánd. Ég vil halda páska með lærisveinum mínum heima hjá þér.’““ **19** Lærisveinarnir gerðu

25:36 \*Eða „illa klæddur“. 25:46 \*Orðrétt „Þeir verða sniðnir af að eilífu“.

26:4 \*Eða „handtaka“. \*Eða „klækjabrögðum“. 26:7 \*Eða „lá til borðs“.

eins og Jesús sagði þeim og undirbjuggu páskamáltíðina.

**20** Um kvöldið lá hann til borðs með lærisveinunum 12. **21** Meðan þeir voru að borða sagði hann: „Trúid mér, einn ykkar mun svíkja mig.“ **22** Þeir urðu mjög hryggir yfir þessu og sögðu við hann hver af öðrum: „Drottinn, er það nokkuð ég?“ **23** Hann svaraði: „Sá sem dýfir brauðinu í skálina með mér er sá sem svíkur mig.“ **24** Mannsonurinn fer reyndar burt eins og skrifað er um hann en illa fer fyrir þeim sem svíkur hann. Það hefði verið betra fyrir þann mann að hafa aldrei fæðst.“ **25** Júdas, sem var í þann mund að svíkja hann, sagði: „Er það nokkuð ég, rabbi?“ Jesús svaraði: „Þú sagðir það sjálfur.“

**26** Þeir héldu áfram að borða og Jesús tók þá brauð og fór með bæn. Hann braut það, gaf lærisveinunum og sagði: „Takið þetta og borðið. Það táknar líkama minn.“ **27** Hann tók síðan bikar, fór með þakkarbæn, rétti þeim hann og sagði: „Drekkid allir af honum **28** því að þetta táknar blóð mitt, 'blóð sáttmálans', sem á að úthella í þágu margra til að fyrirgefa syndir. **29** En ég segi ykkur: Ég mun alls ekki drekka aftur af ávexti vínviðarins fyrr en daginn sem ég drekk nýtt vín með ykkur í ríki föður míns.“ **30** Að lokum, eftir að hafa sungið lofsöngva,\* fóru þeir til Olíufjallsins.

**31** Jesús sagði nú við þá: „Í nótt munuð þið allir hrasa og falla vegna þess sem kemur fyrir mig því að skrifað er: 'Ég slæ hirðinn og sauðir hjarðarinnar tvístrast.' **32** En eftir að ég hef verið reistur upp fer ég á undan ykkur til Galíleu.“ **33** Pétur sagði þá við hann: „Þó að allir hinir hراسi og falli vegna þess sem kemur fyrir þig geri ég það aldrei!“ **34** Jesús

svaraði honum: „Trúðu mér, í nótt, áður en hani galar, muntu afneita mér þrisvar.“ **35** Pétur sagði við hann: „Jafnvel þótt ég þyrfti að deyja með þér myndi ég aldrei afneita þér.“ Allir hinir lærisveinarnir sögðu það sama.

**36** Jesús kom nú ásamt lærisveinunum til staðar sem heitir Getsemane og sagði við þá: „Setjist hérna meðan ég fer og biðst fyrir þarna.“ **37** Hann tók með sér Pétur og báða syni Sebedeusar og hann varð hryggur og angistarfullur. **38** Hann sagði við þá: „Ég\* er yfirkominn af harmi. Biðið hér og vakið með mér.“ **39** Hann fór spölkorn frá þeim, féll á grúfu og bað: „Faðir minn, ef hægt er viltu láta þennan bikar fara fram hjá mér? En verði þó ekki eins og ég vil heldur eins og þú vilt.“

**40** Hann kom aftur til lærisveinanna og fann þá sofandi. Hann sagði við Pétur: „Gátuð þið ekki einu sinni vakað með mér eina stund? **41** Vakið og biðið stöðugt svo að þið látið ekki undan freistingum. Andinn er að vísu ákafur\* en holdið er veikt.“ **42** Hann fór burt í annað sinn og bað: „Faðir minn, ef ekki verður hjá því komist að ég drekki þennan bikar, þá verði þinn vilji.“ **43** Og hann kom til baka og fann þá sofandi því að þeir gátu ekki haldið augunum opnum. **44** Hann fór nú aftur frá þeim og baðst fyrir í þriðja sinn með sömu orðum og áður. **45** Síðan sneri hann aftur til lærisveinanna og sagði við þá: „Þið sofið og hvílið ykkur á stund sem þessari. Mannsonurinn verður rétt bráðum svikinn í hendur syndara. **46** Standið upp, förum. Sá sem svíkur mig er að koma.“ **47** Meðan hann var enn að tala kom Júdas, einn þeirra tólf,

26:30 \*Eða „sálma“.

26:38 \*Eða „Sál mín“. 26:41 \*Eða „reiðubúinn“.

og með honum mikill fjöldi manna með sverð og barefli, en yfirprestarnir og öldungarnir höfðu sent þá.

**48** Svikarinn hafði sagst ætla að gefa þeim merki: „Sá sem ég kyssi er maðurinn, handtakið hann.“

**49** Hann gekk rակleidis til Jesú og sagði: „Sæll, rabbi!“ og kyssti hann blíðlega.

**50** En Jesús sagði við hann: „Í hvaða tilgangi ertu hér?“

Þá gengu hinir fram, gripu Jesú og tóku hann höndum.

**51** En einn þeirra sem voru með Jesú greip sverð sitt og dró það úr slíðrum, hjó til þjóns æðstaprestsins og sneið af honum eyrað.

**52** Þá sagði Jesús við hann: „Stingdu sverðinu aftur í slíðrin því að allir sem bregða sverði munu falla fyrir sverði.“

**53** Eða heldur þú að ég geti ekki beðið föður minn að senda mér tafarlaust meira en 12 hersveitir engla?

**54** En hvernig ættu þá Ritningarnar að rætast sem segja að þetta eigi að gerast með þessum hætti?“

**55** Jesús sagði nú við mannfjöldann: „Komuð þið til að handtaka mig með sverðum og bareflum eins og ég væri ræningi? Ég sat í musterinu dag eftir dag og kenndi, og samt handtókuð þið mig ekki.“

**56** En allt þetta hefur átt sér stað til að ritningar\* spámannanna rætist.“ Þá yfirgáfu allir lærisveinarnir hann og flúðu.

**57** Þeir sem handtóku Jesú fóru með hann til Kaifasar æðstaprests en þar höfðu fræðimennirnir og öldungarnir safnast saman.

**58** Pétur fylgdi honum í nokkurri fjarlægð alla leið í húsagarð æðstaprestsins. Þegar inn var komið settist hann hjá þjónustufólkinu til að sjá hvernig færi.

**59** Yfirprestarnir og allt Æðstaráðið leituðu nú að mönnum til að bera ljúgvitni gegn Jesú og fá hann líflátinn

**60** en þeir fundu ekkert

þó að mörg ljúgvitni gengju fram. Að lokum komu tveir menn

**61** og sögðu: „Þessi maður sagði: „Ég get rifið niður musteri Guðs og reist það aftur á þrem dögum.““

**62** Þá stóð æðstipresturinn upp og sagði við hann: „Svarar þú engu? Heyriðu ekki hvernig þessir menn vitna gegn þér?“

**63** En Jesús þagði. Æðstipresturinn sagði þá: „Sverðu mér eið við hinn lifandi Guð og segðu okkur hvort þú sért Kristur, sonur Guðs.“

**64** Jesús svaraði honum: „Þú sagðir það sjálfur. En ég segi ykkur: Héðan í frá munuð þið sjá Mannssoninn sitja við hægri hönd máttarins\* og koma á skýjum himins.“

**65** Þá reif æðstipresturinn yfirhöfn sína og sagði: „Hann guðlastar! Þurfum við nokkuð fleiri vitni? Þið hafið heyrt guðlastið.“

**66** Hvað sýnist ykkur?“ Þeir svöruðu: „Hann er dauðasekur.“

**67** Þá hræktu þeir framan í hann og slógu hann með hnefunum. Aðrir löðrunguðu hann

**68** og sögðu: „Sýndu okkur að þú sért spámaður, Kristur. Hver sló þig?“

**69** Pétur sat úti í garðinum. Þá kom þjónustustúlka til hans og sagði: „Þú varst líka með Jesú frá Galíleu.“

**70** En hann neitaði því frammi fyrir öllum og sagði: „Ég veit ekki hvað þú ert að tala um.“

**71** Hann gekk að fordyrinu en þá tók önnur stúlka eftir honum og sagði við þá sem voru þar: „Þessi maður var með Jesú frá Nasaret.“

**72** Hann neitaði því aftur og sór: „Ég þekki ekki manninn!“

**73** Skömmu seinna komu þeir sem stóðu þar nærri og sögðu við Pétur: „Víst ertu einn af þeim enda kemur mállýskan\* upp um þig.“

**74** Þá formælti hann sjálfum sér\* og sór:

**26:64** \*Eða „hins máttuga“. **26:73** \*Eða „hreinurinn“. **26:74** \*Pétur er greinilega að lýsa yfir að eitthvað slæmt kæmi fyrir sig ef hann segði ekki satt.

„Ég þekki ekki manninn!“ Um leið galaði hani. **75** Nú rifjaðist upp fyrir Pétri það sem Jesús hafði sagt: „Áður en hani galar muntu afneita mér þrisvar.“ Og hann gekk út og grét beisklega.

**27** Um morguninn báru allir yfirprestarnir og öldungarnir saman ráð sín um hvernig þeir gætu fengið Jesú líflátinn. **2** Síðan bundu þeir hann, leiddu hann burt og afhentu hann Pílatusi landstjóra.

**3** Þegar Júdas, sem sveik Jesú, sá að hann hafði verið dæmdur fylltist hann sektarkennd og kom til yfirprestanna og öldunganna til að skila silfurpeningunum **30**. **4** Hann sagði: „Ég hef syndgað og svikið saklaust blóð.“ Þeir svöruðu: „Hvað kemur það okkur við? Það er þitt mál.“ **5** Hann kastaði þá silfurpeningunum inn í musterið og fór síðan og hengdi sig. **6** En yfirprestarnir tóku silfurpeningana og sögðu: „Við megum ekki láta þá í hina helgu fjárhirslu því að þetta eru blóðpeningar.“ **7** Þeir ræddu málið og keyptu síðan fyrir peningana akur leirkerasmiðsins til að nota sem grafreit fyrir aðkomumenn. **8** Þess vegna hefur akurinn verið kallaður Blóðreitur allt fram á þennan dag. **9** Þannig rættist það sem Jeremía spámaður sagði: „Og þeir tóku silfurpeningana **30**, verðið sem maðurinn var metinn á, sá maður sem Ísraelsmenn verðlögðu, **10** og keyptu fyrir þá akur leirkerasmiðsins eins og Jehóva\* hafði sagt mér að gera.“

**11** Jesús stóð nú frammi fyrir landstjóranum sem spurði hann: „Ertu konungur Gyðinga?“ Jesús svaraði: „Þú segir það sjálfur.“ **12** En meðan yfirprestarnir og öld-

ungarnir ákærðu hann svaraði hann engu. **13** Pílatus sagði þá við hann: „Heyrirðu ekki hve margt þeir ásaka þig um?“ **14** En Jesús svaraði ekki einu orði, landstjóranum til mikillar undrunar.

**15** Á hverri hátið var landstjórinn vanur að láta lausan einn fanga, hvern sem fólkið vildi fá. **16** Um þessar mundir var í haldi illræmdur fangi að nafni Barabbas. **17** Pílatus sagði því við mannfjöldann sem var samankominn: „Hvorn viljið þið að ég láti lausan, Barabbas eða Jesú sem er kallaður Kristur?“ **18** Pílatusi var ljóst að það var vegna öfundar sem þeir höfðu framselt hann. **19** Þar að auki sendi kona hans honum þessi boð meðan hann sat í dómarsætinu: „Láttu þennan réttláta mann í friði því að mér hefur liðið skelfilega í dag út af draumi sem tengist honum.“ **20** En yfirprestarnir og öldungarnir fengu mannfjöldann til að biðja um Barabbas en að fá Jesú tekinn af lífi. **21** Landstjórinn spurði fólkið: „Hvorn þeirra tveggja viljið þið að ég láti lausan?“ „Barabbas,“ svaraði fólkið. **22** Pílatus spurði þá: „Hvað á ég þá að gera við Jesú sem er kallaður Kristur?“ „Staufestu hann!“ hrópuðu allir. **23** Hann sagði: „Af hverju? Hvað hefur hann brotið af sér?“ En fólkið hrópaði bara enn hærra: „Staufestu hann!“

**24** Pílatus sá að hann fékk ekki við neitt ráðið og að uppþot var í aðsigi. Hann tók þá vatn, þvoði hendur sínar frammi fyrir mannfjöldanum og sagði: „Ég er saklaus af blóði þessa manns. Þið verðið að bera ábyrgðina.“ **25** Þá svaraði allt fólkið: „Blóð hans komi yfir okkur og yfir börn okkar.“ **26** Hann lét þá Barabbas lausan en lét húðstrýkja Jesú og framseldi hann til staufestingar.

27 Hermenn landstjórans fóru nú með Jesú inn í höll landstjórans og söfnuðu allri hersveitinni saman í kringum hann. 28 Þeir afklæddu hann og sveipuðu um hann skarlatsrauðri skikkju, 29 fléttuðu þyrnikórónu og settu á höfuð hans og létu reyrstaf í hægri hönd hans. Þeir krupu síðan á kné fyrir honum, gerðu gys að honum og sögðu: „Lengi lifi\* konungur Gyðinga!“ 30 Þeir hræktu á hann, tóku reyrstafinn og slógu hann í höfuðið. 31 Að lokum, eftir að hafa hæðst að honum, klæddu þeir hann úr skikkjunni og í hans eigin föt og leiddu hann burt til að staurfesta hann.

32 Á leiðinni út hittu þeir mann sem hét Simon og var frá Kýrene. Þeir þvinguðu hann til þjónustu og létu hann bera kvalastaurinn.\* 33 Þegar þeir komu á stað sem heitir *Golgata*, það er að segja Hauskúpustaður, 34 gáfu þeir Jesú vín blandað beiskum jurtum. Hann bragðaði á því en vildi ekki drekka það. 35 Eftir að hafa staurfest hann skiptu þeir fötum hans á milli sín með hlutkesti 36 og sátu svo þar og gættu hann. 37 Þeir festu yfir höfði hans sakargiftina á hendur honum. Þar stóð: „Þetta er Jesús konungur Gyðinga.“

38 Síðan staurfestu þeir tvo ræningja með honum, annan til hægri og hinn til vinstri. 39 Þeir sem áttu leið hjá gerðu gys að honum, hristu höfuðið 40 og sögðu: „Þú sem ætlaðir að rífa musteríð og endurreisa það á þrem dögum, bjargaðu nú sjálfum þér! Ef þú ert sonur Guðs komdu þá niður af kvalastaurnum!“ 41 Yfirprestarnir, fræðimennirnir og öldungarnir hæddu hann á sama hátt og sögðu: 42 „Öðrum bjargaði hann

en sjálfum sér getur hann ekki bjargað! Hann er konungur Ísraels. Nú ætti hann að koma niður af kvalastaurnum\* og þá skulum við trúa á hann. 43 Hann treystir á Guð. Nú ætti Guð að bjarga honum ef honum er annt um hann. Sagði hann ekki: „Ég er sonur Guðs?“ 44 Jafnvel ræningjarnir sem voru staurfestir með honum smánuðu hann á sama hátt.

45 Frá sjöttu stund\* varð myrkur í öllu landinu og það stóð fram á niundu stund.“ 46 Um níundu stund hrópaði Jesús hárrí röddu: „*Elí, Elí, lama sabaktaní?*“ sem þýðir: „Guð minn, Guð minn, hvers vegna hefurðu yfirgefið mig?“ 47 Sumir nærstaddir sögðu þegar þeir heyrðu það: „Maðurinn kallar á Elía.“ 48 Einn þeirra hljóp strax til, tók svamp, dýfði honum í súrt vín, stakk á reyrstaf og gaf honum að drekka. 49 En hinir sögðu: „Látum hann vera. Sjáum hvort Elía kemur og bjargar honum.“ 50 Jesús kallaði aftur hárrí röddu og gaf upp andann.\*

51 Þá rifnaði fortjald musterisins í tvennt, ofan frá og niður úr, og jörðin skalf og björgin klofnuðu. 52 Grafirnar\* opnuðust og lík margra hinna heilögu sem voru dánir blöstu við 53 og margir sáu þau. (Eftir að Jesús var risinn upp kom fólk sem hafði verið hjá gröfunum inn í borgina helgu.) 54 Þegar liðsforinginn og þeir sem gættu Jesú ásamt honum sáu jarðskjálftann og þessa atburði urðu þeir mjög hræddir og sögðu: „Hann var sannarlega sonur Guðs.“

55 Margar konur voru þar og horfðu á úr fjarlægð en þær höfðu fylgt Jesú frá Galíleu og þjónað

27:29 \*Eða „Við hyllum þig.“ 27:32, 40, 42 \*Sjá orðaskýringar.

27:45 \*Það er, um kl. 12 á hádegi. \*Það er, um kl. 15. 27:50 \*Eða „og dó“. 27:52 \*Eða „Minnngargrafirnar“.

honum. **56** Meðal þeirra voru María Magdalena, María, móðir þeirra Jakobs og Jóse, og móðir Sebede-  
ussona.

**57** Nú var áliðið dags og kom þá ríkur maður frá Arimabeu, Jósef að nafni, en hann var einnig orðinn lærisveinn Jesú. **58** Hann fór til Pílatusar og bað um lík Jesú. Pílatus skipaði þá svo fyrir að Jósef fengi það. **59** Jósef tók líkið, vafði það í hreinan dúk úr fínu líni **60** og lagði það í nýja gróf\* sem hann hafði látið höggva í klett. Hann velti síðan stórum steini fyrir grafarmunnann<sup>2</sup> og fór. **61** En María Magdalena og María hin sátu áfram hjá gröfinni.

**62** Næsta dag, daginn eftir undirbúningsdag, söfnuðust yfirprestarnir og farisearnir saman hjá Pílatusi **63** og sögðu: „Herra, það rifjaðist upp fyrir okkur að þessi svikari sagði meðan hann var á lífi: ‘Eftir þrjá daga verð ég reistur upp.’ **64** Viltu því skipa svo fyrir að grafarinnar verði tryggilega gætt fram á þriðja dag til að lærisveinar hans komi ekki og steli líkinu og segi svo fólki: ‚Hann var reistur upp frá dauðum.’ Þá yrði síðari blekkingin verri en hin fyrri.“ **65** Pílatus svaraði: „Þið skuluð fá varðmenn. Farið og gangið eins tryggilega frá gröfinni og þið getið.“ **66** Þeir fóru því og gengu tryggilega frá gröfinni með því að innsigla steininn og settu varðmenn til að gæta hennar.

**28** Eftir hvíldardaginn, þegar birti á fyrsta degi vikunnar, komu María Magdalena og María hin til að líta á gröfina.

**2** Mikill jarðskjálfti hafði orðið því að engill Jehóva\* hafði stigið niður af himni, velt steinum frá

og sat nú á honum. **3** Hann var eins og elding að sjá og fötin snjóhvít. **4** Varðmennirnir skulfu af hræðslu þegar þeir sáu hann og voru lamaðir af ótta.

**5** En engillinn sagði við konurnar: „Verið óhræddar. Ég veit að þið eruð að leita að Jesú sem var staurfestur. **6** Hann er ekki hér því að hann hefur verið reistur upp eins og hann sagði. Komið og sjáið staðinn þar sem hann lá. **7** Farið síðan sem skjótast og segið lærisveinum að hann sé risinn upp frá dauðum. Hann fer á undan ykkur til Galíleu og þar fáíð þið að sjá hann. Munið hvað ég hef sagt ykkur.“

**8** Þær flýttu sér þá burt frá gröfinni,\* óttaslegnar en mjög gláðar, og hlupu af stað til að færa lærisveinum fréttirnar. **9** Jesús kom á móti þeim og sagði: „Sælar!“ Þær fóru til hans, féllu fram fyrir honum, gripu um fætur hans og veittu honum lotningu. **10** Jesús sagði þá við þær: „Verið óhræddar. Farið og segið bræðrum mínum frá svo að þeir fari til Galíleu og þar munu þeir sjá mig.“

**11** Meðan þær voru á leiðinni fóru nokkrir af varðmönnum inn í borgina og sögðu yfirprestunum frá öllu sem hafði gerst. **12** Yfirprestarnir söfnuðust þá saman ásamt öldungunum og báru saman ráð sín. Þeir gáfu síðan hermönnum talsvert fé\* **13** og sögðu: „Segið að lærisveinar hans hafi komið um nótt og stolið honum meðan þið sváfuð. **14** Og ef landstjórinn fréttir þetta skulum við útskýra málið fyrir honum\* svo að þið getið verið áhyggjulausir.“ **15** Þeir tóku þá við fénu\* og gerðu eins og þeim

27:60 \*Eða „minningargröf“. <sup>2</sup>Eða „munna minningargrafarinnar“. 28:2 \*Sjá orðaskýringar.

28:8 \*Eða „minningargröfinni“. 28:12 \*Eða „töluvert mikið af silfurpeningum“. 28:14 \*Orðrétt „tala hann til“. 28:15 \*Eða „silfurpeningunum“.



var sagt, og þessi saga hefur verið borin út meðal Gyðinga allt fram á þennan dag.

**16** En lærisveinarnir 11 fóru til Galíleu, til fjallsins þar sem Jesús hafði sagt að þeir skyldu hittast. **17** Þegar þeir sáu hann veittu þeir honum lotningu\* en sumir efuðust. **18** Jesús gekk til þeirra og sagði: „Mér hefur verið gefið allt

28:17 \*Eða „krupu þeir fyrir honum“.

vald á himni og jörð. **19** Farið því og gerið fólk af öllum þjóðum að lærisveinum, skírið það í nafni föðurins, sonarins og heilags anda **20** og kennið því að halda öll fyrir-mæli mín. Og munið að ég er með ykkur alla daga allt þar til þessi heimsskipan\* endar.“#

28:20 \*Eða „öld“. Sjá orðaskýringar. #Eða „allt fram á lokaskeið þessarar heimsskipanar“.

# MARKÚS

## SEGIR FRÁ

### YFIRLIT

- |   |   |
|---|---|
| <p>1 Jóhannes skírari boðar skírn (1–8)<br/>Skírn Jesú (9–11)<br/>Satan freistar Jesú (12, 13)<br/>Jesús byrjar boðun í Galíleu (14, 15)<br/>Fyrstu lærisveinarnir kallaðir (16–20)<br/>Jesús rekur út óhreinan anda (21–28)<br/>Jesús læknar marga í Kapernaúm (29–34)<br/>Biðst fyrir á óbyggðum stað (35–39)<br/>Holdsveikur maður læknastr (40–45)</p> <p>2 Jesús læknar lamaðan mann (1–12)<br/>Jesús kallar Leví (13–17)<br/>Spurður um föstu (18–22)<br/>Jesús er „drottinn hvíldardagsins“ (23–28)</p> <p>3 Jesús læknar mann með visna hönd (1–6)<br/>Mikill mannfjöldi á ströndinni (7–12)<br/>Postularnir 12 (13–19)<br/>Lastmæli gegn heilögum anda (20–30)<br/>Móðir Jesú og bræður (31–35)</p> <p>4 DÆMISÖGUR UM RÍKI GUDS (1–34)<br/>Akuryrkjumaðurinn (1–9)<br/>Ástæðan fyrir því að Jesús kenndi með dæmisögum (10–12)<br/>Útskýrir dæmisöguna um akuryrkjumanninn (13–20)</p> | <p>Lampi ekki settur undir körfu (21–23)<br/>Sá mælir sem þið notið (24, 25)<br/>Akuryrkjumaðurinn sem sefur (26–29)<br/>Sinnepsfræið (30–32)<br/>Segir margar dæmisögur (33, 34)<br/>Jesús lægir storm (35–41)</p> <p>5 Jesús sendir illa anda í svín (1–20)<br/>Dóttir Jaírusar; kona snertir yfirhöfn Jesú (21–43)</p> <p>6 Jesús hafnað í heimabæ sínum (1–6)<br/>Postularnir 12 fá leiðbeiningar um boðunina (7–13)<br/>Jóhannes skírari deyr (14–29)<br/>Jesús gefur 5.000 að borða (30–44)<br/>Jesús gengur á vatni (45–52)<br/>Jesús læknar í Genesaret (53–56)</p> <p>7 Jesús afhjúpar erfðavenjur manna (1–13)<br/>Það sem óhreinkar kemur frá hjartanu (14–23)<br/>Kona frá Sýrlensku-Föníkíu sýnir trú (24–30)<br/>Heyrnarlaus maður læknastr (31–37)</p> <p>8 Jesús gefur 4.000 að borða (1–9)<br/>Beðið um tákni (10–13)<br/>Súrdeig farísea og Heródesar (14–21)</p> |
|---|---|

- Blindur maður í Betsáídu fær sjón (22-26)  
 Pétur segir að Jesús sé Kristur (27-30)  
 Jesús segir fyrir um dauða sinn (31-33)  
 Að vera sannur lærisveinn (34-38)
- 9 Ummyndun Jesú (1-13)  
 Andsetinn drengur læknastr (14-29)  
 Sá sem trúir er fær um allt (23)  
 Jesús spáir aftur um dauða sinn (30-32)  
 Lærisveinarnir deila um hver sé mestur (33-37)  
 Sá sem er ekki á móti okkur er með okkur (38-41)  
 Það sem getur orðið að falli (42-48)  
 „Hafið salt í sjálfum ykkur“ (49, 50)
- 10 Hjónaband og skilnaður (1-12)  
 Jesús blessar börnin (13-16)  
 Spurning ríka mannsins (17-25)  
 Fórnir fyrir ríki Guðs (26-31)  
 Jesús spáir aftur um dauða sinn (32-34)  
 Beiðni Jakobs og Jóhannesar (35-45)  
 Jesús er lausnargjald fyrir marga (45)  
 Bartímeus endurheimtir sjónina (46-52)
- 11 Jesús ríður sigri hrósandi inn í Jerúsalem (1-11)  
 Jesús formælir fíkjutrú (12-14)  
 Jesús hreinsar musterið (15-18)  
 Lærdómur af visnaða fíkjutrú (19-26)  
 Vald Jesú véfengt (27-33)
- 12 Dæmisagan um grimmu vínrykjana (1-12)
- Guð og keisarinn (13-17)  
 Jesús spurður um upprisu (18-27)  
 Tvö æðstu boðorðin (28-34)  
 Er Kristur sonur Davíðs? (35-37a)  
 Jesús varar við fræðimönnum (37b-40)  
 Tveir smápeningar fátæku ekkjunnar (41-44)
- 13 LOKASKEIÐ HEIMSSKIPANAR (1-37)  
 Stríð, jarðskjálftar, hungursneyðir (8)  
 Boða þarf fagnaðarboðskapinn (10)  
 Mikil þrænging (19)  
 Koma Mannssonarins (26)  
 Líking af fíkjutrú (28-31)  
 Haldið vöku ykkar (32-37)
- 14 Prestar leggja á ráðin um að lífláta Jesú (1, 2)  
 Kona hellir ilmólva á höfuð Jesú (3-9)  
 Júdas svíkur Jesú (10, 11)  
 Síðasta páskamáltíðin (12-21)  
 Kvöldmáltíð Drottins innleidd (22-26)  
 Jesús segir fyrir að Pétur afneiti honum (27-31)  
 Jesús biðst fyrir í Getsemane (32-42)  
 Jesús handtekinn (43-52)  
 Æðstaráðið réttar yfir Jesú (53-65)  
 Pétur afneitar Jesú (66-72)
- 15 Jesús fyrir Pílatusi (1-15)  
 Hæðst að Jesú (16-20)  
 Staurfestur á Golgata (21-32)  
 Jesús deyr (33-41)  
 Jesús lagður í gröf (42-47)
- 16 Jesús reistur upp (1-8)

**1** Upphaf fagnaðarboðskaparins um Jesú Krist son Guðs. **2** Í bók Jesaja spámanns stendur: „Ég sendi sendiboða minn á undan þér\* sem greiðir veg þinn.“ **3** Rödd manns hrópar í óbyggðunum: „Greiðið veg Jehóval\* Gerið brautir hans beinar.“ **4** Jó-

1:2 \*Orðrétt „fyrir andliti þínu“. 1:3 \*Sjá orðaskýringar.

hannes skírari var í óbyggðunum og boðaði skírn til tákns um iðrun sem leiðir til fyrirgefningar synda. **5** Fólki frá allri Júdeu og allir Jerúsalembúar komu til hans. Fólki játaði syndir sínar opinberlega og hann skírði\* það í ánni Jórdan. **6** Jóhannes klæddist fötum úr

1:5 \*Eða „dýfði; skírði það niðurdýfingar-skírn“.

úlfaldahári og var með leðurbelti um mittið, og hann át engisprettur og villihunang. **7** Hann boðaði: „Á eftir mér kemur sá sem er máttugri en ég, og ég er ekki þess verður að krjúpa niður til að leysa ólarnar á ilskóm hans. **8** Ég skírði ykkur með vatni en hann mun skíra ykkur með heilögum anda.“

**9** Um þessar mundir kom Jesús frá Nasaret í Galíleu og Jóhannes skírði hann í Jórdan. **10** Um leið og hann kom upp úr vatninu sá hann himnana opnast og andann koma niður yfir sig eins og dúfu, **11** og rödd heyrðist af himni: „Þú ert sonur minn sem ég elska. Ég hef velþóknun á þér.“

**12** Andinn knúði hann þegar í stað út í óbyggðirnar. **13** Hann dvaldist þar í 40 daga og Satan freistaði hans. Hann var meðal villidýranna en englarnir þjónuðu honum.

**14** Eftir að Jóhannes var handtekinn fór Jesús til Galíleu, boðaði fagnaðarboðskap Guðs **15** og sagði: „Tíminn er kominn og ríki Guðs er í nánd. Íðrist og trúið fagnaðarboðskapnum.“

**16** Jesús gekk meðfram Galíleuvatni og sá þá Símon og Andrés bróður hans kasta netum sínum í vatnið en þeir voru fiskimenn. **17** Hann sagði við þá: „Komið og fylgið mér og ég skal láta ykkur veiða menn.“\* **18** Þeir yfirlögðu netin samstundis og fylgdu honum. **19** Hann gekk spólkorn lengra og sá þá Jakob Sebedeusson og Jóhannes bróður hans þar sem þeir voru í báti sínum að bæta netin **20** og hann kallaði undireins á þá. Þeir skildu Sebedeus föður sinn eftir í bátinum ásamt daglaunamönnum og fylgdu honum. **21** Þeir komu nú til Kapernaúm.

1:17 \*Eða „fólk“.

Um leið og hvíldardagurinn hófst fór hann í samkunduhúsið og byrjaði að kenna. **22** Fólk var agndofa yfir kennslu hans því að hann kenndi eins og sá sem hefur vald en ekki eins og fræðimennirnir. **23** Á sama tíma var í samkunduhúsinu maður sem óhreinn andi hafði á valdi sínu, og hann hrópaði: **24** „Hvað viltu okkur, Jesús frá Nasaret? Ertu kominn til að tortíma okkur? Ég veit vel hver þú ert, hinn heilagi sem er sendur af Guði.“ **25** En Jesús ávitaði andann og sagði: „Þegi þú og farðu út af honum!“ **26** Maðurinn fékk þá krampaflog af völdum óhreina andans sem æpti hástöfum og fór út af honum. **27** Allt fólkíð var furðu lostið, fór að ræða þetta sín á milli og sagði: „Hvað er þetta? Hann kennir með nýjum hætti! Hann skipar jafnvel óhreinu öndunum fyrir og þeir hlýða honum.“ **28** Og fréttirnar af honum bárust hratt út um allt Galíleuhérað.

**29** Þeir yfirlögðu þá samkunduhúsið og héldu heim til Símonar og Andrésar ásamt Jakobi og Jóhannesi. **30** Tengdamóðir Símonar lá veik með hita og þeir sögðu honum strax frá því. **31** Hann fór til hennar, tók í hönd hennar og reisti hana á fætur. Hitinn hvarf og hún fór að matbúa handa þeim.

**32** Þegar komið var kvöld og sólin sest kom fólk til hans með alla sem voru veikir og andsetnir, **33** og allir borgarbúar voru samankomnir við dyrnar. **34** Hann læknaði marga sem þjádust af ýmsum sjúkdómum og rak út marga illa anda, en hann leyfði illu öndunum ekki að tala því að þeir vissu að hann var Kristur.\*

**35** Snemma morguns, meðan enn var myrkur, fór hann á fætur, gekk út og hélt á óbyggðan stað og baðst

1:34 \*Eða hugsanl. „þeir vissu hver hann var“.

fyrir. **36** En Símon og þeir sem voru með honum leituðu að honum **37** og fundu hann. Þeir sögðu við hann: „Allir eru að leita að þér.“ **38** En hann sagði við þá: „Förum annað, í bæina í grennd, til að ég geti líka boðað fagnaðarboðskapinn þar, því að til þess er ég kominn.“ **39** Hann fór síðan og boðaði fagnaðarboðskapinn í samkunduhúsum þeirra úti um alla Galíleu og rak út illu andana.

**40** Hold sveikur maður kom einnig til Jesú, féll á kné og sárþændi hann: „Ef þú bara vilt geturðu hreinsað mig.“ **41** Hann kenndi í brjósti um manninn, rétti út höndina, snerti hann og sagði við hann: „Ég vil! Vertu hreinn.“ **42** Samstundis hvarf holdsveikin af honum og hann varð hreinn. **43** Síðan gaf hann manninum ströng fyrir-mæli og sendi hann burt án tafar **44** með þessum orðum: „Gættu þess að segja engum neitt, en farðu og sýndu þig prestinum og færðu fórn fyrir hreinsun þína eins og Móselögín kveða á um, til að sanna að þú sért læknaður.“ **45** Maðurinn fór en talaði mikið um þetta og sagði frá því úti um allt svo að Jesús gat ekki lengur sýnt sig opinberlega í borgum heldur hélt sig á óbyggðum slóðum. Fólk streymdi samt til hans úr öllum áttum.

**2** Nokkrum dögum síðar kom hann aftur til Kapernaúm og það fréttist að hann væri heima. **2** Svo margir flykktust þangað að ekki var pláss fyrir fleiri, ekki einu sinni við dyrnar, og hann fór að flytja þeim orðið. **3** Þá var komið til hans með lamaðan mann sem fjórir báru. **4** En þeir komust ekki með hann að Jesú vegna mannfjöldans. Þeir rifu því þakið fyrir ofan Jesú, og þegar þeir höfðu grafið gegnum það létu þeir börurnar sem lamaði maðurinn lá

á síga niður. **5** Þegar Jesús sá trú þeirra sagði hann við lamaða manninn: „Barnið mitt, syndir þínar eru fyrirgefnar.“ **6** Þarna sátu nokkrir fræðimenn og hugsuðu í hjörtum sínum: **7** „Hvers vegna segir maðurinn þetta? Hann guðlastar. Hver getur fyrirgefið syndir nema Guð einn?“ **8** Jesús skynjaði þegar í stað að þeir ræddu þannig sín á milli og sagði við þá: „Hvers vegna hugsuð þið þannig í hjörtum ykkar? **9** Hvort er auðveldara að segja við lamaða manninn: ‚Syndir þínar eru fyrirgefnar,‘ eða: ‚Stattu upp, taktu börurnar og gakktu?‘ **10** En til að þið vitið að Mannssonurinn hefur vald til að fyrirgefa syndir á jörð ...“ og nú talar hann við lamaða manninn: **11** „Þá segi ég þér: Statu upp, taktu börurnar og farðu heim.“ **12** Hann stóð þá upp, tók börurnar undireins og gekk út í allra augsýn. Allir voru furðu lostnir, og þeir lofuðu Guð og sögðu: „Við höfum aldrei séð neitt þessu líkt.“

**13** Jesús fór aftur út og gekk meðfram vatninu. Allur mannfjöldinn streymdi til hans og hann fór að kenna fólkinu. **14** Á leið sinni kom hann auga á Leví Alfeusson þar sem hann sat á skattheimtustofunni. Jesús sagði við hann: „Fylgdu mér.“ Hann stóð þá upp og fylgdi honum. **15** Síðar borðaði\* Jesús heima hjá honum og margir skattheimtumenn og syndarar borðuðu“ með honum og lærisveinum hans, því að margir þeirra fylgdu honum. **16** En þegar fræðimenn af hópi farísea sáu að hann borðaði með syndurum og skattheimtómnum sögðu þeir við lærisveina hans: „Borðar hann með skattheimtómnum og syndurum?“ **17** Jesús heyrði þetta og sagði við þá: „Ekki þurfa heilbrigðir á lækni að halda heldur þeir sem

2:15 \*Eða „lá Jesús til borðs“. \*Eða „lágu til borðs“.

eru veikir. Ég kom ekki til að kalla réttláta heldur syndara.“

**18** Nú voru lærisveinar Jóhannesar og farísear vanir að fasta. Þeir komu því til Jesú og sögðu: „Hvers vegna hafa lærisveinar Jóhannesar og lærisveinar farísear fyrir sig að fasta en lærisveinar þínir ekki?“

**19** Jesús svaraði: „Varla hafa vinir brúðgumans ástæðu til að fasta meðan brúðguminn er hjá þeim. Þeir geta ekki fastað meðan hann er hjá þeim. **20** En sá dagur kemur að brúðguminn verður tekinn frá þeim og á þeim degi fasta þeir. **21** Enginn saumar bót af óþæfðu efni á gamla flík. Ef það er gert hleypur nýja bótin og rifan á gömlu flíkinni verður enn stærri. **22** Og enginn setur nýtt vín á gamla vínbelgi. Ef það er gert sprengir vínid belgina, vínid tapast og belgirnir skemmast. Nýtt vín er sett á nýja belgi.“

**23** Hvíldardag nokkurn fór hann um kornakra og lærisveinar hans tóku að tína kornöx á leiðinni.

**24** Farísearnir sögðu þá við hann: „Sjáðu nú! Hvers vegna gera þeir það sem er bannað á hvíldardegi?“

**25** En hann sagði við þá: „Hafið þið aldrei lesið hvað Davíð gerði þegar hann var matarlaus og hann og menn hans voru svangir? **26** Samkvæmt frásögunni af Abjatar yfirpresti gekk hann inn í hús Guðs og át skoðunarbrauðin sem enginn má borða nema prestarnir, og gaf einnig mönnum sínum af þeim.“

**27** Síðan sagði hann við þá: „Hvíldardagurinn varð til vegna mannsins en ekki maðurinn vegna hvíldardagsins. **28** Mannssonurinn er því líka drottinn hvíldardagsins.“

**3** Aftur gekk Jesús inn í samkunduhús. Þar var maður með visna\* hönd. **2** Farísear fylgdust vandlega með honum til að sjá

hvort hann myndi lækna manninn á hvíldardegi, því að þeir vildu ákæra hann. **3** Hann sagði við manninn með visnu\* höndina: „Stattu upp og komdu fram í miðjan salinn.“

**4** Síðan sagði hann við þá: „Er leyfilegt að gera gott eða illt á hvíldardegi, að bjarga lifi\* eða deyða?“ En þeir þögðu. **5** Hann leit á þá sem voru kringum hann, reiður og sárhryggur yfir kaldlyndi þeirra og sagði við manninn: „Réttu fram höndina.“ Hann rétti fram höndina og hún varð heilbrigð. **6** Þá fóru farísearnir út og tóku þegar í stað að leggja á ráðin með fylgismönnum Heródesar um að drepa hann.

**7** En Jesús hélt niður að vatninu með lærisveinum sínum og mikill mannföldi frá Galíleu og Júdeu fylgdi honum. **8** Þegar fólk heyrði um allt sem hann gerði flykktist það til hans, jafnvel frá Jerúsalem og Ídúmeu, frá svæðinu handan Jórdanar og nágrenni Týrusar og Sidonar. **9** Jesús sagði lærisveinum að hafa lítinn bát til reiðu handa sér svo að mannfjöldinn þrengdi ekki að honum. **10** Þar sem hann læknaði marga þyrptust að honum allir sem voru haldnir alvarlegum sjúkdómum til að snerta hann. **11** Jafnvel þeir sem voru haldnir óhreinum öndum féllu fram fyrir honum þegar þeir sáu hann og hrópuðu: „Þú ert sonur Guðs.“ **12** En hann harðbannaði þeim margsinnis að segja frá hver hann væri.

**13** Hann fór upp á fjall, kallaði saman þá sem hann hafði í huga og þeir komu til hans. **14** Hann valdi\* 12 manna hóp og nefndi þá postula. Þeir áttu að fylgja honum og hann ætlaði að senda þá út til að boða fagnaðarboðskapinn **15** og gefa þeim vald til að reka út illa anda.

3:3 \*Eða „lömuðu“. 3:4 \*Eða „sál“. 3:14 \*Eða „skipaði“.

3:1 \*Eða „lamaða“.

16 Í þessum 12 manna hópi sem hann valdi\* voru Símon, sem hann nefndi einnig Pétur, 17 Jakob Sebedeusson og Jóhannes bróðir Jakobs (hann nefndi þá einnig Boanerges sem þýðir „brumusynir“), 18 Andrés, Filippus, Bartólómeus, Matteus, Tómas, Jakob Alfeusson, Taddeus, Símon Kananeus\* 19 og Júdas Ískariót sem síðar sveik hann.

Síðan fór hann inn í hús 20 og mannfjöldinn þyrptist að á nýjan leik svo að þeir gátu ekki einu sinni fengið sér að borða. 21 En þegar ættingjar hans fréttu það fóru þeir til að sækja hann því að þeir sögðu: „Hann er genginn af vitinu.“ 22 Og fræðimennirnir sem komu ofan frá Jerúsalem sögðu: „Beelsebúl\* er í honum og hann rekur út illu andana með hjálp höfðingja illu andanna.“ 23 Þess vegna kallaði Jesús þá til sín og talaði til þeirra í líkingum: „Hvernig getur Satan rekið Satan út? 24 Ef sundrung verður í ríki fær ríkið ekki staðist, 25 og ef sundrung verður í fjölskyldu fær fjölskyldan ekki staðist. 26 Sama er að segja um Satan. Ef hann hefur snúist gegn sjálfum sér og er orðinn sundraður fær hann ekki staðist heldur er úti um hann. 27 Reyndar getur enginn sem fer inn í hús hjá sterkum manni stolið eigum hans nema hann bindi fyrst manninn. Þá fyrst getur hann rænt hús hans. 28 Trúið mér, mönnunum verður fyrirgefið allt, hvaða syndir sem þeir drýgja og hvernig sem þeir lastmæla. 29 En þeim sem lastmælir gegn heilögum anda verður aldrei fyrirgefið, hann er sekur um eilífa synd.“ 30 Hann sagði þetta vegna þess að þeir sögðu: „Hann er haldinn óhreinum anda.“

3:16 \*Eða „skipaði“. 3:18 \*Eða „hinn kapp-sami“. 3:22 \*Heiti sem er notað um Satan.

31 Nú komu móðir hans og bræður. Þau stóðu fyrir utan og sendu eftir honum. 32 Fjöldi fólks sat í kringum hann og honum var sagt: „Móðir þín og bræður eru fyrir utan og spyrja eftir þér.“ 33 Hann svaraði: „Hver eru móðir mín og bræður?“ 34 Síðan leit hann á þá sem sátu í kringum hann og sagði: „Sjáið, hér eru móðir mín og bræður. 35 Hver sem gerir vilja Guðs, sá er bróðir minn og systir og móðir.“

4 Aftur fór hann að kenna við vatnið og mjög mikill mannfjöldi safnaðist að honum. Hann steig því um borð í bát og sat í honum skammt frá landi en allur mannfjöldinn var á ströndinni við vatnið. 2 Hann fór að kenna fólkinu margt með dæmisögum og sagði við það: 3 „Heyrið. Akuryrkjumaður gekk út að sá. 4 Þegar hann sáði féll sumt af korninu meðfram veginum og fuglarnir komu og átu það. 5 Annað féll í grytta jörð þar sem var lítill jarðvegur, og það spratt fljótt því að jarðvegurinn var grunnur. 6 En þegar sólin hækkaði á lofti skrælnaði það og dó vegna þess að það hafði litlar sem engar rætur. 7 Annað féll meðal þyrna og þyrnarnir uxu og kæfðu það, og það bar engan ávöxt. 8 En sumt féll í góðan jarðveg. Það óx og stækkaði og bar ávöxt – þrítugfaldan, sextugfaldan og hundraðfaldan.“ 9 Síðan bætti hann við: „Sá sem hefur eyru hann hlusti.“

10 Þegar Jesús var orðinn einn með þeim tólf og hinum lærisveinunum spurðu þeir hann út í dæmisögurnar. 11 Hann svaraði þeim: „Ykkur er gefið að skilja heilaga leyndardóma ríkis Guðs en þeir sem eru fyrir utan fá allt í dæmisögum 12 til að þeir skynji ekki þó að þeir sjái og skilji ekki þó að þeir heyri. Þeir snúa ekki aftur til Guðs né hljóta fyrirgefningu.“ 13 Hann

sagði einnig við þá: „Fyrst þið skilið ekki þessa dæmisögu hvernig getið þið þá skilið allar hinar dæmisögurnar?

**14** Akuryrkjumaðurinn sáir orðinu. **15** Sumir eru eins og sáðkornið sem féll meðfram veginum. Um leið og þeir heyra orðið kemur Satan og tekur burt orðið sem var sáð í þá. **16** Eins er með það sem var sáð í grýtta jörð. Um leið og þeir heyra orðið taka þeir við því með fögnuði. **17** En orðið nær ekki rótfestu í þeim. Þeir standa um tíma en jafnskjótt og erfiðleikar eða ofsóknir verða vegna orðsins falla þeir. **18** Og sumu er sáð meðal þyrna. Þetta eru þeir sem heyra orðið **19** en áhyggjur daglegs lífs,\* tál auðæfanna og löngunin í allt mögulegt annað þrengir að þeim og kæfir orðið svo að það ber ekki ávöxt. **20** En það sem var sáð í góðan jarðveg eru þeir sem hlusta á orðið, taka við því og bera ávöxt - þrítugfaldan, sextugfaldan og hundruðfaldan.“

**21** Hann sagði líka við þá: „Lampi er ekki tekinn fram og settur undir körfu\* eða undir rúm. Er hann ekki tekinn fram til að setja hann á ljósastand? **22** Ekkert er hulið sem verður ekki afhjúpað, og ekkert er vandlega falið sem kemur ekki í ljós. **23** Hver sem hefur eyru hann hlusti.“

**24** Hann sagði enn fremur við þá: „Takið eftir því sem þið heyrðið. Ykkur verður mælt í sama mæli og þið mælið öðrum, já, og þið fáið meira en það **25** því að þeim sem hefur verður gefið meira, en frá þeim sem hefur ekki verður tekið jafnvel það litla sem hann hefur.“

**26** Hann sagði einnig: „Ríki Guðs er eins og þegar maður sáir korni í

jörð. **27** Hann sefur um nætur og fer á fætur á morgnana, kornið spírar og plantan vex og stækkar en hann veit ekki hvernig. **28** Jörðin ber smám saman ávöxt af sjálfu sér, fyrst stilkinn, síðan axið og að lokum fullþroskað kornið í axinu. **29** En um leið og kornið er þroskað beitir hann sigðinni því að uppskerutíminn er hafinn.“

**30** Hann hélt áfram: „Við hvað getum við líkt ríki Guðs eða með hvaða dæmisögu getum við skýrt það? **31** Það er eins og sinnepsfræ sem er smæsta fræið á jörð þegar því er sáð í mold. **32** En eftir að því er sáð vex það og verður stærra en allar aðrar plöntur, og greinarnar svo stórar að fuglar himins geta hreiðrað sig í skugganum.“

**33** Hann boðaði þeim orðið með mörgum dæmisögum af þessu tagi, allt eftir því sem þeir gátu skilið. **34** Hann talaði reyndar ekki til þeirra án dæmisagna en útskýrði allt fyrir lærisveinunum þegar þeir voru einir með honum.

**35** Að kvöldi sama dags sagði Jesús við þá: „Förum yfir á ströndina hinum megin.“ **36** Eftir að þeir höfðu sent mannfjöldann frá sér fóru þeir með hann á bátnum og aðrir bátar fylgdu honum. **37** Nú brast á mikill stormur og öldurnar gengu yfir bátinn svo að við lá að hann fyllti. **38** En Jesús lá í skutnum og svaf á koddanum.\* Þeir vöktu hann og sögðu við hann: „Kennari, stendur þér á sama um að við erum að farast?“ **39** Hann reis þá upp, hastaði á vindinn og sagði við vatnið: „Þegiðu! Stilltu þig!“ Þá lægði vindinn og allt datt í dúnalögn. **40** Hann sagði við þá: „Af hverju eruð þið svona hræddir?\* Hafið þið enn enga trú?“

4:19 \*Eða „áhyggjur þessarar aldar“. Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“. 4:21 \*Eða „mæliker“.

4:38 \*Eða „púðanum“. 4:40 \*Eða „kjarklitlir“.

41 En þeir voru logandi hræddir og sögðu hver við annan: „Hver er hann eiginlega? Jafnvel vindurinn og vatnið hlýða honum.“

**5** Þeir komu nú í Gerasenahérað hinum megin við vatnið. **2** Um leið og Jesús steig úr bátinum kom til hans maður frá gröfunum.\* Hann var haldinn óhreinum anda. **3** Hann hélt til hjá gröfunum og fram til þessa hafði alls enginn getað bundið hann tryggilega, ekki einu sinni með keðju. **4** Hann hafði oft verið fjötraður á höndum og fótum en hann sleit af sér hlekkina og braut fjötrana og enginn var nógu sterkur til að ráða við hann. **5** Dag og nótt æpti hann stanslaust hjá gröfunum og á fjöllunum og lamdi sig með grjóti. **6** Þegar hann kom auga á Jesú á lengdar hljóp hann til hans, féll fram fyrir honum **7** og hrópaði hárrí röddu: „Hvað viltu mér, Jesús, sonur hins hæsta Guðs? Sverðu við Guð að kvelja mig ekki.“ **8** En Jesús hafði sagt við andann: „Óhreini andi, farðu út af manninum.“ **9** Jesús spurði hann: „Hvað heitirðu?“ Hann svaraði: „Ég heiti Hersing því að við erum margir.“ **10** Og hann þrabaði Jesú að senda andana ekki úr héraðinu.

**11** Þar á fjallinu var stór svínahjörð á beit. **12** Andarnir báðu hann því: „Sendu okkur í svínin svo að við getum farið í þau.“ **13** Hann leyfði þeim það og óhreinu andarnir fóru þá út af manninum og í svínin. Hjörðin, um 2.000 dýr, æddi fram af þverhnípinu\* og drukknaði í vatninu. **14** En svínahirðarnir flúðu og sögðu fréttirnar í borginni og sveitinni, og fólk kom til að sjá hvað hafði gerst. **15** Það kom til Jesú og sá andsetna manninn, sem hersingin hafði verið í, sitja klæddan og með réttu ráði. Og fólkið

varð hrætt. **16** En þeir sem höfðu séð þetta sögðu fólkinu frá hvað hafði gerst með andsetna manninn og svínin. **17** Þeir báðu þá Jesú að yfirgefa héraðið.

**18** Jesús steig nú um borð í bátinn og maðurinn sem hafði verið andsetinn bað um að fá að fara með honum. **19** En hann leyfði honum það ekki heldur sagði við hann: „Farðu heim til ættingja þinna og segðu þeim frá öllu sem Jehóva\* hefur gert fyrir þig og miskunninni sem hann hefur sýnt þér.“ **20** Maðurinn fór burt og sagði frá í Dekapólís\* hvað Jesús hafði gert fyrir hann og allir voru furðu lostnir.

**21** Þegar Jesús var kominn aftur á bátinum yfir á ströndina hinum megin safnaðist að honum mikill mannfjöldi þar sem hann var við vatnið. **22** Einn af samkundstjórunum, Jaírus að nafni, kom nú þangað og þegar hann sá Jesú féll hann til fóta honum. **23** Hann margbað hann og sagði: „Litla dóttir mín er fárveik.\* Viltu koma og leggja hendur yfir hana svo að henni batni og hún fái að lifa.“ **24** Jesús fór þá með honum og mikill mannfjöldi elti hann og þrengdi að honum.

**25** Meðal fólksins var kona sem hafði haft stöðugar blæðingar í 12 ár. **26** Hún hafði þjáðst mikið\* hjá mörgum læknum og eytt al-eigu sinni, en henni hafði ekki batnað heldur bara versnað. **27** Hún hafði heyrt sagt frá Jesú og kom nú að honum aftan frá í mannþrönginni og snerti yfirhöfn hans **28** því að hún sagði við sjálfa sig: „Ef ég snerti bara yfirhöfn hans læknast ég.“ **29** Og blæðingarnar stöðvuðust samstundis og hún fann að hún

5:2 \*Eða „minningargröfunum“. 5:13 \*Eða „bröttum bakkanum“.

5:19 \*Sjá orðaskýringar. 5:20 \*Eða „á Tiluborgasvæðinu“. 5:23 \*Eða „að dauða komin“. 5:26 \*Eða „hafði þolað miklar kvalir“.



hafði læknast af þjakandi sjúkdómi sínum.

**30** Jesús skynjaði um leið að kraftur hafði farið út frá honum. Hann sneri sér við í mannþrönginni og spurði: „Hver snerti yfirhöfn mína?“ **31** Lærisveinarnir sögðu við hann: „Þú sérð að mannfjöldinn þrengir að þér og samt spurðu: „Hver snerti mig?““ **32** En hann leit í kringum sig til að sjá hver hefði gert þetta. **33** Konan kom þá hrædd og skjálfandi því að hún vissi hvað hafði gerst hjá sér, og hún féll til fóta honum og sagði honum allan sannleikann. **34** Hann sagði við hana: „Dóttir, trú þín hefur læknað þig. Farðu í friði, þú ert laus við þennan þjakandi sjúkdóm.“

**35** Meðan hann var enn að tala komu menn heiman frá samkundustjóranum og sögðu: „Dóttir þín er dái. Er nokkur ástæða til að ónáða kennarann lengur?“ **36** En Jesús heyrði þetta og sagði við samkundustjóran: „Vertu óhræddur,\* trúðu bara.“ **37** Nú leyfði hann engum að fylgja sér nema Pétri, Jakobi og Jóhannesi bróður Jakobs.

**38** Þeir komu að húsi samkundustjórans og hann sá að fólk var í uppnámi og grét og kveinaði hástöfum. **39** Hann fór inn og sagði við fólk: „Hvers vegna grátið þið og eruð í uppnámi? Barnið er ekki dáið, það sefur.“ **40** Þá hló fólk að honum. En hann lét alla fara út og fór inn til stúlkunnar ásamt föður hennar og móður og þeim sem voru með honum. **41** Síðan tók hann í hönd hennar og sagði við hana: „*Talíþa kúm*“ sem þýðir: „Stúlka litla, ég segi þér: Ristu upp.“ **42** Stúlkun reis strax á fætur og fór að ganga um. (Hún var 12 ára.) Þau voru frá sér numin af gleði. **43** En hann bannaði þeim ítrekað\* að

segja nokkrum frá þessu, og hann sagði þeim að gefa henni eitthvað að borða.

**6** Hann fór þaðan og kom í heimabyggð sína og lærisveinarnir fylgdu honum. **2** Á hvíldardeginum kenndi hann í samkunduhúsinu og flestir sem hlustuðu á hann voru agndofa og sögðu: „Hvar hefur maðurinn lært þetta? Hvernig skyldi hann hafa fengið þessa visku og af hverju getur hann unnið slík máttarverk?“ **3** Er þetta ekki smíðurinn, sonur Maríu og bróðir Jakobs, Jósefs, Júdasar og Símonar? Og eru ekki systur hans hérna hjá okkur?“ Og þeir höfnuðu honum. **4** En Jesús sagði við þá: „Spámaður er alls staðar mikils metinn nema í heimabyggð sinni, meðal ættingja sinna og á eigin heimili.“ **5** Hann gat því ekki gert nein máttarverk þar nema að leggja hendur yfir fáeina veika og lækna þá. **6** Hann furðaði sig á vantrú þeirra. Og hann fór um þorpinn þar í kring og kenndi.

**7** Hann kallaði nú til sín þá tólf og sendi þá út tvo og tvo, og hann gaf þeim vald yfir óhreinu öndunum. **8** Hann sagði þeim líka að taka ekkert með til ferðarinnar nema staf – hvorki braut, nestispoka né peninga\* í beltum sínum – **9** og hafa ilskó á fótum en ekki fót til skiptanna.\* **10** Hann sagði þeim enn fremur: „Þar sem þið komið inn á heimili skuluð þið dvelja þangað til þið leggið af stað aftur. **11** Ef ekki er tekið á móti ykkur einhvers staðar eða hlustað á ykkur skuluð þið hrista rykið af fótum ykkar þegar þið farið, fólkinu til viðvörunar.“ **12** Þá lögðu þeir af stað og boðuðu að fólk ætti að iðrast, **13** og þeir ráku út marga illa anda og báru olíu á marga sem voru veikir og læknuðu þá.

5:36 \*Eða „Hættu að vera hræddur“. 5:43 \*Eða „hann harðbannaði þeim“.

6:8 \*Orðrétt „kopar“. 6:9 \*Eða „ekki tvenn fót“.

14 Heródes konungur frétti þetta því að nafnið Jesús var orðið þekkt og fólk sagði: „Jóhannes skírari er risinn upp frá dauðum og þess vegna getur hann unnið máttarverk.“ 15 Aðrir sögðu: „Þetta er Elía.“ Og enn aðrir sögðu: „Þetta er spámaður eins og spámennirnir til forna.“ 16 En þegar Heródes heyrði þetta sagði hann: „Þessi Jóhannes sem ég lét hálshöggva, hann er risinn upp.“ 17 Heródes hafði sjálfur sent menn til að handtaka Jóhannes, fjöttra hann og varpa í fangelsi vegna Heródíasar, eigin konu Filippusar bróður síns. Heródes hafði gifst henni 18 en Jóhannes hafði margsinnis sagt við hann: „Þú hefur ekki leyfi til að eiga konu bróður þíns.“ 19 Þess vegna hataði Heródías hann og vildi drepa hann en gat það ekki. 20 Heródesi stóð beygur af Jóhannesi og verndaði hann þar sem hann vissi að hann var réttlátur og heilagur maður. Eftir að hafa hlustað á hann vissi hann ekki sitt rjúkandi ráð en hélt þó fúslega áfram að hlusta á hann.

21 En hentugur dagur rann upp þegar Heródes bauð háttsettum embættismönnum sínum, herforingjum og framámönnum Galíleu til kvöldverðar á afmælisdegi sínum. 22 Dóttir Heródíasar kom inn og dansaði, Heródesi og gestum hans\* til mikillar ánægju. Konungur sagði við stúlkuna: „Þú mátt biðja mig um hvað sem þú vilt og ég skal gefa þér það.“ 23 Já, hann sór henni eið: „Ég skal gefa þér hvað sem þú biður mig um, allt að helmingi ríkis míns.“ 24 Hún fór út og spurði móður sína: „Um hvað ætti ég að biðja?“ Hún svaraði: „Höfuð Jóhannesar skírara.“ 25 Stúlkun flýtti sér inn til konungs og bar fram bón sína: „Ég vil að þú gef-

ir mér þegar í stað höfuð Jóhannesar skírara á fati.“ 26 Þótt þetta hryggði konung mjög vildi hann ekki synja henni um bón hennar vegna eiðsins og gesta sinna.\* 27 Konungur sendi því samstundis lífvörð og skipaði honum að koma með höfuð Jóhannesar. Hann fór þá og hjó höfuðið af Jóhannesi í fangelsinu 28 og kom með það á fati. Hann færði stúlkunni það og hún móður sinni. 29 Þegar lærisveinar hans fréttu það komu þeir, tóku lík hans og lögðu það í gröf.\*

30 Postularnir komu aftur til Jesú og sögðu honum frá öllu sem þeir höfðu gert og kennt. 31 Hann sagði við þá: „Komið með mér á öbygðan stað þar sem við getum verið einir og þið getið hvílt ykkur aðeins.“ En margir voru að koma og fara og þeir höfðu ekki einu sinni næði til að borða. 32 Þeir fóru þá á bátnum á öbygðan stað til að vera einir. 33 En fólk sá þá fara og margir fréttu það og fólk úr öllum borgunum hljóp þangað og var komið á undan þeim. 34 Þegar hann steig á land sá hann mikinn mannfjölda. Hann kenndi í brjósti um fólkið því að það var eins og sauðir án hirðis og hann fór að kenna því margt.

35 Nú var orðið áliðið dags og lærisveinarnir komu til hans og sögðu: „Þetta er afskekktur staður og langt liðið á daginn. 36 Láttu fólkið fara svo að það geti komist í sveitina og þorpin í kring og keypt sér eitthvað að borða.“ 37 Hann svaraði þeim: „Þið getið gefið því að borða.“ Þeir sögðu þá við hann: „Eigum við að fara og kaupa brauð fyrir 200 denara\* og gefa fólkinu að borða?“ 38 Hann spurði

6:22 \*Eða „og þeim sem lágu til borðs með honum“.

6:26 \*Eða „og þeirra sem lágu til borðs“.  
6:29 \*Eða „minningargröf“.  
6:37 \*Sjá orða-  
skýringar.

þá: „Hve mörg brauð eruð þið með? Kannið málið.“ Þeir gerðu það og sögðu: „Fimm brauð og tvo fiska.“ **39** Hann sagði þá öllu fólkinu að skipta sér í hópa og setjast í grængresið. **40** Fólkið settist þá í 100 manna og 50 manna hópum. **41** Hann tók nú brauðin fimm og fiskana tvo, leit til himins og fór með bæn. Þá braut hann brauðin og rétti lærisveinunum til að gefa fólkinu, og hann skipti fiskunum tveim milli allra. **42** Allir borðuðu og urðu saddir. **43** Þeir tóku saman brauðbitana sem voru eftir og fylltu 12 körfur, auk leifanna af fiskinum. **44** Það voru 5.000 karlmenn sem borðuðu brauðið.

**45** Síðan sagði hann lærisveinum sínum að fara tafarlaust um borð í bátinn og fara á undan yfir vatnið í átt að Betsaíðu á meðan hann sendi mannfjöldann burt. **46** Eftir að hafa kvatt fór hann upp á fjall til að biðjast fyrir. **47** Þegar komið var kvöld var báturinn á miðju vatninu en Jesús var einn í landi. **48** Hann sá að róðurinn var þeim þungur því að þeir höfðu mótvind. Hann kom þá í átt til þeirra um fjórðu næturvöku,\* gangandi á vatninu, en virtist atla<sup>a</sup> fram hjá þeim. **49** Þegar þeir sáu hann ganga á vatninu hugsuðu þeir: „Þetta er andi!“ Og þeir æptu upp yfir sig. **50** Þeir sáu hann allir og urðu skelkaðir. En hann sagði strax við þá: „Verið rólegir. Þetta er ég, verið ekki hræddir.“ **51** Síðan steig hann upp í bátinn til þeirra og vindinn lægði. Þeir urðu agndofa **52** því að þeir höfðu ekki skilið hvað það merkti sem gerðist með brauðin og hjörtu þeirra voru enn skilningssljó.

**53** Þegar þeir voru komnir yfir vatnið lögðu þeir bátinum við akk-

eri í grennd við Genesaret. **54** En fólk þekkti hann um leið og þeir stigu úr bátinum. **55** Það hljóp um allt svæðið og sótti sjúka og kom með þá á börum þangað sem það hafði heyrt að hann væri. **56** Hvar sem hann kom í þorp, borgir eða sveitir lögðu menn sjúka á markaðstorgin og þeir sárþændu hann að fá rétt að snerta kögríð á yfirhöfn hans. Og allir sem snertu það læknuðust.

**7** Farisearnir og nokkrir af fræðimönnum sem höfðu komið frá Jerúsalem söfnuðust nú í kringum Jesú. **2** Þeir sáu suma lærisveina hans borða með óhreinum höndum, það er að segja óþvegnum.\* **3** (En farisear og Gyðingar almennt borða ekki án þess að þvo sér um hendur upp að olnboga. Þeir halda fast við erfðavenjur manna frá fyrri tíð **4** og þegar þeir koma af markaðinum borða þeir ekki án þess að þvo sér fyrst. Þeir halda fast við margar aðrar erfðavenjur sem þeir hafa tekið við, svo sem að dýfa bikurum, könnum og koparilátum í vatn.) **5** Farisearnir og fræðimennirnir spurðu hann þess vegna: „Af hverju halda lærisveinar þínir ekki erfðavenjur manna frá fyrri tíð heldur borða með óhreinum höndum?“ **6** Hann svaraði þeim: „Jesaja spáði réttilega um ykkur hræsnarana þar sem stendur skrifað: Þetta fólk heiðrar mig með vörnum en hjörtu þess eru fjarlæg mér. **7** Það tilbiður mig til einskis því að það kennir boðorð manna eins og trúarsetningar.“ **8** Þið sleppið boðorðum Guðs og haldið fast við erfðavenjur manna.“

**9** Hann sagði líka við þá: „Þið sniðgangið boðorð Guðs listilega til að halda erfikenningar ykkar.

6:48 \*Það er, um kl. 3 til sólarupprásar um kl. 6. <sup>a</sup>Eða „en var í þann mund að fara“.

7:2 \*Það er, ekki þvegnum eftir helgisiðareglum Gyðinga.

10 Móse sagði til dæmis: ‚Heiðraðu föður þinn og móður,‘ og: ‚Sá sem smánar\* föður sinn eða móður skal líflátinn.‘ 11 En þið segið: ‚Maður getur sagt við föður sinn eða móður: ‚Það sem ég á og hefði getað gagnast ykkur er korban (það er gjöf helguð Guði).‘“ 12 Þá þarf hann ekki lengur að gera nokkuð fyrir föður sinn eða móður. 13 Þannig ógildið þið orð Guðs með erfikenningum ykkar sem þið hafið látið ganga mann fram af manni. Og þið gerið margt annað þessu líkt.“ 14 Hann kallaði nú mannfjöldann aftur til sín og sagði: „Hlustið öll á mig og reynið að skilja það sem ég segi. 15 Ekkert getur óhreinkað manninn sem kemur inn í hann, en það sem kemur út af mannum óhreinkar hann.“ 16 \*—

17 Þegar hann hafði yfirgefið mannfjöldann og var kominn inn í hús fóru lærisveinarnir að spyrja hann um líkinguna. 18 Hann svaraði þeim: „Skiljið þið þetta ekki heldur? Vitið þið ekki að ekkert getur óhreinkað manninn sem kemur inn í hann? 19 Það fer ekki inn í hjartað heldur í magann og síðan út í skólpræsið.“ Þannig lýsti hann yfir að allur matur væri hreinn. 20 Hann hélt áfram: „Það sem kemur út af mannum er það sem óhreinkar hann, 21 því að innan frá, úr hjörtum manna, koma skaðlegar hugsanir sem hafa í för með sér kynferðislegt siðleysi,\* þjófnað, morð, 22 hjúskaparbrot, græðgi, ill verk, svik, blygðunarlausu hegðun,\* öfund, lastmæli, hroka og óskynsemi. 23 Allt þetta

illa kemur innan frá og óhreinkar manninn.“

24 Jesús fór þaðan og hélt til héraðs Týrusar og Sidonar. Hann gekk þar inn í hús og vildi ekki að neinn vissi af því en fólk tók samt eftir honum. 25 Kona nokkur, sem átti litla dóttur haldna óhreinum anda, frétti strax af honum og kom og féll til fóta honum. 26 Konan var frá\* Sýrlensku-Föníkíu, grísk að ætterni, og hún þrabað hann að reka illa andann út af dóttur sinni. 27 En hann sagði við hana: „Fyrst eiga börnin að borða nægju sína því að það er ekki rétt að taka brauð barnanna og kasta því fyrir hvolpana.“ 28 Hún svaraði honum: „Það er satt, herra, en hvolparnir undir borðinu éta samt brauðmolana sem börnin missa.“ 29 Þá sagði hann við hana: „Fyrst þú sagðir þetta skaltu fara heim, illi andinn er farinn úr dóttur þinni.“ 30 Hún fór þá heim og fann barnið liggjandi á rúminu en illi andinn var farinn.

31 Þegar Jesús sneri aftur frá Týrushéraði fór hann um Sídon og Dekapólíshérað\* til Galíleuvatns. 32 Þar komu menn til hans með heyrnarlausan og málhaltan mann og báðu hann að leggja hendur yfir hann. 33 Hann fór með manninn afsíðis, frá mannfjöldanum, og stakk fingrunum í eyru hans. Síðan spýtti hann á fingur sér og snerti tungu hans. 34 Hann leit upp til himins, andvarpaði þungt og sagði við hann: „*Effaba*“ sem þýðir ‚opnist þú‘. 35 Þá opnuðust eyru mannsins, málheltin hvarf og hann fór að tala eðlilega. 36 Jesús bannaði síðan fólkinu að segja nokkrum frá þessu en því meira sem hann bannaði það því meira sagði fólkið frá því. 37 Fólkið var allveg agndofa og sagði: „Allt sem

7:10 \*Eða „formælir“. 7:16 \*Þetta vers er ekki í sumum fornum handritum og tilheyrir greinilega ekki innblásinni frásögn Biblíunnar. 7:21 \*Fleirtala gríska orðsins *porneía*. Sjá orðaskýringar. 7:22 \*Eða „ósvífna hegðun“. Á grísku *asel'geia*. Sjá orðaskýringar.

7:26 \*Eða „fædd í“. 7:31 \*Eða „Tiuborga-svæðið“.

hann gerir er gott. Hann gefur jafnvel heyrnarlausum heyrn og mállausum mál.“

**8** Um þessar mundir var aftur kominn saman mikill mannfjöldi. Fólkið hafði ekkert að borða svo að Jesús kallaði lærisveinana til sín og sagði við þá: **2** „Ég kenni í brjósti um fólkið því að það er búið að vera hjá mér í þrjá daga og hefur ekkert að borða. **3** Ef ég læt það fara svangt\* heim örmagnast það á leiðinni, og sumir eru komnir langt að.“ **4** En lærisveinarnir svöruðu honum: „Hvar er hægt að fá nóg brauð á þessum afskekktu stað til að metta allt fólkið?“ **5** Þá spurði hann: „Hve mörg brauð eruð þið með?“ Þeir svöruðu: „Sjö.“ **6** Hann sagði þá fólkinu að setjast á jörðina. Síðan tók hann brauðin sjö, fór með þakkarbæn, braut þau og gaf lærisveinunum og þeir færðu fólkinu. **7** Þeir voru líka með fáeina litla fiska, og eftir að hafa þakkað Guði sagði hann lærisveinunum að bera þá líka fram. **8** Allir átu og urðu saddir. Þeir tóku saman leifarnar og þær fylltu sjö stórar körfur.\* **9** Þarna voru um 4.000 karlmenn. Eftir það lét hann fólkið fara.

**10** Hann fór nú tafarlaust um borð í bátinn ásamt lærisveinunum og kom til Dalmanútabyggða. **11** Farisearnir komu þangað og fóru að þrátta við hann. Þeir vildu reyna hann og kröfðu hann um tákni af himni. **12** Þá andvarpaði hann þungt\* og sagði: „Hvers vegna vill þessi kynslóð fá tákni? Það meg-ið þið vita að þessi kynslóð fær ekkert tákni.“ **13** Hann yfirgaf þá þar með, fór aftur um borð og sigldi yfir á ströndina hinum megin.

**14** En lærisveinarnir gleymdu að taka með sér brauð og höfðu ekk-

ert meðferðis í bátnum nema eitt brauð. **15** Jesús sagði þeim um-búðalaust að gæta sín: „Hafið augun opin og varið ykkur á súrdeigi fariseanna og súrdeigi Heródesar.“ **16** Þeir fóru þá að þrátta vegna þess að þeir höfðu ekki tekið með sér brauð. **17** Hann tók eftir því og sagði við þá: „Af hverju þratt-ið þið um að þið hafið ekki brauð? Skynjið þið ekki enn né skiljið? Eru hjörtu ykkar enn skilningssljó? **18** „Sjáið þið ekki þótt þið hafið augu? Heyrið þið ekki þótt þið hafið eyru?“ Munið þið ekki **19** hve margar körfur þið tókuð saman af brauðbitum þegar ég braut brauðin fimm handa 5.000 mönnum?“ **20** „Tólf,“ svöruðu þeir. **20** „Hve margar körfur\* tókuð þið saman af brauðbitum þegar ég braut brauðin sjö handa 4.000 mönnum?“ „Sjö,“ svöruðu þeir. **21** Þá sagði hann við þá: „Skiljið þið þetta ekki enn þá?“

**22** Nú lögðu þeir að landi við Betsaíðu. Þar kom fólk til Jesú með blindan mann og sárþændi hann um að snerta hann. **23** Hann tók í hönd blinda mannsins og leiddi hann út fyrir þorpið. Eftir að hafa spýtt í augu hans lagði hann hendur yfir hann og spurði: „Sérðu eitthvað?“ **24** Maðurinn leit upp og sagði: „Mér finnst ég sjá fólk. Það lítur út eins og tré en það gengur um.“ **25** Jesús lagði hendurnar aftur á augu mannsins og nú sá hann skýrt. Hann fékk sjónina aftur og gat séð allt greinilega. **26** Þá sendi hann manninn heim og sagði: „Farðu ekki inn í þorpið.“

**27** Jesús og lærisveinarnir fóru nú til þorpanna í kringum Sesareu Filippí og á leiðinni spurði hann þá: „Hver heldur fólk að ég sé?“ **28** Þeir svöruðu honum: „Jóhannes skírari en sumir segja Elía og aðrir

8:3 \*Eða „fastandi“. 8:8 \*Eða „birgðakörfur“. 8:12 \*Orðrétt „þungt í anda sínum“.

8:20 \*Eða „stórar körfur; birgðakörfur“.

einn af spámönnunum.“ **29** Þá spurði hann: „En þið, hver segið þið að ég sé?“ Pétur svaraði honum: „Þú ert Kristur.“ **30** En hann gaf þeim ströng fyrirmæli um að segja engum frá sér. **31** Hann fór líka að skýra fyrir þeim að Mannssonurinn þyrfti að þola miklar þjáningar og að öldungarnir, yfirprestarnir og fræðimennirnir myndu hafna honum. Hann yrði líflátinn og risi upp þrem dögum síðar. **32** Hann sagði þetta berum orðum. En Pétur fór með hann afsíðis og ávítaði hann. **33** Jesús sneri sér þá við, leit á lærisveinana, ávítaði Pétur og sagði: „Farðu burt frá mér,\* Satan! Þú hugsar ekki eins og Guð heldur eins og menn.“

**34** Hann kallaði nú til sín mannfjöldann og lærisveina sína og sagði: „Sá sem vill fylgja mér afneiti sjálfum sér, taki kvalastaur\* sinn og fylgi mér stöðugt.“ **35** Hver sem vill bjarga lífi\* sínu týnir því en hver sem týnir lífi\* sínu vegna mín og fagnaðarboðskaparins bjargar því. **36** Hvaða gagn hefur maðurinn af því að eignast allan heiminn en týna lífi\* sínu? **37** Hvað myndi maður eiginlega gefa í skiptum fyrir líf\* sitt? **38** Hvern þann sem skammast sín fyrir mig og orð mín meðal þessarar ótrúu og syndugu kynslóðar mun Mannssonurinn skammast sín fyrir þegar hann kemur í dýrð föður síns ásamt hinum heilögu englum.“

**9** Hann hélt áfram og sagði: „Trúid mér, sumir þeirra sem standa hér munu ekki deyja fyrr en þeir sjá ríki Guðs komið og við völd.“ **2** Sex dögum síðar tók Jesús þá Pétur, Jakob og Jóhannes með sér upp á hátt fjall þar sem þeir voru einir. Þar ummyndaðist hann frammi fyrir þeim, **3** fót hans fóru

að ljóma og urðu langtum hvítari en nokkur þvottamaður á jörð hefði getað gert þau. **4** Og Elía birtist þeim ásamt Móse og þeir töluðu við Jesú. **5** Pétur sagði þá við Jesú: „Rabbí,\* það er gott að vera hér. Reisum þrjú tjöld, eitt handa þér, eitt handa Móse og eitt handa Elía.“ **6** Hann vissi í rauninni ekki hvernig hann átti að bregðast við, því að þeir voru mjög hræddir. **7** Ský myndaðist og haldi þá, og rödd heyrðist úr skýinu: „Þetta er sonur minn sem ég elska. Hlustið á hann.“ **8** Síðan litu þeir í kringum sig og sáu að enginn var með þeim lengur nema Jesús.

**9** Á leiðinni ofan af fjallinu bannaði Jesús þeim að segja nokkrum frá því sem þeir höfðu séð fyrr en Mannssonurinn væri risinn upp frá dauðum. **10** Þeir tóku orð hans alvarlega\* en ræddu sín á milli hvað hann ætti við með því að hann risi upp frá dauðum. **11** Þeir spurðu hann: „Hvers vegna segja fræðimennirnir að Elía eigi að koma fyrst?“ **12** Hann svaraði þeim: „Elía kemur fyrst og færir allt í samt lag, en hvers vegna stendur skrifað um Mannssoninn að hann þurfi að ganga gegnum miklar þjáningar og vera fyrirlitinn? **13** Ég segi ykkur að Elía er reyndar kominn og þeir fóru með hann eins og þeim sýndist, rétt eins og skrifað er um hann.“

**14** Þegar þeir komu til hinna lærisveinanna sáu þeir mikinn mannfjölda kringum þá og fræðimenn voru að þrátta við þá. **15** En um leið og allt fólkið kom auga á Jesú varð það steinhissa og hljóp til hans til að heilsa honum. **16** Þá spurði hann: „Um hvað eruð þið að þrátta við þá?“ **17** Einn úr mannfjöldanum svaraði

8:33 \*Orðrétt „Farðu aftur fyrir mig“. 8:34 \*Sjá orðaskýringar. 8:35-37 \*Eða „sál“.

9:5 \*Sem þýðir ‚kennari‘. 9:10 \*Eða hugsanl. „létu þetta ekki fara lengra“.

honum: „Kennari, ég kom með son minn til þín því að hann er haldinn anda sem gerir hann mállausan. 18 Hvar sem andinn grípur hann kastar hann honum til jarðar og hann froðufellir, gnístir tönnur og missir máttinn. Ég það lærisveina þína að reka hann út en þeir gátu það ekki.“ 19 Jesús sagði þá við fólkið: „Þú trúlaus kynslóð, hve lengi þarf ég að vera hjá ykkur? Hve lengi þarf ég að umbera ykkur? Komið með hann til mín.“ 20 Þeir komu þá með drenginn til Jesú. En um leið og andinn sá hann olli hann krampaflogi hjá drengnum, og hann féll til jarðar, veltist um og froðufeldi. 21 Jesús spurði þá föðurinn: „Hve lengi hefur þetta hrjáð hann?“ Hann svaraði: „Frá barnæsku, 22 og oft hefur andinn kastað honum bæði í eld og vatn til að fyrirfara honum. En ef þú getur gert eitthvað hafðu þá samúð með okkur og hjálpaðu okkur.“ 23 Jesús sagði við hann: „Ef þú getur, segirðu. Sá sem trúir er fær um allt.“ 24 Faðir barnsins hrópaði samstundis: „Ég trú! Hjálpaðu mér þar sem mig skortir trú!“

25 Jesús tók nú eftir að mannfjöldi streymdi til þeirra. Hann ávitaði þá óhreina andann og sagði við hann: „Þú mállausi og heyrnarlausandi, ég skipa þér að fara út af honum og komdu aldrei í hann aftur!“ 26 Andinn æpti og olli miklum krampaflogum og fór síðan út af honum. Drengurinn virtist vera dálnn þannig að flestir sögðu: „Hann er dáinn!“ 27 En Jesús tók í hönd hans, reisti hann upp og hann stóð á fætur. 28 Þegar hann var kominn inn í hús og var einn með lærisveinunum spurðu þeir hann: „Hvers vegna gátum við ekki rekið hann út?“ 29 Hann svaraði: „Þessa tegund er ekki hægt að reka út nema með bæn.“

30 Þeir fóru þaðan og um Galíleu en hann vildi ekki að neinn fengi að vita það 31 því að hann var að kenna lærisveinunum. Hann sagði við þá: „Mannssonurinn verður svikinn í hendur manna og þeir munu taka hann af lífi en þrem dögum síðar rís hann upp frá dauðum.“ 32 En þeir skildu ekki það sem hann sagði og þorðu ekki að spyrja hann.

33 Þeir komu nú til Kapernaúm og þegar hann var kominn inn í húsið spurði hann þá: „Um hvað voruð þið að deila á leiðinni?“ 34 Þeir þögðu því að þeir höfðu verið að deila um það hver þeirra væri mestur. 35 Hann settist þá niður, kallaði til sín þá tólf og sagði: „Sá sem vill vera fremstur þarf að vera síðastur allra og þjónn allra.“ 36 Síðan tók hann barn, lét það standa meðal þeirra, tók utan um það og sagði við þá: 37 „Hver sem tekur við einu slíku barni vegna nafns míns tekur einnig við mér, og hver sem tekur við mér tekur ekki aðeins við mér heldur einnig þeim sem sendi mig.“

38 Jóhannes sagði við hann: „Kennari, við sáum mann reka út illa anda í þínu nafni og við reyndum að aftra honum þar sem hann fylgdi okkur ekki.“ 39 En Jesús sagði: „Reynið ekki að aftra honum því að enginn sem vinnur máttarverk í mínu nafni getur strax á eftir talað illa um mig. 40 Sá sem er ekki á móti okkur er með okkur. 41 Ég fullvissa ykkur um að hver sem gefur ykkur bolla af vatni að drekka af því að þið tilheyrið Kristi fer alls ekki á mis við laun sín. 42 En þeim sem veldur því að einn af þessum minnstu sem trúa fellur væri betra að vera kastað í hafið með stóran myllustein\* um hálsinn.

9:42 \*Eða „með myllustein sem snúð er af asna“.

43 Ef hönd þín verður þér að falli skaltu höggva hana af. Það er betra fyrir þig að ganga limlestur inn til lífsins en að hafa báðar hendur og lenda í Gehenna,\* í hinum óslökkvandi eldi. 44 \*— 45 Ef fótur þinn verður þér að falli skaltu höggva hann af. Það er betra fyrir þig að ganga einfættur inn til lífsins en að hafa báða fætur og vera kastað í Gehenna.\* 46 \*— 47 Og ef auga þitt verður þér að falli skaltu kasta því burt. Það er betra fyrir þig að ganga eineygður inn í ríki Guðs en að hafa bæði augun og vera kastað í Gehenna\* 48 þar sem maðurinn deyr ekki og eldurinn slokknar ekki.

49 Allir\* verða að saltast í eldi. 50 Salt er gott en ef saltið missir seltuna með hverju ætlið þið þá að krydda það? Hafði salt í sjálfum ykkur og haldið frið hver við annan.“

10 Hann lagði af stað þaðan og kom að útjaðri\* Júdeu handan við Jórdan. Enn á ný safnaðist að honum fjöldi fólks og hann fór að kenna eins og hann var vanur. 2 Farisear komu til hans, ákveðnir í að reyna hann, og þeir spurðu hann hvort maður mætti skilja við konu sína. 3 Hann svaraði þeim: „Hvaða fyrirmæli gaf Móse ykkur?“ 4 Þeir sögðu: „Móse leyfði að maður skrifaði skilnaðarbréf og skildi við hana.“ 5 Jesús sagði við þá: „Hann gaf ykkur þetta boðorð vegna þess hve harðbrjóstá þið eruð. 6 En í upphafi sköpunar, gerði Guð þau karl og konu. 7 Af þeirri ástæðu yfirgefur maður föður sinn og móður 8 og þau tvö verða eitt\* þannig að þau eru

9:43, 45, 47 \*Sjá orðaskýringar. 9:44, 46 \*Þetta vers er ekki í sumum fornum handritum og tilheyrir greinilega ekki innblásinni frásögn Biblunnar. 9:49 \*Það er, þeir sem lenda í Gehenna. 10:1 \*Eða „landamærum“. 10:8 \*Orðrétt „eitt hold“.

ekki lengur tvö heldur eitt.\* 9 Það sem Guð hefur tengt saman má enginn maður aðskilja.“ 10 Þegar þeir voru komnir aftur inn í húsið spurðu lærisveinarnir hann út í þetta. 11 Hann sagði við þá: „Sá sem skilur við konu sína og giftist annarri fremur hjúskaparbrot 12 og ef kona skilur nokkurn tíma við mann sinn og giftist öðrum, fremur hún hjúskaparbrot.“

13 Fólk kom nú til hans með börn til að hann snerti þau en lærisveinarnir ávituðu fólkið. 14 Þegar Jesús sá það gramdist honum og hann sagði við þá: „Leyfið börnunum að koma til mín. Reynið ekki að hindra þau því að ríki Guðs tilheyrir þeim sem eru eins og þau. 15 Trúið mér, sá sem tekur ekki við ríki Guðs eins og lítið barn kemst alls ekki inn í það.“ 16 Og hann tók börnin í faðm sér, lagði hendurnar yfir þau og blessaði þau.

17 Hann hélt nú leiðar sinnar og kom þá maður hlaupandi, féll á kné frammi fyrir honum og spurði: „Góði kennari, hvað þarf ég að gera til að hljóta eilíft líf?“ 18 Jesús svaraði: „Hvers vegna kallarðu mig góðan? Enginn er góður nema Guð einn. 19 Þú þekkir boðorðin: „Þú skalt ekki myrða, þú skalt ekki fremja hjúskaparbrot, þú skalt ekki stela, þú skalt ekki bera ljúgvitni, þú skalt ekki pretta, heiðraðu föður þinn og móður.“ 20 Þá sagði maðurinn: „Kennari, ég hef haldið allt þetta frá unga aldri.“ 21 Jesús horfði á hann með ástúð og sagði: „Eitt þarftu að gera í viðbót: Farðu og seldu eigur þínar og gefðu fátækum, og þá áttu fjársjóð á himni. Komdu síðan og fylgdu mér.“ 22 En hann varð dapur við þetta svar og fór hryggur burt því að hann átti miklar eignir.

23 Jesús leit í krungum sig og sagði við lærisveinana: „Mikið



verður erfitt fyrir hina ríku að ganga inn í ríki Guðs.“ **24** Læriveinarnir urðu hissa að heyra þetta. Jesús sagði þá: „Börn, það er virkilega erfitt að komast inn í ríki Guðs.“ **25** Það er auðveldara fyrir úlfalda að komast gegnum nálarauga en fyrir ríkan mann að ganga inn í ríki Guðs.“ **26** Þeir urðu steini lostnir og sögðu við hann: „Hver getur þá bjargast?“ **27** Jesús horfði beint á þá og sagði: „Mönnum er það ógerlegt en ekki Guði því að Guð getur allt.“ **28** Pétur sagði við hann: „Við höfum yfirgefið allt og fylgt þér.“ **29** Jesús sagði: „Trúid mér, enginn hefur yfirgefið heimili, bræður eða systur, móður eða föður, börn eða akra vegna min og vegna fagnaðarboðskaparins **30** án þess að hann fái hundrafalt aftur núna á þessum tíma - heimili, bræður, systur, meður, börn og akra, ásamt ofsóknum - og í hinum komandi heimi\* eilíft líf.“ **31** En margir hinna fyrstu verða síðastir og hinna síðustu fyrstir.“

**32** Þeir voru nú á leið upp til Jerúsalem og Jesús gekk á undan þeim. Þeir voru undrandi en hinir sem fylgdu á eftir urðu óttaslegnir. Enn á ný tók hann þá tólf afsíðis og fór að segja þeim frá því sem myndi koma fyrir hann bráðlega: **33** „Við erum nú á leið upp til Jerúsalem og Mannssonurinn verður látinn í hendur yfirpresta og fræðimanna. Þeir munu dæma hann til dauða og láta hann í hendur manna af þjóðunum **34** sem munu hæða hann, hrækja á hann, húðstrýkja og taka af lífi, en þrem dögum síðar ris hann upp.“

**35** Jakob og Jóhannes Sebedussynir komu að máli við hann og

sögðu: „Kennari, við viljum að þú gerir fyrir okkur það sem við ætlum að biðja þig um.“ **36** Hann sagði við þá: „Hvað viljið þið að ég geri fyrir ykkur?“ **37** Þeir svöruðu: „Leyfðu okkur að sitja við hlið þér í dýrd þinni, öðrum til hægri handar og hinum til vinstri.“ **38** En Jesús sagði við þá: „Þið vitið ekki um hvað þið biðjið. Getið þið drukkið bikarinn sem ég drekk eða skírst þeirri skírn sem ég skírst?“ **39** „Við getum það,“ svöruðu þeir. Þá sagði Jesús: „Þið skuluð drekka bikarinn sem ég drekk og skírast skírninni sem ég skírst.“ **40** En það er ekki mitt að ákveða hver situr mér til hægri handar eða vinstri. Þessi sæti eru tekin frá handa þeim sem eiga að sitja þar.“

**41** Þegar hinir tíu heyrðu af þessu gramdist þeim við Jakob og Jóhannes. **42** En Jesús kallaði þá til sín og sagði: „Þið vitið að þeir sem teljast ráða yfir þjóðunum drottna yfir þeim og þeir sem eru háttsettir beita valdi sínu.“ **43** Þannig má það ekki vera meðal ykkar. Sá sem vill verða mikill á meðal ykkar á að vera þjónn ykkar **44** og sá sem vill vera fremstur á meðal ykkar á að vera þræll allra.“ **45** Jafnvel Mannssonurinn kom ekki til að láta þjóna sér heldur til að þjóna og gefa líf\* sitt sem lausnargjald fyrir marga.“

**46** Þeir komu nú til Jeríkó. En þegar hann var á leið út úr borginni ásamt lærisveinunum og töluverðum mannfjölda sat Bartímeus (sonur Timeusar) við veginn, en hann var blindur betlari. **47** Þegar hann heyrði að það var Jesús frá Nasaret sem átti leið hjá fór hann að hrópa: „Sonur Davíðs, Jesús, miskunnaðu mér!“ **48** Margir höstuðu á hann og sögðu honum að þegja en hann hrópaði bara enn

10:26 \*Eða hugsanl. „hver við annan“. 10:30 \*Eða „á hinni komandi öld“. Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“.

10:45 \*Eða „sál“.

meira: „Sonur Davíðs, miskunn-  
aðu mér!“ **49** Jesús nam staðar og  
sagði: „Kallið á hann.“ Þeir kölluðu  
þá á blinda manninn og sögðu við  
hann: „Hertu upp hugann. Stattu  
upp, hann kallar á þig.“ **50** Hann  
henti af sér yfirhöfninni, spratt á  
fætur og fór til Jesú. **51** Þá sagði  
Jesús við hann: „Hvað viltu að  
ég geri fyrir þig?“ Blindi maður-  
inn svaraði: „*Rabbúní*,\* gefðu mér  
sjónina aftur.“ **52** Jesús sagði þá:  
„Farðu í friði, trú þín hefur læknað  
þig.“ Og hann endurheimti sjónina  
samstundis og fylgdi honum.

**11** Þeir nálguðust nú Jerúsalem  
og komu að Betfage og Betan-  
íu við Ólíufjallið. Hann sendi þá tvo  
lærisveina sína **2** og sagði við þá:  
„Farið inn í þorpið fram undan og  
um leið og þið komið þangað finn-  
ið þið fola bundinn sem enginn hef-  
ur enn komið á bak. Leysið hann og  
komið með hann hingað. **3** Ef ein-  
hver segir við ykkur: ‚Hvers vegna  
gerið þið þetta?‘ segið þá: ‚Drottinn  
þarfnast hans en hann sendir hann  
fljótt aftur til baka.‘“ **4** Þeir fóru  
og fundu folann úti á hliðargötu  
bundinn við dyr og leystu hann.  
**5** En nokkrir þeirra sem stóðu  
þarna sögðu við þá: „Hvað eruð þið  
að gera? Erud þið að leysa folann?“  
**6** Þeir svöruðu alveg eins og Jes-  
ús hafði sagt og þeir leyfðu þeim að  
fara.

**7** Þeir færðu Jesú folann, lögðu  
yfirhafnir sínar á hann og hann  
settist á bak. **8** Margir breiddu  
auk þess yfirhafnir sínar á veginn  
en aðrir skáru laufgaðar greinar af  
trjánum meðfram veginum. **9** Þeir  
sem gengu á undan og þeir sem  
eltu hrópuðu: „Viltu vernda hann! \*  
Blessaður sé sá sem kemur í nafni  
Jehóva!“ **10** Blessað sé hið kom-  
andi ríki Davíðs föður okkar! Viltu

10:51 \*Sem þýðir ‚kennari‘. 11:9 \*Á grísku  
*Hósanna*. \*Sjá orðaskýringar.

vernda hann, þú sem ert í hæstu  
hæðum.“ **11** Hann kom nú til  
Jerúsalem og gekk inn í musterið.  
Hann horfði í kringum sig á allt sem  
var þar en hélt svo til Betaníu með  
þeim tólf því að það var orðið áliðið.

**12** Daginn eftir, þegar þeir voru  
á leið frá Betaníu, var Jesús svang-  
ur. **13** Hann kom auga á laufgað  
fíkjutré á lengdar og gekk þangað  
til að sjá hvort hann fyndi nokk-  
uð á því. En þegar hann kom að  
trénu fann hann ekkert nema lauf-  
blöðin þar sem ekki var fíkjutími.  
**14** Hann sagði þá við tréð: „Eng-  
inn skal nokkurn tíma framar borða  
ávöxt af þér.“ Og lærisveinarnir  
heyrðu þetta.

**15** Þeir komu nú til Jerúsalem.  
Jesús gekk inn í musterið og fór að  
reka út þá sem seldu þar og keyptu.  
Hann velti um koll borðum þeirra  
sem skiptu peningum og bekkjum  
dúfnasalanna **16** og hann leyfði  
engum að bera nokkurt áhald gegn-  
um musterið. **17** Hann kenndi  
þeim og sagði: „Stendur ekki skrif-  
að: ‚Hús mitt verður kallað bæna-  
hús fyrir allar þjóðir?‘ En þið haf-  
ið gert það að ræningjabæli.“  
**18** Yfirprestarnir og fræðimenn-  
irnir heyrðu þetta og fóru að leita  
leiða til að drepa hann. Þeir óttuð-  
ust hann því að allur mannfjöldinn  
heillaðist af kennslu hans.

**19** Undir kvöld fóru þeir út úr  
borginni. **20** En þegar þeir fóru  
fram hjá fíkjutrénu snemma morg-  
uninn eftir sáu þeir að það var  
visnað frá rótum. **21** Pétur mundi  
hvað hafði gerst og sagði við Jesú:  
„Rabbí, sjáðu! Fíkjutréd sem þú for-  
mæltir er visnað.“ **22** Jesús svar-  
aði þeim: „Trúið á Guð. **23** Það  
megið þið vita að ef einhver seg-  
ir við þetta fjall: ‚Lyftu þér upp og  
kastaðu þér í hafið‘ og efast ekki í  
hjarta sínu heldur trúir að það ger-  
ist sem hann segir, þá gerist það.

24 Þess vegna segi ég ykkur: Trú-  
ið að þið fáid allt sem þið biðjið um í  
bænum ykkar og þið munuð fá það.

25 Og þegar þið standið og biðjið  
skuluð þið fyrirgefa öðrum allt sem  
þið hafið á móti þeim til þess að  
faðir ykkar á himnum geti líka fyr-  
irgefið syndir ykkar.“ 26 \*—

27 Þeir komu aftur til Jerúsalem.  
Þegar hann var á gangi í must-  
erinu komu yfirprestarnir, fræðimennirnir og öldungarnir 28 og sögðu við hann: „Hvaða vald hefurðu til að gera þetta? Eða hver gaf þér vald til þess?“ 29 Jesús sagði við þá: „Ég ætla að spyrja ykkur einnar spurningar. Svarið henni og þá skal ég segja ykkur hvaða vald ég hef til að gera þetta. 30 Var skírn Jóhannesar frá himni eða frá mönnum?“ Svarið mér.“ 31 Þeir fóru þá að ræða sín á milli og sögðu: „Ef við segjum: ‚Frá himni,‘ segir hann: ‚Hvers vegna trúðuð þið honum þá ekki?‘ 32 En þorum við að segja: ‚Frá mönnum?‘“ Þeir óttuðust mannfjöldann vegna þess að allir töldu að Jóhannes hefði verið sannur spámaður. 33 Þeir svöruðu því Jesú: „Við vitum það ekki.“ Jesús sagði: „Þá segi ég ykkur ekki heldur hvaða vald ég hef til að gera þetta.“

**12** Nú fór hann að segja þeim dæmisögur: „Maður plantaði víngarð, girti hann af, gróf fyrir vínþröng og reisti turn. Hann leigði hann síðan vínrykjum og fór úr landi. 2 Þegar kom að uppskerunni sendi hann þræl til vínrykjana til að fá hjá þeim hluta af uppskeru víngarðsins. 3 En þeir tóku hann, börðu og sendu tómhentan burt. 4 Hann sendi annan þræl til þeirra og þeir börðu hann

í höfuðið og smánuðu. 5 Hann sendi enn einn og þeir drápu hann, og hann sendi marga aðra sem þeir ýmist börðu eða drápu. 6 Nú átti hann einn eftir, elskaðan son sinn. Hann sendi hann síðastan til þeirra og sagði: ‚Þeir eiga eftir að virða son minn.‘ 7 En vínrykjarnir sögðu hver við annan: ‚Þetta er erfinginn. Komum, drepum hann og þá fáum við arfinn.‘ 8 Síðan tóku þeir hann og drápu og köstuðu honum út fyrir víngarðinn. 9 Hvað gerir þá eigandi víngarðsins? Hann kemur og drepur vínrykjana og fær öðrum víngarðinn. 10 Lásuð þið aldrei þennan ritningarstað: ‚Steinninn sem smiðirnir höfnuðu er orðinn að aðalhornsteini.‘ 11 Hann er frá Jehóva\* og hann er stórfenglegur í augum okkar?“

12 Þeir vildu nú grípa\* Jesú því að þeir vissu að dæmisagan átti við þá. En þeir óttuðust mannfjöldann og gengu því burt frá honum.

13 Eftir það sendu þeir til hans nokkra farisea og fylgismenn Heródesar til að hanka hann á orðum hans. 14 Þegar þeir komu sögðu þeir við hann: „Kennari, við vitum að þú ert sannsögull og allir eru jafnir fyrir þér. Þú horfir ekki á útlit fólks heldur kennir veg Guðs sannleikanum samkvæmt. Er leyfilegt\* að greiða keisararum skatt“ eða ekki? 15 Eigum við að borga eða eigum við ekki að borga?“ Jesús skynjaði hræsní þeirra og sagði við þá: „Hvers vegna leggið þið gildru fyrir mig? Færið mér denar\* og leyfið mér að sjá hann.“ 16 Þeir færðu honum denar\* og hann sagði við þá: „Hvers mynd og áletrun er þetta?“ „Keisarans,“ svöruðu þeir. 17 Jesús sagði þá: „Gjaldið keisar-

11:26 \*Þetta vers er ekki í sumum fornum handritum og tilheyrir greinilega ekki innblásinni frásögn Biblíunnar. 11:30 \*Eða „runnin frá mönnum?“

12:10 \*Orðrétt „efsta hluta hornsins“. 12:11, 15, 16 \*Sjá orðaskýringar. 12:12 \*Eða „handtaka“. 12:14 \*Eða „rétt“. \*Það er, nefnskatt.

anum það sem tilheyrir keisaranum en Guði það sem tilheyrir Guði.“ Og þeir undruðust orð hans.

**18** Nú komu saddúkear til hans en þeir segja að ekki sé til upprisa. Þeir spurðu hann: **19** „Kennari, Móse skrifaði að deyi maður og láti eftir sig konu en engin börn skuli bróðir hans giftast henni til að hún ali fyrri eiginmanni sínum afkomendur. **20** Nú voru sjö bræður. Sá fyrsti gifti sig en dó barnlaus. **21** Annar bróðirinn giftist ekkjunnri en dó líka barnlaus og sá þriðji sömuleiðis. **22** Allir sjö dóu barnlausir. Að síðustu dó svo konan. **23** Kona hvers verður hún í upprisunni? Allir sjö höfðu nú átt hana.“ **24** Jesús svaraði þeim: „Er ekki ástæðan fyrir að ykkur skjátlást sú að þið þekkið hvorki Ritningarnar né mátt Guðs? **25** Þegar fólk rís upp frá dauðum kvænist það hvorki né giftist heldur er það eins og englar á himnum. **26** En varðandi það að dauðir rísi upp, hafið þið ekki lesið í frásögunni af þyrnirunnum í bók Móse að Guð sagði við hann: ‚Ég er Guð Abrahams, Guð Ísaks og Guð Jakobs? **27** Hann er ekki Guð dauðra heldur þeirra sem lifa. Þið hafið alrangt fyrir ykkur.“

**28** Einn fræðimannanna, sem hafði komið og heyrð orðaskipti þeirra, vissi að Jesús hafði svarað þeim vel. Hann spurði: „Hvert er æðsta\* boðorðið af öllum?“ **29** Jesús svaraði: „Það æðsta er þetta: ‚Heyrið Ísraelsmenn, Jehóva\* er Guð okkar og það er aðeins einn Jehóva\* **30** og þú skalt elska Jehóva\* Guð þinn af öllu hjarta þínu, allri sál\* þinni, öllum huga þínum og öllum mætti þínum.‘ **31** Annað er þetta: ‚Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.‘

12:28 \*Eða „mikilvægasta“. 12:29, 30, 36 \*Sjá orðaskýringar.

Ekkert boðorð er æðra en þessi tvö.“ **32** Fræðimaðurinn sagði við hann: „Kennari, þetta var vel mælt, sannleikanum samkvæmt. ‚Hann er einn og enginn er Guð nema hann,‘ **33** og að elska hann af öllu hjarta, öllum skilningi og öllum mætti og að elska náungann eins og sjálfan sig er miklu meira virði en allar brennifórnir og sláturfórnir.“ **34** Jesús heyrði að hann svaraði skynsamlega og sagði: „Þú ert ekki fjarri ríki Guðs.“ Enginn þorði að spyrja hann nokkurs framar.

**35** En Jesús hélt áfram að kenna í musterinu og sagði: „Hvernig stendur á því að fræðimennirnir segja að Kristur sé sonur Davíðs? **36** Davíð sagði sjálfur fyrir atbeina heilags anda: ‚Jehóva\* sagði við Drottin minn: ‚Sittu mér til hægri handar þar til ég legg óvini þína undir fætur þína.‘“ **37** Davíð sjálfur kallar hann Drottin. Hvernig getur hann þá verið sonur hans?“

Allur mannfjöldinn hlustaði á hann með ánægju. **38** Meðan hann var að kenna sagði hann: „Varið ykkur á fræðimönnunum sem vilja ganga um í siðskikkjum og láta heilsa sér á torgunum, **39** sitja í fremstu\* sætunum í samkunduhúsum og hefðarsætum í veislum. **40** Þeir mergsjúga heimili\* ekkna og flytja langar bænir til að sýnast.“ Þeir munu fá þyngri<sup>^</sup> dóm.“

**41** Hann settist niður þar sem hann gat séð söfnunarbaukana\* og horfði á fólkið láta peninga í þá. Margt efnafólk gaf mikið. **42** Nú kom fátæk ekkja og lét þar tvo smápeninga sem voru varla nokkurs virði.\* **43** Hann kallaði þá lærisveinana til sín og sagði við þá:

12:39 \*Eða „bestu“. 12:40 \*Eða „eigur“. <sup>^</sup>Eða „bænir að yfirsikni“. <sup>^</sup>Eða „harðari“. 12:41 \*Eða „fjárhirslumar“. 12:42 \*Orðrétt „tvo leptona, sem eru einn kvadrans“. Sjá orðaskýringar, „lepton“.

„Trúið mér, þessi fátæka ekkja gaf meira en allir hinir sem létu peninga í baukana. **44** Þeir gáfu allir af allsnægtum sínum en hún gaf af skorti\* sínum allt sem hún átti, alla lífsbjörg sína.“

**13** Þegar hann var á leið út úr musterinu sagði einn af lærisveinunum við hann: „Kennari, sjáðu! Hvílíkir steinar og hvílíkar byggingar!“ **2** En Jesús sagði við hann: „Sérðu þessar miklu byggingar? Hér mun ekki standa steinn yfir steini heldur verður allt rífið niður.“

**3** Þegar hann sat á Oliufjallinu með musterið í augsyn og Pétur, Jakob, Jóhannes og Andrés voru einir með honum spurðu þeir hann: **4** „Segðu okkur, hvenær gerist þetta og hvert verður táknið um að allt þetta sé að líða undir lok?“

**5** Jesús sagði þeim þá: „Gætið þess að láta engan blekkja ykkur. **6** Margir munu koma í mínu nafni og segja: „Ég er hann,“ og blekkja marga. **7** Og þegar þið fréttið af stríðsátökum í grennd og í fjarska skuluð þið ekki skelfast. Þetta þarf að gerast en endirinn er samt ekki kominn.“

**8** Þjóð mun ráðast gegn þjóð og ríki gegn ríki. Það verða jarðskjálftar á einum stað eftir annan og einnig hungursneyðir. Þetta er upphaf fæðingarhríðanna.\*

**9** En þið skuluð gæta ykkar. Menn munu draga ykkur fyrir dómstóla, ykkur verður misþyrmt í samkunduhúsum og þið verðið leiddir fyrir landstjóra og konunga vegna mín, til að bera vitni fyrir þeim. **10** Auk þess þarf fyrst að boða öllum þjóðum fagnaðarboðskapinn. **11** Þegar þeir taka ykkur og draga fyrir rétt hafið þá ekki áhyggjur af því hvað þið eigið að segja.

Segið það sem ykkur verður gefið á þeirri stundu því að það eruð ekki þið sem talið heldur heilagur andi. **12** Bróðir mun framselja bróður til dauða og faðir barn sitt, og börn rísa gegn foreldrum sínum og fá þá líflátna. **13** Allir munu hata ykkur vegna nafns míns. En sá sem er þolgóður\* allt til enda mun bjargast.

**14** En þegar þið sjáið viðurstyggðina sem veldur eyðingu standa þar sem hún á ekki að vera (sá sem les þetta sýni dómgreind) þá flýi þeir sem eru í Júdeu til fjalla. **15** Sá sem er uppi á þaki fari ekki niður og inn í hús sitt til að sækja neitt **16** og sá sem er úti á akri snúi ekki aftur til að ná í yfirhöfn sína. **17** Þetta verða skelfilegir dagar fyrir barnshafandi konur og þær sem eru með barn á brjósti. **18** Biðjið að þetta gerist ekki að vetri til **19** því að þetta verða slíkir þrengingardagar að annað eins hefur ekki gerst allt til þessa síðan Guð byrjaði að skapa og gerist aldrei framar. **20** Ef Jehóva\* hefði ekki stýtt þessa daga myndi enginn bjargast. En vegna þeirra sem hann hefur útvalið hefur hann stýtt þá.

**21** Og ef einhver segir við ykkur: „Sjáið! Hér er Kristur,“ eða: „Sjáið! Þarna er hann,“ þá skuluð þið ekki trúa því. **22** Falskristar og falsspámennt munu koma fram og gera tákni og undur til að leiða hina út-völdu afvega ef hægt er. **23** Gætið ykkar því. Ég hef sagt ykkur allt fyrir fram.

**24** En á þessum dögum, eftir þessa þrengingu, mun sólin myrkvast og tunglið ekki skína, **25** stjörnur falla af himni og kraftarnir á himnum nötra. **26** Þá mun fólk sjá Mannssoninn koma í skýjum með miklum mætti og

12:44 \*Eða „fátækt“. 13:8 \*Eða „hörmunganna; þjáninganna“.

13:13 \*Eða „hefur verið þolgóður“. 13:20 \*Sjá orðaskýringar.

dýrð. **27** Hann sendir þá út englana og safnar saman sínum útvöldu úr áttunum\* fjórum, frá endimörkuðum jarðar til endimarka himins.

**28** Lærið af þessari líkingu um fíkjutréd: Um leið og ungu greinarnar mýkjast og laufið springur út vitið þið að sumar er í nánd.

**29** Eins skuluð þið vita þegar þið sjáið þetta gerast að hann er í nánd, við dyrnar. **30** Trúið mér, þessi kynslóð líður alls ekki undir lok fyrr en allt þetta gerist. **31** Himinn og jörð liða undir lok en orð mín liða alls ekki undir lok.

**32** Enginn veit þann dag eða stund, hvorki englarnir á himnum né sonurinn heldur aðeins faðirinn.

**33** Hafið augun opin, verið vakandi, því að þið vitið ekki hvenær tíminn er kominn. **34** Það er eins og þegar maður fer úr landi og yfirgefur hús sitt. Hann felur þjónum sínum umráðin, hverjum sitt verk að vinna, og segir dyraverðinum að halda vörð.

**35** Haldið því vöku ykkar þar sem þið vitið ekki hvenær húsbóndinn kemur, hvort heldur síðla dags, um miðnætti, fyrir dögum\* eða snemma morguns, **36** til að hann finni ykkur ekki sofandi þegar hann kemur allt í einu. **37** En það sem ég segi ykkur segi ég öllum: Haldið vöku ykkar.“

**14** Nú voru tveir dagar til páska og hátíðar ósýrðu brauðanna. Yfirprestarnir og fræðimennirnir leituðu leiða til að ná\* Jesú með brögðum\* og taka hann af lífi. **2** En þeir sögðu: „Ekki á hátíðinni, það gæti orðið uppþot meðal fólksins.“

**3** Meðan hann var í Betaníu að borða\* heima hjá Símoni holdsveika kom kona með ilmólíu í alabasturs-

13:27 \*Orðrétt „frá vindunum“. 13:35 \*Orðrétt „þegar haninn galar“. 14:1 \*Eða „handtaka“. \*Eða „klækjabrögðum“. 14:3 \*Eða „og lá til borðs“.

flösku. Þetta var hrein nardusolía og mjög dýr. Hún braut hálsinn af flöskunni og hellti oliunni á höfuð hans. **4** Sumir sögðu þá hneykslaðir hver við annan: „Hvers vegna er verið að sóa þessari ilmólíu? **5** Það hefði mátt selja hana fyrir meira en 300 denara\* og gefa fátækum peningana.“ Þeir voru sárgramir út í“ hana **6** en Jesús sagði: „Látið hana í friði. Hvers vegna eruð þið að angra hana? Það var gott verk sem hún vann í mína þágu. **7** Fátæka hafið þið alltaf hjá ykkur og getið gert þeim gott hvenær sem þið viljið en mig hafið þið ekki alltaf. **8** Hún gerði það sem hún gat. Hún smurði líkama minn með ilmólíu til að búa hann fyrir fram til greftrunar. **9** Trúið mér, um allan heim þar sem fagnaðarboðskapurinn verður boðaður verður einnig sagt frá því sem þessi kona gerði, til minningar um hana.“

**10** Júdas Ískariót, einn þeirra tólf, fór nú til yfirprestanna til að svíkja Jesú í hendur þeirra. **11** Þeir glöddust að heyra það og lofuðu að greiða honum silfurpeninga fyrir. Upp frá því leitaði hann færís að svikja hann.

**12** Á fyrsta degi hátíðar ósýrðu brauðanna, þegar venja var að færa páskaforðningu, spurðu lærisveinarnir Jesú: „Hvert viltu að við förum og undirbúum páskamáltíðina handa þér?“ **13** Hann sendi þá tvo af lærisveinum sínum og sagði við þá: „Farið inn í borgina og þá mætið ykkur maður sem ber vatnsker. Fylgið honum **14** og þar sem hann fer inn skuluð þið segja við húsráðandann: „Kennarinn spyr: „Hvar er gestaherbergið þar sem ég get borðað páskamáltíðina með lærisveinum mínum?““ **15** Hann sýnir

14:5 \*Sjá orðaskýringar. \*Eða „þeir töluðu reiðilega til; þeir skömmuðu“.

ykkur þá stórt herbergi á efri hæð, búið húsgögnum og tilbúið handa okkur. Útbúið máltíðina þar.“ **16** Lærisveinarnir fóru þá og gengu inn í borgina. Þeir fundu allt eins og hann hafði sagt þeim og undirbjuggu páskamáltíðina.

**17** Um kvöldið kom hann með þeim tólf. **18** Meðan þeir lágu til borðs og átu sagði Jesús: „Trúið mér, einn ykkar sem borðið með mér mun svíkja mig.“ **19** Þeir urðu hryggir og sögðu við hann hver á fætur öðrum: „Er það nokkuð ég?“ **20** Hann sagði við þá: „Það er einn ykkar tólf, sá sem dýfir brauðinu í skálina með mér.“ **21** Mannssonurinn fer reyndar burt eins og skrifað er um hann en illa fer fyrir þeim sem svíkur hann. Það hefði verið betra fyrir þann mann að hafa aldrei fæðst.“

**22** Þeir héldu áfram að borða og hann tók þá brauð, fór með bæn, braut það, gaf þeim og sagði: „Takið þetta, það táknar líkama minn.“ **23** Hann tók síðan bikar, fór með þakkarbæn, rétti þeim hann og þeir drukku allir af honum. **24** Hann sagði við þá: „Þetta táknar blóð mitt, blóð sáttmálans, sem á að úthella í þágu margra.“ **25** Trúið mér, ég mun alls ekki drekka aftur af ávexti vínviðarins fyrr en daginn sem ég drekk nýtt vín í ríki Guðs.“ **26** Að lokum, eftir að hafa sungið lofsöngva,\* fóru þeir til Olíufjallsins.

**27** Jesús sagði við þá: „Þið munuð allir hrasa og falla því að skrifað er: ‘Ég slæ hirðinn og sauðirnir tvístrast.’“ **28** En eftir að ég hef verið reistur upp fer ég á undan ykkur til Galíleu.“ **29** Pétur sagði þá við hann: „Þó að allir hinir hrasa og falli geri ég það ekki.“ **30** Jesús svaraði honum: „Trúðu mér, í dag, já, strax í nótt, áður en hani galar

tvisvar, muntu afneita mér þrisvar.“ **31** En Pétur var enn ákveðnari og sagði: „Þó að ég þyrfti að deyja með þér myndi ég aldrei afneita þér.“ Allir hinir sögðu það sama.

**32** Þeir komu nú til staðar sem heitir Getsemane og hann sagði við lærisveinana: „Setjist hérna meðan ég biðst fyrir.“ **33** Hann tók Pétur, Jakob og Jóhannes með sér. Hann varð örvinglaður\* og angistarfullur **34** og sagði við þá: „Ég\* er yfirkominn af harmi. Biðið hér og vakið.“ **35** Hann fór spölkorn frá þeim, féll til jarðar og bað þess að verða hlíft við þessari stund ef hægt væri. **36** Hann sagði: „Abba,\* faðir, þú getur allt. Taktu þennan bikar frá mér, en þó ekki eins og ég vil heldur eins og þú vilt.“ **37** Hann kom til þeirra aftur og fann þá sofandi. Hann sagði við Pétur: „Símon, ertu sofandi? Gastu ekki haldið þér vakandi eina stund? **38** Vakið og biðið stöðugt svo að þið fallið ekki í freistni. Andinn er að vísu ákafur\* en holdið er veikt.“ **39** Hann fór aftur frá þeim og baðst fyrir með sömu orðum. **40** Og hann kom til baka og fann þá sofandi því að þeir gátu ekki haldið augunum opnum. Þeir vissu ekki hvað þeir áttu að segja við hann. **41** Hann kom aftur í þriðja sinn og sagði við þá: „Þið sofið og hvílið ykkur á stund sem þessari. Þetta er nóg! Stundin er komin. Mannssonurinn verður svikinn í hendur syndara. **42** Standið upp, förum. Sá sem svíkur mig er að koma.“

**43** Í sömu andrá, meðan hann var enn að tala, kom Júdas, einn þeirra tólf, og með honum fjöldi manna með sverð og barefli en yf-

14:33 \*Eða „dasaður“. 14:34 \*Eða „Sál mín“. 14:36 \*Hebreskt eða arameískt ávarpsorð sem merkir ‚faðir‘ og felur í sér hlýju og innileik orðsins ‚pabbi“. 14:38 \*Eða „reiðubúinn“.

irprestarnir, fræðimennirnir og öldungarnir höfðu sent þá. **44** Svikarinn hafði samið um að gefa þeim merki og sagt: „Sá sem ég kyssi er maðurinn, handtakið hann og farið með hann í fylgd varða.“ **45** Hann gekk rակleidis til Jesú og sagði: „Rabbi!“ og kyssti hann blíðlega. **46** Þeir gripu hann þá og tóku hann höndum. **47** En einn viðstaddra dró sverð úr slíðrum, hjó til þjóns æðstaprestsins og sneið af honum eyrað. **48** Jesús sagði þá: „Komuð þið til að handtaka mig með sverðum og bareflum eins og ég væri ræningi? **49** Ég var hjá ykkur í musterinu að kenna dag eftir dag og samt handtókuð þið mig ekki. En þetta gerist til að Ritningarnar rætist.“

**50** Allir lærisveinarnir yfirláfu hann nú og flúðu. **51** En ungur maður fylgdi honum skammt frá. Hann var aðeins klæddur flík úr fínu líni. Þeir reyndu að handsama hann **52** en hann skildi flíkina eftir og komst undan nakinn.\*

**53** Þeir fóru nú með Jesú til æðstaprestsins og allir yfirprestarnir, öldungarnir og fræðimennirnir söfnuðust saman. **54** Pétur fylgdi honum í nokkurri fjarlægð alla leið inn í húsagarð æðstaprestsins. Þar settist hann hjá þjónustufólkinu og yljáði sér við eld. **55** Yfirprestarnir og allt æðstaráðið leituðu nú að mönnum til að vitna gegn Jesú og fá hann liflátinn en fundu enga. **56** Margir báru reyndar ljúgvitni gegn honum en framburði þeirra bar ekki saman. **57** Nokkrir stóðu líka upp, báru ljúgvitni gegn honum og sögðu: **58** „Við heyrðum hann segja: „Ég rif þettausteri sem var gert með höndum og á þrem dögum reisi ég annað sem er ekki gert með hönd-

um.“ **59** En framburði þeirra bar ekki heldur saman um þetta.

**60** Þá stóð æðstipresturinn upp mitt á meðal þeirra og spurði Jesú: „Svarar þú engu? Heyrirðu ekki hvernig þessir menn vitna gegn þér?“ **61** En hann þagði og svaraði ekki einu orði. Æðstipresturinn hélt áfram og spurði: „Ertu Kristur, sonur hins blessaða?“ **62** Þá sagði Jesús: „Ég er hann, og þið munuð sjá Mannssoninn sitja við hægri hönd máttarins\* og koma í skýjum himins.“ **63** Æðstipresturinn reif þá fót sín og sagði: „Þurfum við nokkuð fleiri vitni? **64** Þið heyrðuð guðlastið. Hver er niðurstaða ykkar?“\* Þeir dæmdu hann allir dauðasekan. **65** Þá fóru sumir að hrækja á hann. Þeir huldu andlit hans, slógu hann með hnefunum og sögðu: „Sýndu að þú sért spámaður!“ Réttarþjónarnir slógu hann utan undir og fóru með hann.

**66** Meðan Pétur var niðri í húsagarðinum kom ein af þjónustustúlkum æðstaprestsins þar að. **67** Hún sá Pétur ylja sér, horfði stíft á hann og sagði: „Þú varst líka með manninum frá Nasaret, þessum Jesú.“ **68** En hann neitaði því og sagði: „Ég þekki hann ekki né skil hvað þú ert að tala um.“ Hann gekk síðan út að fordyri garðsins. **69** Þjónustustúlkan kom auga á hann þar og endurtók við þá sem stóðu nærri: „Hann er einn af þeim.“ **70** Hann neitaði því sem fyrr. Þeir sem stóðu nærri sögðu líka við Pétur skömmu seinna: „Vist ertu einn af þeim enda ertu Galíleumaður.“ **71** En hann formælti sjálfum sér\* og sór: „Ég þekki ekki þennan mann sem þið talið um!“ **72** Um leið galaði hani í annað sinn

14:52 \*Eða „léttklæddur; á nærfötunum einum“.

14:62 \*Eða „hins máttuga“. 14:64 \*Eða „Hvað finnst ykkur?“ 14:71 \*Pétur er greinilega að lýsa yfir að eitthvað slæmt kæmi fyrir sig ef hann segði ekki satt.



og Pétur minntist þess sem Jesús hafði sagt við hann: „Áður en hani galar tvisvar muntu afneita mér þrisvar.“ Hann brotnaði saman og brast í grát.

**15** Strax í dögum báru yfirprestarnir, öldungarnir og fræðimennirnir, já, allt Æðstaráðið, saman ráð sín. Þeir bundu Jesú, leiddu hann burt og afhentu hann Pílatusi. **2** Pílatus spurði hann þá: „Ertu konungur Gyðinga?“ Hann svaraði: „Þú segir það sjálfur.“ **3** En yfirprestarnir báru á hann margar sakir. **4** Pílatus hélt áfram og spurði: „Svararðu engu? Þú heyrir hve margt þeir ásaka þig um.“ **5** En Jesús svaraði engu frammar og Pílatus furðaði sig á því.

**6** Á hverri hátíð var hann vanur að láta lausan einn fanga sem fólkíð bað um. **7** Maður að nafni Barabbas var í fangelsi um þetta leyti með uppreisnarmönnum sem höfðu gert uppþot og framið morð. **8** Mannfjöldinn kom nú og bað Pílatus að gera eins og hann var vanur. **9** Hann svaraði og sagði: „Viljið þið að ég láti konung Gyðinga lausan?“ **10** Pílatusi var ljóst að það var vegna ófundar sem yfirprestarnir höfðu framselt Jesú. **11** En yfirprestarnir æstu mannfjöldann til að heimta að hann léti Barabbas lausan í staðinn. **12** Pílatus svaraði aftur og sagði: „Hvað á ég þá að gera við þann sem þið kallið konung Gyðinga?“ **13** Fólkíð æpti á ný: „Staurfestu hann!“ **14** Pílatus hélt áfram og spurði: „Af hverju? Hvað hefur hann brotið af sér?“ En fólkíð æpti bara enn hærra: „Staurfestu hann!“ **15** Pílatus vildi þóknast fólkinu og lét því Barabbas lausan. Hann lét húðstrýkja Jesú og framseldi hann síðan til staurfestingar.

**16** Hermennirnir leiddu hann nú inn í garðinn í höll landstjórans

og kölluðu saman alla hersveitina. **17** Þeir klæddu hann í purpuraskikkju og fléttuðu þyrnikórónu og settu á höfuð hans. **18** Og þeir fóru að kalla til hans: „Lengi lifi\* konungur Gyðinga!“ **19** Þeir slógu hann líka í höfuðið með reyrfstaf og hræktu á hann, féllu á kné fyrir honum og hneigðu höfuðið.\* **20** Að lokum, eftir að hafa hæðst að honum, klæddu þeir hann úr purpuraskikkjunni og í hans eigin fót. Síðan leiddu þeir hann út til að staurfesta hann. **21** Þeir þvinguðu til þjónustu mann nokkurn sem var að koma utan úr sveit og átti leið hjá. Þeir létu hann bera kvalastaurinn.\* Þetta var Símon frá Kýrene, faðir Alexanders og Rúfusar.

**22** Þeir fóru nú með hann á stað sem heitir *Golgata* en það þýðir ‚hauskúpustaður‘. **23** Þar reyndu þeir að gefa honum vín blandað myrru\* en hann þáði það ekki. **24** Og þeir staurfestu hann og skiptu fötum hans á milli sín með því að varpa hlutkesti um hver fengi hvað. **25** Það var um þriðju stund\* sem þeir staurfestu hann. **26** Sakargiftin stóð skrifuð fyrir ofan hann: „Konungur Gyðinga.“ **27** Þeir staurfestu einnig tvo ræningja með honum, annan til hægri og hinn til vinstri. **28** \*— **29** Þeir sem áttu leið hjá gerðu gys að honum, hristu höfuðið og sögðu: „Huh! Þú sem ætlaðir að rífa musterið og endurreisa það á þrem dögum, **30** bjargaðu nú sjálfum þér og komdu niður af kvalastaurnum.“\* **31** Yfirprestarnir og fræðimennirnir—

15:18 \*Eða „Við hyllum þig.“. 15:19 \*Eða „veittu honum lotningu“. 15:21, 30 \*Sjá orðaskýringar. 15:23 \*Myrra var sljógvandi og kvalastillandi. 15:25 \*Það er, um kl. 9. 15:28 \*Þetta vers er ekki í sumum fornum handritum og tilheyrir greinilega ekki innblásinni frásögn Biblíunnar.

ir hæddu hann á sama hátt og sögðu hver við annan: „Öðrum bjargaði hann en sjálfum sér getur hann ekki bjargað! 32 Nú ætti Kristur konungur Ísraels að koma niður af kvalastarnum\* svo að við sjáum það og trúum.“ Meira að segja þeir sem voru staurfestir með honum smánuðu hann.

33 Um sjöttu stund\* skall á myrkur í öllu landinu og það stóð fram á níundu stund.<sup>#</sup> 34 Og um níundu stund hrópaði Jesús hárrí röddu: „Eli, Eli, lama sabaktani?“ sem þýðir: „Guð minn, Guð minn, hvers vegna hefurðu yfirgefið mig?“

35 Sumir nærstaddir sögðu þegar þeir heyrðu það: „Heyrið, hann kallar á Elía.“ 36 Þá hljóp til maður, dýfði svampi í súrt vín, stakk honum á reyrstaf og gaf honum að drekka. Hann sagði: „Látum hann vera. Sjáum hvort Elía kemur og tekur hann niður.“ 37 En Jesús hrópaði hátt og gaf upp andann. 38 Og fortjald musterisins rifnaði í tvennt, ofan frá og niður úr. 39 Þegar liðsforinginn, sem stóð andspænis honum, sá hvað gerðist við dauða hans sagði hann: „Þessi maður var sannarlega sonur Guðs.“

40 Þarna voru einnig konur sem horfðu á úr fjarlægð, þeirra á meðal María Magdalena og María, móðir Jakobs yngra\* og Jóse, og Salóme. 41 Þær höfðu fylgt honum og þjónað honum þegar hann var í Galíleu. Þarna voru líka margar aðrar konur sem höfðu komið með honum upp til Jerúsalem.

42 Nú var áliðið dags og það var undirbúningsdagur, það er að segja dagurinn fyrir hvíldardag. 43 Jósef frá Arímaþeu, virtur maður í Ráðinu sem sjálfur vænti ríkis Guðs, tók þess vegna í

sig kjark, gekk fyrir Pílatus og bað um lík Jesú. 44 En Pílatusi var spurn hvort Jesús væri þegar dáinn. Hann kallaði á liðsforingjann og spurði hvort svo væri. 45 Eftir að hafa fengið það staðfest hjá honum leyfði hann að Jósef fengi líkið. 46 Jósef keypti dúk úr finu líni, tók lík hans niður og vafði það í línúkin. Hann lagði það í gröf\* sem var höggvin í klett og velti síðan steini fyrir grafarmunnann. 47 En María Magdalena og María móðir Jóse stöldrúðu við og horfðu á staðinn þar sem hann hafði verið lagður.

**16** Þegar hvíldardagurinn var liðinn keyptu María Magdalena, María móðir Jakobs og Salóme ilmurtur til að bera á líkama Jesú. 2 Mjög snemma á fyrsta degi vikunnar, eftir sólarupprás, komu þær að gröfinni.\* 3 Þær sögðu hver við aðra: „Hver á að velta steininum frá grafarmunnum fyrir okkur?“ 4 En þegar þær litu upp sáu þær að steininum hafði verið velt frá þó að hann væri mjög stór. 5 Þær stigu inn í gröfina og sáu þá ungan mann sitja hægra megin, klæddan hvítum kyrtli. Þeim snarbrá 6 en hann sagði við þær: „Látið ykkur ekki bregða. Þið leitið að Jesú frá Nasaret sem var staurfestur. Hann hefur verið reistur upp. Hann er ekki hér. Sjáið, þetta er staðurinn þar sem þeir lögðu hann. 7 Farið og segið lærisveinum hans og Pétri: „Hann fer á undan ykkur til Galíleu. Þar fáið þið að sjá hann eins og hann sagði ykkur.“ 8 Þegar þær komu út voru þær skjálfandi og í mikilli geðshræringu og flúðu frá gröfinni. Þær sögðu engum neitt því að þær voru óttaslegnar.\*

15:32 \*Sjá orðaskýringar. 15:33 \*Það er, um kl. 12 á hádegi. <sup>#</sup>Það er, um kl. 15. 15:40 \*Eða „hins minni“.

15:46 \*Eða „minningargröf“. 16:2 \*Eða „minningargröfinni“. 16:8 \*Samkvæmt áreiðanlegum fornum handritum lýkur Markúsarguðspjalli með orðunum í 8. versu.

# LÚKAS

## SEGIR FRÁ

### YFIRLIT

- Lúkas ávarpar Þeófilus (1-4)  
Gabríel boðar fæðingu Jóhannesar skírara (5-25)  
Gabríel boðar fæðingu Jesú (26-38)  
María heimsækir Elísabetu (39-45)  
María vegsamar Jehóva (46-56)  
Jóhannes fæðist og er nefndur (57-66)  
Spádómur Sakaríá (67-80)
- Fæðing Jesú (1-7)  
Englar birtast fjárhirðum (8-20)  
Umskurður og hreinsun (21-24)  
Símeon sér Krist (25-35)  
Anna talar um barnið (36-38)  
Setjast að í Nasaret (39, 40)  
Jesús 12 ára í musterinu (41-52)
- Jóhannes byrjar starf sitt (1, 2)  
Jóhannes boðar skírni (3-20)  
Skírni Jesú (21, 22)  
Ættartala Jesú Krists (23-38)
- Djöfullinn freistar Jesú (1-13)  
Jesús byrjar boðun í Galíleu (14, 15)  
Jesú hafnað í Nasaret (16-30)  
Í samkunduhúsinu í Kapernaúm (31-37)  
Jesús lækna tengdamóður Símonar og fleiri (38-41)  
Fólk finnur Jesú á óbyggðum stað (42-44)
- Undraverður fiskafli; fyrstu lærisveinarnir (1-11)  
Hold sveikur maður læknastr (12-16)  
Jesús lækna lamaðan mann (17-26)  
Jesús kallar Leví (27-32)  
Spurning um föstu (33-39)
- Jesús er „drottinn hvíldardagsins“ (1-5)  
Maður með visna hönd læknastr (6-11)  
Postularnir 12 (12-16)  
Jesús kennir og læknastr (17-19)  
Hamingja og ógæfa (20-26)  
Að elska óvini sína (27-36)  
Hættið að dæma (37-42)
- Þeir þekkjastr af ávöxtum sínum (43-45)  
Vel byggt hús; hús án traustrar undirstöðu (46-49)
- Liðsforingi sýnir trú (1-10)  
Jesús reisir upp son ekkju í Nain (11-17)  
Jesús ber lof á Jóhannes skírara (18-30)  
Jesús fordæmir forherta kynslóð (31-35)  
Syndug kona fær fyrirgefningu (36-50)  
Dæmisaga um skulduga menn (41-43)
- Konur sem fylgdu Jesú (1-3)  
Dæmisagan um akuryrkjumanninn (4-8)  
Ástæða þess að Jesús kenndi með dæmisögum (9, 10)  
Útskýrir dæmisöguna um akuryrkjumanninn (11-15)  
Ekki á að hylja lampa (16-18)  
Móðir Jesú og bræður (19-21)  
Jesús lægir storm (22-25)  
Jesús sendir illa anda í svín (26-39)  
Dóttir Jaírusar; kona snertir yfirhöfn Jesú (40-56)
- Hinir tólf fá fyrirmæli um boðunina (1-6)  
Heródes ráðvilltur vegna Jesú (7-9)  
Jesús gefur 5.000 að borða (10-17)  
Pétur segir að Jesús sé Kristur (18-20)  
Jesús segir fyrir um dauða sinn (21, 22)  
Að vera sannur lærisveinn (23-27)  
Ummyndun Jesú (28-36)  
Andsetinn drengur læknastr (37-43a)  
Jesús spáir aftur um dauða sinn (43b-45)  
Lærisveinarnir deila um hver sé mestur (46-48)  
Sá sem er ekki á móti okkur er með okkur (49, 50)

- Jesú hafnað í samversku þorpi (51–56)  
Að fylgja Jesú (57–62)
- 10 Jesús sendir út 70 lærisveina (1–12)  
Aumar borgir sem iðrast ekki (13–16)  
Lærisveinarnir 70 snúa aftur (17–20)  
Jesús lofar föður sinn fyrir að sýna  
auðmjúkum velvild (21–24)  
Dæmisagan um miskunnsama  
Samverjann (25–37)  
Jesús heimsækir Mörtu og  
Maríu (38–42)
- 11 Að biðja bæna (1–13)  
Fyrirmynd að bæn (2–4)  
Illir andar reknir út með fingri  
Guðs (14–23)  
Óhreinn andi snýr aftur (24–26)  
Sönn hamingja (27, 28)  
Tákn Jónasar (29–32)  
Lampi líkamans (33–36)  
Illa fer fyrir trúarhræsnurum (37–54)
- 12 Súrdeig faríseanna (1–3)  
Hræðist Guð en ekki menn (4–7)  
Að kannast við Krist (8–12)  
Dæmisagan um óskynsama, ríka  
manninn (13–21)  
Hættið að hafa áhyggjur (22–34)  
Litla hjörðin (32)  
Að vera viðbúinn (35–40)  
Trúi ráðsmaðurinn og ótrúr  
ráðsmaður (41–48)  
Ekki friður heldur sundrung (49–53)  
Að skilja þýðingu þess sem er  
að gerast (54–56)  
Að ná sáttum (57–59)
- 13 Iðrist eða deyið (1–5)  
Dæmisagan um fikjutræð sem bar  
ekki ávöxt (6–9)  
Bækluð kona læknast á  
hvíldardegi (10–17)  
Dæmisögurnar um sinnepsfræið  
og súrdeigið (18–21)  
Það reynir á að komast inn um  
þröngu dyrnar (22–30)  
Heródes kallaður refur (31–33)  
Jesús harmar örlög Jerúsalem (34, 35)
- 14 Maður með mikinn bjúg læknast  
á hvíldardegi (1–6)  
Vertu auðmjúkur gestur (7–11)
- Bjódðu þeim sem geta ekki  
endurgoldið þér (12–14)  
Dæmisagan um gestina sem færðust  
undan (15–24)  
Það kostar sitt að vera  
lærisveinn (25–33)  
Saltið sem missir seltuna (34, 35)
- 15 Dæmisagan um týnda sauðinn (1–7)  
Dæmisagan um týndu  
drókmuna (8–10)  
Dæmisagan um týnda soninn (11–32)
- 16 Dæmisagan um rangláta  
ráðsmanninn (1–13)  
,Sá sem er trúr í því smæsta er  
trúr í miklu' (10)  
Lögin og ríki Guðs (14–18)  
Dæmisagan um ríka manninn  
og Lasarus (19–31)
- 17 Að falla, fyrirgefa og trúá (1–6)  
Ómerkilegir þjónar (7–10)  
Tíu holdsveikir menn læknast (11–19)  
Þannig kemur ríki Guðs (20–37)  
Ríki Guðs er „meðal ykkar“ (21)  
„Munið eftir konu Lots“ (32)
- 18 Dæmisagan um þrautseigu  
ekkjuna (1–8)  
Fariseinn og  
skattheimtumaðurinn (9–14)  
Jesús og börnin (15–17)  
Ríkur leiðtogi spyr Jesú (18–30)  
Jesús spáir aftur um dauða  
sinn (31–34)  
Blindur betlari fær sjónina (35–43)
- 19 Jesús heimsækir Sakkeus (1–10)  
Dæmisagan um mínurnar tíu (11–27)  
Jesús ríður sigri hrósandi inn  
í Jerúsalem (28–40)  
Jesús grætur yfir Jerúsalem (41–44)  
Jesús hreinsar musterið (45–48)
- 20 Vald Jesú véfengt (1–8)  
Dæmisagan um grimmu  
vínyrkjana (9–19)  
Guð og keisarinn (20–26)  
Jesús spurður um upprisuna (27–40)  
Er Kristur sonur Davíðs? (41–44)  
Jesús varar við fræðimönnum (45–47)
- 21 Tveir smápeningar fátæku  
ekkjunnar (1–4)

TÁKN ÞESS SEM Á AÐ VERÐA (5–36)  
 Stríð, miklir jarðskjálftar,  
 drepsóttir, hungursneyðir (10, 11)  
 Hersveitir umkringja Jerúsalem (20)  
 Tilsettur tími þjóðanna (24)  
 Koma Mannssonarins (27)  
 Líking af fikjutrénu (29–33)  
 Vakið (34–36)  
 Jesús kennir í musterinu (37, 38)

- 22 Prestar leggja á ráðin um að lífláta  
 Jesú (1–6)  
 Síðasta páskamáltíðin undirbúin (7–13)  
 Kvöldmáltíð Drottins innleidd (14–20)  
 „Sá sem svikur mig er við borðið  
 hjá mér“ (21–23)  
 Rifist um hver sé mestur (24–27)  
 Sáttmáli Jesú um ríki (28–30)  
 Jesús segir fyrir að Pétur afneiti  
 honum (31–34)

Nauðsynlegt að vera viðbúinn;  
 tvö sverð (35–38)  
 Bæn Jesú á Ólíufjallinu (39–46)  
 Jesús handtekinn (47–53)  
 Pétur afneitar Jesú (54–62)  
 Hæðst að Jesú (63–65)  
 Æðstaráðið réttar yfir Jesú (66–71)

- 23 Jesús fyrir Pílatusi og  
 Heródesi (1–25)  
 Jesús og tveir afbrotamenn  
 staurfestir (26–43)  
 „Þú verður með mér í paradís“ (43)  
 Jesús deyr (44–49)  
 Jesús lagður í gróf (50–56)
- 24 Jesús reistur upp (1–12)  
 Á veginum til Emmaus (13–35)  
 Jesús birtist lærisveinum (36–49)  
 Jesús stígur upp til himna (50–53)

**1** Margir hafa tekið sér fyrir hendur að rekja sögu þeirra atburða sem við trúum staðfastlega. **2** Við fengum hana frá þeim sem voru sjónarvottar að atburðunum allt frá upphafi og boða boðskapinn. **3** Eftir að hafa athugað allt þetta nákvæmlega frá upphafi ákvað ég því einnig að skrifa samfellda frásögu handa þér, göfugi Þeófilus. **4** Þannig geturðu fullvissað þig um að það sem þú hefur lært af munnli annarra sé áreiðanlegt.

**5** Á dögum Heródesar,\* konungs í Júdeu, var uppi prestur að nafni Sakaríja en hann var af flokki Abía. Kona hans var af ætt Arons og hét Elisabet. **6** Þau voru bæði réttlát og lifðu óaðfinnanlega eftir öllum boðorðum og lögum Jehóva\* Guðs. **7** En þau voru barnlaus þar sem Elisabet gat ekki eignast börn og þau voru bæði orðin gömul.

**8** Eitt sinn þegar Sakaríja gegndi prestsþjónustu frammi fyrir Guði

ásamt flokki sínum **9** kom röðin að honum, samkvæmt venju prest-dómsins, að ganga inn í helgidóm Jehóva\* og fórna reykelisi. **10** Allur mannfjöldinn var fyrir utan og baðst fyrir meðan reykelisfórnin var færð. **11** Engill Jehóva\* birtist honum og stóð hægra megin við reykelisaltarið. **12** Sakaríja brá við að sjá hann og varð skelfingu lostinn. **13** En engillinn sagði við hann: „Vertu óhræddur, Sakaríja, því að Guð hefur heyrt auðmjúka bæn þína. Elisabet kona þín mun fæða þér son og þú skalt láta hann heita Jóhannes. **14** Þú munt fagna og gleðjast ákaflega og margir munu fagna fæðingu hans **15** því að hann verður mikill í augum Jehóva.\* En hann má hvorki drekka vín né nokkurn áfengan drykk. Hann mun fyllast heilögum anda jafnvel fyrir fæðingu“ **16** og snúa mörgum sonum Ísraels aftur til Jehóva\* Guðs

1:5, 6, 9, 11, 15, 16 \*Sjá orðaskýringar.

1:15 \*Eða „allt frá móðurkviði“.

þeirra. **17** Hann mun einnig ganga á undan honum í anda og krafti Elía til að gera hjörtu feðra eins og hjörtu barna\* og hjálpa óhlyðnum að breyta viturlega eins og hinir réttlátu. Þannig undirbýr hann fólk svo að það sé tilbúið að þjóna Jehóva.“<sup>#</sup>

**18** Sakaríía sagði við engilinn: „Hvernig get ég treyst þessu? Ég er orðinn gamall og konan mín sömu-leiðis.“ **19** Engillinn svaraði: „Ég er Gabríel sem stend frammi fyrir Guði og ég var sendur til að tala við þig og flytja þér þessa gleðifrétt. **20** En þú verður mállaus og getur ekki talað fyrr en daginn sem þetta á sér stað því að þú trúðir ekki orðum mínum sem munu rætast á tilsettum tíma.“ **21** Meðan þessu fór fram beið fólkíð eftir Sakaríía og var hissa hve lengi hann var inni í helgidóminum. **22** Þegar hann kom út gat hann ekki talað og fólkíð gerði sér grein fyrir að hann hafði séð yfirnáttúrulega sýn\* í helgidóminum. Hann tjáði sig með bendingum en var áfram mállaus. **23** Þegar þjónustudagar\* hans voru á enda fór hann heim til sín.

**24** Nokkrum dögum síðar varð Elísabet kona hans barnshafandi. Hún hélt sig heima fyrir í fimm mánuði og sagði: **25** „Þetta hefur Jehóva“ gert fyrir mig. Hann hefur gefið mér gaum og afmáð skömm mína meðal manna.“

**26** Þegar hún var komin á sjötta mánuð sendi Guð engilinn Gabríel til borgar í Galíleu sem heitir Nasaret, **27** til meyjar sem var trúlofuð manni af ætt Davíðs. Hann hét Jósef og mærin hét María. **28** Engillinn kom inn til hennar og

sagði: „Sæl vert þú sem Guð hefur velþóknun á. Jehóva“ er með þér.“ **29** Henni brá mjög við orð hans og hún reyndi að átta sig á hvað þessi kveðja merkti. **30** Engillinn sagði þá við hana: „Vertu óhrædd, María, því að Guð hefur velþóknun á þér. **31** Þú skalt verða barnshafandi og fæða son og þú skalt láta hann heita Jesú. **32** Hann verður mikill og verður kallaður sonur hins hæsta, og Jehóva“ Guð mun gefa honum háseti Davíðs föður hans. **33** Hann mun ríkja sem konungur yfir ætt Jakobs að eilífu og enginn endir verður á ríki hans.“

**34** En María sagði við engilinn: „Hvernig getur þetta gerst fyrst? Ég hef ekki haft kynmök við mann?“ **35** Engillinn svaraði henni: „Heilagur andi mun koma yfir þig og kraftur hins hæsta umlykja þig. Þess vegna verður barnið sem fæðist kallað heilagt, sonur Guðs. **36** Elísabet frænka þín, sem sagt var að gæti ekki eignast börn, gengur einnig með son á gamals aldri og er komin á sjötta mánuð **37** því að ekkert sem Guð segir er honum ofviða.“<sup>\*</sup> **38** María sagði þá: „Ég er ambátt Jehóva.“ Megi gerast hjá mér eins og þú hefur sagt.“ Þá fór engillinn.

**39** Skömmu síðar lagði María af stað og flytti sér til borgar í fjallendi Júda. **40** Hún kom inn á heimili Sakaríía og heilsaði Elísabetu. **41** Þegar Elísabet heyrði kveðju Maríu sparkaði barnið í kviði hennar og hún fylltist heilögum anda **42** og hrópaði: „Blessuð sértu meðal kvenna og blessaður sé ávöxtur kviðar þíns! **43** Hvað kemur til að mér veitist þessi heiður að móðir Drottins míns kemur til mín? **44** Barnið í kviði mér sparkaði af gleði þegar ég heyrði kveðju þína. **45** Og hamingjusöm ert þú sem

1:17 \*Eða „snúa hjörtum feðra til barna“. 1:17, 25, 28, 32, 38 <sup>#</sup>Sjá orðaskýringar. 1:22 \*Eða „fengið vitrun“. 1:23 \*Eða „dagar helgiþjónustu; dagar opinberrar þjónustu“.

1:37 \*Eða „ekkert er Guði ofviða“.

trúðir, því að allt sem Jehóva\* sagði þér mun rætast að fullu.“

**46** María sagði: „Sál\* mín“ vegsamar Jehóva\* **47** og hjarta mitt fagnar yfir Guði, frelsara mínum, **48** því að hann hefur gefið gaum að ambátt sinni í smæð hennar. Héðan í frá munu allar kynslóðir kalla mig hamingjusama **49** því að mikla hluti hefur hinn máttugi gert fyrir mig, og heilagt er nafn hans. **50** Kynslóð eftir kynslóð sýnir hann miskunn þeim sem óttast hann. **51** Hann hefur unnið máttarverk með armi sínum og tvístrað þeim sem eru hrokafullir í hjarta. **52** Hann hefur steipt valdamönnum af stóli og upphafið lágt setta, **53** hann hefur mettað hungraða með því sem gott er og sent auðmenn tómhenta frá sér. **54** Hann hefur komið Ísrael þjóni sínum til hjálpar og minnst miskunnar sinnar **55** við Abraham og afkóndur hans að eilífu eins og hann sagði forfeðrum okkar.“ **56** María dvaldist hjá henni hér um bil þrjá mánuði en sneri svo aftur heim til sín.

**57** Nú kom að því að Elísabet skyldi fæða og hún eignaðist son. **58** Nágrannar hennar og ættlingjar fréttu að Jehóva\* hefði sýnt henni mikla miskunn og samglóddust henni. **59** Á áttunda degi komu þeir þegar átti að umskera drenginn og þeir vildu láta hann heita í höfuðið á Sakaríu föður sínum. **60** En móðir hans svaraði: „Nei, hann á að heita Jóhannes.“ **61** Þeir sögðu við hana: „Enginn ættingi þinn heitir þessu nafni.“ **62** Þeir spurðu síðan föður hans með bendingum hvað hann vildi láta hann heita. **63** Hann bað þá um spjald og skrifaði: „Hann heitir Jóhannes.“ Allir urðu mjög undrandi. **64** Samstundis opnað-

ist munnur hans og það losnaði um tungu hans og hann fór að tala og lofa Guð. **65** Allir sem bjuggu í nágrenninu fylltust lotningu og fréttirnar af þessu bárust út um allt fjallendi Júdeu. **66** Allir sem heyrðu þetta veltu þessu fyrir sér og sögðu: „Hvað skyldi verða úr þessu barni?“ því að hönd Jehóva\* var sannarlega með drengnum.

**67** Sakaríu faðir hans fylltist nú heilögum anda, boðaði boðskap frá Guði og sagði: **68** „Lofaður sé Jehóva\* Guð Ísraels því að hann hefur gefið gaum að fólki sínu til að veita því frelsun. **69** Hann hefur reist okkur horn frelsunar\* af ætt Davíðs þjóns síns **70** eins og hann sagði fyrir tilstilli heilagra spámannanna sinna til forna. **71** Hann lofaði að frelsa okkur úr hendi óvina okkar og allra sem hata okkur **72** og sýna miskunn eins og hann lofaði forfeðrum okkar og minnst heilags sáttmála síns, **73** eidsins sem hann sör Abraham forföður okkar. **74** Eftir að Guð hefur frelsað okkur úr hendi óvina okkar fáum við þann heiður að veita honum heilaga þjónustu ótalaust **75** í hollustu og réttlæti alla daga okkar. **76** En þú, litla barn, verður kallað spámaður hins hæsta því að þú munt ganga á undan Jehóva\* til að greiða veg hans **77** og upplýsa fólk hans um að hann frelsi það með því að fyrirgefa syndir þess. **78** Þessu veldur innileg samúð Guðs. Hennar vegna sjáum við ljós af himni eins og þegar sólin rennur upp **79** til að lýsa þeim sem sitja í myrkri og skugga dauðans og til að leiða fætur okkar eftir vegi friðarins.“

**80** Drengurinn óx að innri styrk og varð kraftmikill maður,\* og hann

1:45, 46, 58, 66, 68, 76 \*Sjá orðaskýringar. 1:46 \*Eða „Allt sem í mér býr“.

1:69 \*Eða „máttugan frelsara“. Sjá orðaskýringar, „horn“. 1:80 \*Orðrétt „varð sterkur í andanum“.

hélt sig í óbyggðunum þangað til hann kom fram á sjónarsviðið í Ísrael.

**2** Um þessar mundir kom sú tilskipun frá Ágústusi keisara að skrásetja skyldi alla íbúa ríkisins.\* **2** (Þetta var fyrri skrásetningin og hún var gerð meðan Kýreníus var landstjóri í Sýrlandi.) **3** Allir fóru til að láta skrá sig, hver til sinnar borgar. **4** Jósef gerði það auðvitað líka. Hann var af ætt Davíðs og fór því frá borginni Nasaret í Galíleu til Júdeu, til borgar Davíðs sem heitir Betlehem. **5** Hann fór til að láta skrá sig ásamt Maríu eiginkonu sinni\* sem átti von á sér um þetta leyti. **6** Meðan þau voru þar kom sá tími að hún skyldi fæða. **7** Hún fæddi son, frumburð sinn, vafði hann í reifar og lagði hann í jötu þar sem ekki var pláss fyrir þau í gistihúsinu.

**8** Á þessum slóðum héldu fjárhirðar til undir berum himni og gættu hjarða sinna um nóttina. **9** Skyndilega stóð engill Jehóva\* frammi fyrir þeim og dýrð Jehóva\* ljómaði í kringum þá. Þeir urðu mjög hræddir **10** en engillinn sagði við þá: „Verið óhræddir því að ég flet ykkur fagnaðarboðskap sem verður öllum til mikillar gleði. **11** Í dag fæddist ykkur frelsari í borg Davíðs, það er Drottinn Kristur. **12** Hafið þetta til marks: Þið finnið ungbarn vafið í reifar og liggjandi í jötu.“ **13** Allt í einu birtist með englinum mikill fjöldi engla.\* Þeir lofuðu Guð og sögðu: **14** „Dýrð sé Guði í hæðum uppi og friður á jörð meðal manna sem hann hefur velþóknun á.“\*

2:1 \*Orðrétt „alla heimsbyggðina“. 2:5 \*Orðrétt „sem hafði gifst honum eins og hafði verið lofað“. 2:9, 15, 22-24, 26 \*Sjá orðaskýringar. 2:13 \*Eða „engla úr her himnanna“. 2:14 \*Eða „vill sýna góðvild“.

**15** Þegar englarnir voru farnir frá þeim til himins sögðu fjárhirðarnir hver við annan: „Við verðum að fara til Betlehem til að sjá það sem hefur gerst og Jehóva\* hefur látið okkur vita af.“ **16** Og þeir flýttu sér þangað og fundu Maríu og Jósef og ungbarnið sem lá í jötunni. **17** Þegar þeir sáu þetta sögðu þeir frá því sem þeim hafði verið sagt um barnið. **18** Allir sem heyrðu til undruðust það sem hirðarnir sögðu **19** en María geymdi allt þetta í hjarta sér og hugleiddi hvað það merkti. **20** Á leiðinni til baka lofuðu hirðarnir Guð og vegsömuðu hann fyrir það sem þeir höfðu heyrt og séð en allt var það eins og þeim hafði verið sagt.

**21** Átta dögum síðar kom að því að umskera drenginn og hann var þá nefndur Jesús eins og engillinn sagði að hann ætti að heita áður en hann var getinn í móðurkviði.

**22** Þegar tíminn kom að þau skyldu hreinsast í samræmi við Móselögin fóru þau með hann upp til Jerúsalem til að bera hann fram fyrir Jehóva\* **23** eins og stendur í lögum Jehóva:\* „Hver karlkyns frumburður“ skal vera helgaður Jehóva.“\* **24** Og þau færðu fórn í samræmi við lög Jehóva\* en þar segir: „tvær turtildúfur eða tvær ungar dúfur“.

**25** Í Jerúsalem var réttlátur og guðrækin maður sem hét Símeon. Hann beiddi þess að Ísrael fengi huggun, og heilagur andi var yfir honum. **26** Guð hafði líka opinberað honum fyrir tilstilli heilags anda að hann myndi ekki deyja fyrr en hann hefði séð Krist sem Jehóva\* sendi. **27** Hann kom nú í musteríð eftir leiðsögn andans, og þegar foreldrarnir komu með drenginn

2:23 \*Orðrétt „Allt karlkyns sem opnar móðurlíf“.



Jesú til að gera eins og venja var samkvæmt lögnum **28** tók hann drenginn í faðm sér, lofaði Guð og sagði: **29** „Alvaldur Drottinn, nú lætur þú þjón þinn fara í friði eins og þú hefur lofað, **30** því að augu mín hafa séð þann sem veitir frelsun **31** og þú hefur sent í augsyn allra þjóða. **32** Hann verður ljós til að eyða hulunni sem umlykur þjóðirnar og verður til dýrðar þjóð þinni, Ísrael.“ **33** Faðir og móðir drengsins undruðust það sem sagt var um hann. **34** Símeon blessaði þau og sagði við Maríu móður barnsins: „Þessi drengur verður til þess að margir í Ísrael falla og aðrir rísa upp, og hann verður tákn sem margir tala gegn. **35** Þannig kemur innsta eðli margra\* í ljós en sverð“ mun nísta sál þína.“

**36** Nú var þar spákona sem hét Anna Fanúelsdóttir og var af ættkvísl Assers. Hún var orðin öldruð og hafði búið með manni sínum í sjö ár eftir að þau giftust\* **37** en var nú ekkja, 84 ára gömul. Hún var öllum stundum í musterinu og veitti heilaga þjónustu dag og nótt með föstum og innilegum bænum. **38** Hún kom til þeirra á þessari sömu stundu og fór að þakka Guði og tala um barnið við alla sem væntu þess að Jerúsalem yrði frelsuð.

**39** Þegar þau höfðu gert allt sem kveðið var á um í lögum Jehóva\* sneru þau aftur til Galíleu, til heimaborgar sinnar Nasaret. **40** Drengurinn stækkaði, styrktist og óx að viti og Guð hafði velþóknun á honum.

**41** Nú voru foreldrar hans vanir að fara til Jerúsalem á hverju ári til að sækja páskahátíðina. **42** Þegar

2:35 \*Eða „koma hugsanir margra hjartna“. „Orðrétt „langt sverð“. 2:36 \*Orðrétt „frá því að hún var mey“. 2:39 \*Sjá orðaskýringar.

hann var 12 ára fóru þau upp eftir til hátíðarinnar eins og þau voru vön. **43** Þegar þau héldu heim á leið eftir hátíðisdagana varð drengurinn Jesús eftir í Jerúsalem en foreldrarnir tóku ekki eftir því. **44** Þau gerðu ráð fyrir að hann væri með samferðafólkinu og fóru eina dagleið áður en þau byrjuðu að leita hans meðal ættingja og kunningja. **45** En þau fundu hann ekki og sneru því aftur til Jerúsalem og leituðu að honum úti um allt. **46** Eftir þrjá daga fundu þau hann í musterinu þar sem hann sat meðal kennaranna, hlustaði á þá og spurði þá spurninga. **47** Allir sem heyrðu til hans voru forviða á skilningi hans og svörum. **48** Foreldrar hans voru gáttaðir þegar þeir sáu hann og móðir hans spurði: „Barn, hvers vegna gerðirðu okkur þetta? Við faðir þinn höfum leitað örvæntingarfull að þér.“ **49** Hann svaraði þeim: „Hvers vegna voruð þið að leita að mér? Vissuð þið ekki að ég hlaut að vera í húsi föður míns?“ **50** En þau skildu ekki hvað hann átti við.

**51** Hann fór síðan með þeim heim til Nasaret og var þeim hlýðinn\* áfram. En móðir hans geymdi öll þessi orð í hjarta sér. **52** Jesús þroskaðist jafnt og þétt að viti og vexti og bæði Guð og menn fengu sífellt meiri mætur á honum.

**3** Á 15. stjórnarári Tiberíusar keisara, þegar Pontíus Pílatus var landstjóri í Júdeu, Heródes\* héraðsstjóri\* í Galíleu, Filippus bróðir hans héraðsstjóri í Ítúreu og Trakónítishéraði og Lýsanías héraðsstjóri í Abílene, **2** á dögum Annasar yfirprests og Kaifasar, kom orð Guðs til Jóhannesar Sakaríasonar í óbyggðunum.

2:51 \*Eða „undirgefinn“. 3:1 \*Það er, Heródes Antípas. Sjá orðaskýringar. „Orðrétt „fjórðungsstjóri; tetrarkí“.

3 Hann fór þá um allt svæðið meðfram Jórdan og boðaði skírn til tákns um iðrun sem leiðir til fyrirgefningar synda 4 eins og stendur í bókinni sem geymir orð Jesaja spámanns: „Rödd manns hrópar í óbyggðunum: „Greiddið veg Jehóva!“ Gerið brautir hans beinar. 5 Hver dalur skal fyllast og hvert fjall og hæð jafnast út, krókóttir vegir verða beinir og ójafnir vegir sléttir 6 og allir menn\* munu sjá þá frelsun sem Guð veitir.“#

7 Þegar fólk hópaðist til hans til að láta skírast sagði hann: „Þið nöðruafkvæmi, hver hefur sagt ykkur að þið getið flúið hina komandi reiði? 8 Berið ávöxt sem sýnir\* að þið hafið iðrast. Segið ekki með sjálfum ykkur: „Abraham er faðir okkar.“ Ég segi ykkur að Guð getur myndað börn handa Abraham úr þessum steinum. 9 Öxin liggur nú þegar við rætur trjáanna. Hvert það tré sem ber ekki góðan ávöxt verður höggvið og því kastað í eldinn.“

10 En fólkíð spurði hann: „Hvað eigum við þá að gera?“ 11 Hann svaraði: „Sá sem á tvenn fót\* taki önnur þeirra og gefi þeim sem á engin og sá sem á eitthvað að borða gefi þeim sem ekkert hefur.“ 12 Skattheimtumenn komu jafnvel til að skírast og sögðu við hann: „Kennari, hvað eigum við að gera?“ 13 Hann svaraði: „Heimtið\* ekki hærri skatt en lögboðið er.“ 14 Hermenn spurðu hann líka: „Hvað eigum við að gera?“ Hann sagði við þá: „Kúgið ekki fé af neinum né berið á þá rangar sakir heldur verið ánægðir með það sem þið fáid.“\*

3:4 \*Sjá orðaskýringar. 3:6 \*Orðrétt „allt hold“. #Eða „sjá hvernig Guð frelsar“. 3:8 \*Eða „Sýnið í verki“. 3:11 \*Eða „á aukafót“. 3:13 \*Eða „Innheimtið“. 3:14 \*Eða „fáið í laun“.

15 Nú var fólk eftirvæntingarfullt og velti fyrir sér hvort Jóhannesar gæti verið Kristur. 16 Jóhannesar sagði þá við alla: „Ég skíri ykkur með vatni en sá kemur sem er máttugri en ég og ég er ekki þess verður að leysa ólarnar á ilskóm hans. Hann mun skíra ykkur með heilögum anda og eldi. 17 Hann er með varpsköfluna\* í hendinni til að gerhreinsa þreskivöllinn og safna hveitinu í hlöðu sína en brenna hismið í óslökkvandi eldi.“

18 Jóhannesar leiðbeindi fólkíka líka á marga aðra vegu og boðaði því fagnaðarboðskapinn. 19 Hann ávitaði Heródes héraðsstjóra vegna Heródíasar, konu bróður hans, og alls hins illa sem hann hafði gert 20 en Heródes vann enn eitt vonskuverk: Hann varpaði Jóhannesi í fangelsi.

21 Þegar allt fólkíð skírðist lét Jesús einnig skírast. Meðan hann baðst fyrir opnuðust himnarnir 22 og heilagur andi kom niður yfir hann í sýnilegri\* mynd eins og dúfa, og rödd heyrðist af himni: „Þú ert sonur minn sem ég elska. Ég hef velpóknun á þér.“

23 Jesús var um þritugt þegar hann hóf starf sitt og var álitinn

sonur Jósefs,  
sonar Elí,

24 sonar Mattats,  
sonar Leví,  
sonar Melkí,  
sonar Jannaí,  
sonar Jósefs,

25 sonar Mattatíasar,  
sonar Amosar,  
sonar Nahúms,  
sonar Esli,  
sonar Naggaí,

26 sonar Maats,  
sonar Mattatíasar,

3:17 \*Áhald sem var notað til að skilja hismið frá korninu. 3:22 \*Orðrétt „líkamlegri“.

- sonar Semeíns,  
sonar Jóseks,  
sonar Jóða,  
27 sonar Jóhanans,  
sonar Hresa,  
sonar Serúbabels,  
sonar Sealtíels,  
sonar Nerí,  
28 sonar Melkí,  
sonar Addí,  
sonar Kósams,  
sonar Elmadams,  
sonar Ers,  
29 sonar Jesú,  
sonar Eliesers,  
sonar Jóríms,  
sonar Mattats,  
sonar Leví,  
30 sonar Símeons,  
sonar Júdasar,  
sonar Jósefs,  
sonar Jónams,  
sonar Eljakíms,  
31 sonar Melea,  
sonar Menna,  
sonar Mattata,  
sonar Natans,  
sonar Davíðs,  
32 sonar Ísaí,  
sonar Óbeðs,  
sonar Bóasar,  
sonar Salmóns,  
sonar Naksons,  
33 sonar Ammínadabs,  
sonar Arní,  
sonar Hesróns,  
sonar Peresar,  
sonar Júða,  
34 sonar Jakobs,  
sonar Ísaks,  
sonar Abrahams,  
sonar Tera,  
sonar Nahors,  
35 sonar Serúgs,  
sonar Reú,  
sonar Pelegs,  
sonar Ebers,  
sonar Sela,

- 36 sonar Kenans,  
sonar Arpaksads,  
sonar Sems,  
sonar Nóa,  
sonar Lameks,  
37 sonar Metúsala,  
sonar Enoks,  
sonar Jareds,  
sonar Mahalalels,  
sonar Kenans,  
38 sonar Enosar,  
sonar Sets,  
sonar Adams,  
sonar Guðs.

**4** Jesús yfirgaf síðan Jórdan, fullur af heilögum anda, og andinn leiddi hann um óbyggðina 2 í 40 daga og Djöfullinn freistaði hans. Hann borðaði ekkert þessa daga og var í lokin orðinn sársvangur. **3** Djöfullinn sagði þá við hann: „Ef þú ert sonur Guðs segðu þá þessum steini að verða að brauði.“ **4** En Jesús svaraði: „Skrifað stendur: ‚Maðurinn lifir ekki aðeins á brauði.‘“

**5** Djöfullinn fór þá með hann og sýndi honum á augabragði öll ríki jarðar. **6** Þá sagði Djöfullinn við hann: „Ég skal gefa þér vald yfir öllum þessum ríkjum og dýrð þeirra því að mér hefur verið fengið það og ég gef það hverjum sem ég vil. **7** Ef þú tilbiður mig einu sinni færðu allt þetta.“ **8** Jesús svaraði honum: „Skrifað stendur: ‚Þú skalt tilbiðja Jehóva\* Guð þinn og honum einum skaltu veita heilaga þjónustu.‘“

**9** Þá fór Djöfullinn með hann inn í Jerúsalem, setti hann upp á virkisvegg\* musterisins og sagði við hann: „Ef þú ert sonur Guðs kastaðu þér þá fram af, **10** því að skrifað stendur: ‚Hann sendir engla sína til að vernda þig,‘ **11** og: ‚Þeir

4:8 \*Sjá orðaskýringar. 4:9 \*Eða „brjósttrið; efstu brún“.

munu bera þig á höndum sér til að þú hnjóttir ekki um stein.“ **12** Jesús svaraði honum: „Sagt er: ‚Þú skalt ekki ögra Jehóva\* Guði þínum.“ **13** Þá hætti Djöfullinn að freista hans, fór frá honum og beið færís að freista hans síðar.

**14** Jesús sneri nú aftur til Galíleu í krafti andans og það fréttist af góðum verkum hans um allt svæðið í kring. **15** Hann fór að kenna í samkunduhúsunum og allir lofuðu hann.

**16** Hann kom nú til Nasaret þar sem hann hafði alist upp. Hann fór í samkunduhúsið á hvíldardegi eins og hann var vanur og stóð upp til að lesa. **17** Honum var fengin bókrolla Jesaja spámanns, og hann opnaði hana og fann staðinn þar sem stendur skrifad: **18** „Andi Jehóva\* er yfir mér því að hann smurði mig til að flytja fátækum fagnaðarboðskap. Hann sendi mig til að boða að fangar fái frelsi og blindir sjón, að leysa undirokaða úr ánaud **19** og boða þann tíma þegar fólk nýtur velvildar Jehóva.“\* **20** Að svo búnu rúllaði hann bókröllunni upp, afhenti þjóninum hana og settist niður en allir í samkunduhúsinu horfðu eftirvæntingarfullir á hann. **21** Þá sagði hann: „Í dag hefur ræst þessi ritningarstaður sem þið heyrðuð.“

**22** Allir töluðu lofsamlega um hann og undruðust hrífandi orð hans. „Er þetta ekki sonur Jósefs?“ sögðu þeir. **23** En hann sagði við þá: „Þið munuð eflaust heimfæra upp á mig það sem máltækið segir: ‚Læknir, læknaðu sjálfan þig,‘ og bæta við: ‚Við höfum heyrnt um það sem þú gerðir í Kapernaúm. Gerðu nú það sama hér í heimabyggð þinni.“ **24** Síðan sagði hann: „Trúið mér, engum spámanni er vel tekið í heimabyggð sinni. **25** Það

segi ég ykkur satt að margar ekkjur voru í Ísrael á dögum Elía þegar himinninn var lokaður í þrjú ár og sex mánuði og mikil hungursneyð varð í öllu landinu. **26** Elía var þó ekki sendur til neinnar þeirra heldur aðeins til ekkju í Sarefta í Sidonlandi. **27** Sömu leiðis voru margir holdsveikir í Ísrael á dögum Elísa spámanns en þó var enginn þeirra læknaður\* heldur aðeins Naaman Sýrlendingur.“ **28** Allir í samkunduhúsinu reiddust heiftarlega þegar þeir heyrðu þetta, **29** spruttu á fætur, hröktu hann út úr borginni fram á brún fjallsins þar sem hún stóð og ætluðu að henda honum fram af. **30** En hann gekk mitt í gegnum mannþröngina og fór sína leið.

**31** Hann hélt síðan niður til Kapernaúm sem er borg í Galíleu. Hann kenndi þar á hvíldardegi **32** og fólk var agndofa yfir kennslu hans því að hann talaði eins og sá sem hefur vald. **33** Í samkunduhúsinu var maður haldinn óhreinum illum anda og hann hrópaði hárrí röddu: **34** „Ó, nei! Hvað viltu okkur, Jesús frá Nasaret? Ertu kominn til að tortíma okkur? Ég veit vel hver þú ert, hinn heilagi sem er sendur af Guði.“ **35** En Jesús ávitaði andann og sagði: „Þegi þú og farðu út af honum.“ Illi andinn slengdi honum í gólfið fyrir framan þá og fór út af honum án þess að verða honum að meini. **36** Allir voru furðu lostnir og sögðu sín á milli: „Heyrið hvernig hann talar! Með valdi og krafti skipar hann óhreinu öndunum fyrir og þeir fara út!“ **37** Og fréttirnir af honum bárust út um allt svæðið í kring.

**38** Jesús yfirgaf nú samkunduhúsið og fór heim til Simonar. Tengdamóðir Simonar var með

háan hita og þeir báðu hann að hjálpa henni. **39** Hann beygði sig yfir hana, skipaði hitanum að hverfa frá henni og hitinn hvarf. Hún fór samstundis á fætur og fór að matbúa handa þeim.

**40** En um sólsetur komu allir sem voru með sjúklinga á sínum vegum með þá til Jesú. Þeir voru haldnir ýmsum sjúkdómum en hann lagði hendur yfir hvern og einn og læknaði þá. **41** Einnig fóru illir andar út af mörgum og æptu: „Þú ert sonur Guðs.“ En hann ávitaði þá og bannaði þeim að tala því að þeir vissu að hann var Kristur.

**42** Snemma næsta morgun fór hann burt á óbyggðan stað. En fólk-ið fór að leita að honum\* og fann hann. Það reyndi að telja hann á að fara ekki **43** en hann sagði: „Ég þarf líka að flytja öðrum borgum fagnaðarboðskapinn um ríki Guðs því að til þess var ég sendur.“ **44** Hann hélt því áfram og boðaði fagnaðarboðskapinn í samkundu-húsunum í Júdeu.

**5** Einhverju sinni stóð Jesús við Genesarevatn\* og mannfjöldinn þrengdi að honum til að hlusta á orð Guðs. **2** Hann sá þá tvo báta sem lágu við ströndina en fiskimennirnir voru farnir í land og voru að þvo netin. **3** Hann steig um borð í annan bátinn, þann sem Símon átti, og bað hann að leggja lítið eitt frá landi. Síðan settist hann og fór að kenna mannfjöldanum úr bátinum. **4** Þegar hann lauk máli sínu sagði hann við Símon: „Haltu út á djúpið og leggið netin til fiskjar.“ **5** Símon svaraði: „Kennari, við höfum stritað í alla nótt og ekkert fengið en fyrst þú segir það skal ég leggja netin.“ **6** Þeir gerðu það og fengu svo mikinn fisk að netin byrjuðu að rifna. **7** Þeir gáfu

þá félögum sínum á hinum bátnum bendingu um að koma og aðstoða sig, og þeir komu og fylltu báða bátana svo að þeir voru nærri sokknir. **8** Þegar Símon Pétur sá þetta féll hann á kné fyrir Jesú og sagði: „Farðu frá mér, Drottinn, því að ég er syndugur maður.“ **9** En bæði honum og þeim sem voru með honum var mjög brugðið vegna fiskaflans sem þeir höfðu fengið, **10** og hið sama var að segja um Jak-  
ob og Jóhannes Sebedeussyni, fé-  
laga Símonar. En Jesús sagði við Símon: „Vertu ekki hræddur. Héðan í frá skaltu veiða menn.“\* **11** Þeir lögðu þá bátunum aftur að landi, yf-  
irgáfu allt og fylgdu honum.

**12** Öðru sinni var hann staddur í einni af borgunum og þar var maður altekinn holdsveiki. Þegar hann sá Jesú féll hann á grúfu og sárþændi hann: „Drottinn, ef þú bara vilt geturðu hreinsað mig.“ **13** Jesús rétti þá út höndina, snerti hann og sagði: „Ég vil! Vertu hreinn.“ Samstundis hvarf holdsveikin af honum. **14** Hann bannaði síðan manninum að segja nokkrum frá þessu og sagði: „En farðu og sýndu þig prestinum og færðu fórn fyrir hreinsun þína eins og Móse-lögin kveða á um, til að sanna að þú sért læknaður.“ **15** En fréttirnar af honum héldu bara áfram að breiðast út og fólk kom hópum saman til að hlusta á hann og lækna-  
st af sjúkdómum sínum. **16** Hann fór þó oft á óbyggða staði til að biðjast fyrir.

**17** Dag nokkurn var Jesús að kenna. Þar sátu farisear og laga-kennarar sem höfðu komið úr öll-  
um þorparum Galíleu og Júdeu og frá Jerúsalem, og kraftur Jehóva\* var með honum til að lækna. **18** Þá komu menn með lamaðan mann á

4:42 \*Eða „fólkið elti hann uppi“. 5:1 \*Það er, Galíleuvatn.

5:10 \*Eða „menn lifandi“. 5:17 \*Sjá orða-skýringar.

börum og reyndu að komast inn með hann og leggja hann fyrir framan Jesú. **19** Þar sem þeir komust ekki inn með hann vegna mannfjöldans fóru þeir upp á þakið, tóku upp þakhellur og létu hann síga niður á börunum beint fyrir framan Jesú. **20** Þegar hann sá trú þeirra sagði hann: „Vinur, syndir þínar eru fyrirgefnar.“ **21** Þá sögðu fræðimennirnir og farísearnir hver við annan: „Hver er hann að guðlasta svona? Hver getur fyrirgefið syndir nema Guð einn?“ **22** En Jesús skynjaði hvað þeir hugsuðu og sagði: „Hvað hugsað þið í hjörtum ykkar? **23** Hvort er auðveldara að segja: ‚Syndir þínar eru fyrirgefnar,‘ eða: ‚Stattu upp og gakktu?‘ **24** En til að þið vitið að Mannssonurinn hefur vald á jörð til að fyrirgefa syndir ...“ og nú talar hann við lamaða manninn: „Þá segi ég þér: Stattu upp, taktu börurnar og farðu heim.“ **25** Hann stóð þá upp fyrir framan þá, tók það sem hann hafði legið á og fór heim til sín og lofaði Guð. **26** Allir voru agndofa og lofuðu Guð. Þeir fylltust lotningu og sögðu: „Það er ótrúlegt sem við höfum séð í dag!“

**27** Eftir þetta fór hann út og sá þá skattheimtumann sem hét Levi þar sem hann sat á skattheimtustofunni. Jesús sagði við hann: „Fylgdu mér.“ **28** Hann stóð upp, yfirgaf allt og fylgdi honum. **29** Levi hélt nú mikla veislu fyrir hann í húsi sínu og fjöldi skattheimtumanna og annarra borðaði\* með þeim. **30** En farísear og fræðimenn þeirra fóru að kvarta við lærisveina hans og sögðu: „Af hverju borðið þið og drekkið með skattheimtönnnum og syndurum?“ **31** Jesús svaraði þeim: „Heilbrigðir þurfa ekki á lækni að halda heldur þeir sem eru veikir. **32** Ég er ekki kominn til að

hvetja réttláta til að iðrast heldur syndara.“

**33** Þeir sögðu við hann: „Lærisveinar Jóhannesar fasta oft og biðja innilegra bæna og lærisveinar farísea sömuleiðis, en þínir borða og drekka.“ **34** Jesús svaraði: „Varla fáid þið vini brúðgumans til að fasta meðan brúðguminn er hjá þeim. **35** En sá dagur kemur að brúðguminn verður tekinn frá þeim og þá fasta þeir.“

**36** Hann brá einnig upp líkingu og sagði: „Enginn klippir bót úr nýrri flík og saumar hana á gamla. Ef það er gert hleypur nýja bótin og passar ekki á gömlu flíkina. **37** Og enginn setur nýtt vín á gamla vínbelgi. Ef það er gert sprengrir vínið belgina, vínið fer til spillis og belgirnir eyðileggjast. **38** Nýtt vín þarf að setja á nýja belgi. **39** Enginn vill nýtt vín eftir að hafa drukkið gamalt því að hann segir: ‚Hið gamla er gott.‘“

**6** Hvíldardag einn fór Jesús um kornakra og lærisveinar hans tíndu kornöx, neru þau milli handanna og átu. **2** Þá sögðu sumir faríseanna: „Hvers vegna gerið þið það sem er bannað á hvíldardegi?“ **3** En Jesús svaraði þeim: „Hafið þið aldrei lesið hvað Davíð gerði þegar hann og menn hans voru svangir? **4** Hann gekk inn í hús Guðs og honum voru fengin skoðunarbrauðin og hann át og gaf einnig mönnum sínum af þeim, en þau má enginn borða nema prestarnir.“ **5** Síðan sagði hann við þá: „Mannssonurinn er drottinn hvíldardagsins.“

**6** Annan hvíldardag gekk hann inn í samkunduhúsið og fór að kenna. Þar var maður með visna\* hægri hönd. **7** Fræðimenn og farísear fylgdust vandlega með Jesú til að sjá hvort hann myndi lækna á hvíldardegi en þeir vildu finna

5:29 \*Eða „lá til borðs“.

6:6 \*Eða „lamaða“.

tilefni til að ákæra hann. **8** Hann vissi aftur á móti hvað þeir hugsuðu og sagði því við manninn með visnu\* höndina: „Stattu upp og komdu fram í miðjan salinn.“ Hann stóð þá upp og kom. **9** Síðan sagði Jesús við þá: „Ég spyr ykkur: Er leyfilegt að gera gott eða illt á hvíldardegi, að bjarga lífi\* eða tortíma því?“ **10** Hann leit á alla í kringum sig og sagði svo við manninn: „Réttu fram höndina.“ Maðurinn gerði það og höndin varð heilbrigð. **11** En þeir urðu hamslausir af reiði og fóru að ræða sín á milli hvað þeir gætu gert við Jesús.

**12** Um þessar mundir gekk hann á fjallið til að biðjast fyrir og var alla nóttina á bæn til Guðs. **13** Þegar dagur rann kallaði hann lærisveinana til sín, valdi 12 úr hópnunum og nefndi þá postula: **14** Símon sem hann nefndi einnig Pétur, Andrés bróður hans, Jakob, Jóhannes, Filippus, Bartólómeus, **15** Matteus, Tómas, Jakob Alfeuson, Símon sem var kallaður „hinn kappsami“, **16** Júdas Jakobsson og Júdas Ískariót sem varð svikari.

**17** Hann gekk niður með þeim og nam staðar á sléttri flöt. Stór hópur lærisveina hans og mikill fjöldi fólks frá allri Júdeu og Jerúsalem og strandsvæðinu við Týrus og Sídon kom til að hlusta á hann og læknast af sjúkdómum sínum. **18** Jafnvel þeir sem óhreindir andar þjáðu læknuðust. **19** Allt fólkíð reyndi að snerta hann því að kraftur fór út frá honum og læknaði alla.

**20** Hann leit upp, horfði á lærisveinana og sagði:

„Þið sem eruð fátæk eruð hamingjusöm því að ríki Guðs tilheyrir ykkur.

**21** Þið sem eruð hungruð núna eruð hamingjusöm því að þið verðið södd.

Þið sem grátið núna eruð hamingjusöm því að þið munuð hlæja.

**22** Þið eruð hamingjusöm þegar menn hata ykkur og þegar þeir útskúfa ykkur og smána og sverta nafn ykkar\* vegna Mannssonarins. **23** Fagníð á þeim degi og hoppíð af gleði því að laun ykkar eru mikil á himni. Þannig fóru forfeður þeirra líka með spámennina.

**24** En aumingja þið sem eruð rík því að þið hafið fengið alla þá huggun sem þið fáíð.

**25** Aumingja þið sem eruð södd núna því að þið verðið hungruð.

Aumingja þið sem hlæið núna því að þið munuð syrgja og gráta.

**26** Aumingja þið þegar allir tala vel um ykkur því að þannig töluðu forfeður þeirra um falsspámennina.

**27** En ég segi ykkur sem hlustið á mig: Elskið óvini ykkar og gerið þeim gott sem hata ykkur, **28** blessið þá sem bölvá ykkur og biðjið fyrir þeim sem smána ykkur. **29** Ef einhver slær þig á aðra kinnina skaltu bjóða honum hina líka, og taki einhver frá þér yfirhöfnina skaltu ekki neita honum um kyrtílinn heldur. **30** Gefðu öllum sem biðja þig og taki einhver það sem þú átt skaltu ekki biðja um að fá það aftur.

**31** Og eins og þið viljið að aðrir geri fyrir ykkur skuluð þið gera fyrir þá.

**32** Hvaða hrós eigið þið skilið ef þið elskið þá sem elska ykkur? Syndarar elska þá líka sem elska þá. **33** Og hvaða hrós eigið þið skilið ef þið gerið þeim gott sem gera ykkur gott? Jafnvel syndarar gera það. **34** Og hvaða hrós eigið þið skilið ef þið lánið\* þeim sem þið reiknið með að endurgreiði ykkur? Jafnvel syndarar lána syndurum því að þeir vænta þess að

6:22 \*Eða „hafna ykkur sem illvirkjum“. 6:34 \*Það er, vaxtalaust.

fá allt endurgreitt. **35** Elskið heldur óvini ykkar, gerið gott og lánið án þess að vænta nokkurrar endurgreiðslu. Þá verða laun ykkar mikil og þið verðið synir hins hæsta því að hann er góður við vanþakkláta og vonda. **36** Verið miskunn-söm eins og faðir ykkar er miskunn-samur.

**37** Hættið að dæma og þið verðið alls ekki dæmd og hættið að fordæma og þið verðið alls ekki fordæmd. Fyrirgefið öðrum og ykkur verður fyrirgefið.\* **38** Gefið og fólk mun gefa ykkur. Þið fáið góðan mæli í fangið, troðinn, hristan og kúffullan, því að ykkur verður mælt í sama mæli og þið mælið öðrum.“

**39** Síðan brá hann upp líkingu og sagði: „Varla getur blindur maður leitt blindan. Falla þá ekki báðir í gryfju? **40** Nemandi\* er ekki fremri kennara sínum en hver sem er fullnuma verður eins og kennari hans. **41** Hvers vegna horfirðu þá á flísina í auga bróður þíns en tekur ekki eftir bjálkanum í þínu eigin auga? **42** Hvernig geturðu sagt við bróður þinn: ‚Bróðir, leyfðu mér að taka flísina sem er í auga þínu,‘ þegar þú sérð ekki bjálkann í eigin auga? Hræsnari! Fjarlægðu fyrst bjálkann úr þínu eigin auga, þá sérðu skýrt til að taka flísina sem er í auga bróður þíns.

**43** Gott tré ber ekki skemmdan ávöxt né fúid tré góðan. **44** Hvert tré þekkt af ávexti sínum. Menn tína ekki fikjur af þyrnum né vínber af þyrnirunnum. **45** Góður maður ber gott fram úr góðum sjóði hjarta síns en vondur maður ber vont fram úr vondum sjóði sínum því að munnurinn talar af gnægð hjartans.

**46** Hvers vegna ávarpið þið mig: ‚Drottinn, Drottinn!‘ en gerið ekki

það sem ég segi? **47** Ég skal segja ykkur hverjum sá líkist sem kemur til mín, heyrir orð mín og fer eftir þeim: **48** Hann er eins og maður sem byggði hús, gróf djúpt og lagði grunninn á klöpp. Nú kom flóð og vatnsflaumurinn skall á húsinu en það haggadist ekki því að það var vel byggt. **49** Hver sem hins vegar heyrir orð mín og fer ekki eftir þeim er eins og maður sem byggði hús á jörðinni án undirstöðu. Vatnsflaumurinn skall á því og það hrundi samtundis og geryðilagðist.“

**7** Þegar Jesús hafði lokið við að tala til fólksins gekk hann inn í Kapernaúm. **2** Liðsforingi nokkur átti þjón sem var honum mjög kær. Þjónninn var alvarlega veikur og lá fyrir dauðanum. **3** Þegar hann frétti af Jesú sendi hann nokkra öldunga Gyðinga til að biðja hann að koma og lækna þjón sinn. **4** Þeir komu til Jesú, sárþændu hann um að lækna þjóninn og sögðu: „Liðsforinginn verðskuldar að þú veitir honum þetta **5** því að hann elskar þjód okkar og það var hann sem byggði samkundu-húsið okkar.“ **6** Jesús fór því með þeim. En þegar hann nálgadist húsið sendi liðsforinginn vini sína og lét segja honum: „Herra, gerðu þér ekki meira ómak því að ég er ekki þess verður að þú komir inn í hús mitt. **7** Mér fannst ég ekki heldur þess verður að koma til þín. En segðu eitt orð þannig að þjónn minn læknist. **8** Ég er sjálfur maður sem þarf að lúta valdi annarra en ræð líka yfir hermönnum. Ég segi einum: ‚Farðu,‘ og hann fer, og öðrum: ‚Komdu,‘ og hann kemur, og við þjón minn segi ég: ‚Gerðu þetta,‘ og hann gerir það.“ **9** Jesús varð undrandi þegar hann heyrði þetta, sneri sér að mannfjöldanum sem fylgdi honum og sagði: „Svona sterka trú hef ég ekki einu sinni fundið í Ísrael.“

6:37 \*Eða „Sýkið og þið verðið sýknuð“.

6:40 \*Eða „Lærisveinn“.



**10** Þegar vinir liðsforingjans sneru aftur heim til hans fundu þeir þjóninn heilan heilsu.

**11** Skömmu síðar hélt hann til borgar sem heitir Nain og lærisveinar hans fylgdu honum ásamt miklum mannfjölda. **12** Þegar hann nálgadist borgarhlíðið var verið að bera út látinn mann. Hann var einkasonur móður sinnar og hún var líka ekkja. Töluverður fjöldi fólks úr borginni var með henni. **13** Þegar Drottinn kom auga á hana kenndi hann í brjósti um hana og sagði: „Ekki gráta.“ **14** Síðan gekk hann að líkbörunum og snerti þær en þeir sem báru þær námu staðar. Þá sagði hann: „Ungi maður, ég segi þér: Rístu upp!“ **15** Hinn látni settist þá upp og fór að tala, og Jesús gaf hann móður hans. **16** En ótti greip alla og þeir lofuðu Guð og sögðu: „Mikill spámaður er kominn fram meðal okkar,“ og: „Guð hefur gefið gaum að fólki sínu.“ **17** Fréttirnar af þessu bárust út um alla Júdeu og allt svæðið í kring.

**18** Lærisveinar Jóhannesar sögðu honum nú frá öllu þessu. **19** Jóhannes kallaði þá til sín tvo lærisveina sína og sendi þá til Drottins til að spyrja hann: „Ert þú sá sem á að koma eða eigum við að vænta annars?“ **20** Þegar mennirnir komu til Jesús sögðu þeir: „Jóhannes skírari sendi okkur til að spyrja: ‚Ert þú sá sem á að koma eða eigum við að vænta annars?‘“ **21** Þá stundina var hann að lækna marga af veikindum og alvarlegum sjúkdómum. Hann rak út illa anda og gaf mörgum blindum sjón. **22** Hann svaraði mönnum: „Farið og segið Jóhannesi það sem þið hafið séð og heyrt: Blindir sjá, fatlaðir ganga, holdsveikir hreinsast, heyrnarlausir heyra, dánir eru reistir upp og fátækum er fluttur fagnaðarboðskapur-

inn. **23** Sá sem hneykslast ekki á mér er hamingjusamur.“

**24** Þegar sendimenn Jóhannesar voru farnir tók Jesús að tala við mannfjöldann um hann og sagði: „Hvað fóruð þið til að sjá í óbyggðunum? Reyrt sem sveiflast til í vindi? **25** Hvað fóruð þið þá til að sjá? Mann í finum\* fötum? Nei, þeir sem eru skartklæddir og lifa munaðarlífi halda til í konungshöllum. **26** Hvað fóruð þið þá eiginlega til að sjá? Spámann? Já, segi ég ykkur, og miklu meira en spámann. **27** Það er hann sem skrifað er um: ‚Ég sendi sendiboða minn á undan þér\* sem greiðir veg þinn.‘ **28** Ég segi ykkur: Enginn sem er fæddur af konu er meiri en Jóhannes en hinn minnsti í ríki Guðs er meiri en hann.“ **29** (Þegar allt fólkíð og skattheimtunnirnir heyrðu þetta lýstu þeir yfir að Guð væri réttlátur enda höfðu þeir skírt hjá Jóhannesi. **30** En farisearnir og hinir lög-lærðu höfðu að engu leiðbeiningar\* Guðs því að þeir höfðu ekki skírt hjá honum.)

**31** „Við hverja á ég að líkja mönnum þessarar kynslóðar? Hverjum eru þeir líkir? **32** Þeir eru eins og börn sem sitja á markaðstorgi og kalla hvert til annars: ‚Við lékum á flautu fyrir ykkur en þið dönsuðu ekki, við sungum sorgarljód en þið grétuð ekki.‘ **33** Eins kom Jóhannes skírari, át hvorki brauð né drakk vín og þið segið: ‚Hann er haldinn illum anda.‘ **34** Mannssonurinn er kominn, borðar og drekkur og þið segið: ‚Sjáið! Hann er mathákur og drykkfelldur, vinur skattheimtumanna og syndara!‘ **35** En viskan sannast af árangrinum.“\*

7:25 \*Eða „mjúkum“. 7:27 \*Orðrétt „fyrir andliti þínu“. 7:30 \*Eða „ráðleggingar“. 7:35 \*Orðrétt „réttlætist af öllum börnum sínum“.

36 Farísei nokkur bauð honum margsinnis að koma og borða hjá sér. Hann gekk því í hús fariseans og lagðist til borðs. 37 Kona sem var þekkt í borginni fyrir syndsamlegt lífurni frétti að hann væri í matarboði\* í húsi fariseans. Hún kom þangað með ilmolíu í alabastursflösku 38 og tók sér stöðu fyrir aftan hann við fætur hans. Hún grét og vætti fætur hans með tárur sínum og þurrkaði þá með höfuðhári sínu, kyssti fætur hans blíðlega og smurði með ilmolíunni. 39 Þegar faríseinn sem hafði boðið honum sá þetta sagði hann við sjálfan sig: „Ef þessi maður væri raunverulegur spámaður vissi hann hvers konar kona þetta er sem snertir hann, að hún er syndug.“ 40 Jesús sagði þá við hann: „Símon, ég þarf að segja þér svolítið.“ „Segðu það, kennari,“ svaraði hann.

41 „Tveir menn skulduðu lánveitanda nokkrum peninga, annar 500 denara\* en hinn 50. 42 Nú gátu þeir ekki endurgreitt honum og þá gaf hann þeim fúslega upp skuldina. Hvor þeirra skyldi elska hann meira?“ 43 Símon svaraði: „Ætli það sé ekki sá sem skuldaði honum meira.“ „Rétt hjá þér,“ sagði Jesús. 44 Þá sneri hann sér að konunni og sagði við Símon: „Sérðu þessa konu? Ég kom í hús þitt og þú gafst mér ekki vatn til að þvo fætur mína. En þessi kona vætti fætur mína með tárur sínum og þurrkaði þá með hárinu. 45 Þú gafst mér ekki koss en þessi kona hefur ekki hætt að kyssa fætur mína síðan ég kom. 46 Þú helltir ekki olíu á höfuð mér en þessi kona hefur smurt fætur mína með ilmolíu. 47 Þess vegna segi ég ykkur að syndir hennar eru fyrirgefnaðar þótt margar\* séu því að hún

elskaði mikið. En sá sem er fyrirgefnið lítið elskar lítið.“ 48 Síðan sagði hann við hana: „Syndir þínar eru fyrirgefnaðar.“ 49 Þeir sem lágu til borðs með honum sögðu þá hver við annan: „Hver er þessi maður sem jafnvel fyrirgefur syndir?“ 50 En hann sagði við konuna: „Trú þín hefur bjargað þér. Farðu í friði.“

**8** Skömmu síðar fór hann borg úr borg og þorp úr þorpi og boðaði fagnaðarboðskapinn um ríki Guðs. Með honum voru þeir tólf 2 og nokkrar konur sem höfðu losnað undan áhrifum illra anda og læknast af sjúkdómum sínum. Það voru María, kölluð Magdalena, en sjö illir andar höfðu farið út af henni, 3 Jóhanna, kona Kúsa ráðsmanns Heródesar, Súsanna og margar aðrar konur sem aðstoðuðu þá með eignum sínum.

4 Fjöldi fólks hafði nú safnast saman ásamt þeim sem fylgdu honum borg úr borg. Hann sagði þá þessa dæmisögu: 5 „Akuryrkjumaður gekk út að sá korni. Þegar hann sáði féll sumt af því meðfram veginum, það var troðið niður og fuglar himins átu það. 6 Sumt féll á klöpp, spíraði en skrælnaði síðan af því að það fékk engan raka. 7 Sumt féll meðal þyrna og þyrnarinnir, sem uxu ásamt því, kæfðu það. 8 En annað féll í góðan jarðveg, óx og bar hundraðfaldan ávöxt.“ Að svo mæltu hrópaði hann: „Sá sem hefur eyru hann hlusti.“

9 En lærisveinarnir spurðu hann hvað þessi dæmisaga merkti. 10 Hann sagði: „Ykkur er gefið að skilja heilaga leyndardóma Guðsríkis en hinir fá þá í dæmisögum. Þeir sjá að vísu en horfa þó til einskis og heyra en skilja ekki. 11 Dæmisagan merkir þetta: Sáðkornið er orð Guðs. 12 Það sem féll meðfram veginum eru þeir sem heyra orðið en síðan kemur Djöfullinn og tekur

7:37 \*Eða „læggi til borðs“. 7:41 \*Sjá orðaskýringar. 7:47 \*Eða „miklar“.

það úr hjarta þeirra svo að þeir trúu ekki og bjargist. **13** Það sem féll á klöppina eru þeir sem taka við orðinu með fögnuði þegar þeir heyra það en hafa enga rótfestu. Þeir trúa um tíma en falla frá þegar á þá reynir. **14** Það sem féll meðal þyrna eru þeir sem heyra en áhyggjur, auðæfi og nautnir lífsins hrífa þá með sér svo að þeir kafna og bera ekki þroskaðan ávöxt. **15** En það sem féll í góðan jarðveg eru þeir sem hafa einlægt og gott hjarta, heyra orðið, varðveita það og bera ávöxt með þolgæði.

**16** Enginn kveikir á lampa og setur hann undir ker eða undir rúm heldur setur hann lampann á ljósastand til að þeir sem koma inn sjái ljósið. **17** Ekkert er hulið sem verður ekki sýnilegt og ekkert vandlega falið sem verður ekki kunnugt né kemur í ljós. **18** Gætið því að hvernig þið hlustið því að þeim sem hefur verður gefið meira, en frá þeim sem hefur ekki verður tekið jafnvel það sem hann ímyndar sér að hann hafi.“

**19** Móðir Jesú og bræður komu nú til að hitta hann en komust ekki að honum vegna mannfjöldans. **20** Honum var þá sagt: „Móðir þín og bræður standa fyrir utan og vilja ná tali af þér.“ **21** Hann svaraði þeim: „Móðir mín og bræður eru þeir sem heyra orð Guðs og fara eftir því.“

**22** Dag einn stigu hann og lærisveinarnir um borð í bát og hann sagði við þá: „Förum yfir vatnið.“ Þeir drógu þá upp seglin. **23** En á leiðinni sofnaði Jesús. Þá skall á mikill stormur á vatninu og þeir voru hætt komnir því að bátinn fyllti næstum. **24** Þá vöktu þeir hann og sögðu: „Kennari, kennari, við erum að farast!“ Hann reis þá upp og hastaði á vindinn og ölduganginn. Veðrinu slotaði og gerði

logn. **25** Síðan sagði hann við þá: „Hvar er trú ykkar?“ En þeir urðu agndofa og óttaslegnir og sögðu hver við annan: „Hver er hann eiginlega? Hann skipar jafnvel vindum og vatni og hvort tveggja hlýðir honum.“

**26** Þeir komu að landi við Gerasenahérað sem er gegnt Galíleu. **27** Þegar Jesús steig á land kom á móti honum andsetinn maður úr borginni. Hann hafði ekki verið í fótum um langan tíma og hafðist ekki við í húsi heldur hjá gröfunum.\* **28** Þegar hann sá Jesús æpti hann, féll fram fyrir honum og sagði hárrí röddu: „Hvað viltu mér, Jesús, sonur hins hæsta Guðs? Ég bið þig að kvelja mig ekki.“ **29** (En Jesús hafði skipað óhreina andanum að fara út af mannum. Andinn hafði gripið hann margsinnis\* og hann hafði oft verið hlekkjaður á höndum og fótum og hafður í gæslu en hann sleit fjötrana og andinn hrakti hann á öbyggða staði.) **30** Jesús spurði hann: „Hvað heitirðu?“ „Hersing,“ svaraði hann því að margir illir andar höfðu farið í hann. **31** Þeir sárbaendu Jesú um að skipa sér ekki að fara í undirdjúpið. **32** Nú var stór svínahjörð á beit þar á fjallinu og þeir báðu hann að leyfa sér að fara í svínin. Hann leyfði þeim það. **33** Illu andarnir fóru þá út af mannum og í svínin en hjörðin æddi fram af þverhnípinu\* og drukknaði í vatninu. **34** Þegar svínahirðarnir sáu hvað hafði gerst flúðu þeir og sögðu fréttirnar í borginni og sveitinni.

**35** Fólk kom nú til að sjá hvað hafði gerst. Það kom til Jesú og fann manninn sem illu andarnir höfðu farið úr sitja klæddan og með

8:27 \*Eða „minningargröfunum“. 8:29 \*Eða hugsanl. „hafði lengi haldið honum föngnum“. 8:33 \*Eða „bröttum bakkanum“.

réttu ráði við fætur Jesú. Og fólk-  
ið varð hrætt. **36** Þeir sem höfðu  
séð þetta sögðu fólkinu frá hvernig  
andsetni maðurinn hafði orðið heil-  
brigður. **37** Fjölmargir frá Geras-  
enahéraði báðu þá Jesú að fara  
burt því að mikill ótti greip þá.  
Hann fór þá um borð í bátinn til að  
halda brott. **38** En maðurinn sem  
illu andarnir höfðu farið úr þrá-  
bað Jesú um að mega vera áfram  
með honum, en hann sagði mannin-  
um að fara með þessum orðum:  
**39** „Farðu heim og segðu frá því  
sem Guð hefur gert fyrir þig.“ Hann  
fór þá og greindi frá því um alla  
borgina sem Jesús hafði gert fyrir  
hann.

**40** Þegar Jesús kom til baka tók  
fólkið vel á móti honum því að all-  
ir höfðu beðið eftir að hann kæmi.  
**41** Maður að nafni Jaírus kom nú  
til hans en hann var samkundu-  
stjóri. Hann féll til fóta Jesú og  
sárbændi hann um að koma heim  
til sín **42** því að einkadóttir hans,  
sem var um 12 ára, lá fyrir dauð-  
anum.

Þegar Jesús var á leiðinni þang-  
að þrengdi mannfjöldinn að hon-  
um. **43** Meðal fólksins var kona  
sem hafði haft stöðugar blæðingar  
í 12 ár og enginn hafði getað læknað  
hana. **44** Hún kom að honum aft-  
an frá og snerti kögrið á yfir-  
höfn hans, og blæðingarnar stöðv-  
uðust samstundis. **45** „Hver snerti  
mig?“ spurði Jesús. Allir neituðu  
að hafa snert hann og Pétur sagði:  
„Kennari, þú ert umkringdur fólki  
og það þrengir að þér.“ **46** En Jes-  
ús sagði: „Einhver snerti mig því  
að ég fann að kraftur fór út frá  
mér.“ **47** Konan sá nú að hún gat  
ekki dulist. Hún kom skjálfsandi og  
féll til fóta honum og sagði í allra  
áheyrn hvers vegna hún hefði snert  
hann og hvernig hún læknaðist  
samstundis. **48** En hann sagði við

hana: „Dóttir, trú þín hefur læknað  
þig. Farðu í friði.“

**49** Meðan hann var enn að tala  
kom einn af mönnum samkundu-  
stjórans og sagði: „Dóttir þín er  
dáin. Vertu ekki að ónáða kennar-  
ann lengur.“ **50** Þegar Jesús heyrði  
þetta sagði hann við Jaírus: „Vertu  
óhræddur, trúðu bara og hún mun  
lifa.“\* **51** Hann kom nú að hús-  
inu en leyfði engum að fara inn  
með sér nema Pétri, Jóhannesi, Jak-  
obi og föður stúlkunnar og móð-  
ur. **52** Allt fólkið grét og barði sér  
á brjóst. Hann sagði þá: „Hættið að  
gráta því að hún er ekki dáin heldur  
sofandi.“ **53** Fólkið hló þá að hon-  
um því að það vissi að hún var  
dái. **54** En hann tók í hönd henn-  
ar og sagði hátt og skýrt: „Ristu upp,  
barnið mitt.“ **55** Og lífsandi\* henn-  
ar sneri aftur og hún reis samstund-  
is á fætur og hann sagði að henni  
skyldi gefið að borða. **56** Foreldrar  
hennar voru frá sér numdir en hann  
sagði þeim að segja engum frá því  
sem hafði gerst.

**9** Jesús kallaði nú saman þá tólf  
og gaf þeim mátt og vald yfir  
öllum illum öndum og kraft til að  
lækna sjúkdóma. **2** Hann sendi þá  
af stað til að boða ríki Guðs og  
lækna **3** og sagði við þá: „Takið  
ekkert með til ferðarinnar, hvorki  
staf né nestispoka, brauð né pen-  
inga\* né fót til skiptanna.“ **4** En  
þar sem þið komið inn á heimili  
skuluð þið dvelja þangað til þið far-  
ið úr borginni. **5** Ef fólk tekur ekki  
á móti ykkur skuluð þið hrista ryk-  
ið af fótum ykkar þegar þið farið  
úr borginni, fólkinu til viðvörunar.“  
**6** Þeir lögðu þá af stað, fóru um  
svæðið þorp úr þorpi, boðuðu fagn-  
aðarboðskapinn og læknuðu fólk  
alls staðar.

8:50 \*Orðrétt „bjargast“. 8:55 \*Eða „lífs-  
kraftur“. 9:3 \*Orðrétt „silfur“. \*Eða „tvenn  
föt“.

7 Heródes\* héraðsstjóri“ frétti af öllu sem var að gerast og vissi ekki hvað hann átti að halda því að sumir sögðu að Jóhannes væri risinn upp frá dauðum, 8 aðrir sögðu að Elía væri kominn fram og enn aðrir að einn af spámönnum fortíðar væri risinn upp. 9 „Ég lét hálhöggva Jóhannes,“ sagði Heródes. „Hver er þá þessi maður sem ég heyri talað svona mikið um?“ Hann vildi því gjarnan fá að sjá Jesú.

10 Þegar postularnir komu aftur sögðu þeir Jesú frá öllu sem þeir höfðu gert. Þá tók hann þá með sér til borgar sem heitir Betsaída til að þeir gætu verið einir. 11 En mannfjöldinn varð þess var og elti hann. Hann tók fólkinu vel, talaði við það um ríki Guðs og læknaði þá sem þurftu á lækningu að halda. 12 Nú tók degi að halla. Þeir tólf komu þá til hans og sögðu: „Láttu fólkið fara svo að það geti komist í sveitina og þorpin í kring og fengið mat og gistingu því að við erum á afskekktum stað.“ 13 En hann sagði við þá: „Þið getið gefið því að borða.“ Þeir svöruðu: „Við eigum ekki meira en fimm brauð og tvo fiska nema við förum og kaupum mat fyrir allt þetta fólk.“ 14 Þarna voru um 5.000 karlmenn. Hann sagði við lærisveinana: „Lát-ið þá setjast í hópa, um 50 í hverjum.“ 15 Þeir gerðu það og létu alla setjast. 16 Hann tók nú brauðin fimm og fiskana tvo, leit til himins og fór með bæn. Síðan braut hann brauðin og rétti lærisveininum þau ásamt fiskunum og þeir gáfu mannfjöldanum. 17 Allir borðuðu og urðu saddir. Þeir tóku saman brauðbitana sem voru afgangs og fylltu 12 körfur.

18 Síðar, þegar hann var einn á bæn, komu lærisveinarnir til hans

og hann spurði þá: „Hver heldur fólk að ég sé?“ 19 Þeir svöruðu: „Jóhannes skírari en sumir segja Elía og aðrir að einn af spámönnum fortíðar sé risinn upp.“ 20 Þá spurði hann: „En þið, hver segið þið að ég sé?“ Pétur svaraði: „Kristur Guðs.“ 21 Hann bannaði þeim þá stranglega að segja nokkrum þetta 22 og bætti við: „Mannssonurinn þarf að þola miklar þjáningar, og öldungarnir, yfirprestarnir og fræðimennirnir munu hafna honum. Hann verður líflátinn en reistur upp á þriðja degi.“

23 Síðan sagði hann við alla: „Sá sem vill fylgja mér afneiti sjálfum sér, taki kvalastaur\* sinn daglega og fylgi mér stöðugt. 24 Hver sem vill bjarga lífi\* sínu týnir því en hver sem týnir lífi\* sínu vegna mín, hann bjargar því. 25 Hvaða gagn hefði maðurinn af því að eignast allan heiminn en glata sjálfum sér eða biða tjón? 26 Hvern þann sem skammast sín fyrir mig og orð mín mun Mannssonurinn skammast sín fyrir þegar hann kemur í dýrð sinni, föðurins og hinna heilögu engla. 27 En trúið mér, sumir þeirra sem standa hér munu ekki deyja fyrir en þeir sjá ríki Guðs.“

28 Um átta dögum eftir að hann sagði þetta tók hann Pétur, Jóhannes og Jakob með sér og gekk á fjallið til að biðjast fyrir. 29 Meðan hann var á bæn breyttist yfirbragð andlits hans og fötin urðu skínandi hvít. 30 Skyndilega voru þar tveir menn á tali við hann. Það voru Móse og Elía. 31 Þeir birtust í dýrðarljóma og fóru að tala um væntanlega brottför hans sem átti að eiga sér stað í Jerúsalem. 32 Pétur og þeir sem voru með honum voru hálfsofandi en nú glaðvöknuðu þeir og sáu dýrð hans og mennina tvo sem stóðu hjá honum.

9:7 \* Það er, Heródes Antípas. Sjá orðaskýringar. \* Orðrétt „fjórðungsstjóri; tetrarki“.

9:23 \* Sjá orðaskýringar. 9:24 \* Eða „sál“.

33 Þegar mennirnir voru að fara sagði Pétur við Jesú: „Kennari, það er gott að vera hér. Reisum þrjú tjöld, eitt handa þér, eitt handa Móse og eitt handa Elía.“ En hann gerði sér ekki grein fyrir hvað hann var að segja. 34 Meðan hann var enn að tala myndaðist ský sem hildi þá. Þegar skýið umlukti þá urðu þeir hræddir. 35 Þá heyrðist rödd úr skýinu sem sagði: „Þetta er sonur minn sem ég hef útvalið. Hlustið á hann.“ 36 Þegar þeir heyrðu röddina sáu þeir að Jesús var einn. En þeir sögðu engum frá þessu heldur þöggðu um tíma yfir því sem þeir höfðu séð.

37 Þegar þeir komu niður af fjallinu daginn eftir kom mikill mannfjöldi á móti honum. 38 Og maður nokkur kallaði: „Kennari, ég bið þig að líta á son minn því að hann er einkabarn mitt. 39 Illur andi gripur hann og hann æpir skyndilega, fær krampaflog og froðufellir. Og andinn er mjög tregur til að yfirgefa hann eftir að hafa misþyrmt honum. 40 Ég það lærisveina þína að reka hann út en þeir gátu það ekki.“ 41 Jesús sagði þá: „Þú trúlaus og spillta kynslóð, hve lengi þarf ég að vera hjá ykkur og umbera ykkur? Komdu hingað með son þinn.“ 42 En meðan drengurinn var að koma slengdi illi andinn honum til jarðar og olli miklu krampaflogi hjá honum. Jesús ávitaði óhreina andann, læknaði drenginn og gaf hann föður hans aftur. 43 Og allir voru agndofa yfir því hve mikill máttur Guðs var.

Meðan allir voru að undrast allt sem hann gerði sagði hann við lærisveina sína: 44 „Hlustið vel og munið eftir þessum orðum: Mannsonurinn verður svikinn í hendur manna.“ 45 En þeir áttuðu sig ekki á því sem hann sagði. Reyndar var það þeim hulið svo að þeir

skildu það ekki, og þeir þorðu ekki að spyrja hann út í það.

46 Þeir fóru nú að deila um hver þeirra væri mestur. 47 Jesús vissi hvernig þeir hugsuðu í hjörtum sínum. Hann tók því barn, lét það standa við hlið sér 48 og sagði við þá: „Hver sem tekur við þessu barni vegna nafns míns tekur einnig við mér, og hver sem tekur við mér tekur einnig við þeim sem sendi mig því að sá sem hegðar sér eins og hann sé minnstur ykkar allra, hann er mikill.“

49 Þá sagði Jóhannes: „Kennari, við sáum mann reka út illa anda í þínu nafni og við reyndum að aftra honum frá því þar sem hann er ekki einn af okkur.“ 50 En Jesús svaraði: „Reynið ekki að aftra honum því að sá sem er ekki á móti ykkur er með ykkur.“

51 Nú nálgadist sá tími\* að hann yrði tekinn upp til himna og hann var staðráðinn í að fara til<sup>†</sup> Jerúsalem. 52 Hann lét því sendiboða fara á undan sér og þeir komu í samverskt þorp til að undirbúa komu hans. 53 En menn tóku ekki við honum vegna þess að hann var á leið til Jerúsalem. 54 Þegar lærisveinarnir Jakob og Jóhannes urðu þess vísir sögðu þeir: „Drottinn, viltu að við köllum eld niður af himni til að tortíma þeim?“ 55 En hann sneri sér við og ávitaði þá. 56 Síðan fóru þeir í annað þorp.

57 Meðan þeir voru á leiðinni sagði maður nokkur við hann: „Ég vil fylgja þér hvert sem þú ferð.“ 58 En Jesús svaraði: „Refir eiga greni og fuglar himins hreiður en Mannssonurinn á hvergi stað til að halla höfði sínu.“ 59 Síðan sagði hann við annan: „Fylgdu mér.“ Maðurinn svaraði: „Drottinn, leyfðu mér að fara fyrst og jarða

9:51 \*Orðrétt „Nú fullnuðust brátt þeir dagar“. †Orðrétt „hann sneri andlitinu í átt að“.

föður minn.“ **60** En Jesús sagði við hann: „Láttu hina dauðu jarða sína dauðu en þú skalt fara og boða ríki Guðs vítt og breitt.“ **61** Enn einn sagði: „Drottinn, ég vil fylgja þér en leyfðu mér fyrst að kveðja heimilisfólk mitt.“ **62** Jesús svaraði honum: „Enginn sem leggur hönd á plóginn og horfir til baka er hæfur í ríki Guðs.“

**10** Eftir þetta valdi Drottinn 70 aðra og sendi þá tvo og tvo á undan sér til allra borga og staða sem hann ætlaði sjálfur að koma til. **2** Hann sagði við þá: „Uppskeran er mikil en verkamennirnir fáir. Biðjið því herra uppskerunnar að senda verkamenn til uppskeru sinnar. **3** Farið! Ég sendi ykkur út eins og lömb meðal úlfa. **4** Takið hvorki með ykkur peningapyngju, nestisþoka né ilskó, og heilsíð engum\* á leiðinni. **5** Hvar sem þið komið inn í hús skuluð þið byrja á því að segja: ‚Friður sé með þessu húsi.‘ **6** Og sé þar friðarvinur skal friður ykkar hvíla yfir honum. Annars skal friðurinn snúa aftur til ykkar. **7** Dveljið í því húsi og borðið og drekkið það sem borið er fram því að verkamaðurinn er verður launa sinna. Flytjið ykkur ekki sífellt hús úr húsi.

**8** Og þegar þið komið í borg og tekið er við ykkur skuluð þið borða það sem er borið fram fyrir ykkur, **9** lækna þá sem eru veikir og segja þeim: ‚Ríki Guðs er komið í nánd við ykkur.‘ **10** En þegar þið komið í borg og ekki er tekið við ykkur skuluð þið fara út á aðalgöturnar og segja: **11** ‚Við þurrkum jafnvel rykið úr borginni af fótum okkar til merkis um sekt ykkar. Vitið samt að ríki Guðs er komið í nánd.‘ **12** Ég segi ykkur að bærilegra verður fyrir Sódómu á þeim degi en þá borg.

10:4 \*Eða „heilsíð engum með faðmlagi“.

**13** Þú auma Korasín! Þú auma Betsaída! Ef máttarverkin sem hafa gerst í ykkur hefðu átt sér stað í Týrus og Sídon hefðu íbúar þeirra fyrir löngu iðrast og setið í sekk og ösku. **14** Bærilegra verður því fyrir Týrus og Sídon í dómminum en ykkur. **15** Og þú, Kapernaúm, verður þú kannski hafin upp til himins? Nei, þú ferð niður í gröfina.\*

**16** Hver sem hlustar á ykkur hlustar á mig og hver sem lítilsvirðir ykkur lítilsvirðir einnig mig. En hver sem lítilsvirðir mig lítilsvirðir einnig þann sem sendi mig.“

**17** Þeir 70 sneru nú aftur fagnandi og sögðu: „Drottinn, jafnvel illu andarnir hlýða okkur þegar við notum nafn þitt.“ **18** Þá sagði hann við þá: „Ég sé Satan nú þegar fallinn af himni eins og eldingu. **19** Ég hef gefið ykkur vald til að fótumtroða höggorma og sporðdreka og mátt til að yfirbuga óvininn, og alls ekkert getur orðið ykkur að meini. **20** Gleðjist samt ekki yfir því að andarnir hlýða ykkur. Gleðjist frekar yfir því að nöfn ykkar eru skráð á himnum.“ **21** Á sömu stundu fylltist hann fögnuði vegna heilags anda og sagði: „Faðir, Drottinn himins og jarðar, ég lofa þig í áheyrn annarra því að þú hefur hulið þetta vandlega fyrir vitrum og gáfuðum mönnum en opinberað það börnum. Já, faðir, þetta er samkvæmt vilja þínum. **22** Faðir minn hefur lagt allt í hendur mér. Enginn veit hver sonurinn er nema faðirinn og enginn veit hver faðirinn er nema sonurinn og þeir sem sonurinn vill opinbera hann.“

**23** Hann sneri sér nú að lærisveinunum og sagði við þá einslega: „Þeir sem sjá það sem þið sjáðið eru hamingjusamir. **24** Ég segi

10:15 \*Eða „Hades“, það er, sameiginlega gröf mannkyns. Sjá orðaskýringar.

ykkur að margir spámenn og konungar þráðu að sjá það sem þið sjáið en sáu það ekki, og heyra það sem þið heyrið en heyrðu það ekki.“

**25** Nú stóð löglærður maður upp og vildi reyna hann. Hann spurði: „Kennari, hvað þarf ég að gera til að hljóta eilíft líf?“ **26** „Hvað stendur í lögunum? Hvað lestu út úr þeim?“ sagði Jesús. **27** Hann svaraði: „Þú skalt elska Jehóva\* Guð þinn af öllum hjarta þínu, allri sál\* þinni, öllum mætti þínum og öllum huga þínum og náunga þinn eins og sjálfan þig.“ **28** „Þú svaraðir rétt,“ sagði Jesús. „Haltu þessu áfram og þú færð að lifa.“

**29** En maðurinn vildi réttlæta sjálfan sig og sagði við Jesús: „Hver er þá náungi minn?“ **30** Jesús svaraði: „Maður var á leið frá Jerúsalem niður til Jeríkó þegar ræningjar réðust á hann, afklæddu hann og börðu. Þeir fóru síðan og skildu hann eftir nær dauða en lífi. **31** Nú vildi svo til að prestur var á leið niður eftir veginum en þegar hann sá manninn sveigði hann fram hjá. **32** Levíti kom einnig þar að, sá hann og sveigði fram hjá. **33** En Samverji nokkur, sem var líka á leið eftir veginum, kom að honum og þegar hann sá hann kenndi hann í brjósti um hann. **34** Hann gekk til hans, batt um sár hans og hellti í þau olíu og víni. Síðan setti hann manninn á asna sinn, fór með hann á gistihús og annaðist hann. **35** Daginn eftir tók hann upp tvo denara,\* fékk gestgjafanum og sagði: ‚Viltu annast hann? Það sem þú eyðir umfram þetta skal ég endurgreiða þér þegar ég kem aftur.‘ **36** Hver þessara þriggja finnst þér hafa reynst náungi mannsins sem ræningjarnir réðust á?“ **37** Hann svaraði: „Sá sem vann miskunnar-

verkið.“ Jesús sagði þá við hann: „Farðu og gerðu eins og hann.“

**38** Þeir héldu nú ferð sinni áfram og komu í þorp nokkurt. Kona sem hét Marta tók vel á móti Jesú á heimili sínu. **39** Hún átti systur sem hét María og hún stóð við fætur Drottins til að hlusta á það sem hann sagði.\* **40** Marta var hins vegar önnum kafin við að gera sem best við hann. Hún kom til hans og sagði: „Drottinn, er þér sama um að systir mín skuli láta mig eina um alla vinnuna? Segðu henni að koma og hjálpa mér.“ **41** Drottinn svaraði henni: „Marta, Marta, þú ert áhyggjufull og upp- tekin af mörgu. **42** Við þurfum ekki margt, jafnvel eitt væri nóg. María valdi góða\* hlutskiptið og það verður ekki tekið frá henni.“

**11** Nú var Jesús á stað nokkrum að biðjast fyrir. Þegar hann lauk bæninni sagði einn lærisveinanna við hann: „Drottinn, kenndu okkur að biðja eins og Jóhannes kenndi lærisveinum sínum.“

**2** Hann sagði við þá: „Þegar þið biðjið skuluð þið segja: ‚Faðir, við biðjum að nafn þitt helgist.‘ Láttu ríki þitt koma. **3** Gefðu okkur daglega það brauð sem við þurfum hvern dag. **4** Fyrirgefum syndir okkar því að við fyrirgefum líka öllum sem skulda okkur. Og leiddu okkur ekki í freistingu.‘“\*

**5** Síðan sagði hann: „Segjum að einhver ykkar eigi vin og fari til hans um miðja nótt og segi við hann: ‚Vinur, lánaðu mér þrjú brauð **6** því að vinur minn er á ferðalagi og er nýkominn til mín en ég á ekkert til að bjóða honum.‘ **7** Hinn svarar inni: ‚Hættu að ónáða mig. Það er búið að læsa dyrunum og

10:39 \*Orðrétt „á orð hans“. 10:42 \*Eða „besta“. 11:2 \*Eða „verði upphafið; verði virt sem heilagt“. 11:4 \*Eða „leyfðu ekki að við látum undan freistingu“.



börnin og ég erum komin í rúm-  
ið. Ég get ekki farið á fætur til  
að gefa þér brauð.’ **8** Ég segi ykk-  
ur að þótt hann fari ekki á fætur  
og gefi honum brauð vegna vináttu  
þeirra fer hann samt fram úr vegna  
ágangni hans og gefur honum það  
sem hann þarf. **9** Því segi ég ykk-  
ur: Haldið áfram að biðja og ykkur  
verður gefið, haldið áfram að leita  
og þið munuð finna, haldið áfram  
að banka og það verður opnað fyrir  
ykkur, **10** því að allir fá sem biðja,  
allir finna sem leita og opnað verður  
fyrir öllum sem banka. **11** Myndi  
nokkur faðir á meðal ykkar gefa  
syni sínum höggorm ef hann bæði  
um fisk? **12** Eða myndi hann gefa  
honum sporðreka ef hann bæði um  
egg? **13** Fyrst þið, sem eruð vond-  
ir, hafið vit á að gefa börnum ykkar  
góðar gjafir hlýtur faðirinn á himn-  
um miklu frekar að gefa þeim heil-  
agan anda sem biðja hann.“

**14** Síðar rak Jesús út illan anda  
sem olli málleysi hjá manni nokkr-  
um. Eftir að illi andinn var farinn  
út gat mállausi maðurinn talað og  
fólkið undraðist mjög. **15** En sum-  
ir sögðu: „Hann rekur út illu and-  
ana með hjálp Beelsebúls,\* höfð-  
ingja illu andanna.“ **16** Aðrir vildu  
reyna hann og heimtuðu að hann  
gæfi þeim tákni af himni. **17** Hann  
vissi hvað þeir hugsuðu og sagði við  
þá: „Hvert það ríki sem er sundrað  
líður undir lok og hver sú fjölskylda  
sem er sundruð leysist upp. **18** Ef  
Satan hefur snúist gegn sjálfum sér  
hvernig getur ríki hans þá staðist?  
Þið segið að ég reki illu andana  
út með hjálp Beelsebúls. **19** Ef ég  
rek út illu andana með hjálp Beelse-  
búls, hver hjálpar þá fylgjendum\*  
ykkar að reka þá út? Þeir skulu því  
dæma ykkur. **20** En ef ég rek út  
illu andana með fingri Guðs þá er

ríki Guðs komið, ykkur að óvörum.  
**21** Þegar sterkur og vel vopnaður  
maður gætir hallar sinnar eru eig-  
ur hans óhultar. **22** En þegar ann-  
ar honum sterkari ræðst á hann og  
sigrar hann tekur sá öll vopnin sem  
hinn treysti á og deilir út því sem  
hann tekur frá honum. **23** Hver  
sem stendur ekki með mér er á móti  
mér og hver sem safnar ekki saman  
með mér, hann tvístrar.

**24** Þegar óhreinn andi fer út  
af manni flakkar hann um þurrar  
auðnir í leit að hvíldarstað og þegar  
hann finnur engan segir hann: „Ég  
fer aftur í hús mitt sem ég flutti úr.“  
**25** Hann kemur þangað og finnur  
það sópað og skreytt. **26** Hann fer  
þá og tekur með sér sjö aðra anda  
sem eru verri en hann sjálfur. Þeir  
fara inn og setjast þar að svo að  
maðurinn er enn verr staddur en í  
upphafi.“

**27** Þegar hann sagði þetta kall-  
aði kona meðal mannfjöldans til  
hans: „Hamingjusöm er sú móð-  
ir sem gekk með þig og gaf þér  
brjóst.“ **28** En hann sagði: „Nei,  
þeir sem heyra orð Guðs og fara  
eftir því, þeir eru hamingjusamir.“

**29** Þegar fólkið þyrptist að sagði  
hann: „Þessi kynslóð er vond kyn-  
slóð. Hún heimtar tákni en hún  
fær ekkert annað en tákni Jónasar.  
**30** Eins og Jónas varð tákni fyrir  
Nínívebúa þannig verður Manns-  
sonurinn tákni fyrir þessa kynslóð.  
**31** Drottningin í suðri verður reist  
upp í dómnum ásamt fólki af þess-  
ari kynslóð og sakfellir það því að  
hún kom frá endimörkum jarðar  
til að hlusta á visku Salómóns. En  
hér er meira en Salómón. **32** Nín-  
ívemenn rísa upp í dómnum ásamt  
þessari kynslóð og dæma hana seka  
því að boðun Jónasar varð til þess  
að þeir iðruðust. En hér er meira en  
Jónas. **33** Sá sem kveikir á lampa  
fer ekki með hann í felur eða set-

11:15 \*Heiti sem er notað um Satan. 11:19  
\*Orðrétt „sonum“.

ur hann undir kórflu\* heldur á ljóstand svo að þeir sem koma inn sjái ljósið. **34** Augað er lampi líkamans. Þegar augað sér skýrt\* er allur líkami þinn bjartur.“ En þegar það beinist að hinu illa<sup>^</sup> er líkami þinn dimmur. **35** Gættu því þess að ljósið í þér sé ekki myrkur. **36** Ef allur líkami þinn er bjartur og ekkert myrkur er í honum verður hann allur eins bjartur og þegar lampi lýsir þér.“

**37** Eftir að hann hafði sagt þetta bauð farisei nokkur honum til sín í mat. Hann fór inn til hans og lagðist til borðs. **38** En fariseinn furðaði sig á að hann skyldi ekki þvo sér\* fyrir matinn. **39** Drottinn sagði þá við hann: „Þið farisear, þið hreinsið bikarinn og diskinn að utan en að innan eruð þið fullir græðgi og illsku. **40** Þið óskynsömu menn! Hefur ekki sá sem gerði hið ytra einnig gert hið innra? **41** Þegar þið gefið fátækum gjafir\* á það að koma innan frá og þá verðið þið hreinir að öllu öðru leyti. **42** En illa fer fyrir ykkur, farisear, því að þið gefið tíund af myntu og rúðu og öllum öðrum kryddjurtum\* en skeytið ekki um réttlæti og kærleika til Guðs. Ykkur var skylt að gjalda tíundina en þið áttuð ekki að sleppa hinu. **43** Illa fer fyrir ykkur, farisear, því að þið njótið þess að sitja í fremstu\* sætunum í samkunduhúsum og láta heilsa ykkur á torgunum. **44** Illa fer fyrir ykkur því að þið eruð eins og grafir\* sem sjást illa“ og menn ganga yfir án þess að vita það.“

11:33 \*Eða „mæliker“. 11:34 \*Eða „augað beinist að einu“. Orðrétt „er einfalt“. <sup>^</sup>Eða „upplýstur“. <sup>^</sup>Eða „er öfundsjúkt“. Orðrétt „er illt“. 11:38 \*Það er, þvo sér eftir helgisíðareglum Gyðinga. 11:41 \*Eða „gefið miskunnargjafir“. Sjá orðaskýringar. 11:42 \*Eða „öllu öðru grænmeti“. 11:43 \*Eða „bestu“. 11:44, 47 \*Eða „minningargrafir“. 11:44 \*Eða „eins og ómerktar grafir“.

**45** Löglærður maður sagði þá við hann: „Kennari, þú misbýður okkur líka með því sem þú segir.“ **46** Jesús svaraði: „Illa fer fyrir ykkur líka, þið löglærðu, því að þið íþyngið mönnum með þungum byrðum en sjálfir snertið þið þær ekki einum fingri.“

**47** Illa fer fyrir ykkur því að þið hlaðið upp grafir\* spámanna sem forfeður ykkar drápu. **48** Þið vitið mætavel hvað forfeður ykkar gerðu en þið látið ykkur það vel líka. Þeir drápu spámennina og þið hlaðið upp grafir þeirra. **49** Þess vegna sagði Guð í visku sinni: „Ég mun senda þeim spámenn og postula og þeir munu drepa og ofsækja suma þeirra. **50** Þessi kynslóð verður því gerð ábyrg fyrir\* blóði allra spámana sem hefur verið úthellt frá grundvöllum heims, **51** frá blóði Abels til blóðs Sakaríá sem var drepinn milli altarisins og musterisins.“\* Já, ég segi ykkur að þessi kynslóð verður gerð ábyrg fyrir því.“

**52** Illa fer fyrir ykkur, þið löglærðu, því að þið hafið fjarlægð lyktil þekkingarinnar. Sjálfir hafið þið ekki gengið inn og þið aftrið þeim að komast inn sem eru á leiðinni!“

**53** Hann fór út þaðan og fræðimennirnir og farisearnir gengu þá hart að honum og létu spurningarnar dynja á honum. **54** Þeir sátu fyrir honum til að reyna að hanka hann á einhverju sem hann segði.

**12** Meðan þessu fór fram hafði fólk flykkst að þúsundum saman og tróð hvert á öðru. Jesús sneri sér að lærisveinunum og sagði: „Varið ykkur á sárdeigi farisea sem er hræsnin. **2** Ekkert er vandlega falið sem kemur ekki í

11:50 \*Eða „verður því krafín um“. 11:51 \*Orðrétt „hússins“. <sup>^</sup>Eða „verður krafín um það“.

ljós og ekkert leynt sem verður ekki kunnugt. **3** Hvað sem þið segið í myrkri heyrir í birtu og það sem þið hvíslíð fyrir luktum dyrum verður boðað af húspökum. **4** Ég segi ykkur enn fremur, vinir mínir: Hræðist ekki þá sem deyða líkamann og geta síðan ekki gert neitt meira. **5** En ég skal segja ykkur hvern á að hræðast: Hræðist þann sem hefur vald til að deyða og síðan varpa í Gehenna.\* Já, ég segi ykkur, hræðist hann. **6** Eru ekki fimm spörvir seldir fyrir tvo smápeninga?\* Samt gleymir Guð engum\* þeirra. **7** En á ykkur eru jafnvel öll höfuðhárin talin. Verið óhrædd, þið eruð meira virði en margir spörvar.

**8** Ég segi ykkur að hvern sem kannast við mig frammi fyrir mönnum mun Mannssonurinn einnig kannast við frammi fyrir englum Guðs. **9** En þeim sem afneitar mér fyrir mönnum verður afneitað frammi fyrir englum Guðs. **10** Og hverjum sem talar gegn Mannssyninum verður fyrirgefið en þeim sem lastmælir gegn heilögum anda verður ekki fyrirgefið. **11** Þegar þeir draga ykkur fyrir opinber dómþing,\* valdamenn og yfirvöld skuluð þið ekki hafa áhyggjur af því hvernig þið eigið að verja ykkur eða hvað þið eigið að segja. **12** Því að heilagur andi kennir ykkur á þeirri stundu hvað þið skuluð segja.\*

**13** Einn úr mannfjöldanum sagði þá við hann: „Kennari, segðu bróður mínum að skipta arfinum með mér.“ **14** Hann svaraði: „Maður, hver skipaði mig dómara eða skiptaráðanda yfir ykkur tveim?“ **15** Síðan sagði hann við þá: „Hafið augun opin og varist hvers kyns græðgi\* því að

eigur manns veita honum ekki líf þótt hann búi við allsnægtir.“ **16** Hann sagði þeim svo þessa dæmisögu: „Ríkur maður átti land sem gaf vel af sér. **17** Hann hugsaði þá með sér: „Hvað á ég nú að gera fyrst ég kem uppskeru minni hvergi fyrir?“ **18** Síðan sagði hann: „Þetta ætla ég að gera: Ég ríf hlöður mínar og byggi aðrar stærri og þangað safna ég öllu korni mínu og eigum, **19** og ég segi við sjálfan mig:\* „Þú“ átt miklar birgðir til margra ára. Taktu það rólega, borðaðu, drektu og njóttu lífsins.““ **20** En Guð sagði við hann: „Óskynsami maður, í nótt deyrðu.\* Hver fær þá það sem þú hefur safnað?“ **21** Þannig fer fyrir þeim sem safnar sér audi en er ekki ríkur í augum Guðs.“

**22** Síðan sagði hann við lærisveina sína: „Þess vegna segi ég ykkur: Hættið að hafa áhyggjur af því hvað þið eigið að borða til að viðhalda lífi\* ykkar eða hverju þið eigið að klæðast. **23** Lífið\* er meira virði en maturinn og líkaminn meira en fötin. **24** Hugsið til hrafnanna: Þeir sá hvorki né uppskera og hafa hvorki forðabúr né hlöður en Guð fóðrar þá samt. Eruð þið ekki miklu meira virði en fuglar? **25** Hvert ykkar getur með áhyggjum lengt ævi sína um alin?\*" **26** Fyrst þið getið ekki gert slíkt smáræði, hvers vegna ættuð þið þá að hafa áhyggjur af öllu hinu? **27** Hugsið til þess hvernig liljurnar vaxa. Þær vinna hvorki né spinna en ég segi ykkur að jafnvel Salómon í allri sinni dýrð var ekki eins fallega klæddur og ein þeirra. **28** Fyrst Guð prýðir þannig gróðurinn á vellinum sem stendur í dag

12:5, 25 \*Sjá orðaskýringar. 12:6 \*Orðrétt „tvo assariona“. \*Eða „yfirsest Guði enginn“. 12:11 \*Eða „fyrir samkundur“. 12:15 \*Eða „ágirnd“.

12:19 \*Eða „sál mína“. \*Eða „Sál, þú“. 12:20 \*Eða „í nótt verður sál þín heimtuð af þér“. 12:22 \*Eða „sálum“. 12:23 \*Eða „Sálin“.

og er kastað í ofn á morgun hlýtur hann miklu frekar að klæða ykkur, þið trúlitlu. **29** Hættið að vera upptekin af því hvað þið eigið að borða og drekka, og hættið að vera áhyggjufull. **30** Fólkið í heiminum keppist eftir öllu þessu en faðir ykkar veit að þið þarfnist þessa. **31** Einbeitið ykkur heldur að ríki hans og þá fáið þið þetta að auki.

**32** Vertu ekki hrædd, litla hjörð, því að faðir ykkar hefur ákveðið að gefa ykkur ríkið. **33** Seljið eigin ykkar og gefið fátækum gjafir.\* Fáið ykkur pyngjur sem slitna ekki, óþrjótandi fjársjóð á himnum þar sem þjófar ná ekki til og mölur eyðir ekki. **34** Þar sem fjársjóður ykkar er þar verður líka hjarta ykkar.

**35** Verið albúin\* og látið loga á lömpum ykkar. **36** Verið eins og menn sem bíða eftir að húsbóndi þeirra komi heim úr brúðkaupinu þannig að þeir geti opnað fyrir honum um leið og hann bankar. **37** Þjónarnir sem húsbóndinn finnur viðbúna þegar hann kemur eru glaðir. Trúið mér, hann klæðir sig í þjónsföt,\* lætur þá leggjast til borðs og gengur um og þjónar þeim. **38** Þeir eru glaðir ef hann kemur og finnur þá viðbúna á annarri næturvöku\* eða jafnvel þriðju.\* **39** En það skuluð þið vita að húseigandinn myndi ekki láta brjótast inn í hús sitt ef hann vissi hvenær\* þjófurinn kæmi. **40** Verið þið líka viðbúin því að Mannssonurinn kemur þegar\* þið búist ekki við honum.“

**41** Pétur spurði þá: „Drottinn, ertu að segja öllum þessa dæmisögu eða bara okkur?“ **42** Drott-

inn svaraði: „Hver er eiginlega hinn trúi og skynsami\* ráðsmaður“ sem húsbóndinn setur yfir vinnuhjú<sup>^</sup> sín til að gefa þeim matarskammtinn stöðugt á réttum tíma? **43** Sá þjónn er glaður ef húsbóndi hans sér hann gera það þegar hann kemur. **44** Trúið mér, hann setur hann yfir allar eigur sínar. **45** En ef þjónninn segir í hjarta sínu: „Húsbónda mínum seinkar,“ og fer að berja vinnumenn og vinnukonur og borða og drekka sig drukinn **46** þá kemur húsbóndi hans á degi sem hann á ekki von á og stund sem hann býst ekki við. Hann refsar þá þjóninum harðlega og rekur hann út til hinna ótrúu. **47** Þjónninn vissi hvað húsbóndinn vildi en var hvorki tilbúinn né gerði það sem hann var beðinn um.\* Hann verður því barinn mörg högg. **48** En sá sem kallaði yfir sig refsingu í vanvisku sinni verður barinn fá högg. Hver sem mikið er gefið verður krafinn um mikið og sá sem er settur yfir mikið verður krafinn um meira en venjulegt er.

**49** Ég kom til að kveikja eld á jörð og hann er nú þegar kveiktur. Hvers get ég óskað umfram það? **50** En ég þarf að skirast ákveðinni skírni og hún hvílir þungt á mér þar til henni er lokið. **51** Haldið þið að ég hafi komið til að færa frið á jörð? Nei, segi ég ykkur, ég kom öllu heldur til að valda sundrung. **52** Héðan í frá verða fimm í sama húsi ósáttir, þrjár á móti tveim og tveir á móti þrem. **53** Faðir snýst gegn syni og sonur gegn föður, móðir gegn dóttur og dóttir gegn móður, tengdamóðir gegn tengdadóttur og tengdadóttir gegn tengdamóður.“

**54** Síðan sagði hann við fólk: „Þegar þið sjáið ský draga upp í

12:33 \*Eða „gefið miskunnargjafir“. Sjá orðaskýringar. 12:35 \*Orðrétt „gyrt um lendar ykkar“. 12:37 \*Eða „gyrðir sig belti“. 12:38 \*Frá um kl. 21 til miðnættis. \*Frá miðnætti til um kl. 3. 12:39 \*Orðrétt „á hvaða stundu“. 12:40 \*Orðrétt „á stundu sem“.

12:42 \*Eða „hyggni“. \*Eða „bústjóri“. <sup>^</sup>Eða „vinnufólk“. 12:47 \*Eða „né fór að vilja hans“.

vestri segið þið undireins: „Óveður er í aðsigi,“ og það verður. **55** Og þegar sunnanvindur blæs segið þið: „Nú kemur hitabylgja,“ og það gerist. **56** Hræsningar, þið kunið að ráða útlit himins og jarðar en hvers vegna skiljið þið ekki þýðingu þess sem er að gerast núna? **57** Hvers vegna getið þið ekki sjálf dæmt um hvað sé rétt? **58** Tökum dæmi: Þegar þú ert á leið til yfirvalda með þeim sem höfðar mál gegn þér skaltu reyna að ná sáttum við hann til að hann dragi þig ekki fyrir dómara, dómarrinn afhendi þig réttarþjóninum og réttarþjónninn varpi þér í fangelsi. **59** Ég segi þér að þú losnar alls ekki þaðan fyrr en þú greiðir upp skuldina, hvern einasta eyri.“\*

**13** Í sömu mund sögðu nokkrir viðstaddra honum frá Galíleumönnum sem Pílatas hafði drep- ið meðan þeir færðu fórnir svo að blóð þeirra blandaðist fórnarblóðinu. **2** Hann svaraði þeim: „Haldið þið að þessir Galíleumenn hafi verið meiri syndarar en allir aðrir Galíleumenn fyrst þeir urðu fyrir þessu? **3** Nei, segi ég ykkur, en ef þið iðrist ekki munuð þið öll deyja eins og þeir. **4** Eða þeir 18 sem dóu þegar turninn í Silóam féll á þá – haldið þið að þeir hafi verið sekari en allir aðrir Jerúsalembúar? **5** Nei, segi ég ykkur, en ef þið iðrist ekki deyið þið öll eins og þeir.“

**6** Síðan sagði hann þessa dæmi- sögu: „Maður nokkur átti fikjutré í víngarði sínum og kom til að leita að ávexti á því en fann engan. **7** Þá sagði hann við garðyrkjumanninn: „Nú hef ég komið í þrjú ár og leit- að ávaxtar á þessu fikjutré en engan fundið. Felldu tréð. Hvers vegna á það að standa og taka pláss?“ **8** Hann svaraði: „Herra, láttu það

standa eitt ár í viðbót þar til ég hef grafið kringum það og gefið því áburð. **9** Vel má vera að það beri þá ávöxt. Ef ekki skaltu fella það.“

**10** Jesús var nú að kenna á hvíldardegi í einu af samkunduhúsum. **11** Þar var kona sem var haldin illum anda og hafði verið veik af völdum hans\* í 18 ár. Hún var kengbogin í baki og algerlega ófær um að rétta úr sér. **12** Þegar Jesús sá hana sagði hann: „Kona, þú ert laus við mein þitt.“ **13** Hann lagði hendur yfir hana og hún rétti samstundis úr sér og lofaði Guð. **14** Samkundustjórinn brást reiður við að Jesús skyldi lækna á hvíldardegi og sagði við fólkið: „Sex dagar vikunnar eru ætlaðir til vinnu. Þá daga getið þið komið og fengið lækningu en ekki á hvíldardeginum.“ **15** En Drottinn svaraði: „Hræsningar, leysið þið ekki allir naut ykkar eða asna af básnum á hvíldardegi og leiðið þau út til að brynna þeim? **16** Þessi kona sem er dóttir Abrahams og Satan hefur haldið í fjötrum í 18 ár, átti ekki að leysa hana úr fjötrum hennar á hvíldardegi?“ **17** Allir andstæðingar hans urðu skömmustulegir þegar hann sagði þetta en mannfjöldinn gladdist yfir öllum þeim stórfeng- legu verkum sem hann vann.

**18** Hann hélt áfram: „Hvernig á að lýsa ríki Guðs og við hvað á ég að líkja því? **19** Það er eins og sinnepsfræ sem maður sáði í garð sinn. Það óx og varð tré og fugl- ar himins hreiðruðu sig í greinum þess.“

**20** Og hann endurtók: „Við hvað á ég að líkja ríki Guðs? **21** Það er eins og súrdeig sem kona tók og blandaði í þrjá stóra mæla\* mjöls svo að allt deigið gerjaðist.“

12:59 \*Orðrétt „síðasta leptoninn“. Sjá orða- skýringar.

13:11 \*Eða „kona sem hafði verið haldin sjúk- leiksanda“. 13:21 \*Orðrétt „þrjár seur“. Ein sea jafngilti 7,33 l.

22 Hann hélt áfram ferð sinni til Jerúsalem, fór borg úr borg og þorp úr þorpi og kenndi. 23 Maður nokkur sagði nú við hann: „Drottinn, eru fáir sem bjargast?“ Hann sagði við þá: 24 „Leggið hart að ykkur til að komast inn um þröngu dyrnar því að ég segi ykkur að margir reyna að komast inn en geta það ekki. 25 Þegar húsbóndinn stendur upp og læsir dyrnum munuð þið standa fyrir utan, banka og segja: ‚Drottinn, opnaðu fyrir okkur.‘ En hann svarar ykkur: ‚Ég veit ekki hvaðan þið eruð.‘ 26 Þá segið þið: ‚Við borðuðum og drukkum með þér og þú kenndir á strætum okkar.‘ 27 En hann svarar ykkur: ‚Ég veit ekki hvaðan þið eruð. Farið frá mér, þið allir sem vinnið illskuverk!‘ 28 Þið munuð gráta og gnísta tönnum þegar þið sjáið Abraham, Ísak, Jakob og alla spámennina í ríki Guðs en þið sjálfir eruð reknir út. 29 Fólk mun koma úr austri og vestri, norðri og suðri og leggjast að borði í ríki Guðs. 30 Sumir hinna síðustu verða fyrstir og sumir hinna fyrstu síðastir.“

31 Í sömu andrá komu nokkrir farísear til hans og sögðu: „Farðu héðan því að Heródes vill drepa þig.“ 32 Hann svaraði þeim: „Farið og segið þeim ref: ‚Ég rek út illa anda og lækna fólk í dag og á morgun, og á þriðja degi verð ég búinn.‘ 33 En ég verð að halda áfram í dag og á morgun og hinn því að það er óhugsandi\* að spámaður sé líflátinn annars staðar en í Jerúsalem. 34 Jerúsalem, Jerúsalem, þú sem drepur spámennina og grýtir þá sem eru sendir til þín, hve oft vildi ég ekki safna saman börnum þínum eins og hæna safnar unghópnum undir vængi sér. En þið vilduð það ekki. 35 Hús ykkar verður yfirgef-

ið og verður í ykkar höndum. Ég segi ykkur að þið munuð alls ekki sjá mig fyrr en þið segið: ‚Blessaður sé sá sem kemur í nafni Jehóva.‘“

**14** Á hvíldardegi nokkrum var Jesú boðið til máltíðar í húsi eins af leiðtogum farísea og menn fylgdust náði með honum. 2 Fyrr framan hann var maður sem var með mikinn bjúg. 3 Jesús spurði þá hina löglærðu og faríseana: „Er leyfilegt að lækna á hvíldardegi eða ekki?“ 4 En þeir þögdðu. Þá snerti hann manninn, læknaði hann og lét hann fara. 5 Síðan sagði hann við þá: „Ef einhver ykkar ætti son eða naut sem félli í brunn á hvíldardegi myndi hann þá ekki draga hann strax upp úr?“ 6 Þeir gátu ekki svarað þessu.

7 Þegar hann sá gestina velja sér bestu sætin sagði hann þeim þessa dæmisögu: 8 „Þegar þér er boðið til brúðkaupsveislu skaltu ekki velja besta sætið. Kannski er einhverjum boðið sem er fremri þér að virðingu. 9 Sá sem bauð ykkur báðum kemur þá og segir við þig: ‚Leyfðu þessum manni að sitja hér.‘ Þá þarftu að færa þig með skömm í lakasta sætið. 10 Þegar þér er boðið skaltu heldur velja lakasta sætið svo að gestgjafinn segi við þig þegar hann kemur: ‚Vinur, færðu þig nær.‘ Þá verður þér sýnd virðing frammi fyrir öllum hinum gestunum. 11 Hver sem upphefur sjálfan sig verður auðmýktur og hver sem auðmýkir sjálfan sig verður upphafinn.“

12 Síðan sagði hann við gestgjafann: „Þegar þú býður til hádegisverðar eða kvöldverðar skaltu ekki bjóða vinum þínum, bræðrum, ættlingjum eða ríkum nágrönnum. Þeir bjóða þér kannski seinna og endurgjalda þannig boðið. 13 Þegar þú

13:33 \*Eða „það getur ekki gerst“.

13:35 \*Sjá orðaskýringar.

heldur veislu skaltu bjóða fátækum, fötluðum, höltum og blindum **14** og þú verður hamingjusamur því að þeir geta ekki endurgoldið þér. Þér verður endurgoldið í upprisu hinna réttlátu.“

**15** Þegar einn af gestunum heyrði þetta sagði hann við Jesú: „Sá er hamingjusamur sem matast\* í ríki Guðs.“

**16** Jesús sagði við hann: „Maður hélt mikla veislu og bauð mörgum. **17** Þegar kom að veislunni sendi hann þjón sinn til að segja þeim sem voru boðnir: ‚Komið, því að nú er allt tilbúið.‘ **18** En þeir fóru allir að afsaka sig. Sá fyrsti sagði við hann: ‚Ég var að kaupa akur og þarf að fara og líta á hann. Ég bið þig að hafa mig afsakaðan.‘ **19** Annar sagði: ‚Ég var að kaupa fimm eyki\* nauta og ætla að fara og skoða þau. Ég bið þig að hafa mig afsakaðan.‘ **20** Og enn annar sagði: ‚Ég var að gifta mig og þess vegna get ég ekki komið.‘ **21** Þjónninn kom nú til húsbónda síns og greindi honum frá þessu. Þá reiddist húsbóndinn og sagði við þjóninn: ‚Farðu sem skjótast út á stræti og götur borgarinnar og komdu hingað með fátæka, fatlaða, blinda og halta.‘ **22** Þegar þjónninn kom til baka sagði hann: ‚Herra, ég hef gert eins og þú baðst um og enn er pláss fyrir fleiri.‘ **23** Húsbóndinn sagði þá við þjóninn: ‚Farðu út á vegi og sveitagötur og teldu fólk á að koma svo að hús mitt fyllist. **24** Ég segi ykkur að enginn þeirra sem voru boðnir skal fá að bragða á kvöldverði mínum.“

**25** Mikill fjöldi fólks var í för með honum. Hann sneri sér við og sagði við fólkið: **26** „Sá sem kemur til mín og elskar mig minna en\* föður sinn og móður, konu og börn,

bræður og systur og jafnvel sitt eigið líf\* getur ekki verið lærisveinn minn. **27** Hver sem ber ekki kvalastaur\* sinn og fylgir mér getur ekki verið lærisveinn minn. **28** Ef einhver ykkar vill byggja turn, sest hann þá ekki fyrst niður og reiknar kostnaðinn til að kanna hvort hann hafi efni á að fullgera hann? **29** Annars fer kannski svo að hann leggur grunninn en tekst ekki að ljúka verkinu og allir sem sjá það gera gys að honum **30** og segja: ‚Þessi maður fór að byggja en gat ekki lokið við það.‘ **31** Eða hvaða konungur heldur út í stríð gegn öðrum konungi án þess að setjast fyrst niður með ráðgjöfum sínum og ræða hvort hann geti farið með 10.000 hermönnum gegn þeim sem kemur á móti honum með 20.000 menn? **32** Ef svo er ekki gerir hann út sendinefnd og biðst friðar meðan hinn er enn langt undan. **33** Eins skuluð við vita að enginn ykkar getur verið lærisveinn minn nema hann segi skilið við\* allt sem hann á.

**34** Salt er vissulega gott. En ef saltið dofnar, með hverju á þá að krydda það? **35** Það er hvorki nothæft í mold né mykjuhaug. Því er fleygt. Sá sem hefur eyru hann hlusti.“

**15** Skattheimtumenn og syndarar hópuðust stödugt kringum Jesú til að hlusta á hann **2** en bæði farisear og fræðimenn tautuðu: „Þessi maður umgengst syndara og borðar með þeim.“ **3** Þá sagði hann þeim þessa dæmisögu: **4** „Ef einhver ykkar á 100 sauði og týnir einum, skilur hann þá ekki hina 99 eftir í óbyggðinni og leitar að þeim týnda þar til hann finnur hann? **5** Þegar hann finnur sauðinn gleðst hann og leggur hann á

14:15 \*Orðrétt „borðar brauð“. 14:19 \*Eða „pör“. 14:26 \*Eða „og hatar ekki“.

14:26 \*Eða „sína eigin sál“. 14:27 \*Sjá orðaskýringar. 14:33 \*Eða „hann kveðji“.

herðar sér. **6** Og þegar hann kemur heim kallar hann saman vini sína og nágretta og segir við þá: „Samgleðjast mér því að ég hef fundið sauðinn minn sem var týndur.“ **7** Ég segi ykkur að á sama hátt verður meiri fögnuður á himni yfir einum syndara sem iðrast en yfir 99 réttlátum sem þurfa ekki að iðrast.

**8** Eða segjum að kona eigi tíu drökmur\* og týni einni. Kveikir hún þá ekki á lampa, sópar húsið og leitir vandlega þar til hún finnur hana? **9** Og þegar hún finnur hana kallar hún saman vinkonur sínar og nágretta og segir: „Samgleðjast mér því að ég hef fundið drökmuna\* sem ég týndi.“ **10** Ég segi ykkur að englar Guðs gleðjast á sama hátt yfir einum syndara sem iðrast.“

**11** Síðan sagði hann: „Maður átti tvo syni. **12** Sá yngri sagði við föður sinn: „Pabbi, gefðu mér þann hluta eignanna sem ég á að erfa.“ Hann skipti þá eignum sínum milli þeirra. **13** Nokkrum dögum síðar tók yngri sonurinn saman allar eigur sínar og ferðaðist til fjarlægs lands. Þar sóaði hann arfinn í svalli og ólífnaði.\* **14** Þegar hann hafði eytt aleigunni varð mikil hungursneyð í landinu og hann fór að líða skort. **15** Hann réð sig meira að segja í vinnu hjá manni nokkrum í landinu sem sendi hann út í haga að gæta svína. **16** Hann sárlangaði til að seðja sig á fræbeljunum sem svinin átu en enginn gaf honum neitt að borða.

**17** Þegar hann kom til sjálfs sín sagði hann: „Allir daglaunamenn þabba hafa meira en nóg af brauði meðan ég er að deyja hér úr hungri. **18** Ég ætla að taka mig upp og fara heim til þabba og segja við hann: „Pabbi, ég hef syndgað gegn himn-

inum og gegn þér. **19** Ég á ekki lengur skilið að kallast sonur þinn. Leyfðu mér að vera eins og einn af daglaunamönnum þínum.““ **20** Hann tók sig síðan upp og fór til föður síns. Faðir hans kom auga á hann meðan hann var enn langt í burtu. Hann kenndi í brjósti um hann og hljóp á móti honum, faðmadi hann að sér\* og kyssti hann blíðlega. **21** Sonurinn sagði þá við hann: „Pabbi, ég hef syndgað gegn himninum og gegn þér. Ég á ekki lengur skilið að kallast sonur þinn.“ **22** En faðirinn sagði við þjóna sína: „Flýtið ykkur! Komid með skikkju, þá bestu, og klæðið hann í. Dragid hring á fingur hans og klæðið hann í ilskó. **23** Sækið líka alikálfinn og slátrið honum. Borðum og gerum okkur glaðan dag **24** því að þessi sonur minn var dáinn en er lifnaður aftur. Hann var týndur en er fundinn.“ Síðan gerðu menn sér glaðan dag.

**25** Nú var eldri sonurinn úti á akri. Þegar hann sneri heim og nálgadist húsið heyrði hann tónlist og dans. **26** Hann kallaði á einn af þjónunum og spurði hvað væri um að vera. **27** Þjónninn svaraði: „Bróðir þinn er kominn aftur heill á húfi\* og þess vegna hefur faðir þinn slátrað alikálfinum.“ **28** En hann reiddist og vildi ekki fara inn. Faðir hans kom þá út og hvatti hann til að koma inn. **29** Hann svaraði föður sínum: „Ég hef stritad fyrir þig öll þessi ár og hef ekki óhlýðnast þér í eitt einasta skipti. Samt hefurðu aldrei gefið mér svo mikið sem kiðling til að ég geti skemmt mér með vinum mínum. **30** En þessi sonur þinn, sem sóaði\* eignum þínum með vændiskunum, er ekki fyrr kominn heim en þú slátrar alikálfinum fyrir hann.“

15:8, 9 \*Sjá orðaskýringar. 15:13 \*Eða „í óhófsómu líferni; í glæfralegu líferni“.

15:20 \*Orðrétt „féll um háls honum“. 15:27 \*Eða „heill heilsu“. 15:30 \*Orðrétt „gleypti“.



31 Faðirinn sagði þá við hann: „Sonur minn, þú hefur alltaf verið hjá mér og allt mitt er þitt. 32 En við gátum ekki annað en glaðst og haldið veislu því að bróðir þinn var dáinn en er lifnaður aftur. Hann var týndur en er fundinn.“

**16** Hann sagði nú við lærisveinana: „Ríkur maður var með ráðsmann\* sem var sakaður um að sóa eigum hans. 2 Hann kallaði hann því til sín og sagði: „Hvað er þetta sem ég heyri um þig? Gerðu mér grein fyrir ráðsmennsku þinni því að þú getur ekki verið bústjóri lengur.“ 3 Ráðsmaðurinn sagði þá við sjálfan sig: „Hvað á ég að gera fyrst húsbóndi minn ætla að svipta mig ráðsmennskunni? Ég er ekki nógu sterkur til að grafa og mér finnst skammarlegt að betla. 4 Nú veit ég hvað ég geri til að fólk taki við mér á heimili sín þegar ég verð settur af sem ráðsmaður.“ 5 Og hann kallaði til sín skuldunauta húsbónda síns, hvern og einn, og spurði þann fyrsta: „Hve mikið skuldarðu húsbónda mínum?“ 6 Maðurinn svaraði: „Hundrað mæla\* ólívuolíu.“ Hann sagði þá: „Taktu skuldabréfið, sestu niður og skrifaðu sem fljótast 50.“ 7 Því næst sagði hann við annan: „En þú, hvað skuldarðu mikið?“ Maðurinn svaraði: „Hundrað stóra mæla\* hveitis.“ Hann sagði þá: „Taktu skuldabréfið og skrifaðu 80.“ 8 Húsbóndinn hrósaði ráðsmanninum, þótt ranglátur væri, fyrir útsjónarsemina.\* Já, fólk þessa heims<sup>†</sup> er snjallara í samskiptum við sína kynslóð en þeir sem eru í ljósinu.<sup>△</sup>

16:1 \*Eða „bústjóra“. 16:6 \*Eða „böt“. Bat jafngilti 22 l. 16:7 \*Eða „Hundrað kór“. Kór jafngilti 220 l. Sjá orðaskýringar. 16:8 \*Eða „kænskuna; hyggjuna“. \*Eða „þessarar aldar“. Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“. <sup>△</sup>Orðrétt „en synir ljóssins“.

9 Ég segi ykkur enn fremur: Notið auðæfin í þessum rangláta heimi\* til að eignast vini svo að þeir taki við ykkur í hina eilífu bústaði þegar þau þrjóta. 10 Sá sem er trúr í því smæsta er einnig trúr í miklu og sá sem er ranglátur í því smæsta er einnig ranglátur í miklu. 11 Ef þið hafið ekki farið með hin rangláta auðæfi af trúmennsku hver trúir ykkur þá fyrir sönnum verðmætum? 12 Og ef þið hafið ekki farið með eigr annarra af trúmennsku hver gefur ykkur þá það sem ykkur er ætlað? 13 Enginn þjónn getur þjónað tveim herrum því að annaðhvort hatar hann annan og elskar hinn eða er trúr öðrum og fyrirlítur hinn. Þið getið ekki verið þjónar Guðs og auðsins.“

14 Farisearnir, sem voru fégjarnir, heyrdðu allt þetta og fóru að hæðast að honum. 15 Hann sagði því við þá: „Þið reynið að telja fólki trú um að þið séuð réttlátir en Guð þekkir hjórtu ykkar. Það sem menn hafa í hávegum er viðurstyggilegt í augum Guðs.“

16 Lögín og spámennirnir ná fram til Jóhannesar. Þaðan í frá er fagnaðarboðskapurinn um ríki Guðs boðaður og alls konar fólk leggur hart að sér til að komast þar inn. 17 Já, það er líklegra að himinn og jörð lifði undir lok en að einn stafkrókur laganna rætist ekki.

18 Hver sem skilur við konu sína og giftist annarri fremur hjúskaparbrot og hver sem giftist fraskilinni konu fremur hjúskaparbrot.

19 Nú var ríkur maður sem klæddist purpura og finu líni og lifði í munaði og vellystingum alla daga. 20 En betlari, sem hét Lasarus og var þakinn sárum, var að jafnaði færður að hliðinu við hús hans. 21 Hann þræði að seðja sig á því sem féll af borði ríka mannsins.

16:9 \*Orðrétt „hin rangláta auðæfi“.

Hundar komu jafnvel og sleiktu sár hans. **22** Nú dó betlarinn og englar báru hann í faðm Abrahams.

Ríki maðurinn dó einnig og var grafinn. **23** Í gröfinni,\* þar sem hann kvaldist, leit hann upp og sá Abraham í fjarska og Lasarus við hlið hans.“ **24** Þá kallaði hann: „Abraham faðir minn, miskunnaðu mér og sendu Lasarus til að dýfa fingurgómi sínum í vatn og kæla tungu mína því að ég kvelst í þessum logandi eldi.“ **25** En Abraham svaraði: „Barnið mitt, mundu að þú naust mikilla gæða meðan þú lifðir en Lasarus bjó hins vegar við bág kjör. Nú fær hann huggun hér en þú ert kvalinn.“ **26** Auk þess er mikil gjá milli okkar og ykkar þannig að þeir sem vilja fara héðan yfir til ykkar geta það ekki og fólk kemst ekki heldur þaðan sem þið eruð yfir til okkar.“ **27** Þá sagði hann: „Fyrst svo er bið ég þig, faðir, að senda hann í hús föður míns **28** því að ég á fimm bræður. Þá getur hann varað þá við svo að þeir lendi ekki líka á þessum kvalastað.“ **29** En Abraham svaraði: „Þeir hafa Móse og spámennina. Þeir geta hlustað á þá.“ **30** Hann sagði þá: „Nei, Abraham faðir minn, en ef einhver kæmi til þeirra frá hinum dánun myndu þeir iðrast.“ **31** En Abraham svaraði: „Ef þeir hlusta ekki á Móse og spámennina láta þeir ekki heldur sannfærast þótt einhver rísi upp frá dauðum.““

**17** Síðan sagði hann við lærisveinana: „Það er óhjákvæmilegt að eitthvað komi upp sem verður fólki að falli. En illa fer fyrir þeim sem veldur því. **2** Það væri betra fyrir hann að myllusteinn væri hengdur um háls hans og honum kastað í hafið en að hann

yrði einum þessara minnstu að falli. **3** Gætið að ykkur. Ef bróðir þinn syndgar skaltu ávíta hann og ef hann iðrast skaltu fyrirgefa honum.

**4** Jafnvel þótt hann syndgi gegn þér sjö sinnum á dag og komi aftur til þín sjö sinnum og segi: „Ég sé eftir þessu,“ skaltu fyrirgefa honum.“

**5** Postularnir sögðu nú við Drottin: „Gefðu okkur meiri trú.“

**6** Drottinn svaraði: „Ef þið hefðu trú á við sinnepsfræ gætuð þið sagt við þetta mórberjatré: ‚Rífuðu þig upp með rótum og gróðursettu þig í sjónum!‘ og það myndi hlýða ykkur.“

**7** Segjum að einhver ykkar eigi þjón sem plægir eða gætir fjár. Segir hann þá við þjóninn þegar hann kemur inn af akrinum: ‚Komdu nú hingað og fæðu þér að borða?‘

**8** Segir hann ekki öllu heldur: ‚Eldaðu handa mér kvöldmat, settu á þig svuntu og þjónaðu mér meðan ég borða og drekk. Síðan getur þú borðað og drukkið?‘ **9** Varla verður hann þjóninum þakklátur fyrir að gera það sem var í hans verkahring. **10** Það sama á við um ykkur. Þegar þið hafið gert allt sem ykkur var falið skuluð þið segja: ‚Við erum ómerkilegir þjónar. Við höfum bara gert það sem við áttum að gera.““

**11** Jesús hélt nú til Jerúsalem og leið hans lá á mörkum Samaría og Galíleu. **12** Þegar hann kom að þorpi nokkru mættu honum tíu holdsveikir menn en stóðu þó í nokkurri fjarlægð. **13** Þeir hrópðu: „Jesús, kennari, miskunnaðu okkur!“ **14** Þegar hann sá þá sagði hann við þá: „Farið og sýnið ykkur prestunum.“ Á leiðinni þangað urðu þeir hreinir. **15** Einn þeirra sneri við þegar hann sá að hann hafði læknað og lofaði Guð háum rómi. **16** Hann féll á grúfu við fætur Jesú og þakkaði honum. En maðurinn var Samverji. **17** Jesús sagði þá:

16:23 \*Eða „Hades“, það er, sameiginlegri gróf mannkyns. Sjá orðaskýringar. \*Orðrétt „í faðmi hans“.

„Urðu ekki allir tíu hreinir? Hvar eru þá hinir níu? **18** Sneri enginn við til að lofa Guð nema þessi erlendi maður?“ **19** Síðan sagði hann við manninn: „Stattu á fætur og farðu leiðar þinnar. Trú þín hefur læknað þig.“

**20** Farísear spurðu hann nú hvernær ríki Guðs kæmi. Hann svaraði þeim: „Ríki Guðs kemur ekki þannig að mikið beri á. **21** Fólk mun ekki heldur segja: ‘Sjáið, það er hér!’ eða: ‘Það er þar!’ því að ríki Guðs er meðal ykkar.“

**22** Síðan sagði hann við lærisveinana: „Sá tími kemur að þið þráið að sjá einn af dögum Mannssonarins en fáðið það ekki. **23** Menn munu segja við ykkur: ‘Sjáið, hann er þar!’ eða: ‘Sjáið, hann er hér!’ Farið hvorki né hlaupið eftir þeim **24** því að Mannssonurinn verður á degi sínum eins og elding sem leiftrar frá einum enda himins til annars. **25** En fyrst þarf hann að þola miklar þjáningar og þessi kynslóð mun hafna honum. **26** Það verður eins á dögum Mannssonarins og var á dögum Nóa: **27** Fólk át og drakk, kvæntist og giftist fram til þess dags sem Nói gekk inn í örkina og flóðið kom og eyddi öllum. **28** Eins gerðist á dögum Lots: Fólk át og drakk, keypti og seldi, gróðursetti og byggði. **29** En daginn sem Lot fór út úr Sódómu rigndi eldi og brennisteini af himni og eyddi öllum. **30** Eins verður á þeim degi sem Mannssonurinn opinberast.“

**31** Sá sem er uppi á þaki á þeim degi en er með eigur sínar í húsinu á ekki að fara niður til að sækja þær, og sá sem er úti á akri á ekki heldur að fara heim til að ná í það sem hann á. **32** Munið eftir konu Lots. **33** Hver sem reynir að bjarga lífi\* sínu týnir því en

hver sem týnir lífi sínu varðveitir það. **34** Ég segi ykkur að þá nótt verða tveir í sama rúmi, annar verður tekinn en hinn skilinn eftir. **35** Tvær konur mala í sömu kvörn, önnur verður tekin en hin skilin eftir.“ **36** \*— **37** Þeir spurðu hann þá: „Hvar, Drottinn?“ Hann svaraði: „Þar sem líkið er þar safnast ernirir.“

**18** Síðan sagði hann þeim dæmisögu til að benda á að þeir þyrftu að biðja stöðugt og mættu ekki gefast upp. **2** „Í borg einni var dómari sem óttaðist hvorki Guð né virti nokkurn mann. **3** Í borginni bjó einnig ekkja sem kom ítreakað til hans og sagði: ‘Láttu mig ná rétti mínum gagnvart andstæðingi mínum.’ **4** Lengi vel var hann ófús til þess en að lokum sagði hann við sjálfan sig: ‘Ég óttast hvorki Guð né virði nokkurn mann **5** en þar sem þessi ekkja hættir ekki að ónáða mig skal ég sjá til þess að hún nái rétti sínum. Annars heldur hún áfram að koma og gerir út af við mig með þessu nauði sínu.’“ **6** Síðan sagði Drottinn: „Heyrið hvað dómariinn sagði þótt hann væri ranglátur. **7** Mun Guð þá ekki láta sína útvöldu, sem hrópa til hans dag og nótt, ná rétti sínum? Hann gerir það en er þolinmóður við þá. **8** Ég segi ykkur að hann lætur þá fljótt ná rétti sínum. En skyldi Mannssonurinn finna slíka trú\* á jörð þegar hann kemur?“

**9** Hann sagði einnig þessa dæmisögu við nokkra sem treystu að sjálfir væru þeir réttlátir og litu niður á aðra: **10** „Tveir menn fóru upp í musterið til að biðjast fyr-

17:36 \*Þetta vers er ekki í sumum fornum handritum og tilheyrir greinilega ekki innblásinni frásögn Biblíunnar. 18:5 \*Eða „gengur frá mér með barsmiðum sínum.“ 18:8 \*Orðrétt „trúna“.

17:33 \*Eða „sál“.

ir. Annar var farisei og hinn skattheimtumaður. **11** Fariseinn stóð og bað með sjálfum sér: „Guð, ég þakka þér fyrir að ég er ekki eins og allir aðrir – okrarar, ranglátir og þeir sem fremja hjúskaparbrot – eða þá eins og þessi skattheimtumaður. **12** Ég fasta tvisvar í viku og gef tíund af öllu sem ég eignast.“ **13** En skattheimtumaðurinn stóð langt frá og vildi ekki einu sinni horfa til himins heldur barði sér á brjóst og sagði: „Guð, ég er syndugur. Miskunnaðu mér.“ **14** Ég segi ykkur að þessi maður fór heim til sín réttlátari en fariseinn því að hver sem upphefur sjálfan sig verður niðurlægður en hver sem auðmýkir sjálfan sig verður upphafinn.“

**15** Fólk kom nú til hans með ungbörn sín til að hann snerti þau en þegar lærisveinarnir sáu það fóru þeir að ávíta fólkið. **16** Jesús bað hins vegar um að komið væri með ungbörninn til sín og sagði: „Leyfið börnunum að koma til mín. Reynið ekki að hindra þau því að ríki Guðs tilheyrir þeim sem eru eins og þau. **17** Trúið mér, sá sem tekur ekki við ríki Guðs eins og lítið barn kemst alls ekki inn í það.“

**18** Einn af leiðtogum fólksins spurði hann nú: „Góði kennari, hvað þarf ég að gera til að hljóta eilíft líf?“ **19** Jesús svaraði: „Hvers vegna kallarðu mig góðan? Enginn er góður nema Guð einn. **20** Þú þekkir boðorðin: „Þú skalt ekki fremja hjúskaparbrot, þú skalt ekki myrða, þú skalt ekki stela, þú skalt ekki bera ljúgvitni, heiðraðu föður þinn og móður.““ **21** Maðurinn sagði þá: „Allt þetta hef ég haldið frá unga aldri.“ **22** Þegar Jesús heyrði þetta sagði hann: „Enn vantar eitt upp á hjá þér: Seldu allt sem þú átt og skiptu fénu milli fátækra og þá áttu fjársjóð á himn-

um. Komdu síðan og fylgdu mér.“ **23** Hann varð sárhryggur þegar hann heyrði þetta því að hann var mjög ríkur.

**24** Jesús leit á hann og sagði: „Mikið verður erfitt fyrir hina ríku að komast inn í ríki Guðs. **25** Það er reyndar auðveldara fyrir úlfalda að komast gegnum nálarauga en fyrir ríkan mann að ganga inn í ríki Guðs.“ **26** Þeir sem heyrðu þetta spurðu: „Hver getur þá bjargast?“ **27** Hann svaraði: „Guð getur það sem mönnum er ógerlegt.“ **28** En Pétur sagði: „Við höfum yfirgefið það sem við áttum og fylgt þér.“ **29** Hann sagði við þá: „Trúið mér, enginn hefur yfirgefið heimili, eiginkonu, bræður, foreldra eða börn vegna ríkis Guðs **30** án þess að hann fái margfalt aftur á þessum tíma og í hinum komandi heimi\* eilíft líf.“

**31** Jesús tók síðan þá tólf afsíðis og sagði við þá: „Við erum nú á leið upp til Jerúsalem og allt sem spámenntirnir skrifuðu um Mannssoninn mun rætast. **32** Hann verður látinn í hendur manna af þjóðunum. Hann verður hæddur, honum misþyrmt og hrækt á hann. **33** Þeir munu húðstrýkja hann og taka af lifi en á þriðja degi rís hann upp.“ **34** En þeir áttuðu sig ekki á hvað neitt af þessu merkti því að orðin voru þeim hulin og þeir skildu ekki það sem sagt var.

**35** Jesús nálgadist nú Jeríkó. Blindur maður sat við veginn og betlaði. **36** Hann heyrði að fjöldi fólks fór fram hjá og spurði hvað væri um að vera. **37** Honum var sagt: „Jesús frá Nasaret á leið hjá.“ **38** Þá hrópaði hann: „Jesús sonur Davíðs, miskunnaðu mér!“ **39** Þeir sem voru á undan höstuðu á hann og sögðu honum að þegja en hann

18:30 \*Eða „á hinna komandi öld“. Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“.

hrópaði bara enn meira: „Sonur Davíðs, miskunnaðu mér!“ **40** Jesús nam þá staðar og bað um að komið yrði með manninn til sín. Þegar hann kom spurði Jesús hann: **41** „Hvað viltu að ég geri fyrir þig?“ Maðurinn svaraði: „Drottinn, gefðu mér sjónina aftur.“ **42** Jesús sagði við hann: „Fáðu sjónina aftur. Trú þín hefur læknað þig.“ **43** Og hann endurheimti sjónina samtundis, fór að fylgja honum og lofa Guð. Þegar allt folkið sá þetta fór það sömuleiðis að lofa Guð.

**19** Jesús kom nú til Jeríkó og gekk gegnum borgina. **2** Þar var maður sem hét Sakkeus. Hann var yfirskattheimtumaður og var ríkur. **3** Hann reyndi að sjá hver þessi Jesús væri en gat það ekki vegna mannfjöldans því að hann var lágvaxinn. **4** Hann hljóp því á undan og klifraði upp í móríkjutrú til að sjá hann því að leið hans lá þar hjá. **5** Þegar Jesús kom þangað leit hann upp og sagði: „Sakkeus, flýttu þér niður því að ég ætla að heimsækja þig í dag.“ **6** Hann flýtti sér þá niður og tók glaður á móti honum á heimili sínu. **7** Þeir sem sáu þetta tautuðu allir: „Hann heimsækir syndugan mann.“ **8** En Sakkeus reis á fætur og sagði við Drottin: „Ég gef fátækum helming eigna minna, Drottinn, og allt sem ég hef kúgað\* út úr öðrum endurgreiði ég fjórfalt.“ **9** Jesús sagði þá við hann: „Í dag hefur þetta heimili hlotið frelsun því að þú ert einnig sonur Abrahams. **10** Mannssonurinn kom til að leita að hinu týnda og bjarga því.“

**11** Meðan lærisveinarnir hlustuðu á þetta sagði hann aðra dæmisögu því að hann var í grennd við Jerúsalem og þeir héldu að ríki Guðs myndi birtast þegar í stað. **12** Hann sagði: „Maður af göfugum

ættum ferðaðist til fjarlægs lands til að tryggja sér konungdóm og koma síðan aftur. **13** Hann kallaði á tíu þjóna sína, fékk þeim tíu mínur\* og sagði: ‚Verslið með þær þangað til ég kem.‘ **14** En samlandar hans hötuðu hann og gerðu út sendinefnd á eftir honum til að segja: ‚Við viljum ekki að þessi maður verði konungur yfir okkur.‘

**15** Þegar hann kom aftur eftir að hafa tryggt sér konungdóm\* kallaði hann fyrir sig þjónana sem hann hafði fengið peningana,“ til að kanna hve mikið þeir hefðu hagnast á viðskiptum sínum. **16** Sá fyrsti kom og sagði: ‚Herra, ég hef ávaxt að mínuna þína og fengið tíu í viðbót.‘ **17** Konungurinn sagði við hann: ‚Vel gert, góði þjónn. Þar sem þú reyndist trúr í mjög litlu skaltu fá að ráða yfir tíu borgum.‘ **18** Nú kom annar og sagði: ‚Herra, mínan þin gaf af sér fimm mínur.‘ **19** Hann sagði eins við hann: ‚Ég set þig yfir fimm borgir.‘ **20** Þá kom enn einn og sagði: ‚Herra, hér er mínan þin. Ég vafði hana í dúk og faldi. **21** Ég var hræddur við þig því að þú ert strangur maður. Þú tekur út það sem þú lagðir ekki inn og uppskerð það sem þú sáðir ekki.‘ **22** Hann sagði við hann: ‚Illu þjónn, ég dæmi þig eftir þínum eigin orðum. Þú vissir sem sagt að ég er strangur maður og tek út það sem ég lagði ekki inn og uppsker það sem ég sáði ekki. **23** Hvers vegna lagðirðu þá ekki peningana“ mína í banka? Þá hefði ég fengið þá aftur með vöxtum þegar ég kom.‘

**24** Síðan sagði hann við þá sem stóðu hjá: ‚Takið mínuna af honum og gefið þeim sem hefur tíu mínur.‘ **25** En þeir sögðu við hann: ‚Herra,

19:13 \*Grísk mína vó 340 g og var talin jafngilda 100 drókmum. Sjá orðaskýringar. 19:15 \*Eða „konungsríkið“. 19:15, 23 \*Orðrétt „silfrið“.

19:8 \*Eða „kúgað með röngum ákærum“.

hann er með tíu mínur! 26 Hann svaraði: „Ég segi ykkur að hverjum sem hefur verður gefið meira, en frá þeim sem hefur ekki verður tekið jafnvel það litla sem hann hefur. 27 Og komið með þessa óvini mína sem vildu ekki að ég yrði konungur yfir sér og takið þá af lífi frammi fyrir mér.“

28 Eftir að hafa sagt þetta hélt Jesús áfram upp til Jerúsalem. 29 Þegar hann nálgadist Betfage og Betaníu við Olíufjallið sem svo er nefnt sendi hann tvö af lærisveinunum 30 og sagði: „Farið inn í þorpið hér fram undan og þegar þið komið þangað finnið þið fola bundinn sem enginn hefur nokkurn tíma komið á bak. Leysið hann og komið með hann hingað. 31 En ef einhver spyr ykkur: ‚Hvers vegna eruð þið að leysa hann?‘ skuluð þið svara: ‚Drottinn þarfnast hans.‘“ 32 Lærisveinarnir tveir fóru og fundu folann rétt eins og hann hafði sagt þeim. 33 En meðan þeir voru að leysa hann sögðu eigendur hans við þá: „Hvers vegna eruð þið að leysa folann?“ 34 „Drottinn þarfnast hans,“ svöruðu þeir. 35 Síðan leiddu þeir folann til Jesú, köstuðu yfirhöfum sínum á hann og settu Jesú á bak.

36 Menn breiddu yfirhafnir sínar á veginn þar sem leið hans lá. 37 Um leið og hann nálgadist veginn niður af Olíufjallinu fögnuðu allir lærisveinarnir og lofuðu Guð háum rómi fyrir öll mættarverkin sem þeir höfðu séð 38 og sögðu: „Blessaður sé konungurinn sem kemur í nafni Jehóva!\* Friður á himni og dýrð í hæstu hæðum!“ 39 En nokkrir farisear í mannfjöldanum sögðu við hann: „Kennari, hastaðu á lærisveina þína.“ 40 Hann svaraði: „Ég segi ykkur að ef þeir þegðu myndu steinarnir hrópa.“

19:38 \*Sjá orðaskýringar.

41 Þegar hann nálgadist borgina horfði hann yfir hana, grét 42 og sagði: „Ef þú hefðir aðeins skilið á þessum degi hvað veitir frið - en nú er það hulið þér. 43 Þeir dagar koma að óvinir þínir reisa kringum þig virki úr oddhvössum staurum, umkringja þig og þrengja að þér á alla vegu.“ 44 Þeir munu leggja þig og börn þín að velli og ekki láta standa stein yfir steini í þér þar sem þú áttaðir þig ekki á að tíminn var kominn til að dæma\* þig.“

45 Síðan gekk hann inn í musterið, rak út þá sem voru að selja 46 og sagði við þá: „Skrifað stendur: ‚Hús mitt á að vera bænahús‘ en þið hafið gert það að ræningjabæli.“

47 Hann kenndi nú daglega í musterinu. Yfirprestarnir, fræðimennirnir og leiðtogar þjóðarinnar leitust við að ráða honum bana 48 en fundu enga leið til þess því að hann var umkringdur fólki sem hlustaði hugfangið á hann.

**20** Dag einn þegar hann var að kenna fólki í musterinu og boða fagnaðarboðskapinn komu yfirprestarnir og fræðimennirnir ásamt öldungunum 2 og sögðu við hann: „Segðu okkur, hvaða vald hefurðu til að gera þetta? Eða hver gaf þér þetta vald?“ 3 Hann svaraði: „Ég ætla líka að spyrja ykkur spurningar og þið skuluð svara mér: 4 Var skírn Jóhannesar frá himni eða frá mönnum?“\* 5 Þeir ráðfærðu sig þá hver við annan og sögðu: „Ef við segjum: ‚Frá himni,‘ segir hann: ‚Hvers vegna trúðuð þið honum ekki?‘ 6 En ef við segjum: ‚Frá mönnum‘ þá grýtir allt fólkið okkur því að það er sannfært um að Jóhannes hafi verið spámaður.“ 7 Þeir sögðust því ekki vita hvaðan hún væri. 8 Þá sagði Jesús: „Ég

19:43 \*Eða „setjast um þig“. 19:44 \*Orðrétt „skoða“. 20:4 \*Eða „runnin frá mönnum?“

segi ykkur þá ekki heldur hvaða vald ég hef til að gera þetta.“

**9** Síðan sagði hann fólkinu þessa dæmisögu: „Maður plantaði víngarð, leigði hann vínyrkjum, fór úr landi og dvaldi erlendis um alllangan tíma. **10** Þegar kom að uppskerunni sendi hann þræl til vínyrkjanna til að þeir gæfu honum hluta af uppskeru víngarðsins. En vínyrkjarnir börðu hann og sendu hann burt tómhentan. **11** Hann sendi þá annan þræl. Þeir börðu hann einnig, niðurlægðu\* og sendu burt tómhentan. **12** Hann sendi nú þriðja þrælinn og þeir misþyrmdu honum líka og köstuðu honum út. **13** Þá sagði eigandi víngarðsins: „Hvað á ég að gera? Ég sendi elskaðan son minn. Þeir hljóta að virða hann.“ **14** Þegar vínyrkjarnir sáu hann báru þeir saman ráð sín og sögðu: „Þetta er erfinginn. Drepum hann þannig að við getum fengið arfinn.“ **15** Síðan köstuðu þeir honum út fyrir víngarðinn og drápu hann. Hvað gerir eigandi víngarðsins nú við þá? **16** Hann kemur og drepur vínyrkjana og fær öðrum víngarðinn.“

Þegar fólkið heyrði þetta sagði það: „Þetta má aldrei gerast!“ **17** En hann horfði beint á fólkið og sagði: „Hvað merkir þá ritningarstaðurinn þar sem stendur: „Steinninn sem smiðirnir höfnuðu er orðinn að aðalhornsteini?“ **18** Hver sem fellur á þennan stein tortímist og sá sem steinninn fellur á verður sundurkraminn.“

**19** Fræðimennirnir og yfirprestarnir reyndu nú umsvifalaust að handsama hann því að þeir skildu að dæmisagan átti við þá en þeir óttuðust fólkið. **20** Eftir að hafa fylgst vandlega með honum sendu

þeir til hans menn sem þeir höfðu ráðið með leynd. Þeir áttu að þykjast vera einlægir og reyna að hanka hann á orðum hans til að geta framselt hann yfirvöldum og á vald landstjórans. **21** Þeir spurðu hann: „Kennari, við vitum að þú talar og kennir það sem er rétt. Þú ert óhlutdrægur og kennir veg Guðs sannleikanum samkvæmt. **22** Höfum við leyfi til\* að greiða keisaranum skatt eða ekki?“ **23** En hann sá í gegnum þá og sagði við þá: **24** „Sýnið mér denar.\* Hvers mynd og áletrun er á honum?“ „Keisarans,“ svöruðu þeir. **25** Hann sagði við þá: „Gjaldið þá keisaranum það sem tilheyrir keisaranum en Guði það sem tilheyrir Guði.“ **26** Þeim tókst ekki að fá hann til að tala af sér í áheyrn fólksins en undruðust svar hans og þögðu.

**27** Nokkrir saddúkear, þeir sem segja að upprisa sé ekki til, komu nú til hans og spurðu: **28** „Kennari, Móse skrifaði: „Deyi maður og láti eftir sig konu en engin börn skal bróðir hans giftast henni til að hún ali fyrri eiginmanni sínum afkomendur.“ **29** Nú voru sjö bræður. Sá fyrsti gifti sig en dó barnlaus. **30** Annar bróðirinn **31** og síðan sá þriðji giftust konunni og eins allir sjö en dóu allir barnlausir. **32** Að lokum dó svo kona. **33** Kona hvers verður hún þá í upprisunni? Allir sjö höfðu nú átt hana.“

**34** Jesús svaraði þeim: „Börn þessa heims\* kvænast og giftast **35** en þeir sem eru taldir þess verðir að fá hlutdeild í hinum komandi heimi og upprisunni frá dauðum kvænast hvorki né giftast. **36** Þeir geta ekki heldur dáið

20:11 \*Eða „smánuðu“. 20:17 \*Orðrétt „efsta hluta hornsins“.

20:22 \*Eða „Er rétt af okkur“. 20:24 \*Sjá orðaskýringar. 20:34 \*Eða „þessarar aldar“. Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“.

framar því að þeir eru eins og englar, og þeir eru börn Guðs þar sem þeir eru börn upprisunnar. **37** En jafnvel Móse sýndi fram á í frásögunni af þyrnirunnum að dauðir rísi upp. Þar kallar hann Jehóva\* „Guð Abrahams, Guð Ísaks og Guð Jakobs“. **38** Hann er ekki Guð dauðra heldur þeirra sem lifa því að þeir eru allir lifandi í augum hans.“ **39** Þá sögðu nokkrir fræðimannanna: „Kennari, þetta var vel mælt.“ **40** En þeir þorðu ekki lengur að spyrja hann nokkurs.

**41** Hann spurði þá hins vegar: „Hvernig stendur á því að fólk segir að Kristur sé sonur Davíðs? **42** Davíð segir sjálfur í Sálmunum: „Jehóva\* sagði við Drottin minn: „Sittu mér til hægri handar **43** þar til ég legg óvini þína eins og skemil undir fætur þína.““ **44** Davíð kallar hann sem sagt Drottin. Hvernig getur hann þá verið sonur hans?“

**45** Jesús sagði síðan við lærisveinana í áheyrn alls fólksins: **46** „Varið ykkur á fræðimönnum sem vilja ganga um í síðskikkjum og þykir gott að láta heilsa sér á torgunum, sitja í fremstu\* sætunum í samkunduhúsum og hefðarsætum í veislum. **47** Þeir mergsjúga heimili\* ekkna og flytja langar bænir til að sýnast.“ Þeir munu fá þyngri<sup>4</sup> dóm.“

**21** Jesús leit nú upp og sá efnamenn láta gjafir sínar í söfnunarbaukana.\* **2** Hann sá líka fátæka ekkju leggja þar tvo smápeninga sem voru varla nokkurs virði\* **3** og sagði: „Trúid mér, þessi fátæka ekkja gaf meira en þeir allir **4** því að þeir gáfu af allsnægtum sínum en hún gaf af

skorti\* sínum allt sem hún átti til að framfleyta sér.“

**5** Seinna minntust einhverjir á hve musterið væri skreytt fögrum steinum og helgigjöfum. **6** Þá sagði Jesús: „Þeir dagar koma að allt sem þið sjáið núna verður rifid niður og ekki stendur steinn yfir steini.“ **7** Þeir spurðu hann þá: „Kennari, hvenær gerist þetta og hvert verður táknið um að þetta sé að koma fram?“ **8** Hann svaraði: „Gætið þess að láta ekki blekkjast því að margir munu koma í mínu nafni og segja: ‘Ég er hann,’ og: ‘Tíminn er í nánd.’ Fylgið þeim ekki. **9** Og skelfist ekki þegar þið fréttið af stríðsátökum og ófriði.\* Þetta þarf að gerast fyrst en endirinn kemur ekki strax.“

**10** Síðan sagði hann við þá: „Þjóð mun ráðast gegn þjóð og ríki gegn ríki. **11** Það verða miklir jarðskjálftar og hungursneyðir og drepsóttir á einum stað eftir annan. Ögnvekjandi atburðir munu eiga sér stað og mikil tákn verða á himni.

**12** En áður en allt þetta gerist mun fólk leggja hendur á ykkur og ofsækja ykkur, draga ykkur fyrir samkundur og varpa í fangelsi. Þið verðið leiddir fyrir konunga og landstjóra vegna nafns míns. **13** Það gefur ykkur tækifæri til að vitna fyrir þeim. **14** Einsetjið ykkur að æfa ekki fyrir fram hvernig þið ætlið að verja ykkur **15** því að ég gef ykkur orð og visku sem allir andstæðingar ykkar samant geta hvorki andmælt né hrakið. **16** Jafnvel foreldrar, bræður, ættingjar og vinir munu framselja\* ykkur og sumir ykkar verða teknir af lífi. **17** Allir munu hata ykkur vegna nafns míns **18** en ekki mun týnast hár á höfði ykkar. **19** Ef þið

20:37, 42 \*Sjá orðaskýringar. 20:46 \*Eða „bestu“ 20:47 \*Eða „eigur“. \*Eða „bæni-ir að yfirsikini“. ^Eða „harðari“. 21:1 \*Eða „fjárhirslurnar“. 21:2 \*Orðrétt „tvo leptona“. Sjá orðaskýringar.

21:4 \*Eða „fátækt“. 21:9 \*Eða „óeirðum; uppreisnum“. 21:16 \*Eða „svikja“.



eruð þolgóðir varðveitið þið líf ykkar.\*

**20** En þegar þið sjáið hersveitir umkringja Jerúsalem skuluð þið vita að eyðing hennar er í nánd. **21** Þá flýi þeir sem eru í Júdeu til fjalla, þeir sem eru inni í borginni yfirgefi hana og þeir sem eru í sveitunum fari ekki inn í hana **22** því að tíminn er þá kominn til að fullnægja réttlætinu\* svo að allt rætist sem skrifað er. **23** Þetta verða skelfilegir dagar fyrir barnshafandi konur og þær sem eru með barn á brjósti því að mikil neyð verður í landinu og reiði yfir þessari þjóð. **24** Fólki mun falla fyrir sverði og verður flutt nauðugt til allra þjóða, og þjóðirnar\* munu fótumtroða Jerúsalem þar til tilsettur tími þjóðanna“ er á enda.

**25** Einnig verða tákni á sól, tungli og stjörnum, og á jörðinni angist þjóða sem eru ráðalausar við drunur og ólgu hafsin. **26** Menn verða máttvana af ótta við það sem þeir búast við að komi yfir heimsbyggðina því að kraftar himnanna nótra. **27** Þá sjá þeir Mannssoninn koma í skýi með mætti og mikilli dýrd. **28** En þegar þetta tekur að gerast skuluð þið rétta úr ykkur og bera höfuðið hátt því að björgun ykkar er skammt undan.“

**29** Hann sagði þeim nú líkingu: „Takið eftir fikjutrénu og öllum hinum trjánum. **30** Þegar þau bruma sjáið þið og vitið að sumar er í nánd. **31** Eins skuluð þið vita þegar þið sjáið þetta gerast að ríki Guðs er í nánd. **32** Trúið mér, þessi kynslóð líður alls ekki undir lok fyrr en allt þetta gerist. **33** Himinn og jörð líða undir lok en orð mín líða alls ekki undir lok.

21:19 \*Eða „ávinnið þið sálir ykkar“. 21:22 \*Eða „því að þetta eru refsingardagar“. 21:24 \*Eða „heiðingjarnir“. \*Eða „heiðingjanna“.

**34** Gætið ykkar að íþyngja ekki hjörtum ykkar með ofáti, drykkju og áhyggjum lífsins svo að dagurinn komi ekki skyndilega yfir ykkur **35** eins og snara. En hann kemur yfir alla sem búa á jörðinni. **36** Vakið því og biðið stöðugt um að þið komist undan öllu þessu sem á að gerast og standist frammi fyrir Mannssyninum.“

**37** Á daginn kenndi hann í musterinu en fór á kvöldin og gisti á Olíufjallinu sem svo er nefnt. **38** En allt fólkíð kom til hans snemma morguns til að hlusta á hann í musterinu.

**22** Nú nálgadist hátíð ósýrðu brauðanna sem er kölluð páskar. **2** Yfirprestarnir og fræðimennirnir leituðu fyrir sér hvernig best væri að ryðja Jesú úr vegi því að þeir óttuðust fólkíð. **3** Þá fór Satan í Júdas sem var kallaður Ískariot og var einn þeirra tólf. **4** Hann fór og talaði við yfirprestana og varðforingja musterisins um það hvernig hann gæti svikið Jesú í hendur þeirra. **5** Þeir glöddust við þetta og komu sér saman um að greiða honum silfurpeninga fyrir. **6** Hann féllst á það og fór að leita að hentugu tækifæri til að svíkja hann í hendur þeirra þegar fólkíð væri ekki nærri.

**7** Nú rann upp dagur ósýrðu brauðanna þegar færa átti páskafofnina. **8** Jesús sendi þá Pétur og Jóhannes og sagði: „Farið og undirbúið páskamáltíðina handa okkur.“ **9** „Hvar viltu að við undirbúum hana?“ spurðu þeir. **10** Hann svaraði þeim: „Þegar þið komið inn í borgina mætið ykkur maður sem ber vatnsker. Fylgið honum inn í húsið þangað sem hann fer **11** og segið við húsráðandann: „Kennarinn spyr þig: „Hvar er gestaherbergið þar sem ég get borðað páskamáltíðina með lærisveinum mínum?““

12 Maðurinn sýnir ykkur þá stórt herbergi á efri hæð, búið húsgögnum. Undirbúið allt þar fyrir máltíðina.“ 13 Þeir fóru þá og fundu allt eins og hann hafði sagt þeim og undirbjuggu páskamáltíðina.

14 Þegar stundin rann upp lagðist hann til borðs með postulunum.

15 Og hann sagði við þá: „Ég hef hlakkað mikið til að borða þessa páskamáltíð með ykkur áður en ég þarf að þjást.“ 16 Ég segi ykkur að ég mun ekki neyta hennar framfar fyrir en allt sem hún merkir uppfyllist í ríki Guðs.“ 17 Honum var réttur bikar og hann fór með þakkarbæn og sagði: „Takið hann og látið ganga á milli ykkar.“ 18 Ég segi ykkur að héðan í frá drekk ég ekki af ávexti vínviðarins fyrir en ríki Guðs kemur.“

19 Hann tók einnig brauð, fór með þakkarbæn, braut það, gaf þeim og sagði: „Þetta táknar líkama minn sem verður gefinn í ykkar þágu. Gerið þetta til minningar um mig.“ 20 Eins gerði hann með bikarinn eftir kvöldmáltíðina og sagði: „Þessi bikar táknar nýja sáttmálann. Hann er fullgiltur með blóði mínu sem verður úthellt í ykkar þágu.“

21 En vitið að sá sem svíkur mig er hér við borðið hjá mér. 22 Mannssonurinn fer vissulega sína leið eins og ákveðið hefur verið en illa fer fyrir þeim sem svíkur hann!“ 23 Þeir fóru þá að ræða sín á milli hver þeirra gæti fengið sig til að gera slíkt.

24 Síðan fóru þeir að rífast um hver þeirra væri talinn mestur. 25 En Jesús sagði við þá: „Konungar þjóðanna drottna yfir þeim og valdhafar þeirra eru kallaðir velgjörðarmenn.“ 26 Þið megið ekki vera þannig heldur á sá sem er mestur á meðal ykkar að vera eins og hann sé yngstur og sá sem

fer með forystu eins og þjónn. 27 Hvor er meiri, sá sem liggur til borðs eða sá sem þjónar? Er það ekki sá sem liggur til borðs? Samt er ég eins og þjónninn meðal ykkar.

28 En það eruð þið sem hafið staðið með mér í prófraunum mínum. 29 Og ég geri sáttmála við ykkur um ríki eins og faðir minn hefur gert sáttmála við mig 30 til að þið getið borðað og drukkið við borð mitt í ríki mínu og setið í hásetum og dæmt 12 ættkvíslir Ísraels.

31 Símon, Símon, Satan hefur krafist þess að fá að sigta ykkur eins og hveiti. 32 En ég hef beðið ákaft fyrir þér að trú þin bregðist ekki og þegar þú ert snúinn aftur skaltu styrkja bræður þína.“

33 Þá svaraði hann: „Drottinn, ég er tilbúinn að fylgja þér bæði í fangelsi og dauða.“ 34 En Jesús sagði: „Ég segi þér, Pétur, að áður en hani galar í dag verðurðu búinn að neita þrisvar að þú þekkir mig.“

35 Hann sagði nú við þá: „Skorti ykkur nokkuð þegar ég sendi ykkur út án þess að hafa peningapyngju, nestispoka og ilskó meðferðis?“ „Nei,“ svöruðu þeir. 36 Þá sagði hann: „En nú skal sá sem á pyngju taka hana með sér ásamt nestispoka, og sá sem á ekki sverð selji yfirhöfn sína og kaupir sér sverð.“ 37 Ég segi ykkur að það sem skrifað er þarf að rætast á mér, það er að segja: „Hann var talinn með afbrotamönnum.“ Þetta er nú að rætast á mér.“ 38 Þeir sögðu: „Sjáðu, Drottinn, hér eru tvö sverð.“ „Það nægir,“ svaraði hann.

39 Jesús fór nú til Oluufjallsins eins og hann var vanur og lærisveinarnir fylgdu honum. 40 Þegar þeir komu á staðinn sagði hann við þá: „Biðið svo að þið fallið ekki í freistni.“ 41 Hann fór steinsnar frá þeim, féll á kné og bað:

42 „Faðir, ef þú vilt, taktu þá þennan bikar frá mér. En verði þó ekki minn vilji heldur þinn.“ 43 Þá birtist honum engill af himni sem styrkti hann. 44 En hann var svo angistarfullur að hann baðst enn heitar fyrir og sviti hans varð eins og blóðdropar sem féllu á jörðina. 45 Eftir bænina stóð hann upp, gekk til lærisveinanna og kom að þeim sofandi, örmagna af hryggð. 46 Hann sagði við þá: „Hvers vegna sofið þið? Standið upp og biðið stöðugt svo að þið fallið ekki í freistni.“

47 Meðan hann var enn að tala kom hópur manna og fremstur var Júdas, einn þeirra tólf. Hann gekk að Jesú til að kyssa hann. 48 En Jesús sagði við hann: „Júdas, svíkuruðu Mannssoninn með kossi?“ 49 Þegar þeir sem voru með honum sáu hvað var að gerast sögðu þeir: „Drottinn, eigum við að grípa til sverðs?“ 50 Einn þeirra hjó meira að segja til þjóns æðstaprestsins og sneið af honum hægna eyrað. 51 Þá sagði Jesús: „Þetta er nóg.“ Síðan snerti hann eyra mannsins og læknaði hann. 52 Jesús sagði þessu næst við yfirprestana, varðforingja musterisins og öldungana sem höfðu komið til að handtaka hann: „Komið þið með sverðum og bareflum eins og ég sé ræningi? 53 Ég var hjá ykkur í musterinu dag eftir dag og ekki lögðuð þið hendur á mig þá. En þetta er ykkar tími og myrkið hefur völdin.“

54 Þá tóku þeir hann höndum, leiddu hann burt og fóru með hann í hús æðstaprestsins en Pétur fylgdi á eftir í nokkurri fjarlægð. 55 Menn kveiktu eld í miðjum húsgarðinum og settust við hann og Pétur sat meðal þeirra. 56 Þjónustustúlka virti hann fyrir sér þar sem hann sat í bjarmanum af eldinum og sagði: „Þessi maður

var líka með honum.“ 57 En hann neitaði því og sagði: „Kona, ég þekki hann ekki.“ 58 Stuttu síðar kom maður nokkur auga á hann og sagði: „Þú ert líka einn af þeim.“ En Pétur svaraði: „Nei, það er ég ekki.“ 59 Eftir um það bil klukkustund sagði annar maður ákveðinn í bragði: „Víst var þessi maður með honum enda er hann Galíleumaður.“ 60 Pétur svaraði: „Ég skil ekki hvað þú ert að tala um.“ Áður en hann slegpti orðinu galadí hani. 61 Drottinn sneri sér þá við og horfði beint á Pétur, og Pétur minntist þess sem Drottinn hafði sagt við hann: „Áður en hani galar í dag muntu afneita mér þrisvar.“ 62 Og hann gekk út og grét beisklega.

63 Mennirnir sem höfðu Jesú í haldi fóru nú að hæðast að honum og berja hann, 64 og þeir huldu andlit hans og sögðu: „Sýndu að þú sért spámaður! Hver var það sem sló þig?“ 65 Og þeir jusu mörgum öðrum svíróðingum yfir hann.

66 Þegar birti af degi safnaðist öldungaráðið saman, bæði yfirprestar og fræðimenn, og lét leiða hann inn í sal Æðstaráðsins. Þeir sögðu: 67 „Ef þú ert Kristur þá segðu okkur það.“ Hann svaraði: „Þó að ég segi ykkur það mynduð þið ekki trúna því 68 og ef ég spyrði ykkur einhvers mynduð þið ekki svara. 69 En héðan í frá mun Mannssonurinn sitja við máttuga hægri hönd Guðs.“ 70 Þá spurðu þeir allir: „Ertu þá sonur Guðs?“ Hann svaraði: „Þið segið að ég sé það.“ 71 Þeir sögðu: „Þurfum við nokkuð fleiri vitni? Við höfum heyrt þetta af munni hans sjálfs.“

**23** Allur hópurinn hélt nú af stað og fór með hann til Pílatúsar. 2 Þar ákærðu þeir hann og sögðu: „Við höfum komist að raun um að þessi maður snýr þjóð okkar

gegn yfirvöldum, bannar að greiða keisaranum skatt og segist sjálfur vera Kristur, konungur.“ **3** Pílatus spurði hann þá: „Ertu konungur Gyðinga?“ Hann svaraði: „Þú segir það sjálfur.“ **4** Pílatus sagði þá við yfirprestana og mannfjöldann: „Ég finn ekkert saknæmt hjá þessum manni.“ **5** En þeir urðu enn ákafari og sögðu: „Hann æsir upp fólkíð með því sem hann kennir um alla Júdeu. Hann byrjaði í Galíleu og er kominn alla leið hingað.“ **6** Þegar Pílatus heyrði þetta spurði hann hvort maðurinn væri frá Galíleu. **7** Eftir að hafa fullvissað sig um að hann væri úr umdæmi Heródesar sendi hann hann til Heródesar sem var staddur í Jerúsalem um þær mundir.

**8** Heródes var hinn ánægðasti þegar hann sá Jesú. Hann hafði lengi langað til að hitta hann því að hann hafði heyrt margt um hann og vonaðist til að sjá hann gera eitt-hvert kraftaverk. **9** Hann fór því að spyrja Jesú í þáula en hann svaraði honum ekki. **10** En yfirprestarnir og fræðimennirnir stóðu upp í sífellu og ákærðu hann með miklum ofsa. **11** Heródes létillsvirti hann ásamt hermönnum sínum, klæddi hann í skartklæði til að hæðast að honum og sendi hann síðan aftur til Pílatusar. **12** Þennan dag urðu Heródes og Pílatus vinir, en áður hafði verið fjandskapur milli þeirra.

**13** Pílatus kallaði nú saman yfirprestana, leiðtogana og fólkíð **14** og sagði: „Þið komuð með þennan mann til mín og sögðuð að hann æsti fólkíð til uppreisnar. Nú hef ég yfirheyrt hann að ykkur viðstöddum en ekki fundið hann sekan um neitt sem þið ákærið hann fyrir. **15** Heródes gerði það ekki heldur úr því að hann sendi hann aftur til okkar. Maðurinn hefur greinilega ekki gert neitt til

að verðskulda dauðadóm. **16** Ég ætla því að refsa honum og láta hann lausan.“ **17** \*— **18** En allur mannfjöldinn hrópaði: „Burt með þennan mann og láttu Barabbas lausan!“ **19** (Honum hafði verið varpað í fangelsi fyrir að æsa til uppreisnar í borginni og fyrir morð.) **20** Pílatus kallaði aftur til þeirra vegna þess að hann vildi láta Jesú lausan. **21** Þá æpti fólkíð: „Staufestu hann! Staufestu hann!“ **22** Hann sagði þá í þriðja sinn: „Af hverju? Hvað hefur þessi maður brotið af sér? Ég hef ekki fundið neina dauðasök hjá honum. Þess vegna ætla ég að refsa honum og láta hann lausan.“ **23** En fólkíð gafst ekki upp heldur æpti enn hærra og heimtaði að hann yrði líflátinn.\* Hrópin voru svo hávær **24** að Pílatus ákvað að láta undan kröfu fólksins. **25** Hann lét lausan manninn sem það krafðist, manninn sem hafði verið varpað í fangelsi fyrir að æsa til uppreisnar og fyrir morð, en framseldi Jesú til aftöku eins og það vildi.

**26** Þegar þeir leiddu hann burt tóku þeir Símon nokkurn frá Kýrene sem var að koma utan úr sveit, lögðu kvalastaurinn\* á herðar honum og létu hann bera hann á eftir Jesú. **27** Mikill fjöldi fólks fylgdi honum, þar á meðal konur sem börðu sér á brjóst og grétu yfir honum. **28** Jesús sneri sér að konunum og sagði: „Dætur Jerúsalem, grátið ekki yfir mér. Grátið heldur yfir sjálfum ykkur og börnum ykkar **29** því að þeir dagar koma að fólk segir: Þær konur eru lánsamar sem eiga ekki börn, þær sem hafa ekki fætt og hafa ekki verið með barn á brjósti.“ **30** Þá mun fólk segja

23:17 \*Þetta vers er ekki í sumum fornum handritum og tilheyrir greinilega ekki innblásinni frásögn Biblíunnar. 23:23 \*Eða „staufestur“. 23:26 \*Sjá orðaskýringar.

við fjöllin: „Hrynjið yfir okkur!“ og við hæðirnar: „Hyljið okkur!“ **31** Ef þetta gerist meðan tréð er grænt, hvað gerist þá þegar það er visnað?\*

**32** Tveir afbrotamenn voru einnig færðir til aftöku með honum.

**33** Þegar komið var á staðinn sem kallast Hauskúpa staurfestu hermennirnir hann og afbrotamennina, annan honum til hægri og hinn til vinstri. **34** En Jesús sagði:

„Faðir, fyrirgefðu þeim því að þeir vita ekki hvað þeir eru að gera.“ Þeir vörpuðu síðan hlutkesti til að skipta fötum hans á milli sín.

**35** Fólkið stóð og horfði á en leiðtogarnir gerðu gys að honum og sögðu: „Óðrum bjargaði hann. Nú ætti hann að bjarga sjálfum sér ef hann er Kristur Guðs, hinn útvaldi.“ **36** Hermennirnir hæddust jafnvel að honum, komu til hans og buðu honum súrt vin.

**37** og sögðu: „Ef þú ert konungur Gyðinga bjargaðu þá sjálfum þér.“ **38** Og fyrir ofan hann stóð: „Þetta er konungur Gyðinga.“

**39** Annar afbrotamannanna sem voru staurfestir með honum hæddist að honum og sagði: „Ertu ekki Kristur? Bjargaðu þá sjálfum þér og okkur líka.“ **40** Hinn ávitadi hann og sagði: „Óttastu Guð ekki neitt og hefur þó fengið sama dóm og þessi maður? **41** Við höfum fengið hann með réttu því að við hljótum verðskuldaða refsingu fyrir það sem við gerðum en þessi maður hefur ekkert brotið af sér.“ **42** Síðan sagði hann: „Jesús, mundu eftir mér þegar þú kemur í ríki þitt.“ **43** Hann svaraði: „Ég lofa þér í dag að þú verður með mér í paradís.“

**44** Nú var komið að sjöttu stund\* en samt skall á myrkur í öllu landinu og það stóð fram á níundu stund# **45** því að sólin hætti að

lýsa. Síðan rifnaði fortjald musterisins sundur í miðju. **46** Jesús kallaði hárrí röddu: „Faðir, ég fel anda minn í þínar hendur.“ Að svo mæltu gaf hann upp andann. **47** Þegar liðsforinginn sá hvað gerðist lofaði hann Guð og sagði: „Þessi maður var sannarlega réttlátur.“ **48** Og þegar allir sem höfðu safnast þar saman til að fylgjast með aftökunni sáu hvað gerðist börðu þeir sér á brjóst og sneru heim. **49** Allir sem þekktu hann stóðu í nokkurri fjarlægð og konurnar sem höfðu fylgt honum frá Galíleu voru einnig þar og sáu þessa atburði.

**50** Maður nokkur hét Jósef. Hann sat í Ráðinu og var góður og réttlátur maður. **51** (Hann hafði ekki greitt atkvæði með ráðagerð þeirra og verknaði.) Hann var frá Arimabeu, borg í Júdeu, og vænti ríkis Guðs. **52** Hann gekk nú fyrir Pílatus og bað um lík Jesú.

**53** Hann tók það niður, vafði það í dúk úr finu líni og lagði það í gróf,\* höggna í klett, þar sem enginn hafði áður verið lagður. **54** Þetta var undirbúningsdagur og hvíldardagurinn var að ganga í garð. **55** Konurnar sem höfðu komið með Jesú frá Galíleu fylgdu á eftir til að sjá gröfina\* og hvernig líkinu var komið fyrir **56** og fóru síðan aftur til að hafa til ilmjurtir og ilmolíur.

En þær hvíldust auðvitað á hvíldardegnum í samræmi við boðorðið.

**24** Mjög snemma á fyrsta degi vikunnar komu þær til grafarinnar\* og höfðu meðferðis ilmjurtirnar sem þær höfðu tekið til. **2** Þær sáu þá að steininum hafði verið velt frá gröfinni\* **3** og þegar þær stigu inn fundu þær ekki lík Drottins Jesú. **4** Þær vissu ekki

23:53 \*Eða „minningargröf“. 23:55 \*Eða „minningargröfina“. 24:1 \*Eða „minningargrafarinnar“. 24:2 \*Eða „minningargröfinni“.

23:44 \*Það er, um kl. 12 á hádegis. #Það er, um kl. 15.

hvað þær áttu að halda en skyndilega stóðu hjá þeim tveir menn í skínandi fötum. **5** Konurnar urðu hræddar og lutu höfði til jarðar. Mennirnir sögðu þá við þær: „Hvers vegna leitið þið að hinum lifandi meðal hinna dáu? **6** Hann er ekki hér heldur er hann risinn upp. Munið hvað hann sagði ykkur meðan hann var enn í Galíleu. **7** Hann sagði að Mannssonurinn yrði látinn í hendur syndugra manna og staurfestur, og myndi rísa upp á þriðja degi.“ **8** Þá mundu þær hvað hann hafði sagt, **9** sneru aftur frá gröf-inni\* og sögðu þeim ellefu og öllum hinum frá þessu. **10** Þetta voru þær María Magdalena, Jóhanna og María móðir Jakobs. Hinar konurnar sem voru með þeim sögðu postulunum einnig frá þessu. **11** En þeim fannst þetta fráleitt og trúðu ekki konunum.

**12** Pétur stóð þó upp og hljóp til grafarinnar,\* beygði sig og leit inn fyrir en sá ekkert nema línúkana. Hann gekk því burt og braut heilann um það sem hafði gerst.

**13** Sama dag voru tveir lærisveinar á leið til þorps sem heitir Emmaus og er um 11 kílómetra\* frá Jerúsalem. **14** Þeir ræddu sín á milli um allt sem hafði gerst.

**15** Meðan þeir voru að tala saman og ræða þetta kom Jesús til þeirra og slóst í för með þeim **16** en þeir gátu ekki þekkt hann. **17** Hann sagði við þá: „Um hvað ræðið þið svona ákaft á göngu ykkar?“ Þeir námu staðar, daprir í bragði. **18** Annar þeirra, Kleófás að nafni, svaraði: „Ertu aðkomumaður og dvelur einn þíns liðs í Jerúsalem? Veistu ekki\* hvað

hefur gerst þar undanfarna daga?“ **19** „Hvað eigið þið við?“ spurði hann. Þeir svöruðu: „Hefurðu ekki heyrt um Jesú frá Nasaret sem reyndist vera spámaður, máttugur í orði og verki frammi fyrir Guði og öllum mönnum? **20** Yfirprestar okkar og leiðtogar fengu hann dæmdan til dauða og staurfestu hann. **21** Við vonuðum að það væri þessi maður sem myndi frelsa Ísrael. En nú er þriðji dagurinn síðan þetta gerðist. **22** Auk þess hafa nokkrar konur úr hópi okkar valdið okkur mikilli undrun því að þær fóru til grafarinnar\* snemma morguns **23** en fundu ekki lík hans. Þær komu þá og sögðust hafa séð yfirnáttúrulega sýn, engla sem sögðu að hann væri lifandi. **24** Nokkrir okkar fóru þá til grafarinnar\* og fundu allt eins og konurnar höfðu sagt en hann sá þeir ekki.“

**25** Þá sagði hann við þá: „Þið skilningslausu menn, svo tregir í hjarta til að trúa öllu því sem spámenirnir hafa talað. **26** Þurfti ekki Kristur að líða þessar þjáningar til að ganga inn í dýrð sína?“ **27** Hann byrjaði síðan á Móse og öllum spámönnum og skýrði fyrir þeim það sem segir um hann í öllum Ritningunum.

**28** Þeir nálgðust nú þorpið sem þeir voru á leið til en hann lét sem hann ætlaði að halda lengra. **29** Þeir hövttu hann þá til að staldra við og sögðu: „Gistu hjá okkur því að það er framorðið og dagurinn næstum á enda.“ Hann fór þá með þeim. **30** Þegar hann borðaði\* með þeim tók hann brauðið, blessaði það, braut það og rétti þeim. **31** Þá opnuðust augu þeirra og þeir þekktu hann en hann hvarf sjónum þeirra. **32** Þeir sögðu þá hvor við annan:

24:9 \*Eða „minningargröfinni“. 24:12, 22, 24 \*Eða „minningargrafarinnar“. 24:13 \*Orðrétt „60 skeiðrúm“. Skeiðrúm var 185 m. 24:18 \*Eða hugsanl. „Ertu eini aðkomumaðurinn í Jerúsalem sem veit ekki“.

24:30 \*Eða „lá til borðs“.

„Brann ekki hjartað í okkur meðan hann talaði við okkur á veginum og skýrði Ritningarnar vandlega fyrir okkur?“ **33** Þeir stóðu tafarlaust á fætur, sneru aftur til Jerúsalem og fundu þar þá ellefu og þá sem voru samankomnir með þeim. **34** Þeir sem voru þar fyrir sögðu: „Drottinn er í alvöru risinn upp og hefur birst Símoni!“ **35** Tvímenn-ingarnir sögðu þá frá því sem hafði gerst á veginum og hvernig þeir höfðu þekkt hann þegar hann braut brauðið.

**36** Meðan lærisveinarnir voru að tala um þetta stóð hann allt í einu mitt á meðal þeirra og sagði: „Friður sé með ykkur.“ **37** Þeim brá og þeir urðu hræddir og héldu að þetta væri andi. **38** Hann sagði því við þá: „Hvers vegna eruð þið hræddir og hvers vegna efist þið í hjörtum ykkar? **39** Lítið á hendur mínar og fætur. Þetta er ég. Snertið mig og sjáið. Andi hefur ekki hold og bein eins og þið sjáið að ég hef.“ **40** Um leið og hann sagði þetta sýndi hann þeim hendur sínar og fætur. **41** En þeir voru svo glaðir og undrandi að þeir gátu ekki trúað honum. Þá sagði hann: „Eigið þið eitthvað að borða?“ **42** Þeir réttu honum þá steiktan fiskbita

**43** og hann tók við honum og borðaði meðan þeir horfðu á.

**44** Síðan sagði hann: „Munið að meðan ég var enn þá með ykkur sagði ég að allt sem er skrifað um mig í Móselögnum, spámönnunum og sálmunum yrði að rætast.“ **45** Síðan lauk hann upp huga þeirra þannig að þeir skildu Ritningarnar **46** og sagði: „Það stendur skrifað að Kristur muni þjást og rísa upp frá dauðum á þriðja degi, **47** að í nafni hans verði boðað meðal allra þjóða að iðrandi syndarar geti fengið fyrirgefningu og að boðunin skuli hefjast í Jerúsalem. **48** Þið eigið að vitna um þetta. **49** Ég sendi ykkur það sem faðir minn hefur lofað að gefa ykkur. En verið upp til kyrrt í borginni þangað til þið iklæðist krafti frá himni.“

**50** Síðan fór hann með þá að Betaníu. Hann lyfti upp höndunum og blessaði þá **51** og meðan hann blessaði þá skildi hann við þá og var tekinn upp til himins. **52** Þeir veittu honum lotningu\* og sneru aftur til Jerúsalem ákaflega glaðir. **53** Og þeir voru stöðugt í musterinu og lofuðu Guð.

24:52 \*Eða „krupu fyrir honum“.

# JÓHANNES

## SEGIR FRÁ

### YFIRLIT

- |   |  |
|---|--|
| 1 Orðið varð maður (1–18)<br>Vitnisburður Jóhannesar skírara (19–28)<br>Jesús, lamb Guðs (29–34)<br>Fyrstu lærisveinar Jesú (35–42)<br>Filippus og Natanael (43–51) | 2 Brúðkaup í Kana; Jesús breytir vatni í vín (1–12)<br>Jesús hreinsar musterið (13–22)<br>Jesús veit hvað býr í mönnunum (23–25) |
|   | 3 Jesús og Nikódemus (1–21)<br>Fæðast að nýju (3–8)  |

- Guð elskaði heiminn (16)  
Jóhannes vitnar um Jesú í síðasta sinn (22–30)  
Sá sem kemur að ofan (31–36)
- 4 Jesús og samverska konan (1–38)  
Að tilbiðja Guð „í anda og sannleika“ (23, 24)  
Margir Samverjar trúá á Jesú (39–42)  
Jesús læknar son embættismanns (43–54)
- 5 Veikur maður læknast við Betesda (1–18)  
Jesús fær vald frá föður sínum (19–24)  
Hinir dánun munu heyra rödd Jesú (25–30)  
Vitnisburður um Jesú (31–47)
- 6 Jesús gefur 5.000 að borða (1–15)  
Jesús gengur á vatni (16–21)  
Jesús, „brauð lífsins“ (22–59)  
Margir hneykslast á orðum Jesú (60–71)
- 7 Jesús á tjaldbúðahátíðinni (1–13)  
Jesús kennir á hátíðinni (14–24)  
Skiptar skoðanir um Krist (25–52)
- 8 Faðirinn vitnar um Jesú (12–30)  
Jesús, „ljós heimsins“ (12)  
Börn Abrahams (31–41)  
„Sannleikurinn veitir ykkur frelsi“ (32)  
Börn Djöfulsins (42–47)  
Jesús og Abraham (48–59)
- 9 Jesús læknar mann sem fæddist blindur (1–12)  
Farísear yfirheyra manninn sem fékk sjónina (13–34)  
Blindir farísear (35–41)
- 10 Hirðirinn og fjárbyrgin (1–21)  
Jesús er góði hirðirinn (11–15)  
„Ég á aðra sauði“ (16)  
Gyðingar hitta Jesú á vígsluhátíðinni (22–39)  
Margir Gyðingar vilja ekki trúá (24–26)  
„Sauðirnir mínir heyra rödd mína“ (27)  
Sonurinn er sameinaður föðurnum (30, 38)  
Margir handan Jórdanar taka trú (40–42)
- 11 Lasarus deyr (1–16)  
Jesús huggar Mörtu og Maríu (17–37)  
Jesús reisir Lasarus upp (38–44)  
Ráðagerð um að drepa Jesú (45–57)
- 12 María smyr fætur Jesú með olíu (1–11)  
Jesús ríður sigri hrósandi inn í Jerúsalem (12–19)  
Jesús segir fyrir um dauða sinn (20–37)  
Vantrú Gyðinga er uppfylling á spádómi (38–43)  
Jesús kom til að bjarga heiminum (44–50)
- 13 Jesús þvær fætur lærisveinanna (1–20)  
Jesús gefur til kynna að Júdas svíki hann (21–30)  
Nýtt boðorð (31–35)  
„Ef þið berið kærlleika hver til annars“ (35)  
Jesús segir fyrir að Pétur afneiti honum (36–38)
- 14 Jesús, eina leiðin til að nálgast föðurinn (1–14)  
„Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið“ (6)  
Jesús lofar heilögum anda (15–31)  
„Faðirinn er mér æðri“ (28)
- 15 Líking um hinn sanna vínvið (1–10)  
Boðorð um að elska eins og Kristur (11–17)  
„Enginn á meiri kærlleika“ (13)  
Heimurinn hatar lærisveina Jesú (18–27)
- 16 Dauðinn gæti blasað við lærisveinum Jesú (1–4a)  
Verk heilags anda (4b–16)  
Sorg lærisveinanna mun snúast í gleði (17–24)  
Jesús sigrar heiminn (25–33)
- 17 Síðasta bæn Jesú með postulunum (1–26)  
Að kynnast Guði veitir eilíft líf (3)  
Kristnir menn tilheyra ekki heiminum (14–16)  
„Orð þitt er sannleikur“ (17)  
„Ég hef kunnert þeim nafn þitt“ (26)



- 18 Júdas svíkur Jesú (1–9)  
 Pétur bregður sverði (10, 11)  
 Jesús leiddur til Annasar (12–14)  
 Pétur afneitar Jesú í fyrsta sinn (15–18)  
 Jesús fyrir Annasi (19–24)  
 Pétur afneitar Jesú í annað og þriðja sinn (25–27)  
 Jesús fyrir Pílatusi (28–40)  
 „Ríki mitt tilheyrir ekki þessum heimi“ (36)
- 19 Jesús húðstrýktur og hæddur (1–7)  
 Pílatus yfirheyrir Jesú aftur (8–16a)  
 Jesús staurfestur við Golgata (16b–24)  
 Jesús sér til þess að hugsað sé um móður hans (25–27)

- Jesús deyr (28–37)  
 Jesús lagður í gröf (38–42)
- 20 Gröfin er tóm (1–10)  
 Jesús birtist Maríu Magdalenu (11–18)  
 Jesús birtist lærisveinum (19–23)  
 Tómas efast en lætur síðan sannfærast (24–29)  
 Til þess er bókröllan skrifuð (30, 31)
- 21 Jesús birtist lærisveinum (1–14)  
 Pétur lýsir yfir að hann elski Jesú (15–19)  
 „Fóðraðu lömbin mín“ (17)  
 Framtíð lærisveinsins sem Jesús elskaði (20–23)  
 Niðurlagsorð (24, 25)

**1** Í upphafi var Orðið og Orðið var hjá Guði og Orðið var guð.\*

**2** Hann var í upphafi hjá Guði.

**3** Allt varð til fyrir atbeina hans og án hans hefur ekki neitt orðið til.

Það sem varð til **4** fyrir atbeina hans var líf og lífið var ljós manna. **5** Og ljósið skín í myrkrinu en myrkrið hefur ekki yfirbugað það.

**6** Maður kom fram sem var sendur af Guði. Hann hét Jóhannes.

**7** Þessi maður kom sem vottur til að bera vitni um ljósið svo að alls kyns fólk gæti trúað fyrir atbeina hans. **8** Hann var ekki ljósið en hann átti að bera vitni um ljósið.

**9** Hið sanna ljós, sem lýsir alls kyns fólki, var í þann mund að koma í heiminn. **10** Hann var í heiminum og heimurinn varð til fyrir atbeina hans en heimurinn þekkti hann ekki. **11** Hann kom til heimalands síns en hans eigin þjóð tók ekki við honum. **12** En öllum þeim sem tóku við honum gaf hann rétt til að verða börn Guðs því að

1:1 \*Eða „guðlegt“.

þeir trúðu á nafn hans. **13** Þeir fæddust ekki af mönnum\* eða vegna mannglegra langana# eða að vilja manns heldur af Guði.

**14** Og Orðið varð maður,\* hann bjó meðal okkar og við saum dýrð hans, slíka dýrð sem einkasonur fær frá föður, og hann var fullur af guðlegri# góðvild og sannleika.

**15** (Jóhannes vitnaði um hann, já, hann hrópaði: „Það var um hann sem ég sagði: „Sá sem kemur á eftir mér er kominn fram úr mér því að hann var til á undan mér.““)

**16** Við höfum öll þegið af gnægð hans, það er að segja einstaka góðvild á góðvild ofan. **17** Lögin voru gefin fyrir milligöngu Móse en góðvildin\* og sannleikurinn kom fyrir milligöngu Jesú Krists. **18** Enginn maður hefur nokkurn tíma séð Guð en einkasonurinn, sem er guð og er við hlið föðursins,\* hefur skýrt hver hann er.

1:13 \*Orðrétt „blóði“. #Orðrétt „vilja holdsins“. 1:14 \*Orðrétt „hold“. #Eða „einstakri“. 1:17 \*Eða „hin einstaka góðvild“. 1:18 \*Eða „í faðmi föðursins“. Lýsir sérstakri virðingarstöðu.

19 Jóhannes gaf eftirfarandi vitnisburð þegar Gyðingar sendu presta og Levíta frá Jerúsalem til að spyrja hann: „Hver ertu?“

20 Hann vék sér ekki undan að svara heldur sagði opinskátt: „Ég er ekki Kristur.“ 21 „Hver ertu þá?“ spurðu þeir. „Ertu Elía?“ Hann svaraði: „Ég er ekki hann.“ „Ertu spámaðurinn?“ „Nei,“ svaraði hann. 22 Þeir sögðu þá við hann: „Hver ertu? Segðu okkur það svo að við getum svarað þeim sem sendu okkur. Hvað segirðu um sjálfan þig?“

23 Hann svaraði: „Ég er rödd manns sem hrópar í óbyggðunum: ‚Gerið veg Jehóva‘ beinan,“ eins og Jesaja spámaður sagði.“

24 Það voru farisear sem höfðu sent mennina 25 og þeir spurðu hann nú: „En hvers vegna skírirðu fyrst þú ert hvorki Kristur, Elía né spámaðurinn?“ 26 Jóhannes svaraði þeim: „Ég skíri í vatni. Á meðal ykkar stendur maður sem þið þekkið ekki, 27 hann sem kemur á eftir mér, og ég er ekki þess verður að leysa ólarnar á ílskóm hans.“

28 Þetta gerðist í Betaníu handan við Jórdan þar sem Jóhannes skírði.

29 Daginn eftir sá hann Jesús koma í áttina til sín og sagði: „Sjáið, lamb Guðs sem tekur burt synd heimsins! 30 Þetta er sá sem ég átti við þegar ég sagði: ‚Á eftir mér kemur maður sem er kominn fram úr mér því að hann var til á undan mér.‘ 31 Jafnvel ég þekkti hann ekki en ég kom og skírði í vatni til þess að sýna Ísrael hver hann er.“

32 Jóhannes vitnaði líka og sagði: „Ég sá andann koma ofan af himni eins og dúfu og nema staðar yfir honum. 33 Jafnvel ég þekkti hann ekki en sá sem sendi mig til að skíra í vatni sagði við mig: ‚Sá sem þú sérð andann koma yfir og nema

staðar á, hann er sá sem skírir með heilögum anda.‘ 34 Ég hef séð þetta og hef vitnað um að hann er sonur Guðs.“

35 Daginn eftir var Jóhannes staddur þar aftur með tveim af lærisveinum sínum. 36 Hann sá Jesús koma gangandi og sagði: „Sjáið, lamb Guðs!“ 37 Þegar lærisveinarnir tveir heyrðu hann segja þetta fóru þeir á eftir Jesú. 38 Jesús sneri sér við, sá að þeir fylgdu honum og sagði við þá: „Að hverju leitið þið?“ Þeir svöruðu: „Rabbí (en það merkir ‚kennari‘), hvar heldurðu til?“ 39 „Komið og sjáið,“ sagði hann. Þeir fóru með honum og sáu hvar hann hélt til en þetta var um tíundu stund.\* Þeir voru síðan hjá honum þann dag. 40 Annar þeirra sem heyrðu hvað Jóhannes sagði og fylgdu Jesú var Andrés, bróðir Símonar Péturs. 41 Hann fór strax og fann Símon bróður sinn og sagði við hann: „Við höfum fundið Messias“ (en það merkir ‚Kristur‘) 42 og hann fór með hann til Jesú. Jesús horfði á hann og sagði: „Þú ert Símon Jóhannesson. Þú verður kallaður Kefas“ (sem þýðir ‚Pétur‘).

43 Daginn eftir vildi Jesús fara til Galíleu. Hann hitti þá Filippus og sagði við hann: „Fylgdu mér.“ 44 Filippus var frá Betsáidu, sömu borg og þeir Andrés og Pétur. 45 Filippus fann Natanael og sagði við hann: „Við höfum fundið þann sem Móse skrifar um í lögnum og einnig spámennirnir: Jesú frá Nasaret, son Jósefs.“ 46 En Natanael sagði við hann: „Getur nokkuð gott komið frá Nasaret?“ Filippus svaraði: „Komdu og sjáðu.“ 47 Jesús sá Natanael koma og sagði um hann: „Sjáið, hér er sannur Ísraelsmaður sem engin svik eru í.“ 48 Natanael

1:23 \*Sjá orðaskýringar.

1:39 \*Það er, um kl. 16.

spurði hann: „Hvernig þekkirðu mig?“ Jesús svaraði: „Ég sá þig undir fikjutrénu áður en Filippus kallaði á þig.“ **49** Þá sagði Natanael: „Rabbi, þú ert sonur Guðs, þú ert konungur Ísraels.“ **50** Jesús svaraði: „Trúirðu af því að ég sagðist hafa séð þig undir fikjutrénu? Þú munt sjá meira en þetta.“ **51** Síðan bætti hann við: „Ég segi ykkur með sanni: Þið munuð sjá himininn opin og engla Guðs stíga upp og stíga niður til Mannsónarins.“

**2** Tveim dögum síðar var haldin brúðkaupsveisla í Kana í Galíleu og móðir Jesú var þar. **2** Jesú og lærisveinum hans var einnig boðið til brúðkaupsveislunnar.

**3** Þegar vínið var á þrotum sagði móðir Jesú við hann: „Þau eiga ekki meira vín.“ **4** En Jesús svaraði: „Kona, hvað varðar okkur um það? Minn tími er enn ekki kominn.“

**5** Móðir hans sagði þá við þjónana: „Gerid það sem hann segir ykkur.“

**6** Þarna stóðu sex vatnsker úr steini eins og krafist var samkvæmt hreinsunarreglum Gyðinga og hvert þeirra tók tvo eða þrjá mæla.\*

**7** Jesús sagði við þá: „Fyllid kerin af vatni.“ Og þeir barmafylltu þau.

**8** Síðan sagði hann: „Ausid nú svolitlu upp og farið með það til veislustjórans.“ Þeir gerðu það.

**9** Veislustjórinn bragðaði á vatninu sem nú var orðið að víni en vissi ekki hvaðan það kom. (Þjónarnir sem jusu upp vatninu vissu það hins vegar.) Veislustjórinn kallaði á brúðgumann **10** og sagði: „Allir aðrir bera fram góða vínið fyrst og síðan hið lakara þegar fólk er orðið ölvað. Þú hefur geymt góða vínið þar til nú.“ **11** Þetta var fyrsta kraftaverk Jesú og hann gerði það í

2:4 \*Orðrétt „Hvað til mín og til þín, kona?“ Orðtak sem gefur til kynna andmæli. Orðið „kona“ lýsir ekki óvirðingu. 2:6 \*Líklega er átt við mælieininguna bat sem jafngilti 22 l.

Kana í Galíleu. Það opinberaði dýrð hans og lærisveinar hans trúðu á hann.

**12** Eftir þetta fór hann með móður sinni, bræðrum og lærisveinum niður til Kapernaúm en þau stöldrúðu ekki við nema fáeina daga.

**13** Nú voru páskar Gyðinga í nánd og Jesús fór upp til Jerúsalem. **14** Í musterinu sá hann þá sem seldu nautgripi, sauðfé og dúfur og víxlarana sem sátu þar.

**15** Hann gerði sér svipu úr reipum og rak þá alla út úr musterinu ásamt sauðfénu og nautgripunum, dreifði peningum víxlaranna út um allt og velti borðum þeirra um koll.

**16** Og hann sagði við dúfnasalana: „Burt með þetta hédan! Hættið að nota hús föður míns sem sölumarkað!“ **17** Lærisveinarnir minntust þess að skrifað er: „Ég brenn af ákafa vegna húss þíns.“

**18** Gyðingar sögðu þá við hann: „Hvaða tákn geturðu gefið okkur um að þú hafir rétt til að gera þetta?“

**19** Jesús svaraði: „Rífið þetta musteri og ég skal reisa það á þrem dögum.“ **20** Þeir sögðu þá: „Þetta musteri var 46 ár í smíðum og þú ætlar að reisa það á þrem dögum!“

**21** En musterið sem hann átti við var líkami hans. **22** Þegar hann var risinn upp frá dauðum minntust lærisveinarnir þess að hann hafði stundum sagt þetta, og þeir trúðu Ritningunum og því sem Jesús hafði sagt.

**23** Meðan hann var í Jerúsalem á páskahátíðinni fóru margir að trúa á nafn hans því að þeir sáu kraftaverkin sem hann gerði.

**24** En Jesús sagði þeim ekkert í trúnaði því að hann þekkti þá alla **25** og hann þurfti ekki að láta segja sér neitt um mennina þar sem hann vissi hvað bjó í mönnum.

2:16 \*Eða „markaðstorg; verslun“.

**3** Maður nokkur hét Nikódemus. Hann var farísei og einn af leiðtogum Gyðinga. **2** Hann kom til Jesú að næturlagi og sagði við hann: „Rabbí, við vitum að þú ert kennari sendur af Guði því að enginn getur unnið kraftaverkin sem þú gerir nema Guð sé með honum.“

**3** Jesús svaraði: „Ég segi þér með sanni að enginn getur séð ríki Guðs nema hann fæðist að nýju.“\* **4** Þá sagði Nikódemus: „Hvernig getur maður fæðst þegar hann er orðinn gamall? Varla getur hann snúið aftur í kvið móður sinnar og fæðst á ný.“ **5** Jesús svaraði: „Ég segi þér með sanni að enginn getur komist inn í ríki Guðs nema hann fæðist af vatni og anda. **6** Það sem fæðist af mönnum\* er mennskt“ og það sem fæðist af andanum er andi. **7** Vertu ekki undrandi að ég skyldi segja þér: Þið þurfið að fæðast að nýju. **8** Vindurinn blæs þangað sem hann vill og þið heyrðið þytninn í honum en þið vitið ekki hvaðan hann kemur né hvert hann fer. Hið sama má segja um alla sem eru fæddir af andanum.“

**9** Þá spurði Nikódemus: „Hvernig getur þetta verið?“ **10** Jesús svaraði: „Þú ert kennari í Ísrael og samt veistu þetta ekki! **11** Ég segi þér með sanni að við tölum um það sem við þekkjum og við vitnum um það sem við höfum séð en þið takið ekki við því sem við vitnum um. **12** Ég hef sagt ykkur frá jarðneskum málum og þið trúðið mér ekki. Hvernig getið þið þá trúað mér þegar ég segi ykkur frá himneskum málum? **13** Auk þess hefur enginn stigið upp til himins nema sá sem steig niður af himni, Mannssonurinn. **14** Og eins og Móse lyfti upp höggorminum í eyðimörkinni, þannig þarf að lyfta upp Mannssyninum

**15** til að allir sem trúa á hann hljóti eilíft líf.

**16** Guð elskaði heiminn svo heitt að hann gaf einkason sinn til þess að þeir sem trúa á hann farist ekki heldur hljóti eilíft líf. **17** Guð sendi ekki son sinn í heiminn til að dæma heiminn heldur til að heimurinn bjargaðist fyrir atbeina hans. **18** Sá sem trúir á hann verður ekki dæmdur. Sá sem trúir ekki er þegar dæmdur því að hann hefur ekki trúað á nafn einkasonar Guðs. **19** Dómurinn byggist á því að ljósið er komið í heiminn en menn elskuðu myrkríð í stað ljóssins því að verk þeirra voru vond. **20** Sá sem stundar hið illa hatar ljósið og kemur ekki til ljóssins svo að verk hans verði ekki afhjúpuð. **21** En sá sem gerir rétt kemur til ljóssins svo að augljóst verði að verk hans eru í samræmi við vilja Guðs.“

**22** Eftir þetta fóru Jesús og lærisveinar hans um sveitir Júdeu. Hann var með þeim þar um tíma og skírði. **23** En Jóhannes skírði einnig. Það var í Aínon nálægt Salím því að þar var mikið vatn. Fólk kom þangað og lét skírast **24** en þetta var áður en Jóhannesi var varpað í fangelsi.

**25** Nú deildu lærisveinar Jóhannesar um hreinsun við Gyðing nokkurn. **26** Þeir komu síðan til Jóhannesar og sögðu við hann: „Rabbí, maðurinn sem var með þér handan við Jórdan og þú vitnaðir um, hann er að skíra og allir fara til hans.“ **27** Jóhannes svaraði: „Enginn getur fengið neitt nema honum sé gefið það af himni. **28** Þið voruð sjálfir vitni að því að ég sagði: „Ég er ekki Kristur heldur var ég sendur á undan honum.“ **29** Brúðguminn á brúðina. En vinur brúðgumans gleðst mjög þegar hann stendur hjá honum og heyrir rödd hans. Gleði mín er því orðin

3:3 \*Eða hugsanl. „fæðist að ofan“. 3:6 \*Orðrétt „holdi“. \*Orðrétt „hold“.

fullkomin. **30** Hann á að vaxa en ég á að minnka.“

**31** Sá sem kemur að ofan er yfir öllum öðrum. Sá sem er frá jörðinni er frá jörðinni og talar um jarðnesk mál. Sá sem kemur af himni er yfir öllum öðrum. **32** Hann vitnar um það sem hann hefur séð og heyrt en enginn viðurkennir vitnisburð hans. **33** Sá sem viðurkennir vitnisburð hans hefur staðfest\* að Guð er sannorður. **34** Sá sem Guð sendi talar orð hans því að Guð er ekki spar á andann.\* **35** Faðirinn elskar soninn og hefur lagt allt í hendur hans. **36** Sá sem trúir á soninn hlýtur eilíft líf. Sá sem óhlýðnast syninum mun ekki lifa heldur hvílir reiði Guðs varanlega yfir honum.

**4** Drottinn uppgötvaði að farisear hefðu frétt að hann\* fengi og skírði fleiri lærisveina en Jóhannes. **2** Reyndar skírði Jesús ekki sjálfur heldur skírðu lærisveinar hans. **3** Hann fór þá frá Júdeu og sneri aftur til Galíleu **4** en hann varð að fara um Samaría. **5** Á leiðinni kom hann til borgar í Samaría sem heitir Síkar, nálægt landspildunni sem Jakob gaf Jósef syni sínum. **6** Þar var Jakobsbrunnur. Jesús var þreyttur eftir ferðalagið og hafði sest við brunninn.\* Þetta var um sjöttu stund.\*

**7** Samversk kona kom til að sækja vatn. Jesús sagði við hana: „Gefðu mér að drekka.“ **8** (En lærisveinar hans höfðu farið inn í borgina til að kaupa mat.) **9** Konan spurði hann þá: „Hvernig stendur á því að þú sem ert Gyðingur biður mig, samverska konu, um vatn að drekka?“ (En Gyðingar eiga engin samskipti við Samverja.)

3:33 \*Orðrétt „hefur innsiglað“. 3:34 \*Eða „gefur ómælt af andanum“. 4:1 \*Orðrétt „Jesús“. 4:6 \*Eða „uppsprettuna; lindina“. \*Það er, um kl. 12 á hádegis.

**10** Jesús svaraði: „Ef þú hefðir vitnað af gjöf Guðs og hver það er sem segir við þig: ‚Gefðu mér að drekka,‘ þá hefðirðu bedið hann um vatn og hann hefði gefið þér lifandi vatn.“ **11** Þá sagði hún: „Herra, þú ert ekki einu sinni með fötu til að sækja vatn og brunnurinn er djúpur. Hvaðan færðu þá þetta lifandi vatn? **12** Ekki ertu meiri en Jakob forfaðir okkar sem gaf okkur brunninn og drakk úr honum ásamt sonum sínum og búfé?“ **13** Jesús svaraði: „Allir sem drekka af þessu vatni verða þyrstir aftur. **14** En sá sem drekkur af vatninu sem ég gef honum verður aldrei þyrstur fram- ar því að vatnið sem ég gef honum verður að uppsprettu í honum sem streymir fram og veitir eilíft líf.“ **15** Konan sagði við hann: „Herra, gefðu mér þetta vatn svo að ég verði ekki þyrst og þurfi ekki að koma hingað fram til að sækja vatn.“

**16** Jesús sagði þá: „Farðu og náðu í eiginmann þinn.“ **17** „Ég á engan mann,“ svaraði konan. „Það er rétt sem þú segir að þú eigir engan mann,“ sagði Jesús, **18** „því að þú hefur átt fimm menn og maðurinn sem þú býrð með núna er ekki eiginmaður þinn. Þetta sagðirðu satt.“ **19** Konan sagði: „Herra, ég sé að þú ert spámaður. **20** Forfedur okkar tilbáðu Guð á þessu fjalli en þið segið að það sé í Jerúsalem sem eigi að tilbiðja hann.“ **21** Jesús svaraði henni: „Trúðu mér, kona, sá tími kemur að þið munuð hvorki tilbiðja föðurinn á þessu fjalli né í Jerúsalem. **22** Þið tilbiðjið það sem þið þekkið ekki. Við tilbiðjum það sem við þekkjum því að frelsunin hefst hjá Gyðingum. **23** En sá tími kemur, og er nú kominn, að hinir sönnu tilbiðjendur tilbiðja föðurinn í anda og sannleika því að faðirinn leitar þeirra

sem tilbiðja hann þannig. **24** Guð er andi og þeir sem tilbiðja hann eiga að tilbiðja í anda og sannleika.“

**25** Konan sagði við hann: „Ég veit að Messías kemur, hann sem er kallaður Kristur. Þegar hann kemur mun hann kunngera okkur allt.“

**26** Jesús sagði við hana: „Ég er hann, ég sem tala við þig.“

**27** Í sömu andrá komu lærisveinarnir og þeir urðu hissa að hann skyldi vera að tala við konu. Enginn spurði þó: „Hvað viltu henni?“ eða „Af hverju ertu að tala við hana?“

**28** Konan skildi þá vatnskerið eftir, fór inn í borgina og sagði við fólk: **29** „Komið og sjáið mann sem sagði mér allt sem ég hef gert. Ætli þetta geti verið Kristur?“ **30** Fólk- ið kom þá til Jesú úr borginni.

**31** Meðan þessu fór fram báðu lærisveinarnir hann: „Rabbí, fáðu þér að borða.“ **32** En hann svaraði: „Ég hef mat að borða sem þið vitið ekki um.“ **33** Lærisveinarnir sögðu sín á milli: „Skyldi einhver hafa fært honum mat?“ **34** Jesús sagði við þá: „Minn matur er að gera vilja þess sem sendi mig og ljúka verkinu sem hann fól mér.“ **35** Segið þið ekki að enn séu fjórir mánuðir í uppskeruna? Sjáið! Ég segi ykkur: Lítið upp og horfið á akrana, þeir eru hvítir og tilbúnir til uppskeru. **36** Kornskurðarmaðurinn fær nú þegar laun og safnar ávexti til eilífs lífs og þá geta báðir glaðst saman, hann og sá sem sáir. **37** Hér á við máltækið sem segir: Einn sáir og annar sker upp. **38** Ég sendi ykkur til að uppskera það sem þið hafið ekki unnið að. Aðrir hafa erfiðað og þið njótið góðs af erfiði þeirra.“

**39** Margir Samverjar úr borginni tóku trú á hann vegna vitnisburðar konunnar sem sagði: „Hann sagði mér allt sem ég hef gert.“ **40** Þegar Samverjarnir komu til Jesú báðu

þeir hann að staldra við hjá sér og hann var þar í tvo daga. **41** Fyrir vikið tóku enn fleiri trú þegar þeir heyrðu það sem hann sagði **42** og þeir sögðu við konuna: „Nú trúum við ekki aðeins vegna orða þinna því að við höfum sjálfir heyrt hann tala og við vitum að þessi maður er í raun og veru frelsari heimsins.“

**43** Að þessum tveim dögum liðnum fór Jesús þaðan til Galíleu. **44** Hann hafði þó sjálfur sagt að spámaður væri ekki metinn í heimalandi sínu. **45** Þegar hann kom til Galíleu tóku Galíleumenn vel á móti honum. Þeir höfðu séð allt sem hann gerði á hátíðinni í Jerúsalem því að þeir höfðu líka sótt hátíðina.

**46** Hann kom nú aftur til Kana í Galíleu þar sem hann hafði breytt vatni í vín. Í Kapernaúm var maður nokkur, embættismaður konungs, en sonur hans var veikur. **47** Þegar maðurinn frétti að Jesús væri kominn frá Júdeu til Galíleu fór hann til hans og bað hann að koma niður eftir og lækna son sinn sem lá fyrir dauðanum. **48** En Jesús sagði við hann: „Þið trúið ekki nema þið sjáið undur og kraftaverk.“ **49** Embættismaðurinn sagði þá: „Drottinn, komdu niður eftir áður en barnið mitt deyr.“ **50** Jesús svaraði: „Farðu heim, sonur þinn lifir.“ Maðurinn trúði orðum Jesú og fór. **51** Meðan hann var á leiðinni niður eftir komu þjónar hans á móti honum til að segja honum að drengurinn væri á lífi.\* **52** Hann spurði þá hvenær honum hefði farið að batna. Þeir svörðu: „Hitinn hvarf um sjöundu stund\* í gær.“ **53** Faðirinn vissi að það var einmitt þá sem Jesús hafði sagt við hann: „Sonur þinn lifir.“ Og hann tók trú og allt heimilisfólk hans. **54** Þetta

4:51 \*Eða „batavegi“. 4:52 \*Það er, um kl. 13.

var í annað sinn sem Jesús vann kraftaverk eftir að hafa komið frá Júdeu til Galíleu.

**5** Seinna þegar haldin var ein af hátíðum Gyðinga fór Jesús upp til Jerúsalem. **2** Við Sauðahlíðið í Jerúsalem er laug sem kallast á hebresku *Betesda* og umhverfis hana eru fimm súlnagöng. **3** Í þeim lá fjöldi sjúklinga, blindra, fatlaðra og fólks með visna\* útlími. **4** \*— **5** Þarna var maður sem hafði verið veikur í 38 ár. **6** Jesús sá manninn liggja þar og vissi að hann hafði lengi verið veikur. Hann sagði við hann: „Viltu læknastr?“ **7** Veiki maðurinn svaraði: „Herra, ég hef engan til að láta mig í laugina þegar hreyfing kemst á vatnið, og meðan ég er á leiðinni fer annar ofan í á undan mér.“ **8** Jesús sagði við hann: „Stattu upp! Taktu börurnar\* þínar og gakktu.“ **9** Maðurinn læknaðist samstundis, tók börurnar\* og fór að ganga um.

Þetta var á hvíldardegi. **10** Gyðingar sögðu því við manninn sem hafði læknastr: „Það er hvíldardagur og þú mátt ekki bera börurnar.“\* **11** En hann svaraði: „Sá sem læknaði mig sagði við mig: „Taktu börurnar\* þínar og gakktu.““ **12** Þeir spurðu: „Hver var það sem sagði við þig: „Taktu þær og gakktu?““ **13** En maðurinn sem hafði læknastr vissi ekki hver hann var því að Jesús hafði látið sig hverfa í mannfjöldann.

**14** Seinna hittu Jesús hann í musterinu og sagði við hann: „Nú ertu orðinn heill heilsu. Syndgaðu ekki frammar svo að ekkert verra komi fyrir þig.“ **15** Maðurinn fór og sagði Gyðingunum að það hefði verið Jesús sem læknaði hann.

5:3 \*Eða „lamaða“. 5:4 \*Þetta vers er ekki í sumum fornum handritum og tilheyrir greinilega ekki innblásinni frásögn Biblíunnar. 5:8-11 \*Eða „mottuna“.

**16** Gyðingarnir fóru þá að ofsækja Jesú vegna þess að hann gerði þetta á hvíldardegi. **17** En hann sagði við þá: „Faðir minn vinnur enn og ég held einnig áfram að vinna.“ **18** Þegar Gyðingarnir heyrðu þetta sóttu þeir enn fastar að drepa hann því að hann braut ekki aðeins hvíldardagshelgina heldur kallaði líka Guð föður sinn og gerði sig þannig jafnan Guði.

**19** Jesús sagði þess vegna við þá: „Ég segi ykkur með sanni að sonurinn getur ekkert gert að eigin frumkvæði heldur aðeins það sem hann sér föðurinn gera. Hvað sem faðirinn gerir, það gerir sonurinn einnig á sama hátt.“ **20** Faðirinn elskar soninn og sýnir honum allt sem hann gerir sjálfur, og hann mun sýna honum meiri verk en þessi svo að þið verið furðu lostnir. **21** Eins og faðirinn reisir upp og lifgar hina dáu, þannig lifgar sonurinn þá sem hann vill. **22** Faðirinn dæmir alls engan heldur hefur hann falið syninum allt dómsvald **23** svo að allir heiðri soninn eins og þeir heiðra föðurinn. Sá sem heiðrar ekki soninn heiðrar ekki föðurinn sem sendi hann. **24** Ég segi ykkur með sanni: Sá sem heyrir orð mín og trúir þeim sem sendi mig hlýtur eilíft líf og verður ekki dæmdur heldur er hann stigin yfir frá dauðanum til lífsins.

**25** Ég segi ykkur með sanni að sá tími kemur, og er nú kominn, að hinir dáu heyra rödd sonar Guðs og þeir sem hafa hlustað og hlýtt munu lifa. **26** Eins og faðirinn hefur líf í sjálfum sér,\* þannig hefur hann veitt syninum að hafa líf í sjálfum sér. **27** Og hann hefur gefið honum vald til að dæma því að hann er Mannssonurinn. **28** Verið ekki undrandi á þessu. Sú stund

5:26 \*Eða „hefur kraft til að gefa líf“.

kemur að allir sem eru í minningar-gröfunum heyra rödd hans **29** og rísa upp. Þeir sem gerðu hið góða rísa upp til lífs en þeir sem ástunduðu hið illa rísa upp til dóms. **30** Ég get ekki gert neitt að eigin frumkvæði. Ég dæmi eftir því sem ég heyri og dómur minn er réttlátur þar sem ég leitast ekki við að fara að eigin vilja heldur vilja þess sem sendi mig.

**31** Ef ég einn vitna um sjálfan mig er vitnisburður minn ógildur. **32** En það er annar sem vitnar líka um mig og ég veit að vitnisburður hans er sannur. **33** Þið hafið sent menn til Jóhannesar og hann hefur borið vitni um sannleikann. **34** Ég er þó ekki háður vitnisburði manns heldur segi ég þetta til að þið getið bjargast. **35** Hann var logandi og skínandi lampi og um stuttan tíma vilduð þið gjarnan fagna í ljósi hans. **36** En það er annar vitnisburður sem er þyngri á metunum en vitnisburður Jóhannesar. Verkin sem faðir minn fól mér að vinna, verkin sem ég vinn, bera vitni um að faðirinn hafi sent mig. **37** Og faðirinn sem sendi mig hefur sjálfur vitnað um mig. Þið hafið aldrei heyrt rödd hans né séð hvernig hann lítur út **38** og orð hans býr ekki í ykkur því að þið trúðið ekki þeim sem hann sendi.

**39** Þið rannsakið Ritningarnar því að þið haldið að það veiti ykkur eilíft líf, og það eru einmitt þær sem vitna um mig. **40** Samt viljið þið ekki koma til mín og hljóta líf. **41** Ég þigg ekki lof manna\* **42** en ég veit mætavel að þið berið ekki kærleika til Guðs. **43** Ég er kominn í nafni föður míns en þið takið ekki við mér. Ef einhver annar kæmi í sínu eigin nafni tækjuð þið við honum. **44** Hvernig getið þið trúað þegar þið þiggið lof hver af

öðrum en leitist ekki við að fá þann heiður sem kemur frá hinum eina sanna Guði? **45** Ekki halda að ég ákæri ykkur frammi fyrir föðurnum. Það er Móse sem ákæri ykkur, og honum treystið þið. **46** Ef þið tryðuð Móse mynduð þið líka trúá mér því að hann skrifaði um mig. **47** En fyrst þið trúðið ekki því sem hann skrifaði, hvernig getið þið þá trúað því sem ég segi?"

**6** Eftir þetta fór Jesús yfir Galíleuvatn, öðru nafni Tíberíavatn. **2** Mikill fjöldi fólks fylgdi honum því að það sá kraftaverkin sem hann vann með því að lækna þá sem voru veikir. **3** Jesús fór þá upp á fjall og settist þar niður með lærisveinum sínum. **4** Þetta var skömmu fyrir páskahátíð Gyðinga. **5** Þegar Jesús leit upp og sá mikinn mannfjölda nálgast sagði hann við Filippus: „Hvar eigum við að kaupa brauð til að gefa þessu fólki að borða?“ **6** Jesús vissi hvað hann ætlaði að gera en sagði þetta til að reyna Filippus. **7** Filippus svaraði: „Brauð fyrir 200 denara\* myndi ekki einu sinni nægja til að allir fengu smábita.“ **8** Einn af lærisveinum hans, Andrés, bróðir Símonar Péturs, sagði við hann: **9** „Hér er drengur með fimm byggbrauð og tvo smáfiska en hvað er það handa svona mörgum?“

**10** Jesús sagði: „Látið fólkið setjast.“ Þarna var grösugt og fólkið settist niður en karlmennirnir voru um 5.000 talsins. **11** Jesús tók brauðið, þakkaði Guði og útbýtti því meðal þeirra sem sátu þar. Eins gerði hann með fiskinn og allir fengu eins mikið og þeir vildu. **12** Þegar fólkið hafði borðað nægju sína sagði hann við lærisveinana: „Safnið leifunum saman svo að ekkert fari til spillis.“ **13** Þeir söfnuðu þeim saman og fylltu 12 körfur

5:41 \*Orðrétt „heiður frá mönnum“.

6:7 \*Sjá orðaskýringar.



með leifum byggbrauðanna fimm sem fólkið hafði borðað af.

14 Þegar fólkið sá táknið sem hann gerði sagði það: „Þetta er sannarlega spámaðurinn sem átti að koma í heiminn.“ 15 Jesús vissi að fólkið myndi nú koma og taka hann með valdi til að gera hann að konungi. Hann fór því aftur upp á fjallið einn síns liðs.

16 Þegar kvöldaði fóru lærisveinarnir niður að vatninu, 17 stigu um borð í bát og lögðu af stað yfir vatnið til Kapernaúm. Nú var orðið dimmt og Jesús var enn ekki kominn til þeirra. 18 Hvasst var í veðri og öldugangurinn jókst. 19 Þegar þeir höfðu róið um fimm eða sex kílómetra\* sáu þeir Jesú ganga á vatninu og nálgast bátinn. Þeir urðu hræddir 20 en hann sagði við þá: „Þetta er ég, óttist ekki.“ 21 Þá tóku þeir hann fúslega um borð og skömmu síðar kom báturinn að landi þar sem þeir höfðu ætlað að lenda.

22 Daginn eftir rann upp fyrir fólkinu sem hafði verið eftir hinum megin við vatnið að þar hafði ekki verið nema einn lítill bátur og að Jesús hafði ekki farið um borð í bátinn með lærisveinunum heldur höfðu þeir farið einir. 23 Nokkrir bátar komu nú frá Tiberías og tóku land nálægt staðnum þar sem fólk hafði borðað brauðið eftir að Drottinn þakkaði Guði. 24 Þegar fólkið sá að hvorki Jesús né lærisveinarnir voru þar steig það um borð í bátana og hélt til Kapernaúm í leit að Jesú.

25 Fólkið fann hann hinum megin við vatnið og spurði hann: „Rabbí, hvenær kemstu hingað?“ 26 Jesús svaraði: „Ég segi ykkur með sanni: Þið leitið mín ekki vegna þess að þið sáuð táknið heldur vegna þess að

þið átuð af brauðinu og urðuð södd. 27 Vinnið ekki fyrir fæðu sem eyðist heldur fyrir þeirri fæðu sem endist og veitir eilíft líf og Mannssonurinn gefur ykkur, því að á hann hefur faðirinn, Guð sjálfur, sett insigni sitt til tákns um velþóknun.“

28 Menn sögðu þá við hann: „Hvað þurfum við að gera til að vinna verk Guðs?“ 29 Jesús svaraði: „Guð vill að þið trúið á þann sem hann sendi.“ 30 Þeir sögðu þá við hann: „Hvaða tákni gerirðu svo að við getum séð það og trúað þér? Hvaða verk vinnurðu? 31 Forfeður okkar átu manna í eyðimörkinni eins og skrifað stendur: „Hann gaf þeim brauð af himni að borða.““ 32 Jesús svaraði: „Ég segi ykkur með sanni: Móse gaf ykkur ekki brauðið af himni en nú gefur faðir minn ykkur hið sanna brauð af himni. 33 Brauð Guðs er sá sem kemur niður af himni og gefur heiminum líf.“ 34 Þá sögðu þeir við hann: „Drottinn, gefðu okkur alltaf þetta brauð.“

35 Jesús sagði: „Ég er brauð lífsins. Sá sem kemur til mín verður ekki hungraður og sá sem trúir á mig verður aldrei þyrstur. 36 En eins og ég sagði ykkur hafið þið séð mig en trúið samt ekki. 37 Allir sem faðirinn gefur mér koma til mín og ég mun aldrei reka burt þann sem kemur til mín 38 því að ég kom ekki niður af himni til að gera minn vilja heldur vilja þess sem sendi mig. 39 Og það er vilji þess sem sendi mig að ég glati engum af öllum þeim sem hann hefur gefið mér heldur reisi þá upp á síðasta degi. 40 Það er vilji föður míns að allir sem viðurkenna soninn og trúa á hann hljóti eilíft líf, og ég reisi þá upp á síðasta degi.“

41 Nú fóru Gyðingarnir að nölðra yfir því að hann skyldi segja: „Ég er brauðið sem kom niður af

6:19 \*Orðrétt „um 25 eða 30 skeiðrúm“. Skeiðrúm var 185 m.

himni," 42 og þeir sögðu: „Er þetta ekki Jesús sonur Jósefs? Við þekkjum nú foreldra hans. Hvernig getur hann sagt: „Ég er kominn niður af himni?“ 43 „Hættið að nöldra,“ sagði Jesús. 44 „Enginn getur komið til mín nema faðirinn sem sendi mig dragi hann til mín, og ég reisi hann upp á síðasta degi. 45 Hjá spámönnunum er skrifað: „Jehóva\* mun kenna þeim öllum.“ Allir sem hafa hlustað á föðurinn og lært af honum koma til mín. 46 Ekki svo að skilja að nokkur maður hafi séð föðurinn. Enginn hefur séð föðurinn nema sá sem er frá Guði. 47 Ég segi ykkur með sanni: Allir sem trúa hljóta eilíft líf.

48 Ég er brauð lífsins. 49 Forfeður ykkar átu manna í eyðimörkinni en dóu samt. 50 En sá sem borðar hið sanna brauð sem kemur niður af himni deyr ekki. 51 Ég er hið lifandi brauð sem kom niður af himni. Sá sem borðar af þessu brauði lifir að eilífu. Og brauðið er hold mitt sem ég gef heiminum til lífs.“

52 Gyðingarnir fóru nú að þræta sín á milli og sögðu: „Hvernig getur maðurinn gefið okkur hold sitt að borða?“ 53 Þá sagði Jesús við þá: „Ég segi ykkur með sanni: Ef þið borðið ekki hold Mannssonarins og drekkið blóð hans hafið þið ekki líf í ykkur. 54 Sá sem borðar hold mitt og drekkur blóð mitt hlýtur eilíft líf og ég reisi hann upp á síðasta degi 55 Því að hold mitt er sönn fæða og blóð mitt er sannur drykkur. 56 Sá sem borðar hold mitt og drekkur blóð mitt er sameinaður mér og ég honum. 57 Eins og hinn lifandi faðir sendi mig og ég lifi vegna föðursins, þannig mun sá sem nærast á mér lifa vegna mín. 58 Þetta er brauðið sem kom nið-

ur af himni. Það er ólíkt því sem var hjá forfeðrum ykkar sem átu en dóu samt. Sá sem borðar af þessu brauði lifir að eilífu.“ 59 Þetta sagði hann þegar hann kenndi í samkunduhúsi\* í Kapernaúm.

60 Margir af lærisveinum hans sem heyrðu þetta sögðu: „Hvílíkt hneyksli! Hver getur hlustað á svona ræðu?“ 61 En Jesús vissi að lærisveinarnir nöldruðu yfir þessu og sagði: „Hneykslar þetta ykkur? 62 Hvað þá ef þið sæjuð Mannssoninn stíga upp þangað sem hann var áður? 63 Það er andinn sem veitir líf en holdið er einskis nýtt. Það sem ég hef sagt ykkur er andi og líf. 64 En sum ykkar trúa ekki.“ Jesús sagði þetta af því að hann vissi frá upphafi hverjir trúðu ekki og hver myndi svíkja hann. 65 Hann bætti við: „Þess vegna sagði ég við ykkur að enginn geti komið til mín nema faðirinn leyfi honum það.“

66 Af þessari ástæðu sneru margir lærisveina hans aftur til fyrri starfa og hættu að fylgja honum. 67 Jesús sagði þá við hina tólf: „Ætlið þið að fara líka?“ 68 Símon Pétur svaraði: „Drottinn, til hvers ættum við að fara? Þú hefur orð eilífs lífs. 69 Við trúum og vitum að þú ert hinn heilagi sem er sendur af Guði.“ 70 Jesús svaraði þeim: „Valdi ég ekki ykkur tólf? Einn ykkar er samt rógberi.“\* 71 Hér átti hann við Júdas, son Simonar Ískariots, sem átti eftir að svíkja hann þó að hann væri einn þeirra tólf.

**7** Eftir þetta hélt Jesús áfram ferð\* sinni um Galíleu. Hann vildi ekki fara um Júdeu því að Gyðingar sátu um líf hans. 2 En tjaldbúðahátíð\* Gyðinga var í nánd. 3 Bræður hans sögðu þá við hann: „Farðu

6:59 \*Eða „á almennri samkomu“. 6:70 \*Eða „djöfull“. 7:1 \*Eða „göngu“. 7:2 \*Eða „laufskálahátíð“.

til Júdeu til að lærisveinar þínir geti líka fengið að sjá verkin sem þú gerir. **4** Enginn sem vill vera þekktur gerir neitt í leynum. Fyrst þú gerir þetta ættirðu að láta umheiminn sjá það.“ **5** Bræður hans trúðu reyndar ekki á hann. **6** Jesús sagði því við þá: „Minn tími er enn ekki kominn en ykkur hentar hvaða tími sem er. **7** Heimurinn hefur enga ástæðu til að hata ykkur en hann hatar mig því að ég sýni fram á að verk hans séu vond. **8** Þið skuluð fara upp eftir á hátíðina en ég fer ekki þangað strax því að minn tími er enn ekki kominn.“ **9** Eftir að hafa sagt þeim þetta var hann um kyrrt í Galíleu.

**10** Þegar bræður hans voru farnir upp eftir til hátíðarinnar fór hann líka þangað en ekki svo menn vissu af heldur með leynd. **11** Gyðingar fóru nú að leita að honum á hátíðinni og spurðu: „Hvar er þessi maður?“ **12** Fólk pískraði mikið um hann sín á milli. Sumir sögðu: „Hann er góður maður.“ Aðrir sögðu: „Nei, hann afvegaleiðir fólk.“ **13** Enginn talaði auðvitað opinberlega um hann af ótta við Gyðinga.

**14** Þegar hátíðin var hálfnuð fór Jesús upp í musteríð og fór að kenna. **15** Gyðingar voru undrandi og sögðu: „Hvernig getur þessi maður þekkt Ritningarnar\* svona vel án þess að hafa gengið í skóla?““ **16** Jesús svaraði þeim: „Það sem ég kenni kemur ekki frá mér heldur þeim sem sendi mig. **17** Sá sem vill gera vilja Guðs gerir sér grein fyrir hvort það sem ég kenni er frá Guði eða hvort ég kenni mínar eigin hugmyndir. **18** Sá sem boðar eigin hugmyndir leitast við að upphefja sjálfan sig en sá sem vill upphefja þann sem sendi hann er sannorður og ekkert ranglæti er í hon-

um. **19** Gaf ekki Móse ykkur lög-in? Enginn ykkar fylgir þó lögnum. Hvers vegna viljið þið drepa mig?“ **20** Fólkið svaraði: „Þú ert andsetinn. Hver vill drepa þig?“ **21** Jesús svaraði: „Ég vann eitt verk og þið eruð öll undrandi. **22** Munið að Móse gaf ykkur umskurðinn – hann er reyndar ekki frá Móse heldur forfeðrunum – og þið umskerið drengi jafnvel á hvíldardegi. **23** Fyrst þið umskerið á hvíldardegi til að brjóta ekki lög Móse, hvers vegna reiðist þið mér þá fyrir að gera mann alheilán á hvíldardegi? **24** Hættið að dæma eftir ytra útliti. Dæmið heldur réttlátan dóm.“

**25** Nokkrir Jerúsalembúar sögðu þá: „Er þetta ekki maðurinn sem þeir vilja drepa? **26** Samt talar hann á almannaferi og þeir segja ekkert við hann. Eru leiðtogarnir orðnir sannfærðir um að þetta sé Kristur? **27** Við vitum nú hvaðan þessi maður er en þegar Kristur kemur á enginn að vita hvaðan hann er.“ **28** Jesús var að kenna í musterinu og nú kallaði hann: „Þið þekkið mig og vitið hvaðan ég er. Ég er ekki kominn að eigin frumkvæði en sá sem sendi mig er raunverulegur og þið þekkið hann ekki. **29** Ég þekki hann því að ég er fulltrúi hans og hann sendi mig.“ **30** Þeir vildu nú grípa hann en enginn lagði hendur á hann því að tími hans var enn ekki kominn. **31** Margir tóku þó trú á hann og sögðu: „Varla gerir Kristur fleiri tákni þegar hann kemur en þessi maður hefur gert.“

**32** Farisearnir heyrðu fólkið muldra þetta um hann og þeir og yfirprestarnir sendu musterisverði til að handtaka hann. **33** Þá sagði Jesús: „Ég verð hjá ykkur aðeins lengur áður en ég fer til þess sem sendi mig. **34** Þið munuð leita mín en ekki finna mig, og þið komist ekki þangað sem ég fer.“ **35** Gyð-

7:15\* Orðrétt „ritin“. \*Það er, skóla hjá rabbinum.

ingar sögðu þá sín á milli: „Hvert ætlar þessi maður að fara svo að við finnum hann ekki? Hann ætlar þó ekki að fara til Gyðinga sem eru dreifðir meðal Grikkja og kenna Grikkjum? 36 Hvað á hann við þegar hann segir: „Þið munuð leita mín en ekki finna mig, og þið komist ekki þangað sem ég fer?“

37 Síðasta daginn, hátíðardaginn mikla, steig Jesús fram og kallaði: „Sá sem er þyrstur skal koma til mín og drekka. 38 Lækir lifandi vatns munu streyma frá innstu hjartarótum þess sem trúir á mig, rétt eins og ritað er.“ 39 Hér átti hann við andann sem þeir áttu að fá sem trúðu á hann, en fram að þessu hafði enginn fengið andann þar sem Jesús var ekki orðinn dýrlegur enn þá. 40 Sumir í mannfjöldanum sem heyrðu þetta sögðu: „Þetta er sannarlega spámaðurinn.“ 41 Aðrir sögðu: „Þetta er Kristur.“ En sumir sögðu: „Kristur kemur nú varla frá Galíleu. 42 Segir ekki í Ritningunni að Kristur eigi að vera afkomandi Davíðs og frá Betlehem, þorpinu þaðan sem Davíð var?“ 43 Þannig kom upp misklið um hann meðal fólksins. 44 Einhverjir vildu handtaka hann en enginn lagði þó hendur á hann.

45 Musterisverðirnir sneru nú aftur til yfirprestanna og faríseanna og þeir síðarnefndu spurðu þá: „Af hverju komuð þið ekki með hann?“ 46 Musterisverðirnir svöruðu: „Enginn maður hefur nokkurn tíma talað eins og hann.“ 47 Þá sögðu farísearnir: „Ekki hefur hann afvegaleitt ykkur líka? 48 Enginn af leiðtogunum eða faríseunum hefur tekið trú á hann, er það? 49 En þessi almúgi sem kann ekkert í lögnum, hann er bölváður.“ 50 Nikódemus, sem hafði áður komið til hans og

var sjálfur farísei, sagði við þá: 51 „Segir ekki í lögum okkar að maður skuli ekki dæmdur nema hann sé yfirheyrður fyrst og kann að hvað hann hefur gert?“ 52 Þeir svöruðu honum: „Ert þú líka frá Galíleu eða hvað? Kannaðu bara málið og þá sérðu að enginn spámaður á að koma frá Galíleu.“\*

8 12 Nú talaði Jesús aftur til þeirra og sagði: „Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér mun alls ekki ganga í myrkir heldur hafa ljós lífsins.“ 13 Farísearnir sögðu þá við hann: „Þú vitnar um sjálfan þig. Vitnisburður þinn er ógildur.“ 14 Jesús svaraði: „Þótt ég vitni um sjálfan mig er vitnisburður minn gildur því að ég veit hvaðan ég kom og hvert ég fer. En þið vitið ekki hvaðan ég kom né hvert ég fer. 15 Þið dæmið eftir mælikvarða manna\* en ég dæmi alls engan. 16 Og ef ég dæmi samt er dómur minn réttlátur því að ég er ekki einn heldur er faðirinn sem sendi mig með mér. 17 Í ykkar eigin lögum stendur líka: ‚Vitnisburður tveggja manna er gildur.‘ 18 Ég vitna um sjálfan mig og faðirinn sem sendi mig vitnar líka um mig.“ 19 Þeir spurðu hann þá: „Hvar er faðir þinn?“ Jesús svaraði: „Þið þekkið hvorki mig né föður minn. Ef þið þekktuð mig mynduð þið líka þekkja föður minn.“ 20 Hann sagði þetta meðan hann var að kenna í musterinu, rétt hjá söfnunarbaukunum. En enginn handtók hann því að tími hans var enn ekki kominn.

21 Hann sagði aftur við þá: „Ég fer burt og þið munuð leita að mér en samt munuð þið deyja í synd ykkar. Þið komist ekki þangað sem ég fer.“ 22 Þá sögðu Gyðingar:

7:52 \*Mörg forn og áreiðanleg handrit sleppa 53. versí til og með 11. versí í 8. kafla. 8:15 \*Orðrétt „eftir holdinu“.

„Ekki ætlar hann að fyrirfara sér fyrst hann segir: „Þið komist ekki þangað sem ég fer?“ **23** Jesús bætti þá við: „Þið eruð neðan að, ég er ofan að. Þið eruð af þessum heimi, ég er ekki af þessum heimi. **24** Þess vegna sagði ég ykkur: Þið munuð deyja í syndum ykkar. Ef þið trúið ekki að ég sé sá sem ég segi vera munuð þið deyja í syndum ykkar.“ **25** Þeir spurðu hann þá: „Hver ertu?“ Jesús svaraði: „Hvers vegna er ég yfirleitt að tala við ykkur? **26** Ég hef margt að segja um ykkur og margt að dæma. Sá sem sendi mig er sannorður og það sem ég segi í heiminum hef ég heyrt frá honum.“ **27** Þeir skildu ekki að Jesús var að tala við þá um föðurinn. **28** Þá sagði hann: „Þegar þið hafið lyft upp Mannssyninum munuð þið skilja að ég er sá sem ég sagðist vera og að ég geri ekkert að eigin frumkvæði heldur tala það sem faðirinn kenndi mér. **29** Og sá sem sendi mig er með mér. Hann hefur ekki skilið mig eftir einan því að ég geri alltaf það sem hann hefur velþóknun á.“ **30** Þegar hann sagði þetta fóru margir að trúá á hann.

**31** Jesús sagði nú við Gyðingana sem höfðu tekið trú á hann: „Ef þið fylgið orðum mínum staðfastlega eruð þið sannir lærisveinar mínir **32** og þið munuð þekkja sannleikann og sannleikurinn veitir ykkur frelsi.“ **33** Þeir svöruðu: „Við erum afkomendur Abrahams og höfum aldrei verið þrælur neins. Hvernig geturðu sagt: „Þið verðið frjálsir?““ **34** Jesús svaraði þeim: „Ég segi ykkur með sanni að allir sem syndga eru þrælur syndarinnar. **35** Þrællinn býr ekki að eilífu á heimilinu en sonurinn býr þar að eilífu. **36** Ef sonurinn veitir ykkur frelsi verðið þið frjálsir í raun og veru. **37** Ég veit að þið

eruð afkomendur Abrahams. Samt viljið þið drepa mig því að þið takið ekki við því sem ég kenni. **38** Ég tala um það sem ég hef séð hjá föður mínum en þið gerið það sem þið hafið heyrt hjá föður ykkar.“ **39** „Abraham er faðir okkar,“ svöruðu þeir. „Ef þið væruð börn Abrahams mynduð þið fara að dæmi Abrahams,“ sagði Jesús. **40** „En nú viljið þið drepa mig og ég hef sagt ykkur sannleikann sem ég heyrði hjá Guði. Abraham hefði aldrei gert slíkt. **41** Þið farið að dæmi föður ykkar.“ Þeir svöruðu: „Við erum ekki óskilgetnir.\* Við eigum einn föður, Guð.“

**42** Jesús sagði við þá: „Ef Guð væri faðir ykkar mynduð þið elska mig því að ég kem frá Guði og nú er ég hér. Ég kom ekki að eigin frumkvæði heldur sendi hann mig. **43** Af hverju skiljið þið ekki það sem ég segi? Af því að þið getið ekki hlustað á orð mín. **44** Djöfullinn er faðir ykkar og þið viljið gera það sem faðir ykkar þráir. Hann var morðingi þegar hann hófst handa\* og var ekki staðfastur í sannleikanum því að sannleikurinn býr ekki í honum. Þegar hann lýgur fer hann að eðli sínu því að hann er lygari og faðir lyginna. **45** En þar sem ég segi ykkur sannleikann trúið þið mér ekki. **46** Hver ykkar getur sannað á mig synd? Fyrst ég segi sannleikann, hvers vegna trúið þið mér ekki? **47** Sá sem er frá Guði hlustar á það sem Guð segir. Þið hlustið ekki vegna þess að þið eruð ekki frá Guði.“

**48** Gyðingar spurðu þá: „Er það ekki rétt hjá okkur að þú sért Samverji og haldinn illum anda?“ **49** Jesús svaraði: „Ég er ekki haldinn illum anda. Ég heiðra föður

8:41 \*Orðrétt „fæddir vegna kynferðislegs siðleysis“. Á grísku *porneía*. Sjá orðaskýringar. 8:44 \*Eða „frá upphafi“.

minn en þið lítilsvirðið mig. **50** Ég er ekki að reyna að upphefja sjálfan mig en sá er til sem vill upphefja mig og hann er dómariinn. **51** Ég segi ykkur með sannni að sá sem fer eftir orðum mínum mun aldrei deyja.“ **52** Gyðingarnir sögðu: „Nú vitum við að þú ert haldinn illum anda. Abraham dó og spámennirnir sömuleiðis en þú segir: „Sá sem fer eftir orðum mínum mun aldrei deyja.“ **53** Varla ertu meiri en Abraham faðir okkar. Hann dó og spámennirnir líka. Hver þykistu vera?“ **54** Jesús svaraði: „Það væri engin upphæð ef ég upphæfi sjálfan mig. Faðir minn upphefur mig, sá sem þið segið vera Guð ykkar. **55** Þið þekkið hann samt ekki en ég þekki hann. Ef ég segðist ekki þekja hann væri ég lygari eins og þið. En ég þekki hann og fer eftir því sem hann segir. **56** Abraham faðir ykkar hlakkaði mikið til að sjá minn dag og hann sá hann og gladdist.“ **57** Gyðingarnir sögðu þá: „Þú ert ekki einu sinni orðinn fimmtugur og segist samt hafa séð Abraham!“ **58** Jesús svaraði: „Ég segi ykkur með sannni: Ég var til áður en Abraham fæddist.“ **59** Þeir tóku þá upp steina til að grýta Jesús en hann faldi sig og yfirgaf musterið.

**9** Á leið sinni sá hann mann sem hafði verið blindur frá fæðingu. **2** Lærisevinnar hans spurðu: „Rabbi, hvort syndgaði þessi maður eða foreldrar hans fyrst hann fæddist blindur?“ **3** Jesús svaraði: „Hvorki maðurinn né foreldrar hans synduðu en með þessu móti geta verk Guðs opinberast á honum. **4** Við verðum að vinna verk þess sem sendi mig meðan dagur er því að það kemur nótt þegar enginn maður getur unnið. **5** Meðan ég er í heiminum er ég ljós heimsins.“ **6** Að svo mæltu spýtti hann á jörð.

ina og bjó til leðu úr munnvatninu, bar hana á augu mannsins **7** og sagði við hann: „Farðu og þvoðu þér í Silóamlaug“ (en Silóam merkir ‚sendur‘). Hann fór þangað, þvoði sér og þegar hann kom aftur hafði hann fengið sjónina.

**8** Nágrannar hans og þeir sem höfðu oft séð hann betla sögðu þá: „Er þetta ekki maðurinn sem var vanur að sitja og betla?“ **9** Sumir sögðu: „Þetta er hann.“ Aðrir sögðu: „Nei, en hann er líkur honum.“ Sjálfur sagði maðurinn: „Ég er hann.“ **10** Þeir spurðu hann þá: „Hvernig fékkstu sjónina?“ **11** Hann svaraði: „Maður sem heitir Jesús bjó til leðu, bar hana á augu mín og sagði: ‚Farðu og þvoðu þér í Silóam.‘ Ég fór og þvoði mér og fékk sjónina.“ **12** Þá spurðu þeir: „Hvar er þessi maður?“ „Ég veit það ekki,“ svaraði hann.

**13** Þeir fóru nú til fariseanna með manninn sem hafði verið blindur. **14** Svo vildi til að það var á hvíldardegi sem Jesús bjó til leðjuna og opnaði augu mannsins. **15** Farisearnir fóru líka að spyrja manninn hvernig hann hefði fengið sjónina. Hann svaraði þeim: „Hann bar leðu á augu mín, ég þvoði mér og nú sé ég.“ **16** Nokkrir fariseanna sögðu þá: „Þessi maður er ekki frá Guði fyrst hann heldur ekki hvíldardaginn.“ Aðrir sögðu: „Hvernig getur syndugur maður unnið svona kraftaverk?“ Það voru því skiptar skoðanir meðal þeirra. **17** Þeir spurðu blinda manninn aftur: „Hvað segir þú um hann fyrst það varst þú sem fékkst sjónina?“ „Hann er spámaður,“ svaraði maðurinn.

**18** Gyðingarnir trúðu þó ekki að hann hefði verið blindur og fengið sjón svo að þeir kölluðu á foreldra hans **19** og spurðu: „Er þetta sonur ykkar sem þið segið að hafi

fæðst blindur? Hvernig stendur þá á því að hann sér núna?" **20** Foreldrarnir svöruðu: „Við vitum að þetta er sonur okkar og að hann fæddist blindur. **21** En við vitum ekki hvernig stendur á því að hann sér núna og vitum ekki heldur hver gaf honum sjónina. Spyrjið hann sjálfan. Hann er fullorðinn og getur svarað fyrir sig.“ **22** Foreldrarnir sögðu þetta af ótta við Gyðingana en þeir höfðu komið sér saman um að hverjum sem játaði að Jesús væri Kristur skyldi útskýfað úr samkundunni. **23** Þess vegna sögðu foreldrarnir: „Hann er fullorðinn. Spyrjið hann.“

**24** Þeir kölluðu því aftur á manninn sem hafði verið blindur og sögðu við hann: „Gefðu Guði dýrðina. Við vitum að þessi maður er syndari.“ **25** Hann svaraði: „Ég veit ekki hvort hann er syndari. Hitt veit ég að ég var blindur en nú get ég séð.“ **26** Þá sögðu þeir: „Hvað gerði hann við þig? Hvernig opnaði hann augu þín?“ **27** Hann svaraði: „Ég er búinn að segja ykkur það en þið hlustuðu ekki. Af hverju viljið þið heyra það aftur? Eruð þið kannski líka að hugsa um að verða lærisveinar hans?“ **28** Þeir sögðu þá með fyrirlitningu: „Þú ert lærisveinn þessa manns en við erum lærisveinar Móse. **29** Við vitum að Guð talaði við Móse en við vitum ekki hvaðan þessi maður er.“ **30** Maðurinn svaraði: „Þetta er ótrúlegt! Þið vitið ekki hvaðan hann er en samt gaf hann mér sjónina. **31** Við vitum að Guð hlustar ekki á syndara, en hann hlustar á þann sem er guðhræddur og gerir vilja hans. **32** Aldrei hefur heyrt að nokkur hafi gefið þeim sjónina sem fæddist blindur. **33** Ef þessi maður væri ekki frá Guði gæti hann ekki gert neitt.“ **34** Þá svöruðu þeir: „Þú ert

syndum vafinn frá fæðingu og ætla að fara að kenna okkur!“ Og þeir ráku hann út.

**35** Jesús frétti að þeir hefðu rekið hann út. Þegar hann hitti manninn spurði hann: „Trúirðu á Mannssoninn?“ **36** „Hver er hann, herra, svo að ég geti trúað á hann?“ spurði maðurinn. **37** Jesús svaraði: „Þú hefur séð hann og það er reyndar hann sem þú ert að tala við.“ **38** „Ég trúi á hann, Drottinn,“ sagði maðurinn og veitti honum lotningu.\* **39** Þá sagði Jesús: „Ég kom í þennan heim til að hægst yrði að dæma fólk, svo að blindir sjái og þeir sem sjá verði blindir.“ **40** Farísear sem voru hjá honum heyrðu þetta og sögðu við hann: „Ekki erum við líka blindir, eða hvað?“ **41** Jesús svaraði: „Ef þið væruð blindir væruð þið ekki sekir um synd. En nú segist þið sjá og því varir synd ykkar.“

**10** „Ég segi ykkur með sanni að sá sem fer ekki inn í fjárbyrgið um dyrnar heldur klifrar yfir annars staðar er þjófur og ræningi. **2** En sá sem fer inn um dyrnar er hiriðir sauðanna. **3** Dyravörðurinn opnar fyrir honum og sauðirnar heyra rödd hans. Hann kallar á sauði sína með nafni og leiðir þá út. **4** Þegar hann hefur leitt út alla sauði sína gengur hann á undan þeim og þeir fylgja honum því að þeir þekkja rödd hans. **5** Þeir myndu aldrei fylgja ókunnugum heldur flýja þeir frá honum því að þeir þekkja ekki rödd ókunnugra.“ **6** Jesús sagði þeim þessa líkingu en þeir skildu ekki hvað hann átti við.

**7** Jesús hélt því áfram: „Ég segi ykkur með sanni: Ég er dyr sauðanna. **8** Allir sem hafa komið og þóst vera ég eru þjófur og ræningj-

9:38 \*Eða „kraup fyrir honum“.

ar en sauðirnir hafa ekki hlustað á þá. **9** Ég er dyrnar. Sá sem gengur inn um mig mun bjargast og hann fer inn og út og finnur beutiland. **10** Þjófurinn kemur ekki nema til að stela, drepa og tortíma. Ég er kominn til að þeir fái líf og fái það í mikilli gnægð. **11** Ég er góði hirðirinn. Góði hirðirinn gefur líf\* sitt fyrir sauðina. **12** Lausráðinn maður, sem er hvorki hirðir né eigandi sauðanna, yfirgefur þá og flýr þegar hann sér úlfinn koma – og úlfurinn hremmir þá og tvístrar þeim – **13** enda er maðurinn aðeins lausráðinn og honum er sama um þá. **14** Ég er góði hirðirinn. Ég þekki sauði mína og þeir þekkja mig **15** eins og faðirinn þekkir mig og ég þekki föðurinn, og ég gef líf\* mitt fyrir sauðina.

**16** Ég á líka aðra sauði sem eru ekki úr þessu fjárbyrgi. Ég þarf einnig að leiða þá og þeir munu heyra rödd mína. Það verður ein hjörð og einn hirðir. **17** Faðirinn elskar mig af því að ég gef líf\* mitt svo að ég geti fengið það aftur. **18** Enginn tekur það frá mér heldur gef ég það að eigin frumkvæði. Ég hef vald til að gefa það og vald til að fá það aftur. Ég fékk fyrir-mæli um þetta frá föður mínum.“

**19** Nú kom aftur upp misklíð meðal Gyðinga vegna þess sem hann sagði. **20** Margir þeirra sögðu: „Hann er haldinn illum anda og er genginn af vitinu. Af hverju hlustið þið á hann?“ **21** Aðrir sögðu: „Andsetinn maður talar ekki svona. Varla getur illur andi gefið blindum sjónina.“

**22** Um þessar mundir var vígsluhátiðin haldin í Jerúsalem. Það var vetur **23** og Jesús gekk um í musterinu í súlnagöngum Salómons. **24** Þá söfnuðust Gyðingar í kringum hann og spurðu: „Hve lengi ætl-

arðu að halda okkur\* í óvissu? Ef þú ert Kristur viltu þá segja okkur það beint út.“ **25** Jesús svaraði: „Ég er búinn að segja ykkur það en þið trúið mér ekki. Verkin sem ég vinn í nafni föður míns, þau vitna um mig. **26** En þið trúið ekki þar sem þið eruð ekki mínir sauðir. **27** Sauðirnir mínir heyra rödd mína og ég þekki þá og þeir fylgja mér. **28** Ég gef þeim eilíft líf og þeim verður aldrei tortímt og enginn hrifsar þá úr hendi minni. **29** Sauðirnir, sem faðir minn hefur gefið mér, eru mikilvægari en allt annað og enginn getur hrifsað þá úr hendi föðurins. **30** Ég og faðirinn erum eitt.“\*

**31** Gyðingar tóku aftur upp steina til að grýta hann. **32** Jesús sagði við þá: „Ég hef sýnt ykkur mörg góð verk eins og faðirinn hefur beðið mig um. Fyrir hvert þeirra ætlið þið að grýta mig?“ **33** Gyðingar svöruðu: „Við grýtum þig ekki fyrir að vinna gott verk heldur fyrir guðlast því að þú sem ert maður gerir sjálfan þig að guði.“ **34** Jesús svaraði þeim: „Stendur ekki í lögum ykkar: „Ég hef sagt: „Þið eruð guðir“?“ **35** Fyrst Guð kallaði þá „guði“ sem orð hans fordæmir – og Ritningin verður ekki felld úr gildi – **36** hvernig getið þið þá sagt að ég, sem faðirinn helgaði og sendi í heiminn, guðlasti þegar ég segi: „Ég er sonur Guðs“? **37** Ef ég vinn ekki verk föður míns skuluð þið ekki trúá mér. **38** En ef ég vinn þau skuluð þið trúá verkunum þó að þið trúið mér ekki svo að þið komist að raun um og vitið að faðirinn er sameinaður mér og ég föðurum.“ **39** Þeir reyndu nú aftur að handsama hann en hann slapp frá þeim.

10:24 \*Eða „sálum okkar“. 10:30 \*Eða „samhuga; sameinaðir“. 10:34 \*Eða „guð-umlíkir“.



40 Hann fór aftur burt og yfir Jórdan þangað sem Jóhannes hafði skírt í byrjun og var þar um kyrrt.

41 Margir komu til hans og sögðu sín á milli: „Jóhannes vann ekki eitt einasta kraftaverk en allt sem hann sagði um þennan mann er satt.“  
42 Þarna tóku margir trú á hann.

**11** Maður að nafni Lasarus var veikur. Hann var frá Betaníu, þorpi þeirra Maríu og Mörtu systur hennar. 2 Þetta var sú María sem hellti ilmólú á fætur Drottins og þurrkaði þá með hári sínu. Lasarus, sá sem var veikur, var bróðir hennar. 3 Systur hans sendu því Jesú þessi boð: „Drottinn, sá sem þér þykir svo vænt um er veikur.“  
4 Þegar hann heyrði það sagði hann: „Þessi veikindi leiða ekki til dauða heldur verða Guði til dýrðar þannig að sonur Guðs hljóti heiður af.“

5 Jesús elskaði Mörtu og systur hennar og Lasarus. 6 Þegar hann frétti að Lasarus væri veikur hélt hann samt kyrru fyrir á sama stað í tvo daga. 7 Að þeim liðnum sagði hann við lærisveinana: „Förum aftur til Júdeu.“ 8 Lærisveinarnir sögðu: „Rabbí, Júdeumenn reyndu nýlega að grýta þig. Ætlaðu samt þangað aftur?“ 9 Jesús svaraði: „Er ekki dagsbirta í 12 tíma? Sá sem gengur í dagsbirtu hrasar ekki um neitt því að hann sér ljós þessa heims. 10 En sá sem gengur um að nóttu til hrasar því að ljósið er ekki í honum.“

11 Síðan bætti hann við: „Lasarus vinur okkar er sofnaður en nú fer ég þangað til að vekja hann.“

12 Þá sögðu lærisveinarnir: „Drottinn, ef hann er sofandi batnar honum.“ 13 En Jesús átti við að hann væri dáinn. Þeir héldu hins vegar að hann væri að tala um venjulegan svefn. 14 Jesús sagði þá berum orðum: „Lasarus er dáinn 15 og

ég fagna ykkar vegna að ég var ekki þar því að trú ykkar mun styrkjast. En nú skulum við fara til hans.“  
16 Tómas, sem var kallaður Tvíburinn, sagði þá við hina lærisveinana: „Við skulum fara líka til að deyta með honum.“

17 Þegar Jesús kom þangað hafði Lasarus legið fjóra daga í gröf-inni.\* 18 Betanía var nálægt Jerúsalem, um þrjá kílómetra\* þaðan. 19 Margir Gyðingar voru komnir til Mörtu og Maríu til að hugga þær eftir bróðurmissinn. 20 Þegar Marta frétti að Jesús væri að koma fór hún á móti honum en María var eftir heima. 21 Marta sagði við Jesú: „Drottinn, ef þú hefðir verið hér væri bróðir minn ekki dáinn. 22 Ég veit samt að Guð gefur þér allt sem þú biður hann um.“ 23 Jesús sagði við hana: „Bróðir þinn mun rísa upp.“ 24 Marta svaraði: „Ég veit að hann rís upp í upprisunni á síðasta degi.“ 25 „Ég er upprisan og lifið,“ sagði Jesús. „Sá sem trúir á mig lifnar aftur þótt hann deyi 26 og sá sem lifir og trúir á mig mun aldrei nokkurn tíma deyja. Trúirðu þessu?“ 27 Hún svaraði: „Já, Drottinn, ég trúi að þú sért Kristur sonur Guðs, sá sem átti að koma í heiminn.“ 28 Að svo mæltu fór hún, kallaði á Maríu systur sína og sagði við hana í hljóði: „Kennarinn er kominn og spyr eftir þér.“ 29 Þegar hún heyrði það spratt hún á fætur og fór til hans.

30 Jesús var þó ekki kominn inn í þorpið heldur var enn á staðnum þar sem Marta hafði hitt hann. 31 Gyðingarnir sem voru heima hjá Maríu að hugga hana sáu hana spretta á fætur og fara út. Þeir eltu hana því að þeir héldu að hún

11:17 \*Eða „minningargröfinni“. 11:18 \*Orðrétt „um 15 skeiðrum“. Skeiðrum var 185 m.

ætlaði til grafarinnar\* til að gráta þar. **32** Þegar María kom þangað sem Jesús var og sá hann féll hún til fóta honum og sagði: „Drottinn, ef þú hefur verið hér væri bróðir minn ekki dáinn.“ **33** Jesús varð sorgmæddur og djúpt snortinn þegar hann sá hana gráta og sá Gyðingana gráta sem voru með henni. **34** „Hvar hafið þið lagt hann?“ spurði hann. Þeir svöruðu: „Drottinn, komdu og sjáðu.“ **35** Þá grét Jesús. **36** „Honum þótti greinilega mjög vænt um hann,“ sögðu Gyðingarnir. **37** En sumir þeirra sögðu: „Gat ekki þessi maður, sem gaf blinda manningum sjónina, komið í veg fyrir að Lasarus dæi?“

**38** Jesús varð aftur djúpt snortinn og fór til grafarinnar.\* Hún var hellir og steinn var fyrir munninum. **39** „Takið steininn burt,“ sagði Jesús. Marta, systir hins látna, sagði við hann: „Drottinn, það hlýtur að vera komin nálykt af honum því að það eru lídnir fjórir dagar.“ **40** Jesús svaraði: „Sagði ég þér ekki að þú myndir sjá dýrð Guðs ef þú tryðir?“ **41** Nú var steinninn tekinn frá. Jesús horfði til himins og sagði: „Faðir, ég þakka þér fyrir að hafa bænheyrt mig. **42** Ég veit auðvitað að þú bænheyrir mig alltaf en ég segi þetta vegna fólksins sem stendur hér svo að það trúir að þú hafir sent mig.“ **43** Síðan hrópaði hann hárrí röddu: „Lasarus, komdu út!“ **44** Maðurinn, sem hafði verið dáinn, kom þá út með línvafninga um hendur og fætur og með klút bundinn um andlitið. Jesús sagði: „Leysið hann og látið hann fara.“

**45** Margir Gyðinganna sem höfðu komið til Maríu og sáu það sem Jesús gerði fóru nú að trúá á hann **46** en nokkrir þeirra fóru til fariseanna og sögðu þeim hvað hann

hafði gert. **47** Yfirprestarnir og farisearnir kölluðu þá Æðstaráðið saman og sögðu: „Hvað eigum við að gera? Þessi maður vinnur mörg kraftaverk. **48** Ef við leyfum honum að halda svona áfram fara allir að trú á hann, og þá koma Rómverjar og taka bæði musteri\* okkar og þjóð.“ **49** En einn þeirra, Kaifás, sem var æðstiprestur það árið, sagði við þá: „Þið vitið ekki neitt **50** og hafið ekki hugsað út í að það er betra fyrir ykkur að einn maður deyi fyrir fólkið en að öll þjóðin tortímist.“ **51** Það var þó ekki hans eigin hugmynd að segja þetta. Hann var æðstiprestur það árið og þess vegna spáði hann að Jesús ætti að deyja fyrir þjóðina **52** en ekki fyrir þjóðina eina heldur líka til að safna saman dreifðum börnum Guðs. **53** Þennan dag fóru þeir að leggja á ráðin um að drepa hann.

**54** Jesús var því ekki lengur á ferli á almannaferi meðal Gyðinga heldur fór hann til staðar í grennd við óbyggðina, til borgar sem heitir Efraím, og dvaldist þar með lærisveinunum. **55** Nú nálgudust páskar Gyðinga og margir fóru úr sveitunum upp til Jerúsalem fyrir páskana til að hreinsa sig trúarlega. **56** Menn leituðu að Jesú og sögðu sín á milli þar sem þeir stóðu í musterinu: „Hvað haldið þið? Ætli hann komi alls ekki á hátíðina?“ **57** Yfirprestarnir og farisearnir höfðu fyrirskipað að ef einhver kæmist að því hvar Jesús væri ætti hann að tilkynna það svo að þeir gætu tekið\* hann.

**12** Sex dögum fyrir páska kom Jesús til Betaníu þar sem Lasarus bjó, maðurinn sem hann hafði reist upp frá dauðum. **2** Þar var honum boðið til kvöldverðar og Marta þjónaði til borðs en Lasarus

11:31, 38 \*Eða „minningargrafarinnar“.

11:48 \*Orðrétt „stað“. 11:57 \*Eða „handtekið“.

var meðal þeirra sem borðuðu\* með honum. **3** María tók þá pund\* af mjög dýrri ilmolíu, hreinni nardusolíu, hellti henni á fætur Jesú og þerraði þá með hári sínu. Húsið fylltist af ilmi olíunnar. **4** Þá sagði Júdas Ískariot, einn af lærisveinum hans, sá sem átti eftir að svíkja hann: **5** „Af hverju var þessi ilmolia ekki seld fyrir 300 denara\* og þeir gefnir fátækum?“ **6** Hann sagði þetta þó ekki vegna þess að honum væri annat um fátæka heldur af því að hann var þjófur. Hann sá um peningabaukinn og stal úr honum. **7** Jesús sagði þá: „Látið hana í friði svo að hún geti undirbúið greftrunardag minn eins og siður er. **8** Fátæka hafið þið alltaf hjá ykkur en mig hafið þið ekki alltaf.“

**9** Nú hafði mikill fjöldi Gyðinga komist að því að Jesús væri þarna og þeir komu, ekki aðeins vegna hans heldur líka til að sjá Lasarus sem hann hafði reist upp frá dauðum. **10** Yfirprestarnir lögðu þá á ráðin um að drepa Lasarus einnig **11** því að það var vegna hans sem margir Gyðingar fóru þangað og tóku að trúá á Jesú.

**12** Daginn eftir frétti mannfjöldinn sem var kominn til hátíðarinnar að Jesús væri á leiðinni til Jerúsalem. **13** Fólkið tók þá pálmagreinar, fór til móts við hann og hrópaði: „Viltu vernda hann!“ Blessaður sé sá sem kemur í nafni Jehóva,\* konungur Ísraels.“ **14** Jesús fann ungan asna og settist á bak, eins og skrifað er: **15** „Óttastu ekki, dóttir Sionar. Sjáðu! Konungur þinn kemur og ríður ösnufola.“ **16** Lærisveinarnir skildu þetta ekki í fyrstu en þegar Jesús var orðinn dýrlegur rifjaldist upp fyrir þeim að það sem gert

var fyrir hann var alveg eins og skrifað var um hann.

**17** Fólkið sem hafði verið með Jesú þegar hann kallaði Lasarus út úr grófinni\* og reisti hann upp frá dauðum sagði frá því sem hafði gerst. **18** Þetta var líka ástæðan fyrir því að fólk fór á móti honum – það hafði heyrt um kraftaverkið sem hann hafði gert. **19** Farisearnir sögðu þá sín á milli: „Þið sjáið að okkur miðar ekkert áfram. Allur heimurinn eltir hann.“

**20** Nokkrir Grikkir höfðu einnig komið til að tilbiðja Guð á hátíðinni. **21** Þeir komu til Filippusar, sem var frá Betsaidu í Galíleu, og sögðu: „Herra, okkur langar til að hitta Jesú.“ **22** Filippus fór til Andrésar og sagði honum það og síðan fóru þeir báðir og sögðu Jesú frá því.

**23** En Jesús svaraði þeim: „Stundin er komin að Mannssonurinn verði upphafinn. **24** Ég segi ykkur með sanni: Ef hveitikornið fellur ekki í jörðina og deyr verður það bara eitt korn en ef það deyr ber það mikinn ávöxt. **25** Sá sem elskar líf\* sitt týnir því en sá sem hatar líf\* sitt í þessum heimi varðveitir það og hlýtur eilíft líf. **26** Sá sem vill þjóna mér skal fylgja mér og þar sem ég er, þar verður þjónn minn einnig. Faðirinn mun heiðra þann sem vill þjóna mér. **27** Nú er ég\* kvíðinn og hvað á ég að segja? Faðir, bjargaðu mér frá þessari stund. En ég er samt kominn til að mæta þessari stund. **28** Faðir, gerðu nafn þitt dýrlegt.“ Þá heyrðist rödd af himni: „Ég hef gert það dýrlegt og geri það aftur dýrlegt.“

**29** Fólkið sem stóð þar hjá heyrði þetta og sagðist hafa heyrt þrumu. Aðrir sögðu: „Engill var

12:2 \*Eða „lágu til borðs“. 12:3 \*Það er, rómverskt pund, 327 g. 12:5, 13 \*Sjá orðaskýringar. 12:13 \*Á grísku *Hósanna*’.

12:17 \*Eða „minningargrófinni“. 12:25 \*Eða „sál“. 12:27 \*Eða „sál mín“.

að tala við hann.“ **30** Jesús sagði: „Þessi rödd heyrðist ekki mín vegna heldur ykkar vegna. **31** Nú verður þessi heimur dæmdur, nú verður stjórnanda þessa heims kastað út. **32** En þegar mér verður lyft upp af jörðinni dreg ég til mín alls konar fólk.“ **33** Hann sagði þetta til að gefa til kynna með hvaða hætti hann myndi deyja innan skamms. **34** Þá svaraði fólkið: „Í lögunum segir að Kristur lifi að eilífu. Hvernig geturðu þá sagt að Mannssyninum verði lyft upp? Hver er þessi Mannssonur?“ **35** Jesús sagði þá: „Ljósíð verður meðal ykkar stutta stund í viðbót. Gangið meðan þið hafið ljósíð svo að myrkríð sigri ykkur ekki. Sá sem gengur í myrkri veit ekki hvert hann fer. **36** Trúið á ljósíð meðan þið hafið ljósíð svo að þið verðið synir ljóssins.“

Eftir að Jesús hafði sagt þetta fór hann burt og faldi sig fyrir fólkinu. **37** Þótt hann hefði unnið fjölda kraftaverka í augsýn þess trúði það ekki á hann. **38** Þannig rættust orð Jesaja spámanns sem sagði: „Jehóva,\* hver trúir því sem við höfum skýrt frá? Og hverjum hefur Jehóva\* opinberað mátt\* sinn?“ **39** Jesaja tiltók líka aðra ástæðu fyrir því að fólkið gat ekki trúað: **40** „Hann hefur blindað augu þess og hert hjörtu þess svo að það sjái ekki með augunum né skilji með hjartanu og snúi við og ég lækni það.“ **41** Jesaja sagði þetta vegna þess að hann sá dýrð hans og talaði um hann. **42** Samt trúðu margir á hann, jafnvel sumir leiðtoganna, en þeir viðurkenndu það ekki vegna faríseanna svo að þeim yrði ekki útskúfað úr samkundunni. **43** Þeim var meira í mun að fá heiður frá mönnum en heiður frá Guði.

**44** En Jesús hrópaði: „Sá sem trúir á mig trúir ekki aðeins á mig

heldur líka þann sem sendi mig **45** og sá sem sér mig sér líka þann sem sendi mig. **46** Ég kom til að vera ljós í heiminum þannig að enginn sem trúir á mig sé áfram í myrkrinu. **47** Ég dæmi samt ekki þá sem heyra orð mín en fylgja þeim ekki því að ég kom til að bjarga heiminum en ekki til að dæma hann. **48** Sá sem hafnar mér og tekur ekki við orðum mínum hefur sinn dómara. Orðið sem ég hef talað verður dómari hans á síðasta degi. **49** Ég hef ekki talað að eigin frumkvæði heldur hefur faðirinn sem sendi mig sagt mér hvað ég eigi að segja og um hvað ég eigi að tala. **50** Og ég veit að fyrirmæli hans veita eilíft líf. Allt sem ég segi tala ég því eins og faðirinn hefur sagt mér.“

**13** Jesús vissi fyrir páskahátíðina að tíminn var kominn til að hann yfirgæfi þennan heim og færi til föðurins. Hann hafði elskað sína sem voru í heiminum og hann elskaði þá allt til enda. **2** Þeir voru að borða kvöldmáltíðina og Djöfullinn hafði nú þegar blásið Júdeasi Ískariót Símonarsyni í brjóst að svíkja hann. **3** Jesús vissi að faðirinn hafði lagt allt í hendur hans og að hann var kominn frá Guði og var að fara til hans. **4** Hann stóð því upp frá kvöldmáltíðinni, lagði frá sér yfirhöfnina, tók handklæði og batt það um mittið. **5** Síðan hellti hann vatni í þvottaskál og fór að þvo fætur lærisveinanna og þurrka þá með handklæðinu sem hann hafði bundið um sig. **6** Nú kom röðin að Símoni Pétri. „Drottinn, ætlaðu að þvo mér um fæturna?“ spurði hann. **7** Jesús svaraði: „Þú skilur ekki núna hvað ég er að gera en þú skilur það seinna.“ **8** Þá sagði Pétur: „Þú skalt aldrei nokkurn tíma þvo mér um fæturna.“ Jesús svaraði: „Ef ég þvæ

þér ekki áttu enga samleið með mér.“ **9** „Drottinn, þvoðu mér ekki bara um fæturna heldur líka um hendurnar og höfuðið,“ sagði Símon Pétur. **10** Jesús svaraði: „Sá sem hefur baðað sig þarf ekki annað en að fá fæturna þvegna því að hann er allur hreinn. Og þið eruð hreinir en þó ekki allir.“ **11** Hann vissi hver myndi svíkja hann og það var þess vegna sem hann sagði: „Þið eruð ekki allir hreinir.“

**12** Þegar hann hafði þvegið þeim um fæturna og klætt sig í yfirhöfnina lagðist hann aftur til borðs og sagði við þá: „Skiljið þið hvað ég hef gert fyrir ykkur? **13** Þið kallið mig ‚kennara‘ og ‚Drottin‘ og það er rétt hjá ykkur því að ég er það. **14** Fyrst ég sem er Drottinn og kennari hef þvegið ykkur um fæturna ættuð þið líka\* að þvo fætur hver annars. **15** Ég hef gefið ykkur fordæmi. Þið skuluð gera það sama og ég hef gert fyrir ykkur. **16** Ég segi ykkur með sannni að þjónn er ekki æðri húsbónda sínum né sendiboði æðri þeim sem sendi hann. **17** Þetta vitið þið og þið eruð hamingjusamir ef þið farið eftir því. **18** Ég er ekki að tala um ykkur alla. Ég þekki þá sem ég hef valið. En þetta var til þess að ritningarstaðurinn myndi rætast sem segir: ‚Sá sem borðaði af brauði mínu hefur lyft hæl sínum á móti mér.‘\* **19** Ég segi ykkur þetta núna svo að þið trúið þegar það gerist, að ég er sá sem ég segist vera. **20** Ég segi ykkur með sannni að hver sem tekur við þeim sem ég sendi tekur líka við mér og hver sem tekur við mér tekur líka við þeim sem sendi mig.“

**21** Að svo mæltu fyltist Jesús mikilli angist og sagði berum orðum: „Ég segi ykkur með sannni: Einn

ykkar mun svíkja mig.“ **22** Lærissveinarnir litu hver á annan og vissu ekki við hvern hann ætti. **23** Sá lærissveinn Jesús sem hann elskaði lá til borðs við hliðina á\* honum. **24** Símon Pétur gaf honum því bendingu og sagði: „Segðu okkur um hvern hann er að tala.“ **25** Lærissveinninn hallaði sér þá upp að brjósti Jesús og spurði: „Drottinn, hver er það?“ **26** Jesús svaraði: „Það er sá sem ég rétti brauðbitann sem ég dýfi í skálina.“ Eftir að hafa dýft brauðinu í skálina rétti hann það Júdasí, syni Símonar Ískariots. **27** Þegar Júdas hafði tekið brauðbitann fór Satan í hann. Jesús sagði þá: „Það sem þú gerir skaltu gera fljótt.“ **28** En enginn þeirra sem lágu til borðs skildi hvers vegna hann sagði þetta við hann. **29** Þar sem Júdas sá um peningabaukinn héldu reyndar sumir að Jesús væri að biðja hann að kaupa það sem þeir þurftu til hátíðarinnar eða að gefa fátækum eitthvað. **30** Eftir að hafa fengið brauðbitann fór hann rակleidis út, en þá var nótt.

**31** Þegar hann var farinn sagði Jesús: „Nú verður Mannssonurinn upphafinn og Guð verður dýrlegur vegna hans. **32** Guð sjálfur veitir honum dýrð og hann gerir það umsvifalaust. **33** Börnin mín, ég verð hjá ykkur skamma stund í viðbót. Þið munuð leita að mér og ég segi nú við ykkur eins og ég sagði við Gyðingana: ‚Þið komist ekki þangað sem ég fer.‘ **34** Ég gef ykkur nýtt boðorð, að þið elskið hver annan. Elskið hver annan eins og ég hef elskað ykkur. **35** Allir munu vita að þið eruð lærissveinar mínir ef þið berið kærleika hver til annars.“

**36** Símon Pétur sagði við hann: „Drottinn, hvert ertu að fara?“ Jesús svaraði: „Þú getur ekki fylgt mér

13:14 \*Eða „ber ykkur líka skylda til“. 13:18 \*Eða „hefur snúist gegn mér“.

13:23 \*Orðrétt „við brjóst“.

núna þangað sem ég fer en þú fylgir mér seinna.“ **37** Pétur sagði þá: „Drottinn, hvers vegna get ég ekki fylgt þér núna? Ég skal leggja líf\* mitt í sölurnar fyrir þig.“ **38** Jesús svaraði: „Ertu fús til að leggja lífið\* í sölurnar fyrir mig? Ég segi þér með sanni að hani mun alls ekki gala fyrr en þú hefur afneitað mér þrisvar.“

**14** „Verið ekki áhyggjufullir. Trúðið á Guð og trúðið á mig. **2** Í húsi föður míns er mikið húsrými.\* Ef svo væri ekki hefði ég sagt ykkur það. En nú fer ég burt að búa ykkur dvalarstað þar. **3** Þegar ég er farinn og hef búðið ykkur stað kem ég aftur og tek ykkur til mín svo að þið séuð einnig þar sem ég er. **4** Þið þekkið leiðina þangað sem ég fer.“

**5** Tómas sagði við hann: „Drottinn, við vitum ekki hvert þú ert að fara. Hvernig getum við þá þekkt leiðina?“

**6** Jesús svaraði: „Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemst til föðurins án mín. **7** Ef þið hefðuð þekkt mig hefðuð þið líka þekkt föður minn. Héðan í frá þekkið þið hann og hafið séð hann.“

**8** Filippus sagði þá: „Drottinn, sýndu okkur föðurinn. Það nægir okkur.“

**9** Jesús svaraði: „Þekkirðu mig ekki, Filippus? Samt er ég búinn að vera hjá ykkur allan þennan tíma. Sá sem hefur séð mig hefur líka séð föðurinn. Hvers vegna segirðu þá: „Sýndu okkur föðurinn?“ **10** Trúirðu ekki að ég sé sameinaður föðurnum og faðirinn sameinaður mér? Það sem ég segi ykkur eru ekki mínar eigin hugmyndir heldur er faðirinn, sem er sameinaður mér, að vinna verk sín. **11** Trúðið mér að ég er sameinaður

föðurnum og faðirinn sameinaður mér. Ef þið gerið það ekki trúið þá vegna sjálfra verkanna. **12** Ég segi ykkur með sanni: Hver sem trúir á mig mun vinna sömu verk og ég, og hann mun vinna enn meiri verk því að ég fer til föðurins. **13** Og ég mun gera hvaðeina sem þið biðjið um í mínu nafni svo að faðirinn hljóti lof vegna sonarins. **14** Ef þið biðjið um eitthvað í mínu nafni geri ég það.

**15** Ef þið elskið mig haldið þið boðorð mín. **16** Ég mun biðja föðurinn og hann mun senda ykkur annan hjálpara\* sem verður með ykkur að eilífu, **17** anda sannleikans sem heimurinn getur ekki tekið á móti því að hann sér hann hvorki né þekkir. Þið þekkið hann því að hann er í ykkur og verður með ykkur áfram. **18** Ég skil ykkur ekki eftir eina.\* Ég kem til ykkar. **19** Innan skamms sér heimurinn mig ekki framur en þið munuð sjá mig því að ég lifi og þið munuð lifa. **20** Á þeim degi munuð þið skilja að ég er sameinaður föður mínum, þið sameinaðir mér og ég sameinaður ykkur. **21** Sá sem tekur við boðorðum mínum og heldur þau elskar mig. Og þann sem elskar mig mun faðir minn elska og ég mun elska hann og birta honum sjálfan mig.“

**22** Júdas (ekki Ískaríot) sagði við hann: „Drottinn, hvað kemur til að þú ætlar að birta sjálfan þig okkur en ekki heiminum?“

**23** Jesús svaraði honum: „Sá sem elskar mig heldur orð mín og faðir minn mun elska hann. Við komum til hans og búum hjá honum. **24** Sá sem elskar mig ekki, heldur ekki orð mín. Orðin sem þið heyrið koma ekki frá mér heldur frá föðurnum sem sendi mig.

13:37 \*Eða „sál“. 13:38 \*Eða „sálina“. 14:2 \*Eða „eru margar vistarverur“.

14:16 \*Eða „huggara“. 14:18 \*Eða „munaðarlausá“.

25 Ég hef sagt ykkur þetta meðan ég hef verið hjá ykkur. 26 En hjálparinn, heilagi andinn sem faðirinn sendir í mínu nafni, mun kenna ykkur allt og minna ykkur á allt sem ég hef sagt ykkur. 27 Ég læt ykkur eftir frið, ég gef ykkur minn frið. Friðurinn sem ég gef ykkur er ólíkur þeim sem heimurinn gefur. Verið ekki áhyggjufullir né óttaslegnir. 28 Þið heyrðuð að ég sagði við ykkur: „Ég fer burt og ég kem aftur til ykkar.“ Ef þið elskuðuð mig mynduð þið gleðjast yfir því að ég fer til föðurins því að faðirinn er mér æðri. 29 Nú hef ég sagt ykkur þetta áður en það gerist svo að þið trúið þegar það gerist. 30 Ég mun ekki tala mikið meira við ykkur því að stjórnandi heimsins kemur en hann hefur ekkert vald yfir\* mér. 31 En til að heimurinn viti að ég elska föðurinn geri ég eins og faðirinn hefur gefið mér fyriræli um. Standið upp, við skulum fara héðan.“

**15** „Ég er hinn sanni vínviður og faðir minn er vinyrkinn. 2 Hann sker af mér allar greinar sem bera ekki ávöxt og hreinsar hverja grein sem ber ávöxt svo að hún beri enn meiri ávöxt. 3 Þið eruð nú þegar hreinir vegna orðsins sem ég hef talað til ykkar. 4 Verið sameinaðir mér, þá verð ég áfram sameinaður ykkur. Greinin getur ekki borið ávöxt nema hún sé á vínviðinum og eins getið þið ekki borið ávöxt nema þið séuð sameinaðir mér. 5 Ég er vínviðurinn og þið eruð greinarnar. Sá sem er sameinaður mér og ég honum ber mikinn ávöxt en án mín getið þið ekkert gert. 6 Sá sem varðveitir ekki sambandið við mig er eins og grein sem er fleygt og visnar. Þessum greinum er safnað saman og kastað á eld þar sem þær brenna. 7 Ef þið

eruð sameinaðir mér og orð mín eru í hjörtum ykkar getið þið beðið um hvað sem er og þið fáid það. 8 Það er föður mínum til dýrðar að þið haldið áfram að bera mikinn ávöxt og reynist vera lærisveinar mínir. 9 Ég hef elskað ykkur eins og faðirinn hefur elskað mig. Verið stöðugir í kærleika mínum. 10 Ef þið haldið boðorð mín verðið þið stöðugir í kærleika mínum eins og ég hef haldið boðorð föðursins og er stöðugur í kærleika hans.

11 Ég hef sagt ykkur þetta svo að þið getið notið sömu gleði og ég, og notið hennar til fulls. 12 Það er boðorð mitt að þið elskið hver annan eins og ég hef elskað ykkur. 13 Enginn á meiri kærleika en sá sem leggur lífið\* í sölnar fyrir vini sína. 14 Þið eruð vinir mínir ef þið gerið það sem ég segi ykkur. 15 Ég kalla ykkur ekki lengur þjóna því að þjónn veit ekki hvað húsbóndi hans gerir. Ég kalla ykkur vini því að ég hef sagt ykkur allt sem ég hef heyrt hjá föður mínum. 16 Þið hafið ekki valið mig heldur valdi ég ykkur og fól ykkur að bera ávöxt, ávöxt sem varir, svo að faðirinn gefi ykkur hvað sem þið biðjið hann um í mínu nafni.

17 Ég gef ykkur þessi fyriræli til að þið elskið hver annan. 18 Ef heimurinn hatar ykkur skuluð þið muna að hann hataði mig á undan ykkur. 19 Ef þið tilheyrðuð heiminum myndi heimurinn elska ykkur því að hann elskar sína. En nú tilheyrði þið ekki heiminum heldur hef ég valið ykkur úr heiminum. Þess vegna hatar heimurinn ykkur. 20 Munið hvað ég sagði ykkur: Þjónn er ekki æðri húsbónda sínum. Ef menn hafa ofsótt mig munu þeir líka ofsækja ykkur og ef þeir hafa haldið orð mín munu þeir líka halda orð ykkar. 21 Þeir munu

14:30 \*Eða „tak á“.

15:13 \*Eða „sál sína“.

gera ykkur allt þetta vegna nafns míns því að þeir þekkja ekki þann sem sendi mig. **22** Ef ég hefði ekki komið og talað til þeirra væru þeir ekki sekir um synd. En nú hafa þeir enga afsökun fyrir synd sinni. **23** Sá sem hatar mig hatar líka föður minn. **24** Ef ég hefði ekki unnið verk á meðal þeirra sem enginn annar hefur unnið væru þeir ekki sekir um synd. En nú hafa þeir séð mig og hata bæði mig og föður minn. **25** Þetta gerðist til að það rættist sem stendur í lögum þeirra: 'Þeir hötuðu mig að tilefnislausu.' **26** Þegar hjálparinn kemur sem ég sendi ykkur frá föðurnum - andi sannleikans sem kemur frá föðurnum - mun hann vitna um mig. **27** Þið eigið líka að vitna um mig því að þið hafið verið með mér frá upphafi."

**16** „Ég hef sagt ykkur þetta til að þið hrasíð ekki og fallið. **2** Ykkur verður útskýfað úr samkundunni. Reyndar kemur sá tími að allir sem drepa ykkur halda að þeir veiti Guði heilaga þjónustu. **3** Þeir gera þetta vegna þess að þeir hafa hvorki kynnst föðurnum né mér. **4** En ég hef sagt ykkur þetta til að þið munið eftir því þegar kemur að því að það gerist.

Ég sagði ykkur þetta ekki upphaflega vegna þess að ég var hjá ykkur. **5** En nú fer ég til hans sem sendi mig. Enginn ykkar spyr mig þó: 'Hvert ertu að fara?' **6** Þið eruð hryggir í hjarta vegna þess að ég hef sagt ykkur þetta. **7** En ég segi ykkur satt að það er ykkur til góðs að ég skuli fara. Ef ég fer ekki kemur hjálparinn ekki til ykkar en ef ég fer sendi ég hann til ykkar. **8** Þegar hann kemur mun hann sanna fyrir heiminum hvað er synd, hvað er réttlæti og hvað er dómur: **9** fyrst hvað er synd því að menn trúá ekki á mig, **10** síðan hvað er

réttlæti því að ég fer til föðursins og þið sjáið mig ekki lengur, **11** og að lokum hvað er dómur því að stjórnandi heimsins er dæmdur.

**12** Ég hef enn margt að segja ykkur en þið getið ekki meðtekið það núna. **13** En þegar hann\* kemur, andi sannleikans, mun hann leiða ykkur í allan sannleikann því að hann talar ekki að eigin frumkvæði heldur það sem hann heyrir, og hann boðar ykkur það sem koma skal. **14** Hann mun upphefja mig því að hann tekur við því sem ég segi honum og boðar ykkur það. **15** Allt sem faðirinn á er mitt. Þess vegna sagði ég að hann\* tæki við því sem ég segði honum og boðaði ykkur það. **16** Innan skamms sjáið þið mig ekki lengur en stuttu síðar munuð þið sjá mig."

**17** Þá sögðu nokkrir af lærisveinunum hver við annan: „Hvað á hann við þegar hann segir: 'Innan skamms sjáið þið mig ekki en stuttu síðar munuð þið sjá mig,' og: 'Því að ég fer til föðursins?'“ **18** Og þeir sögðu: „Hvað á hann við þegar hann segir: 'Innan skamms?' Við vitum ekki um hvað hann er að tala.“ **19** Jesús vissi að þeir vildu spyrja hann og sagði: „Eruð þið að ræða þetta af því að ég sagði: 'Innan skamms sjáið þið mig ekki en stuttu síðar munuð þið sjá mig?'“ **20** Ég segi ykkur með sanni: Þið munuð gráta og kveina en heimurinn mun fagna. Þið munuð syrgja en sorg ykkar mun snúast í gleði. **21** Þegar kona fæðir þjáist\* hún vegna þess að tími hennar er kominn en þegar hún hefur fætt barnið gleymir hún þrautunum því að hún gleðst

**16:13** \*Fornafnið „hann“ í 13. og 14. versu vísar til „hjalparans“ í 7. versu. Heilagur andi er ópersónulegur kraftur en Jesús persónugerir hann og kallar hann „hjalparann“. **16:15** \*Það er, hjálparinn. Sjá 13. vers, neðanmáls. **16:21** \*Orðrétt „hryggist“.



yfir því að mannsbarn er komið í heiminn. **22** Eins er með ykkur. Þið syrgið núna en þið munuð sjá mig aftur. Þá gleðjist þið í hjörtum ykkar og enginn tekur gleðina frá ykkur. **23** Á þeim degi munuð þið ekki spyrja mig neins. Ég segi ykkur með sannni: Ef þið biðjið föðurinn um eitthvað gefur hann ykkur það í mínu nafni. **24** Hingað til hafið þið ekki beðið um neitt í mínu nafni. Biðjið og þið munuð fá þannig að gleði ykkar verði fullkomin.

**25** Ég hef sagt ykkur þetta í líkingum. Sú stund kemur að ég tala ekki lengur við ykkur í líkingum heldur segi ég ykkur berum orðum frá föðurnum. **26** Á þeim degi biðjið þið til föðursins í mínu nafni. Með því á ég ekki við að ég beri fram bón fyrir ykkar hönd. **27** Faðirinn sjálfur elskar ykkur því að þið hafið elskað mig og trúið að ég hafi komið sem fulltrúi Guðs. **28** Ég kom í heiminn sem fulltrúi föðursins. Nú yfirgef ég heiminn og fer til föðursins.“

**29** Lærisveinarnir sögðu: „Nú talarðu berum orðum en ekki í líkingum. **30** Nú vitum við að þú veist allt og enginn okkar þarf að spyrja þig nokkurs. Þess vegna trúum við að þú sért frá Guði.“ **31** Jesús svaraði: „Trúið þið núna? **32** Sú stund kemur, og er reyndar komin, að þið tvístrist. Þið farið hver og einn heim til ykkar og skiljið mig einan eftir. En ég er ekki einn því að faðirinn er með mér. **33** Ég hef sagt ykkur þetta svo að þið hafið frið fyrir mína tilstuðlan. Þið verðið fyrir mótlæti í heiminum en verðið hugrakkir. Ég hef sigrað heiminn.“

**17** Eftir að hafa sagt þetta leit Jesús til himins og bað: „Faðir, stundin er komin. Veittu syni þínum dýrð til að hann geti gert þig dýrlegan. **2** Þú hefur fengið hon-

um vald yfir öllum mönnum svo að hann veiti öllum sem þú hefur gefið honum eilíft líf. **3** Til að hljóta eilíft líf þurfa þeir að kynnast þér,\* hinum eina sanna Guði, og þeim sem þú sendir, Jesú Kristi. **4** Ég hef verið þér til dýrðar á jörðinni með því að ljúka verkinu sem þú fólst mér að vinna. **5** Og nú, faðir, veittu mér dýrð við hlið þér, þá dýrð sem ég hafði hjá þér áður en heimurinn varð til.

**6** Ég hef opinberað\* nafn þitt þeim mönnum sem þú gafst mér úr heiminum. Þeir voru þínir og þú gafst mér þá og þeir hafa haldið“ orð þitt. **7** Núna vita þeir að allt sem þú gafst mér er frá þér **8** því að ég hef sagt þeim það sem þú sagðir mér. Þeir hafa tekið við því og vita með vissu að ég kom sem fulltrúi þinn og þeir trúa að þú hafir sent mig. **9** Ég bið fyrir þeim. Ég bið ekki fyrir heiminum heldur fyrir þeim sem þú hefur gefið mér því að þeir eru þínir, **10** og allt mitt er þitt og þitt er mitt og ég hef hlotið heiður meðal þeirra.

**11** Ég er ekki lengur í heiminum því að ég kem til þín en þeir eru í heiminum. Heilagi faðir, gættu þeirra vegna nafns þíns sem þú gafst mér, svo að þeir séu eitt\* eins og við erum eitt.\* **12** Meðan ég var hjá þeim gætti ég þeirra vegna nafns þíns sem þú gafst mér, og ég hef verndað þá og enginn þeirra hefur glatast nema sonur glötunarinnar til að ritningarstaðurinn rættist. **13** En nú kem ég til þín og ég segi þetta í heiminum til að þeir fyllist gleði minni. **14** Ég hef gefið þeim orð þitt en heimurinn hefur hatað þá því að þeir tilheyra ekki heiminum rétt eins og ég tilheyrir ekki heiminum.

17:3 \*Eða „afla sér þekkingar um þig“. 17:6 \*Eða „kunngert“. \*Eða „hlýtt“. 17:11 \*Eða „samhuga; sameinaðir“.

15 Ég bið þig ekki að taka þá úr heiminum heldur að gæta þeirra fyrir hinum vonða. 16 Þeir tilheyra ekki heiminum rétt eins og ég tilheyri ekki heiminum. 17 Helgaðu\* þá með sannleikanum. Orð þitt er sannleikur. 18 Ég sendi þá í heiminn eins og þú sendir mig í heiminn. 19 Ég helga mig fyrir þá svo að þeir séu einnig helgaðir vegna sannleikans.

20 Ég bið ekki aðeins fyrir þeim heldur líka fyrir þeim sem trúa á mig vegna orða þeirra 21 svo að þeir séu allir eitt eins og þú, faðir, ert sameinaður mér og ég sameinaður þér. Þannig séu þeir líka sameinaðir okkur til að heimurinn geti trúað að þú hafir sent mig. 22 Ég hef veitt þeim dýrdina sem þú veittir mér til að þeir séu eitt eins og við erum eitt, 23 ég sé sameinaður þeim og þú sameinaður mér svo að þeir séu fullkomlega sameinaðir.\* Þá getur heimurinn séð að þú sendir mig og að þú elskar þá eins og þú elskar mig. 24 Faðir, ég vil að þeir sem þú gafst mér séu hjá mér þar sem ég er, svo að þeir sjái dýrdina sem þú hefur veitt mér því að þú elskaðir mig áður en heimurinn var grundvallaður. 25 Réttláti faðir, heimurinn hefur ekki kynnst þér en ég þekki þig og þeir sem þú gafst mér hafa komist að raun um að þú sendir mig. 26 Ég hef kunn-gert þeim nafn þitt og mun kunn-gera það svo að þeir sýni sama kærl- eika og þú sýndir mér og ég sé sameinaður þeim.“

**18** Þegar Jesús hafði sagt þetta fór hann út með lærisveinum sínum. Þeir gengu yfir Kedrondal\* og inn í garð handan við dalinn. 2 Júdas, sem sveik hann, vissi líka af þessum stað því að Jesús hafði oft verið þar með lærisveinum.

17:17 \*Eða „Aðgreindu“. 17:23 \*Eða „eitt“. 18:1 \*Eða „vetrarlækinn Kedron“.

3 Júdas kom nú þangað með flokk hermanna ásamt varðmönnum frá yfirprestunum og faríseunum. Þeir héldu á blysum og lömpum og voru vopnaðir. 4 Jesús vissi allt sem átti eftir að koma fyrir hann, steig fram og spurði þá: „Að hverjum leitið þið?“ 5 „Jesú frá Nasaret,“ svöruðu þeir. „Ég er hann,“ sagði Jesús. Júdas, sem sveik hann, stóð einnig hjá þeim.

6 Þegar Jesús sagði: „Ég er hann,“ hópuðu þeir og féllu til jarðar. 7 Þá spurði hann aftur: „Að hverjum leitið þið?“ „Jesú frá Nasaret,“ sögðu þeir. 8 Jesús svaraði: „Ég sagði ykkur að ég væri hann. Fyrst þið leitið að mér leyfið þá þessum mönnum að fara.“ 9 Þetta gerðist til þess að það rættist sem hann hafði sagt: „Ég hef ekki glatað neinum af þeim sem þú gafst mér.“

10 Símon Pétur var með sverð, dró það úr slíðrum, hjó til þjóns æðstaprestsins og sneið af honum hægra eyrað. Þjónninn hét Malkus. 11 En Jesús sagði við Pétur: „Slíðraðu sverðið. Á ég ekki að drekka bikarinn sem faðirinn hefur fengið mér?“

12 Hermennirnir, hersveitarforinginn og varðmenn Gyðinga gripu\* nú Jesú og bundu hann. 13 Þeir fóru fyrst með hann til Annasar því að hann var tengdafaðir Kaifasar sem var æðstiprestur það árið. 14 Reyndar var það Kaifas sem hafði sagt Gyðingum að það væri þeim fyrir bestu að einn maður dæi fyrir fólkið.

15 Símon Pétur og annar lærisveinn fylgdu Jesú. Sá síðarnefndi var kunnugur æðstaprestinum og hann fylgdi Jesú inn í húsa-garð æðstaprestsins 16 en Pétur stóð fyrir utan dyrnar.\* Hinn lærisveinninn, sem var kunnugur

18:12 \*Eða „handtóku“. 18:16 \*Eða „inn-ganginn“.

æðstaprestinum, kom aftur út, talaði við þjónustustúlkuna sem gætti dyranna og tók Pétur inn með sér. **17** Þjónustustúlkann sagði þá við Pétur: „Ekki ert þú líka einn af lærisveinum þessa manns?“ „Nei, það er ég ekki,“ svaraði hann. **18** Þjónarnir og varðmennirnir höfðu kveikt kolaeld því að það var kalt. Þeir stóðu kringum hann og yljuðu sér. Pétur stóð hjá þeim og yljaði sér líka.

**19** Yfirpresturinn spurði nú Jesú um lærisveina hans og boðskap. **20** Jesús svaraði: „Ég hef talað fyrir opnum tjöldum í allra áheyrn. Ég hef alltaf kennt í samkunduhúsi eða musterinu þar sem allir Gyðingar safnast saman og hef ekkert sagt í leyni. **21** Hvers vegna spyrðu mig? Spyrðu þá sem hafa heyrt það sem ég sagði. Þeir vita hvað ég hef sagt.“ **22** Einn af varðmönnum sem stóðu þar sló Jesú utan undir þegar hann sagði þetta. „Er það svona sem þú svarar yfirprestinum?“ sagði hann. **23** Jesús svaraði: „Ef ég hef sagt eitthvað rangt skaltu sanna\* það. En ef það var rétt sem ég sagði, hvers vegna slærðu mig?“ **24** Þá sendi Annas hann bundinn til Kaifasar æðstaprests.

**25** Símon Pétur stóð þarna og yljaði sér. Menn sögðu þá við hann: „Ekki ert þú líka einn af lærisveinum hans?“ Hann neitaði því og sagði: „Það er ég ekki.“ **26** Einn af þjónum æðstaprestsins, frændi mannsins sem Pétur hjó eyrað af, sagði: „Sá ég þig ekki í garðinum með honum?“ **27** En Pétur neitaði aftur og um leið galaði hani.

**28** Nú var farið með Jesú frá Kaifasi til hallar landstjórans. Þetta var snemma morguns. Gyðingarnir fóru þó ekki sjálfir inn í höll landstjórans til að þeir yrðu ekki óhreinir heldur gætu neytt páskamáltíð-

arinnar. **29** Pílatus kom því út til þeirra og spurði: „Fyrir hvað ákærið þið þennan mann?“ **30** Þeir svöruðu: „Ef þetta væri ekki afbrota- maður\* hefðum við ekki komið með hann til þín.“ **31** Pílatus sagði þá: „Takið hann og dæmið hann sjálfir samkvæmt lögum ykkar.“ Gyðingar svöruðu: „Við höfum ekki leyfi til að taka neinn af lífi.“ **32** Þannig rættust orð Jesú þegar hann gaf til kynna með hvaða hætti hann myndi deyja.

**33** Pílatus gekk þá aftur inn í höllina, kallaði Jesú fyrir sig og spurði: „Ertu konungur Gyðinga?“ **34** Jesús svaraði: „Er það þín hugmynd að spyrja um þetta eða hafa aðrir sagt þér frá mér?“ **35** Pílatus svaraði: „Ekki er ég Gyðingur! Þín eigin þjóð og yfirprestarnir komu með þig til mín. Hvað hefurðu gert?“ **36** Jesús svaraði: „Ríki mitt tilheyrir ekki þessum heimi. Ef ríki mitt tilheyrði þessum heimi hefðu þjónar mínir barist svo að ég yrði ekki látinn í hendur Gyðinga. En nú er ríki mitt ekki þaðan.“ **37** „Ertu þá konungur?“ spurði Pílatus. Jesús svaraði: „Þú segir að ég sé konungur. Ég fæddist og kom í heiminn til þess að vitna um sannleikann. Allir sem eru sannleikans megin hlusta á það sem ég segi.“ **38** „Hvað er sannleikur?“ sagði Pílatus.

Að svo mæltu gekk hann aftur út til Gyðinganna og sagði við þá: „Ég finn enga sök hjá honum. **39** Þið eruð auk þess vanir því að ég gefi ykkur mann lausan á páskum. Viljið þið að ég láti konung Gyðinga lausan?“ **40** Þá hrópuðu þeir: „Ekki þennan mann heldur Barabbas!“ En Barabbas var ræningi.

**19** Pílatus lét þá taka Jesú og húðstrýkja hann. **2** Hermennirnir fléttuðu þyrnikórónu, settu hana á höfuð hans og klæddu hann

18:23 \*Eða „vitna um“.

18:30 \*Eða „glæpamaður“.

í purpuraskikkju. **3** Þeir gengu til hans og sögðu: „Lengi lifi\* konungur Gyðinga!“ og slógu hann í andlitid. **4** Pílatus gekk aftur út og sagði við mannfjöldann: „Ég leiði hann út til ykkar svo að þið vitid að ég finn enga sök hjá honum.“ **5** Jesús kom þá út með þyrnikórónuna og í purpuraskikkjunni. Pílatus sagði við fólkið: „Sjáid mannin!“ **6** Þegar yfirprestarnir og varðmennirnir sáu hann hrópuðu þeir: „Staufestu hann! Staufestu hann!“ „Takið hann sjálfir og staufestið því að ég finn enga sök hjá honum,“ sagði Pílatus. **7** Gyðingar svöruðu: „Við höfum lög og samkvæmt þeim á hann að deyja því að hann hefur gert sig að syni Guðs.“

**8** Þegar Pílatus heyrði hvað þeir sögðu varð hann enn hræddari, **9** gekk aftur inn í höllina og sagði við Jesú: „Hvaðan ertu?“ En Jesús svaraði honum ekki. **10** Pílatus sagði þá við hann: „Neitarðu að tala við mig? Veistu ekki að ég hef vald til að láta þig lausan og ég hef vald til að staufesta þig?“ **11** Jesús svaraði: „Þú hefðir ekkert vald yfir mér ef þér hefði ekki verið gefið það að ofan. Þess vegna hefur sá drýgt verri synd sem lét mig í þínar hendur.“

**12** Af þessari ástæðu reyndi Pílatus enn að finna leið til að láta hann lausan en Gyðingar hrópuðu: „Ef þú lætur þennan mann lausan ertu ekki vinur keisarans. Hver sem gerir sjálfan sig að konungi gerir uppreisn\* gegn keisaranum.“ **13** Þegar Pílatus heyrði þetta leiddi hann Jesú út og settist í dómarsæti á stað sem kallast Steinhláð, á hebresku *Gabbata*. **14** Þetta var um sjöttu stund\* á undirbúningsdegi páska. Pílatus sagði við Gyð-

inga: „Sjáid! Hér er konungur ykkar!“ **15** En þeir æptu: „Burt með hann! Burt með hann! Staufestu hann!“ „Á ég að staufesta konung ykkar?“ spurði Pílatus. „Við höfum engan konung nema keisarann,“ svöruðu yfirprestarnir. **16** Hann framseldi þeim þá Jesú til staufestingar.

Þeir tóku við honum og fóru með hann. **17** Hann bar kvalastaur\* sinn og gekk þangað sem kallast Hauskúpustaður, á hebresku *Golgota*. **18** Þar staufestu þeir Jesú og tvo aðra menn með honum, hvorn til sinnar handar við hann. **19** Pílatus lét festa áletrun á kvalastaurinn.\* Þar stóð: „Jesús frá Nasaret, konungur Gyðinga.“ **20** Margir Gyðingar lásu þessa áletrun því að staðurinn þar sem Jesús var staufestur var nálægt borginni og þetta var skrifað á hebresku, latínu og grísku. **21** En yfirrestar Gyðinga sögðu við Pílatus: „Skrifaðu ekki ‚konungur Gyðinga‘ heldur að hann hafi sagt: ‚Ég er konungur Gyðinga.‘“ **22** Pílatus svaraði: „Það sem ég hef skrifað það hef ég skrifað.“

**23** Þegar hermennirnir höfðu staufest Jesú tóku þeir yfirhöfn hans og skiptu í fjóra hluta, einn fyrir hvern þeirra. Þeir tóku líka kyrtilinn en hann var saumlaus, ofinn í heilu lagi ofan frá og niður úr. **24** Þeir sögðu því hver við annan: „Rífum hann ekki í sundur. Vörpum heldur hlutkesti um hann til að ákveða hver fái hann.“ Þetta gerðist til að ritningarstaðurinn rættist sem segir: „Þeir skiptu fötum mínum á milli sín og vörpuðu hlutkesti um fatnað minn.“ Það var einmitt þetta sem hermennirnir gerðu.

**25** Hjá kvalastaur\* Jesú stóðu móðir hans, móðursystir, María kona Klópa og María Magdalena.

19:3 \*Eða „Við hyllum þig.“ 19:12 \*Eða „talar“. 19:14 \*Það er, um kl. 12 á hádegis.

19:17, 19, 25 \*Sjá orðaskýringar.

26 Þegar Jesús sá móður sína og lærisveininn sem hann elskaði standa þar hjá sagði hann við móður sína: „Kona, nú er hann sonur þinn.“ 27 Síðan sagði hann við lærisveininn: „Nú er hún móðir þín.“ Þá tók lærisveininn hana inn á heimili sitt og hún bjó hjá honum þaðan í frá.

28 Þegar Jesús vissi að nú væri ætlunarverkinu lokið sagði hann: „Ég er þyrstur,“ til að ritningarstaðurinn rættist. 29 Þar stóð lítill ker sem var fullt af súru víni. Menn vættu svamp í víninu, stungu honum á ísópsstöngul\* og báru upp að munni hans. 30 Eftir að Jesús hafði fengið súra vinið sagði hann: „Ætlunarverkinu er lokið.“ Síðan hneigði hann höfuðið og gaf upp andann.\*

31 Þetta var undirbúningsdagur og Gyðingar vildu ekki að líkin hængju á kvalastaurunum á hvíldardegnum (en þetta var mikill hvíldardagur). Þeir báðu Pílatus að láta brjóta fótleggi mannanna og fjarlægja líkin. 32 Hermennirnir komu því og brutu fótleggi mannanna sem voru staurfestir með honum, fyrst annars og síðan hins. 33 Þegar þeir komu að Jesús sáu þeir að hann var þegar dáinn og brutu því ekki fótleggi hans. 34 En einn hermannanna stakk spjóti í síðu hans og samstundis rann út blóð og vatn. 35 Sá sem sá þetta hefur vitnað um það og vitnisburður hans er sannur. Hann veit að það er satt sem hann segir og hann segir það til að þið mundi líka trúna. 36 Þetta gerðist til að ritningarstaðurinn rættist sem segir: „Ekkert beina hans verður brotið.“ 37 Og annar ritningarstaður segir: „Þeir horfa til hans sem þeir stungu.“

19:29 \*Sjá orðaskýringar. 19:30 \*Eða „og dó“.

38 Jósef frá Arimabeu það nú Pílatus um að fá að taka lík Jesú niður. Hann var lærisveinn Jesú en leyndi því af ötta við Gyðinga. Pílatus leyfði honum það og hann kom og tók líkið. 39 Nikódemos, maðurinn sem kom fyrst til Jesú að næturlagi, kom einnig og hafði meðferðis blöndu\* af myrru og alóe sem vó um 100 pund.“ 40 Þeir tóku nú lík Jesú og vöfðu það lindúkum með ilmjurtunum í samræmi við greftrunarsíði Gyðinga. 41 Svo vildi til að á staðnum þar sem hann var staurfestur var garður og í honum var ný gröf\* sem enginn hafði enn verið lagður í. 42 Þeir lögðu Jesú þar vegna þess að þetta var undirbúningsdagur Gyðinga og gröfin var nærri.

**20** Á fyrsta degi vikunnar kom María Magdalena snemma til grafarinnar\* meðan enn var dimmt og sá að steininum hafði verið velt frá gröfinni.“ 2 Hún hljóp því til Símonar Péturs og hins lærisveinsins, þess sem Jesús elskaði, og sagði við þá: „Þeir hafa tekið Drottin úr gröfinni og við vitum ekki hvar þeir hafa lagt hann.“

3 Pétur og hinn lærisveininn lögðu þá af stað til grafarinnar. 4 Þeir hlupu fyrst saman en hinn lærisveininn hljóp hraðar en Pétur og kom á undan að gröfinni. 5 Hann beygði sig, leit inn fyrir og sá lindúkana liggja þar en fór ekki inn. 6 Símon Pétur kom nú á eftir honum. Hann fór inn í gröfina og sá lindúkana liggja þar. 7 Dúkurinn sem hafði verið um höfuðið var ekki með hinum dúkunum heldur lá samanvafinn á öðrum stað. 8 Hinn lærisveininn, sem kom á

19:39 \*Eða hugsanl. „rúllu“. \*Það er, rómversk pund. 100 pund jafngiltu rúmlega 30 kg. 19:41 \*Eða „minningargröf“. 20:1 \*Eða „minningargrafarinnar“. \*Eða „minningargröfinni“.

undan að gröfnni, fór þá líka inn og hann sá og trúði. **9** En þeir skildu ekki enn ritningarstaðinn um að hann ætti að rísa upp frá dauðum. **10** Þeir fóru því aftur heim til sín.

**11** María stóð hins vegar áfram fyrir utan gröfina og grét. Hún beygði sig grátandi fram, leit inn í gröfina **12** og sá tvo hvítklædda engla sitja þar sem lík Jesú hafði legið, annan til höfða og hinn til fóta. **13** Þeir spurðu hana: „Kona, hvers vegna græturðu?“ Hún svaraði: „Þeir hafa tekið Drottinn minn og ég veit ekki hvar þeir hafa lagt hann.“ **14** Að svo mæltu sneri hún sér við og sá Jesú standa þar en hún áttaði sig ekki á að það væri hann. **15** Jesús sagði við hana: „Kona, hvers vegna græturðu? Að hverjum ertu að leita?“ Hún hélt að þetta væri garðyrkjumaðurinn og sagði við hann: „Herra, ef þú hefur farið með hann segðu mér þá hvar þú hefur lagt hann og ég skal sækja hann.“ **16** Jesús sagði við hana: „María!“ Hún sneri sér við og sagði við hann á hebresku: „*Rabbúní!*“ (en það þýðir ‚kennari‘). **17** Jesús sagði við hana: „Haltu ekki í mig því að ég er enn ekki stiginn upp til föðursins. Farðu til bræðra minna og segðu þeim: „Ég stíg upp til föður míns og föður ykkar, til Guðs míns og Guðs ykkar.““ **18** María Magdalena fór til lærisveinanna og færði þeim fréttirnar: „Ég hef séð Drottinn!“ Og hún sagði þeim það sem hann hafði sagt henni.

**19** Um kvöldið þennan dag, fyrsta dag vikunnar, söfnuðust lærisveinarnir saman. Þeir höfðu læst dyrunum af ótta við Gyðinga. Þá birtist Jesús mitt á meðal þeirra og sagði: „Friður sé með ykkur.“ **20** Að svo mæltu sýndi hann þeim hendur sínar og síðu. Lærisveinarnir glöddust að sjá Drottinn. **21** Jes-

ús sagði þá aftur: „Friður sé með ykkur. Ég sendi ykkur eins og faðirinn hefur sent mig.“ **22** Síðan blés hann á þá og sagði: „Takið við heilögum anda. **23** Ef þið fyrirgefið öðrum syndir þeirra eru þær fyrirgefnar. Ef þið fyrirgefið ekki syndir annarra eru þær ekki fyrirgefna.“

**24** Tómas, sem var einn þeirra tólf og var kallaður Tvíburinn, var ekki með þeim þegar Jesús kom. **25** Hinir lærisveinarnir sögðu honum: „Við höfum séð Drottinn!“ En hann svaraði: „Ef ég sé ekki naglaforin á höndum hans og sting fingrinum í þau og sting hendinni í síðu hans mun ég aldrei trúa því.“

**26** Átta dögum síðar voru lærisveinarnir aftur saman innandyra og þá var Tómas með þeim. Jesús kom og stóð mitt á meðal þeirra þó að dyrnar væru læstar. „Friður sé með ykkur,“ sagði hann. **27** Síðan sagði hann við Tómas: „Sjáðu hendur mínar og snertu þær með fingrinum og stingdu hendinni í síðu mér. Hættu að efast\* og trúðu.“ **28** Tómas svaraði: „Drottinn minn og Guð minn!“ **29** Jesús sagði við hann: „Trúirðu af því að þú hefur séð mig? Þeir sem hafa ekki séð en trúa samt eru hamingjusamir.“

**30** Jesús gerði vissulega mörg önnur kraftaverk í augsýn lærisveinanna sem eru ekki skráð í þessa bókrollu. **31** En þessi eru skráð til að þið getið trúað að Jesús sé Kristur, sonur Guðs, og hlotið líf vegna nafns hans af því að þið trúði.

**21** Eftir þetta birtist Jesús lærisveinunum aftur, nú við Tiberíasvatn. Það gerðist með þessum hætti: **2** Þeir Símon Pétur, Tómas (sem var kallaður Tvíburinn), Natanael frá Kana í Galíleu,

20:27 \*Orðrétt „vera vantrúaður“.

synir Sebedeusar og tveir lærisveinar til viðbótar voru þar saman. **3** Símon Pétur sagði: „Ég ætla að róa til fiskjar.“ „Við komum með þér,“ sögðu hinir. Þeir fóru og stigu um borð í bátinn en þá nóttina fengu þeir ekkert.

**4** Þegar fór að birta af degi stóð Jesús á ströndinni en lærisveinarnir áttuðu sig ekki á að það væri hann. **5** Jesús sagði við þá: „Börnin mín, eruð þið með nokkuð\* að borða?“ „Nei,“ svöruðu þeir. **6** Þá sagði hann: „Kastið netinu hægra megin við bátinn, þá fáið þið eitt hvað.“ Þeir köstuðu netinu en gátu ekki dregið það inn því að fiskurinn var svo mikill. **7** Lærisveinninn sem Jesús elskaði sagði þá við Pétur: „Þetta er Drottinn!“ Þegar Símon Pétur heyrði að það væri Drottinn brá hann sér í\* flik, því að hann var fáklæddur,“ og stökk út í vatnið. **8** En hinir lærisveinarnir komu á eftir á bátnum\* og drógu netið sem var fullt af fiski enda voru þeir skammt frá landi eða aðeins um 90 metra.“

**9** Þegar þeir stigu á land sáu þeir fisk liggjandi á glóðum ásamt brauði. **10** Jesús sagði við þá: „Komið með eitthvað af fiskinum sem þið voruð að veiða.“ **11** Símon Pétur fór þá um borð og dró netið á land, fullt af stórum fiskum, alls 153. En netið rifnaði ekki þótt þeir væru svona margir. **12** Jesús sagði við þá: „Komið og fáid ykkur morgunmat.“ Enginn af lærisveinum þorði að spyrja hann: „Hver ertu?“ þar sem þeir vissu að það var Drottinn. **13** Jesús tók brauðið og gaf þeim og fiskinn sömuleiðis. **14** Þetta var í þriðja sinn sem hann birtist læri-

sveinum eftir að hann var reistur upp frá dauðum.

**15** Þegar þeir voru búnir að borða morgunmat sagði Jesús við Símon Pétur: „Símon Jóhannesson, elskarðu mig meira en þessa?“ Hann svaraði: „Já, Drottinn, þú veist að mér þykir mjög vænt um þig.“ Þá sagði Jesús: „Fóðraðu lömbin mín.“ **16** Jesús spurði hann öðru sinni: „Símon Jóhannesson, elskarðu mig?“ Hann svaraði: „Já, Drottinn, þú veist að mér þykir mjög vænt um þig.“ Jesús sagði við hann: „Gættu lamba minna.“ **17** Hann spurði hann í þriðja sinn: „Símon Jóhannesson, þykir þér vænt um mig?“ Pétur varð dapur að Jesús skyldi spyrja hann í þriðja sinn: „Þykir þér vænt um mig?“ og svaraði honum: „Drottinn, þú veist allt. Þú veist að mér þykir ákaflega vænt um þig.“ Jesús sagði við hann: „Fóðraðu lömbin mín. **18** Ég segi þér með sannni að þegar þú varst yngri klæddirðu þig sjálfur og fórst þangað sem þú vildir. En þegar þú ert orðinn gamall réttirðu út hendurnar og annar maður klæðir þig og fer með þig þangað sem þú vilt ekki.“ **19** Hann sagði þetta til að gefa til kynna með hvers konar dauðdaga Pétur myndi heiðra Guð. Síðan sagði hann við hann: „Haltu áfram að fylgja mér.“

**20** Pétur sneri sér við og sá lærisveininn sem Jesús elskaði fylgja þeim, þann sem hafði hallað sér upp að brjósti Jesú við kvöldmáltíðina og spurt: „Drottinn, hver er það sem svíkur þig?“ **21** Þegar Pétur kom auga á hann spurði hann Jesú: „Drottinn, hvað um þennan?“ **22** Jesús svaraði: „Ef ég vil að hann verði hér áfram þangað til ég kem, hvaða máli skiptir það þig? Haltu bara áfram að fylgja mér.“ **23** Sá orðrómur barst því út meðal bræðrunna að þessi lærisveinn myndi

21:5 \*Eða „nokkurn fisk“. 21:7 \*Eða „batt hann um sig“. \*Orðrétt „nakinn“. 21:8 \*Eða „litlum bátnum“. \*Orðrétt „um 200 álnir“. Sjá orðaskýringar, „alin“.

ekki deyjja. En Jesús hafði ekki sagt Pétri að hann myndi ekki deyjja heldur sagði hann: „Ef ég vil að hann verði hér áfram þangað til ég kem, hvaða máli skiptir það þig?“

24 Það er þessi lærisveinn sem vitnar um þetta og hefur skrifað

þetta, og við vitum að vitnisburður hans er sannur.

25 Jesús gerði reyndar margt annað og ef hvert einasta at-riði væri skrifað niður held ég að heimurinn myndi ekki rúma allar bókröllurnar sem þá yrðu skrifaðar.

## POSTULASAGAN

### YFIRLIT

- |   |   |
|---|---|
| <p>1 Ávarp til Þeófilusar (1–5)<br/>Vottar til endimarka jarðar (6–8)<br/>Jesús stígur upp til himna (9–11)<br/>Lærisveinarnir safnast einhuga saman (12–14)<br/>Matthías valinn í stað Júdasar (15–26)</p> <p>2 Heilögum anda úthell á hvítasunnu (1–13)<br/>Ræða Péters (14–36)<br/>Viðbrögð mannfjöldans við ræðu Péters (37–41)<br/>3.000 láta skírast (41)<br/>Samfélag kristinna manna (42–47)</p> <p>3 Pétur læknar lamaðan betlara (1–10)<br/>Ræða Péters í súlnagöngum Salómons (11–26)<br/>„Allt verður endurreist“ (21)<br/>Spámaður eins og Móse (22)</p> <p>4 Pétur og Jóhannes handteknir (1–4)<br/>Tala trúaðra karlmannna nær 5.000 (4)<br/>Réttarhöld fyrir Æðstaráðinu (5–22)<br/>„Við getum ekki hætt að tala“ (20)<br/>Bæn um hugrekki (23–31)<br/>Lærisveinarnir hafa allt sameiginlegt (32–37)</p> <p>5 Ananías og Saffíra (1–11)<br/>Postularnir gera mörg tákni (12–16)<br/>Hnepptir í fangelsi og leystir úr því (17–21a)<br/>Leiddir fyrir Æðstaráðið á ný (21b–32)<br/>„Hlýða Guði frekar en mönnum“ (29)<br/>Ráð Gamalíels (33–40)<br/>Boðað hús úr húsi (41, 42)</p> | <p>6 Sjö menn valdir til þjónustu (1–7)<br/>Stefán sakaður um lastmæli (8–15)</p> <p>7 Ræða Stefáns fyrir Æðstaráðinu (1–53)<br/>Tímar ættfeðranna (2–16)<br/>Forysta Móse; skurðgoðadýrkun Ísraelsmanna (17–43)<br/>Guð býr ekki í musturum sem menn reisa (44–50)<br/>Stefán grýttur (54–60)</p> <p>8 Sál ofsækir (1–3)<br/>Árangursrík boðun Filippusar í Samaríu (4–13)<br/>Pétur og Jóhannes sendir til Samaríu (14–17)<br/>Símon reynir að kaupa heilagan anda (18–25)<br/>Eþíópíski hirðmaðurinn (26–40)</p> <p>9 Sál á leið til Damaskus (1–9)<br/>Ananías sendur til að hjálpa Sál (10–19a)<br/>Sál boðar Jesú í Damaskus (19b–25)<br/>Sál kemur til Jerúsalem (26–31)<br/>Pétur læknar Eneas (32–35)<br/>Hin örláta Dorkas reist upp frá dauðum (36–43)</p> <p>10 Sýn Kornelíusar (1–8)<br/>Pétur sér sýn þar sem dýr eru lýst hrein (9–16)<br/>Pétur kemur til Kornelíusar (17–33)<br/>Pétur boðar fólki af þjóðunum fagnaðarboðskapinn (34–43)<br/>„Guð mismunar ekki fólki“ (34, 35)<br/>Fólk af þjóðunum fær heilagan anda og lætur skírast (44–48)</p> |
|---|---|



- 11 Pétur skýrir postulunum frá því sem gerst hefur (1-18)  
Barnabas og Sál í Antiókkíu í Sýrlandi (19-26)  
Lærisveinarnir fyrst kallaðir kristnir (26)  
Agabus spáir hungursneyð (27-30)
- 12 Jakob liflátinn; Pétur fangelsaður (1-5)  
Pétur leystur fyrir kraftaverk (6-19)  
Engill slær Heródes (20-25)
- 13 Barnabas og Sál sendir út sem trúboðar (1-3)  
Boðun á Kýpur (4-12)  
Ræða Páls í Antiókkíu í Pisidíu (13-41)  
Spádómleg fyrirmæli um að snúa sér að þjóðunum (42-52)
- 14 Aukning og andstaða í Íkóníum (1-7)  
Ranglega álitnir guðir í Lýstru (8-18)  
Páll grýttur en lifir af (19, 20)  
Söfnuðirnir styrktir (21-23)  
Snúa aftur til Antiókkíu í Sýrlandi (24-28)
- 15 Deilur í Antiókkíu um umskurð (1, 2)  
Farið með málið til Jerúsalem (3-5)  
Öldungarnir og postularnir koma saman (6-21)  
Bréf frá hinu stjórnandi ráði (22-29)  
Haldið ykkur frá blóði (28, 29)  
Bréfið hvatti söfnuðina (30-35)  
Leiðir skilja með Páli og Barnabasi (36-41)
- 16 Páll velur Tímóteus (1-5)  
Sýn um makedónskan mann (6-10)  
Lýdía tekur trú í Filippí (11-15)  
Páli og Sílas varpað í fangelsi (16-24)  
Fangavörður skirist ásamt heimilisfólki (25-34)  
Páll fer fram á opinbera afsökunarbeiðni (35-40)
- 17 Páll og Sílas í Þessaloníku (1-9)  
Páll og Sílas í Beroju (10-15)  
Páll í Apenu (16-22a)  
Ræða Páls á Areopagushæð (22b-34)
- 18 Boðun Páls í Korintu (1-17)  
Páll snýr aftur til Antiókkíu í Sýrlandi (18-22)  
Páll heldur til Galatíu og Frýgíu (23)  
Apollós fær aðstoð (24-28)
- 19 Páll í Efesus; nokkrir skírðir aftur (1-7)  
Páll kennir (8-10)  
Velgengni þrátt fyrir áhrif illra anda (11-20)  
Uppbót í Efesus (21-41)
- 20 Páll í Makedóníu og Grikklandi (1-6)  
Evtýkus vakinn upp frá dauðum í Tróas (7-12)  
Frá Tróas til Miletus (13-16)  
Páll hittir öldungana í Efesus (17-38)  
Kennir hús úr húsi (20)  
„Ánægjulegra að gefa en þiggja“ (35)
- 21 Á leið til Jerúsalem (1-14)  
Koman til Jerúsalem (15-19)  
Páll fylgir ráði öldunganna (20-26)  
Uppbót í musterinu; Páll handtekinn (27-36)  
Páli leyft að ávarpa fólkið (37-40)
- 22 Vörn Páls frammi fyrir fólkinu (1-21)  
Páll nýtir sér rómverskan ríkisborgararétt sinn (22-29)  
Æðstaráðið kallað saman (30)
- 23 Páll talar frammi fyrir Æðstaráðinu (1-10)  
Drottinn styrkir Pál (11)  
Samsæri um að drepa Pál (12-22)  
Páll fluttur til Sesareu (23-35)
- 24 Ákæra á hendur Páli (1-9)  
Vörn Páls frammi fyrir Felix (10-21)  
Máli Páls frestað um tvö ár (22-27)
- 25 Festus réttar yfir Páli (1-12)  
„Ég skýt máli mínu til keisarans“ (11)  
Festus ráðfærir sig við Agrippu konung (13-22)  
Páll frammi fyrir Agrippu (23-27)
- 26 Vörn Páls frammi fyrir Agrippu (1-11)  
Páll lýsir trúskiptum sínum (12-23)  
Viðbrögð Festusar og Agrippu (24-32)
- 27 Páll siglir til Rómar (1-12)  
Hvassviðri skellur á (13-38)  
Skipbrot (39-44)
- 28 Í land á Möltu (1-6)  
Faðir Públíusar læknastr (7-10)  
Áfram til Rómar (11-16)  
Páll talar við Gýðinga í Róm (17-29)  
Páll boðar trúna djarfmannlega í tvö ár (30, 31)

**1** Fyrri frásöguna, Þeófilus, tók ég saman um allt sem Jesús gerði og kenndi frá upphafi **2** til þess dags þegar hann var hrifinn upp til himna, en áður hafði hann gefið postulunum, sem hann hafði útvalið, leiðbeiningar fyrir milligöngu heilags anda. **3** Eftir að hafa þjáðst sýndi hann þeim með mörgum óyggjandi sönnunum að hann væri lifandi. Hann birtist þeim um 40 daga skeið og talaði um ríki Guðs. **4** Meðan hann var með þeim sagði hann þeim: „Farið ekki frá Jerúsalem heldur biðið eftir því sem faðirinn hefur lofað og þið heyrðuð mig tala um **5** því að Jóhannes skírði með vatni en þið verðið skírðir með heilögum anda eftir fáeina daga.“

**6** Þegar þeir voru samankomnir spurðu þeir hann: „Drottinn, ætlaðu að endurreisa Ísraelsríki núna?“ **7** Hann svaraði þeim: „Þið þurfið ekki að vita tíma eða tíðir sem faðirinn einn hefur vald til að ákveða. **8** En þið fáið kraft þegar heilagur andi kemur yfir ykkur og þið verðið vottar mínir í Jerúsalem, í allri Júdeu og Samaría og til endimarka\* jarðar.“ **9** Eftir að hann hafði sagt þetta horfðu þeir á hvernig hann lyftist upp til himins og ský huldi hann svo að þeir sáu hann ekki lengur. **10** Meðan þeir störfu til himins á eftir honum stóðu skyndilega hjá þeim tveir menn í hvítum fötum **11** og sögðu: „Galíleumenn, hvers vegna standið þið og horfið til himins? Þessi Jesús, sem var hrifinn frá ykkur til himins, mun koma á sama hátt og þið sáuð hann fara til himins.“

**12** Þá sneru þeir aftur til Jerúsalem frá Olíufjallinu sem svo er nefnt og er skammt frá Jerús-

em, aðeins hvíldardagsleið þaðan. **13** Þegar þeir komu þangað fóru þeir upp í herbergið á efri hæðinni þar sem þeir dvöldust. Þetta voru þeir Pétur og Jóhannes, Jakob og Andrés, Filippus og Tómas, Bartólómeus og Matteus, Jakob Alfeusson, Símon hinn kappsami og Júdas Jakobsson. **14** Þeir báðu allir stöðugt og með einum huga ásamt nokkrum konum, bræðrum Jesú og Maríu móður hans.

**15** Einn daginn stóð Pétur upp á meðal bræðrana og systranna (alls voru þar um 120 manns) og sagði: **16** „Menn, bræður, ritningarstaðurinn þurfti að rætast þar sem Davíð spáði fyrir atbeina heilags anda um Júdas, en hann vísaði veginn þeim sem handtóku Jesú. **17** Hann tilheyrði okkar hópi og honum var falin sama þjónusta og okkur. **18** (Þessi maður keypti landspildu fyrir laun ranglætis síns. Hann steptist á höfuðið, kvíðurinn rifnaði\* og iðrin lágu öll úti. **19** Allir Jerúsalembúar fréttu þetta og spildan var því kölluð *Akeldamak* á máli þeirra, það er ‚Blóðreitur‘.) **20** Í Sálmunum stendur skrifað: ‚Bústaður hans leggist í eyði og enginn skal búa þar,‘ og: ‚Annar taki við umsjónarstarfi hans.‘ **21** Það er því nauðsynlegt að í hans stað komi einn þeirra manna sem var með okkur allan þann tíma sem Drottinn Jesús vann starf sitt\* meðal okkar, **22** allt frá því að Jóhannes skírði hann til þess dags þegar hann var hrifinn upp frá okkur. Þessi maður þarf að vera vottur með okkur að upprisnu hans.“

**23** Þeir tilnefndu því tvo, Jósef, sem var kallaður Barsabbas, einnig nefndur Jústus, og Matthías.

1:18 \*Eða „hann rifnaði í miðju“. 1:21 \*Orðrétt „gekk inn og út“.

1:8 \*Eða „til fjarlægustu hluta“.

24 Síðan báðust þeir fyrir og sögðu: „Jehóva,\* þú sem þekkir hjörtu allra, sýndu hvorn þessara manna þú hefur valið 25 til að taka við þessari þjónustu og postulaembætti sem Júdas yfirgaf til að fara sína eigin leið.“ 26 Þeir vörpuðu því hlutkesti um þá og hlutur Matthíasar kom upp. Hann var tekinn í tölu\* postulanna með þeim 11.

2 Nú var hvítasunnudagur runninn upp og lærisveinarnir voru allir samankomnir á einum stað. 2 Skyndilega heyrðist gnýr af himni eins og stormur væri skollinn á og fyllti allt húsið þar sem þeir sátu. 3 Þá birtist þeim eitthvað sem líktist eldtungum. Þær kvísluðust og settust á hvern og einn þeirra, 4 og þeir fylltust allir heilögum anda og fóru að tala á öðrum tungumálum eins og andinn gerði þeim kleift að tala.

5 Um þessar mundir dvöldust í Jerúsalem guðræknir Gyðingar frá öllum löndum undir himninum. 6 Fjöldi fólks safnaðist saman þegar hljóðið heyrðist og var forviða því að hver og einn heyrði tala á sínu máli. 7 Fólk var agn-dofa af undrun og sagði: „Heyrið þið! Eru þetta ekki allt Galíleumenn sem tala? 8 Hvernig stendur þá á því að við heyrum þá tala móðurmál okkar? 9 Við erum Partar, Medar og Elamítar, við búum í Mesópótamíu, Júdeu og Kappadókiu, Pontus og skattlandinu Asíu, 10 Frýgiu og Pamfýliu, Egyptalandi og héruðum Líbíu í grennd við Kýrene, við erum aðkomnir frá Róm, bæði Gyðingar og trúskiptingar, 11 Kríteyningar og Arabar – og við heyrum þá tala á okkar tungumálum um stórfengleg verk Guðs.“ 12 Já, fólkið

var allt furðu lostið og ráðvillt og sagði hvert við annað: „Hvað er á seyði?“ 13 En aðrir hæddust að þeim og sögðu: „Þau eru drukkinn af sætu víni.“\*

14 Pétur steig þá fram ásamt þeim ellefu og sagði hárrí röddu: „Júdeumenn og allir Jerúsalembúar, hlustið og takið vel eftir því sem ég segi. 15 Þetta fólk er ekki drukkíð eins og þið haldið enda er ekki nema þriðja stund dags.\* 16 Öllu heldur er að rætast það sem Jóel spámaður sagði: 17 „Á síðustu dögum,“ segir Guð, „mun ég úthella nokkru af anda mínum yfir alls konar fólk. Synir ykkar og dætur munu spá, ungmennti ykkar munu sjá sýnir og gamalmenni ykkar dreyma drauma. 18 Ég úthelli jafnvel nokkru af anda mínum yfir þræla mína og ambáttir á þeim dögum og þau munu spá. 19 Ég geri undur\* á himni og tákn á jörð – blóð og eld og reykjarmökk. 20 Sólin breytist í myrkur og tunglið verður sem blóð áður en hinn mikli og dýrlegi dagur Jehóva\* kemur. 21 Og allir sem ákalla nafn Jehóva\* bjargast.“

22 Ísraelsmenn, heyrið þessi orð: Jesús frá Nasaret var maður sem var sendur af Guði. Það sannadist greinilega með þeim máttarverkum, undrum og táknum sem Guð lét hann gera á meðal ykkar eins og þið sjálfir vitið. 23 Þessi maður var framseldur eins og Guð vissi fyrir og hafði ákveðið,\* og þið rudduð honum úr vegi með því að láta lögbrjóta\* negla hann á staur. 24 En Guð reisti hann upp með því að leysa hann úr greipum dauðans því að það var ógerlegt að dauðinn héldi honum 25 enda segir Davíð

1:24; 2:20, 21 \*Sjá orðaskýringar. 1:26 \*Það er, álitinn jafn hinum postulunum 11.

2:13 \*Eða „nýju víni“. 2:15 \*Það er, um kl. 9. 2:19 \*Það er, fyrirboða. 2:23 \*Eða „og vildi“. \*Eða „illa menn“.

um hann: „Ég hef Jehóva\* stöðugt fyrir augum mér.“ Hann er mér til hægri handar svo að ekkert komi mér úr jafnvægi. **26** Þess vegna gladdist hjarta mitt og tunga mín fagnaði. Ég\* mun lifa í von **27** því að þú skilur mig\* ekki eftir í gröfinni“ né leyfir að trúr þjónn þinn verði rotnun að bráð. **28** Þú kynntir fyrir mér vegi lífsins. Þú fyllir mig gleði þegar ég er nærri þér.\*

**29** Bræður og systur, leyfið mér að tala opinskátt við ykkur um ættföðurinn Davíð. Hann dó og var grafinn og gröf hans er hér enn þann dag í dag. **30** Hann var spámaður og vissi að Guð hafði svarið honum eið að því að setja afkomanda\* hans í háseti hans. **31** Þess vegna sá hann fyrir og talaði um upprisu Kristis, að hann yrði hvorki skilinn eftir í gröfinni“ né að hold hans yrði rotnun að bráð. **32** Þennan Jesú reisti Guð upp og við erum allir vottar þess. **33** Hann var hafinn upp til hægri handar Guðs og fékk heilagan anda frá föðurnum eins og lofað var og hefur því úthellt honum eins og þið sjáið og heyrið. **34** Davíð steig ekki upp til himna en hann segir sjálfur: „Jehóva\* sagði við Drottinn minn: „Sittu mér til hægri handar **35** þar til ég legg óvini þína eins og skemil undir fætur þína.““ **36** Öll Ísraelsætt skal því vita með vissu að Guð gerði þennan Jesú, sem þið staurfestuð, bæði að Drottni og Kristi.“

**37** Þegar fólkið heyrði þetta fékk það sting í hjartað og sagði

2:25, 34, 39, 47 \*Sjá orðaskýringar. 2:25 \*Eða „frammi fyrir mér“. 2:26 \*Orðrétt „Hold mitt“. 2:27 \*Eða „sál mína“. 2:27, 31 \*Eða „Hades“, það er, sameiginlegri gröf mannkyns. Sjá orðaskýringar. 2:28 \*Eða „er fyrir augliti þínu“. 2:30 \*Orðrétt „mann af ávexti lenda“.

við Pétur og hina postulana: „Menn, bræður, hvað eigum við að gera?“ **38** Pétur svaraði: „Iðrist og látið öll skírast í nafni Jesú Kristis til að fá syndir ykkar fyrirgefna. Þá fáið þið heilagan anda að gjöf **39** því að loforðið er gefið ykkur og börnum ykkar og öllum sem eru víðs fjarri, öllum sem Jehóva\* Guð okkar kallar til sín.“ **40** Hann skýrði málin vandlega með mörgum fleiri orðum, hvatti fólkið og sagði: „Látið bjargast frá þessari spilltu kynslóð.“ **41** Þeir sem tóku fúslega við boðskap hans létu skírast og á þeim degi bættust við um 3.000 manns.\* **42** Fólkið einbeitti sér síðan að því sem postularnir kenndu og hélt áfram að safnast saman,\* borða saman og biðja.

**43** Allir\* fylltust lotningu en postularnir gerðu mörg undur og tákn. **44** Allir sem tóku trú héldu hópinn og höfðu allt sameiginlegt. **45** Þeir seldu eignir sínar og muni og skiptu andvirðinu milli allra, eftir þörfum hvers og eins. **46** Þeir söfnuðust einhuga saman í musterinu dag eftir dag, borðuðu saman í heimahúsum og skiptu með sér matnum með ánægju og af hjartans einlægni. **47** Þeir lofuðu Guð og nutu velvildar allra. Og Jehóva\* bætti daglega við í hópinn nýjum sem létu bjargast.

**3** Pétur og Jóhannes voru nú á leið upp í musterið til bæna- stundarinnar sem var um níundu stund\* **2** og þá var verið að bera þangað mann sem hafði verið lamaður frá fæðingu. Á hverjum degi var hann settur við mustershliðið sem var nefnt Fagrahlið svo að hann gæti beðið þá sem gengu inn

2:41 \*Eða „sálir“. 2:42 \*Eða „höfðu allt sameiginlegt“. 2:43 \*Eða „Allar sálir“. 3:1 \*Það er, um kl. 15.

í musterið um ölmusu. **3** Þegar hann sá Pétur og Jóhannes á leið inn í musterið bað hann þá um ölmusu. **4** En þeir horfðu beint á hann og Pétur sagði: „Littu á okkur.“ **5** Hann leit á þá með eftirvæntingu og bjóst við að fá eitt-hvað hjá þeim. **6** En Pétur sagði: „Silfur og gull á ég ekki en það sem ég hef gef ég þér. Í nafni Jesú Krists frá Nasaret: Gakktu!“ **7** Síðan tók hann í hægri hönd hans og reisti hann upp. Samstundis urðu fætur hans og ökkla-  
 ar styrkir. **8** Hann spratt á fætur, tók að ganga og fór með þeim inn í musterið, gekk um, hoppaði og lofaði Guð. **9** Allt fólkið sá hann ganga um og lofa Guð. **10** Það áttaði sig á að þetta var maðurinn sem var vanur að sitja við Fagrahlið musterisins til að fá ölmusu og varð furðu lostið og himinlifandi yfir því sem hafði gerst.

**11** Maðurinn hélt í Pétur og Jóhannes en fólkið var yfir sig undrandi og flykktist að þeim í súlnagöngum Salómons sem svo eru nefnd. **12** Þegar Pétur sá það sagði hann við fólkið: „Ísraelsmenn, af hverju eruð þið svona undrandi og af hverju starið þið á okkur eins og við hefðum af eigin mætti eða guðrækni gert honum kleift að ganga? **13** Guð Abrahams, Ísaks og Jakobs, Guð forfeðra okkar, hefur upphafið þjón sinn, Jesú, sem þið fram-selduð og afneituðuð frammi fyrir Pílatusi þó að hann hefði ákveðið að láta hann lausan. **14** Já, þið afneituðuð þessum heilaga og réttláta manni og báðuð um að fá morðingja lausan **15** en drápuð höfðingja lífsins. En Guð reisti hann upp frá dauðum og við erum vottar þess. **16** Í nafni Jesú og vegna þess að við trúum á nafn hans hefur þessi maður, sem þið

sjáið og þekkið, fengið mátt í fæt-urna. Trúin sem við höfum vegna hans hefur gert þennan mann alheilán fyrir augum ykkar allra. **17** Nú veit ég, bræður, að þið gerðuð þetta í vanþekkingu og hið sama er að segja um leiðtoga ykkar. **18** En þannig lét Guð rætast það sem hann lét alla spámenn sína segja fyrir, það er að Kristur hans myndi þjást.

**19** Iðrist því og snúið við til að syndir ykkar verði afmáðar. Þá koma tímar þar sem Jehóva\* veitir nýjan kraft **20** og sendir Krist sem er útvalinn handa ykkur, það er að segja Jesú. **21** Himinninn á að geyma hann til þess tíma þegar allt verður endurreist sem Guð lét heilaga spámenn sína boða forðum daga. **22** Móse sagði: „Jehóva\* Guð ykkar mun velja handa ykkur spámann eins og mig úr hópi bræðra ykkar. Þið skuluð hlusta á allt sem hann segir ykkur. **23** Hver\* sem hlustar ekki á þennan spámann verður upprættur úr þjóð Guðs.“ **24** Allir spámennirnir, Samúel og þeir sem komu á eftir honum, allir sem hafa spáð, hafa líka kunnert þessa daga. **25** Þið eruð synir spámannanna og sáttmálans sem Guð gerði við forfeður ykkar þegar hann sagði við Abraham: „Af afkomanda þínum munu allar ættir jarðar hljóta blessun.“ **26** Guð sendi þjón sinn fyrst til ykkar, eftir að hafa kallað hann, til að blessa ykkur og snúa hverjum og einum ykkar frá vondum verkum.“

**4** Meðan Pétur og Jóhannes voru að tala til fólksins komu prestarnir, varðforingi musterisins og saddúkearnir til þeirra. **2** Þeir voru gramir yfir því að postularn-

3:19, 22 \* Sjá orðaskýringar. 3:23 \* Eða „Sérhver sál“.

ir voru að kenna fólkinu og boða að Jesús væri risinn upp frá dauðum.\* **3** Þeir handtóku þá og settu í varðhald fram á næsta dag því að það var komið kvöld. **4** En margir þeirra sem höfðu hlustað á ræðuna tóku trú og tala karlmanna varð um 5.000.

**5** Daginn eftir komu leiðtogar fólksins, öldungar og fræðimenn saman í Jerúsalem **6** ásamt Annasi yfirpresti, Kaifasi, Jóhannesi, Alexander og öllum ættingjum yfirprestsins. **7** Þeir létu leiða Pétur og Jóhannes fyrir sig og fóru að yfirheyra þá. „Með hvaða valdi eða í nafni hvers gerðuð þið þetta?“ spurðu þeir. **8** Þá sagði Pétur, fullur heilögum anda:

„Leiðtogar fólksins og öldungar. **9** Við erum yfirheyrdir í dag vegna góðverks í þágu fatlaðs manns og þið viljið vita hver læknaði hann. **10** Þið og allir Ísraelsmenn skuluð vita að maðurinn læknaðist í nafni Jesú Krists frá Nasaret. Þessi maður stendur heilbrigður frammi fyrir ykkur, þökk sé honum sem þið staufestudd en Guð reisti upp frá dauðum. **11** Þessi Jesús er „steinninn sem þið smíðirnir virtuð einskis en er orðinn að aðalhornsteini“.\* **12** Auk þess getur enginn annar en hann frelsað mennina því að ekkert annað nafn undir himninum er gefið mönnum sem getur frelsað okkur.“

**13** Þegar þeir sáu hve djarfmæltir\* Pétur og Jóhannes voru og áttuðu sig á að þeir voru ómenntaðir<sup>†</sup> almúgamenn undrudust þeir, og það rann upp fyrir þeim að þeir höfðu verið með Jesú. **14** Þeir sáu líka

4:2 \*Eða „boða upprisuna frá dauðum með vísan til Jesú“. 4:11 \*Orðrétt „efsta hluta hornsins“. 4:13 \*Eða „hugrakkir“. <sup>†</sup>Eða „ólærðir“, það er, ekki menntaðir við rabbínaskólana. Merkir ekki að þeir hafi verið ólæsir og óskrifandi.

manninn sem hafði læknað standa hjá þeim og gátu ekki mótmælt þessu. **15** Þeir skipuðu þeim þá að fara út úr sal Aðstaráðsins, báru saman ráð sín **16** og sögðu: „Hvað eigum við að gera við þessa menn? Það er augljóst að þeir hafa unnið kraftaverk sem allir Jerúsalembúar vita af. Við getum ekki neitað því. **17** Við skulum hóta þeim og banna þeim að tala framar við nokkurn mann í þessu nafni svo að þetta berist ekki frekar út meðal fólksins.“

**18** Síðan kölluðu þeir þá fyrir sig og skipuðu þeim að hætta með öllu að tala og kenna í nafni Jesú. **19** En Pétur og Jóhannes svöruðu þeim: „Dæmið sjálfir hvort það sé rétt í augum Guðs að hlusta á ykkur frekar en Guð. **20** En við getum ekki hætt að tala um það sem við höfum séð og heyrt.“ **21** Þeir hótuðu þeim enn frekar og létu þá síðan lausa þar sem þeir fundu ekkert tilefni til að refsa þeim. Þeir óttuðust líka fólkið því að allir lofuðu Guð fyrir það sem hafði gerst. **22** En maðurinn sem hafði læknað fyrir kraftaverk var yfir ferugt.

**23** Eftir að þeim var sleppt fóru þeir til hinna lærisveinanna og sögðu þeim hvað yfirprestarnir og öldungarnir höfðu sagt við þá. **24** Þegar þeir heyrdðu það báðu þeir í sameiningu til Guðs og sögðu:

„Alvaldur Drottinn, þú ert sá sem gerðir himin og jörð og hafid og allt sem í þeim er. **25** Þú lést Davíð, forföður okkar og þjón þinn, segja fyrir tilstilli heilags anda: „Af hverju æstust þjóðirnar og af hverju voru þjóðflokkar með tilgangslaus áform? **26** Konungar jarðarinnar tóku sér stöðu og leiðtogarnir sameinuðust gegn

Jehóva\* og gegn hans smurða.“  
**27** Já, bæði Heródes og Pontíus Pílatus söfnuðust saman í þessari borg ásamt mönnum af þjóðunum og Ísraelsmönnum gegn heilögum þjóni þínum Jesú, sem þú smurðir, **28** til að gera það sem þú ákvaðst fyrir fram samkvæmt mætti þínum og vilja. **29** Og nú, Jehóva,\* gefðu gaum að hótunum þeirra og veittu þjónum þínum kjark til að halda áfram að tala orð þitt óttalaust. **30** Réttu út hönd þína til að lækna og láttu tákni og undur verða í nafni heilags þjóns þíns, Jesú.“

**31** Eftir að þeir höfðu beðið innilega skalf staðurinn þar sem þeir voru samankomnir og þeir fylltust heilögum anda allir sem einn og töluðu orð Guðs óttalaust.

**32** Allir þeir sem trúðu voru sameinaðir í hjarta og sál\* og enginn þeirra taldi neitt sem hann átti vera sitt heldur höfðu þeir allt sameiginlegt. **33** Postularnir héldu áfram að vitna af miklum krafti um upprisu Drottins Jesú og Guð sýndi öllum einstaka góðvild. **34** Engan skorti nokkuð því að allir sem áttu akra eða hús seldu þau og komu með andvirðið **35** og afhentu postulunum. Hverjum og einum var síðan úthlutað eftir þörfum. **36** Einn þeirra var Jósef, Levíti frá Kýpur sem postularnir kölluðu einnig Barnabas (en það þýðir ‚huggunarsonur‘). **37** Hann átti landskíka, seldi hann og kom með peningana og afhenti postulunum.

**5** Maður að nafni Ananíás seldi ásamt Saffíru konu sinni eign nokkra. **2** Hann kom með hluta af andvirðinu og afhenti postulunum en hélt nokkru af því eftir

með leynd en þó með vitund konu sinnar. **3** Pétur sagði þá: „Ananíás, hvers vegna léstu Satan telja þig á að ljúga að heilögum anda og halda eftir hluta af andvirði akursins með leynd? **4** Var akurinn ekki þinn meðan þú áttir hann og máttirðu ekki gera það sem þú vildir við andvirðið? Hvernig gastu lát-ið þér detta annað eins í hug? Þú hefur ekki logið að mönnum heldur Guði.“ **5** Þegar Ananíás heyrði þetta hneig hann niður og dó. Mikill ótti greip alla sem heyrðu af þessu. **6** Ungu mennirnir stóðu þá upp, vöfðu dúk um hann, báru hann út og jörðuðu.

**7** Um þrem tímum síðar kom kona hans inn en hún vissi ekki hvað hafði gerst. **8** Pétur spurði hana: „Segðu mér, selduð þið akurinn fyrir þetta verð?“ „Já, þetta var verðið,“ svaraði hún. **9** Pétur sagði þá við hana: „Hvers vegna komuð þið ykkur saman um að ögra anda Jehóva?\* Þú heyrir við dyrnar fótatak þeirra sem jörðuðu eiginmann þinn og þeir munu líka bera þig út.“ **10** Hún hneig samtundis niður við fætur hans og dó. Þegar ungu mennirnir komu inn fundu þeir hana dána, báru hana út og jörðuðu hjá eiginmanni hennar. **11** Mikill ótti greip allan söfnuðinn og alla sem fréttu af þessu.

**12** Postularnir héldu áfram að gera mörg tákni og undur meðal fólksins og hittust að jafnaði í súlnagöngum Salómóns. **13** Engir aðrir þorðu að ganga í lið með þeim. En fólkíð talaði lofsamlega um þá **14** og enn fleiri fóru að trúa á Drottin, mikill fjöldi bæði karla og kvenna. **15** Fólk bar jafnvel sjúklinga út á strætin og lagði þá þar á bedda og mottur þannig að í það minnsta skugginn af Pétri félli á suma þeirra þegar hann gengi fram hjá. **16** Fólk streymdi

4:26, 29, 32; 5:9 \*Sjá orðaskýringar. 4:26 "Eða „Kristi“.

líka að frá borgunum kringum Jerúsalem og flutti með sér sjúkl- inga og þá sem voru haldnir óhreinum öndum, og þeir læknuð- ust allir sem einn.

**17** En æðstipresturinn og all- ir fylgismenn hans, sem voru af flokki\* saddúkea, risu upp fullir öfundar. **18** Þeir handtóku post- ulana og vörpuðu þeim í borgar- fangelsið. **19** En um nóttina opn- aði engill Jehóva\* fangelsisdyrnar, leiddi þá út og sagði: **20** „Far- ið íusterið og haldið áfram að flytja fólkinu boðskapinn um líf- ið.“ **21** Þeir gerðu eins og þeim var sagt, fóru íusterið í dögun og tóku að kenna.

Æðstipresturinn og fylgismenn hans kölluðu nú saman Æðstaráð- ið og allt öldungaráð Ísraelsmanna og sendu varðmenn til að sækja postulana í fangelsið. **22** En þeir fundu þá ekki þegar þeir komu í fangelsið svo að þeir sneru aft- ur og sögðu svo frá: **23** „Fangels- ið var tryggilega læst og verðirnir stóðu við dyrnar en þegar við opn- uðum fundum við engan þar inni.“ **24** Þegar varðforingir musterisins og yfirprestarnir heyrðu þetta urðu þeir ráðbrota og spurðu sig hvern- ig þetta mál færi. **25** Þá kom mað- ur og sagði við þá: „Vitið þið hvað? Mennirnir sem þið vörpuðu í fang- elsí standa íusterinu og kenna fólkinu.“ **26** Varðforinginn fór þá með varðmönnum og sótti post- ulana. Þeir beittu samt ekki hörku þar sem þeir óttuðust að fólkið myndi grýta þá.

**27** Þeir komu með þá og leiddu fyrir Æðstaráðið. Æðstipresturinn yfirheyrði þá síðan **28** og sagði: „Við harðbönnuðum ykkur að halda áfram að kenna í þessu nafni og

samt hafið þið fyllt Jerúsalem með boðskap ykkar og ætlist til að við tókum á okkur sökina á dauða þessa manns.“\* **29** Pétur og hin- ir postularnir svöruðu: „Við verð- um að hlýða Guði\* frekar en mönn- um. **30** Guð forfeðra okkar reisti upp Jesú sem þið hengduð á staur\* og drápuð. **31** Guð upphóf hann sér til hægri handar sem höfðingja og frelsara til að Ísrael gæti iðrast og fengið syndir sínar fyrirgef- nar. **32** Við erum vottar þessa og sömuleiðis heilagur andi sem Guð hefur gefið þeim sem hlýða hon- um.“\*

**33** Þeir urðu öskureiðir þegar þeir heyrðu þetta og vildu ryðja þeim úr vegi. **34** Farisei sem hét Gamalíel reis þá á fætur í Æðsta- ráðinu. Hann var lagakennari og allir virtu hann mikils. Hann skip- aði að farið yrði með mennina út um stund. **35** Síðan sagði hann: „Ísraelsmenn, hugsið ykkur vel um hvað þið gerið við þessa menn. **36** Fyrir nokkru kom Þevdas fram og þóttist vera eitthvað. Um 400 menn gengu í lið með hon- um. En hann var drepinn og all- ir fylgismenn hans tvístruðust og hópurinn leystist upp. **37** Eft- ir hann, um það leyti sem mann- talið var tekið, kom Júdas frá Galí- leu fram og fékk fólk til fylgis við sig. Hann dó líka og allir fylg- ismenn hans dreifðust. **38** Í ljósi aðstæðna segi ég ykkur: Látið þessa menn í friði og skiptið ykk- ur ekki af þeim. Ef hugmyndir þeirra eða verk eru frá mönn- um verður þetta að engu **39** en ef það er frá Guði getið þið ekki stöðvað þá. Gætið ykkar, annars getur svo farið að þið berjist gegn

5:28 \* Orðrétt „og viljið láta blóð þessa manns koma yfir okkur“. 5:29 \* Eða „hlýða Guði sem stjórnanda“. 5:30 \* Eða „tré“. 5:32 \* Eða „hlýða honum sem stjórnanda“.

5:17 \* Eða „sértrúarflokki“. 5:19 \* Sjá orða- skýringar.



Guði sjálfum.“ **40** Þeir fóru að ráði hans, kölluðu á postulana, hýddu\* þá, bönnuðu þeim að tala í nafni Jesú og létu þá síðan lausa.

**41** Postularnir fóru burt frá Æðstaráðinu, glaðir yfir því að teljast þess verðir að vera vanvirtir vegna nafns hans. **42** Þeir fóru daglega í musterið og hús úr húsi og héldu sleitulaust áfram að kenna og boða fagnaðarboðskapinn um Krist, það er Jesú.

**6** Á þessum tíma, þegar lærisveinunum fjölgaði, fóru grískumælandi Gyðingar að kvarta við þá hebreskumælandi yfir því að ekkjur þeirra væru skildar út undan við daglega úthlutun. **2** Þeir tólf kölluðu þá saman allan lærisveinahópin og sögðu: „Það væri ekki rétt af okkur að hætta\* að kenna orð Guðs til að þjóna til borðs. **3** Bræður, veljið því sjö menn úr ykkar hópi, menn sem eru í góðu álitu og eru fullir anda og visku, svo að við getum sett þá yfir þetta mikilvæga verkefni. **4** Við getum þá helgað okkur því að biðja og kenna orðið.“\* **5** Allir voru ánægðir með þetta og þeir völdu Stefán, mann sem hafði sterka trú og var fullur af heilögum anda, svo og Filippus, Prókorus, Níkanor, Tímon, Parmenas og Nikólás sem var trúskiptingur frá Antiókkíu. **6** Þeir leiddu þá til postulanna sem fóru með bæn og lögðu hendur yfir þá.

**7** Orð Guðs hélt því áfram að breiðast út, lærisveinunum fjölgaði mjög í Jerúsalem og mikill fjöldi presta snerist til trúar.

**8** Stefán naut velvildar Guðs og fékk kraft frá honum og gerði mikil undur og tákni meðal fólksins. **9** En nokkrir menn úr svonefndri

Samkundu leysingja gengu fram ásamt mönnum frá Kýrene, Alexandríu, Kilíkíu og Asíu og fóru að deila við Stefán. **10** Þeir máttu sín þó lítils gegn visku hans og þeim anda sem hann talaði af. **11** Þá fengu þeir menn með leynd til að segja: „Við höfum heyrt hann lastmæla Móse og Guði.“ **12** Og þeir æstu upp fólkið, öldungana og fræðimennina, réðust skyndilega að honum, tóku hann með valdi og færðu fyrir Æðstaráðið. **13** Þeir leiddu síðan fram ljúgvitni sem sögðu: „Þessi maður hættir ekki að tala gegn þessum heilaga stað og gegn lögnum. **14** Við höfum til dæmis heyrt hann segja að þessi Jesús frá Nasaret muni brjóta niður musterið og breyta þeim síðum sem við fengum frá Móse.“

**15** Allir sem sátu í Æðstaráðinu störfu á hann og sáu að andlit hans var eins og andlit engils.

**7** En ædstipresturinn spurði: „Er þetta rétt?“ **2** Stefán svaraði: „Menn, bræður og feður, hlustið á mig. Guð dýrðarinnar birtist Abraham forföður okkar meðan hann var í Mesópótamíu, áður en hann settist að í Haran, **3** og sagði við hann: ‚Yfirgefðu land þitt og ættingja og farðu til landsins sem ég vísa þér á.‘ **4** Hann yfirgaf þá land Kaldea og settist að í Haran. Eftir að faðir hans dó lét Guð hann flytja þaðan til þessa lands þar sem þið búið núna. **5** Samt gaf hann honum ekkert erfðaland hér, nei, ekki einu sinni skika til að stíga fæti á. Hann lofaði hins vegar að gefa honum landið til eignar og afkomendum hans eftir hann, þó að hann væri enn barnlaus. **6** Guð sagði honum enn fremur að afkomendur hans myndu búa sem útlendingar í landi sem þeir ættu ekki og að þjóðin myndi þrælka

5:40 \*Eða „börðu“. 6:2 \*Eða „þóknanlegt Guði að við hættem“. 6:4 \*Orðrétt „bæninni og þjónustu orðsins“.

þá og þjaka\* í 400 ár. **7** „Ég mun dæma þjóðina sem þrælkar þá,“ sagði Guð, „og eftir það munu þeir fara þaðan og veita mér heilaga þjónustu á þessum stað.“

**8** Hann gerði einnig umskurðar-sáttmála við Abraham. Síðan eignaðist Abraham Ísak og umskar hann á áttunda degi, Ísak eignaðist\* Jakob og Jakob ættfeðurna **12**. **9** Ættfeðurnir öfunduðu Jósef og seldu hann til Egyptalands. En Guð var með honum, **10** bjargaði honum úr öllum þrengingum hans og veitti honum visku og hylli faraós, konungs Egyptalands. Faraó fól honum vald yfir Egyptalandi og öllu húsi sínu. **11** En hungursneyð varð í öllu Egyptalandi og Kanaan, já, miklar þrengingar, og forfeður okkar höfðu ekkert að borða. **12** Jakob frétti þá að mat\* væri að fá í Egyptalandi og sendi forfeður okkar þangað í fyrra skiptið. **13** Í síðara skiptið sagði Jósef bræðrum sínum hver hann væri og faraó frétti af fjölskyldu hans. **14** Jósef gerði boð eftir Jakobi föður sínum og öllum ættingjum sínum, alls 75 manns.\* **15** Jakob fór þá suður til Egyptalands. Þar dó hann og forfeður okkar sömuleiðis. **16** Þeir voru fluttir til Síkem og lagðir í gröfina sem Abraham hafði keypt fyrir silfurpeninga af sonum Hemors í Síkem.

**17** Nú nálgadist tíminn að loforðið sem Guð hafði gefið Abraham skyldi rætast, og fólkinu hafði fjölgað og það margfaldast í Egyptalandi. **18** Þá komst þar til valda nýr konungur sem þekkti ekki Jósef. **19** Hann beitti forfeður okkar slægð og neyddi feður

til að bera út ungbörn sín og láta þau deyja. **20** Móse fæddist um þetta leyti og var einstaklega fríður.\* Foreldrar hans önnuðust hann í þrjá mánuði á heimili sínu. **21** En þegar hann var borinn út\* tók dóttir faraós hann að sér og ól hann upp sem sinn eigin son. **22** Móse var síðan fræddur í allri visku Egypta og varð máttugur í orðum sínum og verkum.

**23** Þegar hann var orðinn fertugur ákvað hann að kanna aðstæður\* bræðra sinna, Ísraelsmanna. **24** Hann varð vitni að því að einum þeirra var misþyrmt og kom honum til varnar. Hann hefndi mannsins sem sætti illri meðferð og drap Egyptann. **25** Hann hélt að bræður sínir myndu skilja að Guð ætlaði að nota hann til að frelsa þá en þeir skildu það ekki. **26** Daginn eftir kom hann þar að sem tveir þeirra slógust. Hann reyndi að stilla til friðar og sagði: „Menn, þið eruð bræður. Hvers vegna misþyrmið þið hvor öðrum?“ **27** En sá sem misþyrmdi náunga sínum ýtti Móse frá sér og sagði: „Hver skipaði þig valdhafa og dómara yfir okkur?“ **28** Þú ætlar þú ekki að drepa mig eins og þú drapst Egyptann í gær?“ **29** Þegar Móse heyrði þetta flúði hann, settist að sem útlendingur í Midíanslandi og eignaðist þar tvo syni.

**30** Að 40 árum liðnum birtist honum engill í logandi þyrnirunna í óbyggðum Sínaíffjalls. **31** Móse var furðu lostinn að sjá þetta en þegar hann gekk nær til að kanna málið heyrði hann rödd Jehóva:\* **32** „Ég er Guð forfeðra þinna, Guð Abrahams, Ísaks og Jakobs.“ Móse skalf af ótta og þorði ekki að fara

7:6 \*Eða „fara illa með þá“. 7:8 \*Eða hugsanl. „gerði það sama við“. 7:12 \*Eða „korn“. 7:14 \*Eða „sálum“.

7:20 \*Eða „var fallgur í augum Guðs“. 7:21 \*Eða „yfirgefinn“. 7:23 \*Eða „heimsækja“. 7:31 \*Sjá orðaskýringar.

nær. **33** Jehóva\* sagði við hann: „Farðu úr ilskónum því að staðurinn sem þú stendur á er heilög jörð. **34** Ég hef séð hvernig fólk mitt í Egyptalandi er kúgað og heyrð það stynja, og ég er stigin niður til að bjarga því. Ég ætla nú að senda þig til Egyptalands.“ **35** Þeir höfðu afneitað þessum Móse og sagt: „Hver skipaði þig valdhafa og dómara?“ En Guð sendi hann bæði sem valdhafa og frelsara fyrir milligöngu engilsins sem birtist honum í þyrnirunnum. **36** Þessi maður leiddi þá út og gerði undur og tákn í Egyptalandi, við Rauðahafið og í eyðimörkinni í 40 ár.

**37** Þessi sami Móse sagði við Ísraelsmenn: „Guð mun velja handa ykkur spámann eins og mig úr hópi bræðra ykkar.“ **38** Það var Móse sem var í söfnuðinum í eyðimörkinni ásamt englinum sem talaði við hann á Sínaifjalli, og með forfeðrum okkar. Hann tók við heilögum lifandi boðskap til að færa okkur. **39** Forfeður okkar vildu ekki hlýða honum heldur höfnuðu honum og þráðu í hjörtum sínum að snúa aftur til Egyptalands. **40** Þeir sögðu við Aron: „Gerðu handa okkur guði til að fara fyrir okkur því að við vitum ekki hvað er orðið um þennan Móse sem leiddi okkur út úr Egyptalandi.“ **41** Þeir gerðu þá kálf, færðu skurðgoðinu fórnir og héldu veislu til að fagna handaverki sínu. **42** Guð sneri því baki við þeim og lét þá tilbiðja\* her himinsins eins og skrifað stendur í bók spámannanna: „Ekki var það mér sem þið Ísraelsmenn færðu sláturdýr og fórnir í 40 ár í eyðimörkinni. **43** Það var öllu heldur tjald Móloks og stjarna guðsins Refans sem þið

báruð, líkneskin sem þið gerðuð og tilbáðuð. Þess vegna flyt ég ykkur nauðuga lengra en til Babýlonar.“

**44** Forfeður okkar höfðu vitnisburðartjaldbúðina í eyðimörkinni. Guð hafði gefið Móse fyrirmæli um að gera hana eftir þeirri fyrirmynd sem hann hafði séð. **45** Forfeður okkar tóku við henni og fluttu hana með sér þegar þeir fóru ásamt Jósúa inn í land þjóðanna sem Guð rak burt undan þeim. Þar var hún allt fram á daga Davíðs. **46** Davíð naut velvildar Guðs og bað um að mega byggja bústað handa Guði Jakobs. **47** En það var Salómon sem byggði honum hús. **48** Hinn hæsti býr þó ekki í húsum sem menn reisa enda segir spámaðurinn: **49** „Himinninn er háseti mitt og jörðin fótas kemill minn. Hvers konar hús ætlið þið að reisa handa mér, segir Jehóva,\* eða hvar er hvíldarstaður minn? **50** Skapaði ekki hönd mín allt þetta?“

**51** Þið þrjósku menn, hjörtu ykkar eru ómóttækileg og eyrun lokuð.\* Þið standið alltaf gegn heilögum anda, rétt eins og forfeður ykkar. **52** Hvaða spámann ofsóttu þeir ekki? Þeir drápu þá sem boðuðu fyrir fram komu hins réttláta sem þið hafið nú svikið og myrt, **53** þið sem fenguð lögin fyrir milligöngu engla en hafið ekki haldið þau.“

**54** Þeir trylltust af reiði þegar þeir heyrðu þetta og gnistu tönnum gegn Stefáni. **55** En hann horfði til himins fullur af heilögum anda og sá dýrð Guðs og Jesú standa honum til hægri handar, **56** og hann sagði: „Ég sé himnana opna og Mannssoninn standa Guði til hægri handar.“ **57** Þá æptu

7:33, 49 \*Sjá orðaskýringar. 7:42 \*Eða „veita heilaga þjónustu“.

7:51 \*Orðrétt „Þið þrjóskir menn og óumskornir í hjörtum og á eyrum“.

þeir fullum hálsi, héldu fyrir eyrun og réðust að honum sem einn maður. **58** Þeir drógu hann út fyrir borgina og fóru að grýta hann. Vitnin lögðu yfirhafnir sínar við fætur ungum manni sem hét Sál. **59** Þegar verið var að grýta Stefán kallaði hann: „Drottinn Jesús, taktu við anda\* mínum.“ **60** Síðan féll hann á kné og hrópaði hárrí röddu: „Jehóva,\* láttu þá ekki gjalda þessarar syndar.“ Þegar hann hafði sagt þetta sofnaði hann dauðasvefni.

**8** Sál lagði blessun sína yfir morðið á Stefáni.

Sama dag hófust miklar ofsóknir gegn söfnuðinum í Jerúsalem. Allir nema postularnir dreifðust um alla Júdeu og Samaría. **2** Guðræknir menn báru Stefán burt til að jarða hann og þeir syrgðu hann mjög. **3** En Sál réðst af hörku gegn söfnuðinum. Hann óð inn í hvert hús á fætur öðru, dró út bæði karla og konur og lét varpa þeim í fangelsi.

**4** Þeir sem höfðu dreifst fóru um landið og boðuðu fagnaðarboðskap Guðs. **5** Filippus hélt til borgarinnar\* Samaría og tók að boða Krist þar. **6** Allur fjöldinn fylgdist með honum af athygli, hlustaði á hann og sá táknið sem hann gerði. **7** Margir voru haldnir óhreinum öndum en þeir fóru út af þeim með háu ópi. Auk þess læknuðust margir sem voru lamaðir og fatlaðir. **8** Það varð því mikill fögnuður í þeirri borg.

**9** Í borginni var maður sem hét Símon. Hann hafði stundað galdra og vakið hrifningu Samaríaúba og þóst vera mikill. **10** Allir, jafnt smáir sem stórir, veittu honum mikla athygli og sögðu: „Þessi maður er kraftur Guðs, krafturinn

mikli.“ **11** Áhugi þeirra stafaði af því að hann hafði heillað þá lengi með göldrum sínum. **12** En þegar Filippus boðaði fagnaðarboðskapinn um ríki Guðs og nafn Jesú Krists tóku menn trú, bæði karlar og konur, og létu skírast. **13** Símon tók líka trú, lét skírast og fylgdi síðan Filippusi. Hann hreifst mjög þegar hann sá þau táknið og miklu máttarverk sem áttu sér stað.

**14** Þegar postularnir í Jerúsalem fréttu að íbúar Samaría hefðu tekið við orði Guðs sendu þeir Pétur og Jóhannes til þeirra. **15** Þeir fóru þangað og báðu Guð um að gefa þeim heilagan anda **16** því að hann hafði enn ekki komið yfir nokkurn þeirra heldur höfðu þeir aðeins verið skírðir í nafni Drottins Jesú. **17** Þeir lögðu nú hendur yfir þá og þeir fengu heilagan anda.

**18** Símon sá að menn fengu andann þegar postularnir lögðu hendur yfir þá og bauð þeim þá peninga **19** og sagði: „Gefið mér líka þetta vald svo að allir sem ég legg hendur yfir fái heilagan anda.“ **20** En Pétur svaraði: „Megi silfur þitt farast með þér fyrst þú hélst að þú gætir fengið gjöf Guðs fyrir peninga. **21** Þú átt enga hlutdeild í þessu því að Guð sér að hjarta þitt er ekki einlægt. **22** Þú skalt því iðrast þessarar illsku þinnar og biðja Jehóva\* að fyrirgefa þér, ef mögulegt er, það illa sem þú hafðir í huga **23** því að ég sé að þú ert með eitruð hjarta\* og ert þræll hins illa.“ **24** Símon svaraði þeim: „Biðjið Jehóva\* um að láta ekkert af því sem þið hafið sagt koma yfir mig.“

**25** Þegar þeir höfðu boðað trúna rækilega og flutt orð Jehóva\* sneru þeir aftur til Jerúsalem og boðuðu

7:59, 60; 8:22, 24, 25 \*Sjá orðaskýringar.  
8:5 \*Eða hugsanl. „borgar í“.

8:23 \*Orðrétt „ert gallbeiskja“.

fagnaðarboðskapinn í mörgum þorpum Samverja á leiðinni.

**26** Engill Jehóva\* talaði nú til Filippusar og sagði: „Stattu upp og haltu suður á veginn sem liggur ofan frá Jerúsalem til Gasa.“ (Vegurinn liggur um óbyggðir.)

**27** Hann lagði þá af stað og kom þar auga á eþíópískan mann\* sem var háttsettur við hirð Kandake drottningar Eþíópíumanna og var yfir allri fjárhirslu hennar. Hann hafði farið til Jerúsalem til að tilbiðja Guð **28** en var nú á heimleið og sat í vagni sínum og las upphátt úr Jesaja spámanni. **29** Andinn sagði þá við Filippus: „Gakktu að þessum vagni.“ **30** Filippus hljóp að vagninum, heyrði manninn lesa í Jesaja spámanni og spurði: „Skilurðu það sem þú ert að lesa?“

**31** „Hvernig ætti ég að geta það ef enginn leiðbeinir mér?“ svaraði hann og bað síðan Filippus að stíga upp í vagninn og setjast hjá sér. **32** Ritningarstaðurinn sem hann var að lesa var þessi: „Eins og sauður var hann leiddur til slátrunar, og eins og lamb þegir hjá þeim sem rýir það, þannig opnaði hann ekki munninn. **33** Hann var auðmýktur og fékk ekki að njóta réttlætis. Hver mun segja frá ætterni hans fyrst líf hans er tekið burt af höndinni?“

**34** Hirðmaðurinn spurði nú Filippus: „Segðu mér, um hvern segir spámaðurinn þetta? Um sjálfan sig eða einhvern annan?“ **35** Filippus tók þá til máls, byrjaði á að ræða þennan ritningarstað og boðaði honum fagnaðarboðskapinn um Jesú. **36** Á leið sinni eftir veginum komu þeir að vatni nokkru. Þá sagði hirðmaðurinn: „Sjáðu, hér er vatn! Hvað aftrar mér frá því

að skírast?“ **37** \*— **38** Hann lét stöðva vagninn, þeir stigu báðir út í vatnið og Filippus skírði hann. **39** Þeir stigu síðan upp úr vatninu og andi Jehóva\* leiddi Filippus þá strax burt. Hirðmaðurinn sá hann ekki framur en fór fagnandi leiðar sinnar. **40** Filippus kom til Asdód og fór um svæðið og boðaði fagnaðarboðskapinn í hverri borg þar til hann kom til Sesareu.

**9** Sál hélt áfram að ógna lærisveinum Drottins af mikilli heift og hóta þeim lífláti. Hann fór til æðstaprestsins **2** og bað hann um bréf til samkundnanna í Damaskus þannig að hann mætti flytja í böndum til Jerúsalem alla sem hann fyndi og tilheyrðu Veginum,\* bæði karla og konur.

**3** Hann var kominn langleiðina til Damaskus þegar ljós leiftraði skyndilega á hann af himni.

**4** Hann féll til jarðar og heyrði rödd sem sagði við hann: „Sál, Sál, hvers vegna ofsækirðu mig?“

**5** „Hver ertu, Drottinn?“ spurði hann. Röddin svaraði: „Ég er Jesús sem þú ofsækir. **6** Stattu upp og farðu inn í borgina. Þar verður þér sagt hvað þú átt að gera.“ **7** Samferðamenn hans stóðu orðlausir. Þeir heyrðu að vísu ómínn af röddinni en sáu engan. **8** Sál reis þá á fætur en sá ekkert þó að hann væri með opin augun. Þeir leiddu hann því til Damaskus. **9** Í þrjá daga sá hann ekki neitt og borðaði hvorki né drakk.

**10** Í Damaskus var lærisveinn sem hét Ananías. Drottinn birtist honum í sýn og sagði við hann: „Ananías.“ Hann svaraði: „Hér er ég, Drottinn.“ **11** Drottinn sagði við hann: „Stattu upp, farðu í

8:26, 39; 9:2 \*Sjá orðaskýringar. 8:27 \*Orðrétt „gelding“. Sjá orðaskýringar.

8:37 \*Þetta vers er ekki í sumum fornum handritum og tilheyrir greinilega ekki innblásinni frásögn Biblíunnar.

strætið sem er kallað Hið beina og finndu mann sem heitir Sál og er frá Tarsus. Hann er í húsi Júdasar og er að biðjast fyrir. **12** Í sýn hefur hann séð mann sem heitir Ananías koma inn og leggja hendur yfir sig til að hann fái sjónina aftur.“ **13** En Ananías svaraði: „Drottinn, ég hef heyrt marga tala um þennan mann og um allt það illa sem hann hefur gert þínum heilögu í Jerúsalem. **14** Hann er kominn hingað með umboð frá yfirprestunum til að handtaka\* alla sem ákalla nafn þitt.“ **15** En Drottinn sagði við hann: „Farðu til hans því að ég hef valið þennan mann sem verkfæri til að bera nafn mitt til þjóðanna, til konunga og til Ísraelsmanna. **16** Ég ætla að sýna honum hve mikið hann þarf að þjást vegna nafns míns.“

**17** Ananías fór þá og gekk inn í húsið, lagði hendur yfir hann og sagði: „Sál, bróðir minn. Drottinn Jesús, sem birtist þér á veginum á leiðinni hingað, sendi mig til að þú fái sjónina aftur og fyllist heilögum anda.“ **18** Samstundis féll af augum hans eitt-hvað sem líktist hreistri og hann fékk sjónina aftur. Hann stóð þá upp og lét skirast. **19** Síðan borðaði hann og hresstist.

Hann staldraði við í nokkra daga hjá lærisveinunum í Damaskus **20** og byrjaði strax að boða í samkunduhúsunum að Jesús væri sonur Guðs. **21** En allir sem heyrðu til hans voru agndofa og sögðu: „Er þetta ekki maðurinn sem reyndi að útrýma þeim sem ákalla þetta nafn í Jerúsalem? Kom hann ekki hingað í þeim tilgangi að handtaka þá og leiða þá\* fyrir yfirprestana?“ **22** En Sál varð sífellt öflugri og

gerði Gyðingana sem bjuggu í Damaskus rökþrota þegar hann sýndi fram á að Jesús væri Kristur.

**23** Nú liðu allmargir dagar og Gyðingar lögðu þá á ráðin um að ryðja Sál úr vegi **24** en hann frétti af ráðagerð þeirra. Þeir fylgdust líka vandlega með borgarhlíðunum dag og nótt til að geta ráðið hann af dögum. **25** Lærisveinar hans komu honum þá til hjálpar og létu hann síga niður í körfu um nótt út um op í borgarmúrnum.

**26** Við komuna til Jerúsalem reyndi hann að eiga samneyti við lærisveinana þar en þeir voru allir hræddir við hann og trúðu ekki að hann væri orðinn lærisveinn. **27** Barnabas kom honum þá til hjálpar og fór með hann til postulanna. Hann lýsti í smáatriðum fyrir þeim hvernig Sál hefði séð Drottin á veginum, að Drottinn hefði talað til hans og hvernig hann hefði talað óttalaust í nafni Jesú í Damaskus. **28** Sál dvaldist síðan hjá þeim, fór allra sinna ferða um\* Jerúsalem og talaði óttalaust í nafni Drottins. **29** Hann talaði og rökræddi við grískumælandi Gyðinga en þeir leituðu færís að ryðja honum úr vegi. **30** Þegar bræðurnir komust að því fóru þeir með hann niður til Sesareu og sendu hann áfram til Tarsus.

**31** Söfnuðurinn bjó nú við frið um tíma úti um alla Júdeu, Galíleu og Samaría og byggðist upp. Hann lifði í lotningu fyrir\* Jehóva<sup>#</sup> og sótti styrk til heilags anda, og lærisveinunum fjölgaði stöðugt.

**32** Pétur ferðaðist um allt svæðið og kom meðal annars niður til hinna heilögu sem bjuggu í Lýddu. **33** Þar hitti hann mann sem hét Eneas. Hann var lamaður og hafði

9:14 \*Orðrétt „binda; færa í bönd“. 9:21 \*Orðrétt „að leiða þá í böndum“.

9:28 \*Orðrétt „gekk inn og út úr“. 9:31 \*Eða „í ótta“. <sup>#</sup>Sjá orðaskýringar.

verið rúmfastur í átta ár. **34** Pétur sagði við hann: „Eneas, Jesús Kristur læknar þig. Stattu upp og búðu um rúmið.“ Og hann stóð samstundis á fætur. **35** Þegar allir sem þuggu í Lýddu og á Saronsléttu sjágu hann sneru þeir sér til Drottins.

**36** Í Joppe var kona sem hét Tabíþa en það merkir ‚Dorkas‘.\* Hún var lærisveinn og góðgerðar-söm og örlát við fátæka. **37** Hún veiktist og dó meðan Pétur var í Lýddu. Hún var böðuð og lögð í herbergi á efri hæð. **38** Nú er Lýdda í grennd við Joppe og þegar lærisveinarnir fréttu að Pétur væri þar sendu þeir tvo menn til hans og báðu hann: „Flýttu þér og komdu til okkar.“ **39** Pétur fór þá með þeim. Þegar hann kom þangað fóru þeir með hann inn í herbergið á efri hæðinni, og allar ekkjurnar komu grátandi til hans og sýndu honum fjölda kyrtla og yfirhafna sem Dorkas hafði gert meðan hún var hjá þeim. **40** Pétur lét alla fara út, kraup á kné og fór með bæn. Síðan sneri hann sér að líkinu og sagði: „Tabíþa, ristú upp.“ Hún opnaði augun, sá Pétur og settist upp. **41** Hann tók í hönd hennar, reisti hana á fætur, kallaði á hina heilögu og ekkjurnar og sýndi þeim að hún væri lifandi. **42** Þetta fréttist út um alla Joppe og margir tóku trú á Drottin. **43** Pétur dvaldist allmarga daga í Joppe hjá sútara sem hét Símon.

**10** Í Sesareu var maður sem hét Kornelíus. Hann var liðsforingi\* í ítölsku hersveitinni# sem svo var kölluð. **2** Hann var trúrækinn og guðhræddur og allt heimilisfólk

hans sömuleiðis. Hann var gjafmildur við fátæka og bað oft og innilega til Guðs. **3** Um níundu stund dags\* sá hann greinilega í sýn engil Guðs koma til sín. Engillinn sagði: „Kornelíus!“ **4** Kornelíus starði óttasleginn á hann og spurði: „Já, herra, hvað viltu?“ Hann svaraði: „Guð hefur heyrt bænir þínar og man eftir gjöfum þínum til fátækra. **5** Sendu nú menn til Joppe og láttu þá sækja mann sem heitir Símon og er kallaður Pétur. **6** Hann gistir hjá Símoni, sútara einum sem á hús við sjóinn.“ **7** Um leið og engillinn sem talaði við hann var farinn kallaði hann á tvo þjóna sína og trúrækinn hermann sem var í þjónustu hans, **8** sagði þeim frá öllu og sendi þá til Joppe.

**9** Daginn eftir, þegar þeir voru á leiðinni og nálgudust borgina, fór Pétur upp á húsbakið um sjöttu stund\* til að biðjast fyrir. **10** Hann varð þá mjög svangur og vildi borða. Meðan verið var að matreiða fékk hann vitrun **11** og sá himininn opinn og eitthvað sem líktist stórum lindúk koma niður. Hann var látinn síga til jarðar á hornunum fjórum **12** og á honum voru alls konar ferfætt dýr, skriðdýr jarðar og fuglar himins. **13** Þá heyrði hann rödd sem sagði: „Stattu upp, Pétur, slátraðu og borðaðu!“ **14** En Pétur svaraði: „Nei, herra, það get ég ekki. Ég hef aldrei borðað neitt sem er óhreint og má ekki borða.“ **15** Þá heyrði hann röddina í annað sinn: „Hættu að kalla það óhreint sem Guð hefur lýst hreint.“ **16** Í þriðja sinn sem þetta gerðist var dúkurinn tekinn upp til himins.

**17** Pétur var enn að reyna að átta sig á hvað sýnin merkti þegar

9:36 \*Gríska nafnið Dorkas og arameíska nafnið Tabíþa merkja ‚gasella‘. 10:1 \*Eða „hundraðshöfðingi“, foringi 100 manna liðs. #Eða „skorinni“, rómverski hereiningu sem í voru 600 manns.

10:3 \*Það er, um kl. 15. 10:9 \*Það er, um kl. 12 á hádegi.

sendimenn Kornelíusar komu. Þeir höfðu spurt til vegar og stóðu nú við hliðið að húsi Símonar. **18** Þeir kölluðu og spurðu hvort Símon sem var kallaður Pétur væri gestkomandi þar. **19** Pétur var enn að velta sýninni fyrir sér þegar andinn sagði: „Þeir menn eru að spyrja eftir þér. **20** Drífdú þig niður og hikaðu ekki við að fara með þeim því að ég hef sent þá.“ **21** Pétur fór þá niður til manna og sagði: „Hér er ég, sá sem þið leitið að. Hvers vegna eruð þið komnir hingað?“ **22** Þeir svöruðu: „Kornelíus liðsforingi, réttlátur og guðhræddur maður sem hefur gott orð á sér meðal allrar Gyðingabjór-arinnar, fékk fyrirmæli frá heilögum engli Guðs um að senda eftir þér og fá þig heim til sín til að heyra hvað þú hefir að segja.“ **23** Hann bauð þeim þá inn og lét þá gista.

Daginn eftir fór hann með þeim og nokkrir bræður frá Joppe voru með í för. **24** Þeir komu til Sesareu næsta dag. Kornelíus átti að sjálfsgöðu von á þeim og hafði kallað saman ættingja sína og nána vini. **25** Þegar Pétur kom tók Kornelíus á móti honum, féll á kné við fætur hans og veitti honum lotningu\* **26** en Pétur reisti hann á fætur og sagði: „Stattu upp, ég er bara maður eins og þú.“ **27** Pétur ræddi við hann meðan þeir gengu inn fyrir og hann sá að margir voru þar samankomnir. **28** Hann sagði við þá: „Þið vitið vel að Gyðingi er bannað að umgangast eða heim-sækja mann af öðrum kynþætti. Guð hefur þó sýnt mér að ég á ekki að kalla nokkurn mann vanheilagan eða óhreinan. **29** Þess vegna kom ég mótmælalaust þegar sent var eftir mér. En segið mér

10:25 \*Eða „kraup fyrir honum“.

nú hvers vegna þið senduð eftir mér.“

**30** Kornelíus svaraði þá: „Það var um þetta leyti dags, um níundu stund\* fyrir fjórum dögum, sem ég var að biðja í húsi mínu. Þá stóð frammi fyrir mér maður í skínandi fötum **31** og sagði: „Kornelíus, Guð hefur heyrt bæn þína og minnst gjafa þinna til fátækra. **32** Sendu því menn til Joppe og láttu sækja Símon sem er kallaður Pétur. Hann gistir í húsi Símonar, sútara nokkurs sem býr við sjóinn.“ **33** Ég sendi því tafarlaust eftir þér og þú varst svo vinsamlegur að koma hingað. Nú erum við öll samankomin frammi fyrir Guði til að heyra allt sem Jehóva\* hefur falið þér að segja.“

**34** Pétur tók þá til máls og sagði: „Núna skil ég að Guð mismunar ekki fólki **35** heldur tekur hann á móti hverjum þeim sem óttast hann og gerir rétt, sama hveðrar þjóðar hann er. **36** Hann sendi orð sitt til Ísraelsmanna til að flytja þeim fagnaðarboðskapinn um frið fyrir milligöngu Jesú Krists en hann er Drottinn allra. **37** Þið vitið hvað talað var um úti um alla Júdeu og hófst í Galíleu eftir að Jóhannes boðaði skírn. **38** Það var talað um Jesú frá Nasaret, hvernig Guð smurði hann heilögum anda og gaf honum kraft. Hann fór um landið, gerði gott og læknaði alla sem Djöfullinn þjakaði því að Guð var með honum. **39** Við erum vottar að öllu því sem hann gerði, bæði í landi Gyðinga og í Jerúsalem en þeir tóku hann af lífi með því að hengja hann á staur.\* **40** Guð reisti hann upp á þriðja degi og lét fólk sjá hann, **41** ekki alla heldur votta sem hann

10:30 \*Það er, um kl. 15. 10:33 \*Sjá orðaskýringar. 10:39 \*Eða „tré“.



valdi fyrir fram, það er að segja okkur sem borðuðum og drukkum með honum eftir að hann reis upp frá dauðum. **42** Hann skipaði einnig svo fyrir að við skyldum boða fólk og útskýra vandlega að hann sé sá sem Guð hefur valið til að dæma lifandi og dauða. **43** Allir spámennirnir vitna um hann og segja að hver sem trúir á hann fái syndir sínar fyrirgefna vegna nafns hans.“

**44** Meðan Pétur var enn að tala um þetta kom heilagur andi yfir alla sem heyrðu orð Guðs. **45** Þeir trúðu\* sem voru umskornir og höfðu komið með Pétri voru agndofa að fólk af þjóðunum skyldi einnig fá heilagan anda að gjöf **46** því að þeir heyrðu það tala erlend tungumál\* og lofa Guð. Þá sagði Pétur: **47** „Getur nokkur neitað þeim um að skírast í vatni fyrst þau hafa fengið heilagan anda eins og við?“ **48** Að því búnu skipaði hann svo fyrir að þau skyldu skírast í nafni Jesú Krists. Þau báðu hann síðan að staldra við í nokkra daga.

**11** Postularnir og bræðurnir í Júdeu fréttu nú að fólk af þjóðunum hefði einnig tekið við orði Guðs. **2** Þegar Pétur kom upp til Jerúsalem fóru þeir sem aðhylltust umskurð að gagnrýna\* hann **3** og sögðu: „Þú fórst inn í hús óumskorinna manna og borðaðir með þeim.“ **4** Pétur skýrði þá málið fyrir þeim í smáatriðum og sagði:

**5** „Ég var að biðjast fyrir í borginni Joppe og fékk þá vitrun. Ég sá eitthvað sem líktist stórum lindúk koma niður af himni. Hann var látinn síga alveg niður til mín á hornunum fjórum. **6** Ég virti hann nánar fyrir mér og sá þar fer-

ætt dýr jarðar, villidýr, skriðdýr og fugla himins. **7** Ég heyrði líka rödd sem sagði við mig: ‚Stattu upp, Pétur, slátraðu og borðaðu!‘ **8** En ég svaraði: ‚Ég get það ekki, herra, því að ég hef aldrei lagt mér til munns neitt sem er óhreint eða má ekki borða.‘ **9** Röddin af himni heyrðist í annað sinn og sagði: ‚Hættu að kalla það óhreint sem Guð hefur lýst hreint.‘ **10** Í þriðja sinn sem þetta gerðist var allt dregið aftur upp til himins. **11** Á sömu stundu stóðu þrír menn við húsið þar sem við dvöldumst en þeir höfðu verið sendir til mín frá Sesareu. **12** Andinn sagði mér þá að hika ekki við að fara með þeim. Þessir sex bræður fóru líka með mér og við gengum inn í hús mannsins.

**13** Hann sagði okkur að hann hefði séð engil standa í húsi sínu og segja: ‚Sendu menn til Joppe og láttu þá sækja Símon sem er kallaður Pétur.‘ **14** Hann mun segja þér hvernig þú getur bjargast ásamt öllu heimilisfólki þínu.‘ **15** En meðan ég var að tala kom heilagur andi yfir þá, rétt eins og hann kom yfir okkur í upphafi. **16** Þá rifjaðist upp fyrir mér það sem Drottinn sagði oft en einu sinni: ‚Jóhannes skírði með vatni en þið verðið skírðir með heilögum anda.‘ **17** Fyrst Guð gaf þeim sömu gjöf og hann gaf okkur sem trúum á Drottin Jesú Krist, hvernig gat ég þá stadið gegn\* Guði?“

**18** Þegar þeir heyrðu þetta hættu þeir að mótmæla,\* lofuðu Guð og sögðu: „Guð hefur þá líka gefið fólk af þjóðunum tækifæri til að iðrast og hljóta líf.“

**19** Þeir sem höfðu dreifst vegna ofsóknanna sem urðu út af Stefáni

10:45 \*Eða „trúföstu“. 10:46 \*Orðrétt „tala tungum“. 11:2 \*Eða „deila við“.

11:17 \*Eða „í vegi fyrir“. 11:18 \*Orðrétt „þögnuðu þeir“.

fóru allt til Föníkíu, Kýpur og Antíokkiu en þeir boðuðu aðeins Gyðingum orðið. **20** En nokkrir menn frá Kýpur og Kýrene komu til Antíokkiu og tóku að boða grískumælandi fólki fagnaðarboðskapinn um Drottin Jesú. **21** Hönd Jehóva\* var með þeim og mikill fjöldi tók trú og sneri sér til Drottins.

**22** Söfnuðurinn í Jerúsalem frétti af þeim og sendi Barnabas alla leið til Antíokkiu. **23** Þegar hann kom þangað og sá hvernig Guð hafði sýnt lærisveinunum einstaka góðvild gladdist hann og hvatti þá alla til að vera trúir Drottni af öllu hjarta **24** því að hann var góður maður, fullur af heilögum anda og trú. Og töluverður fjöldi fór að trúa á Drottin. **25** Barnabas fór nú til Tarsus til að leita Sál uppi. **26** Þegar hann hafði fundið hann fór hann með hann til Antíokkiu. Þeir voru með söfnuðinum þar í heilt ár og kenndu fjölda fólks. Það var í Antíokkiu sem lærisveinarnir voru fyrst kallaðir kristnir vegna handleiðslu Guðs.

**27** Um þessar mundir komu spámennt frá Jerúsalem niður til Antíokkiu. **28** Einn þeirra, Agabus að nafni, steig fram og spáði fyrir tilstilli andans að mikil hungursneyð kæmi bráðlega yfir alla heimsbyggðina og það gerðist á dögum Kládíusar. **29** Lærisveinarnir ákváðu þá að senda hjálpargögn\* til trússystkinanna sem bjuggu í Júdeu, hver eftir því sem hann hafði efni á. **30** Þeir gerðu það og sendu þau til öldunganna með Barnabasi og Sál.

**12** Um svipað leyti fór Heródes konungur að misþyrma sumum í söfnuðinum. **2** Hann lét taka

11:21; 12:7, 11 \*Sjá orðaskýringar. 11:29 \*Eða „neyðarhjálp“.

Jakob bróður Jóhannesar af lífi með sverði. **3** Þegar hann sá að Gyðingum líkaði þetta vel lét hann einnig handtaka Pétur. (Þetta var meðan hátíð ósýrðu brauðanna stóð yfir.) **4** Hann lét taka hann og varpa honum í fangelsi og fól fjórum fjögurra manna varðflokkum að skiptast á að gæta hans. Hann ætlaði að leiða hann fram\* fyrir fólkið eftir páska. **5** En söfnuðurinn bað ákaft til Guðs fyrir Péttri meðan hann sat í fangelsinu.

**6** Nóttina áður en Heródes ætlaði að leiða Pétur fram svaf hann milli tveggja hermanna, bundinn tvennum hlekkjum, og varðmenn stóðu fyrir utan dyrnar og gættu fangelsisins. **7** Allt í einu stóð engill Jehóva\* hjá honum og ljós skein í fangaklefanum. Hann sló Pétur laust í síðuna, vakti hann og sagði: „Flýttu þér á fætur!“ Hlekkirnir féllu af höndum hans **8** og engillinn sagði við hann: „Klæddu\* þig og farðu í ilskóna.“ Hann gerði það. Síðan sagði engillinn við hann: „Farðu í yfirhöfnina og fylgdu mér.“ **9** Hann gekk út og fylgdi honum en vissi ekki að það sem engillinn gerði var raunverulegt. Hann hélt að þetta væri sýn. **10** Þeir gengu fram hjá fyrri verðinum og þeim seinni og komu að járnhliðinu þar sem farið var inn í borgina, og það opnaðist af sjálfu sér. Eftir að þeir voru komnir út gengu þeir spölkorn eftir götunni en þá hvarf engillinn skyndilega. **11** Pétur gerði sér nú ljóst hvað hafði gerst og sagði: „Nú veit ég fyrir víst að Jehóva\* sendi engil sinn og bjargaði mér úr höndum Heródesar og frá öllu sem Gyðingar vonuðust eftir.“

**12** Þegar hann hafði áttað sig á þessu fór hann heim til Maríu,

12:4 \*Eða „fyrir rétt“. 12:8 \*Eða „Gyrta“.

móður Jóhannesar sem var kallaður Markús, en þar höfðu allmargir safnast saman og voru að biðja.

**13** Hann bankaði á ytri dyrnar og þjónustustúlka sem hét Róde gekk að dyrunum. **14** Þegar hún þekkti rödd Péturs var hún svo glöð að hún gleymdi að opna og hljóp inn til að segja frá því að Pétur stæði við dyrnar. **15** „Ertu frá þér?“ sögðu þau við hana. En hún stóð fast á því að hún hefði rétt fyrir sér. Þá sögðu þau: „Þetta hlýtur þá að vera engill hans.“

**16** En Pétur hélt áfram að banka. Þau opnuðu dyrnar og voru steinhissa þegar þau sáu hann. **17** En hann gaf þeim bendingu um að hafa hljóð og sagði þeim ítarlega frá hvernig Jehóva\* hafði leyst hann úr fangelsinu og bætti við: „Segið Jakobi og hinum bræðrunum frá þessu.“ Síðan fór hann þaðan og hélt á annan stað.

**18** Um morguninn varð mikið uppnám meðal hermanna út af því hvað hefði orðið um Pétur. **19** Heródes lét leita hans vandlega og þegar hann fannst ekki yfirheyrði hann varðmennina og skipaði síðan að þeir skyldu leiddir burt og þeim refsað. Eftir það fór hann frá Júdeu niður til Sesareu og dvaldist þar um tíma.

**20** Heródes var reiður\* út í Týrverja og Sídoninga. Þar sem land þeirra fékk matvæli frá landi konungs komu þeir sér saman um að fara á fund hans og fengu Blastus á sitt band en hann hafði umsjón með heimilishaldi<sup>†</sup> konungs. Þeir töluðu síðan við konung og báðust friðar. **21** Á tilsettum degi klæddist Heródes konungsskrúða, settist í dómarsæti og ávarpaði þá. **22** Fólkið sem var samankom-

id hrópaði þá: „Þetta er rödd guðs en ekki manns!“ **23** Engill Jehóva\* sló hann samstundis því að hann gaf ekki Guði dýrðina. Hann var étinn upp af ormum og dó.

**24** En orð Jehóva\* hélt áfram að eflast og breiðast út.

**25** Þegar Barnabas og Sál höfðu lokið hjálparstarfinu í Jerúsalem sneru þeir aftur og tóku með sér Jóhannes sem einnig var kallaður Markús.

**13** Í söfnuðinum í Antiokkíu voru spámenn og kennarar, þeir Barnabas, Símeon, sem var kallaður Níger, Lúkíus frá Kýrene, Manaen, sem hafði verið samnemandi Heródesar héraðsstjóra, og Sál. **2** Eitt sinn þegar þeir voru að þjóna Jehóva\* í þágu fólksins og föst-  
uðu sagði heilagur andi: „Takið frá handa mér þá Barnabas og Sál til þess verks sem ég hef kallað þá til.“ **3** Eftir að hafa fastað og beðist fyrir lögðu þeir hendur yfir þá og sendu þá af stað.

**4** Tvímenningarnir, sem voru sendir af heilögum anda, fóru þá niður til Selevkíu og sigldu þaðan til Kýpur. **5** Þegar þeir komu til Salamis fóru þeir að boða orð Guðs í samkunduhúsum Gyðinga. Þeir höfðu Jóhannes með sér til aðstoðar.

**6** Þeir fóru um eyjuna endilanga allt til Pafos. Þar hittu þeir Gyðing sem hét Barjesús en hann var galdramaður og falsspáamaður. **7** Hann var hjá Sergíusi Páli landstjóra,\* skynsömum manni sem boðaði Barnabas og Sál til sín og var ákafur að heyra orð Guðs. **8** En Elýmas galdramaður (nafn hans merkir það) snerist gegn þeim og reyndi að koma í veg fyrir að landstjórinn tæki trú. **9** Sál, einn-

12:17, 23, 24; 13:2 \*Sjá orðaskýringar. 12:20 \*Eða „í vígahug“. <sup>†</sup>Orðrétt „svefnherbergi“.

13:7 \*Eða „prókonsúl“, rómverskur skattlandsstjóri. Sjá orðaskýringar.

ig kallaður Páll, fylltist þá heilögum anda, hvessti á hann augun **10** og sagði: „Þú sonur Djöfulsins og óvinur alls sem er rétt, fullur alls konar svika og illsku, ætlarðu aldrei að hætta að rangsnúa réttum vegum Jehóva?“ **11** Jehóva\* ætlað að refsa þér og þú verður blindur og sérð ekki sólarljós um tíma.“ Samstundis lagðist yfir hann þoka og myrkur og hann reikaði um í leit að einhverjum til að leiða sig. **12** Þegar landstjórinn sá hvað hafði gerst tók hann trú því að hann var djúpt snortinn af því sem hann lærði um Jehóva.\*

**13** Páll og félagar hans létu nú úr höfn frá Pafos og komu til Perge í Pamfýlíu. En Jóhannes yfirgaf þá og sneri aftur til Jerúsalem. **14** Þeir héldu hins vegar áfram frá Perge og komu til Antiokkíu í Pisidíu. Þeir gengu inn í samkunduhúsið á hvíldardegi og fengu sér sæti. **15** Eftir upplestur úr lögunum og spámönnunum sögðu samkundustjórarnir við þá: „Menn, bræður, takið til máls ef þið hafið eitthvað hvetjandi fram að færa.“ **16** Páll stóð þá upp, gaf bendingu með hendinni og sagði:

„Ísraelsmenn og aðrir þið sem óttist Guð, hlustið. **17** Guð þessarar þjóðar, Ísraelsmanna, útvaldi forfeður okkar. Hann upphóf fólkíð meðan það bjó sem útlendingar í Egyptalandi og leiddi það út þaðan með styrkri hendi. **18** Hann umbar það um 40 ára skeið í eyðimörkinni. **19** Eftir að hafa eytt sjö þjóðum í Kanaanslandi gaf hann forfeðrum okkar land þeirra til eignar. **20** Allt gerðist þetta á um það bil 450 árum.

Eftir það gaf hann þeim dómara, allt fram að Samúel spámanni. **21** En síðan heimtuðu þeir konung

og Guð gaf þeim Sál Kísson, mann af ættkvísl Benjamíns. Hann ríkti í 40 ár. **22** Þegar Guð hafði sett hann af skipaði hann Davíð konung yfir þá. Hann vitnaði um hann og sagði: „Ég hef fundið Davíð Ísaíson, mann eftir mínu hjarta, og hann mun gera allt sem ég vil að hann geri.“ **23** Af afkomendum þessa manns hefur Guð gefið Ísrael frelsara, Jesú, eins og hann lofaði. **24** Áður en hann kom hafði Jóhannes boðað öllum Ísraelsmönnum að þeir skyldu skírast til tákns um iðrun. **25** En þegar Jóhannes var að ljúka þjónustu sinni sagði hann: „Hvern haldið þið mig vera? Ég er ekki hann. En annar kemur á eftir mér og ég er ekki þess verður að leysa ilskóna af fótum hans.“

**26** Menn, bræður, þið afkomendur Abrahams og aðrir ykkar á meðal sem óttist Guð, okkur hefur verið sendur þessi boðskapur um frelsun. **27** Íbúar Jerúsalem og leiðtogar þeirra viðurkenndu ekki þennan frelsara en þegar þeir dæmdu hann uppfylltu þeir það sem spámennirnir höfðu sagt og er lesið upp á hverjum hvíldardegi. **28** Þeir fundu enga dauðasök hjá honum en samt kröfðu þeir Pílatus um að fá hann líflátinn. **29** Þegar þeir höfðu uppfyllt allt sem skrifað er um hann tóku þeir hann niður af staurnum\* og lögðu hann í gróf.“ **30** En Guð reisti hann upp frá dauðum **31** og í marga daga birtist hann þeim sem höfðu farið með honum frá Galíleu upp til Jerúsalem. Þeir eru nú vottar hans meðal fólksins.

**32** Við boðum ykkur því fagnaðarboðskapinn um loforðið sem forfeður okkar fengu. **33** Guð hefur efnt það að fullu við okkur, börn þeirra, með því að reisa Jesú upp,

13:10-12 \*Sjá orðaskýringar.

13:29 \*Eða „trénu“. \*Eða „minningargröf“.

eins og stendur í öðrum sálminum: „Þú ert sonur minn, í dag varð ég faðir þinn.“ **34** Guð reisti hann upp frá dauðum svo að hann fengi aldrei aftur dauðlegan líkama. Hann hefur orðað það þannig: „Ég mun sýna ykkur þann trúa\* og tryggja kærleika sem ég lofaði Davíð.“ **35** Eins segir í öðrum sálmi: „Þú leyfir ekki að trúr þjónn þinn verði rotnun að bráð.“ **36** Davíð þjónaði Guði\* á sinni tíð. Síðan dó hann, var lagður hjá forfedrum sínum og varð rotnun að bráð. **37** Sá sem Guð reisti upp varð hins vegar ekki rotnun að bráð.

**38** Þið skuluð því vita, bræður, að vegna hans er ykkur boðað að þið getið fengið syndir ykkar fyrirgefna **39** og að allir sem trúa geti réttlæst vegna hans af öllu því sem Móselögin gátu ekki réttlætt ykkur af. **40** Gætið ykkar svo að það sem stendur í spámönnunum komi ekki yfir ykkur: **41** „Lítid á það verk sem ég vinn á ykkar dögum, þið smáranar. Undrist og tortímist því að þetta er verk sem þið mynduð ekki trúa þótt einhver segði ykkur ítarlega frá því.“

**42** Þegar þeir gengu út bað fólkið þá um að ræða þessi mál aftur næsta hvíldardag. **43** Eftir að samkomunni var slitið fylgdu margir Gyðingar og trúskiptingar sem tilbáðu Guð þeim Páli og Barnabasi. Þeir töluðu við fólkið og hvöttu það til að lifa þannig að það verðskuldaði einstaka góðvild Guðs.

**44** Næsta hvíldardag komu næstum allir borgarbúar saman til að heyra orð Jehóva.\* **45** Þegar Gyðingar sáu mannfjöldann fylltust þeir öfund og andmæltu orðum Páls með guðlasti. **46** Páll og Barna-

bas svöruðu þá djarfmannlega: „Það þurfti að flytja ykkur orð Guðs fyrst. En þar sem þið hafnið því og teljið ykkur ekki verðuga þess að hljóta eilíft líf snúum við okkur að þjóðunum. **47** Jehóva\* hefur gefið okkur þessi fyrirmæli: „Ég hef útvalið þig til að vera ljós þjóða og veita frelsun til endimarka jarðar.“

**48** Þegar þeir sem voru af þjóðunum heyrðu þetta glöddust þeir og lofuðu orð Jehóva,\* og allir sem höfðu það hugarfar sem þurfti til að hljóta eilíft líf tóku trú. **49** Orð Jehóva\* breiddist nú út um allt svæðið. **50** En Gyðingar æstu upp guðhræddar hefðarkonur og fyrirmenn borgarinnar, hleyptu af stað ofsóknum gegn Páli og Barnabasi og ráku þá burt úr héraðinu. **51** Þeir hristu þá rykið af fótum sér, þeim til viðvörunar, og fóru til Íkóníum. **52** En læriveinarnir glöddust áfram og voru fullir af heilögum anda.

**14** Í Íkóníum gengu Páll og Barnabas inn í samkunduhús Gyðinga og töluðu þannig að mikill fjöldi bæði Gyðinga og Grikkja tók trú. **2** En Gyðingar sem trúðu ekki æstu upp fólk af þjóðunum svo að það snerist gegn bræðrunum. **3** Þeir dvöldust því allengi þar og Jehóva\* gaf þeim kraft til að tala óttalaust. Hann lét þá gera tákni og undur til að staðfesta boðskapinn um einstaka góðvild sína. **4** En borgarbúar skiptust í tvo hópa, sumir voru með Gyðingum en aðrir með postulunum. **5** Bæði fólk af þjóðunum og Gyðingar ásamt leiðtogum sínum voru ákveðnir í að misþyrma þeim og grýta þá **6** en þeir fengu að vita af því og flúðu til borganna Lýstru og Derbe í Lýkaóníu og sveitanna í kring. **7** Þar héldu þeir áfram að flytja fagnaðarboðskapinn.

13:34 \*Eða „áreiðanlega“. 13:36 \*Eða „vilja Guðs“. 13:44, 47-49; 14:3 \*Sjá orðaskýringar.

8 Í Lýstru var maður sem var lamaður á fótum. Hann hafði verið það frá fæðingu og aldrei getað gengið. 9 Hann sat og hlustaði á Pál. Páll virti hann fyrir sér, sá að hann hafði trú til að geta læknað 10 og sagði hárrí röddu: „Stattu á fætur.“ Maðurinn spratt þá á fætur og fór að ganga. 11 Þegar fólkið sá hvað Páll hafði gert hrópaði það á lýkaónsku: „Guðirnir hafa tekið á sig mannsmynd og stigið niður til okkar!“ 12 Það kallaði Barnabas Seif og Pál Hermes því að hann hafði aðallega orð fyrir þeim. 13 Og presturinn í hofi Seifs, sem var við borgarhliðið, kom með naut og blómsveiga\* að hliðinu og vildi færa fórnir með fólkinu.

14 En þegar postularnir Barnabas og Páll heyrðu þetta rifu þeir fót sín, stukku inn í mannþröngina og hrópuðu: 15 „Menn, hvers vegna gerið þið þetta? Við erum bara menn eins og þið og með sömu veikleika. Við flytjum ykkur fagnaðarboðskapinn svo að þið getið snúið ykkur frá þessum héögma og til hins lifandi Guðs sem gerði himin og jörð og hafið og allt sem í þeim er. 16 Um liðnar aldir hefur hann leyft öllum þjóðum að fara sínar eigin leiðir 17 en hefur þó vitnað um sjálfan sig með góðverkem sínum. Hann hefur gefið ykkur regn af himni og uppskerutíma, veitt ykkur næga fæðu og fyllt hjörtu ykkar gleði.“ 18 Með þessum orðum tókst þeim rétt svo að fá fólkið ofan af því að færa þeim fórnir.

19 Nú komu Gyðingar frá Antíokkíu og Íkóníum og fengu fólkið á sitt band. Menn grýttu Pál og drógu hann út úr borginni því að þeir héldu að hann væri dæinn. 20 En lærisveinarnir slógu hring

um hann og hann stóð þá upp og gekk inn í borgina. Daginn eftir fór hann þaðan með Barnabasi til Derbe. 21 Eftir að hafa boðað fagnaðarboðskapinn í borginni og gert allmarga að lærisveinum sneru þeir aftur til Lýstru, Íkóníum og Antiokkíu. 22 Þeir styrktu lærisveinana þar, hvöttu þá til að vera staðfastir í trúnni og sögðu: „Við þurfum að ganga í gegnum margar þrengingar til að komast inn í ríki Guðs.“ 23 Þeir útnefndu líka öldunga handa þeim í hverjum söfnuði, báðust fyrir og föstuðu og fólu þá síðan Jehóva\* sem þeir höfðu fest trú á.

24 Síðan fóru þeir um Pisidíu og komu til Pamfýlíu 25 og þegar þeir höfðu boðað orðið í Perge fóru þeir niður til Attalíu. 26 Þaðan sigldu þeir til Antiokkíu en þar höfðu bræðurnir beðið um að einstök góðvild Guðs gætti þeirra svo að þeir gætu unnið það verk sem þeir höfðu nú lokið.

27 Eftir að þeir komu þangað kölluðu þeir söfnuðinn saman og sögðu frá öllu sem Guð hafði gert fyrir atbeina þeirra og að hann hefði opnað þjóðunum dyr trúarinnar. 28 Þeir dvöldust síðan alllengi hjá lærisveinum.

**15** Nú komu nokkrir menn ofan frá Júdeu og fóru að kenna bræðrunum: „Þið getið ekki bjargast nema þið látið umskerast eins og Móselögin kveða á um.“ 2 Eftir að Páll og Barnabas höfðu deilt og rökrætt töluvert við þá var ákveðið að Páll, Barnabas og nokkrir hinna færu upp til Jerúsalem á fund postulanna og öldunganna vegna þessa máls.\*

3 Söfnuðurinn fylgdi mönnunum áleiðis og síðan héldu þeir áfram

14:13 \*Eða „kransa“.

14:23 \*Sjá orðaskýringar. 15:2 \*Eða „ágreining“.

um Föníkíu og Samaríu og sögðu ítarlega frá hvernig fólk af þjóðunum hefði snúist til trúar. Bræðurnir og systurnar urðu öll mjög glöð að heyra það. **4** Þegar þeir komu til Jerúsalem tóku söfnuðurnir, postularnir og öldungarnir vel á móti þeim og þeir sögðu frá öllu sem Guð hafði látið þá gera. **5** En sumir úr flokki\* farísea sem höfðu tekið trú stóðu á fætur og sögðu: „Það er yr nauðsynlegt að umskera þá og fyrirskipa þeim að halda lög Móse.“

**6** Postularnir og öldungarnir komu því saman til að líta á þetta mál. **7** Eftir miklar og heitar umræður\* stóð Pétur upp og sagði við þá: „Menn, bræður, þið vitid vel að Guð valdi mig í upphafi úr ykkar hópi til að fólk af þjóðunum fengi að heyra fagnaðarboðskapinn og trúá. **8** Guð, sem þekkir hjörtun, sýndi að hann viðurkenndi þetta fólk með því að gefa því heilagan anda, rétt eins og okkur. **9** Og hann gerði alls engan greinarmun á því og okkur heldur hreinsaði hjörtu þess með trúnni. **10** Hvers vegna reynid þið þá Guð með því að leggja ok á herðar lærisveinunum sem hvorki forfeður okkar né við gátum borið? **11** Við trúum hins vegar að við björgumst vegna einstakrar góðvildar Drottins Jesú á sama hátt og þeir.“

**12** Nú þagnaði allur hópurinn og hlustaði á Barnabas og Pál segja frá þeim mörgu táknum og undrum sem Guð hafði látið þá gera meðal þjóðanna. **13** Þegar þeir höfðu lokið máli sínu sagði Jakob: „Menn, bræður, hlustið á mig. **14** Símeon\* hefur greint ítarlega frá hvernig Guð sneri sér að þjóðunum í fyrstu og valdi úr

hópi þeirra fólk til að bera nafn sitt. **15** Það er í samræmi við orð spámanna þar sem stendur: **16** „Eftir þetta sný ég aftur og endurreisi hið fallna hús\* Davíðs. Ég reisi það úr rústum og geri það upp **17** þannig að þeir sem eftir eru geti leitað Jehóva\* af heilum hug ásamt fólki af öllum þjóðum, fólki sem ber nafn mitt, segir Jehóva,\* hann sem gerir þetta, **18** og það er kunnugt frá fornu fari.“ **19** Ég tel\* því að ekki skuli íþyngja fólk af þjóðunum sem snýr sér til Guðs **20** heldur skrifa því að það skuli halda sig frá öllu sem er óhreint af völdum skurðgoða, frá kynferðislegu siðleysi,\* frá kjóti af köfnuðum dýrum“ og frá blóði. **21** Frá fornu fari hefur það sem Móse skrifaði verið boðað í hverri borg því að það er lesið upp í samkunduhúsum á hverjum hvíldardegi.“

**22** Postularnir og öldungarnir ákváðu þá ásamt öllum söfnuðunum að velja menn úr sínum hópi og senda þá með Páli og Barnabasi til Antiókkíu. Þeir sendu Júdas, sem var kallaður Barsabbas, og Sílas en þeir voru forystumenn meðal bræðranna. **23** Þeir skrifuðu eftirfarandi bréf og sendu með þeim:

„Postularnir og öldungarnir, bræður ykkar, heilsa bræðrunum í Antiókkíu, Sýrlandi og Kilíkíu sem eru af þjóðunum. **24** Við höfum heyrt að nokkrir af okkur hafi komið án þess að við hefðum gefið nokkur fyrirætlunir um það, og gert ykkur órótt með tali sínu og reynt að koma ykkur úr jafnvægi. **25** Við höfum því ákveðið einróma að velja menn

15:5 \*Eða „sértrúarflokki“. 15:7 \*Eða „miklar deilur“. 15:14 \*Það er, Pétur.

15:16 \*Eða „tjald; skýli“. 15:17 \*Sjá orðaskýringar. 15:19 \*Eða „úrskurða“. 15:20 \*Á grísku *porneí'a*. Sjá orðaskýringar. \*Eða „af óblóðguðum dýrum“.

og senda til ykkar ásamt ástkærum bræðrum okkar, þeim Barnabasi og Páli, **26** mönnum sem hafa hætt lífi\* sínu vegna nafns Drottins okkar Jesú Krists. **27** Við sendum með þeim þá Júdas og Sílas til að þeir geti flutt ykkur munnlega hið sama. **28** Það er niðurstaða heilags anda og okkar að leggja ekki frekari byrðar á ykkur en þetta sem er nauðsynlegt: **29** að þið haldið ykkur frá því sem hefur verið fórn að skurðgoðum, blóði, kjóti af köfnuðum\* dýrum og kynferðislegu siðleysi.“ Ef þið forðist þetta vegnar ykkur vel. Verið sælir.“

**30** Mennirnir voru nú sendir af stað og komu niður til Antiókkíu. Þar kölluðu þeir saman alla lærisveinana og afhentu þeim bréfið. **31** Þeir lásu það og glöddust yfir þessari hvatningu. **32** Þar sem Júdas og Sílas voru einnig spámennt fluttu þeir margar ræður og hvöttu þannig bræðurna og systurnar og styrktu þau. **33** Eftir að þeir höfðu verið þar um tíma sendu bræðurnir þá aftur til baka og óskuðu þeim góðrar ferðar. **34** \*— **35** En Páll og Barnabas héldu kyrru fyrir í Antiókkíu og kenndu og boðuðu fagnaðarboðskapinn, orð Jehóva,\* ásamt mörgum öðrum.

**36** Nokkrum dögum síðar sagði Páll við Barnabas: „Förum nú“ aftur og heimsækjum trússysteminum okkar í öllum borgunum þar sem við höfum boðað orð Jehóva\* og sjáum hvernig þau hafa það.“ **37** Barnabas var ákveðinn í að taka með Jóhannes sem var kallað-

ur Markús. **38** Páll var hins vegar ekki hlynntur því að taka hann með þar sem hann hafði yfirgefið þá í Pamfýlíu og ekki haldið verkinu áfram með þeim. **39** Þeir rifust svo harkalega um þetta að leiðir þeirra skildu. Barnabas tók Markús með sér og sigldi til Kýpur **40** en Páll kaus sér Sílas og hélt af stað eftir að bræðurnir höfðu beðið Jehóva\* að gæta hans og sýna honum einstaka góðvild sína. **41** Hann fór um Sýrland og Kilíkíu og styrkti söfnuðina.

**16** Páll kom nú til Derbe og síðan til Lýstru. Þar var lærisveinn sem hét Tímóteus, sonur trúaðrar konu sem var Gyðingur en faðir hans var grískur. **2** Bræðurnir í Lýstru og Íkóníum báru honum gott orð. **3** Páll vildi gjarnan að Tímóteus kæmi með sér og hann umskar hann vegna Gyðinganna á þessum slóðum því að þeir vissu allir að faðir hans var Grikki. **4** Þeir fóru nú um borgirnar og fluttu mönnum úrskurð postulanna og öldunganna í Jerúsalem sem þeir áttu að fylgja. **5** Söfnuðirnir héldu þá áfram að styrkjast í trúnni og urðu fjölmennari dag frá degi.

**6** Þeir fóru líka um Frýgiu og Galataland því að heilagur andi kom í veg fyrir að þeir boðuðu orðið í skattlandinu Asíu. **7** Þegar þeir síðan komu til Mýsíu reyndu þeir að fara til Bípýníu en andi Jesú leyfði þeim það ekki. **8** Þeir fóru því fram hjá\* Mýsíu og komu niður til Tróas. **9** Um nóttina sá Páll sýn. Makedónskur maður stóð hjá honum og bað hann heitt og innilega: „Komdu yfir til Makedóníu og hjálpaðu okkur.“ **10** Þegar hann hafði séð sýnina reyndum við strax að fara til Makedóníu því

15:26 \*Eða „sál“. 15:29 \*Eða „óblóðguðum“. \*Á grísku *porneía*. Sjá orðaskýringar. 15:34 \*Þetta vers er ekki í sumum fornnum handritum og tilheyrir greinilega ekki innblásinni frásögn Biblíunnar. 15:35, 36, 40 \*Sjá orðaskýringar. 15:36 \*Eða hugsanl. „Förum fyrir alla muni“.

16:8 \*Eða „um“.



að við ályktuðum sem svo að Guð hefði kallað okkur þangað til að flytja fólki fagnaðarboðskapinn.

**11** Við lögðum því út frá Tróas og sigldum beina leið til Samóþrake og daginn eftir til Neapólís. **12** Þaðan héldum við til Filippí sem er rómversk nýlenda og helsta borgin í þessum hluta Makedóníu. Við dvöldum í borginni í nokkra daga. **13** Á hvíldardeginum fórum við út fyrir hliðið að á nokkurri þar sem við töldum vera bænastað. Við settumst niður og fórum að tala við konurnar sem voru þar samankomnar. **14** Kona sem hét Lýdía og tilbað Guð hlustaði á. Hún var frá borginni Þýatíru og seldi purpura. Jehóva\* opnaði hjarta hennar svo að hún meðtók það sem Páll sagði. **15** Eftir að hún lét skírast ásamt heimilisfólki sínu sagði hún áköf: „Ef þið álítið mig trúan þjón Jehóva\* komið þá og gistið í húsi mínu.“ Og hún lagði fast að okkur að koma.

**16** Dag einn, þegar við vorum á leið á bænastaðinn, mætti okkur þjónustustúlka sem var haldin óhreinum anda, spásagnaranda. Hún aflaði húsbændum sínum mikilla tekna með spásögnum sínum. **17** Stúlkan elti Pál og okkur og hrópaði í sífellu: „Þessir menn eru þjónar hins hæsta Guðs og boða ykkur veginn til frelsunar.“ **18** Hún hélt þessu áfram svo dögum skipti. Páll varð að lokum leiður á því, sneri sér við og sagði við andann: „Ég skipa þér í nafni Jesú Krists að fara út af henni.“ Og hann fór samtundis út.

**19** Þegar húsbændum hennar varð ljóst að gróðavon þeirra var orðin að engu gripu þeir Pál og Sílas og drógu þá á torgið fyrir valdhafana. **20** Þeir leiddu

þá fyrir ráðamenn borgarinnar og sögðu: „Þessir menn valda mikilli ólgu í borginni. Þeir eru Gyðingar **21** og boða siði sem okkur leyfist ekki að taka upp né iðka þar sem við erum rómverskir borgarar.“ **22** Mannfjöldinn réðst nú að þeim, og ráðamennirnir slitu af þeim fótin og skipuðu að þeir skyldu hýddir. **23** Eftir að hafa látið berja þá mörg högg létu þeir varpa þeim í fangelsi og skipuðu fangaverðinum að gæta þeirra vandlega. **24** Þar sem hann fékk slíka skipun varpaði hann þeim í klefa innst í fangelsinu og festi fætur þeirra í stökk.

**25** Um miðnætti sátu Páll og Sílas og báðust fyrir og lofuðu Guð í söng en hinir fangarnir hlustuðu á þá. **26** Skyndilega varð öflugur jarðskjálfti og undirstöður fangelsisins skulfu. Í sömu andrá opnuðust allar dyr og fjötrarnir féllu af öllum föngunum. **27** Þegar fangavörðurinn vaknaði og sá að fangelsisdyrnar voru opnar greip hann sverð sitt og ætlaði að fyrirfara sér því að hann gerði ráð fyrir að fangarnir væru flúnir. **28** En Páll kallaði hárrí röddu: „Gerðu ekki sjálfum þér mein því að við erum allir hérna!“ **29** Fangavörðurinn bað þá um ljós, flýtti sér inn og féll skjálfandi á kné frammi fyrir Páli og Sílasí. **30** Hann leiddi þá út og sagði: „Herrar mínir, hvað þarf ég að gera til að bjargast?“ **31** Þeir svöruðu: „Trúðu á Drottin Jesú og þá muntu bjargast, bæði þú og heimilisfólk þitt.“ **32** Síðan boðuðu þeir honum og öllu heimilisfólki hans orð Jehóva.\* **33** Meðan enn var nótt tók hann þá með sér og þvoði sár þeirra. Að því búnu lét hann skírast ásamt öllu heimilisfólki sínu. **34** Hann fór síðan með þá heim til sín, gaf þeim að borða og fagnaði því ásamt heimilisfólki sínu að hafa tekið trú á Guð.

35 Um morguninn sendu ráðamennirnir varðmenn með þessi skilaboð: „Láttu þessa menn lausa.“

36 Fangavörðurinn flutti Páli orð þeirra og sagði: „Ráðamenn borgarinnar hafa sent menn með boð um að láta ykkur tvo lausa. Gangið því út og farið í friði.“ 37 En Páll sagði við varðmennina: „Þeir hýddu okkur opinberlega án dóms og laga\* þótt við séum rómverskir borgarar og vörpuðu okkur í fangelsi. Ætla þeir nú að reka okkur út með leynd? Ég held nú síður. Þeir geta sjálfir komið og fylgt okkur út.“ 38 Varðmennirnir sögðu ráðamönnunum frá þessu en þeir urðu hræddir þegar þeir heyrðu að mennirnir væru rómverskir borgarar. 39 Þeir komu því og báðust afsökunar, fylgdu þeim út og báðu þá að fara burt úr borginni. 40 Eftir að hafa yfirgefið fangelsið fóru þeir heim til Lýdíu. Þar hittu þeir bræðurna og systurnar, uppörvuðu þau og héldu síðan leiðar sinnar.

**17** Þeir fóru nú um Amfípólís og Apollóníu og komu til Þessaloníku en þar áttu Gyðingar samkunduhús. 2 Eins og Páll var vanur fór hann þangað inn og þrjá hvíldardaga rökræddi hann við þá út frá Ritningunum. 3 Hann skýrði þær og vísaði í þær til að sanna að Kristur þurfti að þjást og rísa upp frá dauðum og sagði: „Þessi Jesús sem ég boða ykkur, hann er Kristur.“ 4 Sumir þeirra tóku þá trú og gengu til liðs við Pál og Sílas og sömuleiðis allmargar áhrifakonur og mikill fjöldi Grikkja sem tilbað Guð.

5 En Gyðingar fylltust öfund og hóuðu saman illmennum sem slæptust á torginu, fengu í lið með sér múg manna og ollu uppþoti í borginni. Þeir réðust inn í hús

Jasonar og vildu færa Pál og Sílas fyrir æstan múginn. 6 En þegar þeir fundu þá ekki drógu þeir Jason og nokkra aðra bræður fyrir stjórnendur borgarinnar og hrópðu: „Þessir menn, sem hafa umturnað\* heimsbyggðinni, eru líka komnir hingað 7 og Jason hefur boðið þeim inn á heimili sitt. Allir þessir menn brjóta gegn tilskipunum keisarans og segja að annar sé konungur og það sé Jesús.“ 8 Múgurinn og stjórnendurnir urðu skelkaðir þegar þeir heyrðu þetta 9 og eftir að hafa látið Jason og hina leggja fram fullnægjandi tryggingu létu þeir þá fara.

10 Strax um nóttina sendu bræðurnir bæði Pál og Sílas til Beroju. Þegar þeir komu þangað gengu þeir inn í samkunduhús Gyðinga. 11 Gyðingar þar voru göfuglyndari en þeir sem bjuggu í Þessaloníku því að þeir tóku við orðinu af mesta áhuga og rannsökuðu Ritningarnar daglega til að kanna hvort það sem þeir heyrðu væri rétt. 12 Margir þeirra tóku því trú og einnig allmargar virtar grískar konur og nokkrir grískir karlar. 13 En þegar Gyðingar í Þessaloníku fréttu að Páll væri einnig að boða orð Guðs í Beroju komu þeir þangað til að æsa upp fólkið og valda ólgu. 14 Bræðurnir sendu Pál samstundis af stað til sjávar en Sílas og Tímóteus urðu báðir eftir. 15 Þeir sem fylgdu Páli fóru með honum alla leið til Aþenu en sneru svo til baka með boð frá honum um að Sílas og Tímóteus skyldu koma til hans eins fljótt og hægt væri.

16 Meðan Páll beið eftir þeim í Aþenu angraði það hann mjög að sjá að borgin var full af skurðgoðum. 17 Hann tók því að rökræða

16:37 \*Eða „án réttarhalda“.

17:6 \*Eða „valdið vandræðum í“.

í samkunduhúsinu við Gyðinga og aðra sem tilbáðu Guð og ræddi daglega við þá sem urðu á vegi hans á torginu. **18** En nokkrir heimspekingar, bæði epíkúringar og stóumenn, fóru að þræta við hann og sumir þeirra sögðu: „Hvað er það sem þessi kjaftaskur vill segja?“ Aðrir sögðu: „Hann virðist boða framandi guði.“ Það stafaði af því að hann boðaði fagnaðarboðskapinn um Jesú og upprisuna. **19** Þeir tóku hann með sér á Areopagushæð og sögðu: „Getum við fengið til að vita hver þessi nýja kenning er sem þú boðar? **20** Það sem þú flytur okkur hljómar undarlega í eyrum okkar og við viljum vita hvað það merkir.“ **21** Aþeningar og útlendingar sem dvöldust meðal þeirra\* notuðu reyndar allar frístundir til að segja frá eða hlusta á einhverjar nýjungar. **22** Páll steig nú fram á miðri Areopagushæð og tók til máls:

„Aþeningar, mér sýnist að þið séuð á allan hátt trúhneigðari\* en aðrir. **23** Þegar ég gekk um og virti fyrir mér það sem þið dýrkið\* fann ég meira að segja altari sem á var lettað: ‚Helgað okunnum guði.‘ Ég boða ykkur einmitt þann Guð sem þið tilbiðjið en þekkið ekki. **24** Sá Guð sem gerði heiminn og allt sem í honum er, hann sem er Drottinn himins og jarðar, hann býr ekki í musterum sem menn hafa gert. **25** Hann þarf ekki heldur á þjónustu manna að halda eins og hann þarfnadist einhvers því að sjálfur gefur hann öllum líf og andardrátt og alla hluti. **26** Og hann gerði af einum manni allar þjóðir til að byggja allt yfirborð jarðar og hann tiltók ákveðna

tíma og setti því mörk hvar menn myndu búa. **27** Þetta gerði Guð til að þeir leituðu hans og vonaði að þeir þreifufuðu sig til hans og fyndu hann en reyndar er hann ekki langt frá neinum okkar. **28** Það er honum að þakka að við lifum, hreyfum okkur og erum til, rétt eins og sum af skáldum ykkar hafa sagt: ‚Við erum líka börn\* hans.‘

**29** Fyrst við erum börn\* Guðs megum við ekki halda að guðdómurinn sé líkur smíði úr gulli, silfri eða steini sem menn hafa upphugað og búið til. **30** Guð hefur vissulega umborið vanþekkingu liðinna tíma en nú boðar hann mönnum alls staðar að allir skuli iðrast **31** því að hann hefur ákveðið dag þegar hann ætli að láta mann sem hann hefur valið dæma heimsbyggðina með réttvísi. Og hann hefur gefið öllum tryggingu fyrir því með því að reisa hann upp frá dauðum.“

**32** Þegar menn heyrðu minnst á upprisu frá dauðum gerðu sumir gys að en aðrir sögðu: „Við viljum heyra meira um þetta seinna.“ **33** Páll fór nú leiðar sinnar **34** en nokkrir fylgdu honum og tóku trú. Þeirra á meðal voru Díónýsíus, sem var dómari við Areopagusdóminn, kona að nafni Damaris og fleiri.

**18** Eftir þetta fór hann frá Aþenu og kom til Korintu. **2** Þar hitti hann Gyðing sem hét Akvílas og var frá Pontus. Hann hafði nýlega flust frá Ítalíu ásamt Priskillu eiginkonu sinni því að Kládíus hafði fyrirskipað að allir Gyðingar skyldu yfirgefa Róm. Páll fór til þeirra **3** og þar sem þau stunduðu sömu iðn og hann bjó hann hjá þeim og vann með þeim en þau voru tjaldgerðarmenn.

17:21 \*Eða „komu þangað“. 17:22 \*Eða „þið óttist guðina meira á allan hátt“. 17:23 \*Eða „helga muni ykkar“.

17:28, 29 \*Eða „afkvæmi“.

4 Hann flutti ræðu\* í samkundu-húsinu á hverjum hvíldardegi og sannfærði bæði Gyðinga og Grikki.

5 Þegar þeir Sílas og Tímóteus komu þangað frá Makedóníu gaf Páll sig allan að því að boða orðið og vitna fyrir Gyðingum til að sanna að Jesús væri Kristur.

6 En þeir voru andsnúnir honum og hæddust að honum. Hann dustaði þá rykið af þötum sínum og sagði við þá: „Þið getið sjálfum ykkur um kennt ef þið farist.\* Ég ber ekki sök á því. Héðan í frá fer ég til fólks af þjóðunum.“

7 Hann flutti sig þaðan\* og í hús manns sem hét Títus Jústus og tilbað Guð en hús hans lá að samkundu-húsinu. 8 En Krispus samkundustjóri tók trú á Drottin ásamt öllu heimilisfólki sínu. Margir Korintumenn sem heyrðu boðskapinn tóku einnig trú og létu skírast.

9 Drottinn birtist Páli í sýn að nóttu til og sagði: „Vertu óhræddur og haltu áfram að tala. Þagnaðu ekki 10 því að ég er með þér. Enginn mun ráðast á þig og gera þér mein því að ég á margt fólk í þessari borg.“ 11 Þess vegna dvaldist hann þar í eitt og hálf ár og kenndi fólki orð Guðs.

12 Þegar Gallíón var landstjóri\* í Akkeu tóku Gyðingar sig saman, gerðu atlögu að Páli, leiddu hann fyrir dómarasætið 13 og sögðu: „Þessi maður telur fólk á að tilbiðja Guð á þann hátt sem stríðir gegn lögunum.“ 14 En í þann mund sem Páll ætlaði að taka til máls sagði Gallíón við þá: „Gyðingar, ef um væri að ræða eitt-hvert brot eða alvarlegan glæp hefði ég ástæðu til að hlusta þolin-

móður á mál ykkar. 15 En ef þið eruð að deila um orð og nöfn og ykkar eigin lög verðið þið sjálfir að ráða fram úr því. Ég vil ekki dæma í slíkum málum.“ 16 Síðan rak hann þá burt frá dómarasætinu. 17 Þeir gripu þá Sósþenes samkundustjóra og fóru að berja hann fyrir framan dómarasætið en Gallíón lét það með öllu afskiptalaust.

18 Eftir að Páll hafði dvalið þar um nokkurn tíma til viðbótar kvaddi hann bræðurna og systurnar og sigldi áleiðis til Sýrlands ásamt Priskilla og Akvílasi. Hann hafði látið klippa hárið stutt í Kenkreu því að hann hafði gefið Guði heit. 19 Þau komu nú til Efesus. Þar skildi Páll við þau en fór sjálfur í samkunduhúsið og rök-ræddi við Gyðinga. 20 Þeir\* báðu hann að dvelja þar lengur en hann féllst ekki á það 21 heldur kvaddi þá og sagði: „Ég kem aftur til ykkar ef Jehóva\* vill.“ Síðan lét hann úr höfn í Efesus 22 og kom til Sesar- eu. Hann fór upp eftir\* og heilsaði söfnuðinum og hélt síðan til Antí- okkíu.

23 Eftir að hafa verið þar um tíma fór hann þaðan og ferðaðist stað úr stað um Galataland og Frýgiu og styrkti alla lærisveinana.

24 Gyðingur nokkur, sem hét Apollós og var frá Alexandríu, kom nú til Efesus. Hann var vel máli farinn og vel að sér í Ritningunum. 25 Hann hafði verið fræddur<sup>#</sup> um veg Jehóva,\* og brennandi í andan- um talaði hann og fræddi fólk ítar- lega um Jesú. Hann þekkti þó að- eins skírn Jóhannesar. 26 Hann tók að tala djarfmannlega í sam- kunduhúsinu, og þegar Priskilla og

18:4 \*Eða „rök-ræddi við þá sem voru“. 18:6

\*Orðrétt „Blóð ykkar komi yfir höfuð ykkar“.

18:7 \*Það er, úr samkunduhúsinu. 18:12

\*Eða „prókonsúll“, rómverskur skattlands- stjóri. Sjá orðaskýringar.

18:20 \*Eða „þau“. 18:21, 25 \*Sjá orða- skýringar. 18:22 \*Greinilega til Jerúsalem.

18:25 \*Eða „fræddur munnlega“.

Akvílas heyrðu hann tala tóku þau hann að sér og útskýrðu veg Guðs nánar fyrir honum. **27** Hann vildi fara yfir til Akkeu og bræðurnir skrifuðu því lærisveinunum þar og hvöttu þá til að taka vel á móti honum. Þegar hann kom þangað var hann mikil hjálp þeim sem höfðu tekið trú vegna einstakrar góðvildar Guðs. **28** Hann talaði af eldmóði fyrir öpunum tjöldum og sannaði að Gyðingar hefðu á röngu að standa með því að sýna þeim út frá Ritningunum að Jesús væri Kristur.

**19** Meðan Apollós var í Korintu fór Páll um innsveitirnar og kom til Efesus. Þar hitti hann nokkra lærisveina **2** og sagði við þá: „Fenguð þið heilagan anda þegar þið tókuð trú?“ Þeir svöruðu: „Við höfum aldrei heyrt að heilagur andi sé til.“ **3** Þá spurði hann: „Hvaða skírn voruð þið þá skírðir?“ „Skírn Jóhannesar,“ svöruðu þeir. **4** Páll sagði þá: „Jóhannes skírði fólk til tákns um að það iðraðist og sagði því að trúa á þann sem kæmi eftir sig, það er að segja Jesús.“ **5** Þegar þeir heyrðu þetta létu þeir skírast í nafni Drottins Jesú. **6** Páll lagði síðan hendur yfir þá og þeir fengu heilagan anda, fóru að tala erlend tungumál og spá. **7** Mennirnir voru um 12 talsins.

**8** Páll gekk í samkunduhúsið og í þrjá mánuði talaði hann djarfmannlega, flutti ræður og rökræddi á sannfærandi hátt um ríki Guðs. **9** En sumir voru þrjóskir, vildu ekki trúa\* og töluðu niðrandi um Veginn svo allir heyrðu. Þá sagði hann skilivið við þá, tók lærisveinana með sér og flutti síðan ræður daglega í salnum í skóla Týrannusar. **10** Hann gerði þetta í tvö ár þannig að allir sem bjuggu í skattlandinu Asíu

heyrðu orð Drottins, bæði Gyðingar og Grikkir.

**11** Guð lét Pál vinna einstök máttarverk **12** og jafnvel klútar og svuntur sem Páll hafði komist í snertingu við voru færð sjúklingum og þeir læknuðust og illir andar fóru út af þeim. **13** En nokkrir Gyðingar sem fóru um og ráku út illa anda reyndu einnig að nefna nafn Drottins Jesú yfir þeim sem voru andsetnir og sögðu: „Ég skipa ykkur í nafni Jesú, sem Páll boðar, að fara út.“ **14** Sjó synir Skeva, yfirprests nokkurs hjá Gyðingum, reyndu þetta. **15** En illi andinn svaraði þeim: „Ég þekki Jesús og kannast við Pál en hverjir eruð þið?“ **16** Maðurinn sem var haldinn illa andanum stökk síðan á þá og yfirbugaði þá hvern á fætur öðrum og þeir flúðu naktir og særðir út úr húsinu. **17** Allir Efesusbúar fréttu af þessu, bæði Gyðingar og Grikkir, og urðu ótta-slegnir. Þetta varð nafni Drottins Jesú til mikillar upphéðar. **18** Og margir þeirra sem höfðu tekið trú komu, játuðu athæfi sitt og sögðu frá því frammi fyrir öllum. **19** Þó nokkrir sem höfðu stundað galdra söfnuðu saman bókum sínum og brenndu þær að öllum ásja-andi. Þeir reiknuðu út að þær hefðu verið 50.000 silfurpeninga virði. **20** Orð Jehóva\* var máttugt þannig að það breiddist út og eflidist.

**21** Eftir þetta ákvað Páll að fara um Makedóníu og Akkeu og síðan til Jerúsalem. Hann sagði: „Eftir að ég hef verið þar þarf ég líka að fara til Rómur.“ **22** Hann sendi síðan tvo aðstoðarmenn sína, þá Tímóteus og Erastus, til Makedóníu en hélt sjálfur kyrru fyrir um tíma í skattlandinu Asíu.

19:9 \*Eða „sumir forhertu sig, trúðu ekki“.

19:20 \*Sjá orðaskýringar.

23 Um þessar mundir urðu talsverðar óeirðir út af Veginum.

24 Silfursmiður nokkur, sem hét Demetríus, bjó til eftirlíkingar af musteri Artemísar og handverksmennirnir höfðu góðar tekjur af því. 25 Hann kallaði þá saman ásamt öðrum sem smíðuðu slíka gripi og sagði: „Góðir menn, þið vitið vel að velmegun okkar byggist á þessari starfsemi. 26 Nú sjá ið þið og heyrið að þessi Páll hefur snúið fjölda fólks og fengið það á sitt band, ekki aðeins í Efesus heldur um nánast alla Asíu. Hann segir að guðirnir sem gerðir eru af mannahöndum séu ekki alvöruguðir. 27 Sú hætta blasir við að starfsemi okkar fái á sig óorð en líka að musteri hinnar miklu gyðju Artemísar verði einskis metið, og að hún, sem er tilbeðin um alla Asíu og heimsbyggðina, verði svipt dýrðarljóma sínum.“ 28 Þegar mennirnir heyrðu þetta urðu þeir fokreiðir og fóru að hrópa: „Mikil er Artemis Efesusmanna!“

29 Öll borgin komst nú í uppnám og menn þustu allir sem einn í leikhúsið og drógu með sér þá Gajus og Aristarkus, ferðafélaga Páls frá Makedóníu. 30 Páll var fyrir sitt leyti reiðubúinn að fara inn til mannfjöldans en lærisveinarnir leyfðu honum það ekki. 31 Jafnvel sumir af stjórnendum hátíða og kappleikja, sem voru vinveittir honum, sendu honum boð og báðu hann eindregið um að hætta sér ekki inn í leikhúsið. 32 Menn hrópuðu hver sitt því að mannfjöldinn var í uppnámi og fæstir vissu hvers vegna þeir voru samankomnir. 33 Gyðingar ýttu fram manni sem hét Alexander og hann var leiddur út úr mannfjöldanum. Hann benti með hendinni að hann vildi skýra málið fyrir fólkinu.

34 En þegar fólkið áttaði sig á að hann var Gyðingur hrópaði það í kór í hér um bil tvo tíma: „Mikil er Artemis Efesusmanna!“

35 Þegar borgarrítaranum tókst loksins að róa mannfjöldann sagði hann: „Efesusmenn, hvaða maður veit ekki að borg Efesusmanna varðveitir musteri hinnar miklu Artemísar og líkneskið sem féll af himni? 36 Fyrst ekki verður um það deilt ættuð þið að halda ró ykkar og ekki gera neitt í fljótferni. 37 Þið hafið komið hingað með þessa menn sem hafa hvorki rænt musteri né lastmælt gyðju okkar. 38 Ef Demetríus og hinir handverksmennirnir vilja ákæra einhvern eru til landstjórar\* og haldin eru réttarhöld á vissum dögum. Þá geta þeir ákært hver annan. 39 En ef þið viljið ná einhverju meiru fram þarf að ákveða það á löglegu þingi. 40 Nú eigum við hins vegar á hættu að vera sakaðir um að æsa til uppreisnar vegna þess sem gerðist í dag þar sem við getum með engu móti réttlætt þessi ólæti.“ 41 Að svo mæltu lét hann mannfjöldann fara.

**20** Þegar látunum linniti sendi Páll eftir lærisveinunum. Hann uppörvaði þá og kvaddi þá síðan og lagði af stað til Makedóníu. 2 Eftir að hafa farið um svæðið og veitt lærisveinunum þar mikla uppörvun kom hann til Grikklands. 3 Hann dvaldist þar í þrjá mánuði en þegar hann ætlaði að sigla til Sírlands uppgötvaði hann að Gyðingar höfðu bruggað honum launráð og ákvað þá að fara til baka um Makedóníu. 4 Í för með honum voru Sópater Pýrrusson frá Beroju, Aristarkus og Sekúndus frá Þessaloníku, Gajus frá

19:38 \*Eða „prókonsúlar“, rómverskir skattlandsstjórnar. Sjá orðaskýringar.

Derbe, Tímóteus og þeir Týkíkus og Trófímus frá skattlandinu Asíu. 5 Þeir fóru á undan okkur til Tróas og biðu okkar þar 6 en við sigldum frá Filippí eftir hátíð ósýrðu brauðanna og komum til þeirra í Tróas á fimmta degi. Þar vorum við í sjö daga.

7 Fyrsta dag vikunnar, þegar við söfnuðumst saman til að borða, tók Páll til máls og talaði til þeirra sem voru samankomnir því að hann ætlaði að halda ferðinni áfram daginn eftir. Hann talaði allt til miðnættis. 8 Í herberginu á efstu hæð, þar sem við höfðum safnast saman, voru margir lampar. 9 Í glugganum sat ungur maður sem hét Evtýkus. Hann steinsofnaði meðan Páll var að tala, féll niður af þriðju hæð og var látinn þegar menn lyftu honum upp. 10 En Páll fór niður, beygði sig yfir hann, tók utan um hann og sagði: „Verið róleg, hann er lifandi.“ 11 Hann fór síðan upp, braut brauðið og byrjaði að borða. Hann ræddi við þau enn um stund, allt fram í dögum, og hélt síðan ferð sinni áfram. 12 En þau fóru með drenginn og það var þeim mikil huggun að hann skyldi vera á lífi.

13 Við fórum nú til skips og sigldum til Assus þar sem við ætluðum að taka Pál um borð eins og hann hafði beðið okkur um en sjálfur ætlaði hann þangað fótgangandi. 14 Þegar við svo hittum hann í Assus tókum við hann um borð og héldum til Mitýlene. 15 Næsta dag sigldum við af stað og staðnæmdumst út af Kíos. Við komum við á Samos daginn eftir og náðum til Miletus á þriðja degi. 16 Páll hafði ákveðið að sigla fram hjá Efesus til að tejfast ekki í skatt-

landinu Asíu því að hann vildi flýta sér til Jerúsalem og ná þangað á hvítasunnudag ef hægt væri.

17 Hann sendi hins vegar boð frá Miletus til Efesus og kallaði öldunga safnaðarins á sinn fund. 18 Þegar þeir komu til hans sagði hann við þá: „Þið vitið vel hvernig ég lifði meðal ykkar allt frá þeim degi sem ég kom fyrst til skattlandsins Asíu. 19 Ég vann baki brotnu fyrir Drottin í allri auðmýkt, með tárum og í raunum sem Gyðingar ollu mér með launráðum sínum. 20 Þið vitið líka að ég hikaði ekki við að segja ykkur allt sem var ykkur til gagns\* né kenna ykkur opinberlega og hús úr húsi. 21 Ég skýrði ítarlega bæði fyrir Gyðingum og Grikkjum að þeir ættu að iðrast frammi fyrir Guði og trúa á Drottin okkar Jesú. 22 Nú er ég á leið til Jerúsalem, knúinn af\* andanum, en ég veit ekki hvað mætir mér þar 23 nema það sem heilagur andi segir mér ítrekað í borg eftir borg að fanga víst og þjáningar bíði mín. 24 En líf\* mitt skiptir mig engu máli“ ef ég fæ aðeins að ljúka hlaupinu og þjónustunni sem ég fékk frá Drottni Jesú, að boða rækilega fagnaðarboðskapinn um einstaka góðvild Guðs.

25 Nú veit ég að enginn ykkar sem ég boðaði ríkið fær að sjá mig framar. 26 Ég kalla ykkur því til vitnis um það nú í dag að ég er hreinn af blóði allra 27 því að ég hef boðað ykkur vilja\* Guðs og ekkert dregið undan. 28 Hafid gætur á sjálfum ykkur og allri hjörðinni sem heilagur andi hefur falið ykkur til umsjónar, til að

20:20 \*Eða „fyrir bestu“. 20:22 \*Orörétt „bundinn í“. 20:24 \*Eða „sál“. \*Eða „er mér einskis virði“. 20:27 \*Eða „alla fyrirætlun“.

20:10 \*Eða „sál hans er í honum“.

þið séuð hirðar safnaðar Guðs sem hann keypti með blóði síns eigin sonar. **29** Ég veit að grimmir úlfar\* munu blanda sér í hópinn eftir að ég er farinn og ekki fara mildilega með hjörðina, **30** og úr hópi sjálfra ykkar munu koma fram menn sem rangsnúa sannleikanum til að tæla lærisveinana á eftir sér.

**31** Haldið því vöku ykkar og munið að ég leiðbeindi hverjum og einum ykkar stöðugt með tárum dag og nótt í þrjú ár. **32** Megi nú Guð og orðið um einstaka góðvild hans vernda ykkur, en það getur byggt ykkur upp og veitt ykkur arfleifðina meðal allra hinna heilögu. **33** Ég hef ekki ágirnst silfur né gull né fót nokkurs manns. **34** Þið vitið sjálfir að þessar hendur hafa unnið fyrir þörfum mínum og þörfum þeirra sem voru með mér. **35** Ég hef sýnt ykkur í öllu að eins eigið þið að vinna hörðum höndum til að hjálpa þeim sem eru veikburða, og hafa í huga orð Drottins Jesú en hann sagði: „Það er ánægjulegra að gefa en þiggja.“

**36** Eftir að hafa sagt þetta féll hann á kné ásamt þeim öllum og baðst fyrir. **37** Allir fóru að gráta sáran og þeir föðmuðu Pál\* og kysstu hann ástúðlega **38** því að þeim var mjög brugðið að heyra hann segja að þeir myndu ekki sjá hann framar. Síðan fylgdu þeir honum til skips.

**21** Eftir að hafa slitið okkur frá þeim létum við úr höfn og sigldum beinustu leið til Kós, næsta dag til Ródos og þaðan til Patara. **2** Þar fundum við skip sem átti að fara til Föníkíu, stigum um borð og sigldum þaðan. **3** Við sáum til

Kýpur en fórum fram hjá eyjunni á bakborða,\* héldum áfram til Sírylands og komum að landi í Týrus þar sem átti að afferma skipið. **4** Við leituðum lærisveinana uppi og stöldruðum við í sjö daga. En í ljósi þess sem andinn birti þeim báðu þeir Pál margsníis að stiga ekki fæti inn í Jerúsalem. **5** Eftir að hafa dvalist þar héldum við ferð okkar áfram og allir lærisveinarnir, ásamt konum og börnum, fylgdu okkur út úr borginni. Við krupum á kné á ströndinni, báðumst fyrir **6** og kvöldumst. Síðan stigum við um borð í skipið en hinir sneru aftur heim.

**7** Frá Týrus sigldum við til Ptólemáis og lukum þar sjóferðinni. Við heilsuðum upp á bræðurna og systurnar og vorum hjá þeim einn dag. **8** Daginn eftir fórum við til Sesareu og komum í hús Filippusar trúboða sem var einn mannanna sjö og dvöldumst hjá honum. **9** Hann átti fjórar ógiftar dætur\* sem voru gæddar spádómsgáfu. **10** Þegar við höfðum verið þar þó nokkra daga kom spámaður sem hét Agabus ofan frá Júdeu. **11** Hann kom til okkar, tók belti Páls, batt fætur sína og hendur og sagði: „Heilagur andi segir: Þannig munu Gyðingar í Jerúsalem binda manninn sem á þetta belti og framselja hann mönnum af þjóðunum.“ **12** Þegar við heyrðum þetta sárþændum við Pál um að fara ekki til Jerúsalem og eins gerðu hinir sem voru þar. **13** Þá sagði Páll: „Hvers vegna eruð þið að gráta og reyna að draga úr mér kjark? Ég fullvissa ykkur um að ég er bæði tilbúinn til að láta binda mig og til að deyja í Jerúsalem fyrir nafn Drottins Jesú.“ **14** Þegar ekki tókst að

20:29 \*Eða „að úlfar sem þjaka“. 20:37 \*Orðrétt „féllu um háls Páli“.

21:3 \*Eða „fram hjá með eyjuna á vinstri hönd“. 21:9 \*Orðrétt „fjórar dætur, meyjar“.



telja honum hughvarf gáfumst við upp\* og sögðum: „Verði vilji Jehóva.“<sup>#</sup>

**15** Eftir þetta bjuggumst við til ferðar og lögðum af stað til Jerúsalem. **16** Nokkrir lærisveinar frá Sesareu urðu okkur samferða og fóru með okkur til Mnasons frá Kýpur, eins af fyrstu lærisveinunum, en þar var okkur boðið að gista. **17** Þegar við komum til Jerúsalem tóku bræðurnir okkur fagnandi. **18** Daginn eftir fór Páll með okkur til Jakobs þar sem allir öldungarnir voru samankomnir. **19** Hann heilsaði þeim og skýrði síðan ítarlega frá því sem Guð hafði gert meðal þjóðanna með þjónustu hans.

**20** Þeir lofuðu Guð þegar þeir höfðu heyrt þetta en sögðu við Pál: „Þú sérð, bróðir, hve margar þúsundir Gyðinga hafa tekið trú og þeim er öllum kappsmál að fylgja lögnum. **21** En þeir hafa heyrt sögusagnir um að þú kennir öllum Gyðingum sem búa meðal þjóðanna fráhrarf frá Móse og segir þeim að umskera hvorki börn sín né fylgja rötgrónum síðum. **22** Hvað er þá til ráða? Þeir fréttu fyrir víst að þú sért kominn. **23** Gerðu því eftirfarandi: Hjá okkur eru fjórir menn sem hafa unnið heit. **24** Taktu þessa menn með þér, hreinsaðu þig ásamt þeim samkvæmt helgisiðunum og berðu kostnaðinn fyrir þá svo að þeir geti látið raka höfuðið. Þá sjá allir að orðrómurinn um þig er tilhæfulaus og að þú gerir það sem er rétt og lifir samkvæmt lögnum. **25** En trúðuð fólk af þjóðunum höfum við sent bréf með þeim úrskurði okkar að það skuli halda sig frá því sem hefur verið fórnað skurð-

21:14 \*Orðrétt „þögnuðum við“. <sup>#</sup>Sjá orðaskýringar.

goðum, og frá blóði, kjöti af köfnuðum\* dýrum og kynferðislegu siðleysi.“<sup>#</sup>

**26** Páll tók þá mennina með sér daginn eftir og hreinsaði sig ásamt þeim samkvæmt helgisiðunum, og hann gekk í musteritil að láta vita hvenær hreinsunardögnum lyki og færa skyldi fórn fyrir hvern og einn þeirra.

**27** Þegar dagarnir sjö voru næstum á enda sáu Gyðingar frá Asíu hann í musterinu. Þeir æstu upp allan mannfjöldann, gripu Pál **28** og hrópuðu: „Ísraelsmenn, hjálpið okkur! Þetta er maðurinn sem fer um allt og kennir öllum það sem er andstætt fólk okkar, lögum okkar og þessum stað. Auk þess hefur hann komið með Grikki inn í musteritil og vanhelgað þennan heilaga stað.“ **29** Þetta sögðu þeir vegna þess að þeir höfðu áður séð Trófímus frá Efesus með Páli í borginni og gerðu ráð fyrir að hann hefði farið með hann inn í musteritil. **30** Öll borgin var í uppnámi og fólk til kom hlaupandi, greip Pál, dró hann út úr musterinu og dyrunum var síðan lokað umsvifalaust. **31** Menn reyndu að drepa hann en þá var hersveitarföngingjum sagt að allt væri á öðrum endanum í Jerúsalem. **32** Hann brást skjótt við, tók með sér hermenn og liðsföringja og hljóp niður til þeirra. Þegar þeir sáu hersveitarföngingjann og hermennina hættu þeir að berja Pál.

**33** Hersveitarfönginginn steig fram, lét handtaka hann og skipaði að hann skyldi bundinn tvennum hlekkjum. Hann spurði síðan hver hann væri og hvað hann hefði gert. **34** En sumir í mannfjöldanum hrópuðu eitt og aðrir annað. Þar

21:25 \*Eða „óblóðguðum“. <sup>#</sup>Á grísku *porneía*. Sjá orðaskýringar.

sem hersveitarforinginn gat ekki orðið neins vísari vegna ólátanna fyrirskipaði hann að farið skyldi með Pál inn í bækistöðvar hermannanna. **35** Þegar Páll kom að tröppunum þurftu hermennirnir að bera hann vegna ofsans í mannfjöldanum **36** en múgur manns elti og æpti: „Drepið hann!“

**37** Í þann mund sem átti að leiða Pál inn í bækistöðvar hermannanna spurði hann hersveitarforingjann: „Má ég segja nokkur orð við þig?“ „Kannstu grísku?“ svaraði hann. **38** „Ertu þá ekki Egyptinn sem æsti til uppreisnar fyrir nokkru og fór með launmorðingjana 4.000 út í óbyggðirnar?“ **39** Páll svaraði: „Ég er reyndar Gyðingur frá Tarsus í Kilikíu, borgari í ekki ómerkilegri borg. Ég bið þig að leyfa mér að tala til fólksins.“ **40** Hann leyfði það og Páll bandaði með hendinni til fólksins þar sem hann stóð í tröppunum. Þegar hann hafði fengið hljóð ávarpaði hann fólki á hebrsku og sagði:

**22** „Menn, bræður og feður, heyrið það sem ég vil segja mér til varnar.“ **2** Þegar þeir heyrðu að hann ávarpaði þá á hebrsku urðu þeir enn hljóðari. Þá sagði hann: **3** „Ég er Gyðingur, fæddur í Tarsus í Kilikíu en menntaður í þessari borg við fætur Gamaliels, fræddur samkvæmt ströngustu túlkun á lögum forfeðranna og jafn ákafur í þjónustu Guðs og þið eruð allir nú í dag.“ **4** Ég ofsótti þá sem fylgdu Veginum og lét fjotra, fangelsa og jafnvel lífláta bæði karla og konur **5** eins og æðstipresturinn og allt öldungaráðið geta vitnað um. Ég fékk líka bréf hjá þeim til bræðranna í Damaskus og var á leiðinni þangað til að taka þá sem voru þar og flytja í fjötrum til Jerúsalem og láta refska þeim.

**6** En þegar ég nálgadist Damaskus um hádegisbil leiftraði skyndilega á mig skært ljós af himni **7** og ég féll til jarðar og heyrði rödd sem sagði við mig: ‚Sál, Sál, hvers vegna ofsækirðu mig?‘ **8** Ég svaraði: ‚Hver ertu, Drottinn?‘ Hann sagði: ‚Ég er Jesús frá Nasaret sem þú ofsækir.‘ **9** Þeir sem voru með mér sáu ljósið en heyrðu ekki rödd þess sem talaði við mig. **10** Þá spurði ég: ‚Hvað á ég að gera, Drottinn?‘ Hann svaraði mér: ‚Stattu á fætur og farðu til Damaskus. Þar verður þér sagt frá öllu sem þér er ætlað að gera.‘ **11** En þar sem ég blindaðist af skæru ljósinu þurftu þeir sem voru með mér að leiða mig til Damaskus.

**12** Ananíás nokkur, guðrækinn maður sem fylgdi lögnum og hafði gott orð á sér meðal allra Gyðinga þar, **13** kom nú til mín, nam staðar hjá mér og sagði: ‚Sál, bróðir, fáðu sjónina aftur.‘ Í sömu andrá leit ég upp og sá hann. **14** Hann sagði: ‚Guð forfeðra okkar hefur valið þig til að kynnast vilja sínum og sjá hinn réttláta og heyra rödd hans **15** því að þú átt að vera vottur hans og segja öllum mönnum frá því sem þú hefur séð og heyrt. **16** Eftir hverju ertu að biða? Stattu upp, láttu skírast og þvoðu af þér syndir þínar með því að ákalla nafn hans.‘

**17** Þegar ég var kominn aftur til Jerúsalem og baðst fyrir í musterinu fékk ég vitrun **18** og sá Drottinn. Hann sagði við mig: ‚Flyttu þér burt úr Jerúsalem því að menn munu ekki taka við því sem þú boðar um mig.‘ **19** Ég svaraði: ‚Drottinn, þeir vita sjálfir mætafel að ég fór úr einu samkundu-húsi í annað til að fangelsa og hýða þá sem tróðu á þig, **20** og þegar blóði Stefáns vottar þíns

var úthellt var ég samþykkur því og stóð þar hjá og gætti yfirhafna þeirra sem drápu hann.’ **21** Hann sagði samt við mig: ‚Farðu nú því að ég ætla að senda þig til fjarlæggra þjóða.“

**22** Þeir höfðu hlustað á hann fram að þessu en nú hrópuðu þeir: „Burt með þennan mann af jörðinni því að hann á ekki skilið að lifa!“ **23** Þeir æptu hástöfum, sveifluðu yfirhöfnum sínum til og frá og þyrluðu ryki upp í loftið. **24** Hersveitarfönginn fyrirskipaði því að farið yrði með Pál inn í bækistöðvar hermanna og skipaði að þar skyldi yfirheyra hann og húðstrýkja til að fá að vita með vissu hvers vegna Gyðingar veittust að honum með slíkum hrópum. **25** En þegar þeir höfðu bundið Pál fastan til að húðstrýkja hann sagði hann við liðsforingjann sem stóð þar: „Megið þið lögum samkvæmt húðstrýkja rómverskan borgara án þess að hann sé dæmdur?“ **26** Þegar liðsforinginn heyrði þetta fór hann til hersveitarföngjans, sagði honum frá því og spurði: „Hvað ætlaðu nú að gera? Þessi maður er rómverskur.“ **27** Hersveitarfönginn fór þá til Páls og spurði hann: „Segðu mér, ertu rómverskur?“ „Já,“ svaraði hann. **28** Þá sagði hersveitarfönginn: „Ég keypti þennan ríkisborgararétt dýrum dómum.“ En Páll sagði: „Ég hef haft hann frá fæðingu.“

**29** Mennirnir sem ætluðu að fara að pynta hann til sagna hörfuðu samstundis frá honum og hersveitarfönginn varð hræddur þegar hann uppgötvaði að hann hafði látið hlekkja rómverskan mann.

**30** Daginn eftir lét hann leysa Pál og kallaði saman yfirprestana

og allt Æðstaráðið því að hann vildi fá að vita með vissu fyrir hvað Gyðingar ákærðu hann. Síðan fór hann með Pál niður til þeirra og leiddi hann fram fyrir þá.

**23** Páll horfði fast á Æðstaráðið og sagði: „Menn, bræður, ég hef að öllu leyti haft hreina samvisku frammi fyrir Guði allt til þessa dags.“ **2** Ananíás ædstiprestur skipaði þá þeim sem stóðu hjá honum að slá hann á munninn. **3** En Páll sagði við hann: „Guð mun slá þig, þú hvítalkaði veggur.\* Situr þú og dæmir mig samkvæmt lögnum en brýtur jafnframt lögin með því að skipa að ég skuli sleginn?“ **4** Þeir sem stóðu hjá sögðu: „Smánarðu ædstaprest Guðs?“ **5** En Páll svaraði: „Bræður, ég vissi ekki að hann væri ædstiprestur. Skrifað stendur: ‚Þú skalt ekki tala niðrandi um leiðtoga þjóðar þinnar.“

**6** Nú vissi Páll að sumir þeirra voru saddúkear en aðrir farisear og hrópaði yfir Æðstaráðið: „Menn, bræður, ég er farisei, kominn af fariseum. Ég er fyrir rétti vegna vonarinnar um uppris dauðra.“

**7** Þegar hann sagði þetta kviknaði deila milli farisea og saddúkea og ráðið skiptist í tvo hópa **8** því að saddúkear segja að hvorki sé til upprisa, englar né andar en farisear trú á\* allt þetta. **9** Nú varð mikið uppnám og sumir fræðimenn af flokki farisea risu upp og hrópuðu af miklum ofsa: „Við sjáum ekki að þessi maður hafi gert neitt rangt. Segjum að andi eða engill hafi talað við hann ...“ **10** Nú harðnaði deilan og hersveitarfönginn óttaðist að þeir myndu slíta Pál í sundur. Hann skipaði því hermönnum að fara og bjarga

23:3 \*Eða „þú hræsni“. 23:8 \*Eða „játa opinberlega“.

22:25 \*Eða „án réttarhalda“.

honum frá þeim og flytja hann í bækistöðvar sínar.

**11** Um nóttina stóð Drottinn hjá honum og sagði: „Hertu upp hugann! Þú átt eftir að vitna um mig í Róm rétt eins og þú hefur vitnað rækilega um mig í Jerúsalem.“

**12** Morguninn eftir gerðu Gyðingar samsæri og sóru þess eið\* að borða hvorki né drekka fyrr en þeir hefðu drepíð Pál. **13** Yfir 40 menn sóru eiðinn og tóku þátt í samsærinu. **14** Þeir fóru til yfirprestanna og öldunganna og sögðu: „Við höfum svarið þess dýran eið að bragða ekki mat fyrr en við höfum drepíð Pál. **15** Þið og Æðstaráðið skuluð því biðja hersveitarföngjann að koma með hann niður til ykkar og láta eins og þið viljið rannsaka mál hans betur. En við verðum tilbúnir að ráða hann af dögum áður en hann kemst alla leið.“

**16** Systursonur Páls frétti hins vegar af launsátrinu sem þeir áformuðu, gekk inn í bækistöðvar hermanna og sagði Páli frá því. **17** Páll kallaði þá á einn af liðsföngjunum og sagði: „Farðu með þennan unga mann til hersveitarföngjans því að hann er með upplýsingar handa honum.“ **18** Hann fór þá með hann til hersveitarföngjans og sagði: „Fanginn Páll kallaði á mig og bað mig að fara til þín með þennan unga mann því að hann þarf að segja þér nokkuð.“ **19** Hersveitarfönginn leiddi hann afsíðis og spurði: „Hvað er það sem þú vilt segja mér?“ **20** Hann svaraði: „Gyðingar hafa komið sér saman um að biðja þig að leiða Pál fyrir Æðstaráðið á morgun. Þeir láta

eins og þeir ætli að kynna sér mál hans betur. **21** Farðu ekki að vilja þeirra því að meira en 40 menn úr þeirra hópi ætla að sitja fyrir honum og þeir hafa svarið þess eið að borða hvorki né drekka fyrr en þeir hafa drepíð hann. Þeir eru viðbúnir og biða nú eftir að þú gefir leyfi.“ **22** Hersveitarfönginn lét unga manninn fara og skipaði honum að segja engum að hann hefði látið sig vita af þessu.

**23** Hann kallaði til sín tvo liðsföngja og sagði: „Látið 200 hermenn vera tilbúna til að fara til Sesareu um þriðju stund nætur,\* auk 70 riddara og 200 spjótbera. **24** Hafið líka til hesta handa Páli til að koma honum heilum á húfi til Felix landstjóra.“ **25** Síðan skrifaði hann svohljóðandi bréf:

**26** „Kládius Lýsías sendir kveðju hinum göfuga landstjóra Felix. **27** Gyðingar tóku þennan mann og voru í þann mund að drepa hann en ég kom í flýti með hermönnum mínum og bjargaði honum þegar ég uppgötvaði að hann var rómverskur. **28** Ég vildi vita fyrir hvað þeir ákærðu hann og fór því með hann fyrir Æðstaráð þeirra. **29** Ég komst að raun um að hann var ákærður vegna ágreinings um lög þeirra en ekki sakaður um neitt sem kallar á dauðarefsingu eða fangavist. **30** En þar sem ég fékk að vita af samsæri gegn mannum sendi ég hann undireins til þín og skipa að ákærendur hans flytji mál sitt gegn honum fyrir þér.“

**31** Hermennirnir tóku þá Pál eins og þeim var skipað og fóru með hann um nóttina til Antípatris. **32** Daginn eftir sneru þeir aftur til bækistöðvanna en létu riddarana halda áfram með hann. **33** Riddararnir komu til Sesareu,

23:12 \*Eða „skuldbundu sig með bölvun“, það er, þeir trúðu að þeir kölluðu yfir sig bölvun ef þeir héldu ekki eiðinn.

23:23 \*Það er, um kl. 21.

afhentu landstjóranum bréfið og leiddu Pál fyrir hann. **34** Hann las bréfið, spurði frá hvaða skattlandi hann væri og fékk að vita að hann væri frá Kilíkíu. **35** „Ég hlusta á málsvörn þína þegar ákærendur þínir koma,“ sagði hann. Síðan fyrirskipaði hann að Páll skyldi hafður í gæslu í höll Heródesar.

**24** Fimm dögum síðar kom Ananías ædstiprestur til Sesaru ásamt nokkrum öldungum og málflytjanda\* sem hét Tertúllus, og þeir lögðu mál sitt gegn Páli fyrir landstjórann. **2** Þegar Tertúllusi var boðið að hefja málsóknina tók hann til máls og sagði:

„Fyrir þína tilstuðlan njótum við mikils friðar og sökum framsýni þinnar hafa miklar umbætur orðið hjá þjóð okkar. **3** Göfugi Felix, við viðurkennum það alls staðar og öllum stundum, fullir þakklætis. **4** En svo að ég tefji þig sem minnst bið ég þig að sýna okkur þá góðmennsku að hlýða örstutt á okkur. **5** Við höfum komist að raun um að þessi maður er plága.\* Hann æsir til uppreisnar meðal allra Gyðinga um alla heimsbyggðina og er forsprakki sértrúarflokks nasarea. **6** Hann reyndi einnig að vanhelga musteríð svo að við tókum hann höndum. **7** \*— **8** Þegar þú yfirheyrir hann kemstu sjálfur að raun um að allt stent sem við ákærum hann fyrir.“

**9** Gyðingar tóku nú undir ákær-una og fullyrtu að þetta væri rétt. **10** Landstjórinn gaf Páli merki um að taka til máls og Páll sagði:

„Mér er vel kunnugt að þú hefur verið dómari þessarar þjóðar

árum saman og ég skal því fúslega verja mál mitt. **11** Þú getur sjálfur sannreynt að ekki eru nema 12 dagar síðan ég fór upp til Jerúsalem til að tilbiðja Guð **12** og ég var hvorki staðinn að því að þræta við neinn í musterinu né æsa til óeirða, hvorki í samkunduhusunum né annars staðar í borginni. **13** Þeir geta ekki heldur sannað fyrir þér það sem þeir ákæra mig fyrir núna. **14** Ég viðurkenni að ég veiti Guði forfeðra minna heilaga þjónustu á þann hátt sem þeir kalla sértrú en trúu jafnframt öllu sem fram kemur í lögunum og stendur skrifað í spá-mönnunum. **15** Og ég hef sömu von og þessir menn, að Guð muni reisa upp bæði réttláta og rangláta. **16** Þess vegna reyni ég alltaf að varðveita hreina\* samvisku frammi fyrir Guði og mönnum. **17** Eftir margra ára fjarveru kom ég aftur til að færa löndum mínum fátækrahjálp og bera fram fórnir. **18** Þeir komu að mér í musterinu meðan ég var að því. Ég var hreinn samkvæmt helgisiðunum, enginn mannsöfnuður var hjá mér og ég olli engum óspektum. En þar voru nokkrir Gyðingar frá skattlandinu Asíu **19** sem hefðu átt að vera hér til að ákæra mig frammi fyrir þér ef þeir hefðu eitthvað haldsbært til að saka mig um. **20** Eða láttu mennina sem eru hér sjálfa segja hvað þeir fundu saknæmt þegar ég stóð fyrir Æðstaráðinu, **21** annað en þetta eina sem ég hrópaði meðan ég stóð meðal þeirra: „Ég er fyrir rétti í dag vegna þess að ég trúu á upprisnu dauðra.“

**22** En Felix, sem þekkti nokkuð vel til Vegarins, frestaði nú málinu og sagði: „Ég skal skera úr máli ykkar þegar Lýsías hersveitar-

24:1 \*Eða „lögmanni“. 24:5 \*Eða „ófriðar-seggur“. 24:7 \*Þetta vers er ekki í sumum fornum handritum og tilheyrir greinilega ekki innblásinni frásögn Biblíunnar.

24:16 \*Eða „óflekkaða“.

foringi kemur hingað.“ **23** Hann skipaði liðsforingjanum að hafa manninn áfram í varðhaldi en veita honum visst frjálsræði og leyfa vinum hans að sjá fyrir þörfum hans.

**24** Nokkrum dögum síðar kom Felix ásamt Drúsillu eiginkonu sinni, en hún var Gyðingur. Hann lét sækja Pál og hlustaði á hann tala um trúna á Krist Jesú. **25** En þegar Páll ræddi um réttlæti, sjálfstjórn og komandi dóm varð Felix hræddur og sagði: „Farðu nú, ég læt kalla á þig aftur við tækifæri.“ **26** Í og með vonaðist hann til að Páll gæfi sér peninga. Hann lét því sækja hann oft til að ræða við hann. **27** En að tveim árum liðnum tók Porkíus Festus við af Felix, og þar sem Felix vildi afla sér velvildar Gyðinga lét hann Pál eftir í haldi.

**25** Þrem dögum eftir að Festus kom til skattlandsins og tók við völdum fór hann frá Sesareu upp til Jerúsalem. **2** Yfirprestarnir og fyrimenn Gyðinga lögðu fram ákærun sínar gegn Páli. Þeir báðu Festus **3** að gera sér þann greiða að láta senda Pál til Jerúsalem en þeir ætluðu að sitja fyrir honum á leiðinni og drepa hann. **4** Festus svaraði hins vegar að Páll skyldi vera áfram í varðhaldi í Sesareu og að sjálfur færi hann bráðlega þangað aftur. **5** „Látið því ráðamenn ykkar koma með mér og ákæra manninn,“ sagði hann, „ef hann hefur á annað borð brotið eitthvað af sér.“

**6** Festus hafði ekki verið hjá þeim nema í átta eða tíu daga þegar hann fór niður til Sesareu, og daginn eftir settist hann í dómarsætið og skipaði að Páll skyldi leiddur inn. **7** Gyðingarnir sem höfðu komið frá Jerúsalem umkringdu hann þegar hann kom inn

og báru á hann margar þungar sakir sem þeir gátu ekki sannað.

**8** Páll varði sig og sagði: „Ég hef hvorki syndgað gegn lögum Gyðinga, musterinu né keisaranum.“ **9** Festus, sem vildi afla sér velvildar Gyðinga, spurði þá Pál: „Viltu fara til Jerúsalem og fá dæmt í málinu þar að mér viðstöddum?“ **10** En Páll svaraði: „Ég stend nú fyrir dómarsæti keisarans og þar á ég að hljóta dóm. Ég hef ekki gert neitt á hlut Gyðinga eins og þú hefur örugglega áttað þig á. **11** Ef ég hef gerst brotlegur og framið eitthvað sem kallar á dauðarefsingu biðst ég ekki undan því að deyja. En ef ekkert er hæft í ásökunum þessara manna á hendur mér hefur enginn rétt til að láta það eftir þeim að framselja mig í hendur þeirra. Ég skýt máli mínu til keisarans.“ **12** Eftir að Festus hafði talað við ráðgjafa sína svaraði hann: „Þú hefur skotið máli þínu til keisarans og til keisarans skaltu fara.“

**13** Nokkrum dögum síðar komu Agrippa konungur og Berníke til Sesareu í kurteisisheimsókn til Festusar. **14** Þar sem þau dvöldust þar allmarga daga lagði Festus mál Páls fyrir konung og sagði:

„Hér er fangi sem Felix skildi eftir. **15** Þegar ég var í Jerúsalem báru yfirprestar og öldungar Gyðinga fram ákæru gegn honum og báðu um að hann yrði dæmdur sekur. **16** En ég svaraði að Rómverjar væru ekki vanir að framselja nokkurn sakborning í greiðaskyni fyrr en hann hefði staðið frammi fyrir ákærendum sínum og fengið tækifæri til að verja mál sitt. **17** Þegar þeir komu lét ég málið ekki tejfast heldur settist í dómarsætið daginn eftir og lét leiða manninn inn. **18** Ákærendurnir stigu fram en sökuðu hann

ekki um nein þau brot sem ég hafði búist við. **19** Þeir áttu einfaldlega í deilum við hann um guðsdýrkun\* sjálfra þeirra og um Jesú nokkurn sem var dáinn en Páll fullyrti að væri lifandi. **20** Þar sem ég var óviss um hvernig ætti að taka á þessum deilum spurði ég hvort hann vildi fara til Jerúsalem og láta dæma í málinu þar. **21** En Páll fór fram á að hans hátign\* skæri úr máli sínu og að hann yrði í varðhaldi þangað til. Ég fyrirskipaði þá að hann skyldi hafður í haldi þar til ég gæti sent hann til keisarans.“

**22** Agrippa sagði þá við Festus: „Ég vil gjarnan fá að hlusta á manninn sjálfur.“ Hinn svaraði: „Þú færð að hlusta á hann á morgun.“ **23** Daginn eftir komu Agrippa og Berníke með mikilli viðhöfn og gengu inn í áheyrendalinn ásamt hersveitarfóringjum og framámönnum borgarinnar. Páll var síðan leiddur inn að skipun Festusar. **24** Festus sagði: „Agrippa konungur og þið öll sem eruð viðstödd. Hér sjáði þið manninn sem er orsök þess að allt samfélag Gyðinga, bæði hér og í Jerúsalem, hefur snúið sér til mín. Það heimtar hástöfum að hann skuli tekinn af lífi. **25** En ég áttaði mig á að þessi maður hefur ekki gert neitt sem varðar dauðarefsingu. Þegar hann skaut máli sínu sjálfur til hans hátignar ákvað ég því að senda hann þangað. **26** En ég hef ekkert haldbært að skrifa herra mínum um hann og þess vegna hef ég leitt hann fyrir ykkur öll, og sérstaklega fyrir þig, Agrippa konungur, svo að ég hafi eitthvað til að skrifa að lokinni yfirheyrslu. **27** Mér finnst fráleitt

25:19 \*Eða „trú“. 25:21 \*Eða „Ágústus“. Einn af titlum rómverska keisarans.

að senda fanga án þess að tilgreina fyrir hvað hann er ákærður.“

**26** Agrippa sagði við Pál: „Þú mátt tala máli þínu.“ Páll rétti þá út höndina, hóf vörn sína og sagði:

**2** „Agrippa konungur, ég tel mig lánsaman að það er frammi fyrir þér sem ég fæ að verja mig í dag gegn öllu því sem Gyðingar ásaka mig um, **3** sérstaklega þar sem þú ert vel að þér í öllum síðum og ágreiningsmálum Gyðinga. Þess vegna bið ég þig að hlusta þolinmóður á mig.

**4** Allir Gyðingar sem þekktu mig áður vita hvernig ég lifði frá unga aldri með þjóð minni og síðan í Jerúsalem. **5** Ef þeir vildu gætu þeir vitnað um að ég var farísei og fylgdi ströngustu stefnu trúar okkar. **6** En nú er ég lögsóttur fyrir vonina um að Guð uppfylli loforðið sem hann gaf forfeðrum okkar. **7** Þetta er sama loforð og ættkvíslir okkar 12 vonast til að sjá rætast þegar þær veita honum heilaga þjónustu af ákafa dag og nótt. Fyrir þessa von, konungur, er ég ákærður af Gyðingum.

**8** Hvers vegna teljið\* þið ótrúlegt að Guð reisi upp hina dónu? **9** Sjálfur var ég sannfærður um að ég ætti að berjast með öllum ráðum gegn nafni Jesú frá Nasaret. **10** Það gerði ég einmitt í Jerúsalem. Ég hneppti marga hinna heilögu í fangelsi og hafði vald til þess frá yfirprestunum, og þegar menn vildu taka þá af lífi greiddi ég atkvæði með því. **11** Ég reyndi að þvinga þá til að afneita trú sinni með því að refsa þeim æ fan í æ í öllum samkunduhúsunum. Og þar sem ég var ævareiður út í þá gekk ég jafnvel svo langt að ofsækja þá í öðrum borgum.

26:8 \*Orðrétt „dæmið“.

12 Þegar ég var á leiðinni til Damaskus í slíkum erindagerðum með vald og umboð frá yfirprestunum 13 sá ég, konungur, ljós frá himni um hádegisbil. Það var bjartara en ljómi sólar og leiftraði á mig og samferðamenn mína. 14 Við féllum allir til jarðar og ég heyrði rödd segja við mig á hebræsku: „Sál, Sál, hvers vegna ofsækirðu mig? Þú gerir þér erfitt fyrir með því að spyrna á móti broddstafnum.“\* 15 En ég spurði: „Hver ertu, Drottinn?“ Og Drottinn svaraði: „Ég er Jesús sem þú ofsækir. 16 Rístu nú upp og stattu á fætur. Ég birtist þér vegna þess að ég hef valið þig til að vera þjónn minn og bera vitni bæði um það sem þú hefur séð og það sem ég mun láta þig sjá. 17 Ég mun bjarga þér frá þessari þjóð og þjóðunum sem ég sendi þig til. 18 Þú átt að opna augu þeirra, snúa þeim frá myrkri til ljóss og frá valdi Satans til Guðs svo að þær geti fengið fyrirgefningu synda sinna og arf með þeim sem hafa helgast vegna trúar á mig.“

19 Þess vegna, Agrippa konungur, óhlýðnaðist ég ekki hinni himnesku vitrun 20 heldur boðaði fyrst Damaskusbúum og síðan Jerúsalembúum, allri Júdeu og einnig þjóðunum að iðrast og snúa sér til Guðs með því að vinna verk sem hæfa iðruninni. 21 Af þessari ástæðu gripu Gyðingar mig í musterinu og reyndu að drepa mig. 22 En þar sem Guð hefur hjálpað mér hef ég haldið áfram til þessa dags að vitna fyrir háum sem lágum. Og ég segi ekkert nema það sem spámennirnir og Móse sögðu að myndi gerast – 23 að Kristur ætti að þjást og að hann, sem var

fyrstur til að rísa upp frá dauðum, myndi boða ljós bæði Gyðingum og þjóðunum.“

24 Þegar hér var komið í málsvörn Páls sagði Festus hárrí röddu: „Þú ert að missa vitið, Páll! Allur lærdómurinn rænir þig vitinu!“ 25 En Páll svaraði: „Ég er ekki að missa vitið, göfugi Festus, heldur er það bæði satt og skynsamlegt sem ég segi. 26 Konungur þekkir vel til þessara mála svo að ég get talað hiklaust um þetta. Ég er viss um að ekkert af þessu hefur farið fram hjá honum enda hefur það ekki gerst í neinum afkima. 27 Trúirðu spámönnunum, Agrippa konungur? Ég veit að þú gerir það.“ 28 Agrippa svaraði Páli: „Þú yrðir ekki lengi að snúa mér til kristni.“ 29 Þá sagði Páll: „Hvort sem það tekur stuttan tíma eða langan bið ég Guð þess að bæði þú og allir sem hlusta á mig í dag verði eins og ég, að fjötrum mínum undanskildum.“

30 Þá stóð konungur upp og eins gerðu landstjórinn, Berníke og þeir sem sátu með þeim. 31 Á leiðinni út sögðu þau sín á milli: „Þessi maður hefur ekkert gert sem kallar á dauðarefsingu eða fangavist.“ 32 Agrippa sagði þá við Festus: „Það hefði mátt láta manninn lausan ef hann hefði ekki skotið máli sínu til keisarans.“

**27** Fyrst ákveðið var að við skyldum sigla til Ítalíu voru Páll og nokkrir aðrir fangar afhentir liðsforingja sem hét Júlíus og var úr hersveit Ágústusar. 2 Við fórum um borð í skip frá Adramýttíum sem átti að sigla til hafna við strönd skattlandsins Asíu og lögðum í haf. Aristarkus, makedónskur maður frá Þessaloníku, var með okkur. 3 Daginn eftir komum við að landi í Sídon. Júlíus var Páli

26:14 \*Broddstafur var oddhvass stafur notaður til að reka dýr áfram.



góðviljaður\* og leyfði honum að fara og hitta vini sína til að njóta umhyggju þeirra.

**4** Þaðan létum við í haf og sigldum í skjóli við Kypur því að við höfðum mótvind. **5** Síðan sigldum við um opið haf undan Kilíkíu og Pamfýliu og komum til hafnar í Mýru í Lýkíu. **6** Þar fann liðsforinginn skip frá Alexandríu sem var á leið til Ítalíu og lét okkur fara um borð. **7** Okkur miðaði hægt dögum saman en náðum með herkjum til Kníðus. Þar sem vindur tálmaði fór okkar sigldum við undir Krít við Salmóne og fengum þar skjól. **8** Við sigldum með erfiðismunum meðfram ströndinni og komum til staðar sem kallast Góðhafnir og er í grennd við borgina Laseu.

**9** Nú var liðinn dágóður tími og siglingar orðnar hættulegar því að komið var fram yfir föstu friðþæg-ingardagsins. Páll vildi því vara þá við og sagði: **10** „Góðir menn, ég sé að þessi sjóferð á eftir að enda með hrakningum. Bæði verður mikið tjón á farmi og skipi og við lendum í lífshættu.“ **11** En liðsforinginn tók meira mark á skipstjóranum og eiganda skipsins en því sem Páll sagði. **12** Þar sem höfnin hentaði illa til vetrarlegu mæltu flestir með að sigla þaðan og reyna að ná til Fönix og hafa vetrarlegu þar. Þessi höfn á Krít er opin til norðausturs og suðausturs.

**13** Þegar snerist í hæga sunnanátt töldu þeir að þeir myndu ná markmiði sínu, létu akkerum og sigldu meðfram Krít nærri landi. **14** En áður en langt um leið skall á norðaustan hvassviðri.\* **15** Skipið hrakti og ekki var hægt að beita því upp í vindinn svo að við gáf-

umst upp og létum reka. **16** Síðan komumst við í var við litla eyju sem nefnist Káda. Þar gátum við með naumindum bjargað skipsbátum\* við skutinn. **17** Eftir að hafa híft hann um borð reyrðu þeir skipsskrokkinn köðlum til að styrkja hann. Þeir öttuðust að skipið myndi stranda í Syrtuflóa\* og felldu því seglin og létu reka. **18** Daginn eftir fóru þeir að kasta farmi fyrir borð til að létta skipið þar sem það veltist um í illviðrinu. **19** Á þriðja degi köstuðu þeir bún- aði skipsins fyrir borð.

**20** Þegar hvorki sá til sólar né stjarna dögum saman og ofsaverðrinu linnti ekki urðum við vondaufir um að bjargast. **21** Nú höfðu menn ekki borðað lengi. Páll steig þá fram og sagði: „Góðir menn, þið hefðuð átt að fara að ráðum mínum og leggja ekki úr höfn á Krít. Þá hefðuð þið ekki orðið fyrir þessum hrakningum og tjóni. **22** En nú hvet ég ykkur til að herða upp hugann því að enginn ykkar\* mun týna lífi, aðeins skipið mun farast. **23** Í nótt stóð hjá mér engill þess Guðs sem ég tilheyrir og veiti heilaga þjónustu. **24** Hann sagði: „Óttastu ekki, Páll. Þú átt að koma fyrir keisarann og þín vegna mun Guð bjarga öllum sem eru þér samferða.“ **25** Herðið því upp hugann, góðir menn. Ég trúí að Guð geri allveg eins og mér var sagt. **26** Okkur hlýtur að bera að landi á einhverri eyju.“

**27** Um miðnætti 14. nóttina sem okkur hrakti um Adríahaf fór skipverja að gruna að við værum að nálgast land. **28** Þeir mældu dýpið og reyndist það 20 faðmar.\* Eft-

27:3 \*Eða „sýndi Páli mannúð“. 27:10 \*Eða „sálir okkar verða í hættu“. 27:14 \*Á grísku *Evrakýlon*.

27:16 \*Smábátur sem hægt var að nota sem björgunarbát. 27:17 \*Sjá orðaskýringar. 27:22 \*Eða „engin sál ykkar á meðal“. 27:28 \*Um 36 m. Sjá orðaskýringar.

ir að skipið hafði rekið aðeins lengra mældu þeir á ný og var dýpið þá 15 faðmar.\* **29** Þeir óttuðust að okkur kynni að reka upp á sker, köstuðu fjórum akkerum úr skutnum og biðu þess óþreyjufullir að það birti af degi. **30** Skipverjar reyndu að flýja skipið og settu skipsbátinn útbyrðis en þóttust vera að kasta akkerum úr stefninu. **31** Páll sagði þá við liðsforingjann og hermennina: „Þið getið ekki bjargast nema þessir menn séu kyrrir um borð.“ **32** Hermennirnir hjuggu þá festar bátsins og létu hann reka burt.

**33** Undir dögum hvatti Páll alla til að fá sér matarbita og sagði: „Þetta er 14. dagurinn sem þið hafið beðið örvæntingarfullir og ekkert borðað. **34** Ég hvet ykkur því til að borða eitthvað, það er ykkur til góðs. Enginn ykkar mun týna hári af höfði sér.“ **35** Að svo mæltu tók hann brauð, þakkaði Guði í allra auglýn, braut það og fékk sér að borða. **36** Allir urðu nú vongóðir og borðuðu líka. **37** Alls vorum við 276 manns\* á skipinu. **38** Þegar þeir höfðu borðað nægju sína létu þeir skipið með því að kasta hveitifarminum fyrir borð.

**39** Þegar birti þekktu þeir ekki landið en sáu þar vík með sandfjöru og ákváðu að reyna að beina skipinu þar á land. **40** Þeir hjuggu á akkerisfestarnar, skildu akkerin eftir í sjónum og losuðu böndin af stýrisárunum. Síðan drógu þeir upp framseglid og létu berast undan vindi til strandar. **41** Þeir lentu á rífi, skipið strandaði og stefnið sat fast en skuturinn tók að liðast í sundur í hafrótinu. **42** Hermennirnir ákváðu þá

að drepa fangana þannig að enginn þeirra kæmist undan á sunði. **43** En liðsforinginn vildi bjarga Páli og afstýrði því sem þeir ætluðu sér. Hann skipaði þeim sem voru syndir að stökkva fyrstir fyrir borð og synda í land. **44** Hinir áttu að fylgja á eftir, ýmist á plönkum eða braki úr skipinu. Þannig komust allir heilu og höldnu í land.

**28** Eftir að við vorum komnir heilu og höldnu í land komumst við að raun um að eyjan hét Malta. **2** Heimamenn, sem töluðu erlent mál, sýndu okkur einstaka góðvild.\* Þeir kveiktu eld og hlúðu vel að okkur öllum því að það rigndi og kalt var í veðri. **3** En þegar Páll tindi saman sprek í knippi og lagði á eldinn skreið út höggormur undan hitanum og beit sig fastan í hönd hans. **4** Þegar heimamenn komu auga á eiturslönguna hanga á hendi hans sögðu þeir hver við annan: „Þessi maður hlýtur að vera morðingi. Hann bjargaðist úr sjónum en Réttvísinn\* leyfði honum samt ekki að lifa.“ **5** En hann hristi slönguna af sér í eldinn og varð ekki meint af. **6** Þeir bjuggust við að hann bólgnæði upp eða dytti skyndilega niður dauður. Eftir að hafa beðið dagóða stund og séð að honum varð ekki meint af skiptu þeir um skoðun og sögðu að hann væri guð.

**7** Skammt frá voru jarðir í eigu æðsta manns eyjunnar en hann hét Públíus. Hann bauð okkur velkomna og við vorum hjá honum í góðu yfirlæti í þrjá daga. **8** Svo vildi til að faðir Públíusar var rúmleggjandi með hita og blóðkreppu-sótt. Páll fór inn til hans og baðst fyrir, lagði hendur yfir hann og

27:28 \*Um 27 m. Sjá orðaskýringar. 27:37 \*Eða „sálir“.

28:2 \*Eða „mannúð“. 28:4 \*Á grísku *Dike*. Hugsanlega er átt við gýðju hefndar og réttvísi eða réttvísina sem hugtak.

læknaði hann. **9** Eftir þetta fóru allir aðrir á eyjunni sem voru veikir að koma til hans og læknað. **10** Þeir gáfu okkur margar gjafir í þakklætisskyni, og áður en við sigldum þaðan færðu þeir okkur allt sem við þurftum til fararinnar.

**11** Þrem mánuðum síðar lögðum við úr höfn á skipi sem bar merki sona Seifs. Skipið var frá Alexandríu og hafði legið við eyjuna um veturinn. **12** Við komum í höfn í Sýrakúsu og vorum þar í þrjá daga. **13** Þaðan sigldum við áfram til Regíum. Daginn eftir fengum við sunnanvind og náðum til Púteólí á öðrum degi. **14** Þar fundum við bræður og þeir hvöttu okkur til að staldra við í viku. Síðan héldum við áleiðis til Rómar. **15** Bræður og systur þar fréttu af okkur og komu á móti okkur alla leið til Appíusartorgs og Þribúða. Þegar Páll sá þau þakkaði hann Guði og fékk nýjan kraft. **16** Að lokum komum við til Rómar og Páli var þá leyft að búa út af fyrir sig ásamt hermanninum sem gætti hans.

**17** Að þrem dögum liðnum kallaði hann forystumenn Gyðinga á sinn fund. Þegar þeir voru samankomnir sagði hann við þá: „Menn, bræður, þó að ég hafi ekkert brotið gegn þjóð okkar eða síðum forfeðranna var ég tekinn til fanga í Jerúsalem og framseldur Rómverjum. **18** Eftir að hafa yfirheyrt mig vildu þeir láta mig lausan þar sem engin forsenda var fyrir því að taka mig af lífi. **19** En þegar Gyðingar andmæltu því neyddist ég til að skjóta máli mínu til keisarans. Það var þó ekki af því að ég vildi ákæra þjóð mína. **20** Ég ber þessa hlekki vegna vonar Ísraels og það er þess vegna sem ég bað um að fá að hitta ykkur og tala við ykkur.“ **21** Þeir svörðu: „Við höf-

um hvorki fengið bréf um þig frá Júdeu né hefur nokkur bræðranna sem hafa komið þaðan tilkynnt né sagt nokkuð slæmt um þig. **22** En okkur finnst rétt að heyra frá þér hverjar skoðanir þínar eru því að við vitum vel að þessum sértrúarflokki er alls staðar mótmælt.“

**23** Þeir ákváðu nú dag þegar þeir skyldu hitta hann og þá komu enn fleiri til hans þar sem hann bjó. Hann útskýrði málið vandlega fyrir þeim og vitnaði um ríki Guðs frá morgni allt til kvölds, og notaði bæði lög Móse og spámennina til að reyna að sannfæra þá um að þeir ættu að trú á Jesú. **24** Sumir trúðu því sem hann sagði en aðrir ekki. **25** Þar sem þeir voru ósammála sín á milli fóru þeir að tínast burt en Páll sagði þetta eitt: „Heilagur andi sagði forfeðrum ykkar réttilega fyrir milligöngu Jesaja spámanns: **26** „Farðu til þessa fólks og segðu: „Þið munuð vissulega heyra en alls ekki skilja og horfa en alls ekki sjá. **27** Hjörtu þessa fólks eru orðin ónæm. Það heyrir með eyrunum án þess að bregðast við því og það hefur lokað augunum svo að það sjái ekki með augunum né heyri með eyrunum né skilji með hjartanu og snúi við og ég lækni það.““ **28** Þið skuluð því vita að þessi leið Guðs til björgunar hefur verið boðuð þjóðunum og þær munu hlusta.“ **29** \*—

**30** Hann dvaldist þar í heil tvö ár í húsi sem hann leigði og tók vel á móti öllum sem komu til hans. **31** Hann boðaði þeim ríki Guðs og fræddi þá djarfmannlega um Drottin Jesú Krist án nokkurrar hindrunar.

**28:29** \*Þetta vers er ekki í sumum fornum handritum og tilheyrir greinilega ekki innblásinni frásögn Biblíunnar.

BRÉFIÐ TIL  
**RÓMVERJA**

YFIRLIT

- 1 Kveðjur (1-7)  
Pál langar til að heimsækja Róm (8-15)  
Hinn réttláti lifir vegna trúar (16, 17)  
Óguðlegir án afsökunar (18-32)  
Eðli Guðs birtist í  
sköpunarverkinu (20)
- 2 Dómur Guðs yfir Gyðingum og  
Grikkjum (1-16)  
Samviskan að verki (14, 15)  
Gyðingar og lögin (17-24)  
Umskurður hjartans (25-29)
- 3 „Guð skal reynast sannorður“ (1-8)  
Bæði Gyðingar og Grikkir eru á valdi  
syndarinnar (9-20)  
Réttlát vegna trúar (21-31)  
Dýrð Guðs utan seilingar allra (23)
- 4 Abraham lýstur réttlátur vegna  
trúar (1-12)  
Abraham, faðir allra sem trúa (11)  
Loforðið gefið vegna trúar (13-25)
- 5 Sættir við Guð vegna Krists (1-11)  
Dauði vegna Adams, líf vegna  
Kristis (12-21)  
Synd og dauði barst til allra (12)  
Eitt réttlætisverk (18)
- 6 Nýtt líf með því að skírast til  
Kristis (1-11)  
Látið ekki syndina ríkja í líkama  
ykkar (12-14)  
Þrælar syndarinnar verða þrælar  
Guðs (15-23)  
Laun syndarinnar eru dauði,  
gjöf Guðs er líf (23)
- 7 Laus undan lögunum lýst með  
dæmi (1-6)  
Syndin augljós vegna laganna (7-12)  
Baráttan við syndina (13-25)
- 8 Andinn veitir líf og frelsi (1-11)  
Andinn vitnar með þeim sem eru  
ættleidd börn Guðs (12-17)  
Sköpunin bíður eftir frelsi barna  
Guðs (18-25)  
„Andinn bíður fyrir okkar hönd“ (26, 27)
- Ákveðið fyrir fram af Guði (28-30)  
Sigur með hjálp Guðs sem elskar  
okkur (31-39)
- 9 Páll hryggur yfir Ísraelsmönnum (1-5)  
Sannir afkomendur Abrahams (6-13)  
Ekki hægt að vefengja hverja Guð  
velur (14-26)  
Ker reiðinnar og ker  
miskunnarinnar (22, 23)  
Aðeins fáeinir bjargast (27-29)  
Ísraelsmenn hrasa (30-33)
- 10 Að verða réttlátur í augum Guðs (1-15)  
Að játa trúna opinberlega (10)  
Þeir sem ákalla Jehóva bjargast (13)  
Fagrir fætur fagnaðarboðans (15)  
Fagnaðarboðskapnum hafnað (16-21)
- 11 Ísrael ekki hafnað með öllu (1-16)  
Líking um ólífutré (17-32)  
Djúpstæð viska Guðs (33-36)
- 12 Þjóðið fram líkama ykkar að  
lifandi fórn (1, 2)  
Ólíkar gjafir en einn líkami (3-8)  
Leiðbeiningar um kristið lífverni (9-21)
- 13 Undirgefin yfirvöldum (1-7)  
Að borga skatta (6, 7)  
Kærlekurinn uppfyllir lögin (8-10)  
Lífum eins og að degi til (11-14)
- 14 Dæmið ekki hvert annað (1-12)  
Verðum ekki öðrum að falli (13-18)  
Stuðlum að friði og einingu (19-23)
- 15 Takið vel á móti hvert öðru eins  
og Kristur (1-13)  
Páll, þjónn í þágu þjóðanna (14-21)  
Ferðaáætlanir Páls (22-33)
- 16 Páll kynnir Föbe sem þjónar  
í söfnuðinum (1, 2)  
Kveðjur til kristinna manna í Róm (3-16)  
Páll varar við sundrung (17-20)  
Kveðjur frá samstarfsmönnum  
Páls (21-24)  
Heilagur leyndardómur  
opinberaður (25-27)

**1** Frá Páli, þjóni Krists Jesú, sem er kallaður til að vera postuli og útvalinn\* til að boða fagnaðarboðskap Guðs **2** sem Guð lofaði fyrir milligöngu spámana sinna í heilagri Ritningu, **3** það er að segja boðskapinn um son hans. Hann fæddist sem maður af ætt Davíðs **4** en var lýstur sonur Guðs með krafti heilags anda þegar hann var reistur upp frá dauðum. Þetta er Jesús Kristur, Drottinn okkar. **5** Við\* nutum einstakrar góðvildar hans og hlutum postuladóm í þeim tilgangi að hjálpa fólki af öllum þjóðum að hlýða honum í trú og virða nafn hans. **6** Meðal þessara þjóða voruð þið líka kölluð svo að þið tilheyrðuð Jesú Kristi. **7** Til allra sem Guð elskar í Róm og eru kallaðir til að vera heilagir:

Megi Guð faðir okkar og Drottinn Jesús Kristur sýna ykkur einstaka góðvild og veita ykkur frið.

**8** Ég vil byrja á að þakka Guði mínum í nafni Jesú Krists fyrir ykkur öll því að trú ykkar er umtöluð um allan heim. **9** Guð er vottur þess að ég nefni ykkur sífellt í bænum mínum en honum veiti ég heilaga þjónustu af öllu hjarta\* þegar ég boða fagnaðarboðskapinn um son hans. **10** Og ég bið þess að mér takist loks að koma til ykkar ef þess er nokkur kostur og Guð vill það. **11** Ég þrái að sjá ykkur til að geta gefið ykkur andlega gjöf svo að þið styrkist, **12** eða öllu heldur til að við getum uppörvað hvert annað með trú okkar, bæði ykkar og minni.

**13** En ég vil að þið vitið, bræður og systur, að ég hef oft ætlað að koma til ykkar en hingað til hefur ýmislegt hindrað það. Mig langaði til að sjá starf mitt bera árangur

meðal ykkar eins og hjá hinum þjóðunum. **14** Ég stend í skuld bæði við Grikki og útlendinga,\* vitra og óskynsama. **15** Mér er því mikið í mun að boða einnig ykkur sem búið í Róm fagnaðarboðskapinn. **16** Ég skammast mín ekki fyrir fagnaðarboðskapinn enda er hann kraftur Guðs til að bjarga öllum sem trúa, fyrst Gyðingum og síðan Grikkjum. **17** Með honum opinberast réttlæti Guðs þeim sem trúa og það styrkir trúna, en skrifað stendur: „Hinn réttlæti mun lifa vegna trúar.“

**18** Reiði Guðs opinberast af himni gegn allri óguðlegri hegðun og ranglæti manna sem þagga niður sannleikann með ranglátum aðferðum sínum. **19** Það sem hægt er að vita um Guð blasir við þeim því að Guð hefur sýnt þeim það. **20** Ósýnilegt eðli hans, bæði eilífur máttur hans og guðdómur, hefur verið auðséð allt frá sköpun heimsins því að það má skynja af verum hans. Þess vegna hafa mennirnir enga afsökun. **21** Þótt þeir þekktu Guð lofuðu þeir hann ekki sem Guð né þökkðu honum heldur urðu þeir grunnhyggir, og skynlaus hjörtu þeirra hjúpuðust myrkri. **22** Þeir sögðust vera vitrir en urðu heimskir **23** og skiptu á dýrð hins óförgengilega\* Guðs og myndum sem líkjast förgengilegum mönnum, fuglum, ferfætlingum og skriðdýrum.

**24** Þess vegna gaf Guð þá á vald óhreinleika svo að þeir fylgdu því sem þeir girntust í hjörtum sínum og svívirtu þannig líkama sína. **25** Þeir skiptu út sannleikanum um Guð fyrir lygina og veittu lotningu\* og þjónuðu\* hinu skapaða í stað skaparans, hans sem er lofað

1:1 \*Orðrétt „aðgreindur“. 1:5 \*Eða „Ég“. Hugsanlegt er að Páll tali um sjálfan sig í fleirtölu. 1:9 \*Orðrétt „með anda mínum“.

1:14 \*Orðrétt „barbara“. Á þeim tíma hafði orðið ekki neikvæða merkingu. 1:23 \*Sjá orðaskýringar. 1:25 \*Eða „tilbáðu“. \*Eða „heilaga þjónustu“.

ur að eilífu. Amen. **26** Þess vegna gaf Guð þá svívirðilegum losta á vald því að bæði hafa konurnar breytt eðlilegum mökum í óeðlileg **27** og sömuleiðis hættu karlmennirnir eðlilegum mökum við konur og brunnu í losta hver til annars, karlmenn frömdu skömm með karlmönnum og tóku út á sjálfum sér verðskuldaða refsingu\* fyrir villu sína.

**28** Fyrst þeir kærðu sig ekki um að þekkja Guð\* gaf hann þá á vald hugarfari sem honum mislíkar svo að þeir gerðu það sem ekki sæmir. **29** Og þeir fylltust alls kyns ranglæti, mannvösku, græðgi\* og illsku, eru ófundsjúkir, blóðþyrstir, deilugjarnir, svíksamir, illgjarnir og slúðurberar.<sup>#</sup> **30** Þeir baktala, hata Guð, eru ósvifnir, hrokafullir og montnir, upphuga ill\* verk og eru óhlýðnir foreldrum sínum. **31** Þeir skilja ekki neitt, standa ekki við loforð sín, eru kærleikslausir og miskunnarlausir. **32** Þessir menn þekkja mætafel réttlát lög Guðs – að þeir sem stunda þetta eru dauðasekir. Samt gera þeir þetta og leggja þar að auki blessun sína yfir þá sem stunda það.

**2** Hver sem þú ert, maður, hefurðu enga afsökun ef þú dæmir því að þegar þú dæmir annan dæmirðu sjálfan þig, fyrst þú stundar það sama og hann. **2** Nú vitum við að dómur Guðs er í samræmi við sannleikann og kemur yfir þá sem stunda slíkt.

**3** En heldurðu að þú getir komist undan dómi Guðs, þú sem dæmir þá sem stunda slíkt en gerir það þó sjálfur? **4** Eða fyrirliturðu ríkulega góðvild hans, umburðarlyndi og þol-

inmæði og skilur ekki að Guð reynir í góðvild sinni að leiða þig til iðrunar? **5** En þar sem þú ert þrjóskur og iðrunarlaus í hjarta kallarðu yfir þig reiði Guðs á degi reiðinnar þegar réttlátur dómur hans er birtur. **6** Og hann endurgeldur hverjum og einum eftir verkum hans: **7** eilíft líf þeim sem sækjast eftir dýrð, heiðri og óförgengileika\* með því að sýna þolgæði í góðum verkum, **8** en reiði og bræði þeim sem eru þrætugjarnir og óhlýðnast sannleikanum en hlýða ranglætinu. **9** Hver maður\* sem gerir það sem er illt þarf að þola erfðleika og þjáningar, fyrst Gyðingurinn og síðan Grikkinn. **10** En hver sem gerir hið góða hlýtur dýrð, heiður og frið, fyrst Gyðingurinn og síðan Grikkinn. **11** Guð fer ekki í manngreinarárálit.

**12** Allir sem syndga og eru ekki undir lögnum deya þótt þeir séu ekki undir lögnum en allir sem syndga og eru undir lögnum verða dæmdir eftir þeim. **13** Þeir sem aðeins heyra lögin eru ekki réttlátir frammi fyrir Guði heldur eru þeir sem fylgja lögnum lýstir réttlátir. **14** Þegar menn af þjóðunum, sem hafa ekki lögin, gera af eðlishvöt það sem segir í lögnum eru þeir sjálfum sér lög þótt þeir hafi engin lög. **15** Þeir sýna að kjarni laganna er skráður í hjörtum þeirra þegar samviska þeirra vitnar innra með þeim og hugsanir þeirra annaðhvort ásaka þá eða afsaka. **16** Þetta gerist á þeim degi þegar Guð dæmir hið leynda hjá mönnum fyrir milligöngu Krists Jesú, en það er í samræmi við fagnaðarboðskapinn sem ég boða.

**17** Nú kallarðu þig Gyðing, reiðir þig á lögin og ert stoltur af sambandi þínu við Guð. **18** Þú þekkir

1:27 \*Eða „makleg málagjöld“. 1:28 \*Eða „þeir vildu ekki halda sig við Guð með nákvæmri þekkingu“. 1:29 \*Eða „ágirmd“. \*Eða „pískra“. 1:30 \*Eða „skáðleg“.

2:7 \*Sjá orðaskýringar. 2:9 \*Eða „Sál hvers manns“.

vilja hans og berð skynbragð á hvað skiptir máli vegna þess að þú ert fræddur\* um lögin. **19** Þú ert sannfærður um að þú leiðir blinda, lýsir þeim sem eru í myrkri, **20** leiðbeinir óskynsömum, kennir börnum og sjáir útlínur þekkingarinnar og sannleikans sem lögin miðla. **21** Þú sem kennir öðrum, kennir þú ekki sjálfum þér? Prédikar þú að ekki skuli stela en stelar þó sjálfur? **22** Segir þú að ekki skuli fremja hjúskaparbrott en fremur þó sjálfur hjúskaparbrott? Hefur þú viðbjóð á skurðgoðum en rænist þó musteri? **23** Ertu stoltur af því að hafa lögin en óvirðir þó Guð með því að brjóta lögin? **24** Það er eins og skrifað stendur: „Ykkar vegna er nafni Guðs lastmælt meðal þjóðanna.“

**25** Umskurður gerir þér aðeins gagn ef þú fylgir lögnum en ef þú brýtur lögin ertu eins og óumskorinn þótt þú sért umskorinn. **26** Ef því óumskorinn maður heldur réttlátar kröfur laganna, er þá ekki lítið á hann sem umskorinn? **27** Og maður sem er óumskorinn á líkama en heldur lögin dæmir þig sem brýtur lögin þó að þú hafir lagasafnið og umskurðinn. **28** Sá er ekki Gyðingur sem er það hið ytra né er umskurðurinn hið ytra, á líkamnum. **29** En sá er Gyðingur sem er það hið innra og það er hjartað sem er umskorið með hjálp andans en ekki lagasafns. Sá maður hlýtur lof frá Guði en ekki mönnum.

**3** Hvað hafa þá Gyðingar fram yfir aðra eða hvaða gagn er að því að vera umskorinn? **2** Mikíð á allan hátt. Fyrst og fremst var þeim trúað fyrir heilögum boðskap Guðs. **3** En suma þeirra skorti trú. Hvað um það? Gerir það trúfesti Guðs að engu? **4** Auðvitað ekki! Guð skal reynast sannorður þótt hver ein-

asti maður reyndist lygari, eins og skrifað stendur: „Til að það sýni sig að orð þín eru réttlát og þú vinnir mál þitt þegar þú ert ákærður.“

**5** En ef ranglæti okkar dregur fram réttlæti Guðs hvað eigum við þá að segja? Varla er Guð ranglátur þegar hann lætur reiði sína í ljós. (Ég tala nú eins og sumir menn gera.) **6** Auðvitað ekki! Hvernig ætti Guð þá að geta dæmt heiminn?

**7** En ef ég lýg og það dregur enn skýrar fram að Guð segir satt, og það er honum til lofs, af hverju er ég þá dæmdur syndari? **8** Hvers vegna segjum við ekki: „Gerum það sem er illt því að það hefur gott í för með sér“? Sumir halda því ranglega fram að við segjum þetta, en þeir fá þann dóm sem þeir verðskulda.

**9** Hvað þá? Erum við Gyðingar betur settir en aðrir? Alls ekki. Eins og við höfum þegar bent á eru bæði Gyðingar og Grikkir á valdi syndarinnar. **10** Það er eins og skrifað stendur: „Enginn er réttlátur, ekki einn einasti. **11** Enginn hefur nokkurn skilning, enginn leitar Guðs. **12** Allir hafa farið af réttri leið, allir eru orðnir óhæfir. Enginn sýnir góðvild, ekki nokkur maður.“ **13** „Kok þeirra er opin gróf, þeir blekkja með tungu sinni.“ „Höggormseitur er innan vara þeirra.“ **14** „Og munnur þeirra er fullur bölvunar og beiskju.“ **15** „Þeir eru fráir á fæti til að úthella blóði.“ **16** „Tortíming og eynd er í slóð þeirra **17** og þeir þekkja ekki veg friðarins.“ **18** „Enginn guðsótti býr í þeim.“

**19** Nú vitum við að allt sem stendur í lögnum er ætlað þeim sem eru undir lögnum til að hver munnur þagni og allur heimurinn þurfi að svara til saka fyrir Guði og eigi refsingu yfir höfði sér. **20** Enginn\* verður því lýstur rétt-

2:18 \*Eða „fræddur munnlega“.

3:20 \*Orðrétt „Ekkert hold“.

látur fyrir honum með því að fylgja lögnum því að með lögnum fá menn fulla vitneskju um syndina.

**21** En nú hefur réttlæti Guðs verið opinberað óháð lögnum eins og lögin og spámennirnir vitna um. **22** Já, allir sem trúa geta orðið réttlátir frammi fyrir Guði með því að trú á Jesú Krist því að það er enginn munur á mönnum. **23** Allir hafa syndgað og enginn nær að endurspegla dýrð Guðs **24** en Guð gaf þeim þá gjöf í einstakri góðvild sinni að lýsa þá réttláta. Hann gerði það með lausnargjaldinu sem Kristur Jesús greiddi til að frelsa þá. **25** Guð bar hann fram sem friðþægingarfórn,\* þeim til gagns sem trú á blóð hans. Þannig sýndi Guð réttlæti sitt vegna þess að hann var umburðarlyndur og fyrirgef syndirnar sem fólk hafði áður drýgt. **26** Hann sýndi einnig að hann fylgir sínu eigin réttlæti nú á tímum og er réttlátur þegar hann lýsir þann réttlátan sem trúir á Jesú.

**27** Er þá eitthvað til að stæra sig af? Nei, alls ekki. Samkvæmt hvaða lögum? Lögum sem krefjast verka? Nei, heldur lögum trúarinnar **28** því að við álitum að maður sé lýstur réttlátur vegna trúar en ekki fyrir verk byggð á lögnum. **29** Eða er Guð aðeins Guð Gyðinga? Er hann ekki líka Guð þeirra sem eru af þjóðunum? Jú, líka fólks af þjóðunum. **30** Þar sem Guð er einn lýsir hann umskorna menn réttláta vegna trúar þeirra og sömu-leiðis óumskorna menn á grundvelli trúar þeirra. **31** Afnemum við þá lögin með trú okkar? Alls ekki. Við staðfestum þau öllu heldur.

**4** Hvað getum við þá sagt um Abraham forföður okkar? Hvað ávann hann? **2** Ef Abraham hefði verið lýstur réttlátur vegna verka

hefði hann haft ástæðu til að stæra sig af því, en ekki frammi fyrir Guði. **3** Hvað segir ritning- arstaðurinn? „Abraham trúði á Jehóva\* og þess vegna var hann talinn réttlátur.“<sup>4</sup> **4** Vinnandi maður fær ekki greidd laun af einstakri góðvild heldur af því að hann á rétt á þeim.\* **5** Öðru máli gegnir um þann sem vinnur ekki en trúir á þann sem lýsir hinn óguðlega réttlátan. Hann er talinn réttlátur vegna trúar sinnar. **6** Davíð segir líka að sá maður sé hamingjusamur sem Guð álitur réttlátan óháð verkum hans: **7** „Þeir eru hamingjusamir sem hafa fengið afbrot sín fyrirgefni og syndir sínar huldar.\* **8** Sá er hamingjusamur sem Jehóva\* lætur ekki standa reikningsskap synda sinna.“

**9** Er þessi hamingja þá takmörkuð við hina umskornu eða geta óumskornir hlotið hana líka? Við segjum: „Abraham var talinn réttlátur vegna trúar sinnar.“ **10** Hvernær var hann álitinn réttlátur? Meðan hann var umskorinn eða óumskorinn? Það var áður en hann var umskorinn, meðan hann var enn óumskorinn. **11** Og hann fékk umskurðinn sem tákn, innsigli sem staðfesti\* að hann væri réttlátur vegna trúar sinnar meðan hann var óumskorinn. Þannig gat hann orðið faðir allra óumskorinna sem trúa til að þeir séu taldir réttlátir **12** og faðir umskorinna afkomenda sinna, bæði þeirra sem halda sig við umskurðinn og þeirra sem feta í fótspor föður okkar Abrahams og sýna sömu trú og hann hafði meðan hann var óumskorinn.

**13** Það var ekki í krafti laga sem Abraham eða afkomendur hans

4:3, 8 \*Sjá orðaskýringar. 4:3 \*Eða „og það var reiknað honum til réttlætis“. 4:4 \*Eða „á þau inni“. 4:7 \*Eða „fyrirgefna“. 4:11 \*Eða „tryggingu fyrir; staðfestingu á“.



fengu loforðið um að hann skyldi taka heim í arf heldur var það vegna réttlætis sem hlýst af trú. **14** Ef þeir sem halda sig við lögin ættu að fá arfinn væri trúin gagnslaus og loforðið fallið úr gildi. **15** Í rauninni vekja lögin reiði Guðs en þar sem engin lög eru, þar eru heldur engin lögbrot.

**16** Loforðið var sem sagt gefið vegna trúar og byggðist á einstakri góðvild Guðs svo að það næði örugglega til allra afkomenda Abrahams, ekki aðeins þeirra sem halda sig við lögin heldur einnig þeirra sem sýna sömu trú og Abraham, faðir okkar allra. **17** (Það er eins og skrifað stendur: „Ég hef gert þig að föður margra þjóða.“) Abraham fékk loforðið frammi fyrir Guði sem hann trúði á, honum sem gefur dánunum líf og talar um það sem er ekki til eins og það sé til.\* **18** Hann trúði með von, þó að það virtist vonlaust, að hann yrði faðir margra þjóða samkvæmt því sem sagt hafði verið: „Svo margir verða afkomendur þínir.“ **19** Hann varð ekki veikur í trúnni þó að hann leiddi hugann að líkama sínum sem var sama sem dáinn (fyrst hann var um 100 ára) og að því að Sara var kominn úr barneign.\* **20** Hann trúði og efaðist ekki þar sem Guð hafði gefið honum loforð. Trúin gaf honum styrk og þannig heiðraði hann Guð. **21** Hann var alveg sannfærður um að Guð gæti staðið við það sem hann hafði lofað honum **22** og „þess vegna var hann talinn réttlátur“.

**23** En orðin „þess vegna var hann talinn réttlátur“ voru ekki aðeins skrifuð hans vegna **24** heldur einnig okkar vegna. Við verðum álitin réttlát af því að við trúum á

hann sem reisti Jesú Drottin okkar upp frá dauðum. **25** Hann var framseldur vegna afbrota okkar og reistur upp til að hægt væri að lýsa okkur réttlát.

**5** Þar sem við höfum nú verið lýst réttlát vegna trúar skulum við eiga frið\* við Guð. Við getum það þökk sé Drottni okkar Jesú Kristi. **2** Með því að trúá á hann höfum við líka fengið aðgang að þeirri einstöku góðvild sem við njótum nú. Gleðjumst\* því yfir voninni um að hljóta dýrð Guðs. **3** En ekki bara það. Gleðjumst\* líka í raunum þar sem við vitum að raunir leiða af sér þolgæði, **4** þolgæðið veitir velþóknun Guðs og velþóknun Guðs veitir von, **5** og vonin bregst okkur ekki því að kærleika Guðs hefur verið úthellt í hjörtu okkar með heilögum anda sem okkur var gefinn.

**6** Kristur dó fyrir óguðlega menn á tilsettum tíma meðan við vorum enn veikburða. **7** Varla myndi nokkur deyja fyrir réttlátan mann. Fyrir góðan mann væri ef til vill einhver fús til að deyja. **8** En Guð hefur sýnt að hann elskar okkur með því að láta Krist deyja fyrir okkur meðan við vorum enn syndarar. **9** Þar sem við höfum nú verið lýst réttlát vegna blóðs hans getum við, þökk sé honum, verið enn öruggari um að verða bjargað frá reiði Guðs. **10** Fyrst Guð tók okkur í sátt vegna dauða sonar síns meðan við vorum óvinir hans getum við verið enn öruggari um að verða bjargað með lífi sonar hans nú þegar hann hefur tekið okkur í sátt. **11** Og ekki bara það heldur gleðjumst við líka yfir sambandi okkar við Guð sem við höfum eignast vegna Drottins okkar Jesú Krists en fyrir milligöngu hans hefur Guð tekið okkur í sátt.

4:17 \*Eða hugsanl. „kallar á það sem er ekki til svo að það verður til“. 4:19 \*Orðrétt „móðurlíf Sóru var dáið“.

5:1 \*Eða hugsanl. „eigum við frið“. 5:2, 3 \*Eða hugsanl. „Við gleðjumst“.

12 Syndin kom inn í heiminn með einum manni og dauðinn með syndinni. Þannig barst dauðinn til allra manna því að þeir höfðu allir syndgað. 13 Syndin var í heiminum áður en lögin komu til en enginn er sakaður um synd þegar ekki eru nein lög. 14 Dauðinn ríkti samt sem konungur frá Adam til Móse, jafnvel yfir þeim sem höfðu ekki syndgað á sama hátt og Adam en hann líktist þeim sem átti að koma.

15 En gjöfin er ekki eins og afbrotið. Margir dóu vegna afbrots eins manns en einstök góðvild Guðs og gjöf hans er óendanlega miklu meiri og mörgum til góðs. Þessi gjöf var gefin ásamt einstakri góðvild eins manns, Jesú Krists. 16 Það sem hlýst af gjöfinni er auk þess ólíkt því sem hlaust af synd hins eina manns. Dómurinn fyrir eitt afbrot varð til sakfellingar en gjöfin sem fylgdi mörgum afbrotum var að menn voru lýstir réttlátir. 17 Dauðinn ríkti sem konungur vegna afbrots eins manns. Hve miklu fremur munu þá þeir sem hljóta hina einstöku góðvild og gjöf réttlætisins í ríkum mæli lifa og ríkja sem konungar vegna hins eina, Jesú Krists.

18 Eitt afbrot leiddi sem sagt til þess að alls konar menn voru sakfelldir. Á sama hátt leiðir eitt réttlætisverk til þess að alls konar menn verða lýstir réttlátir og hljóta líf. 19 Margir urðu syndarar vegna óhlýðni hins eina manns. Eins verða margir réttlættir vegna hlýðni hins eina. 20 Nú voru lög-in sett til að afbrotin yrðu meiri.\* En þar sem syndin var mikil var einstök góðvild Guðs enn meiri. 21 Í hvaða tilgangi? Rétt eins og syndin ríkti sem konungur með dauðanum

þannig skyldi líka einstök góðvild ríkja sem konungur með réttlætinu og leiða til eilífs lífs fyrir milligöngu Jesú Krists, Drottins okkar.

**6** Hvað eigum við þá að segja? Eigum við að halda áfram að syndga til að einstök góðvild Guðs verði meiri? 2 Auðvitað ekki. Fyrst við dóum gagnvart syndinni hvernig getum við þá lifað áfram í henni? 3 Eða vituð þið ekki að við öll sem vorum skírð til Krists Jesú vorum skírð til dauða hans? 4 Við vorum jörðuð með Kristi þegar við skírðumst til dauða hans til að við skyldum lifa nýju lífi, rétt eins og hann þegar faðirinn reisti hann upp frá dauðum með dýrlegum mætti sínum. 5 Ef við höfum sameinast honum með því að deyja eins og hann er öruggt að við sameinumst honum líka með því að rísa upp eins og hann. 6 Við vitum að okkar gamli maður\* var staurfestur með honum til að syndugur líkami okkar hefði ekki lengur vald yfir okkur og við værum ekki lengur þrælur syndarinnar 7 því að sá sem er dáinn er sýknaður af synd sinni.\*

8 Og ef við erum dáin með Kristi trúum við að við munum líka lifa með honum. 9 Við vitum að Kristur hefur verið reistur upp frá dauðum og deyr því aldrei framar. Dauðinn drottnar ekki lengur yfir honum. 10 Með dauða sínum dó hann fyrir syndina\* í eitt skipti fyrir öll en með lífi sínu lifir hann fyrir Guð. 11 Þannig skuluð þið líka álíta sjálf ykkur vera dáin gagnvart syndinni en lifandi gagnvart Guði sem lærisveinar Krists Jesú.

12 Látið því ekki syndina ríkja áfram sem konung í dauðlegum líkama ykkar svo að þið hlýðið girndum hans. 13 Látið ekki heldur

5:20 \*Það er, til að fólk gerði sér grein fyrir sínum mörgu syndum.

6:6 \*Eða „persónuleiki“. 6:7 \*Eða „leystur undan synd sinni; náðaður“. 6:10 \*Það er, til að afnema syndina.

líkama\* ykkar þjóna syndinni sem vopn ranglætisins. Þjóðið ykkur heldur fram til að þjóna Guði eins og þið séuð lifnuð frá dauðum. Þá getur hann notað líkama\* ykkar sem vopn réttlætisins. **14** Syndin má ekki drottna yfir ykkur þar sem þið eruð ekki undir lögum heldur undir einstakri góðvild.

**15** Hvað þýðir þetta? Eigum við að syndga fyrst við erum ekki undir lögum heldur undir einstakri góðvild? Auðvitað ekki. **16** Vitið þið ekki að ef þið bjóðið öðrum sjálf ykkur sem hlýðna þræla eruð þið þrælar þess sem þið hlýðið, hvort heldur syndar sem leiðir til dauða eða hlýðni sem leiðir til réttlætis? **17** Þið voruð eitt sinn þrælar syndarinnar en við þökkum Guði fyrir að þið skylduð hlýða í einlægni því sem hann kenndi ykkur og ykkur var trúað fyrir. **18** Já, þar sem þið voruð leyst undan syndinni urðuð þið þrælar réttlætisins. **19** Vegna mannlegra veikleika ykkar ætla ég nú að tala mannamál. Þið buðuð fram limi ykkar til að þræla fyrir óhreinleikann og lögleysið svo að þið gerðuð það sem er illt. Þjóðið nú fram limi ykkar til að þræla fyrir réttlætið svo að þið verðið heilög. **20** Meðan þið voruð þrælar syndarinnar þurftuð þið ekki að lúta réttlætinu.

**21** Hvaða ávöxt báruð þið á þeim tíma? Verk sem þið skammist ykkar nú fyrir, verk sem leiða til dauða. **22** En núna eruð þið leyst undan syndinni og eruð þrælar Guðs. Þið uppskerið því þann ávöxt að vera heilög og það leiðir til eilífs lífs. **23** Launin sem syndin greiðir eru dauði en gjöf Guðs er eilíft líf vegna Krists Jesú, Drottins okkar.

**7** Vitið þið ekki, bræður og systur – ég tala við þá sem þekkja lögin – að lögin ráða yfir mannin-

um eins lengi og hann lifir? **2** Gift kona er til dæmis bundin manni sínum samkvæmt lögum meðan hann lifir en ef maðurinn deyr er hún leyst undan lögum hans. **3** Þess vegna telst það hjúskaparbrot ef hún verður kona annars manns meðan eiginmaður hennar er á lífi. En ef maðurinn hennar deyr er hún laus undan lögum hans og þá fremur hún ekki hjúskaparbrot þótt hún verði kona annars manns.

**4** Eins er með ykkur, bræður mínir og systur. Þið dóuð gagnvart lögunum þegar líkama Krists var fórnað til að þið gætuð tilheyrð öðrum, honum sem var reistur upp frá dauðum. Þannig getum við borið ávöxt Guði til dýrðar. **5** Þegar við fylgum lögunum holdsins voru syndugar ástríður, sem lögin vöktu til lífs,\* að verki í líkama<sup>a</sup> okkar og báru ávöxt sem leiðir til dauða. **6** En nú erum við leyst undan lögunum þar sem við erum dain gagnvart því sem hélt okkur í fjötrum. Við getum því verið þrælar á nýjan hátt vegna áhrifa andans en ekki á gamla mátann með því að fylgja lagasafninu.

**7** Hvað eigum við þá að segja? Eru lögin gölluð? Alls ekki. Ég hefði ekki þekkt syndina ef ekki væri fyrir lögin. Ég hefði til dæmis ekki vitað um girndina ef ekki hefði staðið í lögunum: „Þú skalt ekki girnast.“ **8** En syndin greip tækifærið sem boðorðið gaf henni og vakti hjá mér alls konar girndir því að án laga var syndin dauð. **9** Ég lifði einu sinni án laga. En þegar boðorðið kom lifnaði syndin við en ég dó. **10** Og boðorðið, sem átti að verða til lífs, reyndist vera til dauða. **11** Syndin greip tækifærið sem boðorðið gaf henni, tældi mig og drap mig með því. **12** Lög-

7:5 \*Eða „leiddu í ljós“. <sup>a</sup>Orðrétt „limum“. 7:7 \*Orðrétt „synd“.

in sjálf eru þannig heilög og boð-orðið er heilagt, réttlátt og gott.

**13** Þýðir það að hið góða hafi orðið til þess að ég dó? Auðvitað ekki. Það var syndin sem varð mér að bana með hinu góða til að augljóst yrði hvað synd er. Boðorðið sýndi þannig fram á hve skaðleg syndin er. **14** Við vitum að lögin eru andleg en ég er holdlegur, seldur á vald syndarinnar. **15** Ég skil ekki af hverju ég geri það sem ég geri því að ég geri ekki það sem ég vil heldur það sem ég hata. **16** Þegar ég geri það sem ég vil ekki viðurkenni ég að lögin séu góð. **17** En nú er það ekki lengur ég sem geri þetta heldur syndin sem býr í mér. **18** Ég veit að það býr ekkert gott í mér, það er að segja í holdi mínu. Mig langar til að gera það sem er rétt en er ekki fær um það. **19** Ég geri ekki hið góða sem ég vil heldur geri ég hið illa sem ég vil ekki. **20** Ef ég geri það sem ég vil ekki er það eiginlega ekki ég sem geri það heldur syndin sem býr í mér.

**21** Þannig reynist mér það eins og lögmál að þegar ég vil gera það sem er rétt hef ég tilhneigingu til að gera það sem er illt. **22** Innst inni hef ég yndi af lögum Guðs **23** en ég sé annað lögmál í líkama\* mínum sem berst gegn lögum hugar míns og gerir mig að fanga undir lögmáli syndarinnar sem býr í mér.<sup>#</sup> **24** Ég er aumkunarverður maður. Hver getur frelsað mig frá líkamanum sem deyr með þessum hætti? **25** Ég þakka Guði sem bjargar mér fyrir milligöngu Jesú Krists, Drottins okkar. Ég er sem sagt þræll undir lögum Guðs með huga mínum en undir lögum syndarinnar með líkama mínum.

7:23 \*Orðrétt „limum“. #Orðrétt „limum mínum“.

**8** Þeir sem eru sameinaðir Kristi Jesú eru því ekki dæmdir sekir. **2** Lög andans gefa þeim líf sem eru sameinaðir Kristi Jesú og þau hafa frelsað ykkur frá lögum syndarinnar og dauðans. **3** Lög in voru veikburða vegna ófullkomleika manna. En það sem lög in gátu ekki það gerði Guð með því að senda sinn eigin son, líkan syndugum mönnum, til að afnema syndina. Þannig dæmir hann syndina í mannum **4** svo að við getum uppfyllt réttlátar kröfur laganna, við sem látum stjórnast af andanum en ekki löngunum holdsins. **5** Þeir sem fylgja löngunum holdsins einbeita sér að hinu holdlega en þeir sem lifa eftir andanum að hinu andlega. **6** Að einbeita sér að hinu holdlega leiðir til dauða en að einbeita sér að hinu andlega hefur líf og frið í för með sér. **7** Að vera upptekinn af hinu holdlega gerir mann að óvini Guðs því að holdið hlýðir ekki lögum Guðs og getur það ekki heldur. **8** Þeir sem láta langanir holdsins ráða ferðinni geta því ekki þóknast Guði.

**9** En ef nú andi Guðs býr í ykkur látið þið ekki stjórnast af löngunum holdsins heldur andanum. Sá sem hefur ekki hugarfar\* Krists tilheyrir honum ekki. **10** En ef Kristur er sameinaður ykkur er líkaminn að vísu dauður vegna syndarinnar en andinn veitir líf vegna réttlætisins. **11** Ef andi hans sem reisti Jesú upp frá dauðum býr í ykkur þá mun hann sem vakti Krist Jesú upp frá dauðum einnig lífga dauðlega líkama ykkar með anda sínum sem býr í ykkur.

**12** Bræður og systur, við erum þess vegna skuldbundin, en ekki löngunum holdsins svo að þær ráði ferðinni **13** því að ef þið lát- ið stjórnast af löngunum holdsins

8:9 \*Orðrétt „anda“.

munuð þið vissulega deyja en ef þið deydíð verk holdsins með hjálp andans munuð þið lifa. **14** Allir sem láta anda Guðs leiða sig eru sannarlega synir Guðs. **15** Þið fenguð ekki anda sem hneppir ykkur í þrældóm og vekur ótta að nýju heldur anda sem Guð gefur til að ættleiða ykkur sem syni, og vegna hans köllum við: „Abba,\* faðir!“ **16** Sjálfur andinn vitnar með okkar eigin anda\* að við erum börn Guðs. **17** Og ef við erum börn erum við líka erfingjar – erfingjar Guðs en samerfingjar Krists – svo framarlega sem við þjáumst með honum til að við getum einnig orðið dýrleg með honum.

**18** Ég lít svo á að þjáningarnar sem við þolum núna séu ekki neitt í samanburði við þá dýrð sem mun opinberast á okkur. **19** Sköpunin bíður eftirvæntingarfull eftir að synir Guðs opinberist. **20** Sköpunin þurfti að sæta því að lifa innantómu lífi, ekki sjálfviljug heldur vegna hans sem ákvað það. Jafnframt var gefin sú von **21** að hún sjálf yrði leyst úr þrælkun forgengileikans og hlyti dýrlegt frelsi barna Guðs. **22** Við vitum að öll sköpunin stynur stöðugt og er kvalin allt til þessa. **23** En ekki bara það. Við sem höfum frumgróðann, það er að segja andann, stynjum líka sjálf innra með okkur meðan við bíðum óþreyjufull eftir að verða ættleidd sem synir, að verða leyst úr líkama okkar með lausnargjaldinu. **24** Þessi von bjargaði okkur. En von er ekki lengur von þegar maður hefur séð hana rætast. Hver vonar það sem hann sér? **25** En ef við vonum það sem við sjáum ekki bíðum við þess eftirvæntingarfull og þolgóð.

8:15 \*Hebreskt eða arameískt ávarpsorð sem merkir „faðir“ og felur í sér hlýju og innileik orðsins „pabbi“. 8:16 \*Eða „með okkur“.

**26** Andinn hjálpar okkur sömu-leiðis í veikleika okkar. Vandinn er sá að við vitum ekki alltaf um hvað við eigum að biðja þegar við þurfum að biðja. En sjálfur andinn bíður fyrir okkar hönd þegar við stynjum en er orða vant. **27** En hann sem rannsakar hjörtun veit hvað andinn á við þar sem hann bíður fyrir hinum heilögu í samræmi við vilja Guðs.

**28** Við vitum að Guð lætur öll verk sín vinna saman þeim til góðs sem elska hann, þeim sem hann hefur kallað samkvæmt fyrirætlun sinni. **29** Hann vissi frá upphafi hverja hann myndi velja og ákvað fyrir fram að móta þá eftir mynd sonar síns þannig að hann yrði frumburður meðal margra bræðra. **30** Þeir sem hann hafði fyrir fram í huga eru þeir sömu og hann kallaði. Þeir sem hann kallaði eru þeir sömu og hann lýsti réttláta. Og þeir sem hann lýsti réttláta eru hinir sömu og hann veitti upphefð.

**31** Hvað eigum við þá að segja um þetta? Ef Guð er með okkur hver getur þá staðið á móti okkur? **32** Hann þyrmdi ekki einu sinni syni sínum heldur framseldi hann í þágu okkar allra. Fyrst hann gaf okkur son sinn mun hann þá ekki í gæsku sinni gefa okkur allt annað líka? **33** Hver getur ákært þá sem Guð hefur valið? Það er Guð sem lýsir þá réttláta. **34** Hver getur sakfelld þá? Kristur Jesús dó og var auk þess reistur upp. Hann situr nú við hægri hönd Guðs og það er hann sem talar máli okkar.

**35** Hver getur gert okkur viðskila við kærleika Krists? Geta erfíðleikar gert það eða þjáningar, ofsóknir, hungur eða nekt, eða þá hætta eða sverð? **36** Það er eins og skrifað stendur: „Þin vegna blasir dauðinn við okkur allan liðlangan

daginn, við erum metin sem sláturfé.“ **37** En í öllu þessu vinnum við fullan sigur með hjálp hans sem elskaði okkur. **38** Ég er sannfærður um að hvorki dauði né líf, englar né stjórnvöld, það sem nú er né það sem er ókomið, hvorki kraftar, **39** hæð né dýpt né nokkuð annað skapað geti gert okkur viðskila við kærleika Guðs sem birtist í Kristi Jesú, Drottni okkar.

**9** Ég segi ykkur sannleikann sem fylgjandi Krists, ég lýg ekki. Samviska mín vitnar með mér undir áhrifum heilags anda **2** um að ég er sárhryggur og sifellt kvalinn í hjarta mér. **3** Ef ég gæti myndi ég gjarnan vera aðskilinn frá Kristi og taka á mig bölvun í þágu bræðra minna og ættingja, **4** það er Ísraelsmanna. Guð ættleiddi þá sem syni og heiðraði þá, gaf þeim sáttmálana, lögin, helgipjónustuna og lofordin. **5** Þeir koma líka af sömu forfeðrum og Kristur kom sem maður. Guð, sem er yfir öllu, sé lofaður að eilífu. Amen.

**6** Það er þó ekki eins og orð Guðs hafi brugðist því að ekki eru allir Ísraelsmenn í raun sem koma af Ísrael. **7** Ekki eru þeir heldur allir börn Abrahams þótt þeir séu afkomendur hans. Nei, „þeir sem verða kallaðir afkomendur þínir koma af Ísak“. **8** Bókstafleg börn Abrahams eru sem sagt ekki börn Guðs heldur eru það börnin samkvæmt lofordinu sem teljast afkomendur Abrahams. **9** Lofordið var á þessa leið: „Ég kem aftur á þessum tíma að ári liðnu og þá verður Sara búin að eignast son.“ **10** En lofordið var ekki aðeins gefið þá heldur líka þegar Rebekka átti að eignast tvíbura með Ísak, eiginmanni sínum og forföður okkar. **11** Áður en þeir fæddust og höfðu hvorki gert gott né illt tiltók Guð hvorn hann ætlaði að

velja en það er undir honum komið hvorn hann kallar því að val hans ræðst ekki af verkum manna. **12** Rebekku var sagt: „Sá eldri mun þjóna þeim yngri.“ **13** Það er eins og skrifað stendur: „Ég elskaði Jakob en hataði Esaú.“

**14** Hvað eignum við þá að segja? Er Guð óréttlátur? Auðvitað ekki. **15** Hann segir við Móse: „Ég miskunna þeim sem ég miskunna og sýni meðaumkun þeim sem ég sýni meðaumkun.“ **16** Það er því undir Guði og miskunn hans komið hver er valinn en ekki undir löngun eða viðleitni mannsins.\* **17** Í Ritningunni er sagt við faraó: „Einmitt af þessari ástæðu hef ég látið þig halda lífi: að nota þig sem dæmi til að sýna mátt minn og láta kunngera nafn mitt um alla jörðina.“ **18** Þannig miskunnar hann hverjum sem hann vill en lætur þá forherðast sem hann vill.

**19** Nú segirðu sjálfsagt við mig: „Hvers vegna heldur hann þá áfram að finna að fólk? Hver getur staðið gegn vilja hans?“ **20** En hver ert þú, maður, að mótmæla Guði? Segir gripurinn við þann sem mótaði hann: „Hvers vegna gerðirðu mig svona?“ **21** Hefur ekki leirkerasmiðurinn leirinn á valdi sínu til að móta úr sama klumpinum ker til að nota við hátíðleg tækifæri og annað til óvirðulegru nota? **22** Þó að Guð vildi sýna reiði sína og birta mátt sinn umbar hann af mikilli þolinmæði ker reiðinnar sem verðskulda eyðingu. **23** Og hvað nú ef hann gerði það til að sýna hve mikla dýrd hann veitir kerum miskunnarinnar sem hann hefur fyrir fram búið til dýrðar, **24** það er að segja okkur sem hann kallaði ekki aðeins úr hópi Gyðinga heldur einnig frá þjóðunum? Er hægt að segja

9:16 \*Orðrétt „ekki þeim sem þráir eða þeim sem hleypur“.

eitthvað við því? **25** Það er eins og hann segir hjá Hósea: „Þá sem eru ekki fólk mitt mun ég kalla ‚fólk mitt‘, og hana sem var ekki elskuð ‚mína elskuðu‘. **26** Og þar sem sagt var við þá: ‚Þið eruð ekki fólk mitt,‘ þar verða þeir kallaðir ‚synir hins lifandi Guðs‘.“

**27** Auk þess hrópar Jesaja varðandi Ísrael: „Þótt Ísraelsmenn væru eins margir og sandkorn sjávarins bjargast aðeins fáeinir.“ **28** Jehóva\* gerir upp reikning á jörðinni, endanlega og án tafar.“ **29** Jesaja spáði líka: „Ef Jehóva\* hersveitanna hefði ekki látið nokkra afkomendur okkar komast af hefðum við orðið eins og Sódóma og líkst Górru.“

**30** Hvað þýðir þetta? Að fólk af þjóðunum, sem sóttist ekki eftir að verða réttlátt, varð réttlátt og það vegna trúar, **31** en Ísraelsmönnum, sem reyndu að verða réttlátir með því að fylgja lögum, tókst ekki að fara eftir þeim. **32** Af hverju? Af því að þeir reyndu að réttlætast með verkum en ekki af trú. Þeir hnutu um „ásteytingarsteininn“ **33** eins og skrifað stendur: „Ég legg í Síon ásteytingarstein og hneykslunarhellu en sá sem byggir trú sína á honum verður ekki fyrir vonbrigðum.“

**10** Bræður,\* það er hjartans ósk mín og innileg bæn til Guðs að þeir bjargist. **2** Ég get vottað að þeir eru kappsamir vegna Guðs en þá skortir nákvæma þekkingu. **3** Þeir þekkja ekki réttlæti Guðs heldur reyna að sanna á eigin forsendum að þeir séu réttlátir. Þess vegna beygja þeir sig ekki undir réttlæti Guðs. **4** Löginn liðu undir lok með Kristi og þess vegna geta allir sem trúa orðið réttlátir.

9:27 \*Orðrétt „leifar“. 9:28, 29; 10:13, 16 \*Sjá orðaskýringar. 10:1 \*Hér er hugsanlegt að orðið „bræður“ vísi til beggja kynja.

**5** Móse skrifar um réttlætið sem löginn veita: „Sá sem heldur löginn mun lifa vegna þeirra.“ **6** En um réttlætið sem hlýst af trú segir: „Segðu ekki í hjarta þínu: ‚Hver stígur upp til himna?‘ það er, til að sækja Krist þangað, **7** eða: ‚Hver fer niður í undirdjúpið?‘ það er, til að sækja Krist til hinna dáu.“ **8** Hvað segir Ritningin? „Orðið er nálægt þér, í munni þínum og hjarta,“ það er „orð“ trúarinnar sem við boðum. **9** Ef þú lýsir yfir með munni þínum að Jesús sé Drottinn og trúir í hjarta þínu að Guð hafi reist hann upp frá dauðum bjargast þú. **10** Með hjartanu trúir maður og það leiðir til réttlætis en með munnum játar maður trúna opinberlega og það leiðir til björgunar.

**11** Ritningarstaðurinn segir: „Enginn sem byggir trú sína á honum verður fyrir vonbrigðum.“ **12** Það er enginn munur á Gyðingum og Grikkjum. Sami Drottinn er yfir öllum og hann er orlátur við alla sem ákalla hann **13** því að „allir sem ákalla nafn Jehóva\* bjargast“. **14** En hvernig geta þeir ákallað hann ef þeir trúu ekki á hann? Og hvernig geta þeir trúað á þann sem þeir hafa ekki heyrnt um? Hvernig geta þeir heyrnt ef enginn boðar? **15** Og hvernig geta þeir boðað nema þeir séu sendir? Það er eins og skrifað stendur: „Hversu fagrir eru fætur þeirra sem flytja fagnaðarboðskap um hið góða.“

**16** Þeir hlýddu þó ekki allir fagnaðarboðskapnum. Jesaja segir: „Jehóva,\* hver trúir því sem við höfum skýrt frá?“ **17** Trúinn kemur af því sem menn heyra, og menn heyra orðið um Krist þegar það er boðað. **18** En ég spyr: Hafa þeir þá ekki heyrnt það? Jú, „rödd þeirra hefur borist um alla jörðina og boðskapur þeirra til endimarka heimsbyggð-

arinnar“. **19** Þá spyr ég: Hafa Ísraelsmenn ekki skilið það? Móse sagði á sínum tíma: „Ég vek afbrýði ykkar með þeim sem eru ekki þjóð. Ég geri ykkur ævareíða með óviturri þjóð.“ **20** Og Jesaja sagði berum orðum: „Ég lét þá finna mig sem leituðu mín ekki. Ég opinberaðist þeim sem spurðu ekki um mig.“

**21** En hann sagði um Ísrael: „Allan liðlangan daginn breiddi ég út faðm-inn móti óhlýðnu og þrjósku fólki.“

**11** Nú spyr ég: Hefur Guð þá hafnað fólki sínu? Alls ekki. Ég er sjálfur Ísraelsmaður, afkomandi Abrahams og af ættkvísl Benjámins. **2** Guð hafnaði ekki fólki sínu sem hann viðurkenndi í upphafi. Vitið þið ekki hvað segir í Ritningunni um Elía þegar hann ákærir Ísrael í innilegri bæn til Guðs? **3** „Jehóva,\* þeir hafa drepit spámennt þína og rífið niður ólturu þín. Ég er einn eftir og nú sitja þeir um líf mitt.“ **4** En hverju svaraði Guð honum? „Ég á enn þá 7.000 menn sem hafa ekki kropið fyrir Baal.“ **5** Núna er sömuleiðis eftir lítill hópur manna sem Guð valdi af einstakri góðvild sinni. **6** Fyrst þeir voru valdir sökum einstakrar góðvildar var það ekki vegna verka. Annars væri hin einstaka góðvild ekki einstök góðvild.

**7** Hvað þýðir þetta? Ísraelsmenn fengu ekki það sem þeir sóttust svo ákaft eftir en þeir útvöldu fengu það. Hinir urðu skilningssljóir **8** eins og skrifað er: „Guð hefur svæft þá djúpum andlegum svefni, gefið þeim augu sem sjá ekki og eyru sem heyra ekki allt fram á þennan dag.“ **9** Og Davíð segir: „Borðhald þeirra verði þeim snara og gildra, hrösunarhella og til refsingar. **10** Augu þeirra myrkvist svo að þeir sjái ekki og gangi þeir alltaf bognir í baki.“

11:3 \*Sjá orðaskýringar. \*Eða „sál“.

**11** Ég spyr því: Hrösuðu þeir svo illa að þeir féllu flatir? Alls ekki. En þar sem þeir misstigu sig getur fólk af þjóðunum bjargast og það vekur afbrýði Ísraels. **12** Ef hrösun þeirra færir heiminum auð og afturför þeirra auðgar fólk af þjóðunum þá verður auðurinn enn meiri þegar tölu þeirra er náð.

**13** Nú tala ég til ykkar sem eruð af þjóðunum. Ég er postuli meðal þjóðanna og sýni að ég met þjónustu mína mikils\* **14** því að ég vona að ég geti á einn eða annan hátt vakið afbrýði ættmanna minna og orðið einhverjum þeirra til bjargar. **15** Guð hafnaði þeim og við það opnaðist leið fyrir heiminn til að sættast við hann. Hvað gerist þá þegar Guð tekur aftur við þeim, annað en að þeir lifna frá dauðum? **16** Ef sá hluti deigsins sem er frumgróðaförn er heilagur þá er allt deigið heilagt, og ef rótin er heilög eru greinarnar það líka.

**17** En þótt sumar greinarnar hafi verið brotnar af og þú sem ert villi-ólífuvíður hafir verið græddur inn á meðal hinna greinanna og fengið hlutdeild í rötarsafa ólífutrésins **18** skaltu ekki líta niður á þær.\* En ef þú gerir það\* skaltu muna að þú berð ekki rötina heldur rótin þig. **19** Þú segir kannski: „Greinar voru brotnar af til að hægt væri að græða mig á tréð.“ **20** Rétt er það. Þær voru brotnar af vegna þess að þær voru vantrúaðar en þú stendur stöðugur vegna trúar. Vertu ekki stoltur heldur gættu þín. **21** Fyrst Guð þyrmdi ekki náttúrulegu greinunum mun hann ekki heldur þyrma þér. **22** Taktu eftir að Guð er bæði góður og strangur. Hann er strangur við þá sem féllu en góður við þig, svo framarlega sem þú verðskuldar

11:13 \*Eða „og heiðra þjónustu mína“. 11:18 \*Eða „stæra þig gegn þeim“. \*Eða „stærir þig gegn þeim“.



áfram góðvild hans. Annars verður þú líka höggvinn af. **23** Og ef þeir láta af vantrú sinni verða þeir líka græddir á tréð því að Guð getur grætt þá aftur á. **24** Þú varst höggvinn af ólífutré sem er villt að eðli til og græddur á ræktaða ólífutréð gagnstætt eðli náttúrunnar. Fyrst svo er hlýtur að vera hægt að græða náttúrulegu greinarnar aftur á sitt eigið ólífutré.

**25** Ég vil, bræður og systur, að þið vitið um þennan heilaga leyndardóm til að þið verðið ekki vitur í eigin augum: Nokkur hluti Ísraels er orðinn skilningssljór og það varir þangað til tölu fólks af þjóðunum er náð. **26** Þannig bjargast allur Ísrael eins og skrifað er: „Bjargvætturinn\* kemur frá Sion og snýr Jakobi frá óguðlegum verkum. **27** Og þegar ég fjarlægji syndir þeirra geri ég sáttmála við þá.“ **28** Þeir hafa vissulega hafnað fagnaðarboðskapnum og eru þar með óvinir Guðs, en það er ykkur til góðs. Guð valdi þó suma þeirra og elskar þá vegna þess sem hann lofaði forfedrum þeirra. **29** Guð sér ekki eftir gjöfum sínum og köllun. **30** Þið voruð einu sinni óhlýðin Guði en ykkur hefur nú verið miskunnað vegna óhlýðni Gyðinga. **31** Þeir voru sem sagt óhlýðnir og það varð til þess að ykkur var miskunnað. Þar af leiðandi er líka hægt að miskunna þeim núna. **32** Guð hefur látið alla menn vera í fjöðrum óhlýðninnar til að geta sýnt þeim öllum miskunn.

**33** Hve ríkuleg er ekki blessun Guðs og djúpstæð viska hans og þekking! Dómar hans eru ofar okkar skilningi og vegir hans órekjandi. **34** „Hver hefur kynnst huga Jehóva\* og hver hefur verið ráðgjafi hans?“ **35** Eða „hver hefur að

fyrra bragði gefið honum svo að hann þurfi að endurgjalda það?“ **36** Allt er frá honum og allt er til vegna hans og fyrir hann. Honum sé dýrðin að eilífu. Amen.

**12** Bræður og systur, ég hvet ykkur því vegna miskunnar Guðs til að bjóða fram líkama ykkar að lifandi og heilagri fórn sem hann hefur velþóknun á, að beita skynseminni í heilagri þjónustu hans. **2** Látið ekki heiminn\* móta ykkur lengur heldur umbreytist með því að endurnýja hugaríðið svo að þið getið sannreynt hann sé hinn góði og fullkomni vilji Guðs og hvað honum sé þóknarlegt.

**3** Vegna þeirrar einstöku góðvildar sem mér er gefin segi ég ykkur öllum að líta ekki of stórt á sjálf ykkur heldur vera raunsæ í samræmi við þá trú sem Guð hefur gefið\* ykkur hverju og einu. **4** Á einum líkama eru margir limir en þeir hafa ekki allir sama hlutverk. **5** Eins er með okkur: Þó að við séum mörg erum við einn líkami sem er sameinadur Kristi. En hvert og eitt erum við limir sem eru háðir hver öðrum. **6** Við höfum fengið ólíkar gjafir í samræmi við einstaka góðvild Guðs. Ef það er spádómsgáfa skulum við spá í samræmi við trú okkar **7** og ef það er þjónusta skulum við sinna henni. Sá sem kennir skal annast kennsluna, **8** sá sem uppörvar\* skal uppörva,<sup>†</sup> sá sem gefur<sup>‡</sup> sé ör-látur, sá sem veitir forstöðu<sup>§</sup> geri það dyggilega<sup>¶</sup> og sá sem sýnir miskunn geri það með gleði.

**9** Kærleikur ykkar sé hræsnislaus. Hafið andstyggð á hinu illa. Haldið fast við það sem er gott. **10** Sýnið hvert öðru bróðurkær-

12:2 \*Eða „þessa öld“. Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“. 12:3 \*Eða „úthlutað“. 12:8 \*Eða „áminnir“. †Eða „áminna“. ‡Eða „útbýtir“. §Eða „fer með forystu“. ¶Eða „sé kappsamur“.

11:26 \*Eða „Frelsarinn“. 11:34 \*Sjá orðaskýringar.

leika og ástúð. Eigið frumkvæðið að því að sýna hvert öðru virðingu. **11** Verið iðin\* en ekki löt. Verið brennandi í andanum. Þjónið Jehóva<sup>a</sup> af kappi.<sup>a</sup> **12** Gleðjist í voninni. Verið þolgóð í erfiðleikum. Haldið áfram að biðja. **13** Deillið því sem þið eigið með hinum heilögu eftir þörfum þeirra. Temjið ykkur gestrisni. **14** Blessið þá sem ofsækja ykkur, blessið þá en bölvíð þeim ekki. **15** Gleðjist með þeim sem gleðjast. Grátið með þeim sem gráta. **16** Lítið aðra sömu augum og sjálf ykkur. Sækist ekki eftir því sem ýtir undir hroka\* heldur hafið högværðina að leiðarljósi. Verið ekki vitur í eigin augum.

**17** Gjaldið engum illt með illu. Reynið að gera það sem er gott í augum allra manna. **18** Ef hægt er skuluð þið halda frið við alla menn að svo miklu leyti sem það er á ykkar valdi. **19** Hefnið ykkar ekki sjálf, þið elskuðu, heldur leyfið reiði Guðs að komast að, því að skrifað er: „Mín er hefndin, ég mun endurgjalda,“ segir Jehóva.“<sup>a</sup> **20** En „ef óvinur þinn er svangur skaltu gefa honum að borða, ef hann er þyrstur skaltu gefa honum að drekka. Með því að gera það hleðurðu glóandi kolum á höfuð hans.“<sup>a</sup> **21** Láttu ekki hið illa sigra þig heldur sigraðu alltaf illt með góðu.

**13** Allir\* eiga að vera undirgefni-ir yfirvöldum<sup>a</sup> því að engin yfirvöld eru til sem eru ekki frá Guði, og þau sem eru til eru hver í sinni stöðu með leyfi Guðs. **2** Sá sem setur sig upp á móti yfirvöldum stendur því gegn fyrirkomulagi Guðs. Þeir sem gera það kalla

12:11 \*Eða „dugleg; kappsöm“. 12:11, 19 <sup>a</sup>Sjá orðaskýringar. 12:11 <sup>a</sup>Eða „Vinnið fyrir Jehóva sem þrælur“. 12:16 \*Eða „Verið ekki stórhuga“. 12:20 \*Hugsunin er að mýkja hjarta hans og „bræða“ hann. 13:1 \*Eða „Allar sálir“. <sup>a</sup>Eða „stjórnvöldum“.

yfir sig dóm. **3** Sá sem vinnur góð verk þarf ekki að óttast valdhafana heldur sá sem vinnur vond verk. Ef þú vilt ekki þurfa að óttast yfirvöld skaltu halda áfram að gera það sem er gott og þú færð hrós frá þeim. **4** Þau eru þjónn Guðs þér til góðs. En ef þú gerir það sem er illt máttu óttast vegna þess að þau bera ekki sverðið að ástæðulausu. Þau eru þjónn Guðs, hefnari til að refsa\* þeim sem gera illt.

**5** Það er því nauðsynlegt að þið séuð undirgefin, ekki aðeins til að forðast refsingu\* heldur einnig samvisku ykkar vegna. **6** Þess vegna borgið þið líka skatta enda eru yfirvöldin þjónn Guðs í þágu almennings og inna af hendi það verkefni sem þau hafa fengið. **7** Gefið öllum það sem þeir eiga rétt á: þeim skatt sem fer fram á skatt, þeim toll sem fer fram á toll, þeim virðingu sem ber að fá virðingu og þeim heiður sem ber að fá heiður.

**8** Skuldið ekki neinum neitt nema það að elska hvert annað því að sá sem elskar náunga sinn hefur uppfyllt lögin. **9** Boðorðin: „Þú skalt ekki fremja hjúskaparbrot, þú skalt ekki myrða, þú skalt ekki stela, þú skalt ekki girnast“ og öll önnur boðorð má draga saman með þessum orðum: „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“ **10** Kærleikurinn gerir náunganum ekkert illt. Þess vegna uppfyllir kærleikurinn lögin.

**11** Gerið þetta því að þið vitið hvað tímanum líður, að það er tími til kominn að vakna af svefni. Nú er björgunin nær en þegar við tókum trú. **12** Langt er liðið á nóttina og dagurinn er í nánd. Leggjum því af verk myrkursins og búumst vopnum ljóssins. **13** Lifum sómasamlega

13:4 \*Eða „láta reiðina koma niður á“. 13:5 \*Orðrétt „vegna reiðinnar“.

eins og að degi til og forðumst svallveislur, ofdrykkju, siðlaust kynlíf, blygðunarlaus hegðun,\* deilur og ófund. **14** Íklæðist öllu heldur\* Drottinn Jesú Kristi og reynið ekki að upphuga leiðir til að fullnægja löngunum holdsins.

**14** Takið vel á móti þeim sem er óstyrkur í trúnni og dæmið engan fyrir skoðanir\* hans. **2** Trú sumra leyfir þeim að borða allt en sá sem er óstyrkur í trúnni borðar aðeins grænmeti. **3** Sá sem borðar á ekki að líta niður á þann sem borðar ekki, og sá sem borðar ekki á ekki að dæma þann sem borðar því að Guð hefur tekið á móti honum. **4** Hvaða rétt hefur þú til að dæma þjón nokkurs annars? Það er undir húsbónda hans komið hvort hann stendur eða fellur. Og hann mun standa því að Jehóva\* getur látið hann standa.

**5** Einum finnst sumir dagar mikilvægari en aðrir en annar metur alla daga jafna. Hver og einn ætti að fylgja eigin sannfæringu. **6** Sá sem gerir greinarmun á dögum gerir það vegna Jehóva.\* Sá sem borðar allan mat gerir það vegna Jehóva\* því að hann þakkar Guði. Sá sem borðar ekki allt gerir það fyrir Jehóva\* en þakkar samt Guði. **7** Ekkert okkar lifir aðeins fyrir sjálft sig og enginn deyr aðeins fyrir sjálfan sig. **8** Ef við lifum, lifum við fyrir Jehóva\* og ef við deyjum, deyjum við fyrir Jehóva.\* Hvort sem við því lifum eða deyjum tilheyrum við Jehóva.\* **9** Kristur dó og lifnaði aftur til að hann gæti orðið Drottinn bæði dauðra og lifandi.

**10** En hvers vegna dæmirðu bróður þinn? Og hvers vegna lit-

urðu niður á bróður þinn? Við eigum öll eftir að standa frammi fyrir dómarasæti Guðs **11** því að skrifað er: „Svo sannarlega sem ég lifi,“ segir Jehóva,\* „skal hvert hné beygja sig fyrir mér og sérhver tunga viðurkenna að ég er Guð.“ **12** Við þurfum því öll að standa Guði reikningsskap gerða okkar.

**13** Þess vegna skulum við hætta að dæma hvert annað. Verum heldur staðráðin í að gera ekkert sem getur orðið til þess að bróðir hrasí eða falli frá trúnni. **14** Sem lærisveinn Drottins Jesú veit ég og er sannfærður um að ekkert er óhreint í sjálfu sér. En ef einhverjum finnst eitthvað óhreint er það óhreint fyrir hann. **15** Ef bróðir þinn hneykslast á því sem þú borðar ertu kominn út af vegi kærleikans. Láttu ekki mat verða til þess að sá sem Kristur dó fyrir glattist. **16** Látið ekki hið góða sem þið gerið spilla mannorði ykkar. **17** Ríki Guðs snýst ekki um mat og drykk heldur réttlæti, frið og gleði sem heilagur andi veitir. **18** Sá sem þjónar Kristi með þessum hætti hlýtur velþóknun Guðs og virðingu manna.

**19** Gerum því allt sem við getum til að stuðla að friði og byggja hvert annað upp. **20** Hættið að brjóta niður verk Guðs bara vegna matar. Allt er vissulega hreint en það er til tjóns\* að borða nokkuð sem verður óðrum að falli. **21** Best er að borða ekki kjöt né drekka vín né gera neitt sem getur orðið bróður þínum að falli. **22** Haltu sannfæringu þinni fyrir þig og láttu hana vera milli þín og Guðs. Sá sem ásakar ekki sjálfan sig fyrir það sem hann velur að gera er hamingjusamur. **23** En ef hann er efins en borðar samt er hann þegar dæmdur af því að hann byggir það ekki á

13:13 \*Eða „ósvífa hegðun“. Fleirtala gríska orðsins *asel/geia*. Sjá orðaskýringar. 13:14 \*Eða „Líkið öllu heldur eftir“. 14:1 \*Eða hugsanl. „vegna persónulegra efasemda“. 14:4, 6, 8, 11 \*Sjá orðaskýringar.

14:20 \*Eða „rangt“.

sannfæringu sinni. Allt sem er ekki byggt á trú er synd.

**15** Við sem erum sterk eigum að bera veikleika þeirra sem eru óstyrkir í trúnni og hugsa ekki aðeins um eigin hag. **2** Við skulum öll gera það sem er náunganum til góðs og styrkir hann. **3** Kristur hugsaði ekki um eigin hag heldur fór eins og skrifað stendur: „Smánaryrði þeirra sem smánuðu þig lentu á mér.“ **4** Allt sem var skrifað áður var skrifað til að við gætum lært af því og haldið voninni vegna þolgæðis okkar og þeirrar huggunar sem Ritningarnar veita. **5** Megi Guð, sem veitir þolgæði og huggun, hjálpa ykkur öllum að hafa sama hugarfar og Kristur Jesús **6** svo að þið lofið Guð og fóður Drottins okkar Jesú Krists saman einum munn.

**7** Takið því vel á móti hvert öðru eins og Kristur tók á móti ykkur, Guði til dýrðar. **8** Ég segi ykkur að Kristur varð þjónn hinna umskornu til að sýna fram á að Guð er sannorður og staðfesta loforðin sem Guð gaf forfeðrum þeirra, **9** og til að þjóðirnar lofðu Guð fyrir miskunn hans. Það er eins og skrifað stendur: „Þess vegna vegsama ég þig meðal þjóðanna og syng nafni þínu lof.“ **10** Hann segir einnig: „Gleðjist, þið þjóðir, með fólki hans.“ **11** Annars staðar segir: „Lofið Jehóva,\* allar þjóðir, og allir þjóðflokkar vegsami hann.“ **12** Og Jesaja segir: „Rót Ísaí kemur, sá sem rís upp til að stjórna þjóðum. Við hann munu þjóðir binda von sína.“ **13** Megi Guð vonarinnar fylla ykkur gleði og friði þar sem þið treystið honum. Þannig styrkist þið enn meir í voninni með hjálp heilags anda.

**14** Ég er sannfærður um að þið, bræður mínir og systur, séuð full

15:11 \*Sjá orðaskýringar.

gæsku, búið yfir ríkulegri þekkingu og séuð fær um að leiðbeina\* hvert öðru. **15** En í bréfi mínu hef ég verið mjög opinskár við ykkur um sumt til að minna ykkur á það. Ég hef verið það vegna þess að Guð sýndi mér þá einstöku góðvild **16** að gera mig að þjóni Krists Jesú í þágu þjóðanna. Ég tek þátt í því heilaga starfi að flytja fagnaðarboðskap Guðs til að þessar þjóðir geti verið fórn sem hann hefur velþóknun á, helguð af heilögum anda.

**17** Sem fylgjandi Krists Jesú hef ég ástæðu til að fagna yfir þjónustunni sem Guð fól mér. **18** Ég leyfi mér ekki að tala um neitt annað en það sem Kristur hefur látið mig gera til að þjóðirnar hlýði honum. Hann kom því til leiðar með orðum mínum og verkum, **19** með táknum og undrum\* og með krafti anda Guðs. Þannig hef ég getað boðað fagnaðarboðskapinn um Krist rækilega á svæðinu frá Jerúsalem allt til Illýríu. **20** Ég lagði mig fram um að boða ekki fagnaðarboðskapinn þar sem nafn Krists hafði þegar verið kunngert til að byggja ekki á grunni sem annar hafði lagt, **21** en skrifað stendur: „Þeir sem hafa ekki fengið að vita um hann munu sjá og þeir sem hafa ekki heyrt munu skilja.“

**22** Það er líka þess vegna sem ég hef ekki komist til ykkar þótt ég hafi oft ætlað mér það. **23** En nú á ég ekki lengur neitt ósnert svæði á þessum slóðum og ég hef þráð í mörg\* ár að koma til ykkar. **24** Ég vonast því til að hitta ykkur þegar ég fer til Spánar og að þið fylgið mér áleiðis eftir að ég hef staldrað við hjá ykkur um tíma. **25** En nú ætla ég að fara til Jerúsalem til að þjóna hinum heilögu. **26** Bræður og systur í Makedóníu og Akkeu

15:14 \*Eða „áminna“. 15:19 \*Það er, fyrirboðum. 15:23 \*Eða hugsanl. „nokkur“.

hafa fúslega gefið framlag í þágu fátækra meðal hinna heilögu í Jerúsalem. **27** Þau gerðu það með gleði og fannst þeim reyndar skylt að gera það. Fyrst þjóðirn- ar fengu hlutdeild í andlegum gæð- um Gyðinga ber þeim skylda til að styðja þá með efnislegum eig- um sínum. **28** Eftir að ég hef lokið þessu og komið framlaginu\* örugg- lega til skila kem ég við hjá ykk- ur á leiðinni til Spánar. **29** Ég veit líka að þegar ég kem til ykkar mun ég koma með ríkulega blessun frá Kristi.

**30** Nú hvet ég ykkur, bræður og systur, vegna trúarinnar á Drott- in okkar Jesú Krist og kærleikans sem andinn veitir, til að biðja ákaft til Guðs með mér og fyrir mér. **31** Biðjið þess að mér verði bjarg- að frá hinum vantrúðuð í Júdeu og að hinir heilögu í Jerúsalem verði ánægðir með hjálpinu sem ég færi þeim. **32** Þá get ég, ef Guð vill, komið til ykkar með gleði og end- urnærst með ykkur. **33** Megi Guð, sem veitir frið, vera með ykkur öll- um. Amen.

**16** Ég kynni fyrir ykkur Föbe systur okkar sem þjónar í söfnuðinum í Kenkreu. **2** Takið vel á móti henni sem trússystur í Drottni eins og hæfir hinum heil- ögu og hjálpið henni með allt sem hún þarf því að hún hefur sjálf komið mörgum til hjálpar, þar á meðal mér.

**3** Ég bið að heilsa Prisku og Akvílasi, samstarfsmönnum mínum í þjónustu Krists Jesú **4** sem hafa hætt lífi\* sinu fyrir mig.\* Það er ekki bara ég sem er þeim þakklát- ur heldur líka allir söfnuðirnir með- al þjóðanna. **5** Skilið líka kveðju til safnaðarins sem kemur saman í húsi þeirra. Ég bið að heilsa mín-

um elskaða Epænetusi en hann er með þeim fyrstu sem urðu fylgjend- ur Krists í Asíu. **6** Skilið kveðju til Mariu sem hefur lagt hart að sér fyrir ykkur. **7** Skilið kveðju til Andróníkusar og Júníasar, ætt- ingja minna og samfanga. Postul- arnir þekkja þá vel og þeir hafa ver- ið fylgjendur Krists lengur en ég.

**8** Ég bið að heilsa Amplíatusi, elskuðum bróður mínum í Drottni. **9** Skilið kveðju til Úrbanusar, sam- starfsmanns okkar í þjónustu Krists, og Stakkýsar sem er mér mjög kær. **10** Skilið kveðju til Apellesar sem Kristur hefur velþóknun á. Skil- ið kveðju til heimilisfólks Aristóbúls. **11** Ég bið að heilsa Heródíon ætt- ingja mínum og þeim sem eru fylg- jendur Drottins á heimili Narkissus- ar. **12** Skilið kveðju til Trýfænu og Trýfósu, kvenna sem leggja hart að sér fyrir Drottin. Ég bið að heilsa Persis, elskaðri systur okkar, sem hefur líka lagt hart að sér fyrir Drottin. **13** Ég bið að heilsa Rífusi, sem Drottinn hefur valið, og móður hans en hún er mér einnig sem móð- ir. **14** Ég bið að heilsa Asynkritusi, Flegon, Hermesi, Patrobasi, Hermasi og bræðrunum\* sem eru hjá þeim. **15** Skilið kveðju til Filólogusar og Júlíu, Nerevs og systur hans, og til Olympasar og allra hinna heilögu sem eru hjá þeim. **16** Heilsað hvert öðru með heilögum kossi. Allir söfn- uðir Krists biðja að heilsa ykkur.

**17** Nú hvet ég ykkur, bræður og systur, til að hafa auga með þeim sem valda sundrung og verða öðr- um að falli með því að fara gegn því sem þið hafið lært. Forðist þá. **18** Slíkir menn eru ekki þrælur Drottins okkar Krists heldur sinna eigin langana,\* og með fagurgala og smjaðri tæla þeir hjórtu grunlausra manna. **19** Allir taka eftir að þið

15:28 \*Orðrétt „ávestinum“. 16:4 \*Orðrétt „hálsi“. \*Eða „sál mína“.

16:14 \*Hér er hugsanlegt að orðið „bræður“ vísi til beggja kynja. 16:18 \*Eða „maga“.

eruð hlýðin og ég gleðst yfir því. Ég vil að þið hafið visku til að gera það sem er gott en séuð saklaus hvað snertir hið illa. **20** Guð, sem veitir frið, mun bráðlega kremja Satan undir fótum ykkar. Einstök góðvild Drottins okkar Jesú sé með ykkur.

**21** Tímóteus samstarfsmaður minn biður að heilsa ykkur og sömuleiðis þeir Lúkius, Jason og Sósipater, ættingjar mínir.

**22** Ég, Tertíus, sem hef ritað þetta bréf, bið að heilsa ykkur í nafni Drottins.

**23** Gajus, sem hefur hýst mig og allan söfnuðinn, sendir ykkur kveðju. Erastus gjaldkeri\* borgarinnar biður að heilsa ykkur og

16:23 \*Eða „ráðsmaður“.

Kvartus bróðir hans sömuleiðis. **24** \*—

**25** Dýrð sé Guði sem getur styrkt ykkur með fagnaðarboðskapnum sem ég boða, það er boðskapnum um Jesú Krist. Hann samræmist opinberun hins heilaga leyndardóms sem var hjúpaður þögn óralengi **26** en hefur nú verið opinberaður og kunngerður öllum þjóðum í hinum spádómlegu ritningum til að þær skyldu trúa og hlýða samkvæmt skipun hins eilífa Guðs. **27** Já, Guði, sem einn er vitur, sé dýrð að eilífu vegna Jesú Krists. Amen.

16:24 \*Þetta vers er ekki í sumum fornum handritum og tilheyrir greinilega ekki innblásinni frásögn Biblíunnar.

#### FYRRA BRÉFIÐ TIL

# KORINTUMANNA

#### YFIRLIT

- |   |  |
|---|--|
| <p><b>1</b> Kveðjur (1–3)<br/>Páll þakkar Guði fyrir safnaðarmenn í Korintu (4–9)<br/>Hvatning til að vera sameinuð (10–17)<br/>Kristur, kraftur og viska Guðs (18–25)<br/>Stærum okkur aðeins vegna Jehóva (26–31)</p>           | <p><b>4</b> Ráðsmenn eiga að vera trúir (1–5)<br/>Þjónar Krists eiga að vera auðmjúkir (6–13)<br/>„Gangið ekki lengra en skrifað er“ (6)<br/>Kristnir menn eins og leiksýning (9)<br/>Páli er annt um andleg börn sín (14–21)</p>  |
| <p><b>2</b> Boðun Páls í Korintu (1–5)<br/>Yfirburðir visku Guðs (6–10)<br/>Andlega sinnaður maður og holdlega sinnaður maður (11–16)</p>   | <p><b>5</b> Dæmi um kynferðislegt siðleysi (1–5)<br/>Lítið surdeig gerjar allt deigið (6–8)<br/>Vondum manni skal vísað burt (9–13)</p>  |
| <p><b>3</b> Korintumenn enn holdlegir (1–4)<br/>Guð gefur vöxtinn (5–9)<br/>Samverkamenn Guðs (9)<br/>Byggið úr eldtraustum efnum (10–15)<br/>Þið eruð musteri Guðs (16, 17)<br/>Viska heimsins heimaska í augum Guðs (18–23)</p> | <p><b>6</b> Málaferli milli bræðra (1–8)<br/>Þeir sem erfa ekki ríki Guðs (9–11)<br/>Notið líkamann til að lofa Guð (12–20)<br/>„Flýið kynferðislegt siðleysi!“ (18)</p> <p><b>7</b> Ráð handa ógiftum og giftum (1–16)<br/>Vertu áfram eins og þú varst þegar þú varst kallaður (17–24)</p> |

- Ógiftir og ekkjur (25–40)  
Kostir þess að vera einhleypur (32–35)  
Veldu þér aðeins maka sem „þjónar Drottni“ (39)
- 8 Um mat sem var fórnað skurðgoðum (1–13)  
Við höfum aðeins einn Guð (5, 6)
- 9 Fordæmi Páls sem postula (1–27)  
„Þú skalt ekki múlbinda naut“ (9)  
„Ég væri illa staddur ef ég boðaði ekki fagnaðarboðskapinn“ (16)  
Að vera öllum allt (19–23)  
Sjálfstjórn í kapphlaupinu um lífið (24–27)
- 10 Dæmi til viðvörunar úr sögu Ísraelsmanna (1–13)  
Varað við skurðgoðadýrkun (14–22)  
Borð Jehóva, borð illra anda (21)  
Frelsi og tillitssemi við aðra (23–33)  
„Gerid allt Guði til dýrðar“ (31)
- 11 „Líkið eftir mér“ (1)  
Forysta og höfuðfat (2–16)  
Að halda kvöldmáltíð Drottins (17–34)
- 12 Gjafir andans (1–11)  
Einn líkami, margir limir (12–31)
- 13 Kærleikurinn – langtum betri leið (1–13)
- 14 Að geta spáð og talað önnur tungumál (1–25)  
Safnaðarsamkomur fari skipulega fram (26–40)  
Staða kvenna í söfnuðinum (34, 35)
- 15 Upprisa Krists (1–11)  
Upprisa er undirstaða trúar (12–19)  
Upprisa Krists er trygging (20–34)  
Efnislegur líkami, andlegur líkami (35–49)  
Ódauðleiki og óförgengileiki (50–57)  
Önnum kafin í verki Drottins (58)
- 16 Fjársöfnun handa kristnum mönnum í Jerúsalem (1–4)  
Ferðaaætlanir Páls (5–9)  
Væntanlegar heimsóknir Tímóteusar og Apollósar (10–12)  
Hvatningarorð og kveðjur (13–24)

**1** Frá Páli, sem er kallaður til að vera postuli Krists Jesú samkvæmt vilja Guðs, og frá Sósþenesi bróður okkar, **2** til safnaðar Guðs í Korintu, til ykkar sem eruð helguð til að vera sameinuð Kristi Jesú og kölluð til að vera heilög, og til allra sem ákalla nafn Drottins Jesú Krists alls staðar, hans sem er Drottinn þeirra og okkar.

**3** Megi Guð faðir okkar og Drottinn Jesús Kristur sýna ykkur einstaka góðvild og veita ykkur frið.

**4** Ég þakka Guði mínum alltaf fyrir ykkur því að hann sýndi ykkur einstaka góðvild fyrir milligöngu Krists Jesú. **5** Vegna hans eruð þið orðin auðug á allan hátt, vel hæf til að boða orð Guðs og hafid fyllst þekkingu **6** þar sem boðskapurinn um Krist er orðinn rót-

fastur hjá ykkur. **7** Þannig hafið þið allt sem þið þurfið\* meðan þið bíðið með óþreyju eftir að Drottinn okkar Jesús Kristur opinberist. **8** Guð gerir ykkur staðföst allt til enda svo að ekki verði hægt að ásaka ykkur um neitt á degi Drottins okkar Jesú Krists. **9** Guð er trúr og hann kallaði ykkur til að eiga samneyti\* við son sinn, Jesú Krist Drottin okkar.

**10** Nú hvet ég ykkur, bræður og systur, í nafni Drottins okkar Jesú Krists til að vera öll á sama máli og forðast alla sundrung á meðal ykkar. Verið fullkomlega sameinuð í sama hugarfari og sömu skoðun. **11** Nokkrir heimilismenn Klóe hafa sagt mér, bræður mínir og systur, að

1:7 \*Eða „skortir ykkur enga gjöf eða hæfileika“. 1:9 \*Eða „hafa samfélag“.

ágreiningur sé milli ykkar. **12** Ég á við það að sum ykkar segja: „Ég fylgi Páli,“ en aðrir: „Ég fylgi Apollósi,“ eða: „Ég fylgi Kefasi,“\* eða: „Ég fylgi Kristi.“ **13** Er Kristi skipt í sundur? Var Páll kannski staurfestur fyrir ykkur? Eða voruð þið skírð í nafni Páls? **14** Ég þakka Guði að ég skírði ekkert ykkar nema Krispus og Gajus **15** þannig að enginn geti sagt að hann sé skírður í minu nafni. **16** Jú, ég skírði líka heimilisfólk Stefanasar. Annars veit ég ekki til þess að ég hafi skírt neinn annan. **17** Kristur sendi mig ekki til að skíra heldur til að boða fagnaðarboðskapinn, og ekki boða hann með orðum lærðra manna\* því að þá yrði kvalastaur<sup>#</sup> Krists óþarfur.

**18** Boðskapurinn um kvalastaurinn<sup>#</sup> er heimska í eyrum þeirra sem glatast en fyrir okkur sem björgumst er hann kraftur Guðs. **19** Skrifað er: „Ég geri visku hinna vitru að engu og hafna\* gáfum gáfumannanna.“ **20** Hvar er hinn viti? Hvar er fræðimaðurinn? Hvar er kappræðumaður þessarar heimsskipanar? Hefur ekki Guð gert visku heimsins að heimsku? **21** Í visku sinni sá Guð til þess að heimurinn gæti ekki kynnst honum með sinni eigin visku. Þess í stað kaus Guð að láta heimsku boðskaparins frelsa þá sem trúá.

**22** Gyðingar biðja um tákni og Grikkir leita að visku **23** en við boðum Krist staurfestan sem er Gyðingum hrösunarhella og þjóðunum finnst heimskulegt. **24** En í augum þeirra sem eru kallaðir, bæði Gyðinga og Grikkja, er Kristur kraftur Guðs og viska Guðs **25** því að heimska frá Guði er vitrari en

1:12 \*Einnig nefndur Pétur. 1:17 \*Eða „gáfullegu orðbragði“. 1:17, 18, 31 \*Sjá orðaskýringar. 1:19 \*Eða „vísa á bug“. 1:20 \*Það er, sérfræðingur í lögum Gyðinga. 1:20; 2:6 \*Eða „aldar“. Sjá orðaskýringar.

menn og hið veikburða frá Guði er sterkara en menn.

**26** Þið sjáið, bræður og systur, þegar þið litíð á sjálf ykkur, að Guð kallaði ekki marga sem voru vitrir í augum manna, ekki marga valdamikla og ekki marga af göfugum ættum.\* **27** Guð valdi öllu heldur hið heimska í heiminum til að hinir vitru fari hjá sér, og hann valdi hið veikburða í heiminum til að hið sterka fari hjá sér, **28** hann valdi hið ómerkilega í heiminum og hið fyrirlitna, það sem menn telja einskis virði, til að gera að engu það sem er einhvers metið **29** svo að enginn skyldi stæra sig frammi fyrir Guði. **30** En það er honum að þakka að þið eruð sameinuð Kristi Jesú sem birtir okkur visku Guðs og er orðinn okkur réttlæti, helgun og frelsun með lausnargjaldi **31** svo að það geti orðið sem skrifað er: „Sá sem stærir sig stæri sig vegna Jehóva.“<sup>#</sup>

**2** Þegar ég kom til ykkar, bræður og systur, og boðaði ykkur heilagan leyndardóm Guðs gerði ég það ekki með háflegum orðum eða visku. **2** Ég ákvað að tala ekki um neitt meðal ykkar nema Jesú Krist og hann staurfestan. **3** Og ég kom til ykkar veikburða, óttasleginn og kvíðafullur. **4** Það sem ég sagði og boðaði var ekki byggt á sannfærandi visku manna heldur vitnuðu orð mín um kraft andans **5** svo að trú ykkar skyldi ekki byggjast á visku manna heldur krafti Guðs.

**6** Nú tölum við um visku við þroskað fólk, en ekki visku þessarar heimsskipanar<sup>#</sup> né stjórnenda hennar sem verða að engu **7** heldur tölum við um visku Guðs sem er hulin í heilögum leyndardómi og Guð fyrirhugaði okkur til dýrðar áður en mannleg skipan\* varð til.

1:26 \*Eða „tiginborna“. 2:7 \*Eða „aldirnar“. Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“.



8 Enginn af stjórnendum þessarar heimsskipanar\* kynntist þessari vísu því að ef þeir hefðu kynnst henni hefðu þeir ekki staurfest dýrlegan Drottin okkar. 9 Það er eins og skrifað stendur: „Það sem auga hefur ekki séð og eyra ekki heyrt og ekki hefur komið upp í hjarta nokkurs manns, það hefur Guð búið þeim sem elska hann.“ 10 En okkur hefur Guð opinberað það með anda sínum því að andinn rannsakar allt, jafnvel hið djúpa sem býr í Guði.

11 Hver meðal manna veit hvað býr í manningnum nema andi mannsins sem er í honum? Eins hefur enginn komist að raun um hvað býr í Guði nema andi Guðs. 12 Nú höfum við ekki fengið anda heimsins heldur andann sem er frá Guði til að við getum skilið hvað Guð hefur í góðvild sinni gefið okkur. 13 Við tölum líka um þetta, ekki með orðum sem eru sótt í mannlega vísu heldur orðum sem andinn kennir, og útskýrum andleg mál með andlegum orðum.\*

14 Holdlega sinnaður maður tekur ekki við því sem kemur frá anda Guðs því að það er honum heimska. Hann getur ekki skilið þessi mál vegna þess að það þarf að rannsaka þau á andlegan hátt. 15 Andlega sinnaður maður rannsakar hins vegar allt en enginn maður er hæfur til að meta hann sjálfan. 16 „Hver hefur kynnst huga Jehóva“ svo að hann geti leiðbeint honum?“ En við höfum huga Krists.

**3** Bræður og systur, ég gat ekki talað við ykkur eins og við andlega menn heldur eins og við holdlega menn, eins og ungbörn í Kristi. 2 Ég gaf ykkur mjólk, ekki fasta fæðu því að þið voruð ekki orð-

in nógu þroskuð. Þið eruð það jafnvel ekki enn 3 því að þið eruð enn þá holdleg. Fyrst þið deilið og öfundið hvert annað, eruð þið þá ekki holdleg og hegðið ykkur eins og fólk í heiminum? 4 Þegar einn segir: „Ég fylgi Páli,“ en annar: „Ég fylgi Apollósi,“ eruð þið þá ekki alveg eins og allir aðrir?

5 Hvað er þá Apollós? Já, hvað er Páll? Þjónar sem hafa leitt ykkur til trúar eins og Drottinn gaf hvorum um sig. 6 Ég gróðursetti, Apollós vökvadi en Guð gaf vöxtinn. 7 Þannig skiptir sá ekki máli sem gróðursetur né sá sem vökvaheldur Guð sem gefur vöxtinn. 8 Sá sem gróðursetur og sá sem vökvaheldur vinna saman\* en hver og einn fær laun eftir því sem hann leggur af mörkum. 9 Við erum samverkamenn Guðs og þið eruð akur Guðs sem hann ræktar, hús sem hann byggir.

10 Vegna góðvildar Guðs lagði ég grunn eins og reyndur\* byggingameistari en annar byggir ofan á hann. Hver og einn gæti að því hvernig hann byggir. 11 Enginn getur lagt annan grunn en þann sem lagður er, það er að segja Jesú Krist. 12 Ef einhver byggir ofan á grunninn, hvort heldur úr gulli, silfri, eðalsteinum, tré, heyi eða hálm, 13 kemur í ljós á reynsludeginum hve vandað verk hans er.\* Eldurinn opinberar það og leiðir í ljós hvernig hver og einn hefur byggt. 14 Ef verk þess sem byggir ofan á grunninn stenst fær hann laun. 15 En ef verk einhvers brennur upp bíður hann tjón. Sjálfur bjargast hann en þó eins og úr eldi.

16 Vitið þið ekki að þið eruð musteri Guðs og að andi Guðs býr

2:8 \*Eða „aldar“. Sjá orðaskýringar. 2:13 \*Eða „tengjum andleg mál við andleg orð“. 2:16 \*Sjá orðaskýringar.

3:8 \*Eða „að sama markmiði“. Orðrétt „eum eitt“. 3:10 \*Eða „vitur“. 3:13 \*Orðrétt „mun verk hvers og eins verða augljóst því að dagurinn leiðir það í ljós“.

í ykkur? **17** Ef einhver eyðir must-  
eri Guðs mun Guð eyða honum því  
að musteri Guðs er heilagt og þið  
eruð þetta musteri.

**18** Blekkið ekki sjálf ykkur: Ef  
einhver telur sig vera vitran í þess-  
ari heimsskipan\* skal hann fyrst  
verða heimskur til að geta orð-  
ið vitur. **19** Víska þessa heims er  
heimska í augum Guðs en skrifað  
stendur: „Hannfangar hina vitru í  
slægð þeirra.“ **20** Og einnig segir:  
„Jehóva\* veit að hugleiðingar hinna  
vitru eru tilgangslausar.“ **21** Eng-  
inn ætti því að miklast af mönnum  
vegna þess að allt tilheyrir ykkur,  
**22** hvort heldur Páll, Apollós eða  
Kefas,\* heimurinn, líf eða dauði,  
það sem er núna eða það sem er  
ókomíð, allt tilheyrir það ykkur.  
**23** En þið tilheyríð Kristi og Krist-  
ur tilheyrir Guði.

**4** Menn ættu að líta á okkur sem  
þjóna\* Krists og ráðsmenn heil-  
agra leyndardóma Guðs. **2** Nú er  
þess vænst af ráðsmönnum að þeir  
reynist trúir. **3** Það skiptir mig  
ósköp litlu máli hvaða mat þið eða  
dómstóll manna leggur á mig. Ég  
legg ekki einu sinni sjálfur mat á  
mig. **4** Ég veit ekki til þess að ég  
hafi gert neitt rangt en það sann-  
ar þó ekki að ég sé réttlátur. Það  
er Jehóva\* sem rannsakar mig.  
**5** Dæmið því engan fyrir tímann,  
áður en Drottinn kemur. Hann leið-  
ir í ljós það sem leynist í myrkrinu  
og dregur fram hvað býr í hjörtum  
manna, og þá fær hver og einn það  
hrós frá Guði sem hann á skilið.

**6** Nú hef ég, bræður og systur,  
heimfært þetta upp á\* sjálfan mig  
og Apollós ykkar vegna, til að þið  
lærðuð af okkur regluna: „Gangið  
ekki lengra en skrifad er,“ og þið of-

3:18 \*Eða „á þessari öld“. Sjá orðaskýringar.  
3:20; 4:4 \*Sjá orðaskýringar. 3:22 \*Einnig  
nefndur Pétur. 4:1 \*Eða „undirmenn“. 4:6  
\*Eða „yfirfært þetta á“.

metnist ekki og takið einn fram yfir  
annan. **7** Hvað hefurðu fram yfir  
aðra? Hvað hefurðu sem þú hef-  
ur ekki fengið að gjöf? Og ef þér  
var gefið það, hvers vegna stærirðu  
þig eins og þú hafir ekki fengið það  
að gjöf?

**8** Hafið þið ekki fengið allt sem  
þið viljið? Eruð þið ekki orðin rík?  
Eruð þið farin að ríkja sem konung-  
ar án okkar? Ég vildi óska að þið  
væruð orðin konungar svo að við  
gætum ríkt sem konungar með ykk-  
ur. **9** Mér virðist Guð hafa látið  
okkur postulana koma síðasta inn á  
sviðið, eins og dauðadæmda menn.  
Við erum orðin eins og leiksýning  
frammi fyrir heiminum, bæði fyrir  
englum og mönnum. **10** Við erum  
heimskir vegna Krists en þið eruð  
vitur vegna Krists. Við erum veik-  
burða en þið sterk. Þið eruð höfð í  
hávegum en við fyrirlitnir. **11** Allt  
til þessa höfum við þolað hungur  
og þorsta, verið illa klæddir,\* þol-  
að barsmíðar,# verið heimilislausir  
**12** og við höfum stritað og unnið  
með höndum okkar. Þegar við erum  
smánaðir blessum við, þegar við  
erum ofsóttir þraukum við þolin-  
móðir **13** og við svörum mildilega  
þegar við erum rægðir. Fram að  
þessu höfum við verið alitnir sorp\*  
heimsins, úrhak samfélagsins.

**14** Ég skrifa þetta ekki til að  
þið finnið til skammar heldur til að  
áminna ykkur eins og ástkær börn  
mín. **15** Þó að þið hefðuð 10.000  
kennara\* til að kenna ykkur að  
fylgja Kristi hafið þið samt ekki  
marga feður. En í Kristi Jesú er ég  
orðinn faðir ykkar með því að flytja  
ykkur fagnaðarboðskapinn. **16** Ég  
hvet ykkur því til að líkja eftir mér.  
**17** Þess vegna sendi ég Tímóte-  
us til ykkar en hann er elskað og

4:11 \*Orðrétt „verið naktir“. #Eða „okkur hef-  
ur verið misþyrmt“. 4:13 \*Eða „úrgangur“.  
4:15 \*Eða „uppalendur“.

trúfast barn mitt í Drottni. Hann mun minna ykkur á hvernig ég fer að\* í þjónustu Krists Jesú, hvernig ég kenni alls staðar í öllum söfnuðunum.

**18** Sumir hafa ofmetnast því að þeir gera ekki ráð fyrir að ég komi til ykkar. **19** En ég kem til ykkar fljótlega ef Jehóva\* vill. Ég hef ekki áhuga á því sem þessir stoltu einstaklingar segja heldur vil ég kynna mér kraft þeirra.\* **20** Ríki Guðs byggist ekki á orðum heldur krafti. **21** Hvort viljið þið heldur að ég komi til ykkar með vönd eða í kærleika og mildi?

**5** Fullyrt er að kynferðislegt siðleysi\* eigi sér stað á meðal ykkar, og það slíkt siðleysi\* sem viðgengst ekki einu sinni meðal þjóðanna - að maður býr með\* konu föður síns. **2** Eruð þið stolt af því? Ættuð þið ekki frekar að harma það og vísa manningnum sem hefur gert þetta úr ykkar hópi? **3** Þó að ég sé fjarverandi að líkamnum til er ég nærverandi í anda og ég hef þegar dæmt manninn sem gerði þetta, rétt eins og ég væri hjá ykkur. **4** Þegar þið komið saman í nafni Drottins okkar Jesú og vitið að ég er með ykkur í anda ásamt krafti Drottins okkar Jesú **5** skuluð þið gefa slíkan mann Satan á vald til að uppræta skaðleg áhrif hans\* þannig að andinn\* varðveitist á degi Drottins.

**6** Þið hafið enga ástæðu til að hreykja ykkur. Vitið þið ekki að lítið súrdeig gerjar\* allt deigið? **7** Hreinsið burt gamla súrdeigið svo að þið séuð nýtt deig. Þið eruð ósýrð því að Kristi, páskalambi okk-

4:17 \*Eða „aðferðir mínar“. 4:19 \*Sjá orðaskýringar. \*Það er, hvort kraftur þeirra er frá Guði. 5:1 \*Á grísku *porneía*. Sjá orðaskýringar. \*Eða „hefur tekið sér“. 5:5 \*Orðrétt „útrýma holdinu“. \*Það er, andi safnaðarins. 5:6 \*Eða „sýrir“.

ar, hefur verið fórnað. **8** Höldum því hátíðina, hvorki með gömlu súrdeigi né súrdeigi vonsku og illsku heldur með ósýrðu brauði einlægni og sannleika.

**9** Ég skrifaði ykkur í bréfi mínu að þið skylduð hætta að umgangast kynferðislega siðlaust fólk.\* **10** Þar átti ég ekki við kynferðislega siðlaust fólk\* í heiminum yfirleitt eða ágjarna, ræningja eða skurðgoðadýrkendur. Þá hefðuð þið hreinlega þurft að yfirgefa heiminn. **11** En nú skrifa ég ykkur að þið skuluð hætta að umgangast nokkurn þann sem kallast bróðir en lifir kynferðislega siðlausu lífi,\* er ágjarn, skurðgoðadýrkandi, lastmál,\* drykkjumaður eða ræningi. Þið skuluð ekki einu sinni borða með slíkum manni. **12** Er það mitt að dæma þá sem eru utan safnaðarins? Dæmið þið ekki þá sem eru í söfnuðinum **13** og Guð þá sem eru fyrir utan? „Vísíð hinum vonda úr ykkar hópi.“

**6** Hvernig getur nokkrum ykkar sem á í deilu við annan dottið í hug að fara með málið fyrir dómstól ranglátra manna í stað þess að leita til hinna heilögu? **2** Vitið þið ekki að hinir heilögu munu dæma heiminn? Og fyrst þið eigið að dæma heiminn, eruð þið þá ekki færir um að dæma í smávægilegum málum? **3** Vitið þið ekki að við munum dæma engla? Þá hljótum við að geta dæmt í hversdagslegum málum. **4** Hvers vegna farið þið til manna sem söfnuðurinn telur óhæfa og látið þá dæma í hversdagslegum málum? **5** Ég segi þetta til að þið skammist ykkar. Er enginn nógu vitur á meðal ykkar til að dæma í málum milli bræðra sinna? **6** Í staðinn draga bræður hver annan fyrir rétt og það fyrir vantrúuðum!

5:9-11 \*Sjá orðaskýringar, „kynferðislegt siðleysi“. 5:11 \*Eða „úthúðar öðrum“.

7 Það eitt að þið skulið eiga í málaferlum hver við annan er ósigur fyrir ykkur. Hvers vegna látið þið ekki heldur beita ykkur órétti? Hvers vegna látið þið ekki heldur hafa eitthvað af ykkur? 8 Þess í stað beitið þið aðra órétti og hafið af þeim verðmæti, og það af bræðrum ykkar!

9 Vitið þið ekki að ranglátir erfa ekki ríki Guðs? Látið ekki blekkjast.\* Þeir sem lifa kynferðislega siðlausu lífi,<sup>#</sup> þeir sem dýrka skurðgoð, þeir sem halda fram hjá maka sínum, karlar sem leyfa körlum að eiga kynmök við sig, karlar sem stunda kynlíf með körlum,<sup>^</sup> 10 þjófvar, ágjarnir, drykkjumenn, lastmálir\* og ræningjar erfa ekki ríki Guðs. 11 Og þannig voruð þið sumir ykkar. En þið hafið hreinsast, þið hafið helgast, þið eruð lýstir réttlátir í nafni Drottins Jesú Krists og með anda Guðs okkar.

12 Mér er leyfilegt að gera allt en það er ekki allt gagnlegt. Mér er leyfilegt að gera allt en ég læt ekkert ná tókum á\* mér. 13 Maturinn er fyrir magann og maginn fyrir matinn en Guð gerir hvort tveggja að engu. Líkaminn er ekki fyrir kynferðislegt siðleysi\* heldur fyrir Drottin og Drottinn er fyrir líkamann. 14 En Guð reisti Drottin upp og mun líka reisa okkur upp frá dauðum með krafti sínum.

15 Vitið þið ekki að líkamar ykkar eru limir á líkama Krists? Á ég þá að taka limi líkama Krists og sameina þá vændiskonu? Auðvitað ekki! 16 Vitið þið ekki að sá sem hefur mök við vændiskonu verður einn líkami með henni? „Þau tvö verða

6:9 \*Eða „afvegaleiða ykkur“. <sup>#</sup>Sjá orðaskýringar, „kynferðislegt siðleysi“. <sup>^</sup>Orðrétt „karlar sem liggja með körlum“. 6:10 \*Eða „þeir sem úthúða öðrum“. 6:12 \*Eða „ráða yfir“. 6:13, 18 \*Á grísku *porneí'a*. Sjá orðaskýringar.

eitt,\*\* segir Guð. 17 En sá sem sameinast Drottini er eitt með honum í anda. 18 Flýið kynferðislegt siðleysi!\* Allar aðrar syndir sem maðurinn kann að drýgja eru fyrir utan líkama hans en sá sem stundar kynferðislegt siðleysi syndgar gegn sínum eigin líkama. 19 Vitið þið ekki að líkami ykkar er musteri heilags anda sem er í ykkur og þið hafið fengið frá Guði? Þið eigið ykkur ekki sjálf 20 því að þið eruð verði keypt. Notið því fyrir alla muni líkama ykkar til að lofa Guð.

7 Varðandi það sem þið skrifuðu mér þá er best fyrir mann að snerta\* ekki konu, 2 en vegna þess hve kynferðislegt siðleysi\* er algengt skal hver maður hafa sína eiginkonu og hver kona sinn eiginnmann. 3 Maðurinn gefi konu sinni það sem hún á rétt á og konan sömuleiðis manni sínum. 4 Konan hefur ekki vald yfir eigin líkama heldur eiginmaður hennar. Eins hefur maðurinn ekki vald yfir eigin líkama heldur eiginkona hans. 5 Neitið ekki hvort öðru um þetta nema eftir samkomulagi um ákveðinn tíma þannig að þið hafið næði til að biðjast fyrir, og verið síðan saman aftur. Annars gæti Satan nýtt sér að ykkur skorti sjálfstjórn og freistað ykkar. 6 Það sem ég hef sagt er þó ekki skipun heldur aðeins möguleiki. 7 Ég vildi óska að allir væru eins og ég. En hver hefur fengið sína gjöf frá Guði, einn þessa og annar hina.

8 Nú segi ég hinum ógiftu og ekkjunum að það sé þeim fyrir bestu að vera áfram eins og ég er. 9 En ef þau hafa ekki stjórn á sjálfum sér þá gangi þau í hjónaband því að betra er að giftast en að brenna af girnd.

6:16 \*Orðrétt „eitt hold“. 7:1 \*Átt er við kynferðislegt samband. 7:2 \*Fleirtala gríska orðsins *porneí'a*. Sjá orðaskýringar.

**10** Þeim sem eru í hjónabandi gef ég þær leiðbeiningar, þó ekki ég heldur Drottinn, að kona eigi ekki að fara frá eiginmanni sínum.

**11** En ef hún fer frá honum skal hún vera ógift áfram eða sættast aftur við hann. Og maður á ekki að yfirgefa eiginkonu sína.

**12** En hinum segi ég, já, ég, ekki Drottinn: Ef bróðir á vantrúaða konu og hún er sátt við að búa áfram með honum á hann ekki að yfirgefa hana. **13** Og ef kona á vantrúaðan eiginmann og hann er sáttur við að búa áfram með henni á hún ekki að yfirgefa hann.

**14** Vantrúaði maðurinn er helgaður vegna eiginkonu sinnar og vantrúaða konan helguð vegna bróðurins. Annars væru börn ykkar óhrein en nú eru þau heilög. **15** En ef vantrúaði makinn kys að fara þá leyfið honum að fara. Hvorki bróðir né systir eru bundin við slíkar aðstæður því að Guð hefur kallað ykkur til að lifa í friði. **16** Hver veit, kona, nema þú getir bjargað eiginmanni þínum? Eða hvað veistu, maður, nema þú getir bjargað eiginkonu þinni?

**17** Hver og einn haldi sig við það hlutskipti sem Jehóva\* hefur gefið honum og hann hafði þegar Guð kallaði hann. Þessar leiðbeiningar gef ég í öllum söfnuðunum. **18** Sá sem var umskorinn þegar hann var kallaður ætti ekki að breyta því. Sá sem var óumskorinn þegar hann var kallaður ætti ekki að láta umskerast. **19** Það skiptir engu hvort maður er umskorinn eða óumskorinn. Það sem skiptir máli er að halda boðorð Guðs. **20** Hver og einn sé áfram eins og hann var þegar hann var kallaður. **21** Varstu þræll þegar þú varst kallaður? Hafðu ekki áhyggjur af því en gríptu tækifærið ef þú getur orðið

frjáls. **22** Sá sem var þræll þegar Drottinn kallaði hann er leysingi\* hans og sá sem var frjáls þegar hann var kallaður er að sama skapi þræll Krists. **23** Þið eruð verði keyptir. Verið ekki lengur þrælur manna. **24** Bræður,\* hver og einn sé áfram frammi fyrir Guði eins og hann var þegar hann var kallaður.

**25** Um þá sem hafa aldrei gift\* hef ég engin fyrirmæli frá Drottni en ég segi skoðun mína og þar sem Drottinn sýndi mér miskunn getið þið treyst þig sem ég segi. **26** Miðað við núverandi erfiðleika tel ég best fyrir manninn að vera áfram eins og hann er. **27** Ertu bundinn eiginkonu? Reyndu þá ekki að losna. Ertu laus við konu? Leitaðu þér þá ekki að konu. **28** En þó að þú giftir þig syndgarðu ekki. Einhleyp manneskja\* syndgar ekki þó að hún giftist. En þeir sem giftast verða fyrir erfiðleikum í lífinu, og ég vildi hlífa ykkur við þeim.

**29** Auk þess segi ég, bræður og systur: Tíminn er orðinn naumur. Héðan í frá skulu þeir sem eru giftir vera eins og þeir væru það ekki, **30** þeir sem gráta eins og þeir grétu ekki, þeir sem fagna eins og þeir fögnuðu ekki, þeir sem kaupa eins og þeir ættu ekki það sem þeir keyptu **31** og þeir sem notafæra sér heiminn eins og þeir nýttu sér hann ekki til fulls, því að sviðsmynd þessa heims breytist. **32** Ég vil að þið séuð áhyggjulaus. Ógiftur maður er upptekinn af því sem viðkemur Drottni, hvernig hann geti þóknast honum. **33** En giftur maður er upptekinn af því sem viðkemur heiminum, hvernig hann geti þókn-

7:22 \*Það er, þræll sem gefið hefur verið frelsi. 7:24 \*Hér er hugsanlegt að orðið „bræður“ vísi til beggja kynja. 7:25 \*Orðrétt „Um meyljar“. Gríska orðið getur bæði átt við einhleypa karla og konur. 7:28 \*Sjá 25. vers, neðanmáls.

ast eiginkonu sinni, **34** og hann er tvískiptur. Ógift kona eða hrein mey er upptekin af því sem viðkemur Drottni, að vera heilög bæði á huga og líkama. En gifta konan er upptekin af því sem viðkemur heiminum, hvernig hún geti þóknast eiginmanni sínum. **35** Ég segi þetta ykkur til gagns, ekki til að skerða frelsi ykkar\* heldur til að hvetja ykkur til að gera það sem er viðeigandi og þjóna Drottni af öllu hjarta, stödugt og án truflunar.

**36** En ef einhver telur að hann hegði sér ósæmilega með því að vera áfram ógiftur\* og æskublóm-inn er liðinn hjá skal hann gera þetta: Hann gifti sig ef það er það sem hann vill. Hann syndgar ekki. **37** En sá sem er staðfastur í hjarta sínu og hefur ekki þessa þörf heldur hefur vald yfir vilja sínum og hefur ákveðið í hjarta sínu að vera ógiftur\* gerir vel. **38** Þannig gerir sá vel sem giftist\* en hinn gerir betur sem giftist ekki.

**39** Kona er bundin meðan eiginmaður hennar lifir. En ef maðurinn deyr er henni frjálst að giftast hverjum sem hún vill, þó aðeins ef hann þjónar Drottni. **40** En það er mín skoðun að hún sé hamingjusamari ef hún verður áfram eins og hún er. Og ég er sannfærður um að ég hafi anda Guðs.

**8** Þá vil ég minnast á mat sem fórnað hefur verið skurðgoðum. Við vitum að öll höfum við þekkingu. Þekking blæs menn upp en kærleikur byggir upp. **2** Ef einhver heldur sig vita eitthvað þekkir hann það ekki eins vel og hann

7:35 \*Orðrétt „varpa snöru yfir ykkur“. 7:36 \*Eða „gagnvart sveindómi sínum“. Gríska orðið getur bæði átt við einhleypa karla og konur. 7:37 \*Eða „halda sveindómi sínum“. Sjá 36. vers, neðanmáls. 7:38 \*Eða „gefur sveindóm sinn í hjónaband“. Sjá 36. vers, neðanmáls.

## 1. KORINTUBRÉF 7:34–9:2

ætti að gera. **3** En ef einhver elskar Guð þekkir Guð hann.

**4** Varðandi það að borða mat sem fórnað hefur verið skurðgoðum vitum við að skurðgoð er alls ekki neitt og að aðeins er til einn Guð. **5** Þó að til séu svonefndir guðir, hvort heldur á himni eða jörð – reyndar eru til margir „guðir“ og margir „drottmar“ – **6** þá höfum við aðeins einn Guð, föðurinn. Frá honum er allt komið og við erum til fyrir hann. Og aðeins einn er Drottinn, Jesús Kristur. Með hans hjálp varð allt til og vegna hans erum við til.

**7** En ekki hafa allir þessa þekkingu. Sumir sem áður tilbáðu skurðgoð borða matinn eins og hann sé skurðgoðaförn og viðkvæm samviska þeirra angrar þá. **8** En matur færir okkur ekki nær Guði. Við erum ekki verr sett þótt við sleppum því að borða né betur sett þótt við borðum. **9** En gætið þess að valfrelsi ykkar verði ekki hinum óstyrku til hrösunar á einhvern hátt. **10** Ef einhver óstyrkur sæi þig sem hefur þekkingu borða í skurðgoðamusteri, gæti þá ekki samviska hans leyft honum að fara að borða mat sem hefur verið fórnað skurðgoðum? **11** Hinn óstyrki, bróðir þinn sem Kristur dó fyrir, glatast þá vegna þekkingar þinnar. **12** Þegar þið syndgið þannig gegn trússysteminum ykkar og særið viðkvæma samvisku þeirra syndgið þið gegn Kristi. **13** Ef matur verður trússystemi mínu að falli ætla ég því aldrei frammar að borða kjöt svo að ég verði ekki nokkru þeirra að falli.

**9** Er ég ekki frjáls? Er ég ekki postuli? Hef ég ekki séð Jesú, Drottinn okkar? Erud þið ekki árangurinn af starfi mínu í þjónustu Drottins? **2** Þótt ég sé ekki postuli fyrir aðra er ég það vissulega fyrir

ykkur. Þið eruð innsiglið sem staðfestir að ég sé postuli Drottins.

3 Vörn mín gagnvart þeim sem setja út á mig er þessi: 4 Höfum við ekki rétt\* til að borða og drekka? 5 Höfum við ekki rétt til að ferðast um með trúaða eiginkonu\* eins og hinir postularnir, bræður Drottins og Kefas? 6 Eða erum við Barnabas þeir einu sem þurfa að vinna til að sjá fyrir sér? 7 Hver gegnir nokkurn tíma herþjónustu á eigin kostnað? Hver plantar vingarð án þess að borða af ávexti hans? Eða hver gætir hjarðar án þess að fá nokkuð af mjólkinni?

8 Segi ég þetta út frá mannlegu sjónarmiði? Segja ekki lögin það sama? 9 Í lögum Móse stendur: „Þú skalt ekki múlbinda naut þegar það þreskir korn.“ eru það nautin sem Guði er umhugað um? 10 Eða er það okkar vegna sem hann segir þetta? Reyndar var þetta skrifað okkar vegna því að sá sem plægir og sá sem þreskir eiga að gera það í von um að fá hluta af uppskerunni.

11 Fyrst við höfum sáð andlegum gæðum meðal ykkar, er þá til of mikils mælst að við uppskerum efnislegar nauðsynjar hjá ykkur? 12 Ef aðrir hafa þann rétt að fá þetta hjá ykkur, höfum við það ekki miklu frekar? Við höfum þó ekki nýtt okkur þann rétt\* heldur sættum okkur við allt svo að við öftrum því á engan hátt að fagnaðarboðskapurinn um Krist breiðist út. 13 Vitið þið ekki að þeim sem sinna heilögum skyldum er séð fyrir mat í musterinu og þeir sem þjóna við altarið fá sinn hlut af því fornað er á altarinu? 14 Þannig hefur Drottinn líka fyr-

irskipað að þeir sem boða fagnaðarboðskapinn skuli lifa af fagnaðarboðskapnum.

15 En ég hef ekki notfært mér neitt af þessu. Ég skrifa þetta ekki heldur til að þetta sé gert fyrir mig því að frekar vildi ég deylla en ... Enginn fær að taka það frá mér sem ég hrósa mér af. 16 Þó að ég boði fagnaðarboðskapinn hef ég enga ástæðu til að hrósa mér af því vegna þess að mér er skylt að gera það. Já, ég væri illa staddur ef ég boðaði ekki fagnaðarboðskapinn. 17 Ef ég geri það fúslega fæ ég laun en þótt ég gerði það gegn vilja mínum ynni ég samt það verk sem mér var falið. 18 Hvaða laun fæ ég þá? Að geta boðað fagnaðarboðskapinn öðrum að kostnaðarlausu til að misnota ekki rétt\* minn sem fylgir því að boða fagnaðarboðskapinn.

19 Þó að ég sé frjáls maður hef ég gert sjálfan mig að þræli allra til að geta áunnið sem flesta. 20 Gyðingum hef ég verið eins og Gyðingur til að ávinna Gyðinga. Þeim sem eru undir lögnum hef ég verið eins og ég væri undir lögnum til að ávinna þá sem eru það þó að ég sé ekki sjálfur undir lögnum. 21 Þeim sem eru ekki undir lögnum hef ég verið eins og ég væri ekki undir lögnum til að ávinna þá sem eru það ekki. Samt er ég ekki án laga frammi fyrir Guði heldur undir lögum Krists. 22 Hinum óstyrku hef ég verið óstyrkur til að ávinna hina óstyrku. Ég er orðinn öllum allt. Þannig geri ég það sem ég get til að bjarga að minnsta kosti nokkrum. 23 Ég geri allt vegna fagnaðarboðskaparins svo að ég geti miðlað honum til annarra.

24 Vitið þið ekki að þeir sem taka þátt í kapphlaupi hlaupa allir en aðeins einn fær sigurlaunin?

9:4, 18 \*Orðrétt „vald“. 9:5 \*Eða „með systur sem eiginkonu“. #Einnig nefndur Pétur. 9:12 \*Orðrétt „það vald“.

Hlaupið þannig að þið hljótið þau. **25** Allir sem keppa í íþróttum\* sýna sjálfstjórn á öllum sviðum. Þeir gera það auðvitað til að hljóta sigursveg sem visnar en við sigursveg sem visnar ekki. **26** Þess vegna hleyp ég ekki stefnulaust. Ég beini höggum mínum þannig að ég slái ekki vindhögg. **27** Ég beiti sjálfan mig hörðu\* og geri líkamann að þræli mínum svo að ég, sem hef kennt öðrum, reynist ekki óhæfur<sup>2</sup> einhverra hluta vegna.

**10** Bræður og systur, ég vil að þið vitið að forfedur okkar voru allir undir skýinu og fóru allir gegnum hafið **2** og allir skírðust undir skýinu og í hafinu til að fylgja Móse. **3** Allir neyttu sömu andlegu fæðunnar **4** og drukku sama andlega drykkinn. Þeir drukku af andlega klettinum sem fylgdi þeim en kletturinn táknaði\* Krist. **5** Guð var samt óánægður með flesta þeirra og þeir voru felldir í eyðimörkinni.

**6** Við getum lært af því sem gerðist þannig að við förum ekki að girnast það sem er illt eins og þeir gerðu. **7** Dýrkið ekki heldur skurðgoð eins og sumir þeirra. Skrifað stendur: „Fólkið settist niður til að borða og drekka og stóð síðan upp til að skemmta sér.“ **8** Stundum ekki kynferðislegt siðleysi\* eins og sumir þeirra gerðust sekir um en það leiddi til þess eins að 23.000 féllu á einum degi. **9** Ögrum ekki heldur Jehóva\* eins og sumir þeirra ögruðu honum til þess eins að bíða bana fyrir höggormunum. **10** Kvartið ekki eins og sumir þeirra kvörtuðu til þess eins að farast fyrir eyðandanum. **11** Við getum lært af því sem kom

9:25 \*Eða „Allir íþróttamenn“. 9:27 \*Eða „refsa sjálfum mér; aga sjálfan mig harðlega“. #Eða „verði ekki dæmdur úr leik“. 10:4 \*Eða „var“. 10:8, 9, 21, 22 \*Sjá orðaskýringar.

fyrir þá og það er skráð okkur til viðvörunar sem lifum við endalok þessarar heimsskipanar.\*

**12** Sá sem heldur að hann standi gæti því að sér að falla ekki. **13** Þið hafið ekki orðið fyrir öðrum freistingum en algengt er meðal manna. Guð er trúr og lætur ekki freista ykkar umfram það sem þið ráðið við því að samfara freistingunni sér hann fyrir leið út úr henni svo að þið getið staðist hana.

**14** Mín elskuðu, þið skuluð því flýja skurðgoðadýrkun. **15** Ég tala við ykkur sem skynsamar manneskjur. Dæmið sjálf um það hvort ég fari með rétt mál. **16** Eigum við ekki hlutdeild í blóði Krists þegar við drekkum af bikar blessunarinnar sem við blessum? Eigum við ekki hlutdeild í líkama Krists þegar við brjótum brauðið? **17** Brauðið er eitt og þess vegna erum við einn líkami þótt við séum mörg því að við neytum öll af þessu eina brauði.

**18** Lítið á Ísraelsþjóðina:\* Taka ekki þeir sem borða fórnirnar þátt í tilbeiðslunni við altarið? **19** Hvað á ég við með þessu? Að það sem er fórnað skurðgoði sé eitthvað eða að skurðgoði sjálf sé eitthvað? **20** Nei. Ég á við að það sem þjóðirnar fórna, það fórna þær illum öndum en ekki Guði og ég vil ekki að þið eigið neitt samneyti við illu andana. **21** Þið getið ekki drukkið bæði af bikar Jehóva\* og bikar illra anda. Þið getið ekki borðað bæði af „borði Jehóva“\* og borði illra anda. **22** Eða „vekjum við afbrýði Jehóva?“ Varla erum við sterkari en hann.

**23** Allt er leyfilegt en ekki er allt gagnlegt. Allt er leyfilegt en ekki er allt uppbyggilegt. **24** Hugsjið ekki um eigin hag heldur hag annarra.

10:11 \*Eða „aldanna“. Sjá orðaskýringar. 10:18 \*Orðrétt „Ísrael að holdinu til“.



25 Þið getið borðað allt sem selt er á kjötmarkaðinum án þess að spyrja frekar út í það samvisku ykkar vegna 26 Því að „jörðin og allt sem á henni er tilheyrir Jehóva“.\* 27 Ef einhver vantrúaður býður ykkur í mat og þið viljið fara getið þið borðað af öllu sem borið er fram án þess að spyrja frekar út í það samvisku ykkar vegna. 28 En ef einhver segir við ykkur: „Þessu kjöti hefur verið fórnað skurðgoðum,“ skuluð þið ekki borða það vegna hans sem sagði ykkur frá því og vegna samviskunnar. 29 Þá á ég ekki við þína eigin samvisku heldur samvisku hins. Hvers vegna ætti ég að nota frelsi mitt á þann hátt að samviska annarra dæmi mig? 30 Ef ég borða og þakka Guði fyrir, hvers vegna ætti þá að gagnrýna mig fyrir það sem ég hef þakkað fyrir?

31 Hvort sem þið því borðið eða drekkið eða gerið eitthvað annað þá gerið allt Guði til dýrðar. 32 Gætið þess að verða hvorki Gyðingum né Grikkjum né söfnuði Guðs til hrösunar. 33 Sjálfur reyni ég að þóknast öllum á allan hátt og hugska ekki um eigin hag heldur hag annarra þannig að þeir bjargist.

**11** Líkið eftir mér eins og ég líki eftir Kristi.

2 Ég hrósa ykkur fyrir að muna eftir mér í öllu og halda ykkur fast við það sem ég hef komið á framfæri við ykkur. 3 En ég vil að þið vitið að Kristur er höfuð hvers manns, maðurinn er höfuð konunnar og Guð er höfuð Krists. 4 Sérhver karlmaður sem biðst fyrir eða spáir með eitthvað á höfðinu óvirðir höfuð sitt 5 en sérhver kona sem biðst fyrir eða spáir berhöfðuð óvirðir höfuð sitt því að það er eitt og hið sama og væri hún krúnurökuð. 6 Ef kona hylur ekki höfuð sitt

ætti hún að láta klippa af sér hárið, en fyrst það er konu til smánar að láta klippa eða raka af sér hárið ætti hún að hylja höfuðið.

7 Karlmaður á ekki að hylja höfuð sitt því að hann er gerður í mynd Guðs og er honum til dýrðar en konan er manningnum til dýrðar. 8 Maðurinn kom ekki af konunni heldur konan af manningnum. 9 Auk þess var maðurinn ekki skapaður vegna konunnar heldur konan vegna mannsins. 10 Þess vegna og vegna englanna á konan að hafa eitthvað á höfðinu sem tákn um undirgefni.

11 Meðal fylgjenda Drottins er konan þó hvorki óháð manningnum né maðurinn óháður konunni 12 því að eins og konan er komin af manningnum er maðurinn fæddur af konunni, en allt er frá Guði. 13 Dæmið sjálf: Er viðeigandi að kona biðji til Guðs berhöfðuð? 14 Kennir ekki sjálf náttúran ykkur að það sé karlmanni til smánar að vera með sitt hár 15 en að sitt hár sé konu til sæmdar? Jú, hárið er gefið henni í stað höfuðfats. 16 En ef einhver vill halda einhverju öðru fram þá segið honum að við höfum engan annan sið og söfnuðir Guðs ekki heldur.

17 Um leið og ég gef ykkur þessi fyrirmæli get ég ekki hrósað ykkur því að það er ykkur frekar til ills en góðs að safnast saman. 18 Ég heyri að það sé sundrung meðal ykkar þegar þið komið saman á safnaðarsamkomum og ég trúi því að nokkru leyti. 19 Vissulega verður líka klofningur meðal ykkar og þannig þekkjast þeir úr sem Guð hefur velþóknun á.

20 Þegar þið safnist saman er það í rauninni ekki til að neyta kvöldmáltíðar Drottins. 21 Þið eruð búnar að borða ykkar eigin kvöldmat þegar þið neytið hennar – einn er svang-

ur en annar ölvaður. **22** Eigið þið ekki hús þar sem þið getið borðað og drukkið? Eða fyrirliðið þið sófnuð Guðs svo að þeir sem eiga ekkert fara hjá sér? Hvað get ég sagt við ykkur? Á ég að hrósa ykkur? Nei, ég hrósa ykkur ekki fyrir þetta.

**23** Ég hef miðlað ykkur því sem ég hef fengið frá Drottni: Nóttina sem Drottinn Jesús átti eftir að vera svikinn tók hann brauð, **24** fór með þakkarbæn, braut það og sagði: „Þetta táknar líkama minn sem er gefinn í ykkar þágu. Gerið þetta til minningar um mig.“

**25** Eins tók hann bikarinn eftir kvöldmáltíðina og sagði: „Þessi bikar táknar nýja sáttmálann sem er fullgiltur með blóði mínu. Gerið þetta í hvert sinn sem þið drekkið af honum, til minningar um mig.“

**26** Í hvert sinn sem þið borðið þetta brauð og drekkið af þessum bikar boðið þið dauða Drottins þangað til hann kemur.

**27** Hver sem borðar brauðið eða drekkur af bikar Drottins á óverðugan hátt verður því sekur við líkama og blóð Drottins. **28** Enginn ætti að borða brauðið né drekka af bikarnum fyrr en hann hefur rannsakað hvort hann sé þess verðugur. **29** Sá sem borðar og drekkur án þess að gera sér grein fyrir hvaða gildi líkaminn hefur borðar og drekkur sjálfum sér til dóms. **30** Þess vegna eru margir óstyrkir og veikir á meðal ykkar og þó nokkrir dánir.\* **31** Ef við legðum rétt mat á sjálf okkur yrðum við ekki dæmd. **32** En þegar við erum dæmd er Jehóva\* að aga okkur svo að við verðum ekki sakfelld með heiminum. **33** Þess vegna, bræður minir og systur, skuluð þið bíða hvert eftir öðru þegar þið komið saman til að neyta máltíðarinnar.

11:30 \*Greinilega er átt við andlegan dauða.  
11:32 \*Sjá orðaskýringar.

**34** Ef einhver er svangur á hann að borða heima hjá sér svo að þið kallið ekki yfir ykkur dóm þegar þið safnist saman. Öðrum málum ætla ég að koma í lag þegar ég kem.

**12** Ég vil ekki, bræður og systur, að þið séuð óupplýst um andlegu gjafirnar. **2** Þið vitið að meðan þið lifðuð eins og fólk í heiminum\* hafði það áhrif á ykkur og leiddi ykkur afvega. Þið tilbáðuð mállaus skurðgoð og fylgduð þeim hvert sem var. **3** Nú vil ég að ykkur sé ljóst að enginn segir undir leiðsögn anda Guðs: „Jesús er bölvaður!“ og enginn getur sagt: „Jesús er Drottinn!“ nema undir leiðsögn heilags anda.

**4** Gjafirnar eru mismunandi en andinn er hinn sami, **5** þjónustörfin eru mismunandi en Drottinn er hinn sami, **6** og verkin eru mismunandi en einn og sami Guð kemur þeim öllum til leiðar hjá hverjum um sig. **7** En andinn birtist hjá hverjum og einum í gagnlegum tilgangi. **8** Andinn gerir einum kleift að tala af\* visku og sami andi hjálpar öðrum að tala af þekkingu. **9** Andinn gefur einum trú og þessi sami andi gefur öðrum lækningamátt. **10** Hann gerir einum kleift að vinna máttarverk, öðrum að spá og enn öðrum er gefin dómgreind til að leggja mat á innblásin orð. Einum er gefið að tala önnur tungumál\* og öðrum að túlka það sem sagt er. **11** En einn og sami andinn kemur öllu þessu til leiðar og útbýtir hverjum og einum að vild sinni.

**12** Líkaminn er einn en hefur marga limi og allir limirnir mynda einn líkama þótt margir séu. Þannig er líka Kristur. **13** Við vorum öll skírð í krafti eins anda til að mynda

12:2 \*Það er, voruð vantrúuð. 12:8 \*Eða „gefur einum boðskap“. 12:10 \*Eða „aðrar tungur“.

einn líkama, hvort sem við erum Gyðingar eða Grikkir, þrælar eða frjálsir, og öll fengum við einn og sama anda að drekka.

**14** Líkaminn er myndaður úr mörgum limum en ekki aðeins einum. **15** Ef fóturinn segði: „Fyrst ég er ekki hönd tilheyrir ég ekki líkamanum,“ þá þýddi það ekki að hann væri ekki hluti af líkamanum. **16** Og þótt eyrað segði: „Fyrst ég er ekki auga tilheyrir ég ekki líkamanum,“ þá væri það samt hluti af líkamanum. **17** Ef allur líkaminn væri auga hvar væri þá heyrnin? Og ef hann væri allur heyrn hvar væri þá lyktarskynið? **18** En nú hefur Guð raðað öllum limunum á líkamann eins og hann vildi hafa þá.

**19** Hvar væri líkaminn ef allir limirnir væru einn og sami limurinn? **20** En nú eru limirnir margir en líkaminn þó aðeins einn. **21** Augað getur ekki sagt við höndina: „Ég þarf ekki á þér að halda,“ eða þá höfuðið við fæturna: „Ég þarf ekki á ykkur að halda.“ **22** Þvert á móti eru þeir limir nauðsynlegir sem virðast vera í veikbyggðara lagi **23** og við sýnum meiri virðingu þeim líkamshlutum sem okkur virðast lítilfjörlegir. Þannig veitum við meiri sæmd þeim líkamshlutum sem við erum ekki mjög stolt af **24** en hinir falletu þurfa ekki á slíku að halda. Guð setti líkamann þannig saman að hann sýndi meiri virðingu þeim líkamshluta sem þarfnáðist þess **25** svo að það væri engin sundrung í líkamanum heldur að limirnir bæru gagnkvæma umhyggju hver fyrir öðrum. **26** Ef einn limur þjáist þjáist allir hinir með honum og ef einn limur hlýtur upphefð gleðjast allir hinir með honum.

**27** Nú eruð þið líkami Krists og þið, hvert og eitt, eruð limir á honum. **28** Guð hefur gefið hverjum

um sig ákveðið hlutverk í söfnuðinum: Í fyrsta lagi hefur hann sett postula, í öðru lagi spámenn, í þriðja lagi kennara. Sumir geta unnið máttarverk, læknað, veitt hjálp, farið með forystu eða talað önnur tungumál. **29** Ekki eru allir postular. Ekki eru allir spámenn. Ekki eru allir kennarar. Ekki vinna allir máttarverk. **30** Ekki hafa allir lækningamátt. Ekki tala allir önnur tungumál. Ekki eru allir túlkar.\* **31** Sækist eftir\* þeim gjöfum sem mestu máli skipta. En nú bendi ég ykkur á langtum betri leið.

**13** Þótt ég talaði tungumál manna og engla en hefði ekki kærleika væri ég glymjandi gong eða skellandi málmgjöll.\* **2** Þótt ég hefði spádómsgáfu, skildi alla heilaga leyndardóma, byggði yfir allri þekkingu og hefði svo sterka trú að flytja mætti fjöll en hefði ekki kærleika væri ég ekki neitt.\* **3** Og þótt ég seldi allar eigur mínar til að gefa öðrum að borða og fórnaði lífi mínu til að stæra mig af því en hefði ekki kærleika væri ég engu bættari.

**4** Kærleikurinn er þolinmóður\* og góðviljaður. Kærleikurinn öfundar ekki. Hann gortar ekki, er ekki montinn, **5** hegðar sér ekki ósæmilega,\* hugsar ekki um eigin hag, er ekki reiðigjarn. Hann heldur ekki reikning yfir rangindi. **6** Hann gleðst ekki yfir ranglæti en fagnar sannleikanum. **7** Hann umber allt, trúir öllu, vonar allt, er þolgóður í öllu.

**8** Kærleikurinn bregst aldrei. En spádómsgáfu munu taka enda, tungur\* þagna og þekking líða und-

12:30 \*Eða „þýðendur“. 12:31 \*Eða „Sækist ákaft eftir“. 13:1 \*Gong og málmgjöll eru slagverkshljóðfæri. 13:2 \*Eða „væri ég einskis nýtur“. 13:4 \*Eða „langlyndur“. 13:5 \*Eða „ruddalega“. 13:8 \*Það er, að tala önnur tungumál fyrir kraftaverk.

ir lok **9** því að þekking okkar er takmörkuð og það sem við spáum er takmarkað. **10** En þegar hið fullkomna kemur hverfur það sem er takmarkað. **11** Þegar ég var barn talaði ég eins og barn, hugsaði eins og barn og ályktaði eins og barn, en núna er ég fullorðinn maður og hef sagt skilið við einkenni barnsins. **12** Nú sjáum við ógreinilegar útlínur eins og í málmspegli en þá munum við sjá skýrt eins og augliti til auglitis. Núna hef ég takmarkaða þekkingu en þá verður þekking mín fullkomin,\* alveg eins og Guð gerþekkir mig. **13** Þetta þrennt varir þó: trú, von og kærleikur, en kærleikurinn er þeirra mestur.

**14** Keppið eftir kærleikanum en sækist líka eftir\* andlegu gjöfunum og þá helst því að geta spáð. **2** Sá sem hefur þá gjöf að geta talað annað tungumál talar ekki við menn heldur Guð. Hann talar um heilaga leyndardóma með hjálp andans en enginn skilur hann. **3** En sá sem spáir byggir aðra upp, hvetur þá og hughreystir með orðum sínum. **4** Sá sem talar annað tungumál byggir sjálfan sig upp en sá sem spáir byggir upp söfnuðinn. **5** Ég vildi að þið gætuð allir talað önnur tungumál en þó frekar að þið gætuð spáð. Sá sem spáir er meiri en sá sem talar önnur tungumál nema það sé túlkað\* svo að söfnuðurinn byggist upp. **6** En nú, bræður, hvaða gagn hefðu þið af því ef ég kæmi til ykkar og talaði önnur tungumál nema ég flytti ykkur líka opinberun, þekkingu eða spádóm eða kenndi ykkur eitthvað?

**7** Hið sama er að segja um dauða hluti sem gefa frá sér hljóð, svo sem flautu eða hörpu. Hvernig er

hægt að vita hvað er leikið á flautuna eða hörpuna ef tónarnir eru allir eins? **8** Hver býr sig til bardaga ef lúðurinn gefur frá sér ógreinilegt hljóð? **9** Eins er það með ykkur. Hvernig er hægt að vita hvað þið segið ef þið notið ekki tunguna til að tala auðskilið mál? Þið talið þá út í bláinn. **10** Þó að til séu mörg tungumál í heiminum er ekkert þeirra merkingarlaust. **11** Ef ég skil ekki málið er ég eins og útlendingur gagnvart þeim sem talar og hann eins og útlendingur gagnvart mér. **12** Þetta á líka við um ykkur. Fyrst þið þráið ákaft að fá gjafir andans skuluð þið sækjast eftir að verða auðgifer að þeim gjöfum sem byggja söfnuðinn upp.

**13** Sá sem fær þá gjöf að tala annað tungumál ætti því að biðja þess að geta líka túlkað\* það. **14** Ef ég bið á öðru tungumáli er það gjöf andans sem biður en hugur minn á ekki hlut að máli. **15** Hvað er þá til ráða? Ég ætla að biðja með gjöf andans en líka að biðja frá eigin brjósti. Ég ætla að syngja lofsöng með gjöf andans en líka að syngja lofsöng eins og hugurinn býður. **16** Hvernig getur venjulegur maður ykkar á meðal annars sagt „amen“ þegar þú hefur þakkað Guði og lofað hann með gjöf andans? Hann skilur ekki það sem þú segir. **17** Þakkarbæn þín getur vissulega verið góð en hún styrkir ekki hinn. **18** Ég þakka Guði að ég tala fleiri tungumál en þið allir. **19** Í söfnuðinum vil ég þó frekar tala fimm orð sem skiljast,\* til að geta frætt aðra,“ en tíu þúsund orð á framandi tungumáli.

**20** Bræður, hugsjið ekki eins og börn en verið eins og börn gagnvart illskunni og hugsjið eins og þroskað fólk. **21** Í lögunum

13:12 \*Eða „nákvæm“. 14:1 \*Eða „sækist líka ákaft eftir“. 14:5, 13 \*Eða „þýtt“.

14:19 \*Eða „eins og hugurinn býður“. \*Eða „frætt aðra munnlega“.

stendur: „Með tungum útlendinga og vörum ókunnugra tala ég til þessa fólks og jafnvel þá neitar það að hlusta á mig,“ segir Jehóva.“\* **22** Gjöfin að tala önnur tungumál er því ekki tákni fyrir þá sem trúa heldur hina vantrúðu. Gjöfin að spá er hins vegar ekki fyrir vantrúða heldur hina trúðu. **23** Hugsid ykkur að allur söfnuðurinn kæmi saman og allir töluðu framandi tungumál og svo kæmi líka venjulegt fólk eða vantrúaðir. Myndu þeir þá ekki segja að þið væruð gengnir af vitinu? **24** En ef þið mynduð allir spá og vantrúaður eða venjulegur maður kæmi, þá væri það sem þið segið áminning fyrir hann og hvatning til að líta í eigin barm. **25** Honum verður þá ljóst hvað leynist í hjarta hans og hann fellur á grúfu, tilbiður Guð og segir: „Guð er sannarlega hjá ykkur.“

**26** Hvað á þá að gera, bræður? Þegar þið komið saman hefur hver sitt fram að færa, einn kennslu, annar sálm og enn einn opinberun. Einn hefur gjöfina að tala framandi tungumál og annar að túlka. Sjáið til þess að allt sé uppbyggilegt. **27** Og ef einhverjir tala framandi tungumál mega þeir ekki vera fleiri en tveir eða í mesta lagi þrír. Þeir eiga að skiptast á og einhver þarf að túlka.\* **28** En ef enginn er til að túlka\* eiga þeir að vera hljóðir á samkomum<sup>#</sup> og tala við sjálfa sig og Guð. **29** Látið tvo eða þrjá spámenn tala og hinir skulu gera sér grein fyrir merkingunni. **30** En ef einhver annar sem situr þar fær opinberun ætti sá sem hefur orðið að þagna. **31** Þannig getið þið allir spáð, einn í einu, til að allir læri og hljóti uppörvun. **32** Spámennirnir eiga að hafa stjórn á hvernig þeir nota gjafirnar sem andinn hef-

ur gefið þeim. **33** Guð er ekki Guð óreiðu heldur friðar.

Eins og í öllum söfnuðum hinna heilögu **34** eiga konur að vera hljóðar því að þeim leyfist ekki að tala í söfnuðinum heldur eiga þær að vera undirgefnar eins og segir líka í lögumum. **35** Ef þær vilja skilja eitthvað betur eiga þær að spyrja eiginmenn sína heima fyrir af því að það er ekki við hæfi að kona tali í söfnuðinum.

**36** Kom orð Guðs frá ykkur eða hefur það ekki borist lengra en til ykkar?

**37** Ef einhver telur sig vera spámann eða hafa fengið andann þarf hann að viðurkenna að það sem ég skrifa ykkur eru fyrir-mæli Drottins. **38** Ef einhver vísar þessu á bug verður honum vísað á bug.\* **39** Bræður mínir, sækist þess vegna eftir því að spá en bannið þó engum að tala önnur tungumál. **40** En allt skal fara fram á sómasamlegan og skipulegan hátt.

**15** Nú minni ég ykkur, bræður og systur, á fagnaðarboðskapinn sem ég boðaði ykkur og þið tókuð við og hafið tekið afstöðu með. **2** Ef þið haldið fast við fagnaðarboðskapinn sem ég boðaði ykkur þá bjargist þið. Annars er tilgangslaust fyrir ykkur að trúa.

**3** Eitt það fyrsta sem ég kenndi ykkur var það sem ég hafði sjálfur tekið við, að Kristur dó fyrir syndir okkar eins og segir í Ritningunum, **4** að hann var grafinn og reistur upp á þriðja degi eins og segir í Ritningunum **5** og að hann birtist Kefasi\* og síðan þeim tólf. **6** Eftir það birtist hann meira en 500 lærisveinum\* í einu og flestir þeirra eru enn á meðal okkar en sumir eru dánir. **7** Síðan birtist hann Jakobi

14:21 \*Sjá orðaskýringar. 14:27, 28 \*Eða „þýða“. 14:28 \*Orðrétt „í söfnuðinum“.

14:38 \*Eða hugsanl. „Ef einhver er fáfróður verður hann áfram fáfróður“. 15:5 \*Einnig nefndur Pétur. 15:6 \*Orðrétt „bræðrum“.

og svo öllum postulunum. **8** En síðast allra birtist hann einnig mér eins og ég væri fæddur fyrir tím-ann.

**9** Ég er sístur postulanna og er ekki þess verður að kallast postu-li vegna þess að ég ofsótti söfn-uð Guðs. **10** En ég er það sem ég er vegna einstakrar góðvildar Guðs. Og góðvild hans í minn garð hefur ekki verið til einskis því að ég hef stritað meira en þeir allir, þó ekki í eigin krafti heldur vegna þess að einstök góðvild Guðs er með mér. **11** Þennan boðskap boðum við, bæði ég og hinir postularnir, og þannig hafið þið fengið trúna.

**12** Fyrst boðað er að Kristur hafi verið reistur upp frá dauðum, hvernig geta þá sumir ykkar sagt að dauðir rísi ekki upp? **13** Ef það er rétt að dauðir rísi ekki upp er Kristur ekki heldur risinn upp. **14** En ef Kristur er ekki risinn upp er boð-un okkar vissulega tilgangslaus og trú ykkar sömuleiðis. **15** Við erum þá líka ljúgvottar um Guð. Við höf-um þá vitnað gegn honum þegar við segjum að hann hafi reist Krist upp sem hann gerði þó ekki ef dauðir rísa ekki upp. **16** Ef dauð-ir eiga ekki að rísa upp er Kristur ekki heldur risinn upp. **17** Og sé Kristur ekki risinn upp er trú ykkar til einskis og þið hafið ekki fengið syndafyrirgefningu. **18** Þeir sem eru dánir sem lærisveinar Krists eru þá glataðir fyrir fullt og allt. **19** Ef von okkar á Krist nær aðeins til þessa lífs erum við aumkunar-verðust allra manna.

**20** En nú er Kristur risinn upp frá dauðum, frumgróði þeirra sem eru dánir. **21** Þar sem dauðinn kom vegna manns kemur upprisa dauðra líka vegna manns. **22** Eins og allir deya vegna sambands síns við Adam verða líka allir lífgað-ir vegna sambands síns við Krist.

**23** En hver í sinni röð: Kristur er frumgróðinn og síðan, meðan hann er nærverandi, koma þeir sem til-heyra honum. **24** Eftir það kemur endirinn þegar hann afhendir Guði sínum og föður ríkið eftir að hafa gert að engu allar stjörnir, yfir-völd og máttarvöld. **25** Hann á að ríkja sem konungur þar til Guð hefur lagt alla óvini undir fætur hans. **26** Dauðinn er síðasti óvin-urinn sem verður gerður að engu. **27** Guð „hefur lagt allt undir fætur hans“. En þegar hann segir að „allt hafi verið lagt undir hann“ er aug-ljóst að sá er undanskilinn sem lagði allt undir hann. **28** Þegar allt hefur verið lagt undir soninn mun hann sjálfur skipa sig undir Guð sem lagði allt undir hann til að Guð verði öllum allt.

**29** Hvað verður um þá sem láta skírast til þess að deyja ef hinir dónu rísa ekki upp? Og hvers vegna eru þeir á annað borð að láta skír-ast til að deyja? **30** Hvers vegna leggjum við okkur stöðugt í hættu? **31** Dauðinn blasir við mér á hverj-um degi. Það er jafn öruggt og að ég gleðst yfir ykkur, bræður og systur, í Kristi Jesú, Drottni okkar. **32** Ef ég hef barist eins og aðrir menn\* við villidýr í Efesus hvaða gagn hef ég þá af því? Ef hinir dónu verða ekki reistir upp „skulum við borða og drekka því að á morgun deyj-um við“. **33** Látið ekki blekkjast. Vondur félagsskapur spillir góðum venjum.\* **34** Takið sönsum. Gerið það sem er rétt og hættið að syndga. Sum ykkar hafa enga þekk-ingu á Guði. Ég segi þetta til að þið finnið til skammar.

**35** En nú spyr einhver: „Hvernig verða hinir dónu reistir upp? Hvers konar líkama fá þeir?“ **36** Þú óskynsami maður! Það sem þú sáir

15:32 \*Eða hugsanl. „barist frá mannlegum sjónarhóli“. 15:33 \*Eða „góðu siðferði“.

lifnar ekki nema það deyi fyrst. **37** Og það sem þú sáir er ekki plantan\* sem vex heldur bert frækornid, hvort sem það er hveitikorn eða annars konar fræ. **38** En Guð gefur því líkama eins og honum þóknast og gefur hvers kyns fræi sinn líkama. **39** Hold er líka margbreytilegt. Mennirnir hafa sína tegund af holdi og búfé sína, fuglar hafa sitt hold og fiskar sitt. **40** Til eru himneskir líkamar og jarðneskir líkamar en dýrd hinna himnesku er ein og hinna jarðnesku önnur. **41** Sólin hefur sinn ljóma, tunglið sinn og stjörnur sinn. Ljómi einstakra stjarna er jafnvel mismunandi.

**42** Eins er með upprisu hinna dáu. Það sem er sáð er forgengilegt en það sem rís upp er óforgengilegt.\* **43** Sáð er í vansæmd en upp rís í vegsemd. Sáð er í veikleika en upp rís í styrkleika. **44** Sáð er efnislegum líkama en upp rís andlegur líkami. Fyrst til er efnislegur líkami er einnig til andlegur líkami. **45** Þannig er líka skrifað: „Hinn fyrsti maður Adam varð lifandi mannvera.“\* Hinn síðari Adam varð lifgefandi andi. **46** Hið andlega kemur þó ekki fyrst. Hið efnislega kemur fyrst og síðan hið andlega. **47** Fyrsti maðurinn er frá jörðinni og er myndaður úr mold. Síðari maðurinn er frá himni. **48** Þeir sem eru myndaðir úr mold eru eins og sá sem var myndaður úr mold og hinir himnesku eru eins og hinn himneski. **49** Og eins og við líkjumst þeim sem var myndaður úr mold munum við einnig líkjast hinum himneska.

**50** En það segi ég ykkur, bræður og systur, að hold og blóð getur ekki erfð ríki Guðs né getur hið forgengilega erfð hið óforgengilega. **51** Ég

segi ykkur heilagan leyndardóm: Við munum ekki öll sofna dauðasvefni en við munum öll umbreytast **52** á svipstundu, á augabragði, við síðasta lúðurþytinn. Lúðurinn hljómar og hinir dáu rísa upp óforgengilegir og við umbreytumast. **53** Sá sem er forgengilegur þarf að breytast og verða óforgengilegur og sá sem er dauðlegur þarf að verða ódauðlegur. **54** En þegar sá sem er forgengilegur verður óforgengilegur og sá sem er dauðlegur verður ódauðlegur þá rætist það sem er skrifað: „Dauðinn er afmáður að eilífu.“ **55** „Dauði, hvar er sigur þinn? Dauði, hvar er broddur þinn?“ **56** Syndin er broddurinn sem veldur dauða og lögin gefa syndinni mátt. **57** En þökkum Guði fyrir að veita okkur sigurinn með hjálp Drottins okkar Jesú Krists.

**58** Kæru bræður og systur, verið þess vegna staðföst og óhagganleg, og verið alltaf önnum kafin í verki Drottins því að þið vitið að erfiði ykkar fyrir Drottin er ekki til einskis.

**16** Hvað snertir fjársöfnunina handa hinum heilögu skuluð þið fylgja þeim fyrirmælum sem ég gaf söfnuðunum í Galatíu. **2** Fyrsta dag hvernar viku ættu allir að leggja eitthvað fyrir eftir því sem þeir hafa efni á svo að ekki verði fyrst farið að safna fé þegar ég kem. **3** En þegar ég kem ætla ég að senda þá menn sem þið samþykkið í bréfum ykkar til að fara með rausnarlega gjöf ykkar til Jerúsalem. **4** Ef talið er ráðlegt að ég fari þangað líka geta þeir verið mér samferða.

**5** Ég kem til ykkar þegar ég hef farið um Makedóníu því að ég ætla að fara þar um **6** og kannski verð ég hjá ykkur um tíma, jafnvel allan veturinn. Síðan getið þið fylgt mér áleiðis hvert sem ég kann að fara.

15:37 \*Orðrétt „líkaminn“. 15:42 \*Sjá orðaskýringar. 15:45 \*Eða „sál“.

7 Ég vil ekki bara sjá ykkur rétt í svip heldur vonast ég til að geta staldrað við hjá ykkur um tíma ef Jehóva\* leyfir. 8 Ég verð þó um kyrrt í Efesus til hvítasunnu 9 því að mér hafa opnast víðar dyr að miklu verki en andstæðingarnir eru margir.

10 Ef Tímóteus kemur sjáðið þá til þess að hann þurfi ekki að vera óöruggur hjá ykkur því að hann vinnur verk Jehóva\* alveg eins og ég. 11 Enginn ætti því að líta niður á hann. Sendið hann af stað í friði svo að hann geti komið til mín því að ég bið eftir honum ásamt bræðrunum.

12 Hvað varðar Apollós bróður okkar, þá hvatti ég hann eindregið til að heimsækja ykkur með bræðrunum. Hann ætlaði sér ekki að koma núna en hann kemur þegar hann hefur tækifæri til.

13 Haldið vöku ykkar, standið stöðug í trúnni, verið hugrökk\* og eflist. 14 Sýnið kærleika í öllu sem þið gerið.

16:7, 10 \*Sjá orðaskýringar. 16:13 \*Eða „sýnið karlmennsku“.

15 Þið vitið, bræður og systur, að Stefanás og heimilisfólk hans voru fyrstu lærisveinarnir í Akkeu og helguðu sig því að þjóna hinum heilögu. Ég hvet ykkur því 16 til að vera undirgefin slíku fólki og öllum öðrum sem taka þátt í verkinu og leggja hart að sér. 17 En ég gleðst yfir því að Stefanás, Fortúnatus og Akkaíkus skulu vera hér því að þeir hafa bætt mér upp fjarveru ykkar. 18 Þeir hafa verið mér og ykkur til uppörvunar. Sýnið því að þið hafið mætur á slíkum mönnum.

19 Söfnuðirnir í Asíu biðja að heilsa. Akvílas og Priska ásamt söfnuðinum í húsi þeirra senda ykkur innilegar kveðjur í Drottni. 20 Öll trússystkinin biðja að heilsa ykkur. Heilsað hvert öðru með heilögum kossi.

21 Ég, Páll, skrifa þessa kveðju með eigin hendi.

22 Ef einhver elskar ekki Drottin sé hann bölváður. Drottinn okkar, komdu! 23 Megi einstök góðvild Drottins Jesú vera með ykkur. 24 Ástarkveðjur til ykkar allra sem eruð sameinuð Kristi Jesú.

## SÍÐARA BRÉFIÐ TIL

## KORINTUMANNA

## YFIRLIT

- 1 Kveðjur (1, 2)  
Huggun frá Guði í öllum prófraunum (3–11)  
Ferðaáætlanir Páls breytast (12–24)
- 2 Páll vill stuðla að gleði (1–4)  
Syndara fyrirgefið og hann tekinn aftur inn í söfnuðinn (5–11)  
Páll í Tróas og Makedóníu (12, 13)  
Boðunin er sigurganga (14–17)

- Ekki má gera orð Guðs að söluvöru (17)
- 3 Meðmælabréf (1–3)  
Þjónar nýja sáttmálans (4–6)  
Dýrð nýja sáttmálans ber af (7–18)
  - 4 Ljós fagnaðarboðskaparins (1–6)  
Hugur vantrúaðra blindaður (4)  
Fjár sjóður í leirkerum (7–18)



- |  |  |
|--|--|
| <p>5 Að klæðast himneskum bústað (1–10)<br/>Þjónustan að koma á sáttum (11–21)<br/>Ný sköpun (17)<br/>Sendiherrar Krists (20)</p> <p>6 Ekki má misnota góðvild Guðs (1, 2)<br/>Páll lýsir þjónustu sinni (3–13)<br/>Gangist ekki undir ok með vantrúuðum (14–18)</p> <p>7 Hreinsum okkur af öllu sem óhreinkar (1)<br/>Páll gleðst yfir Korintumönnum (2–4)<br/>Títus færir góðar fréttir (5–7)<br/>Hryggð Guði að skapi og iðrun (8–16)</p> <p>8 Söfnun handa kristnum mönnum í Júdeu (1–15)<br/>Títus sendur til Korintu (16–24)</p> | <p>9 Að gefa af réttum hvötum (1–15)<br/>Guð elskar glaðan gjafara (7)</p> <p>10 Páll ver þjónustu sína (1–18)<br/>Vopn okkar eru ekki jarðnesk (4, 5)</p> <p>11 Páll og ofurpostularnir (1–15)<br/>Raunir Páls sem postula (16–33)</p> <p>12 Sýnir Páls (1–7a)<br/>Páli gefinn „þyrnir í holdið“ (7b–10)<br/>Ekki síðri en ofurpostularnir (11–13)<br/>Áhyggjur Páls af Korintumönnum (14–21)</p> <p>13 Síðustu varnaðar- og hvatningarorð (1–14)<br/>„Rannsakið stöðugt hvort þið séuð í trúnni“ (5)<br/>Geríð nauðsynlegar breytingar; verið samhuga (11)</p> |
|--|--|

**1** Frá Páli, postula Krists Jesú vegna vilja Guðs, og frá Tímóteusi bróður okkar, til safnaðar Guðs í Korintu og til allra hinna heilögu um alla Akkeu.

**2** Megi Guð faðir okkar og Drottinn Jesús Kristur sýna ykkur einstaka góðvild og veita ykkur frið.

**3** Lofaður sé Guð og faðir Drottins okkar Jesú Krists, faðir innilegrar samúðar og Guð allrar huggunar **4** sem huggar\* okkur í öllum prófraunum<sup>#</sup> okkar svo að við getum huggað aðra í hvers kyns prófraunum<sup>#</sup> með þeirri huggun sem við fáum frá Guði. **5** Við þolum miklar þjáningar vegna Krists en við fáum líka mikla huggun vegna Krists. **6** Þegar við verðum fyrir prófraunum<sup>#</sup> er það ykkur til huggunar og björgunar, og þegar við fáum huggun er það ykkur líka til huggunar og það hjálpar ykkur að standast sömu þjáningar og við megum þola. **7** Við berum fullt traust til ykkar

1:4 \*Eða „hughreystir“. 1:4, 6 <sup>#</sup>Eða „erfiðleikum“.

þar sem við vitum að þið munuð fá hlutdeild í hugguninni, rétt eins og þið fáið ykkar skerf af þjáningunum.

**8** Við viljum ekki, bræður og systur, að ykkur sé ókunnugt um þá erfiðleika sem við urðum fyrir í skattlandinu Asíu. Við vorum undir gífurlegu álagi og réðum ekki við það í eigin krafti. Við óttuðumst jafnvel um líf okkar. **9** Já, við héldum að við værum dauðadæmdir. En þetta kenndi okkur að treysta ekki á sjálfa okkur heldur Guð sem reisir upp hina dánu. **10** Hann bjargaði okkur úr slíkri lífshættu og mun bjarga okkur. Við berum þá von til hans að hann haldi áfram að bjarga okkur. **11** Þið getið líka hjálpað okkur með því að biðja innilega fyrir okkur. Þá munu margir þakka Guði góðvild hans í okkar garð sem er svar við bænum svo margra.

**12** Við erum stoltir af því að geta sagt með góðri samvisku að í heiminum, og sérstaklega gagnvart ykkur, höfum við lifað í heilagleika og einlægni sem kemur frá Guði. Við höf-

um ekki stuðst við visku manna heldur einstaka góðvild Guðs. **13** Við skrifum ykkur ekki annað en það sem þið getið lesið\* og skilið, og ég vona að þið getið skilið það til fulls.“ **14** Þið skiljið nú þegar að vissu leyti að þið getið verið stolt af okkur, rétt eins og við verðum líka stoltir af ykkur á degi Drottins okkar Jesú.

**15** Í trausti þess ætlaði ég að koma fyrst til ykkar svo að þið gætuð glaðst öðru sinni.\* **16** Ég ætlaði mér að heimsækja ykkur á leiðinni til Makedóníu og koma svo aftur við á leiðinni þaðan. Síðan hefðuð þið fylgt mér af stað áleiðis til Júdeu. **17** Þetta var ætlun mín. En leit ég hana léttvægum augum? Eða er ég eigingjarn þegar ég áforma eitthvað, og segi ég „já, auðvitað“ og síðan „nei, það er ekki hægt“? **18** Að sama skapi og Guði er treystandi má treysta að við segjum ekki „já“ en meinum „nei“. **19** Sonur Guðs, Jesús Kristus, sem við boðuðum meðal ykkar, það er að segja við Silvanus\* og Tímóteus, er ekki „já“ og síðan „nei“ heldur er hann alltaf „já“. **20** Hversu mörg sem loforð Guðs eru hafa þau öll orðið „já“ fyrir tilstilli hans. Þess vegna segjum við líka „amen“ við Guð í nafni Jesú og það er Guði til dýrðar. **21** En Guð er sá sem tryggir að þið og við tilheyrum Kristi og hann smurði okkur. **22** Hann hefur líka sett innsigli sitt á okkur og veitt okkur tryggingu\* fyrir hinu ókomna, það er að segja andann í hjörtum okkar.

**23** Ég kalla Guð til vitnis og sver við sjálfan mig\* að það er til að hlífa ykkur að ég er enn ekki kominn til Korintu. **24** Ekki svo að skilja að við drottnum yfir trú ykk-

ar. Við erum öllu heldur samstarfsmenn og viljum stuðla að því að þið séuð glöð, en það er trúin sem gerir ykkur staðföst.

**2** Ég hef ákveðið að valda ykkur ekki hryggð næst þegar ég kem. **2** Ef ég hryggi ykkur, hver á þá að uppörva mig? Sá sem ég hryggði? **3** Ég skrifaði það sem ég skrifaði til að þeir sem ég átti að gleðjast yfir myndu ekki hryggja mig þegar ég kæmi. Ég treysti að það sem gleður mig gleði ykkur öll líka. **4** Ég átti mjög erfitt með að skrifa ykkur og gerði það með mörgum tárur og kvöl í hjarta, ekki til að hryggja ykkur heldur til að láta ykkur vita hve innilega ég elska ykkur.

**5** Ef einhver hefur valdið hryggð hefur hann ekki hryggt mig heldur ykkur öll að vissu marki – svo að ég taki ekki of sterkt til orða. **6** Ögunin sem hann hefur hlotið af flestum ykkar ætti að nægja. **7** Nú ættuð þið öllu heldur að fyrirgefa honum fúslega og hughreysta hann svo að hann láti ekki bugast af hryggð.\* **8** Þess vegna hvet ég ykkur til að fullvissa hann um að þið elskið hann. **9** Ég skrifaði ykkur líka til að kanna hvort þið væruð hlýðin í öllu. **10** Ef þið fyrirgefðið einhverjum eitthvað geri ég það líka. Hvað sem ég hef fyrirgefið (ef ég hef þurft að fyrirgefa eitthvað) hefur það verið ykkar vegna frammi fyrir Kristi **11** svo að Satan tækist ekki að blekkja\* okkur enda vitum við hvaða brögðum hann beitir.\*

**12** Þegar ég kom til Tróas til að boða fagnaðarboðskapinn um Krist og mér opnuðust dyr í starfi Drottins **13** hitti ég ekki Titus bróður minn. Mér var því ekki rótt svo að ég kvaddi lærisveinana þar og fór til Makedóníu.

1:13 \*Eða hugsanl. „vitið vel nú þegar“. \*Orðrétt „til endalokanna“. 1:15 \*Eða hugsanl. „notið góðs af því tvisvar“. 1:19 \*Einnig nefndur Sílas. 1:22 \*Eða „innborgun (staðfestingargjald)“. 1:23 \*Eða „sál mína“.

2:7 \*Eða „svo að hryggðin heltaki hann ekki“. 2:11 \*Eða „leika á“. \*Eða „er okkur ekki ókunnugt um áform hans“.

14 En ég þakka Guði sem leiðir okkur alltaf í sigurgöngu með Kristi og lætur okkur alls staðar breiða út ilm þekkingarinnar um sig. 15 Við sem boðum Krist erum Guði eins og sætur ilmur og hann nær til þeirra sem eiga eftir að bjargast og þeirra sem eiga eftir að farast. 16 Þeim síðarnefndu er hann lykt\* af dauða sem leiðir til dauða en þeim fyrrnefndu ilmur af lífi sem leiðir til lífs. Hver er hæfur til að veita slíka þjónustu? 17 Við erum það vegna þess að við gerum ekki orð Guðs að söluvöru\* eins og margir gera, heldur tölum við í fyllstu einlægni eins og þeir sem eru sendir af Guði, já, eru frammi fyrir Guði og eru lærisveinar Krists.

3 Erum við nú aftur farnir að mæla með sjálfum okkur? Eða þurfum við, eins og sumir, meðmælabréf til ykkar eða frá ykkur? 2 Þið eruð bréf okkar, skrifað á hjórtu okkar, þekkt og lesið af öllum mönnum. 3 Það er augljóst að þið eruð bréf Krists sem við höfum skrifað með þjónustu okkar, ekki með bleki heldur með anda lifandi Guðs, ekki á steintöflur heldur á töflur úr holdi, á hjórtu.

4 Við höfum þetta traust frammi fyrir Guði vegna Krists. 5 Við eignum ekki sjálfum okkur heiðurinn af því að vera hæfir til þessa heldur kemur hæfni okkar frá Guði. 6 Hann hefur gert okkur hæfa til að vera þjóna nýs sáttmála, ekki til að þjóna skriflegu lagasafni heldur andanum. Lagasafnið dæmir til dauða en andinn veitir líf.

7 Lagasafninu, sem leiðir til dauða og var letrað á steina, var miðlað með því líkri dýrð að Ísraelsmenn gátu ekki horft framan í Móse

vegna þess hve andlit hans ljómaði. En þessi dýrð átti eftir að hverfa. 8 Ætti þá ekki þjónusta andans að vera enn dýrlegri? 9 Fyrst lagasafnið, sem sakfelli, var dýrlegt hve miklu dýrlegri er þá ekki þjónustan sem réttlætir. 10 Það sem einu sinni var dýrlegt hefur verið svipt dýrð sinni vegna þeirrar dýrðar sem yfirgnæfir hana. 11 Fyrst það sem átti að hverfa kom fram með dýrð hlýtur dýrð þess sem er varanlegt að vera miklu meiri.

12 Þar sem við höfum slíka von getum við talað djarfmannlega 13 en gerum ekki eins og Móse sem haldi andlit sitt með slæðu til að Ísraelsmenn sæju ekki endalok þess sem átti að hverfa. 14 En þeir voru skilningssljóir og allt til þessa dags hvílir sama slæðan yfir þeim þegar gamli sáttmálinn er lesinn því að hún verður ekki fjarlægð nema með hjálp Krists. 15 Já, allt til þessa dags hvílir slæða yfir hjórtum þeirra hvenær sem lesið er upp úr ritum Móse. 16 En þegar einhver snýr sér til Jehóva\* er slæðan fjarlægð. 17 Jehóva\* er andinn og þar sem andi Jehóva\* er, þar er frelsi. 18 Við öll sem erum ekki lengur með slæðu fyrir andlitinu endurspeglum dýrð Jehóva.\* Við umbreytumst í þessa sömu mynd til að endurspeglu æ betur dýrð hans<sup>o</sup> og verðum nákvæmlega eins og Jehóva,\* það er að segja andinn,<sup>^</sup> gerir okkur.

4 Þar sem Guð hefur í miskunn sinni falið okkur þessa þjónustu gefumst við ekki upp. 2 En við höfum hafnað skammarlegu leynimakki og beitum ekki klækjum eða fölsum orð Guðs. Með því að birta sannleikann setjum við öllum mönnum gott fordæmi og höfð-

2:16 \*Eða „ilmur“. 2:17 \*Eða „erum ekki sölumenn orðs Guðs; græðum ekki á orði Guðs“.

3:16-18 \*Sjá orðaskýringar. 3:18 <sup>o</sup>Orðrétt „mynd frá dýrð til dýrðar“. <sup>^</sup>Eða hugsanl. „eins og andi Jehóva“.

um til samvisku þeirra frammi fyrir Guði. **3** Ef fagnaðarboðskapurinn sem við boðum er hulinn er hann hulinn þeim sem farast. **4** Guð þessa heims\* hefur blindað huga hinna vantrúuðu til að þeir sjái ekki ljósið frá hinum dýrlega fagnaðarboðskap um Krist sem er eftirmynd Guðs. **5** Boðun okkar snýst ekki um sjálfa okkur heldur um að Jesús Kristur sé Drottinn og að hans vegna séum við þjónar ykkar. **6** Það var Guð sem sagði: „Ljósið skal skína úr myrkri.“ Hann hefur látið það skína frá andliti Krists á hjörtu okkar til að upplýsa þau með hinni dýrlegu þekkingu á sér.

**7** En við geymum þennan fjársjóð í leirkerum þannig að augljóst sé að krafturinn sem er ofar mannlegum mætti komi frá Guði en ekki sjálfum okkur. **8** Við erum aðþrengdir á allar hliðar en ekki innikróaðir, við erum ráðvilltir en ekki úrræðalausir með öllu.\* **9** Við erum ofsóttir en ekki yfirgefnið, við erum slegnir niður en tortímumst þó ekki. **10** Við eigum sífellt á hættu að vera líflátnir eins og Jesús þannig að augljóst verði á líkama okkar hvernig Jesús lifði. **11** Já, vegna Jesú blasir dauðinn sífellt við okkur sem lifum, til að augljóst verði á dauðlegum líkama okkar hvernig Jesús lifði. **12** Þannig er dauðinn að verki í okkur en lífið í ykkur.

**13** Við höfum þess konar trú sem skrifað er um: „Ég trúði, þess vegna talaði ég.“ Við trúum líka og þess vegna tölum við. **14** Við vitum að hann sem reisti Jesú upp mun líka reisa okkur upp á sama hátt og Jesú og leiða okkur fram ásamt ykkur. **15** Allt gerist þetta ykkar vegna til að góðvild Guðs streymi fram í æ ríkari mæli þegar

margir fleiri þakka Guði, en það er honum til dýrðar.

**16** Þess vegna gefumst við ekki upp. Jafnvel þótt okkar ytri maður hrörni endurnýjast okkar innri maður dag frá degi. **17** Erfiðleikarnir\* standa stutt og eru léttbærir en þeir veita okkur dýrd sem er engu lík\* og er eilíf. **18** Við horfum ekki á hið sýnilega heldur hið ósýnilega því að hið sýnilega er tímabundið en hið ósýnilega er eilíf.

**5** Við vitum að þótt jarðneskt hús okkar, þetta tjald, verði rífið niður\* eigum við að fá hús frá Guði, eilíft hús á himnum sem er ekki gert með höndum. **2** Meðan við erum í þessu jarðneska húsi\* andvörpum við og þráum heitt að klæðast húsinu sem okkur er búið á himnum.\* **3** Þegar við klæðumst því stöndum við ekki uppi nakin. **4** Við sem erum í þessu tjaldi andvörpum reyndar og erum þjökuð vegna þess að við viljum ekki afklæðast þessu tjaldi en við viljum þó klæðast hinu svo að lífið taki við af hinu dauðlega. **5** Það er Guð sem hefur búið okkur undir þetta, en hann gaf okkur andann sem tryggingu\* fyrir hinu ókomna.

**6** Við erum alltaf hughraust og vitum að meðan við búum í líkamanum erum við fjarri Drottni. **7** Við lifum í trú en ekki eftir því sem við sjáum. **8** Já, við erum hughraust og vildum helst vera fjarri líkamanum og eignast heimili hjá Drottni. **9** En hvort sem við búum hjá honum eða erum fjarri honum er það markmið okkar að vera honum þóknanleg. **10** Við þurfum öll að koma fram\* fyrir dómarasæti Krists

4:17 \*Eða „Prófraunirnar“. Orðrétt „vegur sífellt þyngra“. 5:1 \*Eða „leyst upp“. 5:2 \*Eða „þessum jarðneska bústað“. \*Eða „klæðast himneskum bústað okkar“. 5:5 \*Eða „innborgun (staðfestingargjald)“. 5:10 \*Eða „birtast“.

4:4 \*Eða „þessarar aldar“. Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“. 4:8 \*Eða hugsanl. „ekki órvæntingarfullir“.

til að hver og einn fái endurgoldið það sem hann gerði meðan hann var í líkamanum, hvort sem það var gott eða illt.

**11** Við reynum vissulega að sannfæra menn þar sem við áttum okkur á þörfinni að óttast Drottin en Guð þekkir okkur. Ég vona að samviskan hafi hjálpað ykkur líka að þekkja okkur. **12** Við erum ekki aftur farnir að mæla með sjálfum okkur við ykkur heldur viljum við gefa ykkur tilefni til að vera stolt af okkur svo að þið getið svarað þeim sem stæra sig af ytra útliti en ekki því sem býr í hjartanu. **13** Ef við vorum viti okkar fjær var það fyrir Guð. Ef við erum skynsamir er það fyrir ykkur. **14** Kærleikur Krists knýr okkur því að við höfum ályktað sem svo: Einn maður dó fyrir alla þar sem allir voru dánir. **15** Og hann dó fyrir alla til að þeir sem lifa lifðu ekki lengur fyrir sjálfa sig heldur fyrir hann sem dó fyrir þá og var reistur upp.

**16** Héðan í frá horfum við ekki á fólk frá mannlegum sjónarhóli. Þótt við horfðum einu sinni á Krist frá mannlegum sjónarhóli gerum við það ekki lengur. **17** Ef einhver er sameinaður Kristi er hann því orðinn ný sköpun. Hið gamla er horfið, nýtt er orðið til. **18** En allt er frá Guði sem sætti okkur við sig fyrir milligöngu Krists og fól okkur þá þjónustu að koma á sáttum, **19** já, að boða að Guð sætti heiminn við sig með hjálp Krists og léti menn ekki svara til saka fyrir afbrot sín. Hann fól okkur að boða fólk að það gæti sæst við hann.

**20** Við erum sendiherrar á vegum Krists. Það er eins og Guð sjálfur hvetji fólk fyrir milligöngu okkar. Við biðjum á vegum Krists: „Látið sættast við Guð.“ **21** Guð gerði þann sem þekkti ekki synd að

syndaförn\* fyrir okkur svo að við gætum orðið réttlát í augum Guðs.

**6** Sem samverkamenn Guðs hvetjum við ykkur líka til að láta ekki einstaka góðvild hans, sem þið hafið þegið, verða til einskis. **2** Hann segir: „Á tíma velvildar bænheyrði ég ykkur og á degi björgunar hjálpaði ég ykkur.“ Nú er þessi sérstaki tími velvildar. Nú er dagur björgunarinnar.

**3** Við gefum engum neitt tilefni til hrösunar svo að enginn hafi ástæðu til að gagnrýna þjónustu okkar. **4** Við sýnum á allan hátt að við erum þjónar Guðs með miklu þolgæði, í raunum, í skorti, í erfiðleikum, **5** í misþyrmingum, í fangelsi og í uppþotum. Við höfum stritað, verið andvaka og verið matarlausir. **6** Við lifum hreinu lífi, búum yfir þekkingu, erum þolinmóðir, sýnum góðvild, lútum leiðsögn heilags anda og sýnum hrænsislausan kærleika. **7** Við segjum sannleikann, reiðum okkur á kraft Guðs og beitum vopnum réttlætisins með hægri hendi\* og vinstri.“ **8** Við fáum bæði heiður og vansæmd, gagnrýni og hrós. Við erum álitnir svikarar en segjum þó sannleikann, **9** óþekktir en erum þó vel þekktir og að dauða komnir\* en erum þó lifandi. Okkur virðist vera refsað“ en við erum þó ekki framseldir til dauða. **10** Við virðumst hryggir en erum þó alltaf glaðir, fá-tækir en auðgum þó marga, alls-lausir en eigum þó allt.

**11** Við höfum talað opinskátt við ykkur, Korintumenn, og við höfum gert rúmgott í hjörtum okkar. **12** Við höldum ekki aftur af kærleika okkar til ykkar en þið berið takmarkaðan kærleika til okkar. **13** Komið nú eins fram við okkur

5:21 \*Orðrétt „synd“. 6:7 \*Hugsanlega til sóknar. \*Hugsanlega til varnar. 6:9 \*Eða „dauðasekir“. \*Eða „Við virðumst fá ögun“.

– ég tala við ykkur eins og börnin mín: Gerið líka rúmgott í hjörtum ykkar.\*

**14** Gangist ekki undir ok með vantrúðum því að okið verður ójafnt.\* Hvað eiga réttlæti og lögleysi saman að selda? Eða hvað er sameiginlegt með ljósi og myrkri? **15** Og hvaða samhljómur er með Kristi og Beliar? Eða hvað á hinn trúaði<sup>#</sup> sameiginlegt<sup>^</sup> með vantrúðum? **16** Hvernig geta musteri Guðs og skurðgoð átt saman? Við erum musteri lifandi Guðs eins og Guð hefur sagt: „Ég mun búa meðal þeirra og ganga um meðal þeirra, ég verð Guð þeirra og þeir verða fólk mitt.“ **17** „Farið því burt frá þeim og aðgreinið ykkur,“ segir Jehóva,\* „hættið að snerta það sem er óhreint,“ „og ég mun taka ykkur að mér“. **18** „Og ég verð ykkur faðir og þið verðið mér synir og dætur,“ segir Jehóva,\* hinn almáttugi.“

**7** Þið elskuðu, fyrst við höfum fengið þessi loforð skulum við hreinsa okkur af öllu sem óhreinkar líkama og huga\* og verða þannig æ heilagari í guðsóttu.

**2** Gefið okkur rúm í hjörtum ykkar. Við höfum ekki beitt neinn órétti, ekki spillt neinum og ekki blekkt neinn í eiginhagsmunaskyni. **3** Ég segi þetta ekki til að dæma ykkur. Eins og ég hef áður sagt eigið þið stað í hjörtum okkar og eruð með okkur hvort sem við lifum eða deyjum. **4** Ég tala mjög opinskátt við ykkur. Ég er mjög stoltur af ykkur. Ég hef fengið mikla hughreystingu og er fullur gleði í öllum raunum okkar.

6:13 \*Eða „Látið líka verða rúmgott hjá ykkur“.

6:14 \*Eða „Bindist ekki vantrúðum“.

6:15 \*Dregið af hebresku orði sem merkir „einskis nýtur“. Átt er við Satan. <sup>#</sup>Eða „trúfóst manneskja“. <sup>^</sup>Eða „hvaða hlutdeild á hinn trúaði“. 6:17, 18 \*Sjá orðaskýringar. 7:1 \*Orðrétt „hold og anda“.

**5** Við höfðum enga ró í okkur þegar við komum til Makedóníu heldur þrengdi stöðugt að okkur á allan hátt – það var andstaða utan frá og áhyggjur innra með okkur. **6** En Guð, sem hughreystir niðurdregna, hughreysti okkur með komu\* Titusar. **7** Og það var ekki aðeins heimsókn hans sem hughreysti okkur heldur líka sú uppörvun sem hann fékk hjá ykkur. Hann sagði okkur að þið þráðuð að sjá mig, væruð sorgmædd og bæruð einlæga umhyggju fyrir iðrun. Það gladdi mig enn meir.

**8** Þó að ég hafi hryggt ykkur með bréfi mínu sé ég ekki eftir því. Ég sá reyndar eftir því í fyrstu (þegar ég sá að bréfið hryggði ykkur, þótt ekki væri nema um stund) **9** en nú gleðst ég, ekki beint yfir því að þið hryggðust heldur hinu að hryggðin leiddi til iðrunar. Þið hryggðust Guði að skapi og biðuð því ekki tjón af okkar völdum. **10** Hryggðin sem er Guði að skapi veldur iðrun sem leiðir til björgunar og enginn þarf að sjá eftir. En að hryggjast að hætti heimsins leiðir til dauða. **11** Sjáið hve djúpstæð áhrif það hafði að þið skylduð hryggjast Guði að skapi. Þið hreinsuðuð mannorð ykkar, reiddust yfir því sem hafði gerst, óttuðust Guð og fenguð sterka löngun til að leiðrétta það sem miður hafði farið, já, brennandi áhuga á því. Þið hafið sýnt á allan hátt að þið eruð hrein\* í þessu máli. **12** Þótt ég hafi skrifað ykkur gerði ég það ekki vegna mannsins sem gerði rangt né þess sem varð fyrir ranglætinu heldur til að þið sýnduð frammi fyrir Guði hve umhugað ykkur væri um að hlusta á okkur. **13** Þetta hefur hughreyst okkur.

Við glöddumst jafnvel enn meir að sjá hve Títus var glaður, en þið

7:6 \*Orðrétt „nærveru“. 7:11 \*Eða „saklaus“.

hafið öll uppörvað hann. **14** Ég hef sagt honum hve stoltur ég er af ykkur og þið hafið ekki brugðist vonum mínum. Það sem við sögðum Títusi um ykkur var rétt, eins og reyndar allt annað sem við höfum sagt ykkur. **15** Og honum er enn hlýrra til ykkar þegar hann hugsar til þess hve hlýðin þið öll eruð og hvernig þið tókuð á móti honum með djúpri virðingu. **16** Það gleður mig að ég skuli geta treyst ykkur í einu og öllu.\*

**8** Nú viljum við, bræður og systur, að þið vitið hvernig Guð hefur sýnt söfnuðunum í Makedóníu einstaka góðvild. **2** Þeir hafa orðið fyrir miklum prófraunum og erfiðleikum en sýndu einstaka gleði og örlæti þrátt fyrir sára fátækt. **3** Ég get vottað að þeir hafa gefið eins og þeir hafa tök á, meira að segja um efni fram. **4** Þeir þrúbaðu okkur að eigin frumkvæði um að mega gefa gjöf og taka þátt í að veita hinum heilögum neyðaraðstoð. **5** Og þeir gáfu ekki bara eins og við höfðum vonað. Þeir byrjuðu á því að gefa Drottni og okkur sjálfa sig í samræmi við vilja Guðs. **6** Við hvöttum því Títusi til að ljúka verkinu sem hann hafði komið af stað meðal ykkar og safna saman því sem þið hafið gefið svo fúslega. **7** Þið eruð auðug á allan hátt, í trú og orði, þekkingu og ákafa, og þið sýnið sama kærleika og við berum til ykkar. Verið sömuleiðis örlát þegar þið gefið til þessarar söfnunar.

**8** Ég segi þetta ekki sem skipun heldur til að vekja athygli ykkar á kappsemi annarra og láta reyna á hve einlægur kærleikur ykkar er. **9** Þið þekkið einstaka góðvild Drottins okkar Jesú Krists. Hann var ríkur en gerðist fátækur ykkar

7:16 \*Eða hugsanl. „geta verið hughraustur ykkar vegna“.

vegna til að þið yrðuð rík vegna fátæktar hans.

**10** Ég er þeirrar skoðunar að það sé ykkur til góðs að sinna þessu verki því að þið byrjuðuð á því fyrir ári og sýndu líka að þið höfðuð áhuga á því. **11** Ljúkið nú söfnuninni sem þið hófust handa við, af sama áhuga og þið höfðuð í byrjun, og gerið það eftir því sem efni leyfa. **12** Ef viljinn er fyrir hendi er Guð ánægður og metur gjöfina eftir því sem hver og einn á en ekki eftir því sem hann á ekki. **13** Ekki svo að skilja að ég vilji leggja byrði á ykkur en hlifa öðrum. **14** Ég vil jafna byrðina þannig að það sem þið eigið aflögu sem stendur bæti úr skorti hinna, og það sem þeir eiga aflögu geti líka bætt úr skorti ykkar. Þá verður jöfnuður **15** eins og skrifað stendur: „Sá sem átti mikið hafði ekki of mikið og sá sem átti lítið leið ekki skort.“

**16** Við þökkum Guði fyrir að vekja í hjarta Títusar sömu umhyggju fyrir ykkur og við höfum. **17** Hann hefur tekið hvatninguna til sín en þar sem hann er mjög ákafur kemur hann til ykkar að eigin frumkvæði. **18** En við sendum með honum bróðurinn sem fær hrós í öllum söfnuðunum fyrir að boða fagnaðarboðskapinn. **19** Og ekki nóg með það heldur hafa söfnuðirnir líka útnefnt hann til að vera ferðafélagi okkar þegar við afhendum þessa rausnarlegu gjöf, Drottni til dýrðar og til að sýna hve fúsir við erum til að aðstoða. **20** Þá er ekki hægt að finna að því hvernig við förum með þessa rausnarlegu gjöf. **21** Við „gerum allt á heiðarlegan hátt, ekki aðeins frammi fyrir Jehóva\* heldur einnig í auglýsningu manna“.

**22** Við sendum líka með þeim annan bróður sem við höfum marg-

8:21 \*Sjá orðaskýringar.

oft reynt og hefur sýnt dugnað á mörgum sviðum en nú leggur hann sig enn betur fram vegna þess mikla trausts sem hann ber til ykkar. **23** En ef einhverjar efasemdir vakna um Títus skuluð þið vita að hann er félagi minn og samstarfsmaður í ykkar þágu. Eða ef efasemdir vakna um hina bræðurna skuluð þið vita að þeir eru sendiboðar\* safnaðanna, Kristi til dýrðar. **24** Látið því í ljós að þið elskið þá og sýnið söfnuðunum hvers vegna við erum svona stoltir af ykkur.

**9** Ég þarf varla að skrifa ykkur um hjálpinu til\* hinna heilögu **2** því að ég veit hve fús þið eruð, og ég hrósa ykkur fyrir það meðal Makedóníumanna þegar ég segi þeim að Akkea hafi verið tilbúin fyrir ári. Áhugi ykkar hefur verið mörgum þeirra til hvatningar. **3** En ég sendi bræðurna svo að hrós okkar reynist ekki innantóms orð heldur að þið verið tilbúin eins og ég sagði að þið yrðuð. **4** Ef Makedóníumenn kæmu með mér og sæju að þið væruð ekki tilbúin yrði það skammarlegt fyrir okkur að hafa treyst á ykkur, og reyndar skammarlegt fyrir ykkur líka. **5** Mér fannst því nauðsynlegt að hvetja bræðurna til að koma til ykkar á undan okkur svo að hin rausnarlega gjöf sem þið lofuðuð verði tilbúin þegar við komum. Þá verður ljóst að þið gefið hana af örlátu hjarta en ekki tilneydd.

**6** Ég á við það að sá sem sáir sparlega uppsker sparlega og sá sem sáir ríkulega uppsker ríkulega. **7** Hver og einn gefi eins og hann hefur ákveðið í hjarta sínu, ekki tilneyddur eða með tregðu,\* því að Guð elskar glaðan gjafara.

**8** Guð getur auk þess sýnt ykkur einstaka góðvild sína í svo rík-

um mæli að ykkur skorti aldrei neitt heldur hafið meira en nóg af öllu sem þið þurfið til allra góðra verka. **9** (Skrifað stendur: „Hann hefur útteilt örlátlega,\* hann hefur gefið fátækum. Réttlæti hans varir að eilífu.“ **10** Sá sem sér akuryrkjumanninum ríkulega fyrir korni til að sá og brauði að borða mun sjá ykkur fyrir sáðkorni, margfalda það og auka uppskeru réttlætis ykkar.) **11** Þið hljótið ríkulega blessun svo að þið getið verið örlát á allan hátt, og menn þakka Guði þegar við komum með gjöfina frá ykkur. **12** Þessi þjónusta ykkar er ekki aðeins til þess ætluð að sjá vel fyrir þörfum hinna heilögu heldur verður hún líka til þess að margir þakka Guði. **13** Menn lofa Guð vegna þess að neyðaraðstoð ykkar vitnar um að þið hlýðið fagnaðarboðskapnum um Krist sem þið boðið, og einnig vegna þess að þið sýnið þeim og öllum öðrum örlæti með framlögum ykkar. **14** Þeir biðja fyrir ykkur og tjá hve vænt þeim þykir um ykkur vegna þess hve óviðjafnanlega góðvild Guð hefur sýnt ykkur.

**15** Þökkum Guði fyrir ólýsanlega gjöf hans.

**10** Ég, Páll, reyni að höfða til ykkar með mildi og góðvild Krists, ég sem virðist lítilfjörlegur í návist ykkar en mjög opinskár við ykkur þegar ég er fjarverandi. **2** Ég vona að þegar ég kem þurfi ég ekki að taka hart á þeim sem líta svo á að við látum stjórnast af mannlegum hvötum. **3** Þótt við lifum eins og hverjir aðrir menn berjumst við ekki á mannlegan hátt. **4** Vopnin sem við berjumst með eru ekki jarðnesk heldur máttug vopn frá Guði til að brjóta niður sterkbyggð vígi. **5** Við brjótum niður hugsmíðar og allt sem

8:23 \*Orðrétt „postular“. 9:1 \*Orðrétt „þjónustuna við“. 9:7 \*Eða „ólund“.

9:9 \*Eða „vitt og breitt“.



hreykir sér gegn þekkingunni á Guði og hertökum hverja hugsun svo að hún hlýði Kristi. **6** Við erum tilbúnir til að refsa hverjum þeim sem er óhlýðinn þegar þið hafid sýnt að þið eruð hlýðin í öllu.

**7** Þið dæmið eftir ytra útliti. Ef einhver er sannfærður um að hann tilheyri Kristi ætti hann að minna sig á þetta: Við tilheyrum Kristi alveg eins og hann. **8** Drottinn veitti okkur vald til að byggja ykkur upp en ekki brjóta niður, og þó að ég stærði mig aðeins of mikið af þessu valdi þyrfti ég ekki að skammast mín. **9** Ég vil ekki láta líta svo út að ég sé að reyna að hræða ykkur með bréfum mínum. **10** Sumir segja: „Bréfin hans eru kröftug og áhrifamikil en þegar hann er hjá okkur\* er hann tilkomulítill og ekkert varið í það sem hann segir.“ **11** Þeir sem hugsa þannig ættu að muna að það sem við segjum\* bréflaga þegar við erum fjarverandi, það munum við líka gera\* þegar við erum hjá ykkur. **12** Við vogum okkur ekki að setja okkur í flokk með þeim sem mæla með sjálfum sér eða bera okkur saman við þá. Þeir sýna að þeir skilja ekki neitt þegar þeir mæla sjálfa sig eftir eigin mælikvarða og bera sig saman við sjálfa sig.

**13** Við stærum okkur ekki af því sem hefur verið áorkað utan okkar starfssvæðis heldur því sem gerist innan þeirra svæðismarka sem Guð hefur úthlutað okkur, en þið tilheyrði því svæði. **14** Við fórum ekki út fyrir þau mörk sem okkur voru sett þegar við komum til ykkar, en við vorum fyrstir til að ná alla leið til ykkar og boða ykkur fagnaðarboðskapinn um Krist. **15** Nei, við stærum okkur ekki af því sem hefur ver-

ið áorkað utan okkar starfssvæðis og aðrir hafa unnið að, heldur vonum við að það sem við gerðum á okkar svæði beri árangur og að trú ykkar vaxi. Þá getum við áorkað enn meiru **16** og boðað fagnaðarboðskapinn í löndunum handan við ykkur. Við stærum okkur þá ekki af því sem aðrir hafa þegar gert á sínu svæði. **17** „En sá sem stærir sig stæri sig vegna Jehóva.“\* **18** Jehóva\* mælir með þeim sem hann hefur velþóknun á en ekki þeim sem mælir með sér sjálfur.

**11** Ég vildi að þið umbæruð svolitla óskynsemi hjá mér, og reyndar umberið þið mig. **2** Ég gæti ykkar með afbrýði eins og Guð\* því að ég hef sjálfur lofað að gefa ykkur einum manni í hjónaband til að geta leitt ykkur til Krists sem hreina mey. **3** En ég óttast að eins og höggormurinn tældi Evu með slægð sinni þannig geti hugur ykkar spillst og leiðst frá einlægninni og hreinleikanum sem Kristur á skilið. **4** Þið umberið það fúslega ef einhver kemur og boðar annan Jesú en þann sem við boðuðum, önnur viðhorf en þið lærðuð\* eða annan fagnaðarboðskap en þið tókuð við. **5** Ég tel mig ekki standa ofurpostulum ykkar að baki á nokkurn hátt. **6** Þótt ég sé ekki mikill ræðumaður skortir mig ekki þekkingu. Það höfum við sýnt ykkur greinilega og á alla vegu.

**7** Eða syndgaði ég þegar ég boðaði ykkur fagnaðarboðskap Guðs fúslega og án endurgjalds og andmýkti mig til að þið hlytuð upphefð? **8** Ég féfletti nánast\* aðra söfnuði með því að þiggja framlög\* þeirra til að geta þjónað ykkur. **9** En þegar ég var hjá ykkur íþyngdi ég eng-

10:10 \*Orðrétt „er nærverandi“. 10:11 \*Orðrétt „það sem við erum í orði“. \*Orðrétt „erum við líka í verki“.

10:17, 18 \*Sjá orðaskýringar. 11:2 \*Orðrétt „brennandi ákafa Guðs“. 11:4 \*Orðrétt „annan anda en þið hafið fengið“. 11:8 \*Orðrétt „rændi“. \*Eða „aðstoð“.

um þótt ég liði skort því að bræðurnir sem komu frá Makedóníu sáu vel fyrir þörfum mínum. Já, ég var aðist í einu og öllu að íþyngja ykkur og mun varast það áfram. **10** Svo lengi sem sannleikurinn um Krist býr í mér hætti ég ekki að stæra mig af þessu um alla Akkeu. **11** Hvers vegna? Er það af því að ég elska ykkur ekki? Guð veit að ég elska ykkur.

**12** En ég held áfram eins og ég hef hingað til gert svo að þeir sem vilja sýna fram á að þeir standi okkur jafnfætis í því\* sem þeir stæra sig af hafi ekkert tilefni til þess. **13** Slíkir menn eru falspostular, svikulir verkamenn sem þykjast vera postular Krists. **14** Og það er engin furða því að Satan sjálfur þykist vera ljóseingill. **15** Það er því ekkert undarlegt að þjónar hans þykist líka vera þjónar réttlætisins. En aðdrif þeirra verða í samræmi við verk þeirra.

**16** Ég segi enn og aftur: Enginn skal halda að ég sé óskynsamur. En jafnvel þótt þið lítið þannig á mig bið ég ykkur að umbera mig svo að ég fái líka að stæra mig aðeins. **17** Það sem ég segi núna hef ég ekki lært af Drottni heldur tala ég eins og óskynsamur maður, kokhraustur og sjálfsöruggur. **18** Margir stæra sig af því sem tilheyrir heiminum\* svo að ég ætla að stæra mig líka. **19** Þið eruð svo „skynsamir“ að þið umberið fúslega þá sem eru óskynsamir. **20** Þið umberið reyndar alla sem þrælka ykkur, alla sem hrifsa og jafnvel sölsa undir sig eigur ykkar, alla sem upphefja sig yfir ykkur og alla sem slá ykkur í andlitíð.

**21** Ég skammast mín fyrir að segja þetta því að það lítur út eins og við séum kjarklitlir.

En fyrst aðrir stæra sig – ég tala eins og óskynsamur maður – ætla ég að stæra mig líka. **22** Eru þeir Hebrear? Ég líka. Eru þeir Ísraelsmenn? Ég líka. Eru þeir afkomendur Abrahams? Ég er það líka. **23** Eru þeir þjónar Krists? Ég svara eins og vitfiringur. Ég er það enn frekar: Ég hef unnið meira, setið oftar í fangelsi, verið barinn ótal sinnum og oft verið að dauða kominn. **24** Fimm sinnum hef ég fengið höggin 39\* hjá Gyðingum, **25** þrisvar verið hýddur, einu sinni verið grýttur, þrisvar beðið skipbrot og verið sólarhring í opnu hafi. **26** Ég hef verið á tíðum ferðalögum, verið í hættu í ám, í hættu af völdum ræningja, af völdum samlanda minna og af völdum þjóðanna, í hættu í borgum og óbyggðum, í hættu á sjó og í hættu meðal falsbræðra. **27** Ég hef stritað og erfiðað, átt margar svefnlausar nætur, verið svangur og þyrstur, og oft verið matarlaus, kaldur og illa klæddur.\*

**28** Ofan á allt þetta bætist það sem sækir á mig á hverjum degi:\* áhyggjurnar af öllum söfnuðunum. **29** Hver er máttlítil án þess að ég finni líka til máttleysis? Hver verður öðrum til hrösunar án þess að ég reiðist?

**30** Ef ég þarf að stæra mig ætla ég að stæra mig af því sem vitnar um veikleika minn. **31** Guð og faðir Drottins Jesú, hann sem ber að lofa að eilífu, veit að ég lýg ekki. **32** Þegar ég var í Damaskus setti landstjóri Areta konungs vörð um borgina til að handtaka mig **33** en ég var látinn síga í körfu\* út um glugga á borgarmúrnum og þannig slapp ég frá honum.

11:12 \*Eða „þeirri stöðu“. 11:18 \*Orðrétt „stæra sig í samræmi við holdið“.

11:24 \*Orðrétt „40 mínus eitt“. 11:27 \*Orðrétt „og nakinn“. 11:28 \*Eða „hið daglega álag“. 11:33 \*Eða „tágakörfu“.

**12** Ég verð að stæra mig. Það gerir ekkert gagn en nú ætla ég að snúa mér að yfirnáttúrulegum sýnum og opinberunum Drottins. **2** Ég þekki mann sem er lærisveinn Kristis og fyrir 14 árum var hann hrifinn burt til þriðja himins - hvort það var í líkamanum eða utan líkamans veit ég ekki, Guð veit það. **3** Já, ég þekki þennan mann. Hann var hrifinn burt til paradísar - hvort það var í líkamanum eða utan líkamans veit ég ekki, Guð veit það - **4** og í paradís heyrði hann orð sem ekki er hægt að segja og enginn maður má segja. **5** Ég stæri mig af þessum manni en ég stæri mig ekki af sjálfum mér, nema þá af veikleikum mínum. **6** Jafnvel þótt ég vildi stæra mig væri ég ekki óskynsamur því að ég væri bara að segja sannleikann. En ég lét það vera til að enginn hugsí hærra um mig en hann gerir þegar hann sér mig eða heyrir, **7** þótt ég hafi fengið svona merkilegar opinberanir.

Til að ég ofmetnist ekki hefur mér verið gefinn þyrnir í holdið, engill Satans, sem slær mig stöðugt svo að ég verði ekki hrokafullur. **8** Þrisvar hef ég bedið Drottin um að fá að losna við hann **9** en hann sagði við mig: „Einstök góðvild mín nægir þér því að kraftur minn fullkomnast í veikleika.“ Ég stæri mig því fúslega af veikleikum mínum til að kraftur Kristis skýli mér eins og tjald. **10** Ég gleðst því yfir að mega þola veikleika, smán, ofsóknir, erfiðleika og að líða skort vegna Kristis. Þegar ég er veikburða er ég sterkur.

**11** Þið neydduð mig til að vera óskynsamur því að þið mæltuð ekki með mér þó að þið hefðuð átt að gera það. Ég reyndist ekki standa ofurpostulum ykkar að baki á nokkurn hátt enda þótt ég sé ekki neitt. **12** Ég sýndi ykkur með miklu þol-

gæði að ég væri postuli og sannaði það með táknum, undrum\* og máttarverkum. **13** Hvernig hlutuð þið minni heiður en hinir söfnuðirnir nema að því leyti að ég var ykkur ekki byrði? Fyrirgefið mér þetta ranglæti.

**14** Þetta er nú í þriðja sinn sem ég er tilbúinn að koma til ykkar og ég verð ykkur ekki til byrði. Ég sækist ekki eftir eignum ykkar heldur að hitta ykkur því að ekki er ætlast til að börnin leggi fyrir handa foreldrunum heldur foreldrarnir handa börnunum. **15** Ég er meira en fús til að gefa það sem ég á og fórna mér algerlega fyrir ykkur.\* Á ég ekki skilið að þið elskið mig eins heitt og ég elska ykkur? **16** Hvað sem því líður var ég ykkur ekki til byrði. Þið segið samt að ég hafi verið „slóttugur“ og náð ykkur „með brögðum“. **17** Reyndi ég nokkurn tíma að hagnast á ykkur þegar ég sendi bræður til ykkar? **18** Ég bað Títus að fara til ykkar og sendi annan bróður með honum. Reyndi Títus á nokkurn hátt að hagnast á ykkur? Höfðum við ekki báðir sama hugarfar og fetuðum í sömu fótsporin?

**19** Hafið þið haldið allan tímann að við værum að verja okkur gagnvart ykkur? Nei, við tölum frammi fyrir Guði sem fylgjendur Kristis. En allt sem við gerum, þið elskuðu, er gert til að byggja ykkur upp. **20** Ég er hræddur um að þegar ég kem séuð þið ekki eins og ég hefði viljað og ég ekki eins og þið vilduð. Ég óttast að á meðal ykkar séu deilur, öfund, reiðiköst, ágreiningur, baktal, slúður,\* hroki og óreiða. **21** Þegar ég kem aftur á Guð minn kannski eftir að auðmýkja mig frammi fyrir ykkur og ég gæti þurft að hryggjast vegna

12:12 \*Það er, fyrirboðum. 12:15 \*Eða „sálir ykkar“. 12:20 \*Eða „þiskur“.

margra sem hafa syndgað en ekki iðrast þess að hafa stundað kynferðislegt siðleysi,\* óhreinleika og blygðunarlausu hegðun.\*

**13** Þetta er í þriðja sinn sem ég bý mig undir að koma til ykkar. „Allt sé staðfest með framburði\* tveggja eða þriggja vitna.“ **2** Það er eins og ég sé hjá ykkur í annað sinn þótt ég sé fjarverandi. Ég vara þá við sem hafa syndgað og alla hina líka að ég hlífi þeim ekki ef ég kem einhvern tíma aftur, **3** enda viljið þið fá sönnun fyrir því að Kristur tali fyrir mína milligöngu. Hann er ekki linur við ykkur heldur sýnir styrk sinn meðal ykkar. **4** Hann var staufestur af því að hann var veikburða en hann lifir vegna þess að Guð er máttugur. Við erum líka veikburða eins og hann en við munum lifa með honum, þökk sé krafti Guðs sem starfar meðal ykkar.

**5** Rannsakið stöðugt hvort þið séuð í trúnni og prófið hvaða mann þið hafið að geyma. Gerið þið ykkur ekki grein fyrir að Jesús Kristur er sameinaður ykkur? Að öðrum kosti getið þið ekki staðist. **6** Við

12:21 \*Á grísku *porneía*. Sjá orðaskýringar. \*Eða „ósvífna hegðun“. Á grísku *asef/geia*. Sjá orðaskýringar. 13:1 \*Orðrétt „af munn“.

höfum staðist og ég vona innilega að þið áttið ykkur á því.

**7** Nú biðjum við til Guðs að þið gerið ekkert rangt, ekki til að við hljótum viðurkenningu annarra heldur til að þið gerið það sem er gott, jafnvel þó að við hljótum ekki viðurkenningu annarra. **8** Við getum ekki gert neitt sem gengur gegn sannleikanum heldur aðeins það sem er honum til framdráttar. **9** Við fögnum því mjög þegar við erum veikburða en þið sterk. Það er bæn okkar að þið gerið nauðsynlegar breytingar.\* **10** Ég skrifa ykkur þetta meðan ég er fjarverandi svo að ég þurfi ekki að vera strangur þegar ég kem því að Drottinn gaf mér vald til að byggja upp en ekki brjóta niður.

**11** Að lokum, bræður og systur, verið alltaf glöð, gerið nauðsynlegar breytingar,\* látið hughreystast, verið samhuga og lifið saman í friði. Guð kærleikans og friðarins verður þá með ykkur. **12** Heilsid hvert öðru með heilögum kossi. **13** Hinir heilögu biðja allir að heilsa ykkur.

**14** Einstök góðvild Drottins Jesú Krists og kærleikur Guðs sé með ykkur, og sömuleiðis heilagur andi sem þið njótið góðs af í sameiningu.

13:9, 11 \*Eða „látið leiðrétta ykkur“.

## BRÉFIÐ TIL

## GALATAMANNA

## YFIRLIT

- 1 Kveðjur (1–5)  
Enginn annar  
fagnaðarboðskapur (6–9)  
Boðskapurinn sem Páll boðar er frá  
Guði (10–12)

- Trúskipti Páls og starf fyrstu  
árin (13–24)  
2 Páll hittir postulana í Jerúsalem (1–10)  
Páll leiðréttil Pétur (Kefas) (11–14)  
Lýst réttlát aðeins vegna trúar (15–21)

- 3 Trú eða verk byggð á lögunum (1–14)  
Hinn réttláti mun lifa vegna trúar (11)  
Loforðið við Abraham ekki byggt á lögunum (15–18)  
Afkomandi Abrahams er Kristur (16)  
Uppruni og markmið laganna (19–25)  
Börn Guðs vegna trúar (26–29)  
Þeir sem tilheyra Kristi eru afkomendur Abrahams (29)
- 4 Ekki lengur þrælur heldur synir (1–7)  
Áhyggjur Páls af Galatamönnum (8–20)

- Hagar og Sara: tveir sáttmálar (21–31)  
Jerúsalem í hæðum, móðir okkar, er frjáls (26)
- 5 Kristið frelsi (1–15)  
Að lifa í andanum (16–26)  
Verk holdsins (19–21)  
Ávöxtur andans (22, 23)
- 6 Berið hvert annars byrðar (1–10)  
Menn uppskera eins og þeir sá (7, 8)  
Umsturður hefur ekkert gildi (11–16)  
Ný sköpun (15)  
Niðurlagsorð (17, 18)

**1** Frá Páli – postula sem er hvorki sendur né útnefndur af mönnum heldur af Jesú Kristi og af Guði föðurnum sem reisti hann upp frá dauðum – **2** og frá öllum bræðrunum sem eru með mér, til safnaðanna í Galatíu.

**3** Megi Guð faðir okkar og Drottinn Jesús Kristur sýna ykkur einstaka góðvild og veita ykkur frið.

**4** Kristur gaf sjálfan sig fyrir syndir okkar til að bjarga okkur frá núverandi illri heimsskipan\* í samræmi við vilja Guðs okkar og föður.  
**5** Honum sé dýrðin um alla eilífð. Amen.

**6** Ég furða mig á að þið skulið vera svona fljót að snúa ykkur\* frá honum sem kallaði ykkur með einstakri góðvild Krists og taka við annars konar fagnaðarboðskap.

**7** Ekki svo að skilja að til sé annar fagnaðarboðskapur heldur koma vissir menn ykkur úr jafnvægi og vilja rangfæra fagnaðarboðskapinn um Krist. **8** Jafnvel þótt við eða engill af himni boðaði ykkur eitt-hvað frábrugðið fagnaðarboðskapnum sem við boðuðum ykkur, þá sé hann bölvauður. **9** Ég segi nú aftur

það sem við höfum áður sagt: Hver sem boðar ykkur fagnaðarboðskap frábrugðinn þeim sem þið hafið tekið við sé bölvauður.

**10** Er ég að reyna að sannfæra menn eða Guð? Eða er ég að reyna að þóknast mönnum? Ef ég væri enn að þóknast mönnum væri ég ekki þjónn Krists. **11** Ég vil að þið vitið, bræður og systur, að fagnaðarboðskapurinn sem ég boðaði ykkur á ekki upptök sín hjá mönnum **12** því að ég fékk hann ekki frá manni né kenndi nokkur mér hann heldur var það Jesús Kristur sem opinberaði mér hann.

**13** Þið hafið auðvitað heyrt um framferði mitt í gyðingdóminum áður fyrr, hvernig ég ofsótti söfnuð Guðs ákaft\* og reyndi að útrýma honum. **14** Ég var kominn lengra í gyðingdóminum en margir jafnaldrar mínir af þjóð minni þar sem ég var miklu kappsamari en þeir um að halda erfðavenjur feðra minna. **15** En þegar Guði, sem lét mig fæðast\* og kallaði mig í einstakri góðvild sinni, þóknadist **16** að láta mig opinbera son sinn með því að boða þjóðunum fagnaðarboðskap-

1:4 \*Eða „öld“. Sjá orðaskýringar. 1:6 \*Eða „láta leiða ykkur burt“.

1:13 \*Orðrétt „gegndarlaust“. 1:15 \*Orðrétt „sem aðskildi mig frá kviði móður minnar“.

inn um hann byrjaði ég ekki á því að ráðfæra mig við nokkurn mann.\* **17** Ég fór ekki heldur upp til Jerúsalem til þeirra sem voru postular á undan mér heldur fór ég til Arabíu og sneri síðan aftur til Damaskus.

**18** Prem árum síðar fór ég upp til Jerúsalem til að heimsækja Kefas\* og var hjá honum í 15 daga. **19** En ég hitti engan af hinum postulunum heldur aðeins Jakob bróður Drottins. **20** Ég fullvissa ykkur um, framma fyrir Guði, að ég lýg ekki því sem ég skrifa ykkur.

**21** Eftir þetta fór ég til Síurlands og Kilíkiú. **22** En kristnu söfnuðirnir í Júdeu þekktu mig ekki persónulega. **23** Þeir höfðu bara heyrt: „Maðurinn sem ofsótti okkur áður boðar nú fagnaðarboðskapinn um trúna sem hann reyndi áður að útrýma.“ **24** Þeir tóku því að lofa Guð vegna mín.

**2** Að 14 árum liðnum fór ég aftur upp til Jerúsalem ásamt Barnabasi og tók líka Títus með mér. **2** Ég fór þangað eftir að hafa fengið opinberun og útlistaði einslega fyrir hinum virtu bræðrum fagnaðarboðskapinn sem ég boða meðal þjóðanna. Ég gerði það til að ganga úr skugga um að ég starfaði ekki og hefði ekki starfað\* til einskis. **3** Það var ekki einu sinni farið fram á að Títus, sem var með mér, léti umskerast þó að hann væri Grikkí. **4** En það mál kom upp vegna falsbræðranna sem laumuðust inn í söfnuðinn. Þeir smeygðu sér inn til að njósna um frelsið sem við njótum þar sem við erum lærisveinar Krists Jesú, svo að þeir gætu hneppt okkur í þrældóm. **5** Við létum ekki undan þeim, nei,

ekki eitt augnablik,\* til að sannleikur fagnaðarboðskaparins héldist meðal ykkar.

**6** En hvað varðar þá sem álitnir voru mikilvægir – það skiptir mig engu hvað þeir voru því að Guð lítur ekki á ytra útlit manna – þá miðuðu þessir virtu bræður mér engum nýjum hugmyndum. **7** Þeir skildu öllu heldur að mér hafði verið trú að fyrir að flytja hinum óumskornu fagnaðarboðskapinn, rétt eins og Pétur hinum umskornu, **8** því að sá sem gaf Pétur mátt til að vera postuli meðal hinna umskornu gaf mér sömuleiðis mátt til að vera postuli meðal fólks af þjóðunum. **9** Þegar Jakob, Kefas\* og Jóhannes, þeir sem voru álitnir máttarstólpur, skildu að mér hafði verið sýnd einstök góðvild réttu þeir okkur Barnabasi hægri hönd sína til tákns um bræðralag.<sup>†</sup> Við skyldum fara til fólks af þjóðunum en þeir til hinna umskornu. **10** Þeir báðu okkur aðeins um að minnst hinna fátæku og það hef ég líka lagt mig einlæglega fram um að gera.

**11** En þegar Kefas\* kom til Antíokkíu ávítaði<sup>‡</sup> ég hann augliti til auglitis því að það sem hann gerði var augljóslega rangt.<sup>△</sup> **12** Áður en nokkrir menn komu frá Jakobi var hann vanur að borða með fólki af þjóðunum en þegar þeir komu hætti hann því og dró sig í hlé af ótta við þá sem aðhylltust umskurð. **13** Hinir Gyðingarnir fóru líka að hræсна með honum og jafnvel Barnabas lét leiðast út í hræsnina með þeim. **14** Þegar ég sá að þeir hegðuðu sér ekki í samræmi við sannleika fagnaðarboðskaparins sagði ég við Kefas\* framma fyrir þeim öllum: „Fyrst þú sem ert Gyðingur lifir eins og þjóðirnar en ekki

1:16 \*Orðrétt „við hold og blóð“. 1:18; 2:9, 11, 14 \*Einnig nefndur Pétur. 2:2 \*Orðrétt „að ég hlýpi ekki eða hefði ekki hlaupið“.

2:5 \*Orðrétt „eina stund“. 2:9 \*Eða „samstarf“. 2:11 \*Eða „andmælti“. <sup>△</sup>Eða „því að hann átti skilið að vera dæmdur“.

eins og Gyðingar, hvernig geturðu þá neytt fólk af þjóðunum til að lifa eftir síðum Gyðinga?"

**15** Við sem erum fæddir Gyðingar og erum ekki syndarar af þjóðunum **16** vitum að maður er ekki lýstur réttlátur fyrir að fylgja lögunum heldur aðeins vegna trúar á Jesú Krist. Við trúum því á Krist Jesú svo að hægt sé að lýsa okkur réttláta vegna trúar á hann en ekki fyrir að fylgja lögunum því að enginn\* verður lýstur réttlátur fyrir að fylgja þeim. **17** Ef við nú reynumst vera syndarar meðan við leitumst við að vera lýstir réttlátir vegna Krists, þjónar Kristur þá málstað syndarinnar? Engan vinnu. **18** Ef ég fer að byggja upp aftur það sem ég eitt sinn reif niður geri ég sjálfan mig að lögbrjóti. **19** En með lögunum var ég leystur undan\* lögunum svo að ég gæti lifað fyrir Guð. **20** Ég er staurfestur með Kristi. Það er ekki lengur ég sem lifi heldur lifir Kristur og hann er sameinaður mér. Lífinu sem ég lifi nú í þessum líkama\* lifi ég í trú á son Guðs sem elskaði mig og lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir mig. **21** Ég hafna ekki\* einstakri góðvild Guðs því að ef réttlætning fæst með hjálp laganna hefur Kristur dáið til einskis.

**3** Óskynsömu Galatar! Hver hefur haft svona slæm áhrif á ykkur, þið sem hafið fengið skýra mynd af því hvernig Jesús Kristur var staurfestur? **2** Ég vil spyrja ykkur að einu:\* Fenguð þið andann með því að fylgja lögunum eða með því að trúa því sem þið heyrðuð? **3** Eruð þið virkilega svona óskynsöm? Í byrjun fylgduð þið leiðsögn andans. Ætlið þið nú að enda á því að lifa

á holdlegan hátt?\* **4** Hafið þið þol að allar þessar þjáningar til einskis – ef það var þá til einskis? **5** Sá sem veitir ykkur andann og vinnur máttarverk meðal ykkar – gerir hann það af því að þið fylgið lögunum eða af því að þið trúið því sem þið heyrðuð? **6** Hugsíð um Abraham, hann „trúði á Jehóva\* og þess vegna var hann talinn réttlátur“.\*

**7** Þið vitið að þeir sem halda sig við trúna eru börn Abrahams. **8** Ritningin sá fyrir að Guð myndi lýsa fólk af þjóðunum réttlátt vegna trúar og boðaði því Abraham fyrir fram þennan fagnaðarboðskap: „Vegna þín munu allar þjóðir hljóta blessun.“ **9** Þeir sem halda sig við trúna hljóta því blessun ásamt Abraham sem trúði.

**10** Bölvun hvílir á öllum sem reiða sig á verk eins og lögin kveða á um því að skrifað stendur: „Bölvaður er hver sá sem heldur sig ekki við allt sem stendur í lögbókinni og fer ekki eftir því.“ **11** Það er líka augljóst að enginn er lýstur réttlátur frammi fyrir Guði með því að hlýða lögunum því að „hinn réttláti mun lifa vegna trúar“. **12** Lögin eru ekki byggð á trú heldur stendur: „Hver sem heldur lögin mun lifa vegna þeirra.“ **13** Kristur keypti okkur og leysti undan bölvun laganna með því að taka á sig bölvun í okkar stað en skrifað stendur: „Bölvaður er hver sá sem hangir á staur.“ **14** Þannig gat blessun Abrahams náð til þjóðanna fyrir milligöngu Krists Jesú og við gátum vegna trúar okkar fengið andann sem lofað var.

**15** Bræður og systur, ég tek dæmi úr mannlegu lífi: Enginn ógildir sáttmála eða bætir við hann

2:16 \*Orðrétt „ekkert hold“. 2:19 \*Orðrétt „dó ég gagnvart“. 2:20 \*Orðrétt „í holdinu“. 2:21 \*Eða „vísa ekki á bug“. 3:2 \*Orðrétt „Um þetta eitt vil ég fræðast af ykkur“.

3:3 \*Orðrétt „Eftir að hafa byrjað í andanum, ætlið þið að enda í holdinu?“ 3:6 \*Sjá orðaskýringar. \*Eða „og það var reiknað honum til réttlætis“.

eftir að hann tekur gildi, jafnvel þótt aðeins maður hafi gert hann. **16** Nú voru loforðin gefin Abraham og afkomanda hans. Þar segir ekki „og afkomendum þínum“ eins og margir ættu í hlut heldur segir „og afkomanda þínum“ eins og þegar um einn er að ræða, og það er Kristur. **17** Auk þess segi ég: Lögin, sem urðu til 430 árum síðar, ógilda ekki sáttmálann sem Guð hafði áður gert, þannig að loforðið falli úr gildi. **18** Ef arfurinn fæst vegna laga er hann ekki lengur byggður á loforði. En Guð hefur í góðvild sinni gefið Abraham arfinn með loforði.

**19** Til hvers voru þá lögin? Þeim var bætt við til að afbrotin kæmu í ljós og þau áttu að gilda þar til afkomandinn kæmi sem loforðið hafði verið gefið. Englar miðluðu þeim fyrir atbeina milligöngumanns. **20** En það er enginn milligöngumaður þegar aðeins einn á í hlut, og Guð er aðeins einn. **21** eru lögin þá í andstöðu við loforð Guðs? Engan veginn. Ef gefin hefðu verið lög sem gætu veitt líf fengist réttlætning vissulega með lögum. **22** En Ritningin hnepti allt undir vald syndarinnar til þess að loforðið um blessun, sem byggist á trú á Jesú Krist, yrði gefið þeim sem trúá.

**23** Áður en trúin kom vorum við í gæslu laga. Við vorum í varðhaldi og væntum þess að trúin opberaðist. **24** Þannig urðu lögin gæslumaður\* okkar sem leiddi okkur til Krists svo að hægt væri að lýsa okkur réttlát vegna trúar. **25** En nú þegar trúin er komin erum við ekki lengur undir umsjá gæslumanns.\*

**26** Þið eruð reyndar öll börn Guðs vegna trúar ykkar á Krist Jesú **27** því að þið voruð öll skírð

til Krists og hafið íklæðst Kristi. **28** Nú skiptir engu hvort maður er Gyðingur eða Grikki, þræll eða frjáls maður, karl eða kona. Þið eruð öll eitt, sameinuð Kristi Jesú. **29** Ef þið tilheyrðið Kristi eruð þið auk þess afkomendur Abrahams, erfingjar samkvæmt loforði.

**4** Ég segi ykkur að meðan erfinginn er enn á barnsaldri er erfinginn munur á honum og þræli þó að hann eigi allt. **2** Hann er settur undir gæslumenn og ráðsmenn til þess dags sem faðir hans hefur ákveðið. **3** Eins er það með okkur. Meðan við vorum börn vorum við þrælur hugmyndafræði heimsins. **4** En á tilsettum tíma sendi Guð son sinn, sem var fæddur af konu og var undir lögum, **5** til að kaupa þá lausa sem voru undir lögum og til að hægt væri að ætteleiða okkur sem syni.

**6** Og þar sem þið eruð synir hefur Guð sent anda sonar síns í hjörtu okkar og hann hrópar: „Abba,\* faðir!“ **7** Þú ert því ekki lengur þræll heldur sonur og fyrst þú ert sonur hefur Guð líka gert þig að erfingja.

**8** Meðan þið þekktuð ekki Guð voruð þið þrælur þeirra sem eru alls engir guðir. **9** En núna þegar þið þekkið Guð, eða réttara sagt þegar hann þekkir ykkur, hvernig stendur þá á því að þið snúið aftur til hinnar veiku og fátæklegu hugmyndafræði heimsins og viljið þræla undir henni á nýjan leik? **10** Þið haldið samviskusamlega upp á daga og mánuði, tíðir og ár. **11** Ég óttast að ég hafi erfiðað til einskis fyrir ykkur.

**12** Bræður og systur, ég bið ykkur að verða eins og ég er núna því að áður var ég eins og þið. Þið

3:24 \*Eða „uppalandi“. 3:25 \*Eða „uppalanda“.

4:6 \*Hebreskt eða arameískt ávarpsorð sem merkir „faðir“ og felur í sér hlýju og innileik orðsins „pabbi“.



gerðuð mér ekkert illt. **13** Þið vit-ið að líkamleg veikindi mín urðu til þess að ég fékk tækifæri til að boða ykkur fagnaðarboðskapinn í fyrsta sinn. **14** Og þó að líkamlegt ástand mitt hafi verið þol-raun fyrir ykkur fyrirliðu þið mig ekki né höfðuð óbeit á mér\* heldur tókuð þið við mér eins og engli Guðs, eins og Kristi Jesú. **15** Hvað varð um gleði ykkar? Ég veit að þið hefðuð slitið úr ykkur augun og gefið mér ef það hefði verið hægt. **16** Er ég nú orðinn óvinur ykkar fyrst ég segi ykkur sannleikann? **17** Sumum er mikið í mun að vinna ykkur á sitt band en það er ekki af góðu tilefni. Þeir vilja snúa ykkur frá mér og fá ykkur til að fylgja sér. **18** Það er auðvitað alltaf gott að einhver sýni ykkur áhuga af góðu tilefni, ekki aðeins meðan ég er hjá ykkur. **19** Börnin mín, ég kvelst nú aftur vegna ykkar eins og móðir með fæðingarhríðir, allt þar til þið endurspeglið eiginleika Krists.\* **20** Ég vildi að ég gæti verið hjá ykkur núna og talað með öðrum hætti því að ég veit ekki hvað ég á að gera við ykkur.

**21** Segið mér, þið sem viljið vera undir lögunum, heyrið þið ekki hvað lögin segja? **22** Til dæmis stendur að Abraham átti tvo syni, annan með þjónustustúlkunni og hinn með frjálsum konunni. **23** Sonur þjónustustúlkunnar varð til með náttúrulegum hætti\* en sonur frjálsum konunnar samkvæmt loforði. **24** Þetta hefur táknræna merkingu. Konurnar tákna tvo sáttmála, annan frá Sínaifjalli sem elur börn til þrælkunar og er eins og Hagar. **25** Hagar stendur fyrir Sínaí, fjall í Arabíu, og hún sam-svarar núverandi Jerúsalem því að

hún er hneppt í þrældóm ásamt börnum sínum. **26** En Jerúsalem í hæðum er frjáls og hún er móðir okkar.

**27** Skrifað stendur: „Vertu glöð, þú kona sem getur ekki átt börn og hefur ekki fætt. Hrópaðu af gleði, þú kona sem hefur ekki haft fæðingarhríðir, því að börn yfirgefnu konunnar eru fleiri en hinnar sem á eiginmann.“ **28** Þið, bræður og systur, eruð börn samkvæmt lof-orðinu eins og Ísák var. **29** Á sinum tíma fór sá sem varð til með náttúrulegum hætti\* að ofsækja þann sem varð til með hjálp andans. Eins er það núna. **30** En hvað segir ritningarstaðurinn? „Rektu burt þjónustustúlkuna og son hennar því að sonur þjónustustúlkunnar skal alls ekki fá arf með syni frjálsum konunnar.“ **31** Bræður og systur, við erum því ekki börn þjónustustúlkunnar heldur börn frjálsum konunnar.

**5** Kristur frelsaði okkur til að við hlytum slíkt frelsi. Verið því staðföst og látið ekki leggja þrælku-narok á ykkur aftur.

**2** Takið eftir hvað ég, Páll, segi ykkur: Ef þið látið umskerast kemur Kristur ykkur ekki að neinu gagni. **3** Ég segi enn og aftur við hvern þann mann sem lætur umskerast að hann er skuldbundinn til að halda lögin í heild sinni. **4** Þið eruð orðin viðskila við Krist, þið sem reynið að hljóta réttlætingu með hjálp laganna. Þið hafið sagt skilið við einstaka góðvild hans. **5** En við fyrir okkar leyti biðum óþreyjufull og vongóð með hjálp andans eftir að réttlætast vegna trúar. **6** Hjá þeim sem eru sameinaðir Kristi Jesú hefur það ekkert gildi að vera umskorinn eða óumskorinn. Það sem skiptir máli er trú sem birtist í kærleika.

**7** Þið hlupuð vel. Hver kom í veg fyrir að þið hélduð áfram að hlýða

4:14 \*Eða „hræktuð á mig“. 4:19 \*Eða „Kristur er myndaður í ykkur“. 4:23, 29 \*Orðrétt „á holdlegan hátt“.

sannleikanum? **8** Hver taldi ykkur hughvarf? Ekki sá sem kallaði ykkur. **9** Lítið súrdeig gerjar allt deigið. **10** Ég treysti að þið sem eruð sameinuð Drottni hugsíð áfram eins og ég, en sá sem kemur ykkur úr jafnvægi, hver sem hann er, fær verðskuldaðan dóm. **11** Hvað mig snertir, bræður og systur, ef ég væri enn að boða umskurð hvers vegna er ég þá ofsóttur? Boðunin um kvalastaurinn\* væri þá engin hneykslunarhella. **12** Ég vildi óska að þeir sem reyna að koma ykkur í uppnám myndu vana sjálfa sig.\*

**13** Þið voruð kölluð til frelsis, bræður og systur, en notið ekki þetta frelsi sem tilefni til að svala girndum holdsins heldur þjónið hvert öðru í kærleika. **14** Lögín í heild sinni uppfyllast í\* þessu eina boðorði: „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig.“ **15** En ef þið bitist og ráðist hvert á annað gætið þá að ykkur, þið gætuð tortimt hvert öðru.

**16** Ég segi ykkur: Lifið í andanum og þá látið þið ekki undan neinum girndum holdsins. **17** Holdið með girndum sínum stendur gegn andanum og andinn gegn holdinu. Þetta tvennt stendur hvort gegn öðru þannig að þið gerið ekki það sem þið viljið gera. **18** Auk þess eruð þið ekki undir lögum ef þið látið andann leiða ykkur.

**19** Verk holdsins eru augljós. Þau eru kynferðislegt siðleysi,\* óhreinkleiki, blygðunarlaus hegðun,\* **20** skurðgoðadýrkun, dulspeki,\* fjandskapur, deilur, afbrýði,

5:11 \*Sjá orðaskýringar. 5:12 \*Eða „gelda sjálfa sig; verða geldingar“, og verða þar með óhæfir til að fara eftir lögnum sem þeir aðhylltust. 5:14 \*Eða hugsanl. „má draga saman með“. 5:19 \*Á grísku *porneía*. Sjá orðaskýringar. \*Eða „ósvifin hegðun“. Á grísku *asel/geia*. Sjá orðaskýringar. 5:20 \*Eða „spíritismi; galdrar“. Gríska orðið *farmakí'a* sem vísar til notkunar lyfja eða fíkniefna.

reiðiköst, ágreiningur, sundrung, sértrúarklofningur, **21** öfund, ofdrykkja, svallveislur og annað þessu líkt. Ég vara ykkur við, eins og ég hef áður gert, að þeir sem stunda slíkt erfa ekki ríki Guðs.

**22** Ávöxtur andans er hins vegar kærleikur, gleði, friður, þolinmæði,\* góðvild, gæska, trú, **23** mildi og sjálfstjórn. Gegn slíku eru engin lög. **24** Og þeir sem tilheyra Kristi Jesú hafa staurfest holdið með ástríðum þess og girndum.

**25** Ef við lifum í andanum skulum við líka hegða okkur í samræmi við leiðsögn andans. **26** Lítum ekki of stórt á sjálf okkur þannig að við förum að keppa hvert við annað og öfunda hvert annað.

**6** Bræður, ef einhver fer út af sporinu án þess að átta sig á því skuluð þið sem eruð þroskaðir í trúnni\* reyna að leiðrétta hann mildilega. En hafðu gát á sjálfum þér svo að þú freistist ekki líka. **2** Berið hvert annars byrðar og uppfyllið þannig lög Krists. **3** Sá sem heldur sig vera eitthvað en er þó ekkert blekkir sjálfan sig. **4** En hver og einn ætti að rannsaka eigin verk án þess að bera sig saman við aðra. Þá hefur hann ástæðu til að gleðjast yfir því sem hann gerir sjálfur. **5** Hver og einn þarf að bera sína byrði.\*

**6** Allir sem fá fræðslu\* um orðið skulu veita þeim sem kennir hlutdeild með sér í öllum gæðum.

**7** Látið ekki blekkjast: Menn villa ekki um fyrir Guði því að það sem maður sáir, það uppsker hann. **8** Sá sem sáir eins og holdið vill uppsker glötun af holdinu en sá sem sáir eins og andinn vill uppsker eilíft líf af andanum. **9** Gefumst ekki upp á að gera það sem er

5:22 \*Eða „langlyndi“. 6:1 \*Eða „fylgið leiðsögn heilags anda“. 6:5 \*Eða „ábyrgð“. 6:6 \*Eða „munnlega kennslu“.

gott því að á sínum tíma munum við uppskera ef við missum ekki móðinn.\* **10** Við skulum því gera öllum gott meðan við höfum tækifæri\* til en þó sérstaklega trússystemum okkar.

**11** Þið takið eftir með hve stórum stöfum ég skrifa ykkur með eigin hendi.

**12** Þeir sem vilja líta vel út í augum annarra\* reyna að þröngva ykkur til að láta umskerast. Þeir gera það aðeins til að þurfa ekki að þola ofsóknir fyrir kvalastaur<sup>2</sup> Krists. **13** Þeir sem láta umskerast halda ekki einu sinni sjálfir lögin heldur vilja þeir að þið látið umskerast til að geta stært sig af því sem er

6:9 \*Eða „gefumst ekki upp“. 6:10 \*Orðrétt „tíma“. 6:12 \*Eða „í holdinu“. 6:12, 14 \*Sjá orðaskýringar.

gert við líkama ykkar. **14** En aldrei vil ég stæra mig af öðru en kvalastaur<sup>2</sup> Drottins okkar Jesú Krists. Vegna Krists er heimurinn dáinn\* gagnvart mér og ég gagnvart heiminum. **15** Það skiptir engu hvort maður er umskorinn eða óumskorinn. Það sem máli skiptir er að vera ný sköpun. **16** Megi friður og miskunn vera með öllum sem lifa eftir þessari meginreglu, já, með Ísrael Guðs.

**17** Ég bið ykkur að valda mér ekki erfiðleikum framar því að ég ber á líkama mínum brennimerki sem þræll Jesú.

**18** Bræður og systur, megi Drottinn okkar Jesús Kristur í einstakri góðvild sinni blessa það hugarfar sem þið sýnið. Amen.

6:14 \*Eða „staurfestur“.

## BRÉFIÐ TIL

## EFESUSMANNA

## YFIRLIT

- 1 Kveðjur (1, 2)  
Andleg blessun (3–7)  
Að safna öllu saman í Kristi (8–14)  
„Leið til að stjórna málum“  
á tilteknum tíma (10)  
Innsigli andans eins og trygging (13, 14)  
Páll þakkar Guði fyrir trú Efesusmanna og biður fyrir þeim (15–23)
- 2 Lífguð með Kristi (1–10)  
Múrinn sem aðskildi rifinn niður (11–22)
- 3 Hinn heilagi leyndardómur nær til fólks af þjóðunum (1–13)  
Fólk af þjóðunum samerfingjar Krists (6)  
Eilíf fyrirætlun Guðs (11)

- Bæn um að Efesusmenn fái skilning (14–21)
- 4 Eining í líkama Krists (1–16)  
Menn að gjöf (8)  
Hinn gamli og hinn nýi maður (17–32)
- 5 Hrein í tali og hegðun (1–5)  
Hegðil ykkur sem börn ljóssins (6–14)  
Fyllist andanum (15–20)  
Notið tímann sem best (16)  
Råd til eiginmanna og eiginkvenna (21–33)
- 6 Råd til barna og foreldra (1–4)  
Råd til þræla og húsbænda (5–9)  
Alvæpni Guðs (10–20)  
Kveðjuorð (21–24)

**1** Frá Páli, postula Krists Jesú samkvæmt vilja Guðs, til hinna heilögu sem eru í Efesus og eru trúfastir fylgjendur Krists Jesú.

**2** Megi Guð faðir okkar og Drottinn Jesús Kristur sýna ykkur einstaka góðvild og veita ykkur frið.

**3** Lofaður sé Guð og faðir Drottins okkar Jesú Krists þar sem hann hefur veitt okkur hvers kyns andlega blessun á himnum því að við erum sameinuð Kristi. **4** Hann valdi okkur áður en heimurinn var grundvallaður til að vera sameinuð honum\* svo að við stæðum heilög og óflekkuð frammi fyrir honum í kærleika. **5** Hann ákvað fyrir fram að ættleiða okkur sem syni sína fyrir milligöngu Jesú Krists. Það var ósk hans og vilji **6** að hann fengi lof fyrir þá einstöku góðvild sem hann sýndi okkur í ör-læti sínu fyrir milligöngu elskaðs sonar síns. **7** Vegna hans erum við leyst með lausnargjaldi, það er blóði hans. Já, Guð hefur fyrirgefið afbrot okkar því að einstök góðvild hans er svo ríkuleg.

**8** Hann sýndi okkur þessa miklu og einstöku góðvild með allri visku og skilningi\* **9** þegar hann kunngerði okkur heilagan leyndardóm vilja síns. Það var í samræmi við ósk hans og fyrirætlun **10** um ákveðna leið til að stjórna málum þegar tíminn væri fullnaður og sameina allt í Kristi, bæði það sem er á himnum og það sem er á jörð. Já, öllu er safnað saman í honum **11** sem við erum valin til að hljóta arf með og erum sameinuð. Við vorum valin\* samkvæmt fyrirætlun hans sem kemur öllu til leiðar eins og hann ákveður í samræmi við vilja sinn **12** svo að við, hin fyrstu sem bundum von okkar við Krist, skyldum vera honum til heiðurs og

dýrðar. **13** En þið bunduð líka von ykkar við hann eftir að þið heyrðuð orð sannleikans, fagnaðarboðskapinn um frelsun ykkar. Eftir að þið tókuð trú voruð þið innsigliuð fyrir milligöngu hans með heilögum anda sem Guð hafði lofað **14** en hann er trygging\* fyrir arfi okkar. Tilgangurinn var að frelsa fólk<sup>#</sup> Guðs með lausnargjaldi, honum til lofs og dýrðar.

**15** Eftir að hafa heyrt um trú ykkar á Drottinn Jesú og kærleikann sem þið sýnið öllum hinum heilögu **16** hef ég því ekki hætt að þakka Guði fyrir ykkur. Ég nefni ykkur stöðugt í bænnum mínum **17** og bið þess að Guð Drottins okkar Jesú Krists, dýrlegur faðir okkar, gefi ykkur visku og hjálp til að skilja það sem hann opinberar svo að þið kynnist honum vel.\* **18** Hann hefur upplýst sjón hjartans svo að þið skiljið til hvaða vonar hann kallaði ykkur, hve dýrlegan og ríkulegan arf hann ætla að gefa hinum heilögu **19** og hve yfirgnæfandi mátt hann veitir okkur sem trúum. Þessi mikli máttur birtist **20** þegar hann reisti Krist upp frá dauðum og lét hann setjast sér til hægri handar á himnum, **21** langtum ofar sérhverri stjórn, valdi, mætti og tign og hverju nafni sem nefnt er, ekki aðeins í þessari heimsskipan\* heldur einnig hinni komandi. **22** Hann lagði líka allt undir fætur hans og skipaði hann höfuð yfir öllu í söfnuðinum **23** en söfnuðurinn er líkami hans og fyllist af honum sem fyllir allt á allan hátt.

**2** Guð lifgaði ykkur þó að þið væruð dauð vegna afbrota ykkar og synda. **2** Þið lifðuð einu sinni eins

1:4 \*Það er, Kristi. 1:8 \*Eða „skynsemi“. 1:11 \*Eða „valin fyrir fram“.

1:14 \*Eða „innborgun (staðfestingargjald)“. <sup>#</sup>Orðrétt „eign“. 1:17 \*Eða „faið nákvæma þekkingu á honum“. 1:21 \*Eða „á þessari öld“. Sjá orðaskýringar.

og fólk lifir í þessum heimi\* og fylgduð valdhafa loftsins sem gegnsýrir allt, andans<sup>#</sup> sem starfar nú í þeim sem eru óhlýðnir. **3** Já, eitt sinn hegðuðum við okkur öll eins og þeir og fylgdum löngunum holdsins. Við létum vilja holdsins og hugsana okkar ráða ferðinni og vorum þannig í eðli okkar að við verðskulduðum reiði Guðs\* eins og allir hinir. **4** En Guð er ríkur að miskunn og ber svo mikinn kærleika til okkar **5** að hann lifgaði okkur með Kristi, jafnvel þótt við værum dauð vegna afbrota okkar. Einstök góðvild hans hefur bjargað ykkur. **6** Og hann reisti okkur upp og lét okkur fá sæti á himnum, sameinuð Kristi Jesú, **7** til að geta sýnt á komandi tímum\* hve einstök góðvild hans er ríkuleg og hve örlátur<sup>#</sup> hann er í garð okkar sem erum sameinuð Kristi Jesú.

**8** Með þessari einstöku góðvild hefur ykkur verið bjargað vegna trúar og það er ekki sjálfum ykkur að þakka heldur er það gjöf Guðs. **9** Það byggist ekki á verkum og þess vegna getur enginn stært sig af því. **10** Við erum handaverk Guðs og sem lærisveinar Krists Jesú vorum við sköpuð til góðra verka sem Guð ákvað fyrir fram að við skyldum vinna.

**11** Munið því að þið sem eruð af þjóðunum að ætterni voruð eitt sinn kallaðir óumskornir af þeim sem kallast umskornir og eru umskornir á líkamanum með höndum manna. **12** Á þeim tíma voruð þið án Krists, útilokuð frá Ísraelsþjóðinni og áttuð ekki aðild að sáttmálunum sem byggjast á loforðinu. Þið áttuð enga von og voruð án Guðs í heiminum. **13** En núna eruð þið

sameinuð Kristi Jesú, þið sem einu sinni voruð fjarlæg Guði en eruð orðin nálæg honum vegna blóðs Krists. **14** Hann er friður okkar, hann sem sameinaði báða hópana og reif niður múrinn sem aðskildi þá. **15** Með líkama\* sínum afmáði hann það sem olli fjandskapnum, það er lögin með boðorðum þess og skipunum, til að gera hópana tvo sem eru sameinaðir honum að einum nýjum manni og skapa frið. **16** Og með kvalastaurnum\* sætti hann að fullu báða hópana við Guð og gerði þá að einum líkama þar sem hann batt enda á fjandskapinn með líkama sínum. **17** Hann kom og flutti fagnaðarboðskap friðarins bæði ykkur sem voruð fjarlæg Guði og þeim sem voru nálægir honum **18** því að vegna hans höfum við, báðir hóparnir, frjálsan aðgang að föðurnum með einum anda.

**19** Þess vegna eruð þið ekki lengur ókunnug og útlendingar heldur hafið þið sama þegnrétt og aðrir hinna heilögu og tilheyrð fjölskyldu Guðs. **20** Þið eruð eins og steinar í byggingu sem hefur postulana og spámennina að undirstöðu en Krist Jesú sjálfan að undirstöðuhornsteini. **21** Öll byggingin er sameinuð honum og myndar eina samstæða heild, og hún vex og verður heilagt musterí handa Jehóva.\* **22** Þar sem þið eruð sameinuð Kristi er byggt úr ykkur hús þar sem Guð getur búið með anda sínum.

**3** Það er af þessari ástæðu að ég, Páll, sem er fangi Krists Jesú vegna ykkar sem eruð af þjóðunum ...\* **2** Þið hafið heyrt að mér var falið það verkefni að hjálpa ykkur að njóta góðs af einstakri góðvild Guðs. **3** Þið hafið heyrt

2:2 \*Eða „þessari heimsskipan“. <sup>#</sup>Eða „hugarfarsins“. 2:3 \*Orðrétt „í eðli okkar reiðinnar börn“. 2:7 \*Eða „öldum“. Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“. <sup>#</sup>Eða „velviljaður“.

2:15 \*Orðrétt „holdí“. 2:16, 21 \*Sjá orðaskýringar. 3:1 \*Svo virðist sem framhaldið komi í 14. versí.

hvernig hinn heilagi leyndardómur var kunngerður mér með opinberun, eins og ég hef skrifað stuttlega um áður. **4** Þegar þið lesið þetta getið þið því áttað ykkur á hvaða innsýn ég hef í hinn heilaga leyndardóm um Krist. **5** Fyrri kynslóðir manna voru ekki upplýstar um þennan leyndardóm eins og andinn hefur nú opinberað hann heilögum postulum hans og spámönnum. **6** Hann felst í því að fólk af þjóðunum sem er sameinað Kristi Jesú verði samerfingar okkar, tilheyri sama líkama og við og eigi hlutdeild í sama loforði og við vegna fagnaðarboðskaparins. **7** Ég varð þjónn þessa leyndardóms vegna einstakrar góðvildar Guðs, og með því að gefa mér þessa gjöf sýndi hann mér mátt sinn.

**8** Ég er lítilvægari en sá minnsti meðal allra hinna heilögu en mér var sýnd þessi einstaka góðvild til að ég boðaði þjóðunum fagnaðarboðskapinn um ólýsanlega auðlegð Krists. **9** Ég átti að upplýsa alla um hvernig Guð hrindir hinum heilaga leyndardómi í framkvæmd en hann hefur verið hulinn öldum saman hjá Guði sem skapaði allt. **10** Það var til þess að margþætt viska Guðs væri nú birt stjórnnum og yfirvöldum á hinnum fyrir milligöngu safnaðarins. **11** Þetta er í samræmi við eilífa fyrirætlun Guðs sem tengist Kristi Jesú Drottni okkar, **12** en vegna hans getum við talað óhikað. Við treystum líka að við höfum greiðan aðgang að Guði vegna trúar okkar á Krist.\* **13** Ég bið ykkur því að gefast ekki upp út af því mótlæti sem ég hef orðið fyrir vegna ykkar því að það er ykkur til heiðurs.

**14** Af þessari ástæðu fell ég á kné fyrir föðurnum **15** sem sérhver fjölskylda á himni og jörð á

tilveru\* sína að þakka. **16** Ég bið þess að Guð, sem er fullur dýrðar, styrki ykkar innri mann með krafti anda síns **17** og að vegna trúar ykkar megi Kristur búa í hjörtum ykkar ásamt kærleikanum. Megið þið vera rótföst og standa á traustum grunni **18** svo að þið getið, eins og allir hinir heilögu, skilið til fulls hver sé breiddin, lengdin, hæðin og dýptin **19** og kynnst kærleika Krists sem er hafinn yfir þekkinguna, og þannig fyllst öllu því sem Guð lætur í té.

**20** Guð getur með krafti sínum sem er að verki í okkur gert langt umfram allt sem við biðjum um eða getum ímyndað okkur. **21** Honum sé dýrðin um ókomnar kynslóðir og alla eilífð fyrir það sem hann hefur gert fyrir milligöngu safnaðarins og Krists Jesú. Amen.

**4** Ég, sem er fangi vegna Drottins, hvet ykkur því til að lifa eins og er samboðið þeirri köllun sem þið hafið fengið. **2** Verið alltaf auðmjúk, mild og þolinmóð. Umberið hvert annað í kærleika **3** og gerið ykkar ýrasta til að varðveita einingu andans í bandi friðarins. **4** Líkaminn er einn og andinn einn, og eins fenguð þið eina von þegar þið voruð kölluð. **5** Það er einn Drottinn, ein trú, ein skír, **6** einn Guð og faðir allra sem er yfir öllum, með öllum og í öllum.

**7** Nú hlutum við öll einstaka góðvild eftir því sem Kristur úthlutaði hverju og einu okkar af þessari gjöf. **8** Skrifað stendur: „Þegar hann steig upp til hæða flutti hann með sér fanga. Hann gaf menn að gjöf.“ **9** En þegar sagt er „hann steig upp“ merkir það þá ekki líka að hann hafi stigið niður, það er til jarðar? **10** Sá sem steig niður er sá sami og steig upp, hátt

3:12 \*Orðrétt „hann“.

3:15 \*Eða „nafn“.

yfir alla himna, svo að allt gæti uppfyllst.

**11** Af þessum gjöfum hans eru sumir postular, sumir spámenn, sumir trúboðar\* og sumir hirðar og kennarar. **12** Þeir eiga að vísa hinum heilögu rétta leið,\* veita þjónustu og byggja upp líkama Krists **13** þangað til við verðum öll einhuga\* í trúnni og í nákvæmri þekkingu á syni Guðs. Þá verðum við fullorðin og höfum náð fullum þroska eins og Kristur. **14** Við eigum ekki að halda áfram að vera eins og börn, sem kastast til í öldugangi og hrekjast fram og aftur fyrir hverjum kenningarvindi, og láta menn sem beita brögðum og blekkingum leiða okkur á villigötur. **15** Við skulum heldur tala sannleika og sýna kærleika en þannig getum við þroskast á allan hátt til að líkjast Kristi sem er höfuðið. **16** Hans vegna er líkaminn ein samstæð heild og limirnir vinna saman þegar hver liður leggur sitt af mörkum. Þegar allir líkamshlutar starfa eðlilega stuðlar það að því að líkaminn vex og byggist upp í kærleika.

**17** Þess vegna segi ég og hvet ykkur í nafni Drottins til að lifa ekki lengur eins og þjóðirnar sem fylgja bara innantómum\* hugsunum sínum. **18** Hugur þeirra er í myrkri og þær eru fjarlægjar því lífi sem kemur frá Guði, bæði vegna vanþekkingar sinnar og vegna þess að hjörtu þeirra eru tilfinningalaus.\* **19** Þær hafa glatað allri siðferðiskennd og gefið sig á vald blygðunarlausri hegðun\* svo að þær stunda alls konar óhreinleika af græðgi.

4:11 \*Eða „boðberar fagnaðarboðskaparins“. 4:12 \*Eða „kenna hinum heilögu“. 4:13 \*Eða „sameinuð“. 4:17 \*Eða „fánýtum“. 4:18 \*Orðrétt „ónæm“. 4:19 \*Eða „ósvífinni hegðun“. Á grísku *asel/geia*. Sjá orðaskýringar.

**20** En þið vitið að Kristur er ekki þannig **21** enda heyrðuð þið um hann og ykkur var kennt í samræmi við sannleikann sem býr í honum. **22** Ykkur var kennt að þið ættuð að afklæðast hinum gamla manni\* sem samræmist fyrra liferni ykkar og spillist af tælandi girndum sínum. **23** Þið ættuð að halda áfram að endurnýja hugsunarhátt ykkar\* **24** og íklæðast hinum nýja manni\* sem er skapaður samkvæmt vilja Guðs og byggist á sönnu réttlæti og hollustu.

**25** Núna þegar þið eruð hætt öllum blekkingum skuluð þið öll tala sannleika við náungann því að við erum limir á sama líkama. **26** Ef þið reiðist syndgið þá ekki. Verið ekki reið fram yfir sólsetur. **27** Gefið Djöflinum ekkert tækifæri.\* **28** Sá sem stelur hætti að stela. Hann ætti heldur að leggja hart að sér og vinna heiðarleg störf með höndum sínum svo að hann hafi eitthvað til að gefa þeim sem eru hjálparþurfi. **29** Látið ekkert fúkyrði koma af vörum ykkar heldur aðeins það sem er gott og uppbyggilegt eftir því sem þörf gerist svo að þeir sem heyra hafi gagn af. **30** Hryggið ekki heldur heilagan anda Guðs sem þið eruð innsigluð með til þess dags þegar þið verðið leyst með lausnargjaldi.

**31** Losið ykkur við hvers kyns biturð, reiði, bræði, öskur og svívirðingar, og allt annað skaðlegt. **32** Verið góð hvert við annað, samúðarfull og fyrirgefið hvert öðru fúslega eins og Guð hefur fyrirgefið ykkur vegna Krists.

**5** Líkið því eftir Guði sem elskuð börn hans **2** og lifið í kærleika eins og Kristur elskaði okkur\* og

4:22, 24 \*Eða „persónuleika“. 4:23 \*Eða „drifkraft hugans“. Orðrétt „anda huga ykkar“. 4:27 \*Eða „ekki heldur neitt svigrúm“. 5:2 \*Eða hugsanli. „ykkur“.

gaf sjálfan sig fyrir okkur\* að fórnargjöf og sláturfórn sem ilmar vel fyrir Guði.

**3** Kynferðislegt siðleysi\* og hvers kyns óhreinleiki eða ágirnd á ekki einu sinni að koma til tals meðal ykkar því að það sæmir ekki heilögum. **4** Forðist líka skammarlega hegðun, heimskulegt tal og grófa brandara því að allt slíkt er óviðeigandi. Færið heldur Guði þakkir. **5** Þið vitið og ykkur er fullljóst að enginn sem er siðlaus í kynferðismálum,\* óhrein eða ágjarn, sem er það sama og að dýrka skurðgoð, fær nokkurn arf í ríki Krists og Guðs.

**6** Látið engan villa um fyrir ykkur með innantómum orðum því að vegna þess sem ég hef nefnt kemur reiði Guðs yfir þá sem hlýða ekki. **7** Eigið ekkert saman við þá að sælda. **8** Einu sinni voruð þið myrkur en nú eruð þið ljós þar sem þið tilheyrið Drottni. Hegðið ykkur áfram sem börn ljóssins **9** því að ávöxtur ljóssins er hvers kyns góðvild, réttlæti og sannleikur. **10** Haldið áfram að fullvissa ykkur um hvað Drottni er þóknarlegt **11** og hættið að taka þátt í verkum myrkursins sem eru einskis virði. Afhjúpið þau öllu heldur. **12** Það sem fólk gerir í leynum er jafnvel skammarlegt að nefna. **13** Allt er afhjúpað þegar það kemur fram í ljósið og það sem kemur fram í ljósið er upplýst. **14** Þess vegna segi: „Vaknaðu, þú sem sefur, og ristú upp frá dauðum. Þá mun Kristur skína á þig.“

**15** Gætið þess vandlega að þið hegðið ykkur ekki eins og óskynsamur manneskjur heldur skynsamar **16** og notið tímann sem best\*

því að dagarnir eru vondir. **17** Verið því ekki lengur óskynsöm heldur reynið að átta ykkur á hver sé vilji Jehóva.\* **18** Og drekkið ykkur ekki drukkin af víni því að það leiðir til ólifnaðar.\* Fyllist heldur andanum. **19** Styrkið hvert annað<sup>#</sup> með sálum, lofsöngvum til Guðs og andlegum ljóðum. Syngið fyrir Jehóva\* og leikið undir í hjörtum ykkar, **20** og þakkið alltaf Guði okkar og föður fyrir allt í nafni Drottins okkar Jesú Krists.

**21** Verið undirgefin hvert öðru af lotningu fyrir Kristi. **22** Konur séu undirgefnar eiginmönnum sínum eins og þær eru undirgefnar Drottni **23** því að maðurinn er höfuð konu sinnar eins og Kristur er höfuð safnaðarins, líkama síns sem hann frelsar. **24** Konur ættu að vera undirgefnar eiginmönnum sínum í öllu eins og söfnuðurinn er undirgefinn Kristi. **25** Þið menn, elskið eiginkonur ykkar eins og Kristur elskaði söfnuðinn og gaf líf sitt fyrir hann **26** til að helga hann og hreinsa með vatni, það er orði Guðs. **27** Þannig gat hann leitt söfnuðinn fram fyrir sig í allri sinni dýrð, heilagan og lýtalausán, án þess að hann hefði blett eða hrukku eða nokkuð slíkt.

**28** Á sama hátt eiga eiginmenn að elska konur sínar eins og eigin líkama. Sá sem elskar konu sína elskar sjálfan sig. **29** Enginn hefur nokkurn tíma hatað eigin líkama\* heldur nærir hann líkamann og annast eins og Kristur söfnuðinn **30** en við erum limir á líkama hans. **31** „Af þeirri ástæðu yfirgefur maður föður sinn og móður og binst\* konu sinni og þau

5:2 \*Eða hugsanl. „ykkur“. 5:3 \*Á grísku *porneí'a*. Sjá orðaskýringar. 5:5 \*Sjá orðaskýringar, „kynferðislegt siðleysi“. 5:16 \*Orðrétt „kaupið upp hinn ákveðna tíma“.

5:17, 19 \*Sjá orðaskýringar. 5:18 \*Eða „taumleysis“. 5:19 #Eða hugsanl. „sjálf ykkur“. 5:29 \*Orðrétt „eigið hold“. 5:31 \*Eða „heldur sig við“.



tvö verða eitt.“\* **32** Þessi heilagi leyndardómur er mikill. Nú er ég að tala um Krist og söfnuðinn. **33** Hvað sem því líður á hver og einn að elska eiginkonu sína eins og sjálfan sig en konan beri djúpa virðingu fyrir manni sínum.

**6** Þið börn, hlýðið foreldrum ykkar í samræmi við vilja Drottins\* því að það er rétt. **2** „Heiðraðu föður þinn og móður“ – það er fyrsta boðorðið með lofordi – **3** „til að þér gangi vel og þú verðir langlífur á jörðinni.“ **4** Og þið feður, ergið ekki börnin ykkar heldur alið þau upp með því að aga þau og leiðbeina þeim\* eins og Jehóva“ vill.

**5** Þið þrælur, verið hlýðnir jarðneskum húsbændum ykkar með virðingu og ótta og í einlægni hjartans, eins og þið hlýðið Kristi. **6** Gerið það ekki aðeins til að þóknast mönnum þegar þeir sjá til\* heldur eins og þjónar Krists sem gera vilja Guðs af allri sál.“ **7** Þjónið þeim fúslega eins og þið væruð að þjóna Jehóva“ en ekki mönnum. **8** Þið vitið að Jehóva“ launar hverjum og einum fyrir það góða sem hann gerir, hvort sem hann er þræll eða frjáls maður. **9** Og þið húsbændur, komið eins fram við þræla ykkar og ógnið þeim ekki því að þið vitið að þið eigið sama Drottin á himnum og þeir, og hann fer ekki í manngrein-aralit.

**10** Að lokum: Sækið styrk til Drottins því að máttur hans er mikill. **11** Búist alvæpni Guðs til að þið getið staðist slóttugar árásir\* Djöfulsins **12** því að baráttan\*

5:31 \*Orðrétt „eitt hold“. 6:1 \*Orðrétt „í Drottin“. 6:4 \*Eða „leiðrétta þau; móta huga þeirra“. 6:4, 6-8 \*Sjá orðaskýringar. 6:6 \*Orðrétt „ekki með augnaþjónustu til að þóknast mönnum“. 6:11 \*Eða „ráðabrugg“. 6:12 \*Orðrétt „glíman“.

sem við eigum í er ekki við hold og blóð heldur við stjórnir, yfirvöld, heimsstjórnendur þessa myrkurs og andaverur vonskunnar á himnum. **13** Takið því alvæpni Guðs til að þið getið veitt mótstöðu á hinum vonda degi og staðist eftir að hafa búið ykkur að öllu leyti.

**14** Verið þess vegna staðföst, gyrt belti sannleikans um mittið, klædd brynju réttlætisins **15** og skóuð fúsleika til að flytja fagnaðarboðskap friðarins. **16** Takið auk þess hinn stóra skjöld trúarinnar sem þið getið slókt með allar logandi örvar\* hins vonda. **17** Takið við hjálmi frelsunarinnar og sverði andans sem er orð Guðs. **18** Haldið jafnframt áfram að biðja hvers kyns bæna og ákalla Guð öllum stundum í krafti andans. Haldið þannig vöku ykkar og biðjið stöðugt og innilega fyrir öllum hinum heilögu. **19** Biðjið líka fyrir mér að mér verði gefin réttu orðin þegar ég tala og ég geti talað óhikað þegar ég kunngerir heilagan leyndardóm fagnaðarboðskaparins **20** en ég er sendiboði\* hans í fjötrum mínum. Biðjið þess að ég geti flutt hann óhikað eins og mér ber.

**21** Týkíkus, elskaður bróðir og trúr þjónn í Drottin, mun segja ykkur frá mér og hvernig ég hef það. **22** Ég sendi hann til ykkar í þessum tilgangi svo að þið fáið að vita hvernig við höfum það og til að hann hughreysti ykkur.

**23** Megi Guð faðir okkar og Drottinn Jesús Kristur veita bræðrum okkar og systrum frið og kærleika ásamt trú. **24** Megi einstök góðvild Guðs vera með öllum sem bera ósvikinn kærleika til Drottins okkar Jesú Krists.

6:16 \*Eða „öll logandi kastvopn“. 6:20 \*Eða „sendiherra“.

BRÉFIÐ TIL  
**FILIPPÍMANNA**

YFIRLIT

- |  |   |
|--|---|
| <p>1 Kveðjur (1, 2)<br/>Páll þakkar Guði; bæn hans (3-11)<br/>Andstaða hindrar ekki framgang<br/>fagnaðarboðskaparins (12-20)<br/>Að lifa er fyrir Krist, að deyja er<br/>ávinningur (21-26)<br/>Að hegða sér eins og sæmir<br/>fagnaðarboðskapnum (27-30)</p> <p>2 Kristin auðmýkt (1-4)<br/>Kristur auðmýkti sig og var<br/>upphafinn (5-11)<br/>Vinnið að björgun ykkar (12-18)<br/>Skínið eins og ljósberar (15)<br/>Páll sendir Tímóteus og<br/>Epafrodítus (19-30)</p> | <p>3 Treystum ekki á mannlega<br/>yfirburði (1-11)<br/>Allt annað einskis virði vegna<br/>Kristis (7-9)<br/>Keppum að markinu (12-21)<br/>Ríkisfang á himnum (20)</p> <p>4 Eining, gleði, viðeigandi<br/>hugsanir (1-9)<br/>Verið ekki áhyggjufull út af<br/>neinu (6, 7)<br/>Þakklátur fyrir gjafir<br/>Filippímanna (10-20)<br/>Kveðjuorð (21-23)</p> |
|--|---|

**1** Frá Páli og Tímóteusi, þjónum Kristis Jesú, til allra hinna heilögu í Filippí sem eru sameinaðir Kristi Jesú, þar á meðal til umsjónarmanna og safnaðarþjóna.

**2** Megi Guð faðir okkar og Drottinn Jesús Kristur sýna ykkur einstaka góðvild og veita ykkur frið.

**3** Ég þakka Guði mínum alltaf þegar ég hugsa til ykkar **4** í innilegum bænum mínum fyrir ykkur öllum. Í hvert sinn sem ég bið fyrir ykkur geri ég það með gleði **5** vegna þess sem þið hafið lagt fram til að efla fagnaðarboðskapinn\* allt frá fyrsta degi. **6** Ég treysti að þegar dagur Kristis Jesú kemur ljúki Guð því góða verki sem hann hóf meðal ykkar. **7** Ég hef fulla ástæðu til að hugsa þannig um ykkur öll því að þið eruð mér hjartfölgin, þið sem njótið einstakrar góðvildar Guðs ásamt mér, bæði hvað varðar fjötra mína og eins við að verja fagnaðar-

boðskapinn og staðfesta með lögum réttinn til að boða hann.

**8** Guð er til vitnis um að ég þrái að sjá ykkur öll og ég elska ykkur jafn innilega og Kristur Jesús. **9** Ég bið þess stöðugt að kærleikur ykkar vaxi jafnt og þétt ásamt nákvæmri þekkingu og góðri dómgreind **10** svo að þið getið metið hvað sé mikilvægt. Þá verðið þið hrein allt til dags Kristis og verðið ekki öðrum til hrösunar, **11** og þið fyllist ávexti réttlætisins með hjálp Jesú Kristis, Guði til lofs og dýrðar.

**12** Nú vil ég að þið vitið, bræður og systur, að aðstæður mínar hafa í rauninni orðið fagnaðarboðskapnum til framdráttar. **13** Það er orðið alkunnugt meðal lífvarðarsveitar keisarans og allra annarra að ég er í fjötrum vegna Kristis. **14** Flest bræðranna og systranna í þjónustu Drottins hafa styrkt vegna fjötra minna, orðið hugrakkari og boða orð Guðs óttalaust.

1:5 \*Eða „gert í þágu fagnaðarboðskaparins“.

15 Sumir boða Krist að vísu sökum ófundar og metings en aðrir gera það af góðum hvötum. 16 Hinir síðarnefndu boða Krist af kærleika því að þeir vita að mér hefur verið falið að verja fagnaðarboðskapinn 17 en hinir fyrrnefndu gera það ekki af hreinum hvötum heldur til að koma af stað deilum. Þeir vilja valda mér erfiðleikum í fjötrum mínum. 18 Til hvers hefur það leitt? Til þess eins að Kristur er boðaður, hvort sem það er af réttum hvötum eða röngum. Það gleður mig og ég ætla að gleðjast áfram 19 því að ég veit að innilegar bænir ykkar og stuðningurinn sem andi Jesú Krists veitir okkur verður til þess að ég fæ frelsi. 20 Ég treysti og vona að ég þurfi ekki að skammast mín á nokkurn hátt heldur að ég geti talað ótta-laust svo að Kristur verði upphafinn nú eins og áður vegna mín,\* hvort heldur með lífi mínu eða dauða.

21 Ef ég lifi er það fyrir Krist en ef ég dey er það mér ávinningur. 22 Ef ég lifi áfram sem maður\* verður meiri árangur af starfi mínu, en ég segi ekki hvort ég myndi velja. 23 Þetta tvennt togast á í mér. Mig langar til að losna héðan og vera með Kristi sem er auðvitað miklu betra. 24 En ykkar vegna er mikilvægara að ég lifi áfram sem maður. 25 Ég treysti því og veit að ég lifi og verð áfram með ykkur öllum til að stuðla að því að þið takið framförum og gleðjist í trúnni. 26 Þá getið þið sem fylgjendur Krists Jesú fagnað innilega vegna mín þegar ég kem til ykkar\* aftur.

27 En hegðið ykkur\* eins og sæmir fagnaðarboðskapnum um Krist, hvort sem ég kem og heimsæki ykkur eða ekki,“ svo að ég fái að heyra að þið standið stöðug í ein-

um anda og einni sál,\* berjist hlið við hlið fyrir trúnni á fagnaðarboðskapinn 28 og látið andstæðingana aldrei hræða ykkur. Það er í sjálfu sér sönnun þess að þeir farast en þið bjargist og það er Guð sem sýnir fram á það. 29 Þið hafið ekki aðeins fengið þann heiður að trúa á Krist heldur einnig að þjást fyrir hann. 30 Þið eigið í sömu baráttu og þið sáuð mig heyja og þið heyrið að ég heyi hana enn.

**2** Fyrst þið eruð sameinuð Kristi og getið uppörvað hvert annað, hughreyst í kærleika, borið umhyggju hvert fyrir öðru, elskað hvert annað og sýnt samúð, 2 fullkomnið þá gleði mína með því að vera einhuga, bera sama kærleika hvert til annars og vera algerlega sameinuð\* með sama hugarfari. 3 Verið ekki þrætugjörn og gerið ekkert af sjálfselsku. Verið heldur auðmjúk\* og lítið á aðra sem ykkur meiri. 4 Hugsíð ekki aðeins um ykkar eigin hag heldur einnig hag annarra.

5 Hafið sama hugarfar og Kristur Jesús. 6 Þótt hann væri líkur Guði hvarflaði ekki að honum að hrifsa til sín völd til að verða jafn Guði. 7 Nei, hann afsalaði sér öllu og varð eins og þræll, eins og hver annar maður.\* 8 Hann auðmýkti líka sjálfan sig þegar hann kom sem maður\* og var hlýðinn allt til dauða, já, dauða á kvalastaur.“ 9 Af þessari ástæðu upphóf Guð hann, veitti honum æðri stöðu en áður og gaf honum í gæsku sinni nafn sem er æðra öllum öðrum nöfnum. 10 Allir skulu því falla á kné fyrir nafni Jesú – þeir sem eru á himni, þeir sem eru á jörð og þeir sem eru undir jörð\* – 11 og hver tunga skal játa opinberlega að

1:20 \*Orðrétt „með líkama mínum“. 1:22 \*Orðrétt „í holdinu“. 1:26 \*Eða „verð hjá ykkur“. 1:27 \*Eða „ykkur aðeins sem ríkisborgarar“. \*Orðrétt „er fjarverandi“.

1:27 \*Eða „og sameinuð“. 2:2 \*Eða „vera sameinuð í einni sál“. 2:3 \*Eða „litillát“. 2:7 \*Orðrétt „þræll og varð líkur mönnum“. 2:8 \*Orðrétt „hann kom fram sem maður að útliti“. \*Sjá orðaskýringar. 2:10 \*Það er, hinir dáu sem fá uppris.

Jesús Kristur sé Drottinn, Guði föðurnum til dýrðar.

**12** Mín elskuðu, þið hafið alltaf verið hlýðin, bæði þegar ég var hjá ykkur og ekki síður núna í fjarveru minni. Haldið nú áfram að vinna að björgun ykkar af alvöru og með ótta. **13** Það er Guð sem styrkir ykkur og gefur ykkur bæði löngun og kraft til að gera það sem gleður hann. **14** Gerið allt á þess að nöldra og mótmæla **15** svo að þið verðið óaðfinnanleg og saklaus, flekklaus börn Guðs meðal illrar og gerspilltrar kynslóðar í heimi þar sem þið skinið eins og ljósberar **16** og haldið fast í orð lífsins. Þá get ég glaðst á degi Krists því að ég veit að ég hef hvorki hlaupið til einskis né erfiðað til einskis. **17** Ég fagna og samgleðst ykkur öllum þó að mér sé úthellt eins og drykkjarförn yfir förn ykkar og þá heilögu þjónustu\* sem trú ykkar hefur leitt ykkur til. **18** Eins ættuð þið að fagna og samgleðjast mér.

**19** Ég vonast til að geta sent Tímóteus til ykkar fljótlega, ef Drottinn Jesús vill, svo að ég fái uppörvun þegar hann færir mér fréttir af ykkur. **20** Ég hef engan honum líkan, engan sem mun láta sér eins einlæglega annat um velferð ykkar. **21** Allir aðrir hugsa um sinn eigin hag en ekki um það sem Jesús Kristur vill. **22** En þið vituð hvernig Tímóteus hefur reynst. Hann hefur þjónað með mér við að efla boðun fagnaðarboðskaparins eins og barn með föður sínum. **23** Þess vegna vonast ég til að geta sent hann um leið og ég sé hvað verður um mig. **24** Ég er reyndar viss um að ég kem líka sjálfur fljótlega ef það er vilji Drottins.

**25** En nú finnst mér nauðsynlegt að senda til ykkar Epafrodítus, bróður minn, samstarfsmann og samherja, sem þið senduð til að

hjálp mér. **26** Hann þráir að sjá ykkur öll og er dapur yfir því að þið skylduð heyra að hann hefði veikst. **27** Já, hann veiktist og var að dauða kominn en Guð sýndi honum miskunn, og ekki aðeins honum heldur líka mér svo að ég skyldi ekki þurfa að upplifa hryggð á hryggð ofan. **28** Þess vegna sendi ég hann eins fljótt og ég get þannig að þið getið glaðst aftur þegar þið sjáið hann og ég þurfi ekki að vera eins áhyggjufullur. **29** Takið því fagnandi á móti honum eins og þið eruð vön að taka á móti þjónum Drottins og metið menn eins og hann mikils. **30** Hann var að dauða kominn vegna starfa sinna fyrir Krist.\* Hann lagði líf sitt í hættu til að veita mér þá þjónustu sem þið gátuð ekki veitt mér af því að þið voruð ekki hér.

**3** Að lokum, bræður mínir og systur, gleðjist áfram í Drottni. Ég þreytist ekki að endurtaka það sem ég hef skrifað ykkur áður og það er ykkur til verndar.

**2** Varið ykkur á hundunum, varið ykkur á þeim sem valda skaða, varið ykkur á þeim sem limlesta líkamann.\* **3** Það erum við sem erum umskorin í raun, við sem veitum heilaga þjónustu með hjálp anda Guðs, og við erum stolt af Kristi Jesú en treystum ekki á mannlega yfirburði\* **4** þó að ég, ef nokkur, hafi ástæðu til að treysta á hið mannlega.

Ef einhver annar heldur sig hafa ástæðu til að treysta á mannlega yfirburði hef ég það enn frekar: **5** Ég var umskorinn á áttunda degi, er Ísraelsmaður, er af ættkvísl Benjámins, Hebrei fæddur af Hebreum og hef haldið lögin eins og farísei. **6** Ég var svo kappsamur að ég ofsótti söfnuðinn og var

2:30 \*Eða hugsanl. „Drottin“. #Eða „sál“. 3:2 \*Eða „hvetja til umskurðar“. 3:3 \*Orðrétt „á holdið“.

2:17 \*Eða „þá þjónustu í þágu almennings“.

óaðfínanlegur hvað varðar réttlæti byggt á lögnum. **7** En það sem mér fannst vera mikils virði met ég nú einskis\* vegna Krists. **8** Ég tel reyndar allt vera einskis virði vegna þess hve þekkingin á Kristi Jesú, Drottni mínum, er óviðjafnanlega verðmæt. Hans vegna hef ég afsalað mér öllu og met það sem tómst sörp\* til að geta áunnid Krist **9** og verið sameinaður honum, ekki vegna eigin réttlætis sem fæst með því að fylgja lögnum heldur vegna réttlætisins sem fæst af trúnni á Krist, réttlætisins frá Guði sem byggist á trú. **10** Markmið mitt er að þekkja hann og kraft upprisur hans, eiga hlutdeild í þjáningum hans og vera tilbúinn til að deyja eins og hann. **11** Ég vona að ég fái að hljóta fyrri upprisuna frá dauðum ef þess er nokkur kostur.

**12** Ekki svo að skilja að ég hafi nú þegar fengið þetta eða sé orðinn fullkominn en ég geri allt sem ég get í von um að hljóta það sem Kristur Jesús valdi\* mig til. **13** Bræður og systur, ég tel mig ekki enn hafa náð því en eitt er víst: Ég gleymi því sem er að baki og teygji mig eftir því sem er fram undan. **14** Ég keppi að markinu til að hljóta verðlaunin, líf á himnum sem Guð hefur kallað okkur til fyrir milligöngu Krists Jesú. **15** Þau okkar sem eru þroskuð ættu að hafa þetta hugarfar en ef þið hugsíð á einhvern hátt öðruvísi mun Guð opinbera ykkur rétta hugarfarið. **16** Hvað sem því líður skulum við halda áfram á sömu braut og við erum á, óháð því hvaða framförum við höfum tekið.

**17** Bræður og systur, líkið öll eftir mér og gefið gaum að þeim sem lifa í samræmi við það fordæmi sem við gáfum ykkur. **18** Margir lifa eins og þeir séu óvinir kvalastaurs\*

Krists. Ég hef nefnt þá oft áður en nú nefni ég þá líka með tár-um. **19** Þeir farast að lokum. Maginn er guð þeirra, þeir eru stoltir af því sem þeir ættu að skammast sín fyrir og þeir eru með hugann við hið jarðneska. **20** En ríkisfang okkar er á himnum og við biðum óþreyjufull eftir frelsara þaðan, Drottni Jesú Kristi **21** sem mun breyta veikburða líkama okkar svo að hann verður eins og\* dýrlegur líkami hans. Hann gerir það með miklum mætti sínum sem gerir honum kleift að leggja allt undir sig.

**4** Þess vegna segi ég, bræður mínir og systur sem ég elska og sakna, þið sem eruð gleði mín og kóróna: Verið þannig staðföst sem fylgjendur Drottins, mín elskuðu.

**2** Ég hvet Evodiu og Sýntyke til að vera samlyndar í þjónustu Drottins. **3** Já, ég bið þig líka, trúi samstarfsmaður,\* að halda áfram að hjálpa þessum konum sem hafa barist\* við hlið mér við að boða fagnadárboðskapinn ásamt Klemensi og hinum samstarfsmönnum mínum, en nöfn þeirra standa í bók lífsins.

**4** Verið alltaf glöð í Drottni. Ég segi aftur, verið glöð! **5** Verið þekkt fyrir að vera sanngjörn. Drottinn er nálægur. **6** Verið ekki áhyggjufull út af neinu heldur segið Guði frá öllu sem ykkur liggur á hjarta með því að biðja innilega til hans og þakka honum. **7** Friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi, mun þá vernda hjörtu ykkar og huga\* með hjálp Krists Jesú.

**8** Að lokum, bræður og systur, allt sem er satt, allt sem er íhugunar virði, allt sem er rétt, allt sem er hreint, allt sem er elskuvert, allt sem gott orð fer af, allt sem er dyggð og allt sem er lofsvert, hugs-

3:7 \*Eða hugsanl. „hef ég fúslega yfirgefið“.  
3:8 \*Eða „sam rusl“.  
3:12 \*Orðrétt „greip“.  
3:18 \*Sjá orðaskýringar.

3:21 \*Orðrétt „lagar sig að“.  
4:3 \*Orðrétt „samstarfsmaður undir okinu“.  
\*Eða „lagt hart að sér“.  
4:7 \*Eða „hugsanir“.

ið um\* það. **9** Farið eftir því sem þið hafið lært og tekið við af mér, heyrt og séð hjá mér. Þá verður Guð friðarins með ykkur.

**10** Sem þjónn Drottins gleðst ég mjög yfir því að þið skulið aftur geta sýnt mér umhyggju. Ykkur var auðvitað annst í mig en þið höfðuð ekki tækifæri til að sýna það.

**11** Ég segi þetta ekki af því að ég líði skort því að ég hef lært að láta mér nægja\* það sem ég hef, óháð aðstæðum. **12** Ég kann að búa við þröngan kost og við allsnægtir. Ég hef uppgötvað þann leyndardóm að vera ánægður með allt og við allar aðstæður, hvort sem ég er saddur eða svangur, bý við allsnægtir eða skort. **13** Ég get tekist á við hvað sem er vegna hans sem gefur mér kraft.

**14** Það var samt fallega gert af ykkur að hjálpa mér í erfiðleikum mínum. **15** Þið Filippímenn vitið líka að eftir að þið kynntust fagnaðarboðskapnum og þegar ég fór frá

4:8 \*Eða „hugleiðið“. 4:11 \*Eða „vera ánægður með“.

Makedóníu voruð þið eini söfnúðurinn sem hjálpaði mér og þáði hjálp mína. **16** Meðan ég var í Þessaloníku senduð þið mér nauðsynjar, ekki bara einu sinni heldur tvisvar. **17** Ekki það að ég sé að sækjast eftir gjöf heldur vil ég að þið vinnið góð verk sem færast ykkur til tekna. **18** En ég hef allt sem ég þarf og gott betur. Mig skortir ekkert núna eftir að Epafrodítus færði mér sendinguna frá ykkur. Hún er eins og sætur ilmur fyrir Guði, fórn sem hann hefur velþóknun á. **19** Í staðinn veitir Guð ykkur í dýrlegri auðlegð sinni allt sem þið þurfið og hann gerir það fyrir milligöngu Krists Jesú. **20** Guði okkar og föður sé dýrðin um alla eilífð. Amen.

**21** Ég bið að heilsa öllum hinum heilögu sem eru sameinaðir Kristi Jesú. Bræðurnir sem eru hjá mér senda ykkur kveðju. **22** Allir hinir heilögu, sérstaklega þeir sem eru í þjónustu keisarans, biðja að heilsa ykkur.

**23** Megi Drottinn Jesús Kristur í einstakri góðvild sinni blessa það hugarfar sem þið sýnið.

## BRÉFIÐ TIL

## KÓLOSSUMANNA

## YFIRLIT

- |  |   |
|--|---|
| <p><b>1</b> Kveðjur (1, 2)<br/>Þakkir fyrir trú Kólossumanna (3–8)<br/>Bæn um andlegan vöxt (9–12)<br/>Kristur fer með lykilhlutverk (13–23)<br/>Páll leggur hart að sér í þágu safnaðarins (24–29)</p> <p><b>2</b> Kristur, heilagur leyndardómur Guðs (1–5)<br/>Gætið ykkar á þeim sem blekkja (6–15)<br/>Kristur er veruleikinn (16–23)</p> | <p><b>3</b> Hinn gamli og hinn nýi maður (1–17)<br/>Deyðið jarðneskar tilhneigingar (5)<br/>Kærleikurinn, fullkomið einingarband (14)<br/>Ráð handa kristnum fjölskyldum (18–25)</p> <p><b>4</b> Ráð handa húsbændum (1)<br/>„Haldið áfram að biðja“ (2–4)<br/>Verið vitur í samskiptum við þá sem eru fyrir utan (5, 6)<br/>Kveðjuorð (7–18)</p> |
|--|---|

**1** Frá Páli, postula Krists Jesú samkvæmt vilja Guðs, og Tímóteusi bróður okkar, **2** til hinna heilögu og trúföstu bræðra og systra sem eru fylgjendur Krists í Kólossu.

Megi Guð faðir okkar sýna ykkur einstaka góðvild og veita ykkur frið.

**3** Við þökkum Guði, föður Drottins okkar Jesú Krists, í hvert sinn sem við biðjum fyrir ykkur. **4** Við höfum frétt af trú ykkar á Krist Jesú og kærleikanum sem þið berið til allra hinna heilögu **5** vegna vonarinnar um það sem biður ykkar á himnum. Þið heyrðuð um þessa von þegar boðskapur sannleikans, fagnaðarboðskapurinn, **6** barst til ykkar. Fagnaðarboðskapurinn ber ávöxt og vex um allan heim. Það hefur hann einnig gert hjá ykkur allt frá þeim degi sem þið heyrðuð af einstakri góðvild Guðs og kynntust henni af eigin raun. **7** Þið lærðuð þetta hjá Epafrasi, kærum samstarfsmanni okkar og trúföstum þjóni Krists sem kemur í okkar stað. **8** Hann hefur líka sagt okkur frá kærleikanum sem andi Guðs vekur með ykkur.\*

**9** Frá þeim degi sem við heyrðum þetta höfum við því stöðugt beðið fyrir ykkur. Við biðjum þess að þið fáið nákvæma þekkingu á vilja Guðs með allri visku og skilningi sem andinn gefur. **10** Þá getið þið lifað eins og Jehóva\* er samboðið og þóknast honum í einu og öllu þegar þið haldið áfram að bera ávöxt með sérhverju góðu verki og þekkingu ykkar á Guði eykst enn meir. **11** Við biðjum þess líka að dýrlegur kraftur Guðs gefi ykkur þann styrk sem þið þurfið til að halda út í öllu með þolinmæði og gleði **12** um leið og þið þakkið föðurnum sem gerði ykkur

hæf til að taka arf með hinum heilögu sem eru í ljósinu.

**13** Hann bjargaði okkur undan valdi myrkursins og flutti okkur yfir í ríki síns elskaða sonar. **14** Vegna hans erum við leyst með lausnargjaldi, já, við höfum fengið syndir okkar fyrirgefna. **15** Hann er eftirmynd hins ósýnilega Guðs, frumburður alls sem er skapað **16** vegna þess að með hjálp hans var allt annað skapað á himni og jörð, það sem er sýnilegt og það sem er ósýnilegt, hvort sem það eru háseti, tignir, stjórnmir eða völd. Allt var skapað með aðstoð hans og fyrir hann. **17** Hann var til á undan öllu öðru og með hjálp hans varð allt annað til. **18** Hann er höfuð líkamans, það er að segja safnaðarins. Hann er upphafið, frumburður upprisunnar frá dauðum. Þannig yrði hann sá fyrsti í öllu **19** því að Guði þóknaðist að láta allt fullkomnast í honum **20** og koma öllu í sátt við sig fyrir milligöngu hans, bæði því sem er á jörðinni og því sem er á himnum. Þessi friður fæst með blóðinu sem var úthellt á kvalastaurnum.\*

**21** Einu sinni voruð þið fjarlæg Guði og óvinir hans því að þið voruð með hugann við ill verk. **22** En núna hefur hann tekið ykkur í sátt með dauða hans sem förnaði líkama sínum til að þið getið staðið frammi fyrir honum heilög, óflekkuð og ekki sé hægt að ásaka ykkur um neitt, **23** svo framarlega sem þið eruð stöðug í trúnni, standið óhagganleg á traustum grunni og missið ekki vonina sem þið fenguð með fagnaðarboðskapnum sem þið heyrðuð og var boðaður meðal allra manna.\* Ég, Páll, er orðinn þjónn þessa fagnaðarboðskapar.

**24** Nú gleðst ég yfir því að þjást fyrir ykkur og mér finnst ég enn

1:8 \*Orðrétt „kærleika ykkar í andanum“. 1:10, 20 \*Sjá orðaskýringar. 1:10 \*Orðrétt „nákvæm þekking“.

1:23 \*Orðrétt „allri sköpun undir himninum“.

ekki hafa þjáðst til fulls vegna Krists, en ég geri það fyrir líkama hans, söfnuðinn. **25** Ég varð þjónn þessa safnaðar í samræmi við þá ábyrgð\* sem Guð fól mér ykkar vegna: Að boða orð Guðs rækilega, **26** hinn heilaga leyndardóm sem var hulinn öldum saman\* og hulinn fyrri kynslóðum. En núna er hann opinberaður Guðs heilögu, **27** þeim sem Guði hefur þóknast að gera heilagan leyndardóm sinn, þann dýrlega fjársjóð, kunnann meðal þjóðanna. Leyndardómurinn er að Kristur er sameinaður ykkur en það gefur ykkur þá von að verða dýrleg með honum. **28** Það er hann sem við boðum, og við áminnum alla og fræðum með allri vísu svo að við getum leitt hvern mann fram fyrir Guð sem þroskaðan fylgjanda Krists. **29** Um þetta kosta ég kapps og legg hart að mér í krafti hans sem hefur öflug áhrif á mig.

**2** Ég vil að þið vitið hve mikið ég legg á mig vegna ykkar og þeirra sem eru í Laódíkeu og allra þeirra sem hafa ekki séð mig augliti til auglitis. **2** Ég geri það til að hughreysta alla svo að þeir verði sameinaðir í kærleika, eignist þá auðlegð sem fæst með öruggri vísu og skilningi og kynnist til hlítar heilögum leyndardómi Guðs, það er að segja Kristi. **3** Allir fjársjóðir viskunnar og þekkingarinnar eru fölgir í honum. **4** Þetta segi ég til þess að enginn blekki ykkur með villandi rökum. **5** Þótt ég sé fjarverandi er ég með ykkur í anda og gleðst yfir því að góð regla ríkir hjá ykkur og að þið eruð staðföst í trúnni á Krist.

**6** Þið hafið tekið á móti Kristi Jesú Drottni okkar og nú skuluð þið halda áfram að ganga í hlýðni

1:25 \*Eða „ræðsmennsku“. 1:26 \*Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“.

við hann. **7** Verið rótföst, byggð á honum og stöðug í trúnni eins og ykkur var kennt. Verið innilega þakklát.

**8** Gætið þess að enginn fjöttri ykkur\* með heimspeki og innan-tómum blekkingum sem byggjast á erfðavenjum manna og hugmyndafræði heimsins en ekki á Kristi. **9** Það er í honum sem eiginleikar Guðs birtast að fullu.\* **10** Vegna hans skortir ykkur því ekkert enda er hann höfuð hvers konar stjórnar og valds. **11** Vegna sambands ykkar við hann voruð þið umskorin, ekki með höndum manna heldur með því að hverfa frá syndugum löngunum líkamans því að þannig eru þjónar Krists umskornir. **12** Þið voruð jörðuð ásamt honum með sams konar skírn og hann. Þið voruð líka reist upp með honum vegna sambands ykkar við hann og vegna trúar ykkar á mátt Guðs sem reisti hann upp frá dauðum.

**13** Guð lífgaði ykkur með honum þó að þið væruð dauð vegna afbrota ykkar og væruð óumskorin. Hann fyrirgaf okkur fúslega öll afbrotin **14** og þurrkaði út\* skjalið sem talaði gegn okkur með ákvæðum sínum. Hann hefur fjarlægð það með því að negla það á kvalastaurinn.\* **15** Með kvalastaurnum\* hefur hann afvopnað stjórnirnar og yfirvöldin og auglýst sigurinn yfir þeim með því að leiða þá sem fanga í sigurgöngu sinni.

**16** Látið því engan dæma ykkur fyrir það sem þið borðið og drekkið eða hvort þið haldið hátíðir, fagnid nýju tungli eða haldið hvíldardaginn. **17** Þetta er skuggi þess sem átti að koma en Kristur er veruleikinn.\* **18** Leyfið ekki þeim að hafa

2:8 \*Eða „hremmi ykkur eins og bráð“. 2:9 \*Orðrétt „eru holdi klæddir“. 2:14 \*Eða „afmáði“. #Sjá orðaskýringar. 2:15 \*Eða hugsanl. „Kristi“. 2:17 \*Orðrétt „líkaminn“.



af ykkur verðlaunin sem hafa yndi af því að sýnast auðmjúkir og dýrka engla og stæra sig af\* eigin sýnum. Þeir monta sig í raun án þess að hafa ástæðu til og hugsa eins og menn hugsa. **19** Þeir halda sig ekki fast við höfuðið, þann sem nærir allan líkamann og tengir hann saman með liðum og liðböndum í samstæða heild svo að hann vaxi með krafti Guðs.

**20** Fyrst þið dóuð með Kristi gagnvart hugmyndafræði heimsins, hvers vegna lifið þið þá enn eins og þið tilheyrðuð heiminum og haldið áfram að fylgja ákvæðum sem þessum: **21** „Takið ekki, bragðið ekki á og snertið ekki?“ **22** Allt þetta snýst um hluti sem eyðast við notkun og eru boð og kennisettingar manna. **23** Þessi ákvæði virðast viturleg, menn tilbiðja eftir eigin geðþótta, sýnast auðmjúkir og fara illa með líkamann, en þau koma ekki að neinu gagni í baráttunni við langanir holdsins.

**3** En fyrst þið voruð reist upp með Kristi sækist þá eftir því sem er hið efra, þar sem Kristur situr við hægri hönd Guðs. **2** Einbeitið ykkur að því sem er hið efra en ekki að því sem er á jörðinni **3** því að þið dóuð, og að vilja Guðs er líf ykkar í höndum Krists. **4** Þegar Kristur, sem er líf okkar, opinberast verður líka augljóst að þið verðið dýrleg með honum.

**5** Deyðið þess vegna jarðneskar tilhneigingar sem búa í líkama ykkar: kynferðislegt siðleysi,\* óhreinleika, taumlausan losta, skaðlegar fýsnir og ágirnd, en hún er það sama og skurðgoðadýrkun. **6** Þeir sem gera slíkt vekja reiði Guðs. **7** Þið hegðuðuð ykkur líka þannig meðan þið lifðuð eins og þeir.

**8** En núna verðið þið að segja skilið við allt þetta: bræði, reiði, vonsku, illgirnislegt tal og gróft orðbragð.

**9** Ljúgið ekki hvert að öðru. Afklædist hinum gamla manni\* með verkum hans **10** og íklædist hinum nýja manni sem endurnýjast með nákvæmri þekkingu og endurspeglar skapara sinn. **11** Þá skiptir engu máli hvort maður er Grikki eða Gyðingur, umskorinn eða óumskorinn, útlendingur, Skýpi,\* þræll eða frjálst því að Kristur er allt og í öllum.

**12** Þar sem þið eruð Guðs útvöldu, heilög og elskuð börn hans, íklædist þá innilegri samúð, góðvild, auðmýkt,\* hógværð\* og þolinmæði. **13** Haldið áfram að umbera hvert annað og fyrirgefa hvert öðru fúslega, jafnvel þegar þið hafið ástæðu til að kvarta undan öðrum. Eins og Jehóva\* fyrirgef ykkur fúslega skuluð þið fyrirgefa öðrum. **14** En íklædist þar að auki kærleiknum því að hann er fullkomið einingarbund.

**15** Látið líka frið Krists ráða í hjörtum ykkar því að þið voruð kölluð til þessa friðar sem limir á einum líkama. Verið einnig þakklát. **16** Látið orð Krists búa ríkullega í ykkur með allri sinni visku. Fræðið og uppörvið\* hvert annað með sálum, lofsöngvum til Guðs og andlegum ljóðum sem þið syngið með þakklátum huga. Syngið fyrir Jehóva\* af öllu hjarta. **17** Hvað sem þið segið eða gerið, þá gerið allt í nafni Drottins Jesú og þakkið Guði föðurnum fyrir milligöngu hans.

**18** Þið konur, verið undirgefnað eiginmönnum ykkar eins og Drottinn ætlast til. **19** Þið menn, elskið

2:18 \*Eða „taka sér stöðu með“. Vísun í vigsluathöfn tengda heiðinni dulþeki. 3:5 \*Á grísku *porneía*. Sjá orðaskýringar.

3:9 \*Eða „persónuleika“. 3:11 \*Orðið „Skýpi“ var notað um ósiðmenntað fólk. 3:12 \*Eða „lítillæti“. \*Eða „mildi“. 3:13, 16 \*Sjá orðaskýringar. 3:16 \*Eða „áminnið“.

eiginkonur ykkar og verið ekki beiskir og reiðir\* við þær. **20** Þið börn, hlýðið foreldrum ykkar í öllu því að það gleður Drottin. **21** Þið feður, reitið ekki börn ykkar til reiði\* svo að þau missi ekki kjarkinn.\* **22** Þið þrælur, verið hlýðnir jarðneskum húsbændum ykkar í öllu, ekki aðeins til að þóknast mönnum þegar þeir sjá til\* heldur af einlægni hjartans og af lotningu fyrir\* Jehóva.<sup>^</sup> **23** Hvað sem þið gerið, þá vinnið af allri sál eins og fyrir Jehóva<sup>^</sup> en ekki menn **24** því að þið vitið að það er Jehóva<sup>^</sup> sem gefur ykkur arfleifðina að launum. Þjónið Kristi, Drottni ykkar. **25** Sá sem gerir það sem er rangt fær það vissulega endurgoldið og þar er ekki farið í manngreinarálit.

**4** Þið húsbændur, komið fram við þræla ykkar af sanngirni og réttlæti því að þið vitið að þið eigið sjálfir húsbónda á himni.

**2** Haldið áfram að biðja. Haldið vöku ykkar með hjálp bænarinna og þakkið Guði. **3** Biðjið jafnframt fyrir okkur. Biðjið þess að Guð opni dyr fyrir orðið svo að við getum boðað hinn heilaga leyndardóm um Krist en ég er í fjötrum vegna hans. **4** Biðjið að ég geti boðað hann eins skýrt og mér ber.

**5** Verið vitur í samskiptum við þá sem eru fyrir utan söfnuðinn og notið tímann sem best.\* **6** Verið alltaf vingjarnleg í tali og kryddið mál ykkar með salti. Þá vitið þið hvernig þið eigið að svara hverjum manni.

**7** Týkíkus, kær bróðir minn og samstarfsmaður sem þjónar Drottni

trúfastlega með mér, mun segja ykkur hvað er að fréttu af mér. **8** Ég sendi hann til ykkar svo að þið fáið að vita hvernig við höfum það og til að hann hughreysti ykkur. **9** Ég sendi Onesímus með honum, trúan og elskaðan bróður minn sem er úr ykkar hópi. Þeir segja ykkur frá öllu sem er að gerast hér.

**10** Aristarkus, sem er í haldi með mér, sendir ykkur kveðju og sömuleiðis Markús frændi Barnabasar (þið hafið fengið leiðbeiningar um að taka vel á móti honum ef hann kemur til ykkar). **11** Jesús, sem er kallaður Jústus, biður einnig að heilsa. Þeir eru einu samstarfsmenn mínir fyrir ríki Guðs meðal hinna umskornu og hafa verið mér til mikillar hughreystingar.\* **12** Epafra, sem er þjónn Krists Jesú úr ykkar hópi, biður að heilsa ykkur. Hann biður alltaf ákaft fyrir ykkur svo að þið getið að lokum orðið fullþroskuð\* og haft bjargfasta sannfæringu um að vilji Guðs nái fram að ganga í öllu. **13** Ég get fullvissað ykkur um að hann leggur hart að sér fyrir ykkur og þá sem eru í Laódíkeu og Híerapólís.

**14** Lúkas, lækurinn kæri, sendir ykkur kveðju og Demas sömuleiðis. **15** Ég bið að heilsa bræðrum og systrum í Laódíkeu og einnig Nýmfu og söfnuðinum sem kemur saman heima hjá henni. **16** Þegar búið er að lesa þetta bréf hjá ykkur sjáið þá til þess að það verði líka lesið í söfnuði Laódíkeumanna og að þið lesið bréfið þeirra. **17** Og segið Arkippusi: „Gættu þjónustunnar sem Drottinn fól þér svo að þú getir sinnt henni vel.“

**18** Ég, Páll, skrifa þessa kveðju með eigin hendi. Minnst fjötra minna. Einstök góðvild Guðs sé með ykkur.

4:11 \*Eða „verið mér mikill styrkur“. 4:12 \*Eða „staðið fullkomin“.

3:19 \*Eða „verið ekki harðir“. 3:21 \*Eða „espið ekki börn ykkar upp“. \*Eða „fyllist ekki vonleysi“. 3:22 \*Orðrétt „ekki með augnaþjónustu eins og þeir sem vilja þóknast mönnum“. \*Eða „í ótta“. 3:22-24 \*Sjá orðaskýringar. 4:5 \*Orðrétt „kaupið upp hinn ákveðna tíma“.

## PESSALONÍKUMANNA

## YFIRLIT

- |   |   |
|---|---|
| <p>1 Kveðjur (1)<br/>Páll þakkar fyrir trú<br/>Pessaloníkumanna (2-10)</p> <p>2 Starf Páls í Pessaloníku (1-12)<br/>Pessaloníkumenn tóku við orði<br/>Guðs (13-16)<br/>Páll þráir að hitta<br/>Pessaloníkumenn (17-20)</p> <p>3 Páll bíður óþreyjufullur í Aþenu (1-5)<br/>Tímóteus flytur hughreystandi<br/>fréttir (6-10)<br/>Bæn fyrir Pessaloníkumönnum (11-13)</p> | <p>4 Varað við kynferðislegu<br/>siðleysi (1-8)<br/>Elskið hvert annað enn meir (9-12)<br/>„Sinnið ykkar eigin málum“ (11)<br/>Lærissveinar Krists rísa fyrstir upp<br/>frá dauðum (13-18)</p> <p>5 Dagur Jehóva kemur (1-5)<br/>„Friður og öryggi!“ (3)<br/>Vökum og hugsum skýrt (6-11)<br/>Hvatningarorð (12-24)<br/>Kveðjur (25-28)</p> |
|---|---|

**1** Frá Páli, Silvanusi\* og Tímóteusi til safnaðar Pessaloníkumanna sem eru sameinaðir Guði föðurnum og Drottni Jesú Kristi.

Megi einstök góðvild Guðs og friður vera með ykkur.

2 Við þökkum alltaf Guði þegar við nefnum ykkur öll í bænum okkar **3** því að við gleymum aldrei frammi fyrir Guði okkar og föður hvernig þið unnuð af trú og kærleika og voruð þolgóð vegna vonarinnar á Drottin okkar Jesú Krist.

**4** Guð elskar ykkur, bræður og systur, og við vitum að hann hefur valið ykkur **5** því að fagnaðarboðskapurinn sem við boðum kom ekki aðeins til ykkar með orðum heldur einnig með krafti, heilögum anda og sterkri sannfæringu. Þið vitið sjálf hvað við gerðum í ykkar þágu meðan við vorum hjá ykkur. **6** Og þið líktuð eftir okkur og Drottni því að þið tókuð við orðinu með gleði heilags anda þrátt fyrir mikla erfiðleika. **7** Þannig urðuð þið fyrir-

mynd allra hinna trúuðu í Makedóníu og Akkeu.

**8** Frá ykkur hefur orð Jehóva\* ekki aðeins breiðst út í Makedóníu og Akkeu heldur er trú ykkar á Guð orðin þekkt alls staðar svo að við höfum engu við að bæta. **9** Fólk segir frá því hvernig við komum til ykkar fyrst, hvernig þið sneruð ykkur til Guðs frá skurðgoðum ykkar til að þjóna lifandi og sönnum Guði **10** og hvernig þið bíðið nú eftir að sonur hans komi frá himnum. Guð reisti hann upp frá dauðum, það er að segja Jesú sem bjargar okkur frá hinni komandi reiði.

**2** Þið vitið auðvitað, bræður og systur, að heimsókn okkar til ykkar hefur ekki verið árangurslaus. **2** Okkur var misþyrmt og við þjáðumst í Filippí eins og þið vitið, en síðan tókum við í okkur kjark með hjálp Guðs til að flytja ykkur fagnaðarboðskap hans þótt andstaðan\* væri mikil. **3** Hvatn-

1:1 \*Einnig nefndur Silas.

1:8 \*Sjá orðaskýringar. 2:2 \*Eða hugsanl. „baráttan“.

ingarorð okkar eru ekki sprottin af röngum hugmyndum, óhreinum hvötum eða sviksemi. **4** Guð taldi okkur hæfa til að vera trúað fyrir fagnaðarboðskapnum þannig að við tölum ekki til að þóknast mönnum heldur Guði sem rannsakar hjörtu okkar.

**5** Þið vitið að við höfum aldrei smjæðrað eða siglt undir fölsku flaggi til að græða á ykkur. Guð er vottur þess. **6** Við höfum ekki heldur sóst eftir heiðri frá mönnum, hvorki ykkur né öðrum. Sem postular Krists hefðum við þó getað verið fjárhagsleg byrði á ykkur. **7** Við vorum hins vegar mildir á meðal ykkar eins og móðir sem annast brjóstabarn sitt af alúð.\* **8** Okkur þótti svo innilega vænt um ykkur að við vorum ekki aðeins ákveðnir í að gefa ykkur\* fagnaðarboðskap Guðs heldur líka okkar eigið líf.<sup>†</sup> Svo heitt elskuðum við ykkur.

**9** Bræður og systur, þið munið eflaust eftir erfiði okkar og striti. Við unnum dag og nótt til að íþyngja engu ykkar fjárhagslega þegar við boðuðum ykkur fagnaðarboðskap Guðs. **10** Bæði þið og Guð getið vitnað um hve trúir, réttlátir og óaðfinnanlegir við vorum í garð ykkar sem trúíð. **11** Þið vitið vel að við hvöttum ykkur og hughreystum og leiðbeindum hverju og einu ykkar eins og faðir annast börn sín. **12** Þannig getið þið verið Guði til sóma sem kallar ykkur til ríkis síns og dýrðar.

**13** Þess vegna þökkum við Guði stöðugt því að þegar þið tókuð við orði Guðs sem þið heyrðuð frá okkur tókuð þið ekki við því sem orði manna heldur sem orði Guðs, eins og það sannarlega er, og það sýnir

2:7 \*Eða „hlúir að brjóstabarni sínu“. 2:8 \*Orðrétt „vildum glaðir gefa ykkur ekki aðeins“. †Eða „sálir okkar“.

áhrifamátt sinn í ykkur sem trúíð. **14** Þið, bræður og systur, tókuð ykkur til fyrirmyndar söfnuði Guðs í Júdeu sem eru sameinaðir Kristi Jesú. Samlandar ykkar misþyrmdu ykkur, rétt eins og Gyðingar misþyrmdu þeim **15** og drápu meira að segja Drottin Jesú og spámennina og hafa líka ofsótt okkur. Þeir eru ekki Guði þóknanlegir heldur eru þeir mótfallnir því sem er öllum mönnum í hag **16** enda reyna þeir að koma í veg fyrir að við tölum við fólk af þjóðunum svo að það geti bjargast. Þannig fylla þeir sífellt mæli synda sinna. En reiði Guðs er loks komin yfir þá.

**17** Meðan við vorum aðskildir frá\* ykkur um stundarsakir, bræður og systur, (líkamlega en ekki í hugarum) gerðum við allt sem við gátum til að hitta ykkur augliti til auglitis<sup>†</sup> því að við þráðum að sjá ykkur. **18** Já, okkur langaði til að koma til ykkar og ég, Páll, reyndi ekki bara einu sinni heldur tvisvar en Satan lagði stein í götu okkar. **19** Hver er von okkar eða gleði eða heiðurskóróna frammi fyrir Drottni okkar Jesú við nærveru hans? Eruð það ekki einmitt þið? **20** Þið eruð vissulega stolt okkar og gleði.

**3** Þegar við\* vorum orðnir óþreyjufullir að bíða eftir töldum við best að vera einir eftir í Aþenu **2** og sendum Tímóteus, bróður okkar og þjón\* Guðs við boðun fagnaðarboðskaparins um Krist, til að styrkja ykkur<sup>†</sup> í trúnni og hughreysta **3** svo að enginn léti haggast í þessum raunum. Þið vitið sjálf að við getum ekki umflúið þær.\* **4** Þegar við vorum hjá ykkur

2:17 \*Eða „sviptir samvistum við“. †Orðrétt „sjá andlit ykkar“. 3:1 \*Eða „ég“. Hugsanlegt er að Páll tali um sjálfan sig í fleirtölu. 3:2 \*Eða hugsanl. „samverkamann“. †Eða „gera ykkur staðföst“. 3:3 \*Eða „okkur var ætlað þetta“.

sögðum við ykkur fyrir að við myndum verða fyrir erfiðleikum og þannig hefur líka farið eins og þið vitið. 5 Þegar ég þoldi ekki óvissuna lengur sendi ég Tímóteus til að heyrna hvort þið væruð enn trúfesti því að ég var hræddur um að freistarinn kynni að hafa freistað ykkar og erfíði okkar væri orðið til einskis.

6 En nú er Tímóteus nýkominn frá ykkur með gleðilegar fréttir af trúfesti ykkar og kærleika. Hann segir að þið minnst okkar ávallt með hlýju og að þið þráið að sjá okkur eins og við þráum að sjá ykkur. 7 Þess vegna, bræður og systur, hafið þið með trúfesti ykkar verið okkur til hughreystingar í öllum þjáningum\* okkar og raunum. 8 Við fáum nýjan kraft\* þegar þið fylgið Drottni staðfastlega. 9 Hvernig getum við sýnt Guði hve þakklátir við erum fyrir ykkur og þá miklu gleði sem við njótum ykkar vegna frammi fyrir honum? 10 Dag og nótt biðjum við eins innilega og við getum að fá að sjá ykkur augliti til auglitis\* og bæta úr því sem vantar upp á trú ykkar.

11 Megi Guð okkar og faðir og Drottinn okkar Jesús gera okkur kleift að koma til ykkar. 12 Og megi Drottinn láta kærleika ykkar hvert til annars og til allra manna vaxa, já, fylla hjörtu ykkar, rétt eins og við elskum ykkur. 13 Þá getur hann styrkt hjörtu ykkar svo að þau verði óaðfínanleg og heilög frammi fyrir Guði okkar og föður við nærveru Drottins Jesú og allra hans heilögu.

**4** Að lokum, bræður og systur: Við höfum leiðbeint ykkur um hvernig þið eigið að lifa til að þóknast Guði og þannig lifið þið líka. En nú biðjum við ykkur og hvetjum ykkur í nafni Drottins Jesú til

að leggja ykkur enn meira fram. 2 Þið vitið hvaða leiðbeiningar\* við gáfum ykkur frá Drottni Jesú.

3 Guð vill að þið séuð heilög og haldið ykkur frá kynferðislegu siðleysi.\* 4 Hvert og eitt ykkar ætti að kunna að hafa stjórn á líkama\* sínum og halda honum heilögum og til sóma 5 en ekki láta stjórnast af girnd og taumlausum losta eins og þjóðirnar sem þekka ekki Guð. 6 Enginn ætti að fara út fyrir viðeigandi mörk og ganga á rétt trústykkinis síns á þessu sviði því að Jehóva\* refsar fyrir allt þetta eins og við höfum áður sagt ykkur og varað eindregið við. 7 Guð kallaði okkur ekki til að lifa í óhreinleika heldur til að vera heilög. 8 Sá sem lítilsvirðir þetta lítilsvirðir því ekki mann heldur Guð sem gefur ykkur heilagan anda sinn.

9 Um bróðurkærleikann þurfum við hins vegar ekki að skrifa ykkur því að Guð hefur kennt ykkur að elska hvert annað. 10 Þið elskið líka öll trústykkinu ykkar í allri Makedóníu. En við hvetjum ykkur, bræður og systur, til að gera það í enn ríkari mæli. 11 Leggið ykkur fram um að lifa kyrrlátu lífi, sinna ykkar eigin málum og vinna með höndum ykkar eins og við höfum leiðbeint ykkur um. 12 Þá sjá þeir sem eru fyrir utan að þið hegðið ykkur sómasamlega, og ykkur skortir ekki neitt.

13 Bræður og systur, við viljum ekki að ykkur sé ókunugt um þá sem sofa dauðasvefni svo að þið syrgið ekki eins og hinir sem hafa ekki von. 14 Við trúum að Jesús hafi dáið og risið upp og trúum þess vegna líka að Guð reisi upp fylgjendur hans sem hafa sofnað dauðasvefni, svo að þeir geti ver-

3:7 \*Orðrétt „allri neyð“. 3:8 \*Orðrétt „Við lifum“. 3:10 \*Orðrétt „sjá andlit ykkar“.

4:2 \*Eða „fyrirmæli“. 4:3 \*Á grísku *porneía*. Sjá orðaskýringar. 4:4 \*Orðrétt „keri“. 4:6 \*Sjá orðaskýringar.

ið með honum. **15** Það segjum við ykkur og byggjum á orði Jehóva\* að þau okkar sem verða á lífi við nærveru Drottins verða alls ekki á undan þeim sem hafa sofnað dauðasvefni, **16** því að Drottinn sjálfur mun stíga niður af himni og gefa skipun með rödd erkiengils og með lúður Guðs í hendi, og lærisveinar Krists sem eru dánir rísa fyrstir upp. **17** Síðan verða þau okkar sem eftir lifa hrifin burt ásamt þeim í skýjum til fundar við Drottin í loftinu, og eftir það verðum við alltaf með Drottni. **18** Hughreystið hvert annað með þessum orðum.

**5** En um tíma og tíðir er engin þörf að skrifa ykkur, bræður og systur. **2** Þið vitið vel að dagur Jehóva\* kemur eins og þjófur á nóttu. **3** Þegar menn segja: „Friður og öryggi!“ kemur skyndilega tortíming yfir þá eins og fæðingarhríðir yfir ófríska konu, og þeir komast alls ekki undan. **4** En þið, bræður og systur, eruð ekki í myrkri svo að dagurinn komi ykkur að óvörum eins og dagsbirtan þjófum **5** því að þið eruð öll börn\* ljóssins og börn\* dagsins. Við tilheyrum hvorki nóttinni né myrkrunu.

**6** Sofum því ekki eins og aðrir heldur vökum og hugsum skýrt. **7** Þeir sem sofa, sofa á nóttinni og þeir sem drekka sig drukknar eru drukknir á nóttinni. **8** En við sem tilheyrum deginum skulum hugsa skýrt og klæðast trú og kærleika sem brynju og voninni um björgun sem hjálmi **9** því að Guð valdi okkur ekki til að verða reiði sinni að bráð heldur til að bjargast fyrir atbeina Drottins okkar Jesú Krists. **10** Hann dó fyrir okkur til að við gætum lifað með honum, hvort sem

4:15; 5:2 \*Sjá orðaskýringar. 5:5 \*Orðrétt „synir“.

## 1. PESSALONÍKUBRÉF 4:15–5:28

við vökum eða sofum.\* **11** Haldið því áfram að uppörva\* og styrkja hvert annað eins og þið gerið núna.

**12** Nú biðjum við ykkur, bræður og systur, að sýna þeim virðingu sem leggja hart að sér meðal ykkar, veita ykkur forystu í þjónustu Drottins og leiðbeina ykkur. **13** Sýnið þeim kærleika og hafið sérstakar mætur á þeim fyrir starf þeirra. Lifið í friði hvert við annað. **14** Við hvetjum ykkur líka, bræður og systur, til að aðvara\* óstýriláta, hughreysta niurdregna,<sup>†</sup> styðja þá sem eru veikburða og vera þolinmód við alla. **15** Gætið þess að enginn gjaldi nokkrum illt með illu en gerið hvert öðru alltaf gott og sómuleiðis öllum öðrum.

**16** Verið alltaf glöð. **17** Biðjið stöðugt. **18** Þakkið Guði fyrir alla hluti. Það er vilji hans með ykkur sem fylgið Kristi Jesú. **19** Slökkvið ekki eld andans. **20** Fyrirlítið ekki spádóma. **21** Sannreynið allt, haldið fast við það sem er gott. **22** Forðist hið illa í hvaða mynd sem er.

**23** Megi Guð friðarins helga ykkur algerlega. Og megi andi ykkar, sál\* og líkami vera óaðfínanleg og heilbrigð á allan hátt við nærveru Drottins okkar Jesú Krists. **24** Sá sem kallar ykkur er trúr og hann mun láta þetta verða.

**25** Bræður og systur, haldið áfram að biðja fyrir okkur.

**26** Heilsíð öllum bræðrum og systurum með heilögum kossi.

**27** Í nafni Drottins legg ég þunga áherslu á að þið látið lesa þetta bréf upp fyrir alla bræðurna og systurnar.

**28** Einstök góðvild Drottins okkar Jesú Krists sé með ykkur.

5:10 \*Eða „sofum dauðasvefni“. 5:11 \*Eða „hughreysta“. 5:14 \*Eða „áminna“. \*Eða „kjarklitla“. 5:23 \*Eða „líf“. Sjá orðaskýringar.

## ÞESSALONÍKUMANNA

## YFIRLIT

- |   |  |
|---|--|
| <p>1 Kveðjur (1, 2)<br/>Trú Þessaloníkumanna styrkist (3-5)<br/>Guð mun refsa óhlýðnum<br/>mönnum (6-10)<br/>Bæn fyrir söfnuðinum (11, 12)</p> <p>2 Maður lögleysisins (1-12)<br/>Hvatning til að vera staðfastur (13-17)</p> | <p>3 Haldið áfram að biðja (1-5)<br/>Varað við óstýrilæti (6-15)<br/>Kveðjuorð (16-18)</p> |
|---|--|

**1** Frá Páli, Silvanusi\* og Tímó-teusi til safnaðar Þessaloníkumanna sem eru sameinaðir Guði föður okkar og Drottni Jesú Kristi.

**2** Megi Guð faðirinn og Drottinn Jesús Kristur sýna ykkur einstaka góðvild og veita ykkur frið.

**3** Okkur er skylt, bræður og systur, að þakka Guði alltaf fyrir ykkur. Það er við hæfi því að trú ykkar verður sífellt sterkari og kærleikur ykkar allra hvert til annars fer vaxandi. **4** Við tölum þess vegna af stolti um ykkur meðal safnaða Guðs og segjum frá þolgæði ykkar og trú í öllum þeim ofsóknum og erfiðleikum\* sem þið verðið fyrir.<sup>#</sup> **5** Allt er þetta sönnun þess að dómur Guðs er réttlátur og það leiðir til þess að þið teljist verðug þess að ganga inn í ríki Guðs sem þið þjáist fyrir.

**6** Þessi dómur er réttlátur þar sem Guð refsar þeim sem valda ykkur þjáningum. **7** En þið sem þjáist fáid hvíld ásamt okkur þegar Drottinn Jesús opinberast af himni með máttugum englum sínum **8** í logandi eldi. Þá kemur

1:1 \*Einnig nefndur Silas. 1:4 \*Eða „þrengingum“. #Eða „þolið“.

hann fram hefndum á þeim sem þekkja ekki Guð og þeim sem hlýða ekki fagnaðarboðskapnum um Drottin okkar Jesú. **9** Þeir verða dæmdir til eilífrar eyðingar, fjarlægðir frá Drottni og dýrlegum mætti hans. **10** Daginn sem hann kemur verður hann dýrlegur ásamt sínum heilögu og allir sem trúa á hann munu dást að honum. Þið trúðuð því sem við boðuðum ykkur og verðið því meðal þeirra.

**11** Þess vegna biðjum við alltaf fyrir ykkur að Guð telji ykkur verðug þess að hafa kallað ykkur og noti kraft sinn til að fullkomna allt hið góða sem hann vill gera og allt sem gert er í trú. **12** Þá verður nafn Drottins okkar Jesú dýrlegt fyrir atbeina ykkar og þið verðið upphafin vegna sambandsins við hann, þökk sé einstakri góðvild Guðs okkar og Drottins Jesú Krists.

**2** En, bræður og systur, hvað varðar nærveru Drottins okkar Jesú Krists og að okkur sé safnað saman til að vera með honum biðjum við ykkur: **2** Verið ekki fljót að komast úr jafnvægi eða láta hræða ykkur, hvort sem það

er vegna innblásinna orða,\* munnlegra boða eða bréfs sem virðist vera frá okkur, þess efnis að dagur Jehóva<sup>#</sup> sé runninn upp.

**3** Látið engan leiða ykkur afvega\* á nokkurn hátt því að dagurinn kemur ekki nema fráhrarfið komi fyrst og maður lögleysisins opinberist, sonur glötunarinnar.

**4** Hann upphefur sig og stendur á móti öllum svokölluðum guðum og öllu sem er dýrkað.\* Þannig sest hann í musteri Guðs og kemur opinberlega fram sem guð. **5** Munið þið ekki að ég talaði um þetta meðan ég var hjá ykkur?

**6** Og nú vitið þið hvað heldur aftur af honum svo að hann opinberist ekki fyrr en tíminn er kominn. **7** Reyndar er þetta lögleysi þegar farið að starfa með leynd og svo verður þangað til sá sem heldur nú aftur af því víkur úr vegi.

**8** Þá mun lögleysinginn opinberast, hann sem Drottinn Jesús mun ryðja úr vegi með anda munns síns og gera að engu þegar nærvera hans verður augljós. **9** En nærvera lögleysingjans er af völdum Satans sem gerir honum kleift að gera alls konar máttarverk, lygátákn og undur\* **10** og beita alls konar ranglæti til að blekkja. Það blekkir þá sem tortímast í refsingarskyni fyrir að hafa ekki tekið við sannleikanum né elskað hann til að geta bjargast. **11** Þess vegna lætur Guð villa um fyrir þeim svo að þeir fari að trúá lyginni. **12** Þeir verða allir dæmdir af því að þeir trúðu ekki sannleikanum heldur höfðu dálæti á ranglætinu.

**13** En okkur er skylt að þakka Guði alltaf fyrir ykkur, bræð-

ur og systur sem Jehóva<sup>#</sup> elskar, því að hann valdi ykkur í upphafi til að bjargast. Hann helgaði ykkur með anda sínum af því að þið trúðuð á sannleikann.

**14** Hann kallaði ykkur til þessa með fagnaðarboðskapnum sem við boðum svo að þið getið hlotið sömu dýrð og Drottinn okkar Jesús Kristur. **15** Bræður og systur, verið því staðföst og haldið ykkur við það sem ykkur hefur verið kennt, hvort sem það var munnlega eða með bréfi frá okkur. **16** Og megi Drottinn okkar Jesús Kristur og Guð faðir okkar, sem elskaði okkur og gaf okkur eilífa huggun og bjarta von í einstakri góðvild sinni, **17** hugga hjórtu ykkar og styrkja ykkur\* í öllum góðum verkum og orðum.

**3** Að lokum, bræður og systur, haldið áfram að biðja fyrir okkur. Biðjið að orð Jehóva<sup>#</sup> breiðist hratt út og sé í heiðri haft eins og það er hjá ykkur **2** og að okkur sé bjargað frá vondum mönnum sem valda skaða. Það hafa ekki allir trú. **3** En Drottinn er trúr og hann mun styrkja ykkur og vernda fyrir hinum vonda. **4** Og við sem þjónum Drottni treystum að þið fylgið fyrirmælum okkar núna og fylgið þeim áfram. **5** Meги Drottinn halda áfram að leiða hjórtu ykkar svo að þið elskið Guð og haldið út vegna Krists.

**6** Nú gefum við ykkur þau fyrirmæli, bræður og systur, í nafni Drottins okkar Jesú Krists að hætta að umgangast hvern þann í söfnuðinum sem er óstýrilátur og fylgir ekki þeim leiðbeiningum sem við gáfum ykkur.\* **7** Þið vitið sjálf hvernig þið eigið að líkja eftir okkur því að við lifðum sómasamlega

2:2 \*Eða „vegna anda“. Sjá orðaskýringar, „andi“. 2:2, 13; 3:1 \*Sjá orðaskýringar. 2:3 \*Eða „tæla ykkur“. 2:4 \*Eða „er sýnd lotning“. 2:9 \*Það er, fyrirboða.

2:17 \*Eða „gera ykkur staðföst“. 3:6 \*Eða hugsanl. „honum“.



meðal ykkar **8** og við borðuðum ekki hjá neinum án þess að borga fyrir okkur. Við unnum öllu heldur dag og nótt með erfiði og striti til að vera ekki fjárhagsleg byrði á neinu ykkar. **9** Ekki svo að skilja að við ættum ekki rétt á því heldur vildum við vera ykkur fyrirmynd til eftirbreytni. **10** Við sögðum reyndar ítrekað meðan við vorum hjá ykkur: „Ef einhver vill ekki vinna á hann ekki heldur að fá að borða.“ **11** En nú heyrum við að sumir á meðal ykkar séu óstýrilátir, vinni ekki neitt og blandi sér í það sem þeim kemur ekki við. **12** Slíkum mönnum skipum við og brýnum fyrir þeim í nafni Drottins Jesú Krists að vinna kyrrlátlega

og borða það sem þeir hafa sjálfir unnið fyrir.

**13** En þið, bræður og systur, gefist ekki upp á að gera það sem er gott. **14** Ef einhver hlýðir ekki því sem við segjum í þessu bréfi skuluð þið merkja hann og hætta að umgangast hann svo að hann skammist sín. **15** Lítið þó ekki á hann sem óvin heldur áminnið hann áfram sem bróður.

**16** Megi Drottinn friðarins veita ykkur stöðugan frið á allan hátt. Drottinn sé með ykkur öllum.

**17** Ég, Páll, skrifa þessa kveðju með eigin hendi og þannig merki ég öll bréf mín. Þannig skrifa ég.

**18** Einstök góðvild Drottins okkar Jesú Krists sé með ykkur öllum.

## FYRRA BRÉFIÐ TIL

## TÍMÓTEUSAR

## YFIRLIT

- |   |  |
|---|--|
| <p><b>1</b> Kveðjur (1, 2)<br/>           Varað við falskennurum (3–11)<br/>           Páli sýnd einstök góðvild (12–16)<br/>           Konungur eilífðarinnar (17)<br/>           „Berstu hinni góðu baráttu“ (18–20)</p> <p><b>2</b> Biðjið fyrir alls konar fólki (1–7)<br/>           Einn Guð, einn milligöngumaður (5)<br/>           Samsvarandi lausnargjald fyrir alla (6)<br/>           Fyrirmæli til karla og kvenna (8–15)<br/>           Hógværð í klæðaburði (9, 10)</p> <p><b>3</b> Hæfniskröfur fyrir umsjónarmenn (1–7)<br/>           Hæfniskröfur fyrir safnaðarþjóna (8–13)<br/>           Heilagur leyndardómur guðrækninnar (14–16)</p> <p><b>4</b> Varað við kenningum illra anda (1–5)<br/>           Að vera góður þjónn Krists (6–10)<br/>           Líkamleg æfing og guðrækni (8)<br/>           Gættu að kennslunni (11–16)</p> | <p><b>5</b> Framkoma við unga og aldna (1, 2)<br/>           Stuðningur við ekkjur (3–16)<br/>           Að sjá fyrir fjölskyldu sinni (8)<br/>           Virðum duglega öldunga (17–25)<br/>           „Svolftið af víni vegna magans“ (23)</p> <p><b>6</b> Prælar sýni húsbændum sínum virðingu (1, 2)<br/>           Falskennarar og ást á peningum (3–10)<br/>           Leiðbeiningar til þjóns Guðs (11–16)<br/>           Verið rik að góðum verkum (17–19)<br/>           Gættu þess sem þér er trúað fyrir (20, 21)</p> |
|---|--|

**1** Frá Páli, postula Krists Jesú að skipun Guðs, frelsara okkar, og Krists Jesú, vonar okkar, **2** til Tímóteusar\* sem er sannur sonur minn í trúnni.

Megi Guð faðirinn og Kristur Jesús Drottinn okkar veita þér einstaka góðvild, miskunn og frið.

**3** Áður en ég lagði af stað til Makedóníu hvatti ég þig til að vera um kyrrt í Efesus. Eins geri ég núna því að ég vil að þú skipir vissum mönnum að kenna ekki falskenningar **4** og vera ekki uppteknir af lygasögum og ættartölum. Slikt leiðir ekkert gott af sér heldur ýtir aðeins undir tilgangslausar vangaveltur í stað þess að miðla nokkru frá Guði sem styrkir trúna. **5** Markmiðið með þessum leiðbeiningum\* er að vekja kærleika af hreinu hjarta, góðri samvisku og hræsnislausri trú. **6** Sumir hafa vikið frá þessu og snúið sér að innantómu þvaðri. **7** Þeir vilja vera lagakennar en skilja hvorki það sem þeir segja né það sem þeir standa á fastar en fótunum.

**8** Nú vitum við að lögin eru góð ef þeim er beitt rétt\* **9** og við skiljum að lög eru ekki sett vegna réttláttra heldur fyrir afbrotamenn og uppreisnarseggi, óguðlega og syndara, ótrúa\* og guðlastara, föðurmorðingja, móðurmorðingja og manndrápara, **10** þá sem lifa kynferðislega siðlausu lífi,\* karla sem stunda kynlíf með körlum,\* mannræningja, lygara, ljúgvitni<sup>Δ</sup> og þá sem brjóta á einhvern annan hátt gegn hinni heilnæmu<sup>⊞</sup> kenningu. **11** Hún samræmist hinum dýrlega fagnaðarboðskap sem hinn ham-

ingjusami Guð hefur trúað mér fyrir.

**12** Ég er þakklátur fyrir að Kristur Jesús Drottinn okkar, sem veitti mér kraft, treysti mér og fól mér þjónustu **13** þó að ég hafi áður verið guðlastari, ósvifinn og ofsótt fólk Guðs. En mér var miskunnað vegna þess að ég vissi ekki betur og trúði ekki. **14** Einstök góðvild Drottins okkar var mjög ríkuleg og ég fékk trú og nauðkærleikans sem býr í Kristi Jesú. **15** Það sem ég segi ykkur nú er áreiðanlegt og það má treysta því fullkomlega: Kristur Jesús kom í heiminn til að frelsa syndara. Ég er þeirra verstur. **16** En mér var miskunnað til að Kristur Jesús gæti notað mig sem skýrasta dæmið um hve þolinmóður hann er. Ég varð dæmi handa þeim sem taka trú á hann og hljóta eilíft líf.

**17** Konungi eilífðarinnar, hinum óförgengilega,\* ósýnilega og eina Guði, sé heiður og dýrð um alla eilífð. Amen.

**18** Ég gef þér þessar leiðbeiningar,\* barnið mitt, Tímóteus, í samræmi við þá spádóma sem voru bornir fram um þig. Þeir hjálpa þér að halda áfram að berjast hinni góðu baráttu. **19** Varðveittu líka trúna og góða samvisku en henni hafa sumir varpað frá sér og beðið skipbrot á trú sinni. **20** Þeirra á meðal eru Hýmeneus og Alexander sem ég hef gefið Satan á vald til að ögunin kenni þeim að hætta að guðlasta.

**2** Fyrst og fremst hvet ég til að beðið sé fyrir alls konar fólki með því að bera fram áköll, fyrirbærir og þakkarbærir, **2** þar á meðal fyrir konungum og öllum sem eru háttsettir\* svo að við getum haldið áfram að lifa friðsamlegu og rólegu lífi í hreinni guðrækni

1:2 \*Sem þýðir „sá sem heiðrar Guð“. 1:5 \*Eða „þessari fyrirskipun“. 1:8 \*Orðrétt „löglega“. 1:9 \*Eða „þá sem sýna ekki tryggan kærleika“. 1:10 \*Sjá orðaskýringar, „kynferðislegt siðleysi“. <sup>⊞</sup>Orðrétt „karla sem liggja með körlum“. <sup>Δ</sup>Eða „þá sem sverja rangan eið“. <sup>⊞</sup>Eða „gagnlegu“.

1:17 \*Sjá orðaskýringar. 1:18 \*Eða „þessa fyrirskipun“. 2:2 \*Eða „í valdastöðu“.

og einlægni. **3** Þetta er gott í augum Guðs, frelsara okkar, og gleður hann, **4** en hann vill að alls konar fólk bjargist og fái nákvæma þekkingu á sannleikanum. **5** Til er einn Guð og einn milligöngumaður milli Guðs og manna, maðurinn Kristur Jesús **6** en hann gaf sjálfan sig sem samsvarandi lausnargjald fyrir alla\* - um þetta verður vitnað þegar þar að kemur. **7** Ég var útnefndur boðberi og postuli til að vitna um þetta - ég segi sannleikann og lýg ekki - og til að fræða þjóðir um trú og sannleika.

**8** Ég vil að á hverjum stað biðjist mennirnir fyrir í trúfesti með upplýftum höndum, án reiði og þrætu. **9** Og konurnar eiga að prýða sig viðeigandi\* klæðnaði, með högværð og skynsemi,<sup>#</sup> ekki með íburðarmiklum hárgreiðslum,<sup>^</sup> gulli, perlum eða rándýrum fötum **10** heldur með góðum verkum eins og sæmir konum sem segjast elska Guð.

**11** Kona á að þiggja fræðslu\* í hljóði<sup>#</sup> með fullri undirgefni. **12** Ég leyfi ekki að kona kenni eða fari með vald yfir karlmanni heldur á hún að vera hljóð.\* **13** Adam var myndaður fyrst og síðan Eva. **14** Auk þess lét Adam ekki blekkjast en konan lét blekkjast algerlega og braut boðorð Guðs. **15** En það er konunni til verndar að eignast börn, svo framarlega sem hún\* lifir áfram í trú, kærleika og hreinleika og er skynsöm.<sup>#</sup>

**3** Þessi orð eru sönn: Ef maður sækist eftir að verða umsjónarmaður þráir hann gófugt starf. **2** Umsjónarmaður má ekki liggja undir ámæli, hann á að vera einnar

konu eiginmaður, hófsamur, skynsamur,\* reglusamur, gestrisinn, hæfur kennari, **3** ekki drykkfelldur, ekki ofbeldismaður heldur sanngjarn, ekki þrætugjarn og ekki fégjarn.\* **4** Hann á að veita heimili sínu góða forystu\* og börn hans eiga að vera hlýðin og sýna virðingu. **5** (Hvernig getur einhver annast söfnuð Guðs ef hann kann ekki að veita sínu eigin heimili forystu?\*) **6** Hann á ekki að vera nýr í trúnni svo að hann ofmetnist ekki og hljóti sama dóm og Djöfullinn. **7** Hann á líka að hafa góðan orðstír hjá þeim sem eru fyrir utan svo að hann verði ekki fyrir lasti\* og lendi í snöru Djöfulsinn.

**8** Safnaðarþjónar eiga sömuleiðis að vera ábyrgðarfullir, ekki falskir,\* ekki drekka of mikið vín og ekki vera sólg्नir í efnislegan ávinning. **9** Þeir eiga að halda sig við heilagan leyndardóm trúarinnar með hreinni samvisku.

**10** Látið fyrst reyna þá, hvort þeir séu hæfir, og síðan geta þeir verið safnaðarþjónar ef þeir eru ekki bornir neinum sökum.

**11** Konur eiga sömuleiðis að vera ábyrgðarfullar og ekki fara með róg. Þær eiga að vera hófsamar og trúar í öllu.

**12** Safnaðarþjónn á að vera einnar konu eiginmaður og veita börnum sínum og heimili góða forystu. **13** Þeir sem inna þjónustu sína vel af hendi ávinna sér gott mannorð og geta talað alveg óhikað um trúna á Krist Jesú.

**14** Ég skrifa þér þetta þó að ég vonist til að geta komið til þín fljótlega. **15** En ef mér seinkar vil ég að þú vitir hvernig þú átt að

2:6 \*Eða „alls konar fólk“. 2:9 \*Eða „sömasamlegum“. #Eða „góðri dómgreind“. ^Eða „hárflettum“. 2:11 \*Það er, í söfnuðinum. \*Eða „með kyrrð“. 2:12 \*Eða „kyrrlát“. 2:15 \*Orðrétt „þær“. #Eða „sýnir góða dómgreind“.

3:2 \*Eða „hafa góða dómgreind“. 3:3 \*Orðrétt „ekki elska peninga“. 3:4 \*Eða „hafa góða umsjón með heimili sínu“. 3:5 \*Eða „hafa umsjón með sínu eigin heimili“. 3:7 \*Eða „til skammar“. 3:8 \*Eða „ekki tala tveim tungum“.

hegða þér meðal heimilismanna Guðs, í söfnuði hins lifandi Guðs sem er stoð og stólpi sannleikans. **16** Heilagur leyndardómur guðrækninnar er vissulega mikill: „Hann kom fram sem maður, var lýstur réttlátur sem andi, birtist englum, var boðaður meðal þjóða, var trúað í heiminum og var hrifinn upp í dýrd.“

**4** En hið innblásna orð\* segir greinilega að þeir tímar komi að sumir muni falla frá trúnni því að þeir hlusti á villandi innblásin orð<sup>†</sup> og kenningar illra anda, **2** á hræsnisfulla lygara sem eru brenni-merktir á samvisku sinni. **3** Þeir banna fólki að giftast og skipa því að halda sig frá mat sem Guð skapaði til að þeir sem trúa og þekja sannleikann til hlítar geti neytt hans og þakkað Guði. **4** Allt sem Guð hefur skapað er gott og engu ætti að hafna ef tekið er við því með þakklæti **5** því að það helgast með orði Guðs og bæn.

**6** Með því að gefa bræðrum og systur þessar leiðbeiningar sýnirðu að þú ert góður þjónn Krists Jesú, nærður af orði trúarinnar og góðu kenningunni sem þú hefur fylgt gaumgæfilega. **7** En hafnaðu skammarlegum skröksögum eins og þeim sem gamlar konur eiga til að segja. Æfðu þig heldur markvisst í að vera guðrækin. **8** Líkamleg æfing er gagnleg að vissu marki en guðræknin er gagnleg á allan hátt því að hún gefur loforð bæði fyrir þetta líf og lífið sem er fram undan. **9** Þessi orð eru sönn og það má treysta þeim fullkomlega. **10** Þess vegna stritum við og leggjum hart að okkur því að við höfum bundið von okkar við lifandi Guð sem er frelsari alls konar fólks, sér í lagi þeirra sem eru trúfastir.

4:1 \*Orðrétt „En andinn“. <sup>†</sup>Orðrétt „villandi anda“.

## 1. TÍMÓTEUSARBRÉF 3:16–5:8

**11** Haltu áfram að gefa þessi fyrirmæli og kenna þau. **12** Láttu engan líta niður á þig þótt þú sért ungur. Vertu heldur fyrirmynd hinna trúföstu í tali, hegðun, kærleika, trú og hreinleika. **13** Leggðu þig fram við upplestur og við að hvetja\* og kenna þar til ég kem. **14** Vanræktu ekki gjöfina sem þér var gefin þegar spáð var um þig og öldungaráðið lagði hendur yfir þig. **15** Hugleiddu þetta vel, vertu upptekinn af því svo að framför þín sé öllum augljós. **16** Gættu stöðugt að sjálfum þér og kennslunni. Haltu ótrauður áfram að sinna þessu því að þá þjargarðu bæði sjálfum þér og þeim sem hlusta á þig.

**5** Vertu ekki harðorður við roskinn mann heldur áminntu hann hlýlega sem föður, yngri menn sem bræður, **2** rosknar konur sem mæður og yngri konur sem systur í öllum hreinleika.

**3** Láttu þér annt um\* ekkjur sem eru það<sup>†</sup> í raun. **4** En ef ekkja á börn eða barnabörn þá læri þau fyrst og fremst að sýna guðrækni í sinni eigin fjölskyldu og endurgjalda foreldrum sínum og öfum og ömmum það sem þeim ber því að það er þóknanlegt í augum Guðs. **5** Sú sem er ekkja í raun og veru og er allslaus hefur sett von sína á Guð og ákallar hann og biður til hans nótt og dag. **6** En sú sem hugsar bara um að fullnægja löngunum sínum er dauð þótt hún sé lifandi. **7** Haltu áfram að gefa þessar leiðbeiningar\* til að ekki sé hægt að finna að þeim. **8** Ef einhver sér ekki fyrir sínum nánustu, sérstaklega fjölskyldu sinni, hefur hann afneitað trúnni og er verri en vantrúaður.

4:13 \*Eða „áminna“. 5:3 \*Orðrétt „Heiðraðu“. <sup>†</sup>Eða „eru hjálparþurfi“, það er, eiga engan að til að sjá fyrir sér. 5:7 \*Eða „þessi fyrirmæli“.

9 Ekki ætti að setja ekkju á skrá nema hún sé orðin sextug, hafi verið manni sínum trú\* 10 og sé þekkt fyrir góð verk eins og að ala upp börn, vera gestrisin, þvo fætur heilagra og hjálpa bágstöddum. Hún á að hafa lagt sig fram um að gera gott á öllum sviðum.

11 En settu ekki ungar ekkjur á skrá því að þegar kynferðislegar langanir þeirra komast upp á milli þeirra og Krists vilja þær giftast. 12 Og þær kalla yfir sig dóm því að þær hafa brotið sitt fyrri loforð.\* 13 Þær temja sér jafnframt iðjuleysi og rápa hús úr húsi, ekki aðeins iðjulausar heldur slúðra þær, blanda sér í málefni annarra og tala um það sem þær ættu ekki að tala um. 14 Þess vegna finnst mér æskilegt að ungar ekkjur giftist, eignist börn og annist heimili svo að andstæðingurinn fái ekkert tækifæri til að setja út á þær. 15 Sumar eru nú þegar farnar af réttri braut og fylgja Satan. 16 Ef trúuð kona á skyldmenni sem eru ekkjur á hún að hjálpa þeim, til að íþyngja ekki söfnuðinum. Þá getur söfnuðurinn hjálpað þeim sem eru ekkjur\* í raun og veru.

17 Öldungar sem veita góða forstöðu ættu að vera í tvöföldum metum, sérstaklega þeir sem leggja hart að sér við að fræða og kenna 18 því að ritningarstaðurinn segir: „Þú skalt ekki mülbinda naut þegar það þreskir korn,“ og: „Verkamaðurinn er verður launa sinna.“ 19 Taktu ekki ásökun á hendur öldungi gilda nema tvö eða þrjú vitni staðfesti hana. 20 Áminntu í viðurvist allra þá sem syndga, hinum til viðvörunar.\* 21 Ég legg ríkt á við þig, frammi fyrir Guði og Kristi

Jesú og hinum útvöldu englum, að fylgja þessum fyrirmælum án allra fordóma og hlutdrægni.

22 Flýttu þér ekki um of að leggja hendur yfir nokkurn mann\* og eigðu ekki þátt í syndum annarra. Varðveittu sjálfan þig hreinan.

23 Drekkstu ekki lengur vatn\* heldur svolítið af víni vegna magans og tíðra veikinda þinna.

24 Syndir sumra eru á allra vit-orði og leiða til dóms þegar í stað, en hjá öðrum koma þær í ljós síðar. 25 Eins eru góðu verkin á allra vit-orði og þau sem eru það ekki verða ekki falin.

6 Þeir sem eru þrælur\* skulu sýna eigendum sínum fulla virðingu til að nafni Guðs og kenningu verði aldrei lastmælt. 2 Og þrælur sem eiga trúaða húsbændur eiga ekki að sýna þeim virðingarleysi bara vegna þess að þeir eru bræður. Þeir ættu að vera enn fúsari að þjóna þeim því að það eru elskaðir trúbræður sem njóta góðs af þjónustu þeirra.

Haltu áfram að kenna þetta og áminna um það. 3 Ef einhver kennir eitthvað annað og er ekki sammála hinum heilnæmu\* leiðbeiningum sem koma frá Drottni okkar Jesú Kristi né þeirri kenningu sem sýnir hvernig við eigum að þjóna Guði 4 þá hefur hann ofmetnast og skilur ekki neitt. Hann er heltekinn af\* þrætum og rök-ræðum um orð. Þetta ýtir undir öfund, erjur, róg,\* tortryggni 5 og stöðugar deilur um smámuni, deilur manna sem hafa spillt hugarfar og skilja ekki lengur sannleikann. Þeir líta á guðræknina sem leið til að hagnast. 6 Og auðvitað er mikill

5:9 \*Orðrétt „verið eins manns kona“. 5:12 \*Orðrétt „yfirgefið sína fyrri trú“. 5:16 \*Eða „eru hjálparþurfi“, það er, eiga engan að til að sjá fyrir sér. 5:20 \*Orðrétt „til að hinir óttist“.

5:22 \*Það er, útnefndu engan mann í fljótræði. 5:23 \*Eða „ekki bara vatn“. 6:1 \*Orðrétt „þrælur undir oki“. 6:3 \*Eða „gagnlegu“. 6:4 \*Eða „hefur sjúklegan áhuga á“. \*Eða „lastmæli“.

ávinningur að því að vera guðrækinn ef maður er líka nægjusamur. **7** Við tókum ekki neitt með okkur inn í heiminn og getum ekki heldur tekið neitt með okkur þaðan. **8** Ef við höfum mat og fatnað\* skulum við því láta okkur það nægja.

**9** En þeir sem ætla sér að verða ríkir falla í freistni og snöru og láta undan alls kyns heimskulegum og skaðlegum girndum sem steypa mönnum í tortímingu og glötun.

**10** Ást á peningum er rót alls konar ógæfu. Sökum hennar hafa sumir villst frá trúnni og valdið sjálfum sér\* miklum þjáningum.

**11** En þú, þjónn Guðs, forðastu þetta. Leggðu heldur rækt við réttlæti, guðrækni, trú, kærleika, þolgæði og mildi. **12** Berstu hinni góðu baráttu trúarinnar. Haltu fast í vonina um eilífa lífið sem þú varst kallaður til og þú vitnaðir um opinberlega í viðurvist margra votta.

**13** Ég segi þér frammi fyrir Guði, sem viðheldur öllu lífi, og Kristi Jesú, sem vitnaði með prýði frammi fyrir Pontíusi Pilatusi, **14** að halda boðorðið lýtalaust og óaðfinnanlega þar til Drottinn okkar Jesús Kristur birtist. **15** Hann, hinn hamingju-

sami og eini valdhafi, birtist þegar tíminn er kominn. Hann er konungur konunga og Drottinn drottna. **16** Hann einn er ódauðlegur og býr í ljósi sem enginn getur nálgast, og enginn maður hefur séð hann né getur séð hann. Honum sé heiður og eilífur máttur. Amen.

**17** Segðu\* þeim sem eru ríkir í núverandi heimsskipan<sup>†</sup> að vera ekki hrokafullir<sup>^</sup> og binda ekki von sína við hverfulan auð heldur við Guð sem sér okkur ríkulega fyrir öllu sem við njótum. **18** Segðu þeim að gera gott, vera ríkir að góðum verkum, vera örlátir og fúsir til að gefa öðrum af því sem þeir eiga. **19** Þannig safna þeir sér öruggum sjóði sem er góð undirstaða fyrir framtíðina svo að þeir geti haldið fast í vonina um hið sanna líf.

**20** Tímóteus, gættu þess sem þér var trúað fyrir og hlustaðu ekki á innantómar orðræður sem gera lítið úr því sem er heilagt né á mót-sagnir hinnar rangnefndu „þekkingar“. **21** Sumir hafa farið að flíka slíkri þekkingu og snúið baki við trúnni.

Megi einstök góðvild Guðs vera með ykkur.

6:8 \*Eða „húsaskjól“. Orðrétt „það sem skýlir“. 6:10 \*Eða „stungið sjálfa sig út um allt með“.

6:17 \*Eða „Skipaðu“. <sup>†</sup>Eða „á núverandi öld“. Sjá orðaskýringar. <sup>^</sup>Eða „miklir með sig“.

## SÍÐARA BRÉFIÐ TIL

## TÍMÓTEUSAR

## YFIRLIT

1 Kveðjur (1, 2)

Páll þakkar Guði fyrir trú  
Tímóteusar (3–5)

Haltu gjöfinni frá Guði lifandi (6–11)

Haltu þig við heilnæmu orðin (12–14)  
Andstæðingar Páls og vinir (15–18)

2 Hæfum mönnum sé treyst fyrir  
boðskapnum (1–7)

- Að þola þjáníngar fyrir  
fagnaðarboðskapinn (8-13)  
Farðu rétt með orð sannleikans (14-19)  
Flýðu girndir æskunnar (20-22)  
Framkoma við andstæðinga (23-26)
- 3 Hættulegir tímar á síðustu  
dögum (1-7)  
Fylgdu fordæmi Páls (8-13)

- „Haltu þig við það sem þú hefur  
lært“ (14-17)  
Öll Ritningin innblásin af Guði (16)
- 4 „Gerðu þjónustu þinni góð skil“ (1-5)  
Boðaðu orðið af kappi (2)  
„Ég hef barist góðu baráttunni“ (6-8)  
Páll segir frá sjálfum sér (9-18)  
Kveðjuorð (19-22)

**1** Frá Páli, postula Krists Jesú samkvæmt vilja Guðs og samkvæmt lofordinu um lífið sem fæst fyrir milligöngu Krists Jesú, **2** til Tímóteusar sem er elskað barn mitt.

Megi Guð faðirinn og Kristur Jesús Drottinn okkar veita þér einstaka góðvild, miskunn og frið.

**3** Ég er þakklátur Guði sem ég veiti heilaga þjónustu líkt og forfedur mínir. Ég geri það með hreinni samvisku og minnst þín alltaf í innilegum bænnum mínum dag og nótt. **4** Ég minnst tára þinna og þrái að sjá þig til að ég fyllist gleði. **5** Ég rifja upp fyrir mér hræsnislausu trú þína. Þessi trú bjó fyrst í henni Lóis ömmu þinni og Evnike móður þinni, og ég er sannfærður um að hún býr líka í þér.

**6** Þess vegna minni ég þig á að glæða með þér gjöfina sem þú fékkst frá Guði þegar ég lagði hendur yfir þig. **7** Guð gaf okkur ekki anda hugleysis heldur anda máttar, kærleika og skynsemi. **8** Þú skalt því ekki skammast þín, hvorki fyrir boðunina um Drottin okkar né fyrir mig sem er fangi vegna hans. Vertu heldur tilbúinn til að þola mótlæti vegna fagnaðarboðskaparins, í trausti þess að Guð gefi þér kraft. **9** Hann frelsaði okkur og kallaði okkur heil-

agri köllun, ekki vegna verka okkar heldur eftir vilja sínum og einstakri góðvild. Hann sýndi okkur þessa góðvild endur fyrir löngu í tengslum við Krist Jesú **10** en nú hefur hún birst greinilega með því að frelsari okkar, Kristur Jesús, er kominn fram. Hann hefur afmáð dauðann og varpað ljósi á líf og óförgengileika\* með fagnaðarboðskapnum, **11** en ég var skipaður boðberi, postuli og kennari þessa boðskapar.

**12** Þess vegna þarf ég líka að þola þessar þjáníngar en ég skammast min ekkert fyrir það. Ég þekki þann sem ég trúi á og er sannfærður um að hann geti gætt þess sem ég hef trúað honum fyrir, þar til dagurinn kemur. **13** Haltu þig við inntak\* heilnæmu<sup>o</sup> orðanna sem þú heyrðir mig flytja og sýndu jafnframt þá trú og kærleika sem fylgir því að vera sameinaður Kristi Jesú. **14** Varðveittu það góða sem þér var trúað fyrir, með hjálp heilags anda sem býr í okkur.

**15** Eins og þú veist hafa allir í skattlandinu Asíu snúið baki við mér, þeirra á meðal Fýgelus og Hermogenes. **16** Megi Drottinn miskunna heimilisfólki Ónesifórusar því að hann hressti mig oft og skammaðist sín ekki fyrir fjötra

1:10 \*Sjá orðaskýringar. 1:13 \*Eða „heilдарmynd; staðal“. <sup>o</sup>Eða „gagnlegu“.

mína **17** heldur leitaði vandlega að mér þegar hann var í Róm og fann mig. **18** Megi Drottinn Jehóva\* sýna honum miskunn þegar dagurinn rennur upp. Og þú veist vel hvaða þjónustu hann innti af hendi í Efesus.

**2** Barnið mitt, haltu þess vegna áfram að sækja styrk í einstaka góðvild Krists Jesú. **2** Það sem þú heyrðir frá mér og mörg vitni staðfestu skaltu fela trúföstum mönnum sem verða síðan hæfir til að kenna öðrum. **3** Vertu tilbúinn til að þola mótlæti sem góður hermaður Krists Jesú. **4** Enginn hermaður stundar\* almenna atvinnu\* því að hann vill þóknast þeim sem réð hann til hermennsku. **5** Sá sem keppir í íþróttum fær ekki sigursveiginn\* nema hann fylgi reglunum. **6** Bóndinn sem stritar á að fá að njóta uppskerunnar fyrstur manna. **7** Hugsaðu vandlega um það sem ég segi. Drottinn gefur þér skilning á\* öllu.

**8** Mundu að Jesús Kristur var reistur upp frá dauðum og hann var afkomandi Davíðs en það samræmist fagnaðarboðskapnum sem ég boða. **9** Fyrir það þjáist ég og sit í fangelsi sem afbrotamaður. En orð Guðs er ekki í fjötrum. **10** Af þeim sökum er ég þolgóður í öllu vegna hinna útvöldu til að þeir hljóti líka frelsunina sem fæst fyrir milligöngu Krists Jesú ásamt eilífri dýrð. **11** Þessi orð eru áreiðanleg: Ef við höfum dáíð með honum munum við líka lífa með honum. **12** Ef við erum þolgóð munum við líka ríkja með honum sem konungar. Ef við afneitum honum mun hann líka afneita okkur. **13** Þótt við værum ótrú væri hann samt

trúur af því að hann getur ekki afneitað sjálfum sér.

**14** Haltu áfram að minna þá á þetta og segðu\* þeim frammi fyrir Guði að rífast ekki um orð. Það þjónar engum tilgangi og er til ills eins fyrir\* þá sem hlusta á. **15** Leggðu þig allan fram til að geta þóknast Guði, að vera verkamaður sem þarf ekki að skammast sín fyrir neitt og fer rétt með orð sannleikans. **16** Hafnaðu innantómum orðræðum manna sem gera litið úr því sem er heilagt því að þær leiða til æ meira guðleysis **17** og breiðast út eins og drep í sári. Hýmeneus og Filetus eru þeirra á meðal. **18** Þessir menn hafa snúið baki við sannleikanum því að þeir segja að upprisan hafi þegar átt sér stað, og þeir kollvarpa trú sumra. **19** Þrátt fyrir það stendur traustur grundvöllur Guðs og hann hefur þessi innsigliisorð: „Jehóva\* þekkir þá sem tilheyra honum,“ og: „Allir sem ákalla nafn Jehóva\* haldi sig frá ranglæti.“

**20** Á stóru heimili eru ekki aðeins áhöld\* úr gulli og silfri heldur líka úr tré og leir. Sum eru notuð við hátiðleg tækifæri en önnur ætl-uð til óvirðulegri nota. **21** Sá sem heldur sig frá hinum síðarnefndu verður verkfæri\* til hátiðlegra nota, helgað, gagnlegt fyrir eiganda sinn og tiltækt til allra góðra verka. **22** Þú skalt því flýja girndir æskunnar og keppa eftir réttlæti, trú, kærleika og friði ásamt þeim sem ákalla Drottin af hreinu hjarta.

**23** Hafnaðu heimskulegum og tilgangslausum rökræðum því að þú veist að þær enda með rífrildi. **24** Þjónn Drottins á ekki að

1:18; 2:19 \*Sjá orðaskýringar. 2:4 \*Orðrétt „flækir sig í“. \*Eða hugsanl. „dagleg störf“. 2:5 \*Orðrétt „er ekki krýndur“. 2:7 \*Eða „glöggja innsýn í“.

2:14 \*Orðrétt „vitnaðu rækilega fyrir“. \*Eða „brýtur niður“. 2:20 \*Eða „ker“. 2:21 \*Eða „áhalð; ker“.



rífast heldur á hann að vera ljúfur\* við alla, vera hæfur kennari, halda ró sinni þegar hann er órétti beittur **25** og leiðbeina mildilega þeim sem sýna mótþróa. Ef til vill gefur Guð þeim tækifæri til að iðrast\* svo að þeir fái nákvæma þekkingu á sannleikanum, **26** komist til sjálfra sín og sleppi úr snöru Djöfulsins sem hefur veitt þá lifandi til að gera vilja sinn.

**3** En það máttu vita að á síðustu dögum verða hættulegir og erfiðir tímar. **2** Mennt verða eiginjarnir, elska peninga, verða montnir, hrokafullir, lastmálar, óhlýðnir foreldrum, vanþakklátir, ótrúir, **3** kærleikslausir, ósáttfúsir, rógberar, hafa enga sjálfstjórn, grimmir, elska ekki hið góða, **4** sviksamir, þverir, yfirlætisfullir og elska nautnir frekar en Guð. **5** Út á við sýnast þeir guðræknir en þeir láta trúna ekki hafa nein áhrif á líf sitt.\* Forðastu þá. **6** Úr hópi þeirra koma menn sem smeygja sér inn á heimilin og ná á sitt band trúgjörnum og syndugum konum sem láta leiðast af ýmsum girndum. **7** Þær eru alltaf að læra en geta aldrei fengið nákvæma þekkingu á sannleikanum.

**8** Þessir menn standa á móti sannleikanum eins og Jannes og Jambres stóðu gegn Móse. Hugarfar slíkra manna er gerspíllt og þeir eru óhæfir í trúnni. **9** En þeim verður ekkert ágengt framur því að heimska þeirra verður öllum augljós eins og gerðist hjá þessum tveim mönnum. **10** Þú hefur hins vegar tekið vel eftir kennslu minni, fylgt sömu lífsstefnu og ég og haft sömu markmið, trú, þolinmæði, kærleika og þolgæði. **11** Þú veist líka af þeim ofsóknum og þján-

ingum sem ég varð fyrir í Antiokkíu, Íkóníum og Lýstru. Ég gekk í gegnum þessar ofsóknir en Drottinn bjargaði mér úr þeim öllum. **12** Já, allir sem vilja lifa guðræklegu lífi sem lærisveinar Kristis Jesú verða ofsóttir. **13** En vöndir menn og svikarar munu ganga æ lengra í illskunni. Þeir leiða aðra á villigötur og láta sjálfir leiðast afvega.

**14** En haltu þig við það sem þú hefur lært og látið sannfærast um því að þú veist af hverjum þú lærðir það **15** og þú hefur þekkt heilagar ritningar frá blautu barnsbeini. Þær geta veitt þér vísu svo að þú bjargist vegna trúarinnar á Krist Jesú. **16** Öll Ritningin er innblásin af Guði og gagnleg til að kenna, áminna, leiðrétta\* og aga fólk í að gera það sem er rétt, **17** til að sá sem þjónar Guði sé fullkomlega hæfur og alþúinn til allra góðra verka.

**4** Frammi fyrir Guði og Kristi Jesú, sem á að dæma lifandi og dauða þegar hann birtist og kemur í ríki sínu, legg ég ríkt á við þig **2** að boða orðið. Gerðu það af kappi, bæði á hagstæðum tímum og erfiðum. Áminntu, ávitauðu og hvettu með mikilli þolinmæði og góðri kennslu. **3** Sá tími kemur að fólk þolir ekki hina heilnæmu\* kenningu heldur fylgir eigin löngunum og safnar í kringum sig kennurum til að heyra það sem kitlar eyrun.\* **4** Það hættir að hlusta á sannleikann og verður upptekið af lygasögum. **5** Þú skalt hins vegar hugsa skýrt í öllu, halda út í mótlæti, vinna verk trúboða\* og gera þjónustu þinni góð skil.

2:24 \*Eða „nærgætinn“. 2:25 \*Eða „breyta hugarfarir sínu“. 3:5 \*Eða „en þeir afneita krafti guðrækninnar“.

3:16 \*Eða „koma hlutum í rétt horf“. 4:3 \*Eða „gagnlegu“. \*Eða „sem það sjálf vill heyra“. 4:5 \*Eða „halda áfram að boða fagnaðarboðskapinn“.

6 Mér er nú úthellt eins og drykkjarfórni og það er stutt í að ég verði leystur. 7 Ég hef barist góðu baráttunni, ég hef lokið hlaupinu, ég hef varðveitt trúna.

8 Nú biður mín kóróna réttlætisins sem Drottinn, hinn réttláti dómari, mun gefa mér að launum á þeim degi, en ekki aðeins mér heldur öllum sem hafa þráð að hann birtist.

9 Reyndu eins og þú getur að koma til mín sem fyrst 10 Því að Demas hefur yfirgefið mig þar sem hann elskaði þennan heim.\* Hann er farinn til Þessaloníku. Kreskes er farinn til Galatíu og Títus til Dalmatíu. 11 Enginn er hjá mér nema Lúkas. Taktu Markús með þér því að hann er mér mikil hjálp í þjónustunni. 12 Ég hef sent Týkíkus til Efesus. 13 Þegar þú kemur taktu þá með þér skikkjuna sem ég skildi eftir í Tróas hjá Karpusi og bókröllurnar, sérstaklega skinnhandritin.

14 Alexander koparsmiður gerði mér margt illt. Jehóva\* mun gjalda

4:10 \*Eða „þessa öld; þessa heimsskipan“. Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“. 4:14 \*Sjá orðaskýringar.

honum eftir verkum hans. 15 Þú skalt líka gæta þín á honum því að hann barðist af heift gegn boðskap okkar.

16 Í fyrstu málsvörn minni kom enginn mér til hjálpar heldur yfirgáfu mig allir. Vonandi þurfa þeir ekki að svara fyrir það. 17 En Drottinn stóð með mér og gaf mér kraft svo að ég gæti gert boðuninni full skil og allar þjóðir fengju að heyra boðskapinn. Og mér var bjargað úr gini ljónsins. 18 Drottinn mun frelsa mig frá öllu illu. Hann bjargar mér og leiðir mig inn í himneskt ríki sitt. Honum sé dýrðin um alla eilífð. Amen.

19 Ég bið að heilsa Prísku og Akvílasi og heimilisfólki Ónesifórusar.

20 Erastus varð eftir í Korintu en ég skildi Trófímus eftir veikan í Miletus. 21 Reyndu eins og þú getur að koma fyrir veturinn.

Evbúlus sendir þér kveðju og sömuleiðis Púdes, Línus, Kládía og öll hin trússystemin.

22 Drottinn blessi það hugarfar sem þú sýnir. Einstök góðvild hans sé með ykkur.

## BRÉFIÐ TIL

## TÍTUSAR

## YFIRLIT

- 1 Kveðjur (1–4)  
Títus á að útnefna öldunga á Krít (5–9)  
Uppreisnargjarnir menn séu ávítaðir (10–16)
- 2 Heilnæm kenning fyrir unga og aldna (1–15)  
Höfnum óguðlegri hegðun (12)  
Vinnum góð verk af ákafa (14)

- 3 Viðeigandi undirgefni (1–3)  
Verum tilbúin til að vinna góð verk (4–8)  
Forðastu heimskulegar rökræður og sértrúarklofning (9–11)  
Fyrirmæli og kveðjur (12–15)

**1** Frá Páli, þjóni Guðs og postula Jesú Krists. Trú mín og postuladómur er í samræmi við trú útvalinna þjóna Guðs og nákvæma þekkingu á sannleikanum sem samræmist guðrækninni. **2** Hún byggist á von um eilífa lífið sem Guð lofaði endur fyrir löngu en hann getur ekki logið. **3** Á tilsettum tíma opinberaði Guð, frelsari okkar, orð sitt með boðuninni sem mér var trúað fyrir í samræmi við fyrirmæli hans. **4** Til Titusar sem er mér ósvikinn sonur í sameiginlegri trú okkar:

Megi Guð faðirinn og Kristur Jesús, frelsari okkar, sýna þér einstaka góðvild og veita þér frið.

**5** Ég skildi þig eftir á Krit til að taka á því sem var í ólagi\* og útnefna öldunga í borg eftir borg í samræmi við leiðbeiningar mínar. **6** Öldungur má ekki liggja undir ámæli, hann á að vera einnar konu eiginmaður, börn hans eiga að vera í trúnni og ekki vera sökuð um taumleysi\* eða uppreisn. **7** Sem ráðsmaður Guðs má umsjónarmaður ekki liggja undir ámæli, ekki vera þrjóskur, ekki skapbráður, ekki drykkfelldur, ekki ofbeldismaður og ekki sólginn í efnislegan ávinning. **8** Hann á öllu heldur að vera gestrisinn, elska hið góða, vera skynsamur,\* réttlátur og trúr og hafa góða stjórn á sjálfum sér. **9** Hann á að halda sig fast við hið áreiðanlega orð\* þegar hann kennir til að geta bæði uppörvað<sup>α</sup> með því að kenna það sem er heilnæmt<sup>Δ</sup> og áminnt þá sem andmæla því.

**10** Margir eru uppreisnargjarnir, blaðra út í bláinn og blekkja aðra, sérstaklega þeir sem aðhyllast umskurð. **11** Það þarf að þagga niður í þeim því að þeir kollvarpa trú

heilla fjölskyldna. Þannig reyna þeir að hagnast á óheiðarlegan hátt. **12** Kríteyingur nokkur, þeirra eigin spámaður, sagði: „Kríteyingar ljúga stöðugt, eru óargadýr og latir mathákar.“

**13** Þetta eru orð að sónnu. Þess vegna skaltu halda áfram að ávita þá harðlega til að þeir verði heilbrigðir í trúnni **14** og séu ekki uppteknir af þjóðsögum Gyðinga og boðum manna sem snúa baki við sannleikanum. **15** Allt er hreint í augum þeirra sem eru hreinir, en í augum þeirra sem eru óhreinir og trúlausir er ekkert hreint því að bæði hugur þeirra og samviska er óhrein. **16** Út á við segjast þeir þekkja Guð en þeir afneita honum með verkum sínum. Þeir eru fyrir-litlegir, óhlýðnir og óhæfir til allra góðra verka.

**2** En þú skalt tala það sem samræmist hinni heilnæmu\* kenningu. **2** Rosknir menn eiga að vera hófsamir, ábyrgðarfullir, skynsamir og heilbrigðir í trúnni, kærleikanum og þolgæðinu. **3** Rosknar konur eiga sömuleiðis að sýna með hegðun sinni að þær virða Guð, þær ættu ekki að fara með róg og ekki vera drykkfelldar. Þær eiga að kenna það sem er gott **4** og leiðbeina\* yngri konum svo að þær elski menn sína og börn, **5** séu skynsamar, hreinlifar, annist heimilið og séu góðar og undirgefnar eiginmönnum sínum. Þá verður ekki talað niðrandi um orð Guðs.

**6** Hvettu líka ungu mennina til að vera skynsamir **7** og vertu á allan hátt til fyrirmyndar með góðum verkum þínum. Kenndu í einlægni það sem er hreint\* **8** með uppbyggilegum\* orðum sem ekki

1:5 \*Eða „ábótavant“. 1:6 \*Eða „svall“. 1:8 \*Eða „hafa góða dómgreind“. 1:9 \*Eða „hinn áreiðanlega boðskap“. <sup>α</sup>Eða „hvatt“. <sup>Δ</sup>Eða „gagnlegt“.

2:1 \*Eða „gagnlegu“. 2:4 \*Eða „koma vitinu fyrir“. 2:7 \*Eða hugsanl. „Kenndu í hreinleika og einlægni“. 2:8 \*Eða „heilnæmum; gagnlegum“.

er hægt að gagnrýna, svo að andstæðingar okkar skammist sín og hafi ekkert neikvætt\* um okkur að segja. **9** Þrælur eiga að vera undirgefniir eigendum sínum í öllu, reyna að þóknast þeim, ekki svara þeim dónalega **10** og ekki stela frá þeim heldur vera algerlega áreiðanlegir svo að þeir verði kenningu Guðs, frelsara okkar, til lofs á allan hátt.

**11** Einstök góðvild Guðs hefur opinberast og hún leiðir til þess að alls konar fólk bjargast. **12** Hún kennir okkur að hafna óguðlegri hegðun og veraldlegum girndum og vera skynsöm, réttlát og guðrækin í núverandi heimi.\* **13** Þannig eigum við að lifa meðan við biðum eftir að okkar dásamlega von rætist og að hinn mikli Guð og Jesús Kristur, frelsari okkar, birti dýrð sína. **14** Hann gaf sjálfan sig fyrir okkur til að frelsa okkur\* frá hvers kyns vondum verkum<sup>†</sup> og hreinsa okkur svo að við yrðum hans eigin eign og ynnum góð verk af miklum ákafa.

**15** Haltu áfram að kenna allt þetta, hvetja\* og áminna með því umboði sem þú hefur fengið. Láttu engan líta niður á þig.

**3** Minntu þau á að vera undirgefniir og hlýðin stjórnvöldum og yfirvöldum, vera tilbúin til að gera það sem er gott, **2** tala ekki illa um neinn, vera ekki þrætugjörn heldur sanngjörn og vera alltaf mild í viðmóti við alla. **3** Einu sinni vorum við líka óskynsöm og óhlýðin, á villigötum, þrælur ýmissa langana og nautna, lifðum í illsku og öfund, vorum andstyggileg og hötuðum hvert annað.

**4** En þegar Guð, frelsari okkar, birti mönnum góðvild sína og

kærleika **5** frelsaði hann okkur, ekki vegna réttlætisverka sem við höfðum unnið heldur vegna miskunnar sinnar. Hann gerði það með hreinsuninni\* sem veitti okkur líf og með því að endurnýja okkur með heilögum anda. **6** Hann úthelti þessum anda ríkulega\* yfir okkur fyrir milligöngu Jesú Krists, frelsara okkar, **7** til að við gætum orðið erfingjar með von um eilíft líf eftir að hafa verið lýst réttlát vegna einstakrar góðvildar hans.

**8** Þessi orð eru áreiðanleg og ég vil að þú haldir áfram að leggja áherslu á þetta þannig að þeir sem hafa tekið trú á Guð einbeiti sér að því að vinna góð verk. Það er gott og gagnlegt fyrir mennina.

**9** En komdu ekki nálægt heimskulugum rökræðum, ættartölum, þrætum og deilum um lögin því að þær eru árangurslausar og til einskis. **10** Ef einhver ytir undir sértrúarklofning skaltu forðast hann eftir að hafa áminnt hann\* tvisvar **11** þar sem þú veist að slíkur maður hefur farið út af rétttri braut. Hann syndgar og er sjálfðæmdur.

**12** Þegar ég sendi Artemas eða Týkíkus til þín skaltu gera þitt ytrasta til að koma og hitta mig í Nikópólís en ég hef ákveðið að vera þar í vetur. **13** Sjáðu um að Senas, sem er vel að sér í lögnum, og Apollós hafi það sem þeir þurfa til ferðarinnar og þá skorti ekkert. **14** En sjáðu líka til þess að trússystkini okkar læri að einbeita sér að góðum verkum til að geta hjálpað í neyð og alltaf borið ávöxt.

**15** Allir sem eru með mér senda ykkur kveðjur. Ég bið að heilsa þeim sem eru í trúnni og er annt um okkur.

Megi einstök góðvild Guðs vera með ykkur öllum.

2:8 \*Eða „illt“. 2:12 \*Eða „á núverandi öld“. Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“. 2:14 \*Orðrétt „endurleysa okkur; kaupa okkur laus“. \*Eða „hvers kyns lögleysi“. 2:15 \*Eða „uppörva“.

3:5 \*Orðrétt „baðinu“. 3:6 \*Eða „órlátlega“. 3:10 \*Eða „varað hann við“.

BRÉFIÐ TIL  
**FÍLEMONS**

YFIRLIT

Kveðjur (1-3)  
Kærleikur og trú Filemons (4-7)  
Páll biður um greiða varðandi  
Onesímus (8-22)  
Kveðjuorð (23-25)

**1** Frá Páli, sem er fangi vegna Krists Jesú, og Tímóteusi bróður okkar, til okkar kæra samstarfsmanns, Filemons, **2** sem og Appiu systur okkar, Arkippusar samherja okkar og safnaðarins sem kemur saman í húsi þínu.

**3** Megi Guð faðir okkar og Drottinn Jesús Kristur sýna ykkur einstaka góðvild og veita ykkur frið.

**4** Ég þakka Guði mínum í hvert sinn sem ég minnst á þig í bænnum mínum **5** því að ég heyri talað um trú þína og kærleikann sem þú berð til Drottins Jesú og allra hinna heilögu. **6** Ég bið þess að sameiginleg trú okkar hreyfi við þér þannig að þú sjáir allt það góða sem við njótum vegna Krists. **7** Það gladdi mig mikið og hughreysti að heyra um kærleika þinn þar sem þú, bróðir, hefur endurnært hjörtu\* hinna heilögu.

**8** Ég gæti talað djarfmannlega sem postuli Krists og skipað þér að gera það sem er rétt **9** en ég kys frekar að höfða til þín á grundvelli kærleikans þar sem ég, Páll, er orðinn gamall og auk þess sit ég nú í fangelsi vegna Krists Jesú. **10** Ég bið þig um greiða í tengslum við barnið mitt, hann Onesímus,

7 \*Eða „styrkt kærleiksbönd“.

en hér í fangelsinu\* varð ég honum sem faðir. **11** Áður kom hann þér að engu gagni en nú er hann bæði þér og mér gagnlegur. **12** Ég sendi hann aftur til þín, hann sem er eins og hjartað í brjósti mér.\*

**13** Helst hefði ég viljað halda honum hér hjá mér til að hann gæti þjónað mér í þinn stað meðan ég sit í fangelsi vegna fagnaðarboðskaparins. **14** En ég vil ekki gera neitt án þins samþykkis. Ég vil að þú gerir mér þennan greiða af fúsum vilja en ekki tilneyddur. **15** Kannski var hann í burtu frá þér um stuttan tíma\* til þess að þú gætir fengið að hafa hann hjá þér fyrir fullt og allt, **16** ekki lengur sem þræl heldur meira en þræl, sem kæran bróður. Hann er mér sérstaklega kær. Hve miklu fremur þá þér, bæði sem þræll og sem bróðir í þjónustu Drottins.\* **17** Ef þú álitur mig vin\* þinn skaltu því taka vel á móti honum eins og væri það ég. **18** Og ef hann hefur gert eitthvað á hlut þinn eða skuldar þér eitthvað skaltu skrifa það á minn reikning. **19** Ég, Páll, skrifa með eigin hendi: Ég borga það. Og ég þarf varla að minnst

10 \*Orðrétt „í fjötrunum“. 12 \*Eða „sem mér er innilega annat um“. 15 \*Orðrétt „um stund“. 16 \*Orðrétt „bæði í holdinu og í Drottin“. 17 \*Eða „samstarfsmann“.

á að þú skuldar mér jafnvel sjálfan þig. **20** Já, bróðir, gerðu mér þennan greiða vegna Drottins. Endurnærðu hjarta\* mitt vegna Krists.

**21** Ég skrifa þér vegna þess að ég er viss um að þú verðir við beiðni minni. Ég veit að þú gerir jafnvel meira en það sem ég bið þig um. **22** Og eitt að lokum: Hafðu til herbergi handa mér því að ég vonast til

20 \*Eða „Styrktu kærleikspæl“.

að bænir ykkar verði til þess að ég geti heimsótt ykkur.\*

**23** Epafras, sem situr með mér í fangelsi vegna Krists Jesú, biður að heilsa þér **24** og einnig Markús, Aristarkus, Demas og Lúkas, samstarfsmenn mínir.

**25** Megi Drottinn Jesús Kristur sýna ykkur einstaka góðvild og blessa það hugarfar sem þið sýnið.

22 \*Eða „ég verði látinn laus ykkur til góðs“.

## BRÉFIÐ TIL

## HEBREA

## YFIRLIT

- |  |  |
|--|--|
| <p>1 Guð talar fyrir milligöngu sonar síns (1–4)<br/>Sonurinn englunum æðri (5–14)</p> <p>2 Gefum sérstakan gaum að því sem við höfum heyrt (1–4)<br/>Allt lagt undir Jesú (5–9)<br/>Jesús og bræður hans (10–18)<br/>Höfðinginn sem frelsar þá (10)<br/>Miskunnسامur æðstiprestur (17)</p> <p>3 Jesús meiri en Móse (1–6)<br/>Guð hefur gert allt (4)<br/>Varað við skorti á trú (7–19)<br/>„Ef þið heyrið rödd mína í dag“ (7, 15)</p> <p>4 Hættan á að fá ekki að ganga inn til hvíldar Guðs (1–10)<br/>Hvatning til að ganga inn til hvíldar Guðs (11–13)<br/>Orð Guðs er lifandi (12)<br/>Jesús, hinn mikli æðstiprestur (14–16)</p> <p>5 Jesús æðri mennskum æðstiprestum (1–10)<br/>Á sama hátt og Melkisedek (6, 10)<br/>Lærði hlýðni af þjóningum sínum (8)<br/>Ábyrgur fyrir eilífri frelsun (9)<br/>Varað við óþroska (11–14)</p> | <p>6 Sækjum fram til þroska (1–3)<br/>Þeir sem falla frá staufesta soninn að nýju (4–8)<br/>Verið sannfærð um að vonin rætist (9–12)<br/>Loforð Guðs eru örugg (13–20)<br/>Loforð Guðs og eiður eru óbreytanleg (17, 18)</p> <p>7 Melkisedek, konungur og prestur ólíkur öðrum (1–10)<br/>Prestdómur Krists skarar fram úr (11–28)<br/>Kristur getur frelsað að fullu (25)</p> <p>8 Tjaldbúðin, eftirmynd þess sem er á himnum (1–6)<br/>Gamli og nýi sáttmálinn bornir saman (7–13)</p> <p>9 Heilög þjónusta í helgidóminum á jörð (1–10)<br/>Kristur gengur inn í himininn með blóð sitt (11–28)<br/>Milligöngumaður nýs sáttmála (15)</p> <p>10 Dýrafórnir dugðu ekki (1–4)<br/>Lögin eru aðeins skuggi (1)<br/>Kristi fórnað í eitt skipti fyrir öll (5–18)<br/>Ný og lifandi leið opnast (19–25)<br/>Vanrækjum ekki samkomur (24, 25)</p> |
|--|--|

- Varað við vísvitandi synd (26–31)  
Trú og traust er nauðsynlegt  
til að vera þolgóð (32–39)
- 11 Skilgreining á trú (1, 2)  
Dæmi um trú (3–40)  
Ekki hægt að þóknast Guði  
án trúar (6)
- 12 Jesús fullkomnar trú okkar (1–3)  
Fjöldi votta (1)  
Lítillsvirðið ekki ögun Jehóva (4–11)
- Látið fætur ykkar ganga beinar  
brautir (12–17)  
Komin til himneskrar  
Jerúsalem (18–29)
- 13 Hvatningar- og kveðjuorð (1–25)  
Gleymið ekki að vera gestrisin (2)  
Hafið hjónabandið í heiðri (4)  
Hlýðið þeim sem fara með  
forystuna (7, 17)  
Færum lofgerðarförn (15, 16)

**1** Áður fyrr talaði Guð oft og á marga vegu við forfeður okkar fyrir milligöngu spámannanna. **2** Núna, í lok þessara daga, hefur hann talað til okkar fyrir milligöngu sonar sem hann hefur skipað erfingja alls og hann notaði til að gera allt á himni og jörð.\* **3** Hann er endurskin dýrðar Guðs og nákvæm eftirmynd hans, og hann viðheldur öllu með máttugu orði hans.\* Og eftir að hafa hreinsað okkur af syndum okkar settist hann við hægri hönd hátignarinnar í hæðum. **4** Hann er því orðinn englunum æðri þar sem hann hefur fengið\* háleitara nafn en þeir.

**5** Við hvern af englunum hefur Guð nokkurn tíma sagt: „Þú ert sonur minn, í dag varð ég faðir þinn“? Eða: „Ég verð faðir hans og hann verður sonur minn“? **6** En þegar hann sendir frumburð sinn aftur til heimsbyggðarinnar segir hann: „Allir englar Guðs veiti honum lotningu.“\*

**7** Um englana segir hann: „Hann gerir engla sína að voldugum öndum og þjóna sína\* að eldslogum.“ **8** En um soninn segir hann: „Guð

1:2 \*Eða „mynda aldirnar“. Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“. 1:3 \*Eða „sínu“. 1:4 \*Orðrétt „erft“. 1:6 \*Eða „krjúpi fyrir honum“. 1:7 \*Eða „þjóna sína í þágu almennings“.

er háseti þitt um alla eilífð og veldissproti ríkis þíns er veldissproti réttlætisins. **9** Þú elskaðir réttlæti og hataðir lögleysi. Þess vegna hefur Guð, Guð þinn, smurt þig með gleðinnar olíu umfram féлага þína.“ **10** Og: „Í upphafi, Drottinn, lagðir þú grundvöll jarðar og himnarnir eru verk handa þinna. **11** Himinn og jörð farast en þú munt standa. Þau slitna eins og flík **12** og þú vefur þau saman eins og skikkju, eins og flík, og þeim verður skipt út. En þú ert hinn sami og ár þín taka aldrei enda.“

**13** En við hvern af englunum hefur hann nokkurn tíma sagt: „Sittu mér til hægri handar þar til ég legg óvini þína eins og skemil undir fætur þína“? **14** Eru þeir ekki allir andar sem veita heilaga þjónustu,\* sendir út til að þjóna þeim sem eiga að bjargast?

**2** Þess vegna þurfum við að gefa sérstakan gaum að því sem við höfum heyrt svo að við berumst aldrei af leið. **2** Fyrst orðið sem englar fluttu reyndist áreiðanlegt og refsað var fyrir hvert afbrot og óhlýðni í samræmi við réttlætið, **3** hvernig getum við þá komist undan ef við höfum verið kærulaus um svo stórkostlega björgun? Drottinn

1:14 \*Eða „veita þjónustu í þágu almennings“.

okkar boðaði hana fyrst og við fengum hana staðfesta hjá þeim sem hlustuðu á hann. **4** Og Guð vitnaði með þeim með táknum, undrum\* og ýmsum máttarverkum og með því að útbýta heilögum anda að vild sinni.

**5** Hann fól ekki englum að ráða yfir hinum komandi heimi\* sem við tölum um. **6** En á einum stað segir vottur nokkur: „Hvað er maður að þú minnst hans eða mannsönu að þú takir hann að þér? **7** Þú gerðir hann ögn lægri englunum. Þú krýndir hann dýrð og heiðri og settir hann yfir verk handa þinna. **8** Þú lagðir allt undir fætur hans.“ Með því að leggja allt undir hann er ekkert undanskilið sem Guð lagði ekki undir hann. Við sjáum þó ekki enn að allt sé lagt undir hann. **9** En við sjáum að Jesús, sem var gerður ögn lægri englunum, er nú krýndur dýrð og heiðri vegna þess að hann þjádíst og dó. Svo er einstakri góðvild Guðs fyrir að þakka að hann dó fyrir alla.

**10** Allt sem er til er Guði til dýrðar og er honum að þakka. Hann vildi leiða marga syni til dýrðar. Þess vegna var víðeigandi að hann fullkomnaði með þjáningum höfðingjann sem frelsar þá. **11** Sá sem helgar og þeir sem eru helgaðir eiga allir sama föður og þess vegna skammast hann sín ekki fyrir að kalla þá bræður **12** heldur segir: „Ég kunngerir bræðrum mínum nafn þitt, ég syng þér lof í söfnuðinum.“ **13** Annars staðar segir: „Ég legg traust mitt á hann.“ Og: „Sjáið! Ég og börnin sem Jehóva\* gaf mér.“

**14** Fyrst „börnin“ eru af holdi og blóði varð hann líka hold og blóð svo að hann gæti með dauða sínum gert að engu þann sem hef-

ur mátt til að valda dauða, það er að segja Djöfulinn, **15** og frelsað alla sem hafa verið í þrælkun alla sína ævi af því að þeir óttuðust dauðann. **16** Hann kom ekki til að aðstoða engla heldur afkomendur Abrahams. **17** Þar af leiðandi þurfti hann að verða eins og „bræður“ sínir að öllu leyti til að geta orðið miskunnssamur og trúr æðstiprestur í þjónustu Guðs og fært friðþægingarförn\* fyrir syndir fólksins. **18** Fyrst hann þjádíst sjálfur þegar hann var reyndur er hann fær um að hjálpa þeim sem verða fyrir prófraunum.

**3** Heilögu bræður og systur, þið sem hafið fengið himneska köllun,\* hugsjið því um Jesú - þann postula og æðstaprest sem við viðurkennum.“ **2** Hann var trúr þeim sem skipaði hann, rétt eins og Móse var trúr í öllu húsi hans.\* **3** Hann\* verðskuldar meiri dýrð en Móse eins og sá sem byggir hús hlýtur meiri heiður en húsíð sjálft. **4** Öll hús eru auðvitað byggð af einhverjum en Guð er sá sem hefur gert allt. **5** Nú var Móse trúr sem þjónn í öllu húsi Guðs og þjónusta hans vitnaði um það sem átti að opinbera síðar, **6** en Kristur var trúr sem sonur með umsjón yfir húsi Guðs. Við erum hús hans ef við höldum áfram að tala óhikað og varðveitum allt til enda vonina sem við erum svo stolt af.

**7** Þess vegna segir heilagur andi: „Ef þið heyrið rödd mína í dag **8** þá forherðið ekki hjörtu ykkar eins og þegar þið reittuð mig til reiði, eins og daginn þegar þið ögruðuð mér í eyðimörkinni **9** þar sem forfeður ykkar reyndu mig þótt þeir fengu að sjá allt sem ég gerði í 40 ár. **10** Þess vegna fékk

2:4 \*Það er, fyrirboðum. 2:5 \*Eða „hinna komandi heimsbyggð“. 2:13 \*Sjá orðaskýringar.

2:17 \*Eða „fært sáttarförn; friðþægt“. 3:1 \*Eða „boð til himna“. #Eða „játum“. 3:2 \*Það er, Guðs. 3:3 \*Það er, Jesús.



ég óbeitt á þessari kynslóð og sagði: „Þeir fara alltaf afvega í hjörtum sínum og hafa ekki kynnst vegum mínum.“ **11** Ég sór því í reiði minni: „Þeir fá ekki að ganga inn til hvíldar minnar.“

**12** Gætið þess, bræður og systur, að ekkert ykkar fjarlægist hinn lifandi Guð og ali með sér illt og vantrúað hjarta. **13** Uppörvið heldur hvert annað á hverjum degi meðan enn heitir „Í dag“ til að ekkert ykkar forherðist af táli syndarinnar. **14** Við fáum því aðeins sama hlutskipti og Kristur\* ef við varðveitum allt til enda sannfæringuna sem við höfðum í upphafi. **15** Sagt er: „Ef þið heyrði rödd mína í dag þá forherðið ekki hjörtu ykkar eins og þegar þið reittuð mig til reiði.“

**16** Hverjir heyrðu en reittu hann samt til reiði? Voru það ekki allir þeir sem Móse leiddi út úr Egyptalandi? **17** Á hverjum hafði Guð óbeitt í 40 ár? Var það ekki á þeim sem syndguðu og dóu í eyðimörkinni? **18** Og hverjum sór hann að þeir fengju ekki að ganga inn til hvíldar hans? Var það ekki þeim sem óhlýðnuðust? **19** Við sjáum að þeir fengu ekki að ganga inn vegna þess að þá skorti trú.

**4** Þar sem loforðið um að ganga inn til hvíldar hans stendur enn skulum við vera á varðbergi\* svo að ekkert okkar fari á mis við það. **2** Fagnaðarboðskapurinn var einnig boðaður okkur eins og forfeðrum okkar en orðið sem þeir heyrðu kom þeim ekki að gagni því að þeir höfðu ekki sömu trú og þeir sem hlýddu. **3** Við sem trúum göngum inn til hvíldarinnar en um hina á við það sem Guð sagði: „Ég sór því í reiði minni: „Þeir fá ekki að ganga inn til hvíldar minnar.““ Þó hafði hann lokið verkum sínum og hvílst

frá grundvöllun heims. **4** Á einum stað sagði hann um sjöunda daginn: „Og Guð hvíldist sjöunda daginn frá öllum verkum sínum,“ **5** en hér segir hann sem sagt: „Þeir fá ekki að ganga inn til hvíldar minnar.“

**6** Þeir sem fengu fyrst að heyra fagnaðarboðskapurinn gengu ekki inn vegna óhlýðni sinnar. Fólki stendur þó enn til boða að ganga inn til hvíldarinnar. **7** Þess vegna tiltekur hann aftur ákveðinn dag löngu síðar þegar hann segir í sálmi Davíðs: „Í dag,“ eins og segir fyrr í þessu bréfi: „Ef þið heyrði rödd mína í dag þá forherðið ekki hjörtu ykkar.“ **8** Ef Jósúa hefði leitt þá til hvíldarstaðar hefði Guð ekki síðar meir talað um annan dag. **9** Fólki Guðs stendur því enn til boða að hvílast eins og gert er á hvíldardegi. **10** Sá sem hefur gengið inn til hvíldar Guðs hvílist frá verkum sínum eins og Guð hefur hvílst frá verkum sínum.

**11** Þess vegna skulum við gera okkar ýtrasta til að ganga inn til þessarar hvíldar svo að enginn falli og óhlýðnist á sama hátt og þeir. **12** Orð Guðs er lifandi og kraftmiklið og beittara en nokkurt tvieggjað sverð. Það smýgur svo langt inn að það skilur á milli sálar\* og anda,\* liðamóta og mergjar og getur dæmt hugsanir og áform hjartans. **13** Ekkert skapað er hulið augum hans heldur er allt bert og blasir við honum, en honum þurfum við að standa reikningsskap.

**14** Við höfum mikinn æðstaprest sem hefur farið til himna, Jesús, son Guðs. Þess vegna skulum við halda áfram að játa opinberlega að við trúum á hann. **15** Æðstiprestur okkar er ekki þannig að hann geti ekki haft samúð með okkur í veik-

3:14 \*Eða „aðeins hlutdeild í Kristi“. 4:1 \*Orðrétt „óttast“.

4:12 \*Sjá orðaskýringar.

leika okkar heldur hefur hann verið reyndur á allan hátt eins og við, en þó án syndar. **16** Við skulum því ganga fram fyrir há sæti Guðs sem sýnir einstaka góðvild\* og tala óhikað svo að við getum notið mis-kunnar hans og góðvildar þegar við erum hjálparþurfi.

**5** Sérhver ædstiprestur sem er valinn úr hópi manna er skipaður til að þjóna Guði í þeirra þágu og færa fórnargjafir og sláturfór-nir fyrir syndir. **2** Hann getur haft meðaumkun með\* þeim sem eru fáfróðir og verður eitthvað á<sup>a</sup> því að hann þarf sjálfur að glíma við<sup>a</sup> veikleika **3** og þarf þess vegna að færa fórnir fyrir sínar eigin syndir rétt eins og hann færir fórnir fyrir syndir fólksins.

**4** Enginn tekur sér þennan heiður að eigin frumkvæði. Hann fær hann aðeins ef Guð kallar hann eins og hann kallaði Aron. **5** Eins er um Krist. Hann tók sér ekki sjálfur þann heiður að gerast ædstiprestur heldur hlaut upphefð af hendi hans sem sagði við hann: „Þú ert sonur minn, í dag varð ég faðir þinn.“ **6** Hann segir líka á öðrum stað: „Þú ert prestur að eilífu á sama hátt og Melkisedek.“

**7** Meðan Kristur var á jörð\* bar hann fram innilegar bænir og beidnir með áköllum og tárur fyrir hann sem var fær um að bjarga honum frá dauða og hann var bænheyrður vegna guðsótta síns. **8** Þótt hann væri sonur hans lærði hann hlýðni af þeim þjónungum sem hann gekk í gegnum. **9** Og eftir að hann var orðinn fullkominn varð hann ábyrgur fyrir eilífri frelsun allra sem hlýða honum **10** vegna þess að

4:16 \*Orðrétt „há sæti hinnar einstöku góðvildar“. 5:2 \*Eða „verið mildur við; verið sanngjarn við“. <sup>a</sup>Eða „villuráfangi“. <sup>a</sup>Eða „er sjálfur á valdi eigin“. 5:7 \*Orðrétt „Á dögum holds síns“.

Guð útnefndi hann til að vera ædstiprestur á sama hátt og Melkisedek.

**11** Við höfum margt um hann að segja en það er erfitt að útskýra það fyrir ykkur þar sem þið eruð orðin skilningssljó. **12** Þó að þið ættuð að vera orðin\* kennarar hafið þið aftur þörf á að einhver kenni ykkur grundvallaratriði hins heilaga boðskapar Guðs. Ykkur hefur farið aftur svo að þið þurfið enn á ný að fá mjólk en ekki fasta fæðu. **13** Sá sem heldur áfram að nærast á mjólk er smábarn og þekkir ekki orð réttlætisins. **14** En fasta fæðan er fyrir þroskað fólk, fyrir þá sem hafa notað skilningsgáfuna\* og þjáfað hana til að greina rétt frá röngu.

**6** Nú höfum við sagt skilið við byrjendafræðsluna um Krist. Við skulum því sækja fram til þroska en ekki fara að leggja grunninn að nýju með því að ræða um iðrun vegna dauðra verka og trú á Guð, **2** eða þá kenningar um skírnir, handayfirlagningar, upprisu dauðra og eilífan dóm. **3** Þetta gerum við ef Guð leyfir.

**4** Ef menn hafa einu sinni verið upplýstir, smakkað hina himnesku gjöf og fengið hlutdeild í heilögum anda, **5** og hafa reynt hið góða orð Guðs og krafta komandi heimsskipanar\* **6** en síðan fallið frá er ekki hægt að fá þá til að snúa við og iðrast. Þeir staurfesta son Guðs að nýju svo að hann er smánaður opinberlega. **7** Jörðin hlýtur blessun frá Guði þegar hún drekkur í sig regnið sem fellur ríkulega á hana og ber gróður til gagns fyrir þá sem yrkja hana. **8** En ef hún ber þyrna og þistla er hún yfirgefin. Bölvun vofir yfir henni og að lokum verður hún brennd.

5:12 \*Orðrétt „ættuð tímans vegna að vera“. 5:14 \*Eða „dómgreindina“. 6:5 \*Eða „aldar“. Sjá orðaskýringar.

**9** En þótt við segjum þetta erum við sannfærðir um að þið, elskuðu bræður og systur, séuð betur á vegi stödd og séuð á leið til frelsunar. **10** Guð er ekki ranglátur. Hann gleymir ekki verki ykkar og kærleikanum sem þið sýnduð nafni hans með því að þjóna hinum heilögu eins og þið gerið enn. **11** Það er ósk okkar að þið séuð öll jafn kappsöm og þið voruð í byrjun svo að þið getið verið algerlega örugg allt til enda um að vonin værist. **12** Við viljum ekki að þið verðið sljó heldur að þið líkið eftir þeim sem vegna trúar og þolinmæði erfa það sem lofað hefur verið.

**13** Þegar Guð gaf Abraham loforðið sór hann við sjálfan sig því að hann hafði engan æðri til að sverja við, **14** og sagði: „Ég mun vissulega blessa þig og margfalda afkomendur þína.“ **15** Það var eftir að Abraham hafði beðið þolinmóður sem hann fékk þetta loforð. **16** Menn sverja við þann sem er þeim æðri og eiðurinn bindur enda á allar deilur þar sem hann veitir þeim lagalega tryggingu. **17** Guð fór eins að. Þegar hann ákvað að sýna erfingjum loforðsins enn skýrar fram á að fyrirætlun\* sín væri óbreytanleg ábyrgðist hann loforðið\* með eiði. **18** Þetta tvennt er óbreytanlegt því að Guð getur ekki logið. Það er okkur sem höfum leitað athvarfs hjá honum mikil hvatning til að halda fast í vonina sem okkur er gefin. **19** Þessi von okkar er eins og akkeri fyrir sálina,\* bæði traust og örugg, og nær inn fyrir fortjaldið **20** þangað sem Jesús gekk inn á undan okkur og opnaði okkur leið, en hann er orðinn eilífur æðstiprestur á sama hátt og Melkisedek.

6:17 \*Eða „ákvörðun“. \*Eða „skarst hann í leikinn“. 6:19 \*Eða „líf okkar“.

**7** Þessi Melkisedek var konungur í Salem og prestur hins hæsta Guðs. Hann tók á móti Abraham og blessaði hann þegar Abraham sneri heimleiðis eftir að hafa sigrað konungana **2** og Abraham gaf honum tíund af öllu. Í fyrsta lagi þýðir nafnið Melkisedek ‚réttlætiskonungur‘ og auk þess er hann konungur í Salem, það er að segja ‚fríðarkonungur‘. **3** Hann er föðurlaus og móðurlaus og ekki er getið um ættartölu hans. Ævi hans á sér hvorki upphaf né endi. Þannig líkist hann syni Guðs og er prestur um alla tíð.\*

**4** Sjáid hve mikill maður það var sem Abraham, ættfaðirinn, gaf tíund af besta herfanginu. **5** Lögin segja að visu til um að synir Leví sem eru skipaðir prestar eigi að taka tíund af fólkinu, það er að segja bræðrum sínum, þótt þeir séu afkomendur\* Abrahams. **6** En þessi maður, sem átti ekki ætt sína að rekja til þeirra, tók tíund af Abraham og blessaði þann sem hafði fengið loforðin. **7** Nú verður því ekki mótmælt að sá sem er meiri blessar þann sem er minni. **8** Í öðru tilvikinu eru það dauðlegir menn sem fá tíund en í hinu tilvikinu sá sem lifir áfram eins og Ritningin vitnar um. **9** Og segja má að Leví, sem fær tíund, hafi sjálfur greitt tíund þar sem Abraham forfaðir hans gerði það, **10** því að hann var enn ófæddur afkomandi\* Abrahams þegar þeir Melkisedek hittust.

**11** Ef hægt hefði verið að ná fullkomleika með levíska prestdóminum (en hann var þáttur í lögnum sem fólkíð fékk) hvaða þörf var þá fyrir annan prest sem skyldi vera prestur á sama hátt og Melkisedek en ekki eins og Aron? **12** En fyrst

7:3 \*Eða „að eilífu“. 7:5 \*Orðrétt „komnir af lend“. 7:10 \*Orðrétt „enn í lend“.

prestdómurinn breytist þarf líka að breyta lögunum. **13** Sá sem þetta er sagt um var af annarri ættkvísl, en af henni hefur enginn þjónað við altarið. **14** Það er greinilegt að Drottinn okkar er kominn af Júda en samt hefur Móse ekki talað neitt um að prestar komi af þeirri ættkvísl.

**15** Þetta er enn greinilegra núna þegar annar prestur er kominn fram sem líkist Melkisedek. **16** Hann varð ekki prestur samkvæmt lagaþóði sem krefst ákveðins ætternis heldur vegna kraftar sem veitir honum óförgengilegt\* líf. **17** Á einum stað er sagt um hann: „Þú ert prestur að eilífu á sama hátt og Melkisedek.“

**18** Fyrri lagaþóð voru felld úr gildi því að þau voru vanmáttug og gagnslaus. **19** Lögin gerðu ekkert fullkomið en tilkoma betri vonar gerði það og með henni nálgumst við Guð. **20** Og þetta var ekki gert án þess að eiður væri svarinn. **21** (Sumir hafa orðið prestar án eiðs en þessi varð prestur með eiði sem Guð sór þegar hann sagði við hann: „Jehóva\* hefur svarið og hann skiptir ekki um skoðun:“ „Þú ert prestur að eilífu.“) **22** Í samræmi við það er Jesús orðinn trygging\* fyrir betri sáttmála. **23** Auk þess þurftu margir að vera prestar hver á fætur öðrum því að dauðinn kom í veg fyrir að þeir sætu áfram **24** en þar sem Jesús lifir að eilífu tekur enginn við prestdómi af honum. **25** Hann getur því líka frelsað að fullu þá sem nálgast Guð fyrir milligöngu hans vegna þess að hann lifir alltaf til að tala máli þeirra.

**26** Við höfum þörf fyrir slíkan æðstaprest sem er trúur, saklaus, flekklaus, aðgreindur frá syndurum

og hafinn yfir himnana. **27** Ólíkt hinum æðstuprestunum þarf hann ekki að færa fórnir daglega, fyrst fyrir sínar eigin syndir og síðan fyrir syndir fólksins. Hann gerði það í eitt skipti fyrir öll þegar hann fórnaði sjálfum sér. **28** Þeir sem eru skipaðir æðstuprestar samkvæmt lögunum eru menn með veikleika en með eiðinum sem kom á eftir lögunum var skipaður sonur sem var fullkomnaður til eilífðar.

**8** Kjarni málsins er þessi: Við höfum þess konar æðstaprest og hann hefur sest hægra megin við háseti hátignarinnar á himnum. **2** Hann þjónar<sup>#</sup> í hinu allra helgasta í hinni sönnu tjaldbúð<sup>^</sup> sem Jehóva\* reisti en ekki maður. **3** Sérhver æðstiprestur er skipaður til að bera fram bæði fórnargjafir og sláturfórnir, og það var því líka nauðsynlegt að þessi æðstiprestur hefði eitthvað til að bera fram. **4** Ef hann væri á jörðinni væri hann ekki prestur því að þar eru nú þegar menn sem bera fram fórnargjafir samkvæmt lögunum. **5** Þessir menn veita heilaga þjónustu sem er eftirmynd og skuggi þess sem er á himnum. Þetta má líka sjá af þeim fyrirmælum sem Guð gaf Móse þegar hann átti að reisa tjaldbúðina.\* Hann sagði: „Gættu þess að gera allt eftir þeirri eftirmynd sem þér var sýnd á fjallinu.“ **6** En nú hefur Jesús fengið enn háleitari þjónustu\* því að hann er auk þess milligöngumaður betri sáttmála sem er löggiltur með betri loforðum.

**7** Ef fyrri sáttmálinn hefði verið óaðfinnanlegur hefði ekki verið þörf fyrir annan. **8** En hann finnur að fólkinu þegar hann segir: „Þeir dagar koma,“ segir Jehóva,\* „þegar ég geri nýjan sáttmála við Ísraelsmenn

7:16, 21; 8:2, 8 \*Sjá orðaskýringar. 7:21 \*Eða „iðrar þess ekki“. 7:22 \*Eða „settur sem veð“.

8:2 #Eða „þjónar í þágu almennings“. ^Orðrétt „hinu sanna tjaldi“. 8:5 \*Orðrétt „tjald-ið“. 8:6 \*Eða „þjónustu í þágu almennings“.

og Júdamenn. **9** Hann verður ekki eins og sáttmálinn sem ég gerði við forfedur þeirra daginn sem ég tók í hönd þeirra og leiddi þá út úr Egyptalandi. Þeir héldu ekki sáttmála minn og ég hætti því að annast þá,‘ segir Jehóva.\*

**10** „Þetta er sáttmálinn sem ég geri við Ísraelsmenn þegar þessir dagar eru liðnir,‘ segir Jehóva.\* „Ég legg lög mín í huga þeirra og skrifa þau á hjörtu þeirra. Ég verð Guð þeirra og þeir verða fólk mitt.

**11** Enginn þeirra mun þá lengur kenna samlanda sínum eða bróður og segja: „Kynnstu Jehóva,“\* því að þeir munu allir þekkja mig, jafnt smáir sem stórir meðal þeirra. **12** Ég mun fyrirgefa þeim það ranga sem þeir hafa gert og ekki minnst synda þeirra framar.“

**13** Með því að tala um „nýjan sáttmála“ gefur hann til kynna að sá fyrir sé úreltur. Það sem er að úreldest og fyrnast er við það að hverfa.

**9** Í fyrri sáttmálanum voru ákvæði um heilaga þjónustu og heilagan tilbeiðslustað á jörð. **2** Gerð var tjaldbúð\* og í fremri hluta hennar, sem var kallaður hið heilaga, var ljósastandurinn, borðið og skoðunarbrauðin. **3** En bak við annað fortjaldið var sá hluti hennar sem kallaðist hið allra helgasta. **4** Þar var reykelsisker úr gulli og sáttmálsörkin sem var öll gulli lögð. Í henni var gullkerið með manna í, stafur Arons sem brumaði og sáttmálstöflurnar, **5** og ofan á henni voru hinir dýrlegu kerúbar sem skyggðu á lok friðþægingarinnar.\* En nú er ekki rétti tíminn til að ræða um þetta í smáatriðum.

**6** Eftir að þessu hafði verið komið þannig fyrir gengu prestarnir

reglubundið inn í fremri hluta tjaldsins til að inna heilaga þjónustu sína af hendi. **7** En æðstipresturinn gengur einn inn í innri hlutann einu sinni á ári og þá ekki án þess að vera með blóð sem hann ber fram vegna sjálfs sín og fyrir syndir fólksins sem það hefur drýgt sökum vanþekkingar. **8** Þannig sýnir heilagur andi að leiðin inn í hið allra helgasta hafði enn ekki verið opinberuð á meðan fyrri tjaldbúðin\* stóð. **9** Þessi tjaldbúð\* er táknmynd fyrir okkar tíma og samkvæmt þessu fyrirkomulagi eru færðar bæði fórnargjafir og sláturfórnir. Þær geta þó ekki gefið þeim sem veitir heilaga þjónustu fullkomlega hreina samvisku. **10** Þær varða aðeins mat og drykk og ýmiss konar trúarlega hreinsun.\* Þetta voru lagaákvæði varðandi líkamann og þau áttu að gilda þangað til tíminn kæmi að öllu yrði komið í lag.

**11** En þegar Kristur kom sem æðstiprestur þeirra gæða sem komin eru gekk hann gegnum hina meiri og fullkomnari tjaldbúð\* sem er ekki gerð með höndum manna, það er að segja er ekki af þessari sköpun.“ **12** Hann gekk inn í hið allra helgasta, ekki með blóð geita og ungnauta heldur með sitt eigið blóð í eitt skipti fyrir öll og sá okkur fyrir eilífri lausn.\* **13** Blóð geita og nauta og askan af kvígu,\* stráð á þá sem hafa orðið óhreindir, helgar þá og hreinsar líkamlega. **14** Hve miklu fremur hreinsar þá ekki blóð Krists samvisku okkar af dauðum verkum svo að við getum veitt hinum lifandi Guði heilaga þjónustu. En vegna handleiðslu hins eilífa anda færði Kristur Guði sjálfan sig að lýtalausri fórn.

9:8 \*Orðrétt „fyrri tjaldið“. 9:9 \*Orðrétt „Þetta tjald“. 9:10 \*Orðrétt „ýmiss konar skírnir“. 9:11 \*Orðrétt „hið meira og fullkomnara tjald“. #Eða „ekki jarðnesk“. 9:12 \*Orðrétt „endurlausn“. 9:13 \*Eða „ungri kú“.

8:9-11 \*Sjá orðaskýringar. 9:2 \*Orðrétt „Gert var tjald“. 9:5 \*Eða „á friðþægingarstaðinn“.

15 Þess vegna er hann milligöngu- maður nýs sáttmála. Hann dó til að hinir kölluðu yrðu leystir með lausnargjaldi undan afbrotunum sem þeir frömdu undir fyrri sátt- málanum og hlytu hinn eilífa arf sem þeim var lofað. 16 Þegar sátt- máli við Guð er annars vegar þarf sá sem kemur honum á að deyja 17 því að sáttmálinn tekur gildi við dauða hans en er ekki í gildi með- an hann lifir. 18 Fyrri sáttmálinn tók ekki heldur gildi\* án blóðs. 19 Þegar Móse hafði flutt fólkinu öll boðorð laganna tók hann blóð ungnautanna og geitanna ásamt vatni, sletti því með skarlatsrauðri ull og ísóp á bókina\* og allt fólk- ið 20 og sagði: „Þetta er blóð sátt- málsans sem Guð hefur sagt ykkur að halda.“ 21 Hann sletti líka blóðinu á tjaldið og öll áhöldin sem voru notuð við helgipjónustuna.\* 22 Já, samkvæmt lögnum er nán- ast allt hreinsað með blóði og eng- in fyrirgefning fæst nema blóði sé úthellt.

23 Þess vegna var nauðsynlegt að eftirmyndir þess sem er á himn- um væru hreinsaðar á þennan hátt en hið himneska krefst mun betri fórna. 24 Kristur gekk ekki inn í hið allra helgasta sem gert var með höndum manna og er eftirlík- ing veruleikans heldur inn í sjálfan himininn til að ganga fram fyrir Guð\* í okkar þágu. 25 Hann gerði það ekki til að fórna sjálfum sér margsinns eins og þegar æðsti- presturinn gengur inn í hið allra helgasta á hverju ári með blóð sem er ekki hans eigið. 26 Annars hefði hann þurft að þjást margsinns frá grundvöllun heims. En nú hef- ur hann birst í eitt skipti fyrir öll

á lokaskeiði þessarar heimsskipan- ar\* til að afmá syndina með því að fórna sjálfum sér. 27 Og eins og það er hlutskipti manna að deyja í eitt skipti fyrir öll og hljóta síð- an dóm, 28 þannig var Kristi líka fórnað í eitt skipti fyrir öll til að bera syndir margra. Þegar hann kemur í annað sinn verður það ekki vegna syndarinnar\* heldur birtist hann þeim sem biða þess með eft- irvæntingu að hann frelsi þá.

10 Lögin eru aðeins skuggi hins góða sem átti að koma en ekki sjálfur veruleikinn. Þess vegna geta þau\* aldrei með fórnunum sem eru bornar fram ár eftir ár gert þá fullkomna sem nálgast Guð. 2 Hefði ekki annars verið hætt að færa fórnirnar? Þeir sem veita heil- aga þjónustu væru þá orðnir hrein- ir í eitt skipti fyrir öll og væru ekki lengur meðvitaðir um synd.\* 3 Með þessum fórnunum er hins veg- ar minnt á syndirnar ár eftir ár 4 því að blóð nauta og geita getur með engu móti afmáð þær.

5 Þegar Kristur kemur í heim- inn segir hann því: „Þú vildir ekki sláturförn og fórnargjöf held- ur gerðir líkama handa mér. 6 Þú samþykktir ekki brennifórnir og syndafórnir.“ 7 Þá sagði ég: „Ég er kominn (í bókrollunni er skrifað um mig) til að gera vilja þinn, Guð minn.“ 8 Fyrst segir hann: „Þú vildir ekki og samþykktir ekki slát- urfórnir, fórnargjafir, brennifórnir og syndafórnir“ – en þær eru færð- ar samkvæmt lögnum. 9 Síðan segir hann: „Ég er kominn til að gera vilja þinn.“ Hann afnemur hið fyrra til að koma á hinu síðara. 10 Samkvæmt þessum „vilja“ vor- um við helguð þegar Jesús Kristur

9:18 \*Orðrétt „var ekki heldur innleiddur“. 9:19 \*Eða „bókrolluna“. 9:21 \*Eða „þjón- ustuna í þágu almennings“. 9:24 \*Orðrétt „auglit Guðs“.

9:26 \*Eða „aldanna“. Sjá orðaskýringar. 9:28 \*Eða „til að fjarlægja syndina“. 10:1 \*Eða hugsanl. „menn“. 10:2 \*Eða „fyndu ekki lengur til sektarkenndar vegna syndar“.

fórnaði líkama sínum í eitt skipti fyrir öll.

**11** Sérhver prestur tekur sér stöðu hvern dag til að veita heilaga þjónustu\* og bera fram sömu fórnirnar aftur og aftur þó að þær geti aldrei afmáð syndir að fullu. **12** En þessi maður færði eina fórn fyrir syndir í eitt skipti fyrir öll og settist svo við hægri hönd Guðs. **13** Hann bíður þess síðan að óvinir hans verði lagðir eins og skemill undir fætur hans. **14** Með einni fórn hefur hann fullkomnað um alla framtíð þá sem eru helgaðir. **15** Heilagur andi staðfestir þetta einnig fyrir okkur þegar hann segir: **16** „Þetta er sáttmálinn sem ég geri við þá þegar þessir dagar eru liðnir,“ segir Jehóva.\* „Ég legg lög mín í hjörtu þeirra og skrifa þau í huga þeirra.“ **17** Síðan segir hann: „Ég mun ekki framar minnast synda þeirra og afbrota.“ **18** Þar sem þetta er fyrirgefið er ekki lengur þörf fyrir syndafórn.

**19** Bræður og systur, við getum því gengið hugrökk\* inn í hið allra helgasta vegna blóðs Jesú **20** en hann opnaði\* okkur leið þangað, nýja og lifandi leið gegnum fortjaldið, það er að segja líkama sinn. **21** Við höfum mikinn prest yfir húsi Guðs. **22** Þess vegna skulum við ganga fram fyrir Guð með einlægum hjörtum og í fullkomnu trausti, núna þegar hjörtu okkar hafa verið hreinsuð, við fengið hreina samvisku og líkami okkar verið baðaður í hreinu vatni. **23** Höldum áfram að boða opinberlega það sem við vonum, án þess að hvika, því að sá sem gaf loforðið er trúr. **24** Og berum umhyggju

10:11 \*Eða „veita þjónustu í þágu almennings“. 10:16, 30 \*Sjá orðaskýringar. 10:19 \*Eða „örugg“. 10:20 \*Orðrétt „vígði“.

hvert fyrir öðru\* svo að við hvetjum hvert annað til kærleika og góðra verka. **25** Vanrækjum ekki samkomur okkar eins og sumir eru vanir að gera heldur hvetjum hvert annað og það því meir sem við sjáum að dagurinn nálgast.

**26** Ef við syndgum vísitandi eftir að hafa fengið nákvæma þekkingu á sannleikanum er enga fórn lengur að fá fyrir syndirnar. **27** Þá er ekkert annað eftir en óttaleg bið eftir dómi og brennandi reiði sem mun eyða öllum andstæðingum. **28** Sá sem virðir lög Móse að vettugi er liflátinn án miskunnar ef tveir eða þrír bera vitni. **29** Haldið þið þá ekki að sá maður verðskuldi mun þyngri refsingu sem hefur traðkað á syni Guðs og álitur blóð sáttmálans tilits virði, blóðið sem helgaði hann? Hann er maður sem hefur svívirt anda einstakrar góðvildar Guðs. **30** Við þekkjum þann sem sagði: „Mín er hefndin, ég mun endurgjalda,“ og: „Jehóva\* mun dæma fólk sitt.“ **31** Það er skelfilegt að falla í hendur hins lifandi Guðs.

**32** En hugsid til baka. Eftir að þið voruð upplýst urðuð þið að heyja harða baráttu og þola miklar þjáningar. **33** Stundum voruð þið smánuð og ykkur misþyrmt fyrir opnum tjöldum\* og stundum þölduð þið illt með þeim<sup>z</sup> sem urðu fyrir slíkum raunum. **34** Þið sýnduð þeim samúð sem sátu í fangelsi og tókuð því með gleði þegar þið voruð rænd eignum ykkar því að þið vissuð að þið áttuð betri og varanlega eign.

**35** Kastid ekki frá ykkur hugrekkinu\* því að hugrekki hefur riku-

10:24 \*Eða „látum okkur annt hvert um annað; gefum gætur hvert að öðru“. 10:33 \*Orðrétt „eins og þið væruð til sýnis í leikhúsi“. \*Eða „stöðuð þið við hlið þeirra“. 10:35 \*Orðrétt „hugrekkinu til að tala“.

leg laun í för með sér. **36** Þið þurfið að vera þolgóð til að gera vilja Guðs og fá að sjá loforðið rætast. **37** Eftir „stutta stund“ þá „kemur sá sem á að koma og honum seinkar ekki“. **38** „En minn réttláti mun lifa vegna trúar,“ og „ef hann skýtur sér undan hef ég\* ekki velþóknun á honum“. **39** Við erum ekki þannig að við skjótum okkur undan og förumst heldur þess konar fólk sem trúir og heldur lífi.

**11** Trú er fullvissa um það sem menn vona, sannfæring um\* þann veruleika sem ekki er hægt að sjá. **2** Hennar vegna fengu menn til forna\* þann vitnisburð að þeir hefðu velþóknun Guðs.

**3** Vegna trúar skiljum við að allt á himni og jörð\* varð til með orði Guðs og að hið sýnilega varð til af hinu ósýnilega.

**4** Vegna trúar færði Abel Guði verðmætari fórn en Kain, og vegna trúar sinnar fékk hann staðfest\* að hann væri réttlátur því að Guð var ánægður með\* fórnargjafir hans. Þótt hann sé dáinn talar hann enn með trú sinni.

**5** Vegna trúar var Enok tekinn burt til að hann skyldi ekki deyja með venjulegum hætti, og hann var hvergi að finna því að Guð hafði tekið hann. Áður en hann var tekinn burt hafði hann fengið staðfest\* að hann hefði velþóknun Guðs. **6** En án trúar er ekki hægt að þóknast Guði því að sá sem gengur fram fyrir Guð verður að trúa að hann sé til og að hann launi þeim sem leita hans í einlægni.

10:38 \*Eða „hefur sál mín“. 11:1 \*Eða „sannfærandi rök fyrir“. 11:2 \*Eða „forfeður okkar“. 11:3 \*Eða „að aldinar“. Sjá orðaskýringar, „heimsskipan“. 11:4 \*Orðrétt „fékk hann þann vitnisburð“. \*Eða „vitnaði um að hann hefði tekið við“. 11:5 \*Orðrétt „þann vitnisburð“.

**7** Vegna trúar sýndi Nói að hann óttaðist Guð og smíðaði örk til að bjarga heimilisfólki sínu eftir að Guð hafði varað hann við því sem ekki var enn hægt að sjá. Með trú sinni dæmdi hann heiminn og erfði réttlætið sem kemur af trú.

**8** Vegna trúar hlýddi Abraham þegar hann var kallaður og fór burt til staðar sem hann átti að fá í arf. Hann fór burt þótt hann vissi ekki hvert leiðin lá. **9** Vegna trúar bjó hann sem útlendingur í fyrirheitna landinu eins og það væri framandi land. Hann bjó í tjöldum ásamt Ísak og Jakobi en Guð hafði lofað að gefa þeim það sama og honum. **10** Hann vænti þeirrar borgar sem hefur traustan grunn, þeirrar sem Guð hannaði og byggði.

**11** Vegna trúar fékk Sara mátt til að verða barnshafandi og eignast afkomanda þó að hún væri orðin of gömul, því að hún var viss um að sá sem gaf loforðið væri trúr. **12** Þar af leiðandi gat einn maður, sem var sama sem dáinn, eignast eins marga afkomendur og stjórnur eru á himni og jafn óteljandi og sandkorn á sjávarströnd.

**13** Allir þessir þjónar Guðs dóu í trú þó að þeir hefðu ekki séð loforðin rætast. Þeir sáu þau í fjarska, fögnuðu þeim og játuðu opinberlega að þeir væru aðkomufólk og byggju tímabundið í landinu. **14** Þeir sem tala þannig láta í ljós að þeir þrái að eignast sitt eigið aðsetur. **15** Ef þeir hefðu látið hugann dvelja við staðinn sem þeir fóru frá hefðu þeir fundið sér til efni til að snúa þangað aftur. **16** En nú þráðu þeir betra aðsetur, stað sem tilheyrir himnum. Þess vegna skammast Guð sín ekki fyrir þá eða að kallast Guð þeirra. Hann hefur jafnvel búið þeim borg.

**17** Vegna trúar var Abraham að því kominn að forna Ísak þegar



hann var reyndur. Hann hafði fagnað loforðunum sem hann fékk, en ætlaði að fórna einkasyni sínum **18** þó að honum hefði verið sagt: „Þeir sem verða kallaðir afkomendur þínir koma af Ísak.“ **19** En hann hugsaði sem svo að Guð væri jafnvel fær um að reisa hann upp frá dauðum og hann endurheimti hann þaðan, en það hefur táknræna merkingu.

**20** Vegna trúar blessaði Ísak þá Jakob og Esaú og sagði þeim hvað framtíðin bæri í skauti sér.

**21** Vegna trúar blessaði Jakob báða syni Jósefs þegar hann var að dauða kominn. Hann hallaði sér fram á staf sinn og tilbað Guð.

**22** Vegna trúar talaði Jósef um brottför Ísraelsmanna skömmu áður en hann dó og gaf fyrirmæli um\* hvað gert skyldi við bein sín.\*

**23** Vegna trúar földu foreldrar Móse hann í þrjá mánuði eftir að hann fæddist því að þeir sáu að barnið var fallett og óttuðust ekki skipun konungs. **24** Vegna trúar neitaði Móse, þegar hann var orðinn fullorðinn, að láta kalla sig dótturson faraós **25** og kaus frekar að þola illa meðferð með fólki Guðs en að njóta unaðar af syndinni um skamman tíma. **26** Hann áleit þá smán að vera smurður\* verðmætari en fjársjóði Egyptalands því að hann hafði launin stöðugt fyrir augum sér. **27** Vegna trúar yfirgaf hann Egyptaland og óttaðist ekki reiði konungsins. Hann var staðfastur eins og hann sæi hinn ósýnilega. **28** Vegna trúar hélt hann páska og sletti blóðinu á dyrastafina svo að eyðandinn myndi ekki gera frumburðum fólksins mein.\*

11:22 \*Eða „fyrirskipaði“. \*Eða „um greffrun sína“. 11:26 \*Orðrétt „Kristur“. 11:28 \*Orðrétt „snerta frumburði þeirra“.

**29** Vegna trúar gengu Ísraelsmenn gegnum Rauðahafið eins og á þurru landi en þegar Egyptar reyndu það gleypti hafið þá.

**30** Vegna trúar hrundu múrar Jeríkó eftir að fólkið hafði gengið í kringum þá í sjö daga. **31** Vegna trúar fórst vændiskonan Rahab ekki ásamt hinum óhlýðnu því að hún tók vinsamlega á móti njósnum.

**32** Og hvað fleira get ég sagt? Ég hefði ekki nægan tíma ef ég færi að segja frá Gídeon, Barak, Samsoni, Jefta og Davíð og frá Samúel og hinum spámönnunum. **33** Vegna trúar sigruðu þeir konungsríki, komu á réttlæti, fengu loforð, lokuðu ginum ljóna, **34** stöðust mátt eldsins og komust undan sverðinu. Þeir voru veikburða en urðu sterkir, gerðust öflugir í stríði og hröktu innrásarheri á flóttu. **35** Konur endurheimtu látna ástvinir þegar þeir voru reistir upp. Sumir voru pyntaðir vegna þess að þeir þáðu ekki lausn gegn gjaldi. Þeir vildu heldur hljóta betri uppreisnu. **36** Aðrir voru hæddir og húðstrýktir og voru jafnvel fjöttraðir og hnepptir í fangelsi. **37** Þeir þölu drogþraunir og voru grýttir, sagaðir í tvennt\* og drepnir með sverði. Þeir gengu um í sauðargærum og geitarskinnum, liðu skort, voru aðþrengdir og þeim var misþyrmt. **38** Heimurinn átti þá ekki skilið. Þeir reikudu um óbyggðir og fjöll og héldu til í hellum og gjötum jarðar.

**39** Þó að Guð hafi sýnt þeim öllum\* að hann hefði velþóknun á þeim vegna trúar þeirra fengu þeir ekki að sjá loforðið rætast **40** því að Guð hafði eitthvað betra í huga fyrir okkur: Þeir yrðu ekki fullkomnir án okkar.

11:37 \*Eða „sundur“. 11:39 \*Orðrétt „þeir hafi allir fengið þann vitnisburð“.

**12** Þar sem við erum umkringd slíkum fjölda votta\* skulum við líkja eftir þeim og losa okkur við allar byrðar og syndina sem er auðvelt að flækja sig í. Hlaupum þolgóð í hlaupinu sem við eigum fram undan **2** og horfum einbeitt til Jesú, höfðingja trúar okkar sem fullkomnar hana. Vegna gleðinnar sem hann átti í vændum þraukaði hann á kvalastaur,\* lét smánina ekki á sig fá og er nú sestur hægra megin við háseti Guðs. **3** Já, virðið hann vandlega fyrir ykkur sem hefur þolað slíkan fjandskap\* syndara, en þeir gera sjálfum sér ógagn. Þá þreytist þið ekki og gefist ekki upp.

**4** Enn hefur barátta ykkar við syndina ekki komist á það stig að hún hafi kostað ykkur lífið. **5** Þið hafið steingleymt hvatningunni sem þið fáið eins og væruð þið synir: „Sonur minn, gerðu ekki lítið úr öguninni frá Jehóva\* og gefstu ekki upp þegar hann leiðréttir þig, **6** því að Jehóva\* agar þá sem hann elskar og refsar“ öllum sem hann tekur að sér sem syni.“

**7** Þið þurfið að halda út til að njóta góðs af öguninni.\* Guð fer með ykkur eins og syni. Hvaða sonur hlýtur ekki ögun frá föður sínum? **8** En ef þið hafið ekki fengið ögun eins og hinir eruð þið óskilgetin börn en ekki synir. **9** Menntir feður\* okkar öguðu okkur og við bárum virðingu fyrir þeim. Ættum við þá ekki enn frekar að vera undirgefin andlegum föður okkar“ og lifa? **10** Þeir öguðu okkur um stuttan tíma eins og þeir töldu best en hann gerir það

12:1 \*Orðrétt „svo stóru skýi af vottum“. 12:2, 5, 6, 16 \*Sjá orðaskýringar. 12:3 \*Eða „þolað svo mörg fjandsamleg orð“. 12:6 \*Orðrétt „hýðir“. 12:7 \*Eða „uppeldinu“. 12:9 \*Orðrétt „Feður holds“. \*Eða „föður okkar andlega lífs“.

okkur til góðs þannig að við getum átt hlutdeild í heilagleika hans. **11** Reyndar virðist enginn agi vera gleðiefni í byrjun heldur er hann sársaukafullur\* en eftir á færir hann þeim sem hafa þegið hann ávöxt sem leiðir til friðar, það er að segja réttlæti.

**12** Styrkið því máttlausar hendur og veikburða hné **13** og látið fætur ykkar alltaf ganga beinar brautir til að hið veikburða fari ekki úr lið heldur verði heilbriggt. **14** Leggið ykkur fram um að eiga frið við alla og vera heilög\* en án þess getur enginn séð Drottin. **15** Gætið þess vandlega að enginn fari á mis við einstaka góðvild Guðs svo að engin eiturrót spretti sem veldur usla og eitrar\* marga. **16** Og gætið þess að enginn sé meðal ykkar sem stundar kynferðislegt siðleysi\* eða kann ekki að meta það sem er heilagt, líkt og Esaú sem lét frumburðarrétt sinn af hendi í skiptum fyrir eina máltíð. **17** Eins og þið vitið var honum síðar hafnað þegar hann vildi hljóta blessunina. Hann reyndi ákaft og með tárur að fá föður sinn til að skipta um skoðun en allt kom fyrir ekki.\*

**18** Þið eruð ekki komin til fjalls sem hægt er að þreifa á og stendur í ljósum lögum, né að dimmu skýi, svartamyrkri og stormi, **19** lúðurblæstri og rödd sem talar. Þegar fólkið heyrði hana baðst það undan því að meira væri talað til sín. **20** Það hræddist skipunina: „Þó að það sé ekki nema skepna sem snertir fjallið skal grýta hana.“ **21** Það sem fólkið sá var svo ógnvekjandi að Móse sagði: „Ég skelf af hræðslu.“ **22** En þið eruð komin til Sionarfjalls og borgar hins lifandi Guðs, hinnar himnesku

12:11 \*Eða „til hryggðar“. 12:14 \*Eða „helguð“. 12:15 \*Eða „óhrinkar“. 12:17 \*Orðrétt „en fann ekkert rúm fyrir það“.

Jerúsalem, og til óteljandi\* engla **23** á fjöldasamkomu, til safnaðar frumgetinna sem eru skráðir á himnum, til Guðs sem er dómari allra, til andlegs lífs hinna réttlátu sem hafa fullkomnast, **24** til Jesú, milligöngumanns nýs sáttmála, og til blóðsins sem slett var og talar með betri hætti en blóð Abels.

**25** Gætið þess að hafna ekki\* þeim sem talar. Þeir sem vildu ekki hlusta á þann sem flutti viðvör- un Guðs á jörð komust ekki undan. Hve miklu síður komumst við þá undan ef við snúum baki við honum sem talar af himnum. **26** Jörðin skalf undan rödd hans á þeim tíma en nú hefur hann lofað: „Ég mun enn einu sinni láta jörðina skjálfa og sömuleiðis himininn.“ **27** Þegar sagt er „enn einu sinni“ gefur það til kynna að það sem skelfur verði fjarlæggt, það er að segja það sem myndað hefur verið, til að það sem skelfur ekki skuli standa. **28** Þar sem við eigum að fá ríki sem getur ekki bifast biðjum við að við megum halda áfram að njóta einstakrar góðvildar, en hennar vegna getum við veitt Guði heilaga þjónustu á velþóknanlegan hátt með lotningu og guðs- ótta **29** því að Guð okkar er eyðandi eldur.

**13** Látið bróðurkærleikann haldast. **2** Gleymið ekki að vera gestrisin\* því að þannig hafa sumir tekið á móti englum án þess að vita það. **3** Hugsidið til þeirra sem sitja í fangelsi\* eins og þið væruð í fangelsi með þeim, og eins til þeirra sem þola illt því að þið eruð einnig með líkama.“ **4** Allir

12:22 \*Eða „tugþúsunda“. 12:25 \*Eða „afsaka ykkur ekki frammi fyrir; hunsu ekki“. 13:2 \*Eða „góð við ókunnuga“. 13:3 \*Orðrétt „hinna fjöturuð; þeirra sem eru í fjöturum“. \*Eða hugsanl. „þola illt eins og þið þjáist með þeim“.

eiga að hafa hjónabandið í heiðri og halda því óflekkuðu því að Guð mun dæma þá sem fremja kynferðislegt siðleysi\* og þá sem halda fram hjá. **5** Látið ekki ást á peningum stjórna lífi ykkar heldur látið ykkur nægja það sem þið hafið. Hann hefur sagt: „Ég mun aldrei snúa baki við ykkur og aldrei yfirgefa ykkur.“ **6** Við getum því verið hugrökk og sagt: „Jehóva\* hjálpar mér, ég óttast ekki neitt. Hvað geta mennirnir gert mér?“

**7** Hafið þá í huga sem fara með forystuna á meðal ykkar, sem hafa flutt ykkur orð Guðs. Veltið fyrir ykkur líferni þeirra og hvernig þeim farnast og líkið eftir trú þeirra.

**8** Jesús Kristus er hinn sami í dag og í gær og verður það að eilíflu.

**9** Látið engan leiða ykkur afvega með ýmsum framandi kenningum. Það er betra að láta hjartað styrkjast af einstakri góðvild Guðs en af ákveðnu mataræði\* sem gagnast ekki þeim sem eru uppteknir af því.

**10** Við höfum altari og þeir sem veita heilaga þjónustu við tjaldbúðina\* hafa ekki leyfi til að borða af því. **11** Æðstipresturinn fer með blóð dýranna inn í hið allra helgasta sem syndarfórn en hræin eru brennd fyrir utan herbúðirnar. **12** Þess vegna þjáðist Jesús líka fyrir utan borgarhlíðið til að helga fólkið með sínu eigin blóði. **13** Förum því til hans út fyrir herbúðirnar og berum sömu smán og hann. **14** Við vitum að hér höfum við ekki borg sem er varanleg heldur þráum við þá borg sem á eftir að koma. **15** Fyrir milligöngu hans skulum við alltaf færa Guði lofgerðarfórn, það er ávöxt vara okkar sem boða nafn hans opinberlega. **16** Og gleymið ekki að gera gott

13:4, 6 \*Sjá orðaskýringar. 13:9 \*Það er, reglum um mataræði. 13:10 \*Eða „musterið“.

og gefa öðrum af því sem þið eigið því að Guð er ánægður með slíkar fórnir.

**17** Hlýðið þeim sem fara með forystuna á meðal ykkar og verið þeim undirgefin því að þeir gæta ykkar\* og þurfa að standa reikningsskap fyrir það. Þá geta þeir gert það með gleði en ekki andvarpandi en það væri skaðlegt fyrir ykkur.

**18** Biðjið áfram fyrir okkur því að við erum sannfærðir um að við höfum góða samvisku og viljum vera heiðarlegir í öllu sem við gerum. **19** En ég hvet ykkur sérstaklega til að biðja þess að ég komist sem fyrst til ykkar aftur.

**20** Guð friðarins leiddi Drottin okkar Jesú, hinn mikla hirði sauðanna, upp frá dauðum og hann

13:17 \*Eða „sálna ykkar“.

hafði með sér blóð eilífs sáttmála. **21** Megi hann búa ykkur öllu sem þið þurfið til að gera vilja hans. Megi hann fyrir milligöngu Jesú Kristis koma því til leiðar í okkur sem er honum þóknanlegt. Honum sé dýrðin um alla eilífð. Amen.

**22** Nú hvet ég ykkur, bræður og systur, til að hlusta þolinmóð á þessi hvatningarorð því að það er stutt bréf sem ég hef skrifað ykkur. **23** Ég vil að þið vitið að Tímóteus bróðir okkar hefur verið látinn laus. Ef hann kemur fljótlega heim-sækjum við ykkur saman.

**24** Ég bið að heilsa öllum sem fara með forystuna á meðal ykkar og öllum hinum heilögu. Bræður og systur hér á Ítalíu biðja að heilsa.

**25** Einstök góðvild Guðs sé með ykkur öllum.

## BRÉF

# JAKOBS

### YFIRLIT

- |   |   |
|---|---|
| <p><b>1</b> Kveðjur (1)<br/>Þolgæði stuðlar að hamingju (2–15)<br/>Staðfesta í trúnni (3)<br/>Biðjið í trú (5–8)<br/>Girnd leiðir til syndar og dauða (14, 15)<br/>Sérhver góð gjöf kemur ofan að (16–18)<br/>Að heyra orðið og fara eftir því (19–25)<br/>Maður horfir í spegil (23, 24)<br/>Hrein og óspillt tilbeiðsla (26, 27)</p> <p><b>2</b> Að mismuna fólk er synd (1–13)<br/>Kærleikur, hið konunglega lagaákvæði (8)<br/>Trúin dauð ef verkin vantar (14–26)<br/>Illir andar trúa og óttast (19)<br/>Abraham kallaður vinur Jehóva (23)</p> | <p><b>3</b> Að temja tunguna (1–12)<br/>Það ættu ekki allir að verða kennarar (1)<br/>Viskan sem kemur ofan að (13–18)</p> <p><b>4</b> Vertu ekki vinur heimsins (1–12)<br/>Standið gegn Djöflinum (7)<br/>Nálgist Guð (8)<br/>Varað við stærilæti (13–17)<br/>„Ef Jehóva vill“ (15)</p> <p><b>5</b> Viðvörðun til auðmanna (1–6)<br/>Guð blessar þolinmæði og þolgæði (7–11)<br/>Látið „já“ ykkar merkja já (12)<br/>Trúarbæn er áhrifarík (13–18)<br/>Syndara hjálpað að snúa til baka (19, 20)</p> |
|---|---|

**1** Jakob, þjónn Guðs og Drottins Jesú Krists, heilsar ættkvíslunum 12 sem eru dreifðar víða um heim.

**2** Lítið á það sem eintómt gleðiefni, bræður mínir og systur, þegar þið lendið í ýmiss konar prófraunum **3** því að þið vitið að þegar trú ykkar stenst prófraunir verði þið þolgóð. **4** Leyfið þolgæðinu að ljúka verki sínu svo að þið verðið heil og heilbrigð að öllu leyti og ykkur sé í engu ábótavant.

**5** Ef einhver á meðal ykkar skortir visku ætti hann ekki að gefast upp á að biðja Guð um hana. Hann mun fá hana því að Guð gefur öllum af örlæti og án þess að áfella þá.\* **6** En hann ætti að biðja í trú og alls ekki efast því að sá sem efast er eins og sjávaralda sem berst og hreksr fyrir vindi. **7** Sá maður getur ekki búist við að fá nokkuð frá Jehóva.\* **8** Hann er tvístígandi, hvikull í öllu sem hann gerir.

**9** Lágt setti bróðirinn fagni\* upphéð sinni **10** og hinn ríki auðmýkingu sinni því að hinn ríki mun hverfa\* eins og blóm á engi. **11** Rétt eins og sólin rís með steikjandi hita, jurtin skrálnar, blóm hennar fellur og fegurð hennar hverfur, þannig visnar ríki maðurinn upp við iðju sína.

**12** Sá sem er þolgóður í prófraunum er hamingjusamur því að þegar hann hefur staðist prófið fær hann kórónu lífsins sem Jehóva\* hefur lofað þeim sem elska hann staðfastlega. **13** Enginn ætti að segja þegar hann verður fyrir prófraun: „Guð er að reyna mig.“ Það er ekki hægt að freista Guðs með hinu illa og sjálfur reynir hann engan. **14** Það er girnd hvers og eins sem

reynir hann með því að lokka hann og tæla.\* **15** Þegar girndin er orðin þunguð fæðir hún synd og þegar syndin hefur verið drygð leiðir hún til dauða.

**16** Lítið ekki blekkjast, kæru trústykini. **17** Sérhver góð og fullkomin gjöf kemur ofan að, frá föður himinljósanna. Hann breytist ekki eins og síbreytilegir skuggar. **18** Samkvæmt vilja sinum vakti hann okkur til lífs með orði sannleikans svo að við yrðum eins konar frumgróði sköpunarvera hans.

**19** Vitið þetta, kæru trústykini: Hver og einn á að vera fljótur til að heyra, seinn til að tala og seinn til að reiðast **20** því að reiði mannsins kemur ekki réttlæti Guðs til leiðar. **21** Þess vegna skuluð þið segja skilið við allt sem er víðurstyggilegt og sérhvern vott af illsku\* og taka með auðmýkt við orðinu sem Guð gróðursetur í ykkur því að það getur bjargað ykkur.\*

**22** Lítið ykkur þó ekki nægja að heyra orðið heldur farið eftir því, annars blekkið þið sjálf ykkur með villandi rökum. **23** Ef einhver heyrir orðið en fer ekki eftir því er hann eins og maður sem horfir á andlit sitt í spegli. **24** Hann horfir á sjálfan sig, fer burt og gleymir um leið hvers konar maður hann er. **25** En sá sem grandskoðar hin fullkomnu lög frelsisins og heldur sig við þau gleymir ekki því sem hann heyrir heldur hlýðir orðinu. Hann hlýtur gleði af því sem hann gerir.

**26** Ef einhver heldur að hann tilbiðji Guð\* en hefur ekki taumhald á tungu sinni blekkir hann sjálfan sig\* og tilbeiðsla hans er til einskis. **27** Sú tilbeiðsla\* sem er hrein og óspillt frá sjónarhóli Guðs föður

1:5 \*Eða „finna að þeim“. 1:7, 12 \*Sjá orðaskýringar. 1:9 \*Orðrétt „sé hreykinn af“. 1:10 \*Eða „deyja“.

1:14 \*Eða „láta hann bíta á agnið“. 1:21 \*Eða hugsanl. „illskuna í gnægð sinni“. \*Eða „sálum ykkar“. 1:26 \*Eða „sé trúður“. \*Orðrétt „hjarta sitt“. 1:27 \*Eða „trú“.

okkar er þessi: að annast ekkjur og munaðarlausu í erfiðleikum þeirra og halda sér óflekkuðum af heiminum.

**2** Bræður mínir og systur, varla haldið þið ykkur við trúna á dýrlegan Drottin okkar Jesú Krist ef þið mismunið fólki. **2** Segjum að maður með gullhringa á fingrum og í finum fötum komi á samkomu hjá ykkur og að fátækur maður í óhreinum fötum komi líka. **3** Horfið þið þá með velpóknun á manninn í finu fötunum og segið: „Fáðu þér sæti hérna á góðum stað,“ en við fátæka manninn: „Þú mátt standa,“ eða: „Sestu hérna á gólfið við fætur mér?“ **4** Eruð þið þá ekki að gera fólki mishátt undir höfði og orðin dómamar sem dæma af illum hvötum?

**5** Heyrið, kæru trússystemi. Valdi Guð ekki þá sem eru fátækir í augum heimsins til að vera auðugir í trú og til að erfa ríkið sem hann lofaði þeim sem elska hann? **6** En þið hafið lítilsvirt hinn fátæka. Eru það ekki hinir ríku sem kúga ykkur og draga ykkur fyrir dómstóla? **7** Lasta þeir ekki hið góða nafn sem ykkur var gefið? **8** Ef þið haldið hið konunglega lagaákvæði samkvæmt ritningarstaðnum: „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig,“ þá gerið þið vel. **9** En ef þið haldið áfram að mismuna fólki syndgið þið og lagaákvæðið sannar að þið eruð brotleg.\*

**10** Ef einhver hlýðir lögnum í heild en tekst ekki að halda eitt af ákvæðunum er hann orðinn brotlegur við lögin í heild. **11** Sá sem sagði: „Þú skalt ekki fremja hjúskaparbrott,“ sagði líka: „Þú skalt ekki myrða.“ Þó að þú fremjir ekki hjúskaparbrott ertu orðinn lögbrotur ef þú fremur morð. **12** Haldið áfram

2:3 \*Orðrétt „við fótakemil minn“. 2:9 \*Eða „ávitur ykkur fyrir lögbrot“.

að tala og hegða ykkur eins og þeir sem verða dæmdir eftir lögum frelsisins.\* **13** Þeim sem er ekki miskunnssamur verður ekki sýnd miskunn þegar hann er dæmdur. Miskunnsemi hrósar sigri yfir dómi.

**14** Hvaða gagn gerir það, bræður mínir og systur, ef einhver segist hafa trú en sýnir það ekki í verki? Varla getur slík trú bjargað honum. **15** Ef bróðir eða systir eru klæðalítill\* og skortir daglegt fæði, **16** og eitthvert ykkar segir við þau: „Farið í friði, haldið á ykkur hita og borðið nægju ykkar,“ en þið gefið þeim ekki það sem þau þarfnast,\* hvaða gagn gerir það? **17** Eins er líka trúin ein og sér dauð ef verkin vantar.

**18** Nú segir samt einhver: „Þú hefur trú en ég hef verk. Sýndu mér trú þína án verkanna og ég skal sýna þér trú mína með verkum mínum.“ **19** Þú trúir að til sé einn Guð, er það ekki? Það er í sjálfu sér gott. En illu andarnir trúa því líka og skjálfa af ótta. **20** Fáfróði maður, þarftu sönnun fyrir því að trúin sé gagnslaus ef verkin vantar? **21** Var ekki Abraham faðir okkar lýstur réttlátur vegna verka sinna þegar hann lagði Ísak son sinn á altarið til að förna honum? **22** Þú sérð að trú hans birtist í verkunum og verkin fullkomnuðu trúna. **23** Ritningarstaðurinn rættist sem segir: „Abraham trúði á Jehóva“ og þess vegna var hann talinn réttlátur,\* og Jehóva\* kallaði hann vin sinn.

**24** Þú sérð að maður er lýstur réttlátur vegna verka sinna en ekki aðeins vegna trúar. **25** Var ekki vændiskonan Rahab sömuleiðis lýst réttlát vegna verka sinna eftir að

2:12 \*Eða „lögum fólks sem er frjálst“. 2:15 \*Orðrétt „nakin“. 2:16 \*Orðrétt „það sem líkaminn þarfnast“. 2:23 \*Sjá orðaskýringar. \*Eða „og það var reiknað honum til réttlætis“.

hún tók með gestrisni á móti sendi-boðunum og lét þá fara burt aðra leið? **26** Rétt eins og líkaminn er dauður án anda\* er trúin dauð án verka.

**3** Þið ættuð ekki allir að verða kennarar, bræður mínir, því að þið vitið að við fáum þyngri\* dóm. **2** Við hrösum allir\* margsinnis. Ef einhver hrasar ekki í orði er hann fullkominn maður og fær um að hafa taumhald á öllum líkama sínum. **3** Ef við setjum beisli í munn hestanna til að þeir hlýði okkur stýrum við líka öllum líkama þeirra. **4** Lítið einnig á skipin: Þótt þau séu stór og mikil og knúin áfram af sterkum vindum er þeim stýrt með mjög litlu stýri, hvert sem stýrimaðurinn vill fara.

**5** Þannig er líka tungan lítil mið að við líkamann en er samt býsna stærilát. Hugsíð ykkur hve lítinn eld þarf til að kveikja í stórum skógi. **6** Tungan er líka eldur. Hún er heill heimur ranglætis meðal lima líkamans því að hún flekkar allan líkamann, kveikir í allri tilverunni\* og er sjálf tendruð af Gehenna.<sup>2</sup> **7** Hægt er að temja alls konar villidýr, fugla, skriðdýr og sjávardýr og mennirnir hafa tamið þau. **8** En enginn maður getur tamið tunguna. Hún er óstýrilát og skaðleg, full af banvænu eitri. **9** Með henni lofum við Jehóva,<sup>3</sup> föðurinn, en með henni formælum við líka mönnum sem eru gerðir „eftir mynd Guðs“. **10** Af sama munni kemur blessun og bölvun.

Bræður mínir, slíkt á ekki að eiga sér stað. **11** Rennur bæði ferskt\* og beiskt vatn úr sömu lindinni? **12** Bræður mínir, geta ólífur vaxið

á fikjutré eða fikjur á vínviði? Ekki rennur heldur ferskt vatn úr saltri lind.

**13** Hver er vitur og skynsamur á meðal ykkar? Hann ætti að hegða sér vel og sýna þannig með verkum sínum að hann búi yfir högværð\* sem er sprottin af visku. **14** En ef þið eruð afbrýðisamir og þrætugjarnir\* í hjórtum ykkar skuluð þið ekki stæra ykkur og ljúga gegn sannleikanum. **15** Sú viska kemur ekki ofan að heldur er hún jarðnesk, holdleg og djöfulleg **16** því að alls staðar þar sem er afbrýðisemi og þrætugirni\* verður líka upplausn og alls konar illska.

**17** En viskan sem kemur ofan að er fyrst og fremst hrein, síðan friðsöm, sanngjörn, fús til að hlýða, full miskunnar og góðra ávaxta, óhlutræg og hræsnislaus. **18** Og réttlætið ber ávöxt þegar því er sáð við friðsæl skilyrði handa\* þeim sem stuðla að friði.

**4** Af hverju stafa stríð og átök á meðal ykkar? Koma þau ekki til af girndum holdsins sem takast á innra með ykkur? **2** Þið þráið ýmislegt en fáíð þó ekki. Þið myrðið og girnist en getið samt ekki eignast neitt. Þið eigið í stöðugu stríði og átökum. Þið fáíð ekki því að þið biðjið ekki. **3** Og þegar þið biðjið fáíð þið ekki því að þið biðjið af röngu tilefni. Þið viljið bara fullnægja girndum holdsins.

**4** Þið ótrúu,\* vitið þið ekki að vinátta við heiminn er fjandskapur gegn Guði? Hver sem vill vera vinur heimsins gerir sig þess vegna að óvini Guðs. **5** Eða haldið þið að það sé að ástæðulausu sem ritningarstaðurinn segir: „Innra með okk-

2:26 \*Eða „andardráttar“. 3:1 \*Eða „strangari“. 3:2 \*Eða „gerum allir mistök“. 3:6 \*Orðrétt „hjólí fæðingarinnar (upphafsins)“. 3:6, 9 \*Sjá orðaskýringar. 3:11 \*Orðrétt „sætt“.

3:13 \*Eða „mildi“. 3:14 \*Eða hugsanl. „metnaðargjarnir“. 3:16 \*Eða hugsanl. „metnaðargirni“. 3:18 \*Eða hugsanl. „af“. 4:1 \*Orðrétt „í limum líkamans“. 4:4 \*Orðrétt „Þið sem fremjið hjúskaparbot“.

ur býr öfund sem girnist margt“? **6** En einstök góðvild Guðs er henni yffirsterkari. Þess vegna segir ritningarstaðurinn: „Guð stendur gegn hrokafullum en sýnir auðmjúkum einstaka góðvild.“

**7** Verið því undirgefin Guði en standið gegn Djöflinum og þá mun hann flýja ykkur. **8** Nálgist Guð og þá mun hann nálgast ykkur. Hreinsið hendur ykkar, þið syndarar, og hreinsið hjörtu ykkar, þið sem eruð tvístígangandi. **9** Verið vansæl, syrgið og grátið. Breytið hlátri ykkar í sorg og gleði ykkar í örvæntingu. **10** Auðmýkið ykkur frammi fyrir Jehóva\* og þá mun hann upphefja ykkur.

**11** Bræður og systur, hættið að tala illa hvert um annað. Sá sem talar illa um trússystem sitt eða dæmir það andmælir lögunum\* og dæmir þau. En ef þú dæmir lögin ertu orðinn dómari en ferð ekki eftir lögunum. **12** Það er aðeins einn löggjafi og dómari, sá sem getur bæði bjargað og tortímt. En hver ert þú sem dæmir náunga þinn?

**13** Heyrið nú, þið sem segið: „Í dag eða á morgun skulum við fara til ákveðinnar borgar og vera þar í ár, og við ætlum að stunda viðskipti og hagnast.“ **14** Þið vituð ekki hvernig líf ykkar verður á morgun því að þið eruð gufa sem sést um stutta stund en hverfur svo. **15** Þið ættuð frekar að segja: „Ef Jehóva\* vill lifum við og gerum þetta eða hitt.“ **16** En nú eruð þið stolt og stærið ykkur. Allt slíkt stærilæti er skadlegt. **17** Ef því einhver hefur vit á að gera rétt en gerir það ekki syndgar hann.

**5** Heyrið, þið auðmenn, grátið og kveinið yfir þeim hörmungum sem koma yfir ykkur. **2** Auður ykkar er orðinn fúinn og föt ykkar

möletin. **3** Gull ykkar og silfur er ryðgað í sundur, og ryðið vitnar gegn ykkur og étur upp hold ykkar. Það sem þið hafið safnað verður eins og eldur á síðustu dögum. **4** Heyrið! Laun verkamannanna sem slógu akra ykkar hrópa stöðugt því að þið hafið ekki greitt þeim launin, og Jehóva\* hersveitanna hefur heyrt kornskurðarmennina kalla á hjálp. **5** Þið hafið lifað í munaði og sjálfsdekrí á jörðinni. Þið hafið alið hjörtu ykkar fram á slátrunardag. **6** Þið hafið sakfelld, þið hafið myrt hinn réttláta. Stendur hann ekki gegn ykkur?

**7** Verið því þolinmóð, bræður og systur, fram að nærveru Drottins. Sjáið! Bóndinn bíður eftir dýrmætum ávexti jarðarinnar. Hann bíður þolinmóður eftir honum fram að haustregni og vorregni. **8** Verið þið líka þolinmóð. Styркиð hjörtu ykkar því að nærvera Drottins er í nánd.

**9** Kvartið\* ekki hvert undan öðru, bræður og systur, til að þið verðið ekki dæmd. Dómarinn stendur við dyrnar. **10** Bræður og systur, takið spámennina til fyrirmyndar sem töludu í nafni Jehóva.\* Þeir þöldu illt og voru þolinmóðir. **11** Við teljum þá lánsama<sup>†</sup> sem hafa verið þolgóðir. Þið hafið heyrt um þolgæði Jobs og hvernig Jehóva\* leiddi mál hans til lykta. Þannig sjáið þið að Jehóva\* er mjög umhyggjusamur<sup>‡</sup> og miskunnssamur.

**12** Umfram allt, bræður mínir og systur, hættið að sverja, hvort heldur við himin eða jörð eða við nokkuð annað. En látið „já“ ykkar merkja já og „nei“ ykkar nei svo að ekki sé hætt á að þið fáið dóm.

**13** Þjáist einhver á meðal ykkar? Þá haldi hann áfram að biðja. Liggur vel á einhverjum? Þá syngi

4:10, 15; 5:4, 10, 11 \*Sjá orðaskýringar. 4:11 \*Hér virðist átt við lög Guðs almennt.

5:9 \*Eða „Nöldrið“. Orðrétt „Stynjið“. 5:11 †Eða „blessaða“. ‡Eða „samúðarfullur“.



hann sálma. **14** Er einhver veikur á meðal ykkar? Þá kalli hann til sín öldunga safnaðarins, og þeir skulu biðja fyrir honum og bera á hann olíu í nafni Jehóva.\* **15** Trúarbænin mun lækna hinn veika<sup>#</sup> og Jehóva\* reisir hann á fætur. Og ef hann hefur syndgað verður honum fyrirgefið.

**16** Játið því syndir ykkar opin-skátt hvert fyrir öðru og biðið hvert fyrir öðru svo að þið læknist. Innileg bæn réttláts manns er mjög áhrifa-

5:14, 15 \*Sjá orðaskýringar. 5:15 <sup>#</sup>Eða hugsanl. „hinn þreytta“.

rík.\* **17** Elía var maður eins og við, en þegar hann bað þess í einlægni að ekki skyldi rigna þá rigndi ekki í landinu í þrjú ár og sex mánuði. **18** Síðan bað hann aftur og þá kom regn af himni og jörðin bar ávöxt.

**19** Bræður mínir og systur, ef einhver meðal ykkar villist frá sannleikanum og einhver annar hjálpar honum að snúa til baka, **20** vit-ið þá að hver sem snýr syndara af rangri braut bjargar honum\* frá dauða og hylur fjölda synda.

5:16 \*Orðrétt „er kraftmikil meðan hún er að verki“. 5:20 \*Eða „sál hans“.

FYRRA BRÉF

PÉTURS

YFIRLIT

- 1 Kveðjur (1, 2)  
Endurfædd til lifandi vonar (3–12)  
Verið heilög eins og hlýðin börn (13–25)
- 2 Glæðið löngun í orðið (1–3)  
Lifandi steinar gerðir að andlegu húsi (4–10)  
Að lifa sem útlendingar í heiminum (11, 12)  
Viðeigandi undirgefni (13–25)  
Kristur, fyrirmynd okkar (21)
- 3 Eiginkonur og eiginmenn (1–7)  
Sýnið samkennð; keppið eftir friði (8–12)

- Að þjást fyrir að gera rétt (13–22)  
Verið tilbúin að verja vonina (15)  
Skírn og góð samviska (21)
- 4 Lifið til að gera vilja Guðs eins og Kristur (1–6)  
Endir allra hluta er í nánd (7–11)  
Að þjást fyrir að vera kristinn (12–19)
- 5 Gætið hjarðar Guðs (1–4)  
Verið auðmjúk og á verði (5–11)  
Varpið öllum áhyggjum á Guð (7)  
Djöfullinn er eins og öskrandi ljón (8)  
Lokaorð (12–14)

**1** Frá Pétri, postula Jesú Krists, til þeirra sem búa tímabundið í þessum heimi og eru dreifðir um Pontus, Galatíu, Kappadókiu, Asíu og Bítýniú, þeirra sem eru útvaldir **2** samkvæmt því sem Guð faðir-

inn hafði í huga. Hann helgaði ykkur með andanum til að þið yrðuð honum hlýðin og hreinsuðust með blóði Jesú Krists.

Megið þið njóta einstakrar góðvildar Guðs og friðar í enn ríkari mæli.

3 Lofaður sé Guð og faðir Drottins okkar Jesú Krists því að hann lét okkur endurfæðast til lifandi vonar í mikilli miskunn sinni með því að reisa Jesú Krist upp frá dauðum. 4 Hann gaf okkur þar með arfleifð sem hvorki eyðist, spillist né fölnar. Hún er geymd á himnum handa ykkur 5 sem kraftur Guðs verndar af því að þið trúið. Hann verndar ykkur til að þið hljótið frelsun sem opinberast á síðustu tímum. 6 Þess vegna gleðjist þið mjög þó að þið þurfið að þola ýmsar prófraunir núna um stuttan tíma. 7 Það er til þess að trú ykkar, sem hefur verið reynd, verði ykkur til lofs og dýrðar og heiðurs þegar Jesús Kristur opinberast. Hún er miklu verðmætari en gull sem eyðist þótt það sé reynt\* í eldi. 8 Þið hafið aldrei séð Jesú en elskið hann þó. Þið sjáið hann ekki núna en trúið samt á hann og fyllist dýrlegri og ólýsanlegri gleði 9 þegar þið náði takmarki trúar ykkar og frelsist.\*

10 Spámennirnir spáðu um þá einstöku góðvild sem var ætluð ykkur og spurðust nákvæmlega fyrir um þessa frelsun og rannsökuðu hana vandlega. 11 Þeir könnuðu vel til hvaða tíma eða tíðar andinn innra með þeim benti varðandi Krist þegar hann vitnaði fyrir fram um þjáningar hans og dýrdina sem kæmi á eftir. 12 Þeim var opinberað að þeir þjónuðu ekki í eigin þágu heldur ykkar. Þeir veittu ykkur það sem ykkur hefur nú verið kunnbert og þið heyrðuð frá þeim sem boðuðu ykkur fagnaðarboðskapinn með heilögum anda frá himni. Inn í þetta þrá jafnvel englarnir að skygnast.

13 Styrkið því hugi ykkar til verka og hugsíð skýrt. Bindið von

1:7 \*Eða „hreinnað“. 1:9 \*Eða „sálar ykkar frelsast“.

ykkar við þá einstöku góðvild sem ykkur verður sýnd við opinberun Jesú Krists. 14 Verið eins og hlýðin börn og látið ekki lengur móttast af þeim löngunum sem þið höfðuð áður vegna vanþekkingar ykkar. 15 Verðið heldur heilög í allri hegðun eins og hinn heilagi sem kallaði ykkur 16 því að skrifað er: „Þið skuluð vera heilög því að ég er heilagur.“

17 Gangið fram í guðsótta meðan þið dveljið í þessum heimi fyrst þið ákallið föðurinn sem dæmir án hlutdrægni eftir verki hvers og eins. 18 Þið vitið að þið voruð ekki frelsuð\* með forgengilegum hlutum, með silfri eða gulli, frá innantómu liferni sem þið tókuð í arf frá forfeðrum\* ykkar, 19 heldur með dýrmætu blóði Krists sem er eins og blóð lýtalauss og ófleckaðs lambs. 20 Vissulega var hann útvalinn fyrir grundvöllun heims en hann var opinberaður við lok tímanna ykkar vegna. 21 Fyrir atbeina hans trúið þið á Guð sem reisti hann upp frá dauðum og veitti honum dýrð svo að trú ykkar og von beinist að Guði.

22 Með því að hlýða sannleik-  
anum hafið þið hreinsað ykkur\*  
og sýnið þess vegna hræsnislausu  
bróðurást. Elskið hvert annað af  
öllu hjarta 23 því að þið eruð endur-  
urfædd vegna orðs hins lifandi og  
eilífa Guðs, ekki með forgengilegu  
sáðkorni heldur óforgengilegu.\*  
24 Skrifað stendur: „Allir menn  
eru\* eins og gras og allur ljómi  
þeirra eins og blóm á engi. Gras-  
ið visnar og blómið fellur 25 en  
orð Jehóva\* varir að eilífu.“ Og

1:18 \*Orðrétt „endurleyst; keypt laus“. \*Eða „tökuð í arf samkvæmt erfðavenjum“. 1:22 \*Eða „sálar ykkar“. 1:23 \*Það er, sáðkorni sem getur tímgastr eða boritð ávöxt. 1:24 \*Orðrétt „Allt hold er“. 1:25 \*Sjá orðaskýringar.

Þetta „orð“ er fagnaðarboðskapurinn sem ykkur var boðaður.

**2** Losið ykkur því við alla illsku og blekkingar, hræsni, öfund og allt baktal. **2** Glæðið með ykkur löngun, eins og nýfædd börn, í ómengaða\* mjólk frá orði Guðs til að þið getið dafnað af henni og frelsast **3** þar sem þið hafið smakkað\* að Drottinn er góður.

**4** Menn höfnuðu honum, lifandi steini sem Guð útvaldi og er honum dýrmætur. Þegar þið komið til hans **5** verðið þið sjálf eins og lifandi steinar og gerð að andlegu húsi. Þið verðið heilög prestastétt sem færir andlegar fórnir, þóknanlegar Guði, fyrir milligöngu Jesú Krists. **6** Í Ritningunni segir: „Sjáið! Ég legg útvalinn stein í Sion, dýrmætan undirstöðuhornstein, og enginn sem trúir á hann verður nokkurn tíma fyrir vonbrigðum.“\*

**7** Hann er sem sagt dýrmætur ykkur því að þið trúðið, en þeim sem trúa ekki er „steinninn sem smiðirnir höfnuðu orðinn að aðalhornsteini“\* **8** og „ásteytingarsteini og hneykslunarhellu“. Þeir hrasa af því að þeir óhlýðnast orðinu. Þetta er endirinn sem bíður þeirra. **9** En þið eruð „útvalinn kynstofn, konungleg prestastétt, heilög þjóð, fólk sem tilheyrir Guði til að boða vítt og breitt hve stórfenglegur hann er“\* sem kallaði ykkur út úr myrkrinu til síns unaðslega ljóss. **10** Einu sinni voruð þið ekki fólk Guðs en nú eruð þið fólk hans. Einu sinni nutuð þið ekki miskunnar en nú hefur ykkur verið miskunnað.

**11** Þið elskuðu, ég hvet ykkur sem útlendinga og dvalargesti í þessum heimi til að halda ykkur frá

holdlegum girndum sem heyja stríð gegn ykkur.\* **12** Hegðið ykkur vel meðal þjóðanna þannig að þeir sem saka ykkur um vond verk sjái góð verk ykkar og lofi Guð á skoðunardegi hans.

**13** Verið undirgefin allri mannglegri skipan\* vegna Drottins, hvort heldur konungi, sem er yfir öðrum, **14** eða landstjórum sem hann sendir til að refsa afbrotamönnum og hrósa þeim sem gera gott. **15** Það er vilji Guðs að þið gerið gott og þaggið þannig niður í\* óskynsömum mönnum sem tala af fávísku sinni. **16** Verið eins og frjálst fólk en notið ekki frelsi ykkar til að breiða yfir\* ranga breytni heldur til að þjóna Guði. **17** Virðið alls konar menn, elskið allt bræðrasamfélagið,\* óttist Guð, virðið konunginn.

**18** Þjónar skulu vera undirgefnir húsbændum sínum með tilhlýðilegri virðingu, ekki aðeins hinum góðu og sanngjörnu heldur einnig þeim sem er erfitt að gera til geðs. **19** Það er Guði þóknanlegt þegar einhver þolir erfiðleika\* og þjáist saklaus vegna þess að hann vill hafa hreina samvísku gagnvart honum. **20** Hvað er hrósvert við að halda út ef þið eruð barin fyrir að syndga? En sé það vegna góðra verka sem þið þjáist með þolgæði þá er það Guði þóknanlegt.

**21** Til þessa voruð þið reyndar kölluð því að Kristur þjáðist fyrir ykkur og lét ykkur eftir fyrirmynd til að þið skylduð feta náði í fótspor hans. **22** Hann syndgaði aldrei og svik var ekki að finna í munni hans. **23** Hann svaraði ekki með fúkyrðum þegar hann var smánað-

2:2 \*Eða „hreina“. 2:3 \*Eða „reynt“. 2:6 \*Orðrétt „til skammar“. 2:7 \*Orðrétt „efsta hluta hornsins“. 2:9 \*Orðrétt „dyggðir hans“, það er, lofsverða eiginleika hans og verk.

2:11 \*Eða „sálinni“. 2:13 \*Eða „öllum mannglegum stofnunum“. 2:15 \*Orðrétt „múlbindið“. 2:16 \*Eða „til að afsaka“. 2:17 \*Orðrétt „bræðralagið“. 2:19 \*Eða „sorgir; sársauka“.

ur.\* Hann hótaði ekki þegar hann þjáðist heldur fól sjálfan sig á hendur honum sem dæmir með réttlæti.

**24** Hann bar sjálfur syndir okkar með líkama sínum á staurinn\* til að við gætum dáíð gagnvart\* syndunum og lifað í réttlæti. Og „vegna sára hans læknuðust þið“. **25** Þið voruð eins og villuráfandi sauðir en nú hafið þið snúið aftur til hirðis og umsjónarmanns sálna\* ykkar.

**3** Með sama hætti skuluð þið eigin konur vera undirgefnar eiginmönnum ykkar til að þeir sem hlýða ekki orðinu geti unnist orðalaust vegna hegðunar ykkar **2** þegar þeir sjá hreint lífernir ykkar og djúpa virðingu. **3** Skart ykkar á ekki að vera ytra skart – fléttur og skartgripir úr gulli eða fin fót – **4** heldur hinn huldi maður hjartans búinn skarti kyrrðar og hógværðar sem eyðist ekki og er mikils virði í augum Guðs. **5** Þannig skryddust hinar heilögu konur til forna sem vonuðu á Guð og voru undirgefnar eiginmönnum sínum **6** eins og Sara sem hlýddi Abraham og kallaði hann herra. Og þið eruð orðnar börn hennar ef þið haldið áfram að gera gott og látið ekki óttann ná tókum á ykkur.

**7** Þið eiginmenn skuluð vera skynsamir\* í sambúðinni við konur ykkar. Virðið þær sem veikara ker, hið kvenlega, þær sem þær erfa með ykkur lífið sem er óverðskuldúð gjöf Guðs. Þá hindrast bænir ykkar ekki.

**8** Að lokum, verið öll samhuga,\* sýnið samkennd, bróðurást, innilega umhyggju og auðmýkt. **9** Gjaldið ekki illt fyrir illt eða móðgun fyrir móðgun. Endurgjaldið heldur með blessun því að

2:23 \*Eða „honum var formælt“. 2:24 \*Eða „tréð“. \*Eða „sagt skilið við“. 2:25 \*Eða „lífs“. 3:7 \*Eða „sýna tillitssemi; sýna skilning“. 3:8 \*Eða „sammála“.

## 1. PÉTURSBRÉF 2:24–3:20

til þessarar lífsbrautar voruð þið kölluð svo að þið gætuð hlotið blessun.

**10** Skrifað stendur: „Sá sem vill elska lífið og sjá góða daga haldi tungu sinni frá illu og vörum sínum frá því að fara með svik. **11** Hann snúi baki við hinu illa og geri gott, þrái frið og keppi eftir honum **12** því að augu Jehóva\* hvíla á hinum réttlátu og eyru hans hlusta á bænir þeirra, en Jehóva“ stendur gegn þeim sem gera illt.“

**13** Já, hver getur gert ykkur illt ef þið hafið brennandi áhuga á hinu góða? **14** En þótt þið þjáist fyrir að gera rétt eruð þið hamingjusöm. Óttist samt ekki það sem aðrir óttast\* og verið ekki kvíðin. **15** Helgið Krist sem Drottin í hjörtum ykkar. Verið alltaf tilbúin að verja von ykkar fyrir hverjum þeim sem krefst þess að þið rökstyðjið hana, en gerið það með hógværd og djúpri virðingu.

**16** Varðveitið góða samvisku til að þeir sem finna að ykkur, hvað sem það nú er, verði sér til skammrar af því að þið hegðið ykkur vel sem fylgjendur Krists. **17** Það er betra að þjást fyrir að gera gott, ef Guð leyfir það, en að þjást fyrir að gera það sem er illt. **18** Kristur dó fyrir syndir í eitt skipti fyrir öll, réttlátur maður fyrir rangláta, til að leiða ykkur til Guðs. Hann var deyddur að holdinu til en lífgaður sem andi. **19** Þannig fór hann og prédikaði fyrir öndunum í fangelsi. **20** Þeir höfðu óhlýðnast á sínum tíma þegar Guð beið þolinmóður\* á dögum Nóa og örkin var í smíðum en í henni björguðust fáeinir, það er að segja átta sálir,\* í vatninu.

3:12 \*Sjá orðaskýringar. \*Eða „andlit Jehóva“. Sjá orðaskýringar. 3:14 \*Eða hugsanl. „Óttist samt ekki hótanir annarra“. 3:20 \*Orðrétt „þolinmæði Guðs beið“. \*Eða „manns“.

21 Skirninn samsvarar þessu og hún bjargar einnig ykkur núna vegna upprisu Jesú Krists, ekki með því að þvo óhreinindi af líkamnum heldur er hún bæn til Guðs um góða samvisku. 22 Kristur er nú við hægri hönd Guðs því að hann fór til himna og englar, valdhafar og máttarvöld voru sett undir hann.

**4** Þar sem Kristur þjáðist líkamlega skuluð þið herklæðast sama hugarfari\* því að sá sem hefur þjáðst líkamlega er hættur að syndga. 2 Hann lifir þá ekki tímann sem hann á ólifaðan fyrir mannlegar girndir heldur til að gera vilja Guðs. 3 Það er nóg að þið hafið hingað til gert vilja þjóðanna meðan lífernir ykkar einkenndist af blygðunarlausri hegðun,\* taumlausum losta, ofdrykkju, svallveislum, drykkjutúrum og fyriritlegri<sup>†</sup> skurðgoðadýrkun. 4 Fólkið furðar sig á að þið hlaupið ekki með því í sama ólifnaði og siðspillingu og áður, og talar því illa um ykkur. 5 En þetta fólk á eftir að gera honum reikningsskil sem er tilbúinn að dæma lifandi og dauða. 6 Þess vegna var hinum dauðu einnig boðaður fagnaðarboðskapurinn til að þeir gætu lifað andlegu lífi í augum Guðs þó að menn dæmi þá eftir ytra útliti.

7 En endir allra hluta er í nánd. Verið því skynsöm og vakandi\* fyrir því að biðja. 8 Berið umfram allt brennandi kærleika hvert til annars því að kærleikur hylur fjölda synda. 9 Verið gestrisin hvert við annað án þess að kvarta. 10 Notið þá hæfileika\* sem þið hafið fengið, til að þjóna hvert öðru og verið góð-

4:1 \*Eða „sama ásetningi; sömu einbeitiní“. 4:3 \*Eða „ósvífinni hegðun“. Fleirtala gríska orðsins *asel/geia*. Sjá orðaskýringar. <sup>†</sup>Orðrétt „óleyfilegri“. 4:7 \*Eða „árvökur“. 4:10 \*Orðrétt „gjöf“.

ir ráðsmenn einstakrar góðvildar Guðs sem birtist með ýmsum hætti. 11 Ef einhver talar þá flytji hann boðskap frá Guði. Ef einhver þjónar þá reiði hann sig á máttinn sem Guð gefur, til að Guð sé upphafinn í öllu fyrir tilstilli Jesú Krists. Dýrðin og mátturinn sé Guðs um alla eilífð. Amen.

12 Þið elskuðu, furðið ykkur ekki á þeim eldraunum sem þið verðið fyrir eins og eitthvað undarlegt hendi ykkur. 13 Gleðjist heldur yfir því að eiga þátt í þjáningum Krists. Þá getið þið einnig glaðst og fagnað ákaflega þegar dýrð hans opinberast. 14 Þið eruð hamingjusöm ef þið eruð smánuð vegna nafns Krists því að andi dýrðarinnar, já, andi Guðs, hvílir yfir ykkur.

15 En ekkert ykkar ætti að þjást sem morðingi eða þjófur eða afbrotamaður eða fyrir að blanda sér í annarra manna mál. 16 En ef einhver þjáist fyrir að vera kristinn ætti hann ekki að skammast sín fyrir það heldur ætti hann að lofa Guð með því að lifa eins og kristinn maður. 17 Tími dómsins er kominn og hann hefst á húsi Guðs. En fyrst hann hefst á okkur, hvernig fer þá fyrir þeim sem hlýða ekki fagnaðarboðskap Guðs? 18 „Og fyrst réttlátur maður bjargast með erfiðismunum, hvað verður þá um hinn óguðlega og syndarann?“ 19 Þeir sem þjást fyrir að gera vilja Guðs ættu því að fela sjálfa sig\* á hendur<sup>†</sup> trúum skapara og halda áfram að gera það sem er gott.

**5** Sem samöldungur ykkar, vottur að þjáningum Krists og þátttakandi í þeirri dýrð sem á eftir að opinberast, bið ég því\* öldungana á meðal ykkar: 2 Gætið hjarðar Guðs sem hann hefur falið ykk-

4:19 \*Eða „sálir sínar“. <sup>†</sup>Eða „í umsjá“. 5:1 \*Eða „hvet ég því eindregið“.

ur. Verið umsjónarmenn hennar,\* ekki tilneyddir heldur af fúsu geði frammi fyrir Guði, ekki af gróða-fíkn heldur af áhuga. **3** Drottin- ið ekki yfir þeim sem eru arfleifð Guðs heldur verið fyrirmynd hjarð- arinnar. **4** Og þegar yfirhirdirinn birtist hljótið þið dýrðarsveiginn sem aldrei fölnar.

**5** Á sama hátt skuluð þið ungu menn vera eldri mönnum\* undir- gefnir. En íklæðist<sup>#</sup> allir auðmýkt<sup>^</sup> hver gagnvart öðrum því að Guð stendur gegn hrokafullum en auð- mjúkum sýnir hann einstaka góð- vild.

**6** Auðmýkið ykkur því und- ir máttuga hönd Guðs til að hann upphefji ykkur þegar þar að kemur **7** og varpið öllum áhyggjum\* ykkar á hann því að hann ber umhyggju fyrir ykkur. **8** Hugsið skýrt, verið á verði. Andstæðingur ykkar, Djöfull- inn, gengur um eins og öskrandi ljón í leit að bráð til að gleypa. **9** Stand-

5:2 \*Eða „Fylgist náði með henni“. 5:5 \*Eða „öldungunum“. <sup>#</sup>Eða „gyrðist“. <sup>^</sup>Eða „lítill- læti“. 5:7 \*Eða „kviða“.

ið gegn honum staðföst í trúnni og vitið að allt bræðrasamfélag\* ykk- ar um allan heim verður fyrir sömu þjáningum. **10** En eftir að þið haf- ið þjást um stutta stund mun Guð, sem sýnir einstaka góðvild í ríku- mæli, ljúka þjálfun ykkar, hann sem kallaði ykkur til eilífrar dýrðar sinn- ar vegna þess að þið eruð sameinuð Kristi. Hann mun efla ykkur, styrkja og gera óhagganleg. **11** Honum sé mátturinn að eilífu. Amen.

**12** Með hjálp Silvanusar,\* sem ég álit trúfastan bróður, hef ég skrif- að ykkur í fáum orðum til að hvetja ykkur og til að vitna einlæglega um að Guð hafi sannarlega sýnt ykkur einstaka góðvild sína. Verið staðföst í henni. **13** Hún\* sem er í Babýlon, og er útvalin eins og þið, biður að heilsa ykkur, og sömuleiðis Markús sonur minn. **14** Heilsid hvert öðru með kærleikskossi.

Megið þið öll sem eruð sameinuð Kristi eiga frið.

5:9 \*Orðrétt „bræðralag“. 5:12 \*Einnig nefndur Sílas. 5:13 \*Fornafnið „hún“ virðist eiga við söfnuð.

## SÍÐARA BRÉF

## PÉTURS

## YFIRLIT

- |  |   |
|--|---|
| <p>1 Kveðjur (1)<br/>Verið trú köllun ykkar (2–15)<br/>Eiginleikar sem bætast við trúna (5–9)<br/>Enn meira traust á spádómsorðinu (16–21)</p> <p>2 Falskennarar koma fram (1–3)<br/>Falskennarar dæmdir fyrir víst (4–10a)<br/>Englum kastað í Tartaros (4)<br/>Flóðið; Sódóma og Gómorra (5–7)<br/>Einkenni falskennara (10b–22)</p> | <p>3 Hæðnir menn loka augunum fyrir komandi eyðingu (1–7)<br/>Jehóva er ekki seinn á sér (8–10)<br/>Hugsid um hvers konar manneskjur þið eigið að vera (11–16)<br/>Nýir himnar og ný jörð (13)<br/>Gætið að ykkur til að leiðast ekki afvega (17, 18)</p> |
|--|---|

**1** Frá Símoni Pétri, þjóni og postula Jesú Krists, til þeirra sem hafa eignast sömu dýrmætu trú og við\* vegna réttlætis Guðs og frelsarans Jesú Krists.

**2** Einstök góðvild Guðs og friður aukist hjá ykkur með nákvæmri þekkingu á Guði og Jesú Drottni okkar. **3** Guðlegur kraftur hans hefur veitt\* okkur allt sem stuðlar að lífi og guðrækni með þekkingunni á honum sem kallaði okkur með sinni eigin dýrd og dyggð. **4** Með þessu hefur hann gefið\* okkur hin dýrmætu og stórfenglegu fyrirheit svo að þið getið fengið hlutdeild í guðlegu eðli þar sem þið eruð sloppin frá spillingu heimsins sem er sprottin af röngum löngunum.<sup>†</sup>

**5** Einmitt þess vegna skuluð þið gera ykkar ýtrasta til að bæta við trú ykkar dyggð, við dyggðina þekkingu, **6** við þekkinguna sjálfstjórn, við sjálfstjórnina þolgæði, við þolgæðið guðrækni, **7** við guðræknina bróðurást og við bróðurástina kærleika. **8** Ef þið hafið þetta til að bera, og það í ríkum mæli, breytið þið í samræmi við hina nákvæmu þekkingu á Drottni okkar Jesú Kristi og þið verðið hvorki óvirk né ávaxtalaus.

**9** Sá sem býr ekki yfir þessu er blindur. Hann lokar augunum fyrir ljósinu\* og er búinn að gleyma að hann hefur hreinsast af fyrri syndum. **10** Bræður og systur, leggið ykkur því enn betur fram um að vera trú köllun ykkar og útvalningu því að ef þið haldið áfram að gera þetta munuð þið aldrei nokkurn tíma bregðast. **11** Þannig fáið þið að ganga með dýrlegum hætti inn\* í eilíft ríki Drottins okkar og frelsara Jesú Krists.

1:1 \*Eða „eignast trú sem er haldin í jafn miklum heiðri og okkar“. 1:3, 4 \*Eða „fúslega gefið“. 1:4 †Eða „af girnd“. 1:9 \*Eða hugsanl. „Hann er skammssýnn“. 1:11 \*Eða „Þannig veitist ykkur ríkulega innganga“.

**12** Þess vegna ætla ég mér að minna ykkur stöðugt á þetta þó að þið vitið það og hafið góða fótfestu í sannleikanum sem býr í ykkur. **13** En meðan ég er í þessari tjaldbúð\* tel ég rétt að hvetja ykkur með því að minna ykkur á þetta **14** því að ég veit að bráðum verður tjaldbúð mín tekin burt, rétt eins og Drottinn okkar Jesús Kristur gerði mér ljóst. **15** Ég ætla alltaf að gera mitt ýtrasta svo að þið getið minnt ykkur á\* þetta eftir að ég er farinn héðan.

**16** Ekki fylgdum við kænlega uppspunnum lygasögum þegar við boðuðum ykkur mátt og nærveru Drottins Jesú Krists heldur vorum við sjónarvottar að mikilfengleika hans. **17** Hann hlaut heiður og dýrd frá Guði föðurnum þegar hin dýrlega hátign flutti honum orð eins og þessi:\* „Þetta er sonur minn sem ég elska og hef velþóknun á.“ **18** Já, við heyrðum þessi orð koma af himni meðan við vorum með honum á fjallinu helga.

**19** Við höfum því fengið enn meira traust á spádómsorðinu og það er rétt af ykkur að gefa gaum að því eins og ljósi sem skín á dimmum stað, það er að segja í hjörtum ykkar, þar til dagur rennur upp og morgunstjarna rís. **20** Umfram allt vitið þið að enginn spádómur Ritningarinnar er sprottinn af hugmyndum manna. **21** Spádómur hefur aldrei verið borinn fram að vilja manns heldur töluðu menn það sem kom frá Guði, knúnir\* af heilögum anda.

**2** En það komu líka upp falsspámennt meðal fólksins og eins verða falskennarar á meðal ykkar. Þeir munu lauma inn sundrandi kenningum sem brjóta niður trú

1:13 \*Eða „þessu tjaldi“, það er, jarðneskum líkama. 1:15 \*Eða „minnst á“. 1:17 \*Orðrétt „slíka rödd“. 1:21 \*Orðrétt „bornir áfram“.

ykkar. Þeir afneita jafnvel eiganda sínum sem keypti þá, og kalla yfir sig bráða tortímingu. **2** Margir munu auk þess líkja eftir blygðunarlausri hegðun\* þeirra, og vegna þeirra verður talað illa um veg sannleikans. **3** Þeir eru líka ágjarnir og beita blekkingum til að notfæra sér ykkur. En dómi þeirra, sem er löngu ákveðinn, seinkar ekki og tortíming þeirra blundar ekki.

**4** Ekki þyrmdi Guð englunum sem syndguðu heldur kastaði þeim í Tartaros\* og batt þá í fjötra\* niðamyrkur þar sem þeir bíða dóms. **5** Og hann þyrmdi ekki hinum forna heimi en verndaði Nóa, boðbera réttlætisins, ásamt sjö öðrum þegar hann lét flóð koma yfir heim óguðlegra manna. **6** Hann dæmdi borgirnar Sódómu og Gómorru með því að brenna þær til ösku, og setti þær óguðlegu fólki til viðvörunar\* um það sem koma skal. **7** En hann bjargaði Lot hinum réttláta sem var miður sín yfir blygðunarlausri hegðun\* illra manna. **8** Dag eftir dag kvaldist þessi réttláti maður í réttlátri sál\* sinni vegna þeirra illu verka sem hann sá og heyrði meðan hann bjó á meðal þeirra. **9** Við sjáum því að Jehóva\* veit hvernig hann á að bjarga hinum guðræknu úr prófraunum en geyma hina ranglátu til að tortíma þeim á dómsdegi, **10** einkum þá sem fyrirlíta yfirvald\* og sækjast eftir að spilla öðrum með því að eiga kynmök við þá.

Þeir eru djarfir og þrjóskir og ófeymnir að tala illa um hina dýr-

legu. **11** En englar, sem eru þó sterkari og völdugri en þeir, ákæra þá ekki með svívirðingum af virðingu við\* Jehóva.\* **12** Þessir menn eru eins og skynlausar skepnur sem fylgja eðlishvöt sinni og eru fæddar\* til að veiðast og tortímast. Þeir tala illa um það sem þeir vita ekkert um. Þeir kalla yfir sig tortímingu með illsku sinni **13** og hljóta skaða að launum fyrir skaðlega hegðun sína.

Þeir hafa ánægju af óhófi, jafnvel að degi til. Þeir eru smánarblettir og skömm sem hafa nautn\* af villukenningum sínum þegar þeir sitja veislur með ykkur. **14** Augu þeirra eru full framhjáhalds og geta ekki haldið sig frá syndinni, og þeir tæla hina óstyrku.\* Hjörtu þeirra hafa tamið sér ágrind. Þeir eru bólváðir. **15** Þeir hafa yfirgefið beinu brautina og leiðst afvega. Þeir hafa fylgt vegi Bíleams Beórssonar sem elskaði launin fyrir að gera illt **16** en var ávítaður fyrir að brjóta gegn því sem var rétt. Mállaust burðardýr talaði mannamál og stöðvaði spámanninn í vitfirringu hans.

**17** Þessir menn eru vatnslausir brunnar og skýjaslæður sem hrekjast fyrir stormi, og þeirra biður svartamyrkur. **18** Þeir fara með hástemmd en innantóm orð. Þeir tæla þá sem eru nýsloppnir frá þeim sem lifa í villu með því að höfða til langana holdsins og með blygðunarlausri hegðun\* sinni. **19** Þeir lofa þeim frelsi en eru sjálfir þrælur spillingarinnar því að sá sem lýtur í lægra haldi fyrir öðrum er þræll hans.\* **20** Þeir sem hafa fengið nákvæma þekkingu á Drottni okkar og frelsara Jesú Kristi og eru

2:2, 18 \*Eða „ósvífinni hegðun“. Fleirtala gríska orðsins *asel/geia*. Sjá orðaskýringar. 2:4, 8, 9, 11 \*Sjá orðaskýringar. 2:4 \*Eða hugsanl. „setti þá í gryfjur“. 2:6 \*Orðrétt „sem fyrirmynd“. 2:7 \*Eða „ósvífinni hegðun“. Á grísku *asel/geia*. Sjá orðaskýringar. 2:10 \*Eða „lita niður á yfirráð“.

2:11 \*Eða „frammi fyrir“. 2:12 \*Eða „fæddar frá náttúrunnar hendi“. 2:13 \*Eða „sem hafa taumlausu ánægju“. 2:14 \*Eða „tæla óstyrkar sálir“. 2:19 \*Eða „lýtur í lægra haldi fyrir einhverju er þræll þess“.



sloppnir frá spillingu heimsins eru verr settir en áður ef þeir flækjast aftur í spillinguna og biða ósigur. **21** Það hefði verið betra fyrir þá að hafa ekki þekkt veg réttlætisins en að hafa kynnst honum og síðan snúið baki við hinu heilaga boðorði sem þeir fengu. **22** Á þeim hefur ræst þessi málsháttur: „Hundurinn er snúinn aftur til spýju sinnar og þvegið svínið veltir sér aftur í forinni.“

**3** Þið elskuðu, þetta er nú annað bréfið sem ég skrifa ykkur. Eins og í fyrra bréfinu vil ég örva hjá ykkur skýra hugsun með áminningum **2** til að þið munið það sem heilagir spámenn hafa áður sagt\* og sömuleiðis boðorð Drottins, frelsarans, sem postular ykkar fluttu. **3** Vitið það fyrst og fremst að á síðustu dögum koma menn sem stjórnast af eigin löngunum, gera gys að ykkur og segja háðslega: **4** „Hvað varð um fyrirheitna nærveru hans? Frá því að forfeður okkar sofnuðu hefur allt gengið sinn vanagang, rétt eins og frá upphafi sköpunarinnar.“

**5** Viljandi loka þeir augunum fyrir því að endur fyrir löngu voru til himnar og jörð sem stóð óbifanleg upp úr vatni og var umlukin vatni vegna orðs Guðs **6** og að vegna þess hafi þáverandi heimur farist í vatnsflóði. **7** En vegna sama orðs eru núverandi himnar og jörð geymd eldinum og biða þess dags að óguðlegir verði dæmdir og þeim eytt.

**8** Látið það samt ekki fara fram hjá ykkur, þið elskuðu, að hjá Jehóva\* er einn dagur eins og þúsund ár og þúsund ár eins og einn dagur. **9** Jehóva\* er ekki seinn á sér að efna fyrirheit sitt þótt sumum finnist það, heldur er hann þolinmóður

við ykkur því að hann vill ekki að neinn farist heldur að allir fái tækifæri til að iðrast. **10** En dagur Jehóva\* kemur eins og þjófur. Þá líða himnarnir undir lok með miklum gný,\* frumefnin bráðna í ógnarhita og jörðin og verkin á henni verða afhjúpuð.

**11** Þar sem allt þetta á að eyðast á þennan hátt hugsid þá um hvers konar manneskjur þið eigið að vera. Þið eigið að vera guðrækin og heilög í hegðun **12** meðan þið bíðið og hafið stöðugt í huga\* að dagur Jehóva\* er nálægur, en þá munu himnarnir eyðast í eldi og frumefnin bráðna í ógnarhita. **13** En við bíðum eftir nýjum himnum og nýrri jörð samkvæmt fyrirheiti hans og þar mun réttlæti búa.

**14** Þar sem þið væntið þessa, þið elskuðu, skuluð þið gera ykkar ýrasta til að reynast að lokum flekklaus og lýtalaus í augum hans og eiga frið. **15** Og lítið svo á að þolinmæði Drottins okkar sé til björgunar, rétt eins og elskaður bróðir okkar, Páll, hefur skrifað ykkur samkvæmt þeirri visku sem honum er gefin. **16** Hann talar um þetta í öllum bréfum sínum. En í þeim er sumt torskilið sem fáfróðir\* og hvikulir menn rangsnúa, eins og þeir gera reyndar með Ritninguna í heild, sjálfum sér til tortímingar.

**17** Þar sem þið vitið þetta fyrir fram, þið elskuðu, skuluð þið gæta að ykkur til að leiðast ekki afvega af villu þessara illu manna og falla frá staðfestu\* ykkar. **18** Megi einstök góðvild Guðs og þekking á Drottni okkar og frelsara Jesú Kristi aukast hjá ykkur. Honum sé dýrðin, bæði nú og til eilífðardags. Amen.

3:2 \*Eða „hafa sagt fyrir“. 3:8-10, 12 \*Sjá orðaskýringar.

3:10 \*Eða „með hvin“. 3:12 \*Eða „þráið ákaflega“. Orðrétt „flýtið fyrir“. 3:16 \*Eða „ólærðir“. 3:17 \*Eða „stöðuglyndi“.

FYRSTA BRÉF  
**JÓHANNESAR**

YFIRLIT

- |   |  |
|---|--|
| <p>1 Orð lífsins (1-4)<br/>Að ganga í ljósinu (5-7)<br/>Við þurfum að játa syndir okkar (8-10)</p> <p>2 Jesús er friðþægingarfórn (1, 2)<br/>Að halda boðorð hans (3-11)<br/>Gamalt og nýtt boðorð (7, 8)<br/>Tilfni bréfsins (12-14)<br/>Elskið ekki heiminn (15-17)<br/>Varað við andkristi (18-29)</p> <p>3 Við erum börn Guðs (1-3)<br/>Börn Guðs og börn Djöfulsins (4-12)<br/>Jesús á að brjóta niður verk<br/>Djöfulsins (8)<br/>Elskið hvert annað (13-18)<br/>Guð er meiri en hjarta okkar (19-24)</p> | <p>4 Prófið innblásin orð (1-6)<br/>Að þekja Guð og elska hann (7-21)<br/>„Guð er kærleikur“ (8, 16)<br/>Enginn ótti í kærleikanum (18)</p> <p>5 Trú á Jesú sigrar heiminn (1-12)<br/>Það sem felst í því að elska<br/>Guð (3)<br/>Treystum á mátt bænarinna (13-17)<br/>Gætið ykkar í illum heimi (18-21)<br/>Allur heimurinn á valdi<br/>hins vonða (19)</p> |
|---|--|

**1** Við segjum frá því sem var frá upphafi, því sem við höfum heyrt og séð með eigin augum, því sem við höfum virt fyrir okkur og snert með höndum okkar, það er að segja frá orði lífsins. **2** (Lífið var opinberað og við höfum séð og berum vitni og segjum ykkur frá eilífa lífinu sem var hjá föðurnum og var opinberað okkur.) **3** Við segjum ykkur frá því sem við höfum séð og heyrt til að þið getið átt samneyti\* við okkur eins og við eigum samneyti við föðurinn og son hans, Jesú Krist. **4** Við skrifum þetta til að gleði okkar verði fullkomin.

**5** Þetta er boðskapurinn sem við höfum heyrt frá honum og flytjum ykkur: Guð er ljós og í honum er alls ekkert myrkur. **6** Ef við segjum: „Við eigum samneyti við

hann,“ en göngum samt áfram í myrkrinu ljúgum við og lifum ekki í samræmi við sannleikann. **7** En ef við göngum í ljósinu eins og hann er sjálfur í ljósinu eigum við samneyti hvert við annað, og blóð Jesú sonar hans hreinsar okkur af allri synd.

**8** Ef við segjum: „Við erum syndlaus,“ blekkjum við sjálf okkur og sannleikurinn býr ekki í okkur. **9** Ef við játum syndir okkar er hann trúr og réttlátur og fyrirgefur okkur syndirnar og hreinsar okkur af öllu ranglæti. **10** Ef við segjum: „Við höfum ekki syndgað,“ gerum við hann að lygara og orð hans býr ekki í okkur.

**2** Börnin mín, ég skrifa ykkur þetta til að þið syndgið\* ekki. En ef einhver drýgir synd höfum

1:3 \*Eða „haft samfélag“.

2:1 \*Gríska sögnin lýsir stökum atburði eða verknaði.

við hjálpara\* hjá föðurnum, Jesús Krist sem er réttlátur. **2** Hann er friðþægingarförn\* fyrir syndir okkar, en ekki aðeins fyrir syndir okkar heldur einnig syndir alls heimsins. **3** Og okkur er ljóst að við höfum kynnst honum ef við höldum áfram að fylgja boðorðum hans. **4** Sá sem segir: „Ég hef kynnst honum,“ en heldur samt ekki boðorð hans er lygari og sannleikurinn býr ekki í honum. **5** En hjá þeim sem heldur orð hans hefur kærleikurinn til Guðs fullkomnast. Þannig vitum við að við erum sameinuð honum. **6** Sá sem segist vera sameinaður honum verður sjálfur að lifa eins og hann lifði.\*

**7** Þið elskuðu, það er ekki nýtt boðorð sem ég skrifa ykkur heldur er það gamalt boðorð sem þið hafið haft frá upphafi. Þetta gamla boðorð er orðið sem þið heyrðuð. **8** Engu að síður er það nýtt boðorð sem ég skrifa ykkur og það birtist bæði hjá honum og ykkur því að myrkið er að hverfa og hið sanna ljós er þegar farið að skína.

**9** Sá sem segist vera í ljósinu en hatar bróður sinn er enn í myrkrinu. **10** Sá sem elskar bróður sinn er stöðugur í ljósinu og í honum er ekkert sem getur leitt hann\* til falls. **11** En sá sem hatar bróður sinn er í myrkrinu og gengur í myrkrinu. Hann veit ekki hvert hann fer því að myrkið hefur blindað hann.

**12** Ég skrifa ykkur, börnin mín, þar sem þið hafið fengið syndir ykkar fyrirgefna vegna nafns hans. **13** Ég skrifa ykkur, feður,

því að þið hafið kynnst honum sem hefur verið til frá upphafi. Ég skrifa ykkur, ungu menn, því að þið hafið sigrað hinn vonda. Ég skrifa ykkur, börn, því að þið hafið kynnst föðurnum. **14** Ég skrifa ykkur, feður, því að þið hafið kynnst honum sem hefur verið til frá upphafi. Ég skrifa ykkur, ungu menn, því að þið eruð sterkir, orð Guðs er stöðugt í ykkur og þið hafið sigrað hinn vonda.

**15** Elskið hvorki heiminn né það sem er í heiminum. Sá sem elskar heiminn elskar ekki föðurninn **16** því að allt sem er í heiminum – það sem maðurinn\* girnist, það sem augun girnast og það að flika\* eigum sínum – kemur frá heiminum en ekki frá föðurnum. **17** Og heimurinn líður undir lok ásamt girndum sínum en sá sem gerir vilja Guðs lifir að eilífu.

**18** Börnin mín, þetta er síðasta stund. Þið hafið heyrt að andkristur eigi að koma og nú eru margir andkristar komnir fram. Þess vegna vitum við að það er hin síðasta stund. **19** Þeir voru með okkur en yfirgáfu okkur þar sem þeir áttu ekki samleið með okkur.\* Ef þeir hefðu átt samleið með okkur hefðu þeir verið hjá okkur áfram. En þeir yfirgáfu okkur svo að augljóst yrði að það eiga ekki allir samleið með okkur. **20** Hinn heilagi hefur smurt ykkur og þið búið öll yfir þekkingu. **21** Ég skrifa ykkur, ekki af því að þið þekkið ekki sannleikann heldur af því að þið þekkið hann og engin lygi kemur frá sannleikanum.

**22** Hver er lygari ef ekki sá sem neitar að Jesús sé Kristur? Sá er andkristur sem afneitar föðurnum og syninum. **23** Enginn sem af-

2:1 \*Eða „málsvara“. 2:2 \*Eða „sáttarförn; leið til friðþægingar“. 2:6 \*Orðrétt „ganga eins og hann gekk“. 2:10 \*Eða hugsanl. „aðra“.

2:16 \*Orðrétt „holdið“. \*Eða „monta sig af“. 2:19 \*Eða „tilheyrðu okkur ekki“.

neitar syninum hefur velþóknun föðurins. En sá sem viðurkennir soninn hefur velþóknun föðurins.

**24** Þið skuluð halda ykkur við það sem þið hafið heyrt frá upphafi. Ef þið haldið ykkur við það sem þið heyrðuð frá upphafi verðið þið líka sameinuð syninum og föðurnum áfram. **25** Og það sem hann hefur lofað okkur er eilíft líf.

**26** Ég skrifa ykkur þetta um þá sem reyna að afvegaleiða ykkur.

**27** Þið hafið fengið andasmurningu frá honum. Hún er stöðug í ykkur og þið hafið ekki þörf á að neinn kenni ykkur. Smurningin frá honum kennir ykkur allt. Hún er sannleikur og engin lygi. Verið sameinuð honum eins og hún hefur kennt ykkur. **28** Og nú, börnin mín, verið sameinuð honum svo að við getum talað djarfmannlega þegar hann opinberast og hörfum ekki frá honum með skömm við nærveru hans. **29** Þar sem þið vitið að hann er réttlátur vitið þið líka að allir sem gera hið rétta eru fæddir af honum.

**3** Sjáið hvílíkan kærleika faðirinn hefur sýnt okkur – við erum kölluð börn Guðs! Og það erum við. En heimurinn þekkir okkur ekki vegna þess að hann hefur ekki kynnst honum. **2** Þið elskuðu, nú erum við börn Guðs en það hefur enn ekki verið opinberað hvað við verðum. Við vitum að þegar hann opinberast verðum við eins og hann því að við munum sjá hann eins og hann er. **3** Og allir sem hafa þessa von til hans hreinsa sjálfa sig eins og hann er hreinn.

**4** Þeir sem halda áfram að syndga brjóta lög því að syndin er lögbrot. **5** Þið vitið líka að Jesús birtist til að taka burt syndir okkar og í honum er engin synd. **6** Enginn sem er sameinaður hon-

## 1. JÓHANNESARBRÉF 2:24–3:16

um heldur áfram að syndga. Sá sem heldur áfram að syndga hefur hvorki séð hann né kynnst honum.

**7** Börnin mín, látið engan afvegaleiða ykkur. Sá sem gerir það sem er rétt er réttlátur eins og Jesús er réttlátur. **8** Sá sem heldur áfram að syndga er undir áhrifum Djöfulsins þar sem Djöfullinn hefur syndgað frá upphafi.\* Sonur Guðs birtist til að brjóta niður<sup>#</sup> verk Djöfulsins.

**9** Enginn sem er fæddur af Guði heldur áfram að syndga því að það sem Guð hefur sáð\* varir í honum. Hann getur ekki haldið áfram að syndga þar sem hann er fæddur af Guði. **10** Börn Guðs og börn Djöfulsins þekkjast á þessu: Sá sem gerir ekki hið rétta er ekki Guðs megin og hið sama er að segja um þann sem elskar ekki bróður sinn. **11** Þetta er boðskapurinn sem þið hafið heyrt frá upphafi: Við eigum að elska hvert annað **12** en ekki vera eins og Kain sem var undir áhrifum hins vonda og myrti bróður sinn. Og hvers vegna myrti hann hann? Vegna þess að hans eigin verk voru vond en verk bróður hans réttlát.

**13** Látið það ekki koma ykkur á óvart, bræður og systur, að heimurinn skuli hata ykkur. **14** Við vitum að við höfum stigið yfir frá dauðanum til lífsins því að við elskum trússystemi okkar. Sá sem elskar ekki er áfram í dauðanum. **15** Sá sem hatar bróður sinn er morðingi\* og þið vitið að enginn morðingi hefur í sér eilíft líf. **16** Við þekkjum kærleikann af því að hann gaf líf sitt\* fyrir okkur, og

3:8 \*Eða „síðan hann hófst handa“. \*Eða „afmá“. 3:9 \*Það er, sáðkorn sem getur borið ávöxt. 3:15 \*Eða „manndrápari“. 3:16 \*Eða „sál sína“.

okkur er skylt að gefa líf\* okkar fyrir bræður okkar og systur.

**17** En ef einhver hefur nóg af efnislegum gæðum og sér bróður sinn líða skort en vill ekki sýna honum umhyggju, hvernig getur hann þá sagst elska Guð? **18** Börnin mín, elskum ekki með tónum orðum heldur í verki og sannleika.

**19** Þannig vitum við að við erum sannleikans megin og getum róað\* hjörtu okkar frammi fyrir Guði, **20** hvað sem hjartað kann að dæma okkur fyrir, því að Guð er meiri en hjarta okkar og veit allt. **21** Þið elskuðu, ef hjartað dæmir okkur ekki getum við talað óhikað við Guð **22** og við fáum allt sem við biðjum hann um því að við höldum boðorð hans og gerum það sem honum líkar. **23** Og boðorð hans er að við eigum að trúá á nafn sonar hans, Jesú Krists, og elska hvert annað eins og hann gaf okkur fyrirmæli um. **24** Sá sem heldur boðorð Guðs er auk þess sameinaður Guði og Guð sameinaður honum. Og vegna andans sem hann gaf okkur vitum við að hann er sameinaður okkur.

**4** Þið elskuðu, trúið ekki hverju innblásnu orði\* heldur prófið orðin<sup>†</sup> til að kanna hvort þau séu frá Guði því að margir falspámennt hafa komið fram í heiminum.

**2** Þannig vitið þið að innblásin orð eru frá Guði: Öll innblásin orð þar sem viðurkennt er að Jesús Kristur hafi komið fram sem maður\* eru frá Guði. **3** En engin innblásin orð eru frá Guði ef þau viðurkenna ekki Jesú heldur eru þau innblásin orð andkrists. Þið heyrðu að þau ættu að koma og þau

eru nú þegar komin fram í heiminum.

**4** Þið eruð Guðs megin, börnin mín, og þið hafið sigrað falspámenntina því að sá sem er sameinaður ykkur er meiri en sá sem er sameinaður heiminum. **5** Þeir eru undir áhrifum heimsins. Þess vegna tala þeir það sem kemur frá heiminum og heimurinn hlustar á þá. **6** Við erum Guðs megin. Sá sem kynnist Guði hlustar á okkur en sá sem er ekki Guðs megin hlustar ekki á okkur. Þannig þekkjum við í sundur sönn innblásin orð og fölsk.

**7** Þið elskuðu, höldum áfram að elska hvert annað því að kærleikurinn er frá Guði og allir sem elska eru fæddir af Guði og þekja Guð. **8** Sá sem elskar ekki hefur ekki kynnst Guði því að Guð er kærleikur. **9** Kærleikur Guðs til okkar birtist í því að hann sendi einkason sinn í heiminn til að við fengjum líf fyrir atbeina hans. **10** Kærleikurinn er ekki fólgin í því að við elskuðum Guð heldur að hann elskaði okkur og sendi son sinn sem friðþægingarfórn\* fyrir syndir okkar.

**11** Þið elskuðu, fyrst Guð elskaði okkur þannig þá er okkur skylt að elska hvert annað. **12** Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð. Ef við höldum áfram að elska hvert annað er Guð í okkur og kærleikur hans fullkomnast í okkur. **13** Við vitum að við erum sameinuð honum og hann okkur þar sem hann hefur gefið okkur anda sinn. **14** Auk þess höfum við séð með eigin augum að faðirinn hefur sent son sinn sem frelsara heimsins og við vitnum um það. **15** Sá sem viðurkennir að Jesús sé sonur Guðs er sameinaður Guði og Guð

3:16 \*Eða „sál“. 3:19 \*Eða „sannfært“. 4:1 \*Orðrétt „hverjum anda“. †Orðrétt „andana“. 4:2 \*Orðrétt „í holdi“.

4:10 \*Eða „sáttarfórn; leið til friðþægingar“.

sameinaður honum. **16** Við höfum kynnst kærleikanum sem Guð ber til okkar og trúum að hann elski okkur.

Guð er kærleikur og sá sem er staðfastur í kærleikanum er sameinaður Guði og Guð sameinaður honum. **17** Þannig hefur kærleikurinn fullkomnast í okkur til að við getum talað óhikað\* á dómsdeginum því að í þessum heimi erum við eins og Kristur er. **18** Í kærleikanum er enginn ótti. Fullkominn kærleikur rekur út óttann því að óttinn hamlar okkur. Sá sem óttast hefur ekki fullkomnast í kærleikanum. **19** Við elskum því að hann elskaði okkur að fyrra bragði.

**20** Ef einhver segir: „Ég elska Guð,“ en hatar samt bróður sinn er hann lygari. Sá sem elskar ekki bróður sinn, sem hann hefur séð, getur ekki elskað Guð sem hann hefur ekki séð. **21** Hann hefur gefið okkur þetta boðorð: Sá sem elskar Guð á einnig að elska bróður sinn.

**5** Allir sem trúa að Jesús sé Kristur eru fæddir af Guði og allir sem elska föðurinn elska þann sem er fæddur af honum. **2** Við vitum að við elskum börn Guðs ef við elskum Guð og förum eftir boðorðum hans. **3** Að elska Guð felur í sér að halda boðorð hans og boðorð hans eru ekki þung **4** því að allir\* sem eru fæddir af Guði sigra heiminn. Og það er trú okkar sem hefur gert okkur kleift að sigra heiminn.

**5** Hver getur sigrað heiminn? Er það ekki sá sem trúir að Jesús sé sonur Guðs? **6** Jesús Kristur er sá sem kom með vatni og blóði, ekki aðeins með vatninu held-

## 1. JÓHANNESARBRÉF 4:16–5:18

ur með vatninu og blóðinu. Andinn vitnar um það því að andinn er sannleikurinn. **7** Þeir eru sem sagt þrír sem vitna: **8** andinn, vatnið og blóðið, og þeim þrem ber saman.

**9** Við tökum vitnisburð manna gildan en vitnisburður Guðs vegur þyngra. Og Guð hefur sjálfur vitnað um son sinn. **10** Sá sem trúir á son Guðs hefur vitnisburðinn innra með sér. Sá sem trúir ekki á Guð hefur gert hann að lygara því að hann trúir ekki þeim vitnisburði sem Guð hefur gefið um son sinn. **11** Vitnisburðurinn er sá að Guð gaf okkur eilíft líf og þetta líf er í syni hans. **12** Sá sem viðurkennir soninn hlýtur eilíft líf. Sá sem viðurkennir ekki son Guðs hlýtur ekki eilíft líf.

**13** Ég skrifa ykkur þetta til að þið vitið að þið hljótið eilíft líf, þið sem trúið á nafn sonar Guðs. **14** Og við berum það traust til Guðs að hann heyrir\* okkur, hvað sem við biðjum um samkvæmt vilja hans. **15** Fyrst við vitum að hann heyrir okkur, sama hvað við biðjum um, vitum við líka að við fáum það sem við höfum beðið hann um.

**16** Ef einhver sér bróður sinn drýgja synd sem leiðir ekki til dauða skal hann biðja og Guð veitir bróðurnum líf, það er að segja þeim sem drýgir ekki synd sem leiðir til dauða. En til er synd sem leiðir til dauða. Ég er ekki að segja honum að biðja fyrir þess konar synd. **17** Allt ranglæti er synd en til er synd sem leiðir ekki til dauða.

**18** Við vitum að enginn sem er fæddur af Guði heldur áfram að

4:17 \*Eða „verið örugg; verið hughraust“.  
5:4 \*Orðrétt „allt“.

5:14 \*Eða „við getum talað óhikað við hann þar sem hann heyrir“.

syndga. Sonur Guðs\* gætir hans og hinn vondi getur ekki gert honum neitt.<sup>19</sup> Við vitum að við erum Guðs megin en allur heimurinn er á valdi hins vonda. **20** Við vitum að sonur Guðs kom og veitti

5:18 \*Orðrétt „Sá sem er fæddur af Guði“.  
#Eða „nær ekki taki á honum“.

okkur skilning\* til að við gætum kynnst hinum sanna Guði. Við erum sameinuð honum vegna sonar hans, Jesú Krists. Þetta er hinn sanni Guð og uppspretta eilífs lífs. **21** Börnin mín, varið ykkur á skurðgoðum.

5:20 \*Orðrétt „greind; vitsmuni“.

## ANNAD BRÉF

## JÓHANNESAR

## YFIRLIT

Kveðjur (1–3)

Gangið á vegi sannleikans (4–6)

Gætið ykkar á svikum (7–11)

Heilsíð ekki (10, 11)

Áform um heimsókn og kveðjur (12, 13)

**1** Frá öldungnum til hinnar út-völdu frúar\* og barna hennar sem eru mér mjög kær, en ekki aðeins mér heldur öllum sem hafa kynnst sannleikanum. **2** Við elskum ykkur vegna sannleikans sem er í okkur og verður í okkur að eilífu. **3** Einstök góðvild, miskunn og friður frá Guði föður okkar og Jesú Kristi syni föðurins verður með okkur, auk sannleika og kærleika.

**4** Það gleður mig mjög að hafa komist að raun um að sum af börnum þínum ganga á vegi sannleikans eins og faðirinn gaf okkur boðorð um. **5** Og nú, útvalda frú, skrifa ég þér: Elskum hvert annað. (Þetta er ekki nýtt boðorð heldur það sem við höfum haft frá upp-

1 \*„Hin útvalda frú“ getur hafa verið ákveðin kona eða söfnuður á fyrstu öld.

hafi.) **6** Kærleikurinn felur í sér að við höldum áfram að lifa eftir boðorðum hans. Þetta er boðorðið eins og þið hafið heyrt frá upphafi, að þið eigið að sýna kærleika. **7** Margir svikarar hafa komið fram í heiminum, þeir sem viðurkenna ekki að Jesús Kristur hafi komið fram sem maður.\* Þetta er svikarinn og andkristurinn.

**8** Gætið ykkar svo að þið glatíð ekki því sem við höfum áorðað heldur hljótið full laun. **9** Sá sem gengur of langt og heldur sig ekki við það sem Kristur kenndi hefur ekki velþóknun Guðs. Sá sem heldur sig við það sem hann kenndi hefur bæði velþóknun föðurins og sonarins. **10** Ef einhver kemur til ykkar og er með aðrar kenningar

7 \*Orðrétt „í holdi“.

skuluð þið ekki bjóða honum inn á heimili ykkar eða heilsa honum **11** því að sá sem heilsar honum tekur þátt í vondum verkum hans.

**12** Þó að ég hafi margt að skrifa ykkur vil ég ekki gera það með

pappír og bleki heldur vonast ég til að geta komið til ykkar og talað við ykkur augliti til auglitis svo að þið fyllist gleði.

**13** Börn systur þinnar, hinnar útvöldu, biðja að heilsa þér.

## ÞRIÐJA BRÉF

# JÓHANNESAR

### YFIRLIT

Kveðja og bæn (1–4)

Gajusi hrósað (5–8)

Díótrufes vill vera fremstur (9, 10)

Demetríus hefur gott orð á sér (11, 12)

Áform um heimsókn og kveðjur (13, 14)

**1** Frá öldungnum til hins elskaða Gajusar sem er mér mjög kær.

**2** Kæri bróðir, ég bið þess að þér megi heilsast vel og ávallt vegna vel í öllu, rétt eins og nú. **3** Ég varð mjög glaður þegar bræður komu og vitnuðu um að þú haldir þig fast við sannleikann, já, að þú haldir áfram að ganga á vegi sannleikans.

**4** Ekkert gleður mig meira en\* að heyra að börnin mín gangi á vegi sannleikans.

**5** Þú sýnir trúfesti þína, kæri bróðir, með því sem þú gerir fyrir bræðurna, jafnvel þá sem þú þekkir ekki. **6** Þeir hafa sagt söfnuðinum frá kærleika þínum. Viltu aðstoða þá eins og viðeigandi er í augum Guðs þegar þeir halda ferð sinni áfram **7** því að þeir lögðu af stað vegna nafns hans og þiggja ekki neitt af fólki af þjóðunum. **8** Þess

**4** \*Eða hugsanl. „fyllir mig eins miklu þakklæti og“.

vegna er okkur skylt að vera gestrisin við þá svo að við verðum samstarfsmenn í þágu sannleikans.

**9** Ég skrifaði nokkur orð til safnaðarins en Díótrufes, sem vill vera fremstur meðal ykkar, virðir ekki neitt sem við segjum. **10** Þess vegna ætla ég, ef ég kem, að vekja athygli á verkum hans, hvernig hann rægir okkur úti um allt.\* Og hann lætur það ekki nægja heldur virðir hann hvorki bræðurna né býður þá velkomna, og þegar aðrir vilja bjóða þá velkomna reynir hann að hindra það og reka þá úr söfnuðinum.

**11** Kæri bróðir, líktu ekki eftir því sem er illt heldur því sem er gott. Sá sem gerir hið góða er Guðs megin. Sá sem gerir hið illa hefur ekki séð Guð. **12** Allir hafa gott eitt að segja um Demetríus og sannleikurinn staðfestir að þeir hafa rétt

**10** \*Orðrétt „blaðrar um okkur með ljótum orðum“.



fyrir sér. Við vitnum líka um hann og þú veist að vitnisburður okkar er sannur.

**13** Ég hef margt að skrifa þér en mig langar ekki til að halda áfram að skrifa þér með penna og bleki.

**14** Ég vonast hins vegar til að sjá þig fljótlega og tala við þig augliti til auglitis.

Friður sé með þér.

Vinirnir biðja að heilsa. Ég bið að heilsa vinunum hverjum fyrir sig.

## BRÉF

## JÚDASAR

## YFIRLIT

Kveðjur (1, 2)

Falskennarar hljóta dóm (3–16)

Deila Mikaelis við Djöfulinn (9)

Spádómur Enoks (14, 15)

Haldið ykkur í skjóli kærleika

Guðs (17–23)

Guði sé dýrð (24, 25)

**1** Frá Júdasi, sem er þjónn Jesú Krists og bróðir Jakobs, til hinna kölluðu sem Guð faðirinn elskar og varðveitir handa Jesú Kristi.

**2** Megið þið njóta miskunnar, friðar og kærleika í ríku mæli.

**3** Þið elskuðu, mér var mikið í mun að skrifa ykkur um sameiginlega frelsun okkar en komst að raun um að það væri áriðandi að skrifa og hvetja ykkur til að berjast af krafti fyrir trúnni sem hinum heilögu var gefin í eitt skipti fyrir öll. **4** Ástæðan er sú að nokkrir menn hafa smeygt sér inn á meðal ykkar, en spáð var fyrir löngu í Ritningunum að þeir hlytu dóm. Þetta eru óguðlegir menn sem misnota einstaka góðvild Guðs okkar til að réttlæta blygðunarlausu hegðun\* og afneita okkar eina eiganda<sup>†</sup> og Drottni, Jesú Kristi.

**5** Þó að þið vitið þetta mætavel vil ég minna ykkur á að Jehóva\*

bjargaði fólki sínu frá Egyptalandi en eyddi síðar þeim sem sýndu ekki trú.

**6** Og englana sem gættu ekki upphaflegrar stöðu sinnar heldur yfirgáfu sín réttu heimkynni hefur hann geymt í eilífum fjötrum í niðamykrri til dómsins á hinum mikla degi. **7** Sódóma og Gómorra og borgirnir umhverfis þær gáfu sig sömuleiðis á vald grófu kynferðislegu siðleysi\* og létu undan óeðlilegum girndum holdsins. Þær eru okkur til viðvörðunar þar sem þær hlutu dóm og var refsað með eilífum eldi.

**8** Þrátt fyrir það láta þessir menn sig einnig dreyma, spilla líkamanum,\* fyrirlíta yfirvald og tala illa um hina dýrlegu. **9** En þegar erkiengillinn Mikael átti í deilu við Djöfulinn um lík Móse vogaði hann sér ekki að dæma hann með niðrandi orðum heldur sagði: „Jehóva\* áviti þig.“

**10** En þessir menn tala illa um allt sem þeir skilja ekki. Og allt sem þeir

4 \*Eða „ösvífna hegðun“. Á grísku *asel'geia*. Sjá orðaskýringar. <sup>†</sup>Eða „húsbónda“. **5, 7, 9** \*Sjá orðaskýringar.

8 \*Orðrétt „holdinu“.

skilja af eðlisávisun eins og skynlausar skepnur, það gera þeir og það spillir þeim.

**11** Það fer illa fyrir þeim því að þeir hafa fylgt vegi Kains, anað út á villigötur Bileams í gróðaskyni, og gert uppreisn og tortímst líkt og Kóra.\* **12** Þeir eru blindsker við kærleiksmáltíðir ykkar þegar þeir borða með ykkur, hirðar sem háma í sig blygðunarlaust, vatnslaus ský sem hrekjast fyrir vindi, ávaxtalaus tré síðla hausts, tvisvar dauð\* og rifin upp með rótum, **13** trylltar sjávaröldur sem freyða sinni eigin skómm, reikandi stjórnur sem eiga eilíft svartamyrkur í vændum.

**14** Enok, sjöundi maður frá Adam, spáði líka um þá þegar hann sagði: „Jehóva\* kom með sínum heilögu þúsundum“ **15** til að fullnægja dómi yfir öllum og dæma alla óguðlega menn seka fyrir öll þau óguðlegu verk sem þeir höfðu framið og fyrir allt það yfiringilega sem þessir óguðlegu syndarar höfðu sagt um hann.“

**16** Þessir menn eru nöldurseggir sem kvarta yfir hlutskipti sínu í lífinu. Þeir láta stjórnast af eigin girndum, hreykja sér hátt og smjæðra fyrir öðrum\* í eiginhagsmunaskyni.

**11** \*Orðrétt „hafa tortímst í uppreisnartali Kóra“. **12** \*Eða „steindauð“. **14** \*Sjá orðaskýringar. \*Eða „tugþúsundum“. **16** \*Eða „dást að áberandi mönnum“.

**17** En þið elskuðu, munið eftir því sem postular Drottins okkar Jesú Krists hafa áður sagt.\* **18** Þeir sögðu oft við ykkur: „Á síðustu tímum koma fram menn sem gera gys að því sem er rétt og láta stjórnast af óguðlegum girndum sínum.“ **19** Þetta eru þeir sem valda sundrung, hugsa aðallega um langanir holdsins\* og hafa ekki andlegt hugarfar.“ **20** En þið elskuðu, byggið ykkur upp í ykkar helgustu trú og biðjið í krafti heilags anda **21** svo að þið haldið ykkur í skjóli kærleika Guðs meðan þið biðið eftir miskunn Drottins okkar Jesú Krists sem leiðir til eilífs lífs. **22** Haldið líka áfram að sýna þeim miskunn sem efast **23** og bjargið þeim með því að hrífa þá út úr eldinum. Sýnið öðrum einnig miskunn en gætið ykkar og hatið jafnvel fötin sem eru flekkuð af vondum verkum.\*

**24** Guð getur verndað ykkur svo að þið hrasíð ekki. Hann getur látið ykkur standa frammi fyrir dýrd sinni\* óflekkuð og með miklum fögnuði. **25** Honum, hinum eina Guði, sem frelsar okkur fyrir milligöngu Jesú Krists Drottins okkar, sé dýrð, hátign, máttur og vald frá eilífð, nú og til eilíðar. Amen.

**17** \*Eða „hafa sagt fyrir“. **19** \*Eða „hegða sér eins og dýr“. \*Orðrétt „andann“. **23** \*Orðrétt „holdinu“. **24** \*Eða „í dýrlegri návist sinni“.

# OPINBERUN

JÓHANNESAR

## YFIRLIT

- 1 Opinberun frá Guði fyrir milligöngu Jesú (1–3)  
Kveðjur til safnaðanna sjö (4–8)  
„Ég er alfa og ómega“ (8)

Jóhannes fluttur fram á Drottins dag (9–11)  
Hinn dýrlegi Jesús birtist í sýn (12–20)

- 2 Boðskapur til Efesus (1-7),  
Smyrnu (8-11), Pergamos (12-17),  
Þyatíru (18-29)
- 3 Boðskapur til Sardes (1-6),  
Filadelfíu (7-13), Laóðíkeu (14-22)
- 4 Sýn um himneskt háseti Jehóva (1-11)  
Jehóva í háseti sínu (2)  
Öldungarnir 24 í hásetum (4)  
Lífandi verurnar fjórar (6)
- 5 Bókrolla með sjö innsiglum (1-5)  
Lambið tekur við bókrollunni (6-8)  
Lambið er þess verðugt að rjúfa  
innsiglin (9-14)
- 6 Lambið rýfur fyrstu sex innsiglin (1-17)  
Sigurvegarinn á hvíta hestinum (1, 2)  
Reiðmaður á eldrauðum hesti  
tekur burt friðinn (3, 4)  
Reiðmaður á svörtum hesti  
veldur hungursneyð (5, 6)  
Reiðmaður á fólhvítum hesti  
heitir Dauði (7, 8)  
Þeir sem höfðu verið drepnir  
og eru undir altarinu (9-11)  
Mikill jarðskjálfti (12-17)
- 7 Fjórir englar halda aftur af  
eyðingarvindum (1-3)  
Hinar 144.000 innsiglaðar (4-8)  
Mikill múgur í hvítum skikkjum (9-17)
- 8 Sjöunda innsiglið rofið (1-6)  
Blásið í fyrstu fjóra lúðrana (7-12)  
Þreföld ógæfa boðuð (13)
- 9 Fimmti lúðurinn (1-11)  
Fyrsta ógæfan liðin hjá,  
tvær eftir (12)  
Sjötti lúðurinn (13-21)
- 10 Sterkur engill með litla bókrollu (1-7)  
„Biðin er á enda“ (6)  
Heilagur leyndardómur verður  
að veruleika (7)  
Jóhannes borðar litlu  
bókrolluna (8-11)
- 11 Vottarnir tveir (1-13)  
Spá í 1.260 daga í hærusekkjum (3)  
Drepnir og ekki lagðir í gróf (7-10)  
Lífgaðir við eftir þrjá og hálfan  
dag (11, 12)
- Önnur ógæfan liðin hjá, sú þriðja  
eftir (14)  
Sjöundi lúðurinn (15-19)  
Konungsvald Drottins okkar  
og Krists hans (15)  
Þeim sem eyða jörðina verður  
eytt (18)
- 12 Konan, sveinbarnið og drekin (1-6)  
Mikael berst við drekan (7-12)  
Drekanum kastað niður til  
jarðar (9)  
Djöfullinn veit að hann hefur  
nauman tíma (12)  
Drekin ofsækir konuna (13-17)
- 13 Villidýr með sjö höfuð kemur upp  
úr hafinu (1-10)  
Tvíhyrnt dýr kemur upp úr  
jörðinni (11-13)  
Líkneski af sjöhöfða dýrinu (14, 15)  
Merki og tala villidýrsins (16-18)
- 14 Lambið og hinar 144.000 (1-5)  
Boðskapur þriggja engla (6-12)  
Engill með eilífan  
fagnaðarboðskap (6, 7)  
Þeir sem deyta sameinaðir Kristi  
eru hamingjusamir (13)  
Tvenns konar uppskera á jörð (14-20)
- 15 Sjö englar með sjö plágur (1-8)  
Söngur Móse og lambsins (3, 4)
- 16 Sjö skálar reiði Guðs (1-21)  
Hellt á jörðina (2), í hafnið (3), í árnar  
og vatnsuppspretturnar (4-7),  
á sólina (8, 9), á háseti  
villidýrsins (10, 11), í Efrat  
og yfir loftið (17-21)  
Stríð Guðs við Harmagedón (14, 16)
- 17 Dómur yfir „Babýlon hinni miklu“ (1-18)  
Vændiskonan mikla situr á  
skarlatrauðu dýri (1-3)  
Dýrið „var en er ekki en stígur upp  
úr undirdjúpinu“ (8)  
Hornin tíu berjast við lambið (12-14)  
Hornin tíu munu hata  
vændiskonuna (16, 17)
- 18 „Babýlon hin mikla“ er fallin (1-8)  
„Farið út úr henni, fólk mitt“ (4)  
Sorg yfir falli Babýlonar (9-19)

- Fögnuður á himni yfir falli  
Babýlonar (20)  
Babýlon kastað í hafið eins og  
steini (21-24)
- 19 Lofið Jah fyrir dóma hans (1-10)  
Brúðkaup lambsins (7-9)  
Riddari á hvítum hesti (11-16)  
Hin mikla kvöldmáltíð Guðs (17, 18)  
Villidýrið sigrað (19-21)
- 20 Satan bundinn um 1.000 ár (1-3)  
Þeir sem ríkjja með Kristi  
í 1.000 ár (4-6)

- Satan leystur og síðan eytt (7-10)  
Hinir dáu dæmdir frammi fyrir  
hvíta hásetinu (11-15)
- 21 Nýr himinn og ný jörð (1-8)  
Dauðinn ekki til framfar (4)  
Allt verður nýtt (5)  
Nýrri Jerúsalem lýst (9-27)
- 22 Fljót lífsvatnsins (1-5)  
Niðurlagsorð (6-21)  
,Komið! Drekkjið ókeypis  
af vatni lífsins' (17)  
,,Komdu, Drottinn Jesús“ (20)

**1** Opinberun\* Jesú Krists sem Guð gaf honum til að sýna þjónum sínum það sem á að gerast bráðlega. Hann sendi engil sinn og lét hann birta það Jóhannesi þjóni Guðs með táknum **2** en Jóhannes vitnaði um orð Guðs og um vitnisburð Jesú Krists, já, um allt sem hann sá. **3** Sá sem les upp þessi spádómsorð er hamingjusamur og sömuleiðis þeir sem heyra þau og fara eftir því sem er skrifað í spádóminum því að hinn tilsetti tími er í nánd.

**4** Frá Jóhannesi til safnaðanna sjö í skattlandinu Asíu.

Megið þið njóta einstakrar góðvildar og friðar frá „honum sem er, sem var og kemur“, frá öndunum sjö sem eru frammi fyrir háseti hans **5** og frá Jesú Kristi, „vottinum trúa“, sem er „frumburður upprisunnar frá dauðum“ og „sá sem ræður yfir konungum jarðarinnar“.

Hann elskar okkur og leysti okkur undan syndum okkar með blóði sínu, **6** og hann gerði okkur að konungsríki og prestum handa Guði sínum og föður. Honum sé dýrðin og mátturinn að eilífu. Amen.

1:1 \*Eða „Afhjúpun“.

**7** Hann kemur með skýjunum og hvert auga mun sjá hann, einnig þeir sem ráku hann í gegn, og allar ættkvíslir jarðar munu harma og kveina vegna hans. Já, það verður. Amen.

**8** „Ég er alfa og ómega,“\* segir Jehóva<sup>†</sup> Guð, „sá sem er og sá sem var og sá sem kemur, hinn almáttugi.“

**9** Ég, Jóhannes, sem er bróðir ykkar og á hlutdeild með ykkur í ofsóknunum, ríkinu og þolgæðinu sem fylgjandi Jesú, var á eyjunni Patmos fyrir að hafa talað um Guð og vitnað um Jesú. **10** Með innblæstri\* var ég fluttur fram á Drottins dag og ég heyrði að baki mér sterka rödd sem líktist lúðurhljómi. **11** Hún sagði: „Skrifaðu í bókrollu það sem þú sérð og sendu hana til safnaðanna sjö í Efesus, Smyrnu, Pergamos, Þýatíru, Sardes, Filadelfíu og Laódíkeu.“

**12** Ég sneri mér við til að sjá hver talaði við mig. Þegar ég gerði það sá ég sjö ljóssastikur úr gulli **13** og innan um þær sá ég einhvern

1:8 \*Eða „a og ö“. Alfa og ómega eru fyrsti og síðasti stafur gríska stafrófsins. <sup>†</sup>Sjá orðaskýringar. 1:10 \*Það er, undir áhrifum heilags anda.

líkan mannsyni, klæddan skósiðri flík og með gullbelti um bringuna. **14** Höfuð hans og hár var hvítt eins og hvít ull, eins og snjór, og augu hans voru eins og eldslogi. **15** Fætur hans voru eins og gæðakopar sem glóir í bræðsluofni og rödd hans var eins og niður margra vatna. **16** Hann var með sjö stjórnur í hægri hendinni, út af munni hans gekk langt, beitt tvíeggjað sverð og andlit hans var eins og sólin þegar hún skín skærast. **17** Þegar ég sá hann féll ég eins og dauður væri við fætur hans.

En hann lagði hægri höndina á mig og sagði: „Vertu ekki hræddur. Ég er hinn fyrsti og hinn síðasti **18** og hinn lifandi. Ég dó en sjáðu, nú lifi ég um alla eilífuð og ég hef lyklna að dauðanum og grófinni.\* **19** Skrifaðu nú niður það sem þú sást, það sem gerist núna og það sem á eftir að gerast. **20** Þetta er hinn heilagi leyndardómur um stjórnurnar sjö sem þú sást í hægri hendi minni og um gullljósastikurnar sjö: Stjórnurnar sjö tákna engla safnaðanna sjö, og ljósastikurnar sjö tákna söfnuðina sjö.

**2** Skrifaðu engli safnaðarins í Efesus: Þetta segir sá sem heldur á stjórnunum sjö í hægri hendinni og gengur um milli gullljósastikanna sjö: **2** „Ég þekki verk þín, erfiði þitt og þolgæði og veit að þú umberð ekki vonda menn. Þú hefur reynt þá sem segjast vera postular en eru það ekki og þú hefur komist að raun um að þeir eru lygarar. **3** Já, þú ert þolgóður og hefur þolað margt vegna nafns míns en ekki þreyst. **4** Ég hef það samt á móti þér að þú hefur glatað kærleikanum sem þú hafðir í upphafi.

1:18 \*Eða „Hades“, það er, sameiginlegri gróf mannkyns. Sjá orðaskýringar.

**5** Mundu því úr hvaða hæð þú hefur fallið, iðrastu og gerðu sömu verk og í upphafi. Ef þú iðrast ekki kem ég til þín og færi ljósastiku þína úr stað. **6** En það er þér til hróss að þú hatar verk Nikólaíta, sem ég hata líka. **7** Sá sem hefur eyru heyri hvað andinn segir söfnuðunum: Þeim sem sigrar leyfi ég að borða af tré lífsins sem er í paradís Guðs.’

**8** Skrifaðu engli safnaðarins í Smyrnu: Þetta segir ‚hinn fyrsti og hinn síðasti‘, hann sem dó og varð aftur lifandi: **9** „Ég þekki þjáningar þínar og fátækt – en þú ert samt ríkur. Ég veit af svívirðingum þeirra sem kalla sig Gyðinga en eru það ekki í raun heldur eru samkunda Satans. **10** Óttastu ekki þær þjáningar sem eru fram undan. Djöfullinn heldur áfram að varpa sumum ykkar í fangelsi þannig að þið verðið reynd til hins ýtrasta, og þið verðið ofsótt í tíu daga. Vertu trúr allt til dauða, þá gef ég þér kórónu lífsins. **11** Sá sem hefur eyru heyri hvað andinn segir söfnuðunum: Þeim sem sigrar mun hinn annar dauði aldrei vinna mein.’

**12** Skrifaðu engli safnaðarins í Pergamos: Þetta segir sá sem er með langa og beitta tvíeggjaða sverðið: **13** „Ég veit hvar þú býrð, þar sem hásæti Satans er. Þó ertu trúr nafni mínu\* og þú afneitaðir ekki trúnni á mig, jafnvel ekki á dögum Antípasar, míns trúa vottar sem var drepinn í návist ykkar, í borginni þar sem Satan býr.

**14** Ég hef samt nokkuð á móti þér. Hjá þér eru nokkrir sem aðhyllast kenningu Bileams en hann kenndi Balak að leggja gildru fyrir Ísraelsmenn svo að þeir átu kjöt sem var fórnað skurðgoðum

2:13 \*Orðrétt „þú heldur þig þó fast við nafn mitt“.

og frömdu kynferðislegt siðleysi.\*  
**15** Sömu leiðis eru hjá þér nokkrir sem aðhyllast kenningu Nikólaíta.  
**16** Þú þarft því að iðrast. Annars kem ég fljótt til þín og berst við þá með langa sverðinu sem gengur út af munnni mínum.

**17** Sá sem hefur eyru heyri hvað andinn segir söfnuðunum: Þeim sem sigrar gef ég af hinu hulda manna og ég gef honum hvíta steinvölu en á hana er skrifað nýtt nafn sem enginn þekkir nema sá sem hlýtur það.\*

**18** Skrifaðu engli safnaðarins í Þýatíru: Þetta segir sonur Guðs, hann sem er með augu eins og eldsloga og fætur eins og gæðakopar:  
**19** „Ég þekki verk þín, kærleika þinn, trú þína, þjónustu og þolgæði og veit að það sem þú hefur gert í seinni tíð er meira en þú gerðir í byrjun.“

**20** Ég hef samt það á móti þér að þú umberð konuna Jesebel sem kallar sig spákonu en afvegaleiðir þjóna mína með því sem hún kennir svo að þeir fremja kynferðislegt siðleysi\* og borða kjöt fórnað skurðgoðum.  
**21** Ég hef gefið henni tíma til að iðrast en hún vill ekki iðrast þess að hafa stund að kynferðislegt siðleysi.\*  
**22** Ég er að því kominn að kasta henni á sóttarsæng og þeim sem halda fram hjá með henni út í miklar þjáningar nema þeir iðrist þess sem hún fékk þá til að gera.  
**23** Og ég mun taka börn hennar af lífi í banvænni plágu til að allir söfnuðirnir viti að það er ég sem rannsaka hjörtu og innstu hugsanir\* og ég gef ykkur, hverju og einu, eftir verkum ykkar.

**24** En ég segi ykkur hinum í Þýatíru, öllum sem fylgja ekki þessari

kenningu, þeim sem kynntust ekki svokölluðu „djúpi Satans“: Ég legg enga aðra byrði á ykkur.  
**25** En haldið fast við það sem þið hafið þangað til ég kem.  
**26** Þeim sem sigrar og vinnur sömu verk og ég allt til enda mun ég gefa vald yfir þjóðunum.  
**27** Hann mun ríkja yfir þeim eins og hirðir með járnstaf svo að þær mölbrotna eins og leirker. Faðir minn hefur gefið mér þetta vald.  
**28** Og ég gef honum morgunstjörnuna.  
**29** Sá sem hefur eyru heyri hvað andinn segir söfnuðunum.\*

**3** Skrifaðu engli safnaðarins í Sardes: Þetta segir sá sem er með sjö anda Guðs og stjörnurnar sjö: „Ég þekki verk þín og veit að þú ert sagður vera lifandi, en þú ert dauður.“  
**2** Vaknaðu og styrktu það sem eftir er og var að dauða komið því að ég sé ekki að verkum þínum sé lokið frammi fyrir Guði mínum.  
**3** Mundu því hvað þú hefur fengið og hvað þú hefur heyrt. Haltu þig við það og iðrastu. Ef þú vaknar ekki kem ég eins og þjófur og þú veist alls ekki á hvaða tíma ég kem.

**4** Þó eru fáeinir\* hjá þér í Sardes sem hafa ekki óhreinkað fót sín og þeir munu ganga með mér í hvítum fötum af því að þeir eru þess verðugir.  
**5** Já, sá sem sigrar mun klæðast hvítum fötum og ég mun alls ekki þurrka\* nafn hans út úr bók lífsins heldur viðurkenni ég nafn hans frammi fyrir föður mínum og englum hans.  
**6** Sá sem hefur eyru heyri hvað andinn segir söfnuðunum.\*

**7** Skrifaðu engli safnaðarins í Filadelfíu: Þetta segir sá sem er heilagur og sannur, sá sem hefur lykil Davíðs, sá sem opnar þannig að enginn loki og lokar þannig að

2:14, 20 \*Sjá orðaskýringar. 2:21 \*Á grísku *porneí'a*. Sjá orðaskýringar. 2:23 \*Eða „innstu tilfinningar“. Orðrétt „nýru“.

3:4 \*Orðrétt „fáein nöfn“. 3:5 \*Eða „stroka“.

enginn opni: **8** „Ég þekki verk þín. Sjáðu, ég hef opnað fyrir þér dyr sem enginn getur lokað. Ég veit að þú hefur lítinn mátt en þú hefur samt hlýtt orðum mínum og ekki afneitað nafni mínu. **9** Ég læt suma úr samkundu Satans, þá sem segjast vera Gyðingar en eru það ekki heldur ljúga, koma og krjúpa\* við fætur þér og læt þá vita að ég elska þig. **10** Þú hefur fylgt því sem þú heyrðir um þolgæði mitt.\* Þess vegna varðveiti ég þig á reynslustundinni sem á að koma yfir alla heimsbyggðina til að reyna þá sem búa á jörðinni. **11** Ég kem fljótt. Haltu fast við það sem þú hefur til að enginn taki kórónu þína.

**12** Þann sem sigrar geri ég að stólpa í musteri Guðs míns og hann fer aldrei út þaðan aftur. Ég skrifa á hann nafn Guðs míns og nafn borgar Guðs míns, hinnar nýju Jerúsalem sem kemur ofan af himni frá Guði mínum, og einnig nýja nafnið mitt. **13** Sá sem hefur eyru heyrir hvað andinn segir söfnuðunum.’

**14** Skrifaðu engli safnaðarins í Laodíkeu: Þetta segir sá sem er kallaður Amen, votturinn trúi og sanni, fyrsta sköpunarverk Guðs: **15** „Ég þekki verk þín og veit að þú ert hvorki kaldur né heitur. Ég vildi að þú værir annaðhvort kaldur eða heitur. **16** En þar sem þú ert hálfvolgur en hvorki heitur né kaldur ætla ég að skyrpa þér út úr munni mínum. **17** Þú segir: „Ég er ríkur, hef aflað mér auðæfa og þarfnast einskis,“ en þú veist ekki að þú ert vesæll, aumkunarverður, fátækur, blindur og nakinn. **18** Ég ráðlegg þér þess vegna að kaupa af mér gull, hreinsað í eldi, svo að þú verðir ríkur, hvít fót svo að þú get-

ir klætt þig og verðir þér ekki til skammar með nekt þinni og augnsmyrsl til að bera á augu þín svo að þú sjáir.

**19** Ég ávita og aga alla sem ég elska. Vertu því kappsamur og iðrastu. **20** Ég stend við dyrnar og banka. Ef einhver heyrir rödd mína og opnar dyrnar geng ég inn í hús hans og borða kvöldverð með honum og hann með mér. **21** Þeim sem sigrar leyfi ég að setjast hjá mér í hásæti mitt eins og ég sigraði og settist hjá föður mínum í hásæti hans. **22** Sá sem hefur eyru heyrir hvað andinn segir söfnuðunum.“

**4** Eftir þetta sá ég opnar dyr á himni og fyrsta röddin sem ég heyrði tala við mig hljómaði eins og lúður. Hún sagði: „Komdu hingað upp og ég skal sýna þér það sem á að gerast.“ **2** Um leið kom andinn yfir mig og ég sá hásæti sem stóð á himni og einhver sat í hásætinu. **3** Hann sem sat þar geislaði eins og jaspissteinn og karneól,\* og hringinn í kringum hásætið var regnbogi sem var eins og smaragður að sjá.

**4** Í kringum hásætið voru 24 hásæti og í þeim sátu 24 öldungar klæddir hvítum fötum og með gullkórónur á höfði. **5** Út frá hásætinu gengu eldingar, raddir og þrumur heyrðust, og sjö blys loguðu frammi fyrir því en þau tákna sjö anda Guðs. **6** Frammi fyrir hásætinu var eitthvað sem leit út eins og glerhaf og líktist kristal.

Í miðjunni, þar sem hásætið var,\* og kringum hásætið voru fjórar lifandi verur alsettar augum í bak og fyrir. **7** Fyrsta lifandi veran líktist ljóni, önnur veran líktist ungnauti, andlit þriðju verunnar var eins og

3:9 \*Eða „krjúpa með lotningu“. 3:10 \*Eða hugsanl. „fylgt fordæmi mínu um þolgæði“.

4:3 \*Eða „sardissteinn; rauður gimsteinn“. 4:6 \*Eða „Fyrir miðju hásætinu“.

mannsandlit og fjórða veran var eins og örn á flugi. **8** Lifandi verurnar fjórar höfðu hver um sig sex vængi sem voru alsettir augum að ofan og neðan. Þær segja stöðugt, bæði dag og nótt: „Heilagur, heilagur, heilagur er Jehóva\* Guð, hinn almáttugi, hann sem var, sem er og kemur.“

**9** Í hvert sinn sem lifandi verurnar upphefja, heiðra og þakka honum sem situr í hásetinu og lifir um alla eilífð **10** falla öldungarnir 24 fram fyrir honum sem situr í hásetinu og tilbiðja hann sem lifir um alla eilífð. Þeir kasta kórónum sínum að hásetinu og segja: **11** „Jehóva\* Guð okkar, þú ert þess verður að fá dýrðina, heiðurinn og máttinn því að þú skapaðir allt og að vilja þínum varð það til og var skapað.“

**5** Í hægri hendi hans sem sat í hásetinu sá ég bókröllu. Skrifað var á hana báðum megin\* og hún var vandlega innsiglið með sjö innsiglium. **2** Og ég sá sterkan engil sem kallaði hárrí röddu: „Hver er þess verður að opna bókrölluna og rjúfa innsigli hennar?“ **3** En enginn á himni, á jörð eða undir jörðinni var fær um að opna bókrölluna og sjá hvað stóð í henni. **4** Ég grét hástöfum af því að enginn var þess verður að opna bókrölluna og sjá hvað stóð í henni. **5** En einn af öldungunum sagði við mig: „Ekki gráta. Sjáðu, ljónið af ættkvísl Júda, rót Davíðs, hefur sigrað og getur því opnað bókrölluna og rofið innsiglin sjö.“

**6** Nú sá ég lamb, sem virtist hafa verið slátrað, standa fyrir miðju hásetinu og frammi fyrir lifandi verunum fjórum með öldungana í kring. Það hafði sjö horn og sjö

augu en augun tákna sjö anda Guðs sem hafa verið sendir út um alla jörðina. **7** Lambið gekk samstundis fram og tók við bókröllunni úr hægri hendi hans sem sat í hásetinu. **8** Þegar lambið tók við bókröllunni féllu verurnar fjórar og öldungarnir 24 fram fyrir því. Þeir höfðu hver um sig hörpu og gullskálar sem voru fullar af reykelsi. (Reykelsið táknar bænir hinna heilögu.) **9** Þeir syngja nýjan söng: „Þú ert þess verður að taka við bókröllunni og rjúfa innsigli hennar því að þér var slátrað og með blóði þínu keyptirðu fólk handa Guði af hverjum ættflokki, tungu,\* kynþætti og þjóð. **10** Þú gerðir þetta fólk að konungsríki og prestum Guðs okkar og það á að ríkja sem konungar yfir jörðinni.“

**11** Nú sá ég fjölda engla og heyrði raddir þeirra. Þeir stóðu hringinn í kringum hásetið, lifandi verurnar og öldungana, og tala þeirra var tugþúsundir tugþúsunda og þúsundir þúsunda. **12** Þeir sögðu hárrí röddu: „Lambið sem var slátrað er þess verðugt að fá máttinn og hljóta auð, visku og kraft, heiður, dýrð og lof.“

**13** Og ég heyrði allar sköpunarverur á himni, á jörð, undir jörðinni og á hafinu, já, allt sem þar er, segja: „Honum sem situr í hásetinu og lambinu sé lofgerðin, heiðurinn, dýrðin og mátturinn um alla eilífð.“ **14** Lifandi verurnar fjórar sögðu: „Amen!“ og öldungarnir féllu fram og tilbáðu Guð.

**6** Ég sá lambið rjúfa hið fyrsta af innsigliunum sjö og heyrði eina af lifandi verunum fjórum segja með rödd sem hljómaði eins og þruma: „Komdu!“ **2** Og ég sá hvítan hest og sá sem sat á honum hélt á boga. Honum var fengin kóróna

4:8, 11 \*Sjá orðaskýringar. 5:1 \*Orðrétt „að innan og utan“.

5:9 \*Eða „tungumáli“.



og hann fór út sigrandi og til að vinna fullnaðarsigur.

**3** Þegar lambið rauf annað inn-siglið heyrði ég aðra lifandi veruna segja: „Komdu!“ **4** Þá kom fram annar hestur, eldraður, og þeim sem sat á honum var gefið vald til að taka friðinn burt af jörðinni svo að menn stráfelldu hverjir aðra, og honum var fengið stórt sverð.

**5** Þegar lambið rauf þriðja inn-siglið heyrði ég þriðju lifandi veruna segja: „Komdu!“ Og ég sá svartan hest og sá sem sat á honum hélt á vogarskálum í hendinni.

**6** Ég heyrði eitthvað sem líktist rödd og barst frá lifandi verunum fjórum. Hún sagði: „Litri af hveiti fyrir denar\* og þrír litrar af byggi fyrir denar og bruðlaðu ekki með\* ólífuolíuna og vínið.“

**7** Þegar lambið rauf fjórða inn-siglið heyrði ég rödd fjórðu lifandi verunnar sem sagði: „Komdu!“

**8** Og ég sá fölhvítan hest og sá sem sat á honum hét Dauði. Gröfin\* fylgdi fast á hæla honum. Þeim var gefið vald yfir fjórða hluta jarðarinnar, vald til að drepa menn með löngu sverði, hungursneyð og drepsótt og láta villidýr jarðarinnar bana þeim.

**9** Þegar lambið rauf fimmta inn-siglið sá ég undir altarinu sálir\* þeirra sem höfðu verið dreppir vegna orðs Guðs og vegna þess að þeir höfðu borið vitni. **10** Þeir hrópuðu hárrí röddu: „Alvaldur Drottinn, þú sem ert heilagur og sannur, hve lengi ætlaðu að bíða með að dæma þá sem búa á jörðinni og hefna blóðs okkar á þeim?“

6:6 \*Rómverskur silfurpeningur sem jafngilti daglaunum. Sjá orðaskýringar. \*Eða „spilltu ekki“. 6:8 \*Eða „Hades“, það er, sameiginleg gróf mannkyns. Sjá orðaskýringar. 6:9 \*Greinilega er átt við blóðið sem táknar líf þeirra og var úthellt við altarið. Sjá orðaskýringar.

**11** Hverjum og einum þeirra var fengin hvít skikkja og þeim var sagt að hvílast aðeins lengur, þar til náð væri tölu samþjóna þeirra sem átti að taka af lífi eins og þeir höfðu sjálfir verið.

**12** Ég sá lambið rjúfa sjötta inn-siglið og þá varð mikill jarðskjálfti. Sólin varð svört eins og hærusekkur,\* allt tunglið varð eins og blóð

**13** og stjörnur himins féllu til jarðar eins og þegar óþroskaðar fíkjur falla af fíkjutré í stormi. **14** Himinninn hvarf eins og bókrolla sem vafin er saman, og hvert fjall og hver eyja færðist úr stað. **15** Konungar jarðarinnar, háttsettir embættismenn og herforingjar, hinir ríku og hinir máttugu, allir þrælur og allir frjálsir menn földu sig þá í hellum og í klettum fjallanna. **16** Þeir segja hvað eftir annað við fjöllin og klettana: „Hrynjið yfir okkur og felið okkur fyrir honum sem situr í hásetinu og fyrir reiði lambsins **17** því að hinn mikli reiðidagur þeirra er kominn og hver getur lifað hann af?“

**7** Eftir þetta sá ég fjóra engla sem stóðu við fjögur horn jarðar. Þeir héldu aftur af fjórum vindum jarðar svo að enginn vindur gæti blásið á jörðina, hafið né nokkurt tré. **2** Og ég sá annan engil stíga upp þar sem sólin rís.\* Hann hélt á innsigli hins lifandi Guðs og hróp aði hárrí röddu til englanna fjögurra sem var gefið vald til að vinna tjón á jörðinni og hafinu: **3** „Valdið ekki tjóni á jörðinni, hafinu né trjánum fyrr en við höfum sett innsigli á enni þjóna Guðs okkar.“

**4** Ég heyrði hversu margir höfðu fengið innsigli, 144.000 af öllum ættkvíslum Ísraelsmanna:

**5** Af ættkvísl Júða höfðu 12.000 fengið innsigli,

6:12 \*Líklega úr geitarhári. 7:2 \*Eða „í austri“.

af ættkvísl Rúbens 12.000,  
af ættkvísl Gaðs 12.000,  
**6** af ættkvísl Assers 12.000,  
af ættkvísl Naftalí 12.000,  
af ættkvísl Manasse 12.000,  
**7** af ættkvísl Símeons 12.000,  
af ættkvísl Leví 12.000,  
af ættkvísl Íssakars 12.000,  
**8** af ættkvísl Sebúlons 12.000,  
af ættkvísl Jósefs 12.000 og  
af ættkvísl Benjamíns höfðu 12.000

fengið innsigli.

**9** Eftir þetta sá ég mikinn múg, sem enginn maður gat talið, af öllum þjóðum, ættflokkum, kynþáttum og tungum\* standa frammi fyrir hásetinu og lambinu. Fólkið var klætt hvítum skikkjum og með pálma-greinar í höndunum. **10** Það hrópaði stöðugt hárrí röddu: „Frelsunin kemur frá Guði okkar, sem situr í hásetinu, og lambinu.“

**11** Allir englarnir stóðu kringum hásetið og öldungana og lifandi verurnar fjórar. Þeir féllu á grúfu frammi fyrir hásetinu, tilbáðu Guð **12** og sögðu: „Amen! Lofgerðin, dýrðin og viskan, þakkargerðin, heiðurinn, mátturinn og krafturinn sé Guði okkar um alla eilífð. Amen.“

**13** Einn af öldungunum spurði mig þá: „Hverjir eru þetta sem eru í hvítu skikkjunum og hvaðan koma þeir?“ **14** Ég svaraði um leið: „Herra minn, þú veist það.“ Hann sagði þá við mig: „Þetta eru þeir sem koma úr þrengingunni miklu og þeir hafa þvegið skikkjur sínar skjannahvítar í blóði lambsins. **15** Þess vegna eru þeir frammi fyrir háseti Guðs og veita honum heilaga þjónustu dag og nótt í musteri hans. Og sá sem situr í hásetinu mun tjalda yfir þá. **16** Þá mun hvorki hungra né þyrsta frammar og hvorki sólin né nokkur steikj-

andi hiti brenna þá **17** því að lambið, sem er fyrir miðju hásetinu, mun gæta þeirra og leiða að uppsprettum\* lífsvatnsins. Og Guð þerrar hvert tár af augum þeirra.“

**8** Þegar lambið rauf sjöunda innsiglið var þögn á himni í um það bil hálf tíma. **2** Og ég sá englana sjö sem standa frammi fyrir Guði, og þeim voru fengnir sjö lúðrar.

**3** Þá kom annar engill og tók sér stöðu við altarið. Hann hélt á reykelsiskeri\* úr gulli og honum var fengið mikið af reykelsi til að fórna á gullaltarinu fyrir framan hásetið um leið og bænir allra hinna heilögu heyrðust á himni. **4** Reykurinn af reykelsinu úr hendi engilsins steig upp frammi fyrir Guði ásamt bænum hinna heilögu. **5** Engillinn tók þá reykelsiskerið, fyllti það með eldi af altarinu og kastaði eldinum niður til jarðar. Það heyrðust þrumur og raddir, eldingar sáust og jarðskjálfti varð. **6** Englarnir sjö með lúðrana sjö þjuggu sig nú undir að blása í þá.

**7** Sá fyrsti blés í lúður sinn. Þá kom hagl og eldur, blandað blóði, og því var varpað niður á jörðina. Þriðjungur jarðarinnar eyddist í eldi, þriðjungur trjáanna brann upp til agna og sömuleiðis allt græn-gresið.

**8** Annar engillinn blés í lúður sinn. Og einhverju sem líktist stóru brennandi fjalli var varpað í hafið. Þriðjungur hafsins breyttist í blóð, **9** þriðjungur af lífverum hafsins\* dó og þriðjungur skipanna fórst.

**10** Þriðji engillinn blés í lúður sinn. Þá féll stór stjarna af himni, brennandi eins og eldslogi. Hún féll á þriðjung ána og á uppsprettur\* vatnanna. **11** Stjarnan heitir Malurt. Þriðjungur vatnanna breyttist

7:17 \*Eða „lindum“. 8:3 \*Eða „reykelsisbrennara“. 8:9 \*Eða „verum hafsins sem hafa sál“. 8:10 \*Eða „lindir“.

7:9 \*Eða „tungumálum“.

í malurt og fjöldi fólks dó af völdum vatnsins því að það var orðið beiskt.

**12** Fjórði engillinn blés í lúður sinn. Þriðjungur sólarinnar, þriðjungur tunglsins og þriðjungur stjarnanna var sleginn svo að þriðjungur þeirra myrkvaðist og engin birta yrði þriðjung dagsins og þriðjung næturinnar.

**13** Síðan sá ég örn fljúga um miðjan himin og heyrði hann hrópa hárrí röddu: „Ógæfa, ógæfa, ógæfa kemur yfir þá sem búa á jörðinni því að þrír síðustu englarnir blása innan skamms í lúðra sína og lúðrahljómurinn heyrast.“

**9** Fimmti engillinn blés í lúður sinn. Og ég sá stjörnu sem hafði fallið af himni til jarðar og henni\* var fenginn lykillinn að göngunum niður í undirdjúpið. **2** Stjarnan\* opnaði göngin að undirdjúpinu og reykur steig upp úr þeim eins og reykur úr stórum bræðsluofni, og sólin og loftið myrkvaðist af reyknum úr göngunum. **3** Engisprettur komu út úr reyknum og fóru um jörðina og þeim var fengið vald, sama vald og sporðrekar jarðarinnar hafa. **4** Þeim var sagt að skaða ekki gras jarðarinnar né nokkurn grænan gróður né nokkurt tré heldur aðeins það fólk sem hefur ekki innsigli Guðs á enni sér.

**5** Engispretturarnar máttu ekki drepa fólkíð en átta að kvelja það í fimm mánuði, og kvalirnar voru eins og þegar sporðreki stingur mann. **6** Á þessum dögum munu menn leita dauðans en ekki finna hann, og þeir þróa að deyja en dauðinn mun flýja þá.

**7** Engispretturarnar litu út eins og hestar búnir til bardaga. Á höfðinu

þáru þær eitthvað sem líktist gullkórónum og andlit þeirra voru eins og mannsandlit **8** en þær höfðu hár eins og konur. Tennur þeirra voru eins og ljónstennur **9** og þær voru með brynjur sem líktust járnbrýnjum. Vængjaþytur þeirra hljómaði eins og gnýr í hestum með vagna sem bruna fram til bardaga. **10** Þær hafa hala með broddi eins og sporðrekar og í halanum býr máttur til að kvelja mennina í fimm mánuði. **11** Þær hafa konung yfir sér, engil undirdjúpsins. Á hebrösku heitir hann Abaddón\* en á grísku Apollýón.\*

**12** Fyrsta ógæfan er liðin hjá en tvær eiga enn eftir að koma.

**13** Sjötti engillinn blés í lúður sinn. Þá heyrði ég rödd eina frá hornum gullaltarisins sem er frammi fyrir Guði **14** segja við sjötta engilinn með lúðurinn: „Leystu englana fjóra sem eru bundnir hjá fljótinu mikla, Efrat.“ **15** Og englarnir fjórir voru leystir, en þeir höfðu verið búnir undir þá stund, dag, mánuð og ár til að drepa þriðjung fólksins.

**16** Í riddaraliðinu voru 20.000 sinnum 10.000. Ég heyrði tölu þeirra. **17** Hestarnir og riddararnir í sýninni litu þannig út: Riddararnir voru með eldrauðar, djúpbláar og brennisteinsgular brynjur. Höfuð hestanna voru eins og ljónshöfuð, og eldur, reykur og brennisteinn kom út af munni þeirra. **18** Þessar þrjár plágur, eldurinn, reykurinn og brennisteinninn sem kom út af munni þeirra, urðu þriðjung fólksins að bana **19** en vald hestanna er í munni þeirra og tagli. Töglin eru eins og höggormar og eru með höfuð, og með þeim skaða þeir fólk.

9:1 \*Eða „honum“. Hér er notað karlkyn í grísku. 9:2 \*Eða „Hann“. Sjá 1. vers, neðanmáls.

9:11 \*Sem þýðir ‚eyðing‘. \*Sem þýðir ‚eyðandi‘.

**20** En hitt fólkíð, sem fyrst ekki í þessum plágum, iðraðist ekki þess sem það hafði gert með höndum sínum.\* Það hætti ekki að tilbiðja illu andana og skurðgoðin úr gulli, silfri, kopar, steini og tré sem geta hvorki séð, heyrð né gengið. **21** Það iðraðist þess ekki heldur að hafa myrt, iðkað dulspeki, stundað kynferðislegt siðleysi\* né að hafa stolið.

**10** Ég sá annan sterkan engil stíga niður af himni. Hann var klæddur\* skýi og regnbogi var yfir höfði hans. Andlit hans var eins og sólin, fótleggirnir<sup>h</sup> eins og eldstólpar **2** og hann hélt á lítilli bókröllu sem var opin. Hann steig hægri fæti á hafið en vinstri fæti á jörðina **3** og hrópaði hárrí röddu eins og þegar ljón öskrar. Og þegar hann hrópaði heyrði ég raddir þrumanna sjö.

**4** Þegar þrumurnar sjö töluðu ætlaði ég að skrifa en þá heyrði ég rödd af himni sem sagði: „Innsiglaðu það sem þrumurnar sjö sögðu og skrifaðu það ekki niður.“

**5** Engillinn sem ég sá standa á hafinu og jörðinni lyfti hægri hendinni til himins **6** og sór við þann sem lifir um alla eilífð, hann sem skapaði himininn og það sem í honum er, jörðina og það sem á henni er og hafið og það sem í því er. Hann sagði: „Biðin er á enda. **7** Á þeim dögum þegar sjöundi engillinn er tilbúinn að blása í lúðurinn verður heilagur leyndardómur Guðs að veruleika, fagnaðarboðskapurinn sem hann boðaði þjónum sínum, spámönnunum.“

**8** Röddin sem ég heyrði af himni talaði aftur við mig og sagði: „Farðu og taktu opnu bókrölluna úr

hendi engilsins sem stendur á hafinu og jörðinni.“ **9** Ég fór til engilsins og bað hann um að gefa mér litlu bókrölluna. Hann svaraði: „Taktu hana og borðaðu hana. Hún verður beisk í maga þínum en í munni þínum verður hún sæt eins og hunang.“ **10** Ég tók bókrölluna úr hendi engilsins og borðaði hana, og í munni mínum var hún sæt eins og hunang en þegar ég hafði kyngt henni varð hún beisk í maga mínum. **11** Þá var sagt við mig: „Þú átt að spá aftur um kynþætti, þjóðir, tungur\* og marga konunga.“

**11** Nú var mér fenginn reyrstafur til að mæla með og rödd sagði: „Stattu upp og mældu helgidóm musteris Guðs og altarið og teldu þá sem tilbiðja þar. **2** En slepptu forgarðinum fyrir utan helgidóm musterisins og mældu hann ekki því að hann hefur verið gefinn þjóðunum og þær munu troða hina helgu borg undir fótum sér í 42 mánuði. **3** Ég læt votta mína tvo spá í 1.260 daga, klædda hærusekkjum.“ **4** Þeir eru táknadír með ólífutrjámum tveim og ljósastíkunum tveim og þeir standa frammi fyrir Drottni jarðarinnar.

**5** Ef einhver vill gera þeim mein kemur eldur út af munni þeirra og eyðir óvinum þeirra. Já, ef einhver skyldi vilja gera þeim mein verður hann drepinn með þessum hætti. **6** Þeir hafa vald til að loka himninum svo að ekki rigni dagana sem þeir spá og þeir hafa vald til að breyta vötnunum í blóð og slá jörðina með hvers kyns plágum eins oft og þeir vilja.

**7** Þegar þeir hafa lokið við að vitna mun villidýrið sem kemur upp úr undirdjúpinu heyja stríð við þá, sigra þá og drepa. **8** Lík þeirra munu liggja á aðalgötu

9:20 \*Orðrétt „handaverka sinna“. 9:21 \*Á grísku *porneía*. Sjá orðaskýringar. 10:1 \*Eða „sveipaður“. \*Orðrétt „fæturnir“.

10:11 \*Eða „tungumál“.

borgarinnar miklu þar sem Drottinn þeirra var staurfestur, en hún er í andlegum skilningi kölluð Sódóma og Egyptaland. **9** Fólk af ýmsum kynþáttum, ættflokkum, tungum\* og þjóðum mun horfa á lík þeirra í þrjá og hálfan dag og leyfir ekki að þau séu lögð í gróf. **10** Þeir sem búa á jörðinni gleðjast og halda upp á dauða þeirra, og þeir senda hver öðrum gjafir vegna þess að spámennirnir tveir kvöldu þá sem búa á jörðinni.

**11** Eftir dagana þrjá og hálfan kom lifsandi frá Guði í þá. Þeir stóðu á fætur og mikill ótti greip þá sem sáu þá. **12** Þeir heyrðu sterka rödd af himni sem sagði við þá: „Komið hingað upp.“ Og þeir fóru til himins í skýi og óvinir þeirra sáu það.\* **13** Á sömu stundu varð mikill jarðskjálfti og tíundi hluti borgarinnar hrundi. Í jarðskjálftanum fórust 7.000 manns en þeir sem eftir voru urðu hræddir og heiðruðu Guð himins.

**14** Önnur ógæfan er liðin hjá en sú þriðja kemur fljótt.

**15** Sjöundi engillinn blés í lúður sinn. Þá heyrðust sterkar raddir á himni sem sögðu: „Drottinn okkar og Kristur hans hafa fengið konungsvaldið yfir heiminum og hann mun ríkja sem konungur um alla eilífð.“

**16** Öldungarnir 24, sem sátu í hásetum sínum frammi fyrir Guði, féllu á grúfu, tilbáðu Guð **17** og sögðu: „Við þökkum þér, Jehóva\* Guð, þú almáttugi, þú sem ert og þú sem varst, því að þú hefur beitt þínu mikla valdi og byrjað að ríkja sem konungur. **18** En þjóðirnar reiddust og þú reiddist líka og tíminn rann upp til að dæma hina dáu og launa þjónum þínum, spá-

11:9 \*Eða „tungumálum“. 11:12 \*Eða „horfðu á“. 11:17 \*Sjá orðaskýringar.

mönnum, og hinum heilögu og þeim sem óttast nafn þitt, jafnt háum sem lágum, og til að eyða þeim sem eyða\* jörðina.“

**19** Helgidómur musteris Guðs á himnum opnaðist og ég sá sáttmálsörk hans í helgidóminum. Eldingar leifruðu, raddir heyrðust og það komu þrumur, jarðskjálfti og mikið hagl.

**12** Síðan birtist mikið tákn á himni: Kona var klædd sólinni og tunglið var undir fótum hennar. Á höfðinu var hún með kórónu úr 12 stjörnum **2** og hún var barnshafandi. Hún var með fæðingarhríðir og emjaði af sársauka.

**3** Annað tákn sást á himni: Stór eldraður dreki með sjö höfuð og tíu horn, og á höfðunum var hann með sjö kórónur.\* **4** Með halanum dró hann með sér þriðjung af stjörnum himins og kastaði þeim niður til jarðar. Drekin stóð frammi fyrir konunni sem var að því komin að fæða svo að hann gæti gleypt barn hennar þegar hún fæddi það.

**5** Hún fæddi son, sveinbarn, sem á að ríkja yfir öllum þjóðum\* með járnstaf. Barninu hennar var kíppt burt og farið með það til Guðs og hásetis hans. **6** Og konan flúði út í eyðimörkina þar sem Guð hafði búið henni stað og henni yrði gefið að borða í 1.260 daga.

**7** Nú braust út stríð á himni: Mikael\* og englar hans börðust við drekan og drekin barðist og englar hans **8** en þeir biðu ósigur\* og áttu engan samastað lengur á himni. **9** Drekanum mikla var því kastað niður, hinum upphaflega höggormi

11:18 \*Eða „eyðileggja“. 12:3 \*Eða „konungleg höfuðbönd“. 12:5 \*Orðrétt „leiða allar þjóðir“. 12:7 \*Sem þjóðir „hver er eins og Guð?“. 12:8 \*Eða hugsanl. „hann [það er drekin] beið ósigur“.

sem er kallaður Djöfull og Satan og afvegaleiðir alla heimsbyggðina. Honum var kastað niður til jarðar og englum hans var kastað niður með honum. **10** Ég heyrði sterka rödd á himni sem sagði:

„Nú er frelsunin, mátturinn og ríki Guðs okkar orðið að veruleika og Kristur hans fer með völd því að ákæranda bræðra okkar, sem ásakar þá fyrir Guði okkar dag og nótt, hefur verið kastað niður. **11** Þeir sigruðu hann vegna blóðs lambsins og vegna boðskaparins sem þeir boðuðu,\* og þeim var lifið“ ekki svo kært að þeir óttuðust dauðann. **12** Gleðjist því himnar og þið sem búið þar. En hörmungar koma yfir jörðina og hafið vegna þess að Djöfullinn er kominn niður til ykkar og er ofsareiður þar sem hann veit að hann hefur nauman tíma.“

**13** Þegar drekin átti sig á að honum hafði verið kastað niður til jarðar fór hann að ofsækja konuna sem hafði fætt sveinbarnið. **14** En konunni voru gefnir vængirnir tveir af erninum mikla svo að hún gæti flogið út í eyðimörkina til síns staðar þar sem hún fær mat í tíð, tíðir og hálf tíð\* fjarri höggorminum.

**15** Og höggormurinn spúði vatni, sem var eins og heilt fljót, á eftir konunni til að drekkja henni. **16** En jörðin kom konunni til hjálpar, opnaði munn sinn og svelgdi fljótið sem drekin spúði út úr munni sínum. **17** Drekin reiddist þá konunni og fór burt til að heyja stríð við þá afkomendur hennar sem eftir voru, þá sem halda boðorð Guðs og hafa það verkefni að vitna um Jesú.

12:11 \*Orðrétt „vegna orðs vitnisburðar síns“. Eða „sálin“. Sjá orðaskýringar. 12:14 \*Það er, þrjár og hálf tíð.

**13** Hann\* stóð kyrr á sandinum við hafið.

Nú sá ég villidýr koma upp úr hafinu. Það hafði tíu horn og sjö höfuð og á hornunum voru tíu kórónur“ en á höfðunum nöfn sem löstuðu Guð. **2** Villidýrið sem ég sá líktist hlébarða en fæturnir voru eins og bjarnarfætur og ginið eins og ljónsgin. Og dýrið fékk mátt sinn, háseti og mikið vald frá drekanum.

**3** Ég sá að eitt af höfðum þess virtist hafa fengið banasár en sárið hafði gróið, og öll jörðin fylgdi villidýrinu full aðáunar. **4** Fólk tilbað drekan af því að hann gaf villidýrinu vald og það tilbað villidýrið og sagði: „Hver jafnast á við villidýrið og hver getur barist við það?“ **5** Því var gefinn munnur sem gortaði og guðlastaði og það fékk vald til að gera eins og því sýndist í 42 mánuði. **6** Það opnaði munninn til að lastmæla Guði, nafni hans og bústað, það er að segja þeim sem búa á himni. **7** Því var leyft að heyja stríð við hina heilögu og sigra þá, og því var gefið vald yfir hverjum ættflokki, kynþætti, tungu\* og þjóð. **8** Allir sem búa á jörðinni munu tilbiðja það. Frá grundvöllun heims hefur enginn þeirra fengið nafn sitt skráð í bókröllu lífsins sem tilheyrir lambinu slátraða.

**9** Ef einhver hefur eyru skal hann heyra. **10** Ef einhverjum er ætluð fangavist verður hann tekinn til fanga. Ef einhver drepur með sverði\* verður hann drepinn með sverði. Hér reynir á þolgæði og trú hinna heilögu.

**11** Síðan sá ég annað villidýr koma upp úr jörðinni. Það var með

13:1 \*Það er, drekin. #Eða „konungleg höfuðbönd“. 13:7 \*Eða „tungumáli“. 13:10 \*Eða hugsanl. „Ef einhverjum er ætlað að falla fyrir sverði“.

tvö horn eins og lambshorn en talaði eins og dreki. **12** Það fer með allt vald fyrra villidýrsins í aug-sýn þess og lætur jörðina og íbúa hennar tilbiðja fyrra villidýrið sem læknaðist af banasárinu. **13** Það gerir mikil tákni og lætur jafnvel eld koma af himni til jarðar fyrir augum mannanna.

**14** Það afvegaleiðir þá sem búa á jörðinni með táknum sem því var leyft að gera í aug-sýn villidýrsins. Og það segir þeim sem búa á jörðinni að gera líkneski af\* villidýrinu sem var með sár undan sverði en lifnaði við. **15** Það fékk leyfi til að blása lífi\* í líkneskið af villidýrinu svo að líkneskið gæti bæði talað og látið drepa alla sem neituðu að tilbiðja það.

**16** Það neyðir alla - háa og lága, ríka og fátæka, frjálsa og þræla - til að fá merki á hægri hönd sér eða enni **17** þannig að enginn geti keypt eða selt nema hann hafi merkið, nafn villidýrsins eða tölu nafnsins. **18** Hér þarf að sýna vísu. Sá sem hefur skilning reikni út tölu villidýrsins því að hún er tala manns,\* og talan er 666.

**14** Síðan sá ég lambið standa á Sionarfjalli og með því 144.000 sem höfðu nafn þess og nafn föður þess skrifuð á enni sér. **2** Ég heyrði hljóð af himni sem var eins og niður margra vatna og mikill þrumugnýr, og hljóðið sem ég heyrði hljómaði eins og söngvarar sem syngja og leika undir á hörpur sínar. **3** Það sem þeir syngja frammi fyrir hásetinu, lifandi verunum fjórum og öldungunum hljómar eins og nýr söngur, og enginn gat lært sönginn nema hin- ar 144.000 sem hafa verið keyptar frá jörðinni. **4** Þetta eru þeir sem

13:14 \*Orðrétt „handi“. 13:15 \*Eða „anda“. 13:18 \*Eða „mannleg tala“.

hafa ekki óhreinkað sig með konum - þeir eru eins og meyjar. Þetta eru þeir sem fylgja lambinu hvert sem það fer. Þeir voru keyptir úr hópi mannanna sem frumgróði handa Guði og lambinu **5** og engin blekking fannst í munni þeirra. Þeir eru flekklausir.

**6** Ég sá annan engil fljúga um miðjan himin\* og hann var með eilífan fagnaðarboðskap til að boða þeim sem búa á jörðinni, hverri þjóð, ættflokki, tungu\* og kynþætti. **7** Hann sagði hárrí röddu: „Óttist Guð og gefið honum dýrð því að stundin er komin þegar hann dæmir. Tilbiðjið hann sem hefur gert himininn, jörðina, hafið og vatnsuppsprettur.“\*

**8** Annar engill kom á eftir honum og sagði: „Hún er fallin! Babilon hin mikla er fallin, hún sem fékk allar þjóðir til að drekka af lostavíni\* sínu, af kynferðislegu siðleysi“ sínu.“

**9** Þriðji engillinn kom á eftir þeim og sagði hárrí röddu: „Ef einhver tilbiður villidýrið og líkneski þess og fær merki á enni sér eða hönd **10** mun hann líka drekka reiðivín Guðs sem er hellt óblönduðu í reiðibikar hans, og hann verður kvalinn í eldi og brennisteini í aug-sýn hinna heilögu engla og lambsins. **11** Og reykurinn af eldinum sem kvelur þá stígur upp um alla eilífð. Þeir sem tilbiðja villidýrið og líkneski þess og þeir sem eru merktir nafni þess fá enga hvíld, hvorki dag né nótt. **12** Hér reynir á þolgæði hinna heilögu, þeirra sem halda boðorð Guðs og halda fast við trúna á Jesú.“

**13** Ég heyrði rödd af himni sem sagði: „Skrifaðu: Þeir sem deyja

14:6 \*Eða „fyrir ofan mig“. #Eða „tungumáli“. 14:7 \*Eða „vatnslindirnar“. 14:8 \*Eða „reiðivíni“. #Á grísku *pornei'a*. Sjá orðaskýringar.

sameinaðir Drottnei héðan í frá eru hamingjusamir. Já, segir andinn, þeir skulu fá að hvílast af erfiði sínu því að verk þeirra fylgja þeim.“

**14** Síðan sá ég hvítt ský og á skýinu sat einhver sem líktist mannsyni. Hann var með gullkórónu á höfðinu og beitta sigð í hendi sér.

**15** Annar engill kom út úr helgidómi musterisins og kallaði hárra röddu til hans sem sat á skýinu: „Beittu sigðinni og skerðu upp því að uppskerutíminn er kominn og korn jarðarinnar er fullþroskað.“

**16** Sá sem sat á skýinu beitti þá sigð sinni á jörðina og skar upp.

**17** Annar engill kom út úr helgidómi musterisins sem er á himni, og hann var líka með beitta sigð.

**18** Enn einn engill kom frá alarinu og hann hafði vald yfir eldinum. Hann kallaði hárra röddu til þess sem var með beittu sigðina: „Taktu sigðina og safnaðu klösunum af vínviði jarðarinnar því að vínberin eru orðin þroskuð.“

**19** Engillinn beitti sigðinni á jörðina, safnaði vínviði jarðarinnar og kastaði honum í vínþröngina miklu sem táknar reiði Guðs. **20** Vínþröngin var troðin fyrir utan borgina og blóð rann út úr henni sem náði upp undir beislir hestanna í allt að 1.600 skeiðrúma\* fjarlægð.

**15** Ég sá annað tákn á himni, mikið og einkennilegt: sjö engla með sjö plágur. Þetta eru síðustu plágurnar því að með þeim linnir reiði Guðs.

**2** Ég sá eitthvað sem leit út eins og glerhaf blandað eldi, og þeir sem höfðu signað villidýrið, líknesci þess og tölu nafns þess stóðu við glerhafið og héldu á hörpum Guðs. **3** Þeir sungu söng Móse þjóns Guðs og söng lambsins:

14:20 \*Það er, 296 km. Skeiðrúm var 185 m.

„Mikil og stórkostleg eru verk þín, Jehóva\* Guð, þú almáttugi. Réttlátir og sannir eru vegir þínir, þú konungur eilífðar. **4** Hver skyldi ekki óttast þig, Jehóva,\* og heiðra nafn þitt því að þú einn ert trúr? Allar þjóðir munu koma og tilbiðja frammi fyrir þér því að réttlátir úrskurðir þínir eru orðnir opinberir.“

**5** Eftir þetta sá ég helgidóm vitnisburðartjaldubúðarinnar opnast á himni **6** og englarnir sjö með plágurnar sjö komu út úr helgidóminum, klæddir hreinu og skínandi líni og með gullbelti um brunguna. **7** Ein af lifandi verunum fjórum fékk hinum sjö englum sjö gullskálar sem voru fullar af reiði Guðs, hans sem lifir um alla eilífð. **8** Og helgidómurinn fylltist af reyk vegna dýrðar Guðs og máttar, og enginn gat gengið inn í helgidóminn fyrr en sjö plágum englanna sjö var lokið.

**16** Ég heyrði sterka rödd frá helgidóminum segja við englana sjö: „Farið og hellið úr hinum sjö skálum reiði Guðs á jörðina.“

**2** Sá fyrsti fór og hellti úr skál sinni á jörðina. Þeir sem höfðu merki villidýrsins og tilbáðu líknesci þess fengu kvalafull og illkynja sár.

**3** Annar engillinn hellti úr skál sinni í hafið. Það varð að blóði eins og úr dauðum manni og allar lifverur\* dóu, já, allt sem var í hafinu.

**4** Sá þriðji hellti úr skál sinni í árnar og vatnsuppsprettur\* og þær urðu að blóði. **5** Ég heyrði engilinn sem réð yfir vötnunum segja: „Þú ert réttlátur, þú sem ert og þú sem varst, hinn trúi, því að þú hefur fellt þessa dóma. **6** Þeir hafa úthellt blóði heilagra og spámannanna og þú hefur gefið þeim blóð

15:3, 4 \*Sjá orðaskýringar. 16:3 \*Eða „lifandi sálir“. 16:4 \*Eða „vatnslindirnar“.



að drekka eins og þeir eiga skilið.“  
**7** Og ég heyrði altarið segja: „Já, Jehóva\* Guð, þú almáttugi, dómur“ þínir eru sannir og réttlátir.“

**8** Sá fjórði hellti úr skál sinni á sólina og sólin fékk vald til að sviða mennina með eldi. **9** Mennirnir sviðnuðu í miklum hitanum en þeir lastmæltu nafni Guðs sem hefur vald yfir þessum plágum og iðruðust hvorki né heiðruðu hann.

**10** Sá fimmti hellti úr skál sinni á hásaeti villidýrsins. Þá myrkvaðist ríki þess og mennirnir bitu í tunguna af sársauka **11** en þeir lastmæltu Guði himins vegna sára sinna og sársauka, og þeir iðruðust ekki verka sinna.

**12** Sá sjötti hellti úr skál sinni í fljótið mikla, Efrat, og vatnið í því þornaði upp til að greiða veginn fyrir konungana sem koma frá sól-  
 arupprásinni.\*

**13** Nú sá ég þrjár óhreinar innblásnar yfirlýsingar\* sem litu út eins og froskar og komu út af munnni drekans, munnni villidýrsins og munnni falsspámannsins. **14** Þessar yfirlýsingar eru reyndar innblásnar af illum öndum. Þær gera tákni og fara út til konunga allrar heimsbyggðarinnar til að safna þeim saman til stríðsins á hinum mikla degi Guðs hins almáttuga.

**15** „Gætið ykkar! Ég kem eins og þjófur. Sá sem heldur sér vakandi og varðveitir fót sín er hamingjusamur. Hann þarf ekki að ganga um nakinn þannig að fólk sjái skömm hans.“

**16** Og þær söfnuðu þeim saman á staðinn sem á hebresku kallast Harmagedón.\*

16:7; 17:2 \*Sjá orðaskýringar. 16:7 \*Eða „dómsúrskurðir“. 16:12 \*Eða „konungana úr austri“. 16:13 \*Orðrétt „þrjá óhreina anda“. 16:16 \*Á grísku *Har Magedon*, dregið af hebræsku orði sem merkir „Megiddófall“.

**17** Sá sjöundi hellti úr skál sinni yfir loftið. Þá barst sterk rödd út úr helgidóminum, frá hásaetinu, sem sagði: „Því er lokið!“ **18** Eldingar leiftruðu, raddir heyrðust og það komu þrumur og mikill jarðskjálfti, ólíkur öllum öðrum sem höfðu orðið frá því að menn urðu til á jörðinni. Svo mikill og víðtækur var jarðskjálftinn. **19** Borgin mikla klofnaði í þrennt og borgir þjóðanna hrundu. Og Guð minntist Babýlonar hinnar miklu og gaf henni vínbikar heiftarreiði sinnar. **20** Allar eyjur flúðu og fjöllin hurfu. **21** Síðan féllu stór högl af himni á mennina en hvert þeirra vó um talentu.\* Mennirnir lastmæltu Guði fyrir hagpláguna því að hún var óvenjumikil.

**17** Einn af englum sjö sem voru með skálarnar sjö sem og sagði við mig: „Komdu, ég skal sýna þér dóminn yfir vændiskonunni miklu sem situr yfir mörgum vötnum. **2** Konungar jarðarinnar drýgðu kynferðislegt siðleysi\* með henni og þeir sem búa á jörðinni urðu drukknir af víni siðleysis“ hennar.“

**3** Hann flutti mig með krafti andans út í óbyggðir. Ég sá konu sitja á skarlatsrauðu villidýri, alsettu nöfnum sem löstuðu Guð. Það hafði sjö höfuð og tíu horn. **4** Konan var klædd purpura og skarlati og var skrydd gulli, gimsteinum og perlum. Hún hélt á gullbikar sem var fullur af viðbjóði og óhreinleika af kynferðislegu siðleysi\* hennar. **5** Á enni hennar stóð skrifað nafn, leyndardómur: „Babýlon hin mikla, móðir allra vændiskvenna og viðbjóðs á jörð-“

16:21 \*Grísk talenta jafngilti 20,4 kg. Sjá orðaskýringar. 17:2 \*Á grísku *pornei'a*. Sjá orðaskýringar, „kynferðislegt siðleysi“. 17:4 \*Á grísku *pornei'a*. Sjá orðaskýringar.

inni.“ 6 Ég sá að konan var drukkin af blóði hinna heilögu og blóði votta Jesú.

Ég var agndofa af undrun þegar ég sá hana. 7 Engillinn sagði þá við mig: „Af hverju ertu svona undrandi? Ég skal segja þér leyndardóminn um konuna og villidýrið sem hún situr á og hefur höfuðin sjö og hornin tíu: 8 Villidýrið sem þú sást var en er ekki, en það stígur þó bráðlega upp úr undirdjúpinu og eyðing biður þess. Og íbúar jarðar – þeir sem hafa ekki fengið nöfn sín skráð í bókkrollu lífsins frá grundvöllun heims – verða agndofa þegar þeir sjá að villidýrið var en er ekki, en kemur þó fram á ný.

9 Hér þarf að sýna skynsemi og visku: Höfuðin sjö tákna sjö fjöll sem konan situr á. 10 Þetta eru sjö konungar: Fimm eru fallnir, einn er uppi núna og annar er enn ekki kominn, en þegar hann kemur á hann að vera um stuttan tíma. 11 Og villidýrið, sem var en er ekki, er áttundi konungurinn en hann kemur af hinum sjö og honum verður eytt.

12 Hornin tíu sem þú sást tákna tíu konunga sem hafa ekki enn byrjað að ríkja en fá konungsvald í eina stund ásamt villidýrinu. 13 Þeir hafa eitt og sama markmið og gefa því villidýrinu mátt sinn og vald. 14 Þeir munu berjast við lambið en lambið mun sigra þá vegna þess að það er Drottinn drottinn og konungur konunga. Og þeir sem eru með lambinu, hinir kölluðu, útvöldu og trúu, munu líka sigra.“

15 Hann sagði við mig: „Vötnin sem þú sást, þar sem vændiskonan situr, tákna kynþætti, fólk, þjóðir og tungur.“ 16 Hornin tíu sem þú sást og villidýrið munu hata vænd-

iskonuna, ræna hana öllu og skilja hana eftir nakta. Þau munu éta hold hennar og brenna hana í eldi 17 því að Guð hefur lagt þeim í brjóst að gera það sem hann hefur áformað, já, að láta þau ná sam-eiginlegu markmiði sínu með því að gefa villidýrinu ríki sitt þangað til orð Guðs verða að veruleika. 18 Og konan sem þú sást tákna borgina miklu sem ríkir yfir konungum jarðarinnar.“

**18** Eftir þetta sá ég annan engil stíga niður af himni. Hann hafði mikið vald og dýrd hans lýsti upp jörðina. 2 Hann hrópaði hárrí röddu: „Hún er fallin! Babýlon hin mikla er fallin og er orðin dvalarstaður illra anda og bæli allra óhreinna anda\* og óhreinna og andstygglegra fugla. 3 Allar þjóðir hafa orðið drukknar af lostavíni\* hennar, af kynferðislegu siðleysi<sup>#</sup> hennar, og konungar jarðar drýgðu kynferðislegt siðleysi með henni og kaupmenn<sup>^</sup> jarðar auðg-uðust á því að hún lifði í taumlausum munaði.“

4 Ég heyrði aðra rödd af himni segja: „Farið út úr henni, fólk mitt, svo að þið verðið ekki meðsek í syndum hennar og verðið ekki fyrir sömu plágum og hún. 5 Syndir hennar hlóðust upp allt til himins og Guð minntist ranglátra verka\* hennar. 6 Gjaldið henni eins og hún hefur farið með aðra, já, gjaldið henni tvöfalt fyrir það sem hún hefur gert. Blandið handa henni tvöfaldan drykk í bikarinn sem hún sjálf notaði til að blanda drykk. 7 Látið hana kveljast og syrgja í sama mæli og hún upphóf sjálfa sig og lifði í taumlausum munaði. Hún

18:2 \*Eða hugsanl. „allrar óhreinna útdunur; allra óhreinna innblásinna orða“. 18:3 \*Eða „reiðivíni“. <sup>#</sup>Á grísku *porneia*. Sjá orðaskýringar. <sup>^</sup>Eða „farandkaupmenn“. 18:5 \*Eða „minntist glæpa“.

segir í hjarta sínu: „Ég ríki eins og drottning. Ég er ekki ekkja, ég mun aldrei upplifa sorg.“ **8** Þess vegna koma plágur hennar á einum degi – dauði, sorg og hungur – og hún mun brenna upp í eldi því að Jehóva\* Guð, sem dæmdi hana, er máttugur.

**9** Konungar jarðar, sem drýgðu kynferðislegt siðleysi\* með henni og lifðu með henni í taumlausum munaði, munu gráta, harma og kveina yfir henni þegar þeir sjá reyking þar sem hún brennur. **10** Þeir standa í nokkurri fjarlægð, skelfdir yfir kvöl hennar og segja: „Hvílíkt ólán, þú mikla borg, Babýlon, borgin volduga, því að dómur þinn kom á einni stundu.“

**11** Kaupmenn jarðar gráta líka og syrgja hana því að enginn kaupir lengur vörufarma þeirra, **12** farma af gulli, silfri, gimsteinum, perlum, fínu líni, silki, purpuralitu efni, skarlatsrauðu efni, og alls konar muni úr ilmviði og filabeini, eðalviði, kopar, járnei og marmara. **13** Enginn kaupir heldur af þeim kanil, indverskt krydd, reykelsti, ilmólíu, hvítt reykelsti, vín, ólifuo líu, fínt mjól, hveiti, nautgripi, sauðfé, hesta, vagna, þræla eða annars manns líf.\* **14** Já, allur góði ávöxturinn sem þú\* þráðir er tekinn frá þér og allar kræsingarnar og dýrgripirnir eru horfnir frá þér og finnast aldrei framar.

**15** Kaupmennirnir sem seldu þetta og auðguðust á henni munu standa í nokkurri fjarlægð, skelfdir yfir kvöl hennar. Þeir gráta og syrgja **16** og segja: „Hvílíkt ólán fyrir borgina miklu sem klæddist fínu líni, purpura og skarlati og var hlaðin skartgripum úr gulli, gimsteinum og perlum. **17** Á einni stundu eyddist allur þessi auður.“

Allir skipstjórar, sæfarar og hásetar og allir sem hafa atvinnu á sjónum stóðu í nokkurri fjarlægð **18** og hrópuðu þegar þeir horfðu á reyking þar sem hún brann: „Hvaða borg jafnast á við borgina miklu?“ **19** Þeir jusu mold yfir höfuð sér og hrópuðu grátandi og syrgjandi: „Hvílíkt ólán fyrir borgina miklu! Allir sem áttu skip á sjó auðguðust á henni vegna auðæfa hennar, en á einni stundu var hún lögð í eyði.“

**20** Gleðjist yfir henni, þú himinn og þið heilögu, þið postular og spámennt, því að Guð hefur fellt dóm yfir henni ykkar vegna.“

**21** Sterkur engill tók nú upp stein sem var eins og stór myllusteinn, kastaði honum í hafið og sagði: „Svona snögglega verður Babýlon, borginni miklu, varpað niður og hún hverfur um alla framtíð. **22** Aldrei framar mun heyrast í þér hljómur söngvara sem leika undir á hörpur, né hljómur flautuleikara, lúðurlásara eða annarra tónlistarmanna. Og aldrei framar munu finnast hjá þér handverksmenn sem stunda nokkra iðn og aldrei aftur heyrast kvarnarhljóð í þér. **23** Lampaljós skal aldrei framar skína í þér og ekki skal heyrast í þér rödd brúðguma eða brúðar. Kaupmenn þínir voru stórmenni jarðarinnar og þú afvegaleiddir allar þjóðir með dulspekiðkunum þínum. **24** Já, í henni fannst blóð spámanna, heilagra og allra sem hafa verið drepnir á jörðinni.“

**19** Eftir þetta heyrði ég eitthvað sem hljómaði eins og sterkur ómur mikils fjölda á himni sem sagði: „Lofið Jah!\* Frelsunin, dýrðin og mátturinn tilheyrir Guði okkar **2** því að dómar hans eru sannir og réttlátir. Hann hefur fullnægt

18:8, 9 \*Sjá orðaskýringar. 18:13 \*Eða „mannssálir“. 18:14 \*Eða „sál þín“.

19:1 \*Eða „Hallelúja!“ „Jah“ er stytting nafnsins Jehóva.

dómi yfir vændiskonunni miklu sem spillti jörðinni með kynferðislegu siðleysi\* sínu og hann hefur hefnt blóðs þjóna sinna sem hún hefur úthellt.“<sup>#</sup> **3** Í sömu svipan var endurtekið: „Lofið Jah!\* Reykurinn frá henni stígur upp um alla eilífð.“

**4** Öldungarnir 24 og lifandi verurnar fjórar féllu fram og tilbáðu Guð sem situr í hásetinu og sögðu: „Amen! Lofið Jah!“<sup>\*\*</sup>

**5** Einnig heyrðist rödd frá hásetinu sem sagði: „Lofið Guð okkar, þið öll sem þjónið honum og óttist hann, jafnt háir sem lágir.“

**6** Síðan heyrði ég eitthvað sem hljómaði eins og raddir mikils fjölda og niður margra vatna og sterkur þrumugnýr. Þær sögðu: „Lofið Jah\* því að Jehóva# Guð okkar, hinn almáttugi, er farinn að ríkja sem konungur. **7** Gleðjumst og fögnum og gefum honum dýrd því að komið er að brúðkaupi lambsins og brúður þess hefur haft sig til. **8** Já, hún hefur fengið að klæðast skínandi, hreinu og fínu líni en línið táknar réttlát verk hinna heilögu.“

**9** Engillinn sagði við mig: „Skrifaðu: Þeir sem eru boðnir í brúðkaupsveislu lambsins eru hamingjusamir.“ Hann bætti við: „Þetta eru hin sönnu orð Guðs.“ **10** Þá féll ég fram við fætur hans til að tilbiðja hann. En hann sagði við mig: „Ekki gera þetta! Ég er bara samþjónn þinn og bræðra þinna sem hafa það verkefni að vitna um Jesú. Þú átt að tilbiðja Guð. Að vitna um Jesú er andinn í spádómunum.“<sup>\*\*</sup>

19:2 \*Á grísku *porneía*. Sjá orðaskýringar. #Eða „krafist blóðs þjóna sinna af hendi hennar“. 19:3, 4, 6 \*Eða „Hallelúja!“ „Jah“ er stytting nafnsins Jehóva. 19:6 \*Sjá orðaskýringar. 19:10 \*Eða „markmið spádómanna“.

**11** Ég sá að himinninn var opin og ég sá hvítan hest. Sá sem sat á honum kallast Trúr og Sannur og hann dæmir og berst með réttlæti. **12** Augu hans eru eins og eldslogi og á höfði hans eru margar kórónur.\* Á hann er skrifað nafn sem enginn þekkir nema hann sjálfur. **13** Föt hans eru blóði drifin\* og hann er kallaður Orð Guðs. **14** Hersveitirnar á himni fylgdu honum á hvítum hestum og þær klæddust hvítu, hreinu og finu líni. **15** Út af munni hans gengur langt og beitt sverð til að höggva þjóðirnar með og hann mun ríkja yfir þeim\* með járnstaf. Hann treður vínþröng heiftarreiði Guðs hins almáttuga. **16** Á fötum hans, já, á lærinu, stendur skrifað nafn: Konungur konunga og Drottinn drottna.

**17** Ég sá líka engil sem stóð fyrir miðri sólinni og hann hrópaði hárrí röddu til allra fuglanna sem fljúga um miðjan himin: „Komið, safnist saman til hinnar miklu kvöldmáltíðar Guðs **18** til að éta hold konunga, hold herforingja og hold hraustmenna, hold hesta og þeirra sem sitja á þeim og hold allra, frjálsra jafnt sem þræla og hárra jafnt sem lágra.“

**19** Og ég sá að villidýrið, konungar jarðarinnar og hersveitir þeirra höfðu safnast saman til að heyja stríð við þann sem sat á hestinum og við hersveit hans. **20** Villidýrið var gripið ásamt falspámanninum sem gerði tákn í augsýn þess en með táknunum hafði hann afvegaleitt þá sem höfðu fengið merki villidýrsins og þá sem tilbáðu líkneski þess. Þeim var báðum kastað lifandi í eldhafið

19:12 \*Eða „mörg konungleg höfuðbönd“. 19:13 \*Eða hugsanl. „eru með blóðslettum“. 19:15 \*Orðrétt „leiða þær“.

sem logar af brennisteini. **21** Hinir voru drepnir með langa sverðinu sem gekk út af munni þess sem sat á hestinum. Og allir fuglarnir átu sig sadða af holdi þeirra.

**20** Ég sá engil stíga niður af himni með lykil undirdjúpsins og mikla fjötra í hendi sér. **2** Hann tók drekann, hinn upphaflega höggorm sem er Djöfullinn og Satan, og batt hann um 1.000 ár. **3** Hann kastaði honum í undirdjúpið, lokaði því og innsiglaði svo að hann afvegaleiddi ekki þjóðirnar lengur, ekki fyrr en 1.000 árin væru liðin. Eftir það verður hann leystur um stuttan tíma.

**4** Og ég sá hásæti, og þeim sem sátu í þeim var gefið vald til að dæma. Já, ég sá sálir\* þeirra sem höfðu verið liflátnir<sup>#</sup> fyrir að vitna um Jesú og tala um Guð, þá sem höfðu ekki tilbeðið villidýrið eða líkneski þess og höfðu ekki fengið merkið á enni sér og hönd. Þeir lifnuðu við og ríktu sem konungar með Kristi í 1.000 ár. **5** Þetta er fyrri upprisan. (Hinir sem voru dánir lifnuðu ekki við fyrr en 1.000 árin voru liðin.) **6** Allir sem eiga hlut í fyrri upprisunni eru hamingjusamir og heilagir. Hinn annar dauði hefur ekkert vald yfir þeim. Þeir verða prestar Guðs og Krists og munu ríkja sem konungar með honum í 1.000 ár.

**7** Um leið og 1.000 árin eru liðin verður Satan leystur úr fangelsi sínu **8** og hann fer út til að afvegaleiða þjóðirnar sem eru á fjörum hornum jarðar, Góg og Magóg, og safna þeim saman til stríðsins. Fjöldi þeirra er eins og sandkorn sjávarins. **9** Þær sóttu fram um alla jörðina og umkringdu herbúðir hinna heilögu og borgina elskuðu.

**20:4** \*Sjá orðaskýringar og Op 6:9, neðanmáls. <sup>#</sup>Orðrétt „liflátnir með óxi“.

En eldur kom af himni og eyddi þeim. **10** Og Djöflinum, sem afvegaleiddi þær, var kastað í haf elds og brennisteins þar sem bæði villidýrið og falsspámaðurinn voru fyrir. Þau verða kvalin\* dag og nótt um alla eilífð.

**11** Síðan sá ég mikið hvítt há sæti og þann sem sat í því. Jörðin og himinninn flúðu frá honum og fundust hvergi framar. **12** Og ég sá hina dáu, jafnt háa sem lága, standa frammi fyrir hásætinu og bókröllur voru opnaðar. En önnur bókrolla var opnuð, bók lífsins. Hinir dáu voru dæmdir eftir því sem stóð í bókröllunum, samkvæmt verkum sínum. **13** Hafíð skilaði hinum dáu sem voru í því og dauðinn og gröfin\* skiluðu hinum dáu sem voru í þeim, og hver og einn var dæmdur samkvæmt verkum sínum. **14** Dauðanum og gröfinni\* var kastað í eldhafið en eldhafið táknar hinn annan dauða. **15** Öllum sem voru ekki skráðir í bók lífsins var einnig kastað í eldhafið.

**21** Ég sá nýjan himin og nýja jörð, en hinn fyrri himinn og hin fyrri jörð voru horfin og hafíð var ekki lengur til. **2** Ég sá líka borgina helgu, hina nýju Jerúsalem, koma niður af himni frá Guði. Hún var búin eins og brúður sem skartar fyrir manni sínum. **3** Þá heyrði ég sterka rödd frá hásætinu sem sagði: „Taktu eftir. Tjald Guðs er hjá mönnum og hann mun búa hjá þeim og þeir verða fólk hans. Guð sjálfur verður hjá þeim. **4** Hann mun þerra hvert tár af augum þeirra og dauðinn verður ekki

**20:10** \*Eða „í haldi; í fangelsi“. **20:13** \*Eða „Hades“, það er, sameiginleg gróf mannkyns. Sjá orðaskýringar. **20:14** \*Eða „Hades“, það er, sameiginlegri gróf mannkyns. Sjá orðaskýringar.

til framar. Engin sorg, angistaróp né kvöl verður heldur til. Það sem áður var er horfið.“

**5** Sá sem sat í hásætinu sagði: „Ég geri alla hluti nýja.“ Hann bætti við: „Skrifaðu, því að þessi orð eru áreiðanleg\* og sönn.“ **6** Síðan sagði hann við mig: „Þetta er orðið að veruleika. Ég er alfa og ómega,\* upphafið og endirinn. Þeim sem er þyrstur mun ég gefa ókeypis að drekka af uppsprettu\* lífsvatnsins. **7** Sá sem sigrar mun erfa þetta. Ég verð Guð hans og hann verður sonur minn. **8** En þeir sem eru huglausir, trúlausir og morðingjar, þeir sem eru óhreinir og viðbjóðslegir, lifa kynferðislega siðlausu\* lífi eða stunda dulspeki, skurðgoðadýrkendur og allir lygarar lenda í eldhafinu sem logar af brennisteini. Það táknar hinn annan dauða.“

**9** Nú kom einn af englunum sjö sem héldu á skálunum sjö sem voru fullar af síðustu plágunum sjö. Hann sagði við mig: „Komdu, ég skal sýna þér brúðina, eiginkonu lambsins.“ **10** Hann flutti mig síðan burt í krafti andans upp á mik-ið og hátt fjall og sýndi mér borgina helgu, Jerúsalem, koma niður af himni frá Guði. **11** Hún hafði dýrð Guðs og ljómaði eins og dýrasti gimsteinn, eins og skínandi kristaltær jaspis. **12** Hún var með mikinn og háan múr og 12 hlið en við hliðin voru 12 englar. Nöfn hinna 12 ættkvísla Ísraelsmanna voru letruð á hliðin. **13** Austan megin voru þrjú hlið, norðan megin þrjú hlið, sunnan megin þrjú hlið og vestan megin þrjú hlið. **14** Borgarmúrinn hvíldi á 12 und-

irstöðusteinum og á þeim stóðu 12 nöfn hinna 12 postula lambsins.

**15** Sá sem talaði við mig hélt á mælistiku úr gulli til að mæla borgina, hlið hennar og múr. **16** Borgin er ferningslaga, jöfn á lengd og breidd. Hann mældi borgina með stikunni og hún var 12.000 skeiðrúm,\* jöfn á lengd, breidd og hæð. **17** Hann mældi líka múrinn. Hann var 144 álnir\* samkvæmt mælikvarða manna sem er einnig mælikvarði engla. **18** Múrinn var byggður úr jaspis og borgin úr skíragulli sem var eins og tært gler. **19** Undirstöður borgarmúrsins voru úr alls konar gimsteinum. Fyrsti undirstöðusteinninn var jaspis, annar safír, þriðji kalsedón, fjórði smaragður, **20** fimmti sardónyx, sjötti karneól,\* sjöundi krýsólít, áttundi beryll, níundi tópas, tíundi krýsópras, ellefti hýasint og tólfti ametýst. **21** Hliðin 12 voru 12 perlur, hvert hlið úr einni perlu. Aðalgata borgarinnar var úr skíragulli sem var eins og gegnsætt gler.

**22** Ég sá ekki musteri í henni því að Jehóva\* Guð, hinn almáttugi, er musteri hennar og lambið einnig. **23** Borgin þarf hvorki sól né tungl til að fá birtu því að dýrð Guðs lýsir hana upp og lambið er lampi hennar. **24** Þjóðirnar munu ganga í ljósi hennar og konungar jarðar færa henni dýrð sína. **25** Hliðum hennar verður aldrei lokað því að þar er aldrei nótt heldur aðeins dagur. **26** Fólki mun færa henni dýrð og heiður frá þjóðunum. **27** En ekkert óhreint fær að koma inn í hana né nokkur sem gerir eitthvað viðbjóðslegt eða

21:5 \*Eða „traust“. 21:6 \*Eða „a og ö“. Alfa og ómega eru fyrsti og síðasti stafur gríska stafrófsins. \*Eða „lind“. 21:8 \*Sjá orðaskýringar, „kynferðislegt siðleysi“.

21:16 \*Það er, 2.220 km. Skeiðrúm var 185 m. 21:17 \*Um 64 m. Sjá orðaskýringar, „alín“. 21:20 \*Eða „sardis“. 21:22 \*Sjá orðaskýringar.

sviksamlegt heldur aðeins þeir sem eru skráðir í bókröllu lífsins sem tilheyrir lambinu.

**22** Engillinn sýndi mér nú fljót lífsvatnsins sem rann kristaltært frá hásaeti Guðs og lambsins 2 eftir miðri aðalgötunni. Beggja vegna fljótsins stóðu tré lífsins sem báru ávöxt í hverjum mánuði, 12 sinnum á ári. Og lauf trjáanna voru þjóðunum til lækningar.

**Iðrun.** Í Biblíunni lýsir orðið hugarfarsbreytingu jafnframt því að harma í einlægri fyrra lífni og sjá eftir að hafa gert rangt eða vanrækt eitthvað. Sönn iðrun hefur stefnubreytingu í för með sér. – Mt 3:8; Pos 3:19; 2Pé 3:9.

**Illir andar.** Ósynilegar illar andaverur með ofurmannlega krafta. Kallaðir „synir Guðs“

í 1. Mósebók 6:2 og ‚englar‘ í Júdasarbréfinu 6. Þeir voru ekki skapaðir illir heldur voru þeir englar sem gerðust óvinir Guðs með því að óhlýðnast honum á dögum Nóa og ganga í lið með Satan í uppreisninni gegn Guði. Þeir eru einnig kallaðir ‚óhreinir andar‘. – 5Mó 32:17; Lúk 8:30; Pos 16:16; Jak 2:19.

**Illýría.** Rómverskt skattland norðvestur af Grikklandi. Páll fór alla leið þangað á boðunarferðum sínum en ósagt er látið hvort hann boðaði fagnaðarerindið þar eða aðeins að landamærum þess. – Róm 15:19.

**Innsigli.** Merki sem þrykk var, yfirleitt í leir eða vax, með einhvers konar stimpli til tákns um eiganda, áreiðanleika eða samþykki. Einnig notað um sjálfan stimpilinn. Ef skjöl voru innsigluð var síður hægt að falska þau og erfiðara var að eiga við innsiglaðar dyr og grafir. Til forna voru innsiglishringar eða -stimplar gerðir úr hörðu efni (steini, filabeini eða tré) og grafin í þá spegilmýnd bókstafa eða tákna. Í yfirfærðri merkingu tákna innsigli að eitt-hvað sé eign einhvers, sé ósvikið, hulið eða leyndardómur. – Mt 27:66; Jóh 6:27; Ef 1:13; Op 5:1; 9:4.

## I

**Ísópur.** Jurt með fingerðum greinum og lafi, notuð til að sletta blóði eða vatni við vissar hreinsunarathafnir. Hugsanlega var þetta majóram (*Origanum maru*, *Origanum syriacum*). Í Jóhannesi 19:29 kann að vera átt við majóram sem var fest á grein eða afbrigði af dúrru (*Sorghum vulgare*) því að stöngull plöntunnar gat verið nógu langur til að bera svamp með súru vini upp að munni Jesú. – Heb 9:19.

**Ísrael.** Nafn sem Guð gaf Jakobi og var notað um alla afkomendur hans á hverjum tíma. Afkomendur hinna 12 sona Jakobs voru oft kallaðir Ísraelsmenn og stundum synir Ísraels og Ísraelsætt. Tíuættkvíslaríkið í norðri, sem klauf sig frá Suðurríkjunu, var einnig nefnt Ísrael. Andasmurðir kristnir menn voru síðar nefndir „Ísrael Guðs“. – Ga 6:16; 1Mó 32:28; Pos 4:10; Róm 9:6.

## J

**Jakob.** Sonur Ísaks og Rebekku. Guð gaf honum síðar nafnið Ísrael og hann var forfaðir Ísraelsmanna (síðar einnig kallaðir Gyðingar). Hann eignaðist 12 syni og 12 ættkvíslir Ísraelsþjóðarinnar voru

komnar af þeim. Nafnið Jakob var notað áfram um Ísraelsþjóðina. – 1Mó 32:28; Mt 22:32.

**Jehóva.** Nafnið Jehóva stendur alls 237 sinnum í Grísku ritningunum í *Nýheimsþýðingu Bibliunnar*. Sú ákvörðun að láta nafn Guðs standa þar er byggð á eftirfarandi:

1. Í handritum Hebresku ritninganna sem voru í notkun á dögum Jesú og postula hans stóð fjórstafanafnið (það er að segja nafn Guðs ritað með hebresku samhljóðunum יהוה) þar sem það hafði staðið í frumritunum.

2. Fjórstafanafnið stóð einnig í grískum þýðingum Hebresku ritninganna á dögum Jesú og postula hans.

3. Í Grísku ritningunum kemur fram að Jesús hafi oft talað um nafn Guðs og kunnbert það. – Jóh 17:6, 11, 12, 26.

4. Grísku ritningarnar eru innblásin viðbót við hin helgu hebresku rit. Það virðist því ekki rökrétt að nafnið Jehóva hverfi skyndilega úr textanum.

5. Styttri mynd af nafni Guðs er að finna í Grísku ritningunum. – Op 19:1, 3, 4, 6.

6. Í fornum ritum Gyðinga kemur fram að kristnir Gyðingar hafi notað nafn Guðs í ritunum sínum.

7. Sumir biblíufræðingar víðurkenna að nafn Guðs hafi líklega staðið í tilvitnunum Grísku ritninganna í Hebresku ritningarnar.

8. Nafn Guðs er að finna í þýðingum Grísku ritninganna á meira en hundrað tungumálum.

Það eru greinilega skýr rök fyrir því að láta nafn Guðs, Jehóva, standa í Grísku ritningunum. Það er einmitt það sem þýðendur *Nýheimsþýðingarinnar* hafa gert. Þeir bera djúpa virðing fyrir nafni Guðs og þeim stendur heilnæmur öfti af því að taka nokkuð burt sem stendur í frumtextanum. – Op 22:18, 19.

**Júda.** Fjórði sonur Jakobs með Leu eigin konu sinni. Á dánarbedinum spáði Jakob að mikill og varanlegur stjórndandi myndi koma af ætt Júda. Sem maður var Jesús kominn af Júda. Nafnið Júda er einnig notað um ættkvíslina og Júdaríkið sem kom síðar. – 1Mó 29:35; 49:10; Heb 7:14.

## K

**Kaldear.** Þjóð sem bjóð á öseyrum fljótanna Tigris og Efrats. Snemma í sögunni var Úr

helsta borgin í landi Kaldea en hún var heimaborg Abrahams. – Pos 7:4.

**Keisari.** Titill æðstu valdhafa í Róm, dreginn af rómverska ættarnafninu Sesar. Ágústus, Tiberíus og Kládíus eru nafngreindir í Biblíunni. Neró bar einnig þennan titil þótt hann sé ekki nafngreindur þar. Orðið keisari er einnig notað í Grísku ritningunum sem tákni um borgaraleg yfirvöld eða ríkisvaldið. – Mr 12:17; Pos 25:12.

**Kerúbar.** Háttsettir englar sem sinna sérstöku verkefnum. Kerúbar eru ekki það sama og serafar. – 1Mó 3:24; 2Mó 25:20; Jes 37:16; Heb 9:5.

**Kór.** Rúmmálseining þurefna eða vökva. Það jafngilti 220 l sé miðað við áætlað rúmmál mælieiningarinnar bat. – 1Kon 5:25; Lúk 16:7, nm.

**Kraftaverk, máttarverk.** Verk eða fyrirbæri sem er ekki hægt að skýra með þekktum náttúrulegum málum og er eignað yfirnáttúrulegu afli. Í Biblíunni eru ‚tákn‘ og ‚undur‘ stundum notuð sem samheiti. – Mt 11:20; Pos 4:22; Heb 2:4.

**Kristinn.** Heiti sem Guð gaf fylgjendum Jesú Krists. – Pos 11:26; 26:28.

**Kristur.** Titill Jesú, dreginn af gríska orðinu *Khristos* en það samsvarar hebreska orðinu sem er þýtt ‚Messías‘, það er ‚hinn smurði‘. – Mt 1:16; Jóh 1:41.

**Kvalastaur.** Þýðing gríska orðsins *stauros* sem merkir uppréttur staur eða stólpi eins og Jesús var lífláttinn á. Ekki er bendir til þess að gríska orðið hafi merkt kross eins og heiðnir menn notuðu sem trúartákn öldum saman fyrir daga Krists. Orðið kvalastaur skilar merkingu frummálsorðsins fyllilega því að Jesús notaði orðið *stauros* einnig til að lýsa pyntingum, þjáningum og skömm sem fylgjendur hans myndu þurfa að þola. (Mt 16:24; Heb 12:2) – Sjá STAUR.

**Kvöldmáltíð Drottins.** Máltíð með ósýrðu brauði og víni sem tákna líkama og blóð Krists, haldin til minningar um dauða hans. Samkvæmt Biblíunni er kristnum mönnum skylt að halda þessa háttíð og því er einnig viðeigandi að kalla hana minningarháttíðina. – 1Kor 11:20, 23–26.

**Kynferðislegt siðleysi.** Þýðing gríska orðsins *porneia* sem nær yfir öll óleyfileg kynmök, eins og framhjáhald, vændi, kynmök ógífta og samkynhneigðra og kynmök

við dýr. Það er notað í táknrænni merkingu í Opinberunarbókinni um trúarveldi sem kallast „Babýlon hin mikla“ en því er lýst sem vændiskonu því að það leggur lag sitt við valdhafa þessa heims til að afla sér valda og auðæfa. (Op 14:8; 17:2; 18:3; Mt 5:32; Pos 15:29; Ga 5:19) – Sjá VÆNDISKONA.

## L

**Laufskálahátíð.** – Sjá TJALDBÚDAHÁTÍÐ.

**Lausnargjald.** Gjald sem var greitt til að leysa mann úr ánaud eða frá refsingu, þjáningum, synd eða jafnvel skyldum. Gjaldið var ekki alltaf peningar. (Jes 43:3) Lausnargjalds var krafist við margs konar aðstæður. Allir karlkyns frumburðir manna og dýra í Ísrael tilheyrðu Jehóva og átti að helga þá þjónustu hans. Þess vegna þurfti að greiða lausnargjald til að leysa þá undan því. (4Mó 3:45–47; 18:15, 16) Ef mannýgt naut var ekki haft í gæslu og það varð manni að bana þurfti eigandi þess að greiða lausnargjald til að leysa sjálfan sig undan dauðarefsingunni sem við lá. (2Mó 21:29, 30) Ekki var þó tekið við lausnargjaldi fyrir mann sem varð öðrum viljandi að bana. (4Mó 35:31) Í Biblíunni er megináherslan þó lögð á lausnargjaldið sem Kristur greiddi með fórnardauða sínu til að leysa hlýðna menn undan synd og dauða. – Sl 49:8, 9; Mt 20:28; Ef 1:7.

**Leggja hendur yfir.** Hendur voru lagðar yfir mann til að skipa hann til sérstakra starfa eða til að blessa hann, lækna eða gefa heilagan anda. – 4Mó 27:18; Pos 19:6; 1Tí 5:22.

**Leirkerasmiður.** Sá sem býr til ker, diska og önnur ílát úr leir. Hebreska orðið sem er þýtt ‚leirkerasmiður‘ merkir bókstaflega ‚sá sem mótar‘. Leirkerasmiðurinn hefur leirinn á valdi sínu og það er oft notað til að lýsa valdi Jehóva yfir mönnum og þjóðum. – Jes 64:7; Róm 9:21.

**Lepton.** Smæsta kopar- eða bronsmynt Gyðinga sem nefnd er í Grísku ritningunum. – Mr 12:42, nm; Lúk 21:2 nm.

**Leví, Levíti.** Þriðji sonur Jakobs með Leu eiginkonu sinni, einnig ættkvíslin sem nefnd er eftir honum. Synir hans þrjú voru ættfeður þriggja meginflokanna sem kalladur voru levíski prestdómurinn. Stundum er heitið Levíti notað um alla ættkvíslina en yfirleitt er prestaætt Arons ekki meðtalin. Levíættkvísl var ekki úthlutað landi

í fyrirheitna landinu en fékk í staðinn 48 borgir á þeim svæðum sem hinum ættkvíslunum var úthlutað. – 5Mó 10:8; 1Kr 5:27; Heb 7:11.

**Leysingi.** – Sjá FRJÁLS MAÐUR.

**Lifvarðarsveitin.** Sveit rómverskra hermanna sem gætti keisarans í Róm. Sveitin varð mjög valdamikil og gat stutt keisara í embætti eða svipt þá völdum. – Fil 1:13.

**Lokaskeið þessarar heimsskipanar.** Tímabilið áður en sú heimsskipan eða það ástand heimsmála sem Satan stjórnar líður undir lok. Það spannar sama tíma og nærvera Krists. Englar „aðgreina vonda frá réttlátum“ undir handleiðslu hans og útrýma þeim. (Mt 13:40–42, 49) Lærisveinar Jesú höfðu áhuga á að vita hvenær þetta „lokaskeið“ yrði. (Mt 24:3) Áður en hann sneri aftur til himna lofaði hann fylgjendum sínum að vera með þeim fram til þess tíma. – Mt 28:20.

**Lok friðþægingarinnar.** Lok sáttmálsarkarinnar. Æðstipresturinn sletti blóði syndaforunnanna frammi fyrir því á friðþægingardeginum. Hebreska orðið er dregið af sagnorði sem merkir „að hylja (synd)“ eða hugsanlega „að þurrka út (synd)“. Lokið var úr gegnheilu gulli með tveim kerúbum sem voru hvor á sínum enda. Stundum var það einfaldlega kallað „lokið“. – 2Mó 25:17–22; 1Kr 28:11, nm; Heb 9:5.

**Lúður.** Blásturshljóðfæri úr málm, notað til að gefa merki og til að leika tónlist. Í táknrænni merkingu er oft talað um að blásið sé í lúður þegar dómur Jehóva eru boðaðir eða samhliða öðrum mikilvægum atburðum sem hann stendur á bak við. – 1Kor 15:52; Op 8:7-11:15.

**Lögin, lögmálið.** Ýmist notað um Mósélögin, fyrstu fimm bækur Biblíunnar, sérstök ákvæði Mósélaganna eða meginreglur laganna. – 4Mó 15:16; 5Mó 4:8; Mt 7:12; Ga 3:24.

## M

**Makedónía.** Svæði norður af Grikklandi sem varð atkvæðamiklið á dögum Alexanders mikla og var sjálfstætt ríki þar til Rómverjar lögðu það undir sig. Makedónía var rómverskt skattland þegar Páll postuli heim sótti Evrópu í fyrsta sinn. Alls kom hann þrisvar þangað. – Pos 16:9.

**Malurt.** Heiti ýmissa trékenndra plantna sem eru afar beiskar á bragðið og hafa

sterkan ilm. Í Opinberunarbókinni 8:11 táknar malurt beiskt og eitrafð efni.

**Manna.** Helsta fæða Ísraelsmanna þau 40 ár sem þeir voru í eyðimörkinni. Jehóva sá þeir fyrir þessari fæðu og hún lá fyrir kraftaverk undir dögginni á hverjum morgni nema á hvíldardeginum. Þegar Ísraelsmenn sáu mannað í fyrsta sinn spurðu þeir: „Hvað er þetta?“ eða á hebræsku „*man hu?*“ (2Mó 16:13–15, 35) Jesús minntist á mannað í táknrænni merkingu. – Jóh 6:49, 50.

**Mannssonur.** Þetta orð stendur um 80 sinnum í guðspjöllunum. Það er notað um Jesú Krist og vísar til þess að hann hafi verið fullkomlega mennskur þegar hann fæddist á jörð en ekki andavera sem hefði tekið sér holdlegan líkama. Orðið gefur einnig til kynna að Jesús myndi uppfylla spádóminn í Danielsbók 7:13, 14. Í Hebræsku ritningunum er það notað um Esekíel til að draga fram muninn á dauðlegum talsmanni boðskaparins og Guði sem er höfundur hans. – Esk 3:17; Mt 19:28; 20:28.

**Málsháttur.** Setning eða stutt saga sem felur í sér lífsspeki eða djúptæk sannindi. Í Biblíunni birtast málshættir gjarnan sem gátur eða eru orðaðir með torræðum hætti. Orðalag er oft meitlað og myndlingar algengar. Með tíð og tíma varð fólkí tamt að nota suma málshætti sem háðs- eða skammaryrði um visst fólk. – Pré 12:9; 2Pé 2:22.

**Medar.** Þjóð sem var komin af Madaí syni Jafets og settist að á írönsku hásléttunni sem síðar kallaðist Medía. Medar voru meðal víðstaddra í Jerúsalem á hvítasunnu árið 33. – Pos 2:9.

**Messías.** Dregið af hebræsku orði sem merkir 'smurður' eða 'hinn smurði' og samsvarar gríska orðinu sem er þýtt „Kristur“. – Dan 9:25; Jóh 1:41.

**Milligöngumaður.** Sá sem gengur milli tveggja aðila til að koma á sáttum. Í Biblíunni var Móse milligöngumaður lagasáttmálsans og Jesús nýja sáttmálsans. – Ga 3:19; 1Tí 2:5; Heb 12:24.

**Minningargröf.** Legstaður látinnar manneskju, þýðing gríska orðsins *mnemeí'on*. Það er dregið af sögn sem merkir 'að minna á' og gefur til kynna að hins látna sé minnst. – Jóh 5:28, 29.

**Miskunnargjafir.** Gjafir til að hjálpa þeim sem voru þurfandi. Ekki er talað beint um þess konar gjafir í Hebresku ritningunum en í lögnum fengu Ísraelsmenn samt ákveðin fyrirmæli varðandi skyldur sínar við fátæka. – Mt 6:2, nm.

**Míla.** Lengdarmálseining sem er nefnd aðeins einu sinni í frumtexta Grísku ritninganna, í Matteusi 5:41. Sennilega er átt við rómverska mílu sem jafngilti 1.479,5 m.

**Mína.** Í Grísku ritningunum jafngilti mína 100 drökmum og vó 340 g. – Lúk 19:13.

**Morgunstjarna.** Síðasta stjarnan sem rís í austri fyrir sólarupprás og boðar því komu nýs dags. – Op 22:16; 2Pé 1:19.

**Mólok.** Guð Ammóníta, hugsanlega sá sami og er nefndur Milkóm. – Pos 7:43.

**Móselögin.** Lög sem Jehóva gaf Ísraelsmönnum fyrir milligöngu Móse í Sínaíeyðimörk árið 1513 f.Kr. Fyrstu fimm bækur Biblíunnar eru oft nefndar lögin eða lögmálið. – Mt 5:17; Lúk 24:44.

**Musteri.** Bygging í Jerúsalem sem kom í stað hinnar færanlegu tjaldbúðar sem miðstöð guðsdýrkunar Ísraelsmanna. Salómon reisti fyrra musteríð en Babýloníumenn lögðu það í rúst. Serúbabel reisti síðara musteríð eftir heimkomuna úr útlegðinni í Babýlon. Heródes mikli endurbýggði það. Musteríð er stundum kallað „húsið“. – Mt 21:13; Lúk 11:51, nm; 1Kr 29:1; 2Kr 2:3; Mt 24:1.

**Myllusteinn.** Hringlaga steinn lagður ofan á annan hringlaga stein til að mala korn. Honan var snúð um pinna sem gekk gegnum hann og var festur í miðjan neðri steininn. Á flestum heimilum var til handsnúin kvörn eða mylla af þessu tagi sem konur notuðu til að mala korn á biblíutímanum. Daglegt brauð fjölskyldunnar var háð handkvörninni þannig að Móselögin lögðu bann við því að taka myllusteina að veði. Dýr voru notuð til að snúa stærri myllum af áþekku tagi. – 5Mó 24:6; Mr 9:42.

**Myrra.** Illandi kvoða úr þyrnirunnum eða lágvöxnum trjám af ættkvíslinni *Commiphora*. Myrra var eitt af efnunum í hinni heilögu smurningarolíu. Hún var notuð til að gefa fatnaði eða rúmum góðan ilm og notuð í húðkrem og nuddolíur. Henni var bætt sem deyfilyfi út í vín. Myrra var einnig notuð til að búa lík til greffrunar. – 2Mó 30:23; Okv 7:17; Mr 15:23; Jóh 19:39.

## N

**Nardusolía.** Ljósrauð ilmólía unnin úr nardusjurt (*Nardostachys jatamansi*). Þar sem nardusolían var dýr var hún oft blönduð ódýrari olíum og stundum voru eftirlíkingar seldar sem nardusolía. Bæði Markús og Jóhannes segja að „hrein nardusolía“ hafi verið borin á Jesú. – Mr 14:3; Jóh 12:3.

**Nasarei.** Jesús var nefndur Nasarei þar sem hann var frá bænum Nasaret. Sennilega skylt hebresku orði sem er þýtt „sproti“ í Jesaja 11:1. Fylgjendur Jesú voru síðar kallaðir nasarear. – Mt 2:23; Pos 24:5.

**Nísan.** Nýtt nafn sem mánuðurinn abib fékk eftir útleggöina í Babýlon, fyrsti mánuður hins helga almanaks Gyðinga og sjöundi mánuðurinn samkvæmt veraldlegu almanaki þeirra. Hann stóð frá miðjum mars fram í miðjan apríl. (Neh 2:1) Gyðingar héldu páska 14. nísan og Jesús Kristur stofnaði til kvöldmáltíðar Drottins þann dag. (Lúk 22:15, 19, 20) Hann var líflátinn á kvalastaur sama dag. – Lúk 23:44–46.

**Nýtt tungl.** Fyrsti dagur hvers mánaðar samkvæmt almanaki Gyðinga. Þá safnaðist fólk saman, gerði sér glaðan dag og færði sérstakar fórnir. Þegar fram liðu stundir fór þjóðin að halda hátíð þann dag og fólk tók sér frí frá vinnu. – 4Mó 10:10; 2Kr 8:13; Kól 2:16.

**Nærvera.** Í Grísku ritningunum er orðið stundum notað um konunglega nærveru Jesú Krists. Hún hófst þegar hann var krýndur sem ósynilegur konungur Messiasarríkisins og stendur út hina síðustu daga þessarar heimsskipanar. Nærvera Krists er ekki aðeins stutt viðkoma heldur nær yfir ákveðið tímabil. – Mt 24:3.

## O

**Ok.** Tré sem lagt var á herðar manns og byrðar hengdar á hvorn enda, eða tréstykki sem lagt var á háls tveggja dráttardýra (yfirleitt nautgripa) til að draga landbúnaðarverkfæri eða vagn. Þar sem þrælur voru oft látnir bera þungar byrðar varð okið tákn þrælkunar, undirokunar, kúgunar og þjáninga. Að aflétta oki eða brjóta það sundur var tákn um frelsun úr fjötrum og undan kúgun og arðráni. – 3Mó 26:13; Mt 11:29, 30.

## Ó

**Óförgengileiki.** Það að geta ekki eyðst, rotnað, hnignað eða glatast.

**Óhreinn.** Orðið getur vísað til þess að vera líkamlega óhreinn eða að brjóta síðferðis-reglur. Í Biblíunni lýsir það þó oftast því sem er óviðundandi eða ekki hreint samkvæmt Móselögnum. (3Mó 5:2; 13:45; Mt 10:1; Pos 10:14; Ef 5:5) – Sjá HREINN.

**Ósýrður.** Notað um brauð sem er bakað án súrdeigs eða gers. – 5Mó 16:3; Mr 14:12; 1Kor 5:8.

### P

**Paradís.** Fagur garður eða trjagarður. Fyrsta paradísin var Edengarðurinn sem Jehóva gróðursetti handa fyrstu hjónunum. Jesús gaf til kynna að jörðin yrði paradís þegar hann hékk á kvalastaurnum og átti orðaskipti við afbrotamann sem var líflátinn með honum. Í 2. Korintubræfi 12:4 er orðið greinilega notað um táknræna paradís og í Opinberunarbókinni 2:7 um himneska paradís. – Ljó 4:13; Lúk 23:43.

**Páskar.** Árleg hátíð haldin 14. abíb (síðar nefndur nísan) til minningar um frelsun Ísraelsmanna frá Egyptalandi. Slátrað var lambi (eða kíðlingi) sem var steikt við eld og borðað með beiskum jurtum og ósýrðu brauði. – 2Mó 12:27; Jóh 6:4; 1Kor 5:7.

**Porneia.** – Sjá KYNFERÐISLEGT SIDLEYSI.

**Postuli.** Grunnmerking orðsins er ‚sá sem er sendur‘ og er notað um Jesús og suma aðra sem voru sendir til að þjóna öðrum. Oftast er orðið notað um lærisveinana 12 sem Jesús valdi til að vera fulltrúar sínir. – Mr 3:14; Pos 14:14.

**Prestur.** Maður sem var opinber fulltrúi Guðs gagnvart þeim sem hann þjónaði og fræddi um Guð og lög hans. Prestar voru einnig fulltrúar fólksins gagnvart Guði, báðu fyrir því, færðu fórnir fyrir hönd þess og báðu því griða. Áður en Móselögin voru sett var fjölskyldufaðirinn prestur fjölskyldu sinnar. Karlar af ætt Arons af ættkvísl Leví mynduðu prestastétt með tilkomu Móselaganna. Aðrir karlar af ættkvísl Leví voru þeim til aðstoðar. Þegar nýi sáttmálinn tók gildi urðu andlegir Ísraelsmenn prestaþjóð með Jesús Krist sem æðstaprest. – 2Mó 28:41; Heb 9:24; Op 5:10.

**Prókonsúll.** Aðalstjórnandi skattlands undir forræði öldungaráðsins í Róm. Hann fór með dómsvald og réð yfir herliði. Hann fór með æðsta vald í skattlandinu en öldungaráðið í Róm gat krafið hann um að gera

grein fyrir störfum sínum. – Pos 13:7, nm; 18:12, nm.

### R

**Reykelsi.** Blanda af ilmandi trjákvodum sem brennur hægt og gefur ljúfa angan. Gerð var sérstök reykelsisblanda úr fjórum efnum til að nota í tjaldbúðinni og musterinu. Þetta reykelsi var brennt kvölds og morgna á reykelsisaltarinu í hinu heilaga og á friðþægingardeginum í hinu allra helgasta. Það táknaði þóknanlegar bænir sem trúir þjónar Guðs báru fram. Kristnum mönnum var ekki skylt að brenna reykelsi. – 2Mó 30:34, 35; 3Mó 16:13; Op 5:8.

**Reykelsisker.** Ílát úr gulli, silfri eða kopar, notað í tjaldbúðinni og musterinu til að brenna reykelsi og fjarlægja kol af fórnaraltarinu og útbrunna kveiki af gullljósa-stikunni. Einnig kallað skarpanna. – 2Mó 37:23; 2Kr 26:19; Heb 9:4.

**Reyr.** Heiti ýmissa jurta sem vaxa að jafnaði í votlendi. Oft er átt við risareyr (*Arundo donax*). – Mt 27:29; Op 11:1.

**Réttlæti.** Merkir í Biblíunni það sem er rétt samkvæmt mælikvarða Guðs um hvað sé rétt og rangt. – 1Mó 15:6; 5Mó 6:25; Sef 2:3; Mt 6:33.

**Ritningin, Ritningarnar.** Hin helgu rit sem geyma orð Guðs. Orðið kemur aðeins fyrir í Grísku ritningunum. – Lúk 24:27; 2Tí 3:16.

**Ríki Guðs.** Notað sérstaklega um stjórn Krists Jesús sem ríkir í umboði Guðs, Drottins alheims. – Mt 12:28; Lúk 4:43; 1Kor 15:50.

### S

**Saddúkear.** Áberandi sértrúarflokkur gyðingdómsins, skipaður auðugum yfirstéttarmönnum og prestum sem réðu miklu um það sem fram fór í musterinu. Þeir höfnuðu munlegum erfikenningum faríseanna, svo og ýmsum trúarkenningum þeirra. Þeir trúðu hvorki á uppris dauðra né tilvist engla. Þeir voru andsnúnir Jesús. – Mt 16:1; Pos 23:8.

**Safnaðarþjónn.** Þýðing gríska orðsins *dia'konos* sem er oft þýtt ‚þjónn‘. Notað um mann sem er öldungaráði safnaðar til aðstoðar. Hann þarf að uppfylla hæfniskröfur Biblíunnar til að mega gegna þessari þjónustu. – 1Tí 3:8–10, 12.

**Samaría.** Höfuðborg Norðurríkisins Ísraels um 200 ára skeið, svo og heiti svæðisins sem ríkið náði yfir. Borgin stóð á

samnefndu fjalli. Á dögum Jesú var Samaría heiti á rómversku héraði sem lá milli Galíleu í norðri og Júdeu í suðri. Jesús boðaði sjaldan fagnaðarboðskapinn þar á ferðum sínum en stundum lá leið hans þar um og hann talaði við íbúana. Pétur notaði annan táknrænan lykil Guðsríkis þegar Samverjar fengu heilagan anda. – 1Kon 16:24; Jóh 4:7; Pos 8:14.

**Samkunda, samkunduhús.** Orðið samkunda merkir ‚það að safna saman, samkoma‘ en er í Biblíunni oftast notað um hús eða stað þar sem Gyðingar hittust til að lesa upp úr Ritningunni, til bænahlads og til að hlusta á kennslu og boðun. Á dögum Jesú voru samkunduhús í flestum bæjum í Ísrael og fleiri en eitt í stærri borgum. – Lúk 4:16; Pos 13:14, 15.

**Samverjar.** Heitið var upphaflega notað um Ísraelsmenn sem bjuggu í tíuættkvíslaríkinu en eftir að Assýringar lögðu Samaría undir sig árið 740 f.Kr. voru útlendingar sem Assýringar fluttu á svæðið einnig meðtaldir. Á dögum Jesú var heitið yfirleitt ekki notað í þjóðernislegri eða pólitískri merkingu heldur um fólk af sértrúarflokki sem bjó í grennd við Síkem og Samaría. Sumar trúarkenningar þeirra stungu í stúf við kenningar gyðingdómsins. – Jóh 8:48.

**Satan.** Hebreskt orð sem merkir ‚andstæðingur‘. Þegar það stendur með ákveðnum greini í frummálunum er átt við Satan Djöfulinn, erkióvin Guðs. – Job 1:6; Mt 4:10; Op 12:9.

**Saurlifnaður.** – Sjá KYNFERÐISLEGT SIÐLEYSI.

**Sál.** Hefðbundin þýðing hebreska orðsins *nefes* og gríska orðsins *psykhe*. Þegar skoðað er hvernig orðin eru notuð í Biblíunni er ljóst að þau merkja aðallega (1) fólk, (2) dýr eða (3) líf fólks eða dýra. (1Mó 1:20; 2:7; 4Mó 31:28; 1Pé 3:20, nm.) Af Biblíunni er ljóst að þegar orðin *nefes* og *psykhe* eru notuð um jarðneskar verur lýsa þau því sem er efnislegt, ápreifanlegt, sýnilegt og dauðlegt, ólíkt því hvernig orðið „sál“ er iðulega notað í trúarlegu samhengi. Í *Nýheimsþýðingu Biblíunnar* eru þessi frummálsorð oftast þýdd eftir samhengi, svo sem ‚líf‘, ‚lífvera‘, ‚maður‘ eða einfaldlega sem persónuufornafn (til dæmis ‚ég‘ en ekki ‚sál mín‘). Í flestum tilvikum er þýðingin ‚sál‘ gefin neðanmáls.

Þegar orðið sál er að finna í meginmáli eða neðanmáls ber að skilja það í samræmi við skýringuna hér að ofan. Að gera eitt hvað af allri sál merkir að gera það af heilum hug, öllu hjarta og öllum kröftum. (5Mó 6:5; Mt 22:37) Í vissu samhengi geta frummálsorðin vísað til löngunar eða græðgi lifandi veru. Þau eru einnig notuð um lík. – 4Mó 6:6; Okv 23:2; Jes 56:11; Hag 2:13.

**Sálmur.** Lofsöngur til Guðs. Samin voru lög við sálma og þeir sungnir, meðal annars opinberlega við tilbeiðslu á Jehóva Guði í musterinu í Jerúsalem. – Lúk 20:42; Pos 13:33; Jak 5:13.

**Sáttmáli.** Formlegt samkomulag eða samningur milli Guðs og manna eða manna á milli um að gera eða ekki gera eitt hvað. Stundum var það aðeins hlutverk annars aðilans að uppfylla ákvæði sáttmáls (einhliða sáttmáli sem var í epli sínu loforð). Í öðrum tilfellum þurftu báðir aðilar að uppfylla viss skilyrði (tvíhliða sáttmáli). Auk sáttmála Guðs við menn talar Biblían um sáttmála milli manna, þjóðflokka, þjóða og hópa fólks. Af sáttmálum sem hafa haft viðtæk áhrif má nefna sáttmálana sem Guð gerði við Abraham, Davíð, Ísraelsþjóðina (lagasáttmálan) og Ísrael Guðs (nýja sáttmálan). – 1Mó 9:11; 15:18; 21:27; 2Mó 24:7; 2Kr 21:7; Lúk 22:29; Pos 3:25; 2Kor 3:6; Heb 8:6.

**Sáttmálsörk.** Gulllögð kista úr akasíuviði, geymd í hinu allra helgasta í tjaldbúðinni og síðar í hinu allra helgasta í musterinu sem Salómon reisti. Lokið var úr gegnheilu gulli með tveim kerúbum sem sneru hvor að öðrum. Töflurnar tvær með boðorðunum tíu voru það mikilvægasta sem örkin geymdi. – 5Mó 31:26; 1Kon 6:19; Heb 9:4.

**Seifur.** Æðsti guðinn í fjölgyðistru Grikkja. Í Lýstru var Barnabas ranglega talinn vera Seifur. Fornar áletranir sem fundist hafa í grennd við Lýstru tala um „presta Seifs“ og „sólguðinn Seif“. Skipið sem Páll sigldi með frá Möltu bar stafnlíkan með „merki sona Seifs“, tvíbura sem hétu Kastor og Pollux. – Pos 14:12; 28:11.

**Sértrúarflokkur.** Höpur fólks sem fylgir ákveðnum kennisetningum eða leiðtoga og aðhyllist sínar eigin trúarskoðanir. Farisear og saddúkear, tveir áberandi hópar innan gyðingdómsins, eru kallaðir sértrúarflokkar. Þeir sem voru ekki kristnir kölluðu

kristnina sértrúarflokk eða „sértrúarflokk nasarea“, og litu hugsanlega á hana sem klofningshóp frá gyðingdóminum. Með tímanum klofnaði kristnin í sértrúarflokka og minnst er sérstaklega á „Nikólaíta“ í Opinberunarbókinni. – Pos 5:17, nm; 15:5, nm; 24:5; 28:22; Op 2:6; 2Pé 2:1.

**Síðustu dagar.** Þetta orðasamband er notað í spádómum Biblíunnar um tíma-bil þegar sögulegir atburðir ná hámarki. (Esk 38:16; Dan 2:28; Pos 2:17) Tímabil-ið getur verið fáein ár eða fjöldi ára eftir því hvers eðlis spádómurinn er. Í Biblíunni er orðasambandið sérstaklega notað um „síðustu daga“ núverandi heimsskipanar meðan ósýnileg nærvera Jesú stendur yfir. – 2Tí 3:1; Jak 5:3; 2Pé 3:3.

**Síon, Síonarfjall.** Jebús, virkisborg Jebúsíta sem stóð á hæð í suðaustanverðri Jerúsalem, fékk þetta nafn. Eftir að Davíð vann borgina byggði hann konungshöll sína þar og hún var síðan kölluð „Davíðsborg“. (2Sa 5:7, 9) Síonarfjall varð sérstaklega heilagt í augum Jehóva þegar Davíð lét flytja sáttmálsörkina þangað. Síðar náði heitið Síon einnig yfir musterissvæðið á Móríafjalli og stundum var það notað um Jerúsalemborg alla. Oft notað í táknrænni merkingu í Grísku ritningunum. – Sl 2:6; 1Pé 2:6; Op 14:1.

**Skinnhandrit.** Handrit skrifað á skinn af kindum, geitum eða kálfum, einnig nefnd pergament eða bókféll. Skinnin voru verk-uð sérstaklega til þessara nota. Þau entust betur en papírur og voru notuð í bókkrollur Biblíunnar. Skinnhandritin sem Páll bað Tímóteus að taka með sér kunna að hafa verið sumar af bókum Hebresku ritninganna. Sum af Dauðahafshandritunum voru skrifuð á skinn. – 2Tí 4:13.

**Skírn, skira.** Sögnin merkir „að færa í kaf“ eða dýfa ofan í vatn. Jesús setti það skil-yrði að fylgjendur sínir skírðust. Í Biblíunni er talað um fleiri skírnir, meðal annars skírn Jóhannesar, skírn með heilögum anda og skírn með eldi. – Mt 3:11, 16; 28:19; Jóh 3:23; 1Pé 3:21.

**Skoðunarbrauð.** Tólf brauð sem lögð voru í tvo stafla, sex í hvorum, á borðið í hinu heilaga í tjaldbúðinni og musterinu. Komið var með nýtt brauð á hverjum hvíldardegi sem fórn handa Guði. Að jafnaði máttu engir nema prestarnir borða brauðið sem

var fjarlæggt. – 2Kr 2:3; 2Mó 25:30; 3Mó 24:5–9; Mt 12:4; Heb 9:2.

**Skurðgoð, skurðgoðadýrkun.** Skurðgoð er mynd eða líkneski af einhverju, ýmist raun-verulegu eða imynduðu, sem fólk notar við trúarathafnir. Skurðgoðadýrkun er það að dýrka skurðgoð, tilbiðja það eða bera lotningu fyrir því. – Sl 115:4; Pos 17:16; 1Kor 10:14.

**Smyrja.** Aðalmerking hebreska orðsins er „smyrja með vökva“. Olíu var hellt yfir mann eða hlut til tákns um að hann væri helgaður sérstakri þjónustu. Orðið er einnig notað í Grísku ritningunum um það að úthella heilögum anda yfir þá sem fá himneska von. – 2Mó 28:41; 1Sa 16:13; Lúk 4:18; Pos 10:38; 2Kor 1:21.

**Sonur Davíðs.** Jesús var oft kallaður þetta til að leggja áherslu á að hann væri erfingi sáttmálans um ríkið sem afkomandi Davíðs átti að uppfylla. – Mt 12:23; 21:9.

**Sorg.** Á biblútímanum var algengt að láta greinilega í ljós sorg sína yfir dauðsfalli eða annarri ógæfu og venja var að syrgja um vissan tíma. Auk þess að gráta hástöfum var venja að syrgjendur klæddust á sérstakan hátt. Menn jusu ösku yfir höfuð sér, rifu fót sín og börðu sér á brjóst. Stundum voru atvinnusyrgjendur beðnir að vera viðstaddir jarðarfarir. – Est 4:3; Mt 11:17; Mr 5:38; Jóh 11:33; Op 21:4.

**Spádómur.** Innblásinn boðskapur, ýmist það að opinbera vilja Guðs eða boða hann. Spádómur getur verið innblásinn sífferðis-boðskapur, fyrirmæli frá Guði, dómur hans eða það að boða ókomna atburði. – Mt 13:14; 2Pé 1:20, 21.

**Spásagnarmaður.** Manneskja sem segist geta sagt fyrir ókomna atburði. Biblían talar um spápresta, stjórnuþekkinga og fleiri sem spásagnarmenn. – 3Mó 19:31; 5Mó 18:11; Pos 16:16.

**Spönn.** Lengdarmálseining. Bilið milli fingurgóma þumalfingurs og litlafingurs á útglenntri hendi. Ef miðað er við að alin sé 44,5 cm var spönnin um 22,2 cm. – 2Mó 28:16; 1Sa 17:4.

**Staur.** Hjá sumum þjóðum tíkkaðist að taka menn af lífi með því að hengja þá á staur og/eða að lík var hengt á staur til viðvörunar eða opinberrar auðmýkingar. Assýringar voru alræmdir fyrir grimmd sína í hernaði og létu herfanga hanga á



oddmjóum staur eftir að hafa stungið honum inn í kviðarhol þeirra og upp í brjósthol. Samkvæmt lögum Gyðinga voru þeir sem gerðust sekir um alvarlega glæpi eins og guðblast eða skurðgoðadýrkun þó grýttir til bana eða líflátnir með öðrum hætti áður en líkið var hengt á staur eða tré sem víti til varnaðar. (5Mó 21:22, 23; Jós 8:29) Rómverjar áttu það til að binda dæmdan mann á staur og þá gat það tekið nokkra daga að hann dæi úr þorsta, hungri, sársauka og sólbluna. Í öðrum tilvikum voru menn negldir á höndum og fótum á staur. Jesús var tekinn af lífi með þeim hætti. (Lúk 24:20; Jóh 19:14–16; 20:25; Pos 2:23, 36) – Sjá KVALASTAUR.

**Stjörnuspikingur.** Maður sem rannsakar hreyfingu sólar, tungls og stjarna til að segja fyrir um ókoma atburði. – Mt 2:1.

**Stokkur.** Refsítæki notað til að festa útlími. Sumir stokkar voru aðeins gerðir til að festa fætur en aðrir þvinguðu fórnarlambið í óeðlilega stellingu, til dæmis með því að festa hendur, fætur og háls. – Jer 20:2; Pos 16:24.

**Stólpi.** Lóðrétt burðarsúla í byggingu eða eitthvað sem líkist súlu. Burðarsúlur voru í musterinu og öðrum byggingum sem Salómon reisti. Orðið er notað í Grísku ritningunum sem tákn um stoð og styrk (1Tí 3:15) eða varanlega stöðu. – Dóm 16:29; 1Kor 7:21; Op 3:12.

**Stóumenn.** Grískir heimspekingar sem álitu að hamingja byggðist á því að lifa í samræmi við skynsemina og náttúruna. Þeir álitu að sönn víska fælist í því að láta ekki sársauka eða unað hafa áhrif á sig. – Pos 17:18.

**Súlnagöng Salómons.** Yfirbyggður gangur austan við ytri forgarðinn í musterinu á dögum Jesú, yfirleitt talinn vera leifar afmusteri Salómons. Jesús gekk þar um að vetri til og frumkristnir menn söfnuðust þar saman til tilbeiðslu. – Jóh 10:22, 23; Pos 5:12.

**Súrdeig.** Sýrt eða gerjað deig sem lagt var til hliðar til að gerja deig næst þegar bakað var. Oft notað í Biblíunni sem tákn um synd og spillingu en einnig til að tákna ósýnilegan vöxt sem nær út um allt. – 2Mó 12:15, 20; Mt 13:33; Ga 5:9.

**Syndaförn.** Förn sem færð var vegna syndar sem framin var óviljandi sökum veikleika

og mannlegs ófullkomleika. Ýmis dýr voru færð að förn, allt frá nautum til dúfna, eftir stöðu og aðstæðum þess sem friðþægt var fyrir. – 3Mó 4:27, 29; Heb 10:8.

**Syrtuflói.** Tveir stórir og grunnir flóar á strönd Líbýu í Norður-Afríku sem sjófar- endur til forna óttuðust. Þar voru varasöm sandrif sem breyttust í sífellu af völdum sjávarfalla. – Pos 27:17.

**Sýrland.** Í Grísku ritningunum er Sýrland rómverskt skattland með höfuðborgina Antiokkíu. Það náði í meginatriðum yfir sama svæði og Sýrland (einnig kallað Aram) í Hebresku ritningunum. Landstjóri Sýrlands hafði einnig umsjón með allri Palestínu. – Lúk 2:2; Pos 18:18; Ga 1:21.

**Söfnuður.** Hópur fólks sem safnast saman í ákveðnum tilgangi eða til ákveðinnar starfsemi. Í Hebresku ritningunum er orðið yfirleitt notað um Ísraelsþjóðina. Í Grísku ritningunum er oft átt við einstaka söfnuði kristinna manna en oftar kristna söfnuðinn almennt. – 1Kor 8:22; Pos 9:31; Róm 16:5.

## T

**Talenta.** Stærsta þyngdar- og gjaldmiðils- eining Hebra. Hún vó 34,2 kg. Grísk talenta var léttari, um 20,4 kg. – 1Kr 22:14; Mt 18:24.

**Tartaros.** Notað í Grísku ritningunum um niðurlægingu englanna sem óhlyðnuðust á dögum Nóa og er eins og fangelsi. Gríska sögnin *tartaro* 'o (að kasta í Tartaros'), sem er notuð í 2. Pétursbréfi 2:4, merkir ekki að „englunum sem syndg- uðu“ hafi verið kastað í Tartaros sem getið er um í heiðinni goðafræði (fangelsi og myrkrastað óæðri guða í undirheimum) heldur er átt við að Guð hafi úthýst þeim af himnum, svipt þá stöðu og heiðri og varpað þeim niður í andlegt niðamyrkur þar sem þeir hafa enga innsýn í bjarta fyrirætlun Guðs. Framtíð þeirra er einnig myrk að sögn Biblíunnar því að þeirra biður eilíf tortíming ásamt Satan Djöflinum, höfðingja þeirra. Tartaros táknar því mestu niðurlægingu sem þessir uppreisnarenglar geta hlotið. Það er ekki það sama og „undir- djúpið“ sem talað er um í Opinberunarbókinni 20:1-3.

**Tákn.** Hlutur, verknaður, aðstæður eða óvenjulegt sjónarspil sem er merki um eitthvað ákveðið í nútíð eða framtíð. – Mt 24:3; Op 1:1.

**Tíund.** Tíundi hluti eða 10 prósent sem voru greidd í skatt, einkum til trúarlegra nota. (Mal 3:10; 5Mó 26:12; Mt 23:23; Heb 7:5) Samkvæmt Mósélögum var tíundi hluti af afurðum landsins og tíundi hluti af fjölg- um búpenings gefinn Levítum á hverju ári þeim til viðurværis. Levítar gáfu tíund af þessari tíund til prestanna af ætt Arons til að sjá fyrir þeim. Einnig er rætt um tíund af öðru tagi. Kristnir menn þurfa ekki að greiða tíund.

**Tjaldbúðahátíð.** Einnig nefnd laufskálahátíðin eða uppskeruhátíðin, haldin 15.–21. etaním samkvæmt hebresku almanaki. Hún var haldin til að fagna uppskerunni í lok landbúnaðarársins í Ísrael og einkenndist af gleði og þakklaeti fyrir blessun Jehóva og góða uppskeru. Meðan á hátíðinni stóð bjó fólk í einföldum skýlum með þaki úr greinum og lafi til að minnast brottfararinnar frá Egyptalandi. Hún var ein þriggja hátíða ársins sem körlum var skylt að sækja í Jerúsalem. – 3Mó 23:34; Esr 3:4; Jóh 7:2.

**Tré lifsins.** Tré í Edengarðinum. Í Biblíunni er ekki sagt að ávöxtur trésins hafi í sjálfu sér verið þess eðlis að hann gæti gefið líf heldur táknaði tréð að þeir sem Guð leyfði að borða af því hefðu tryggingu hans fyrir eilífu lífi. Í Opinberunarbókinni tákna tréð ráðstafanir Guðs til að viðhalda lífi. – 1Mó 2:9; 3:22; Op 2:7; 22:19.

**Trúskiptingur.** Notað í Biblíunni um mann- eskju sem hafði tekið gyðingatrú. Ef um karlmann var að ræða lét hann umskerast. – Mt 23:15; Pos 13:43.

## U

**Umsjónarmaður.** Maður sem hefur það verkefni að hafa umsjón með söfnuðinum og gæta hans. Meginhugmynd gríska orðsins *epískopos* er að hafa umsjón með og vernda. Orðin umsjónarmaður og öldungur (*presbyteros*) eiga við sömu stöðu í kristna söfnuðinum. Orðið öldungur vísar til þess að sá sem er skipaður til starfa búi yfir reynslu og þroska en umsjónarmaður vísar til þeirra skyldna sem fylgja starfinu. – Pos 20:28; 1Tí 3:2–7; 1Pé 5:2.

**Umskurður.** Það að skera forhúð af getnaðarlim karls. Abraham og afkomendum hans var skylt að umskerast en þess er ekki krafist af kristnum mönnum. Einnig notað í

táknrænni merkingu í margs konar samhengi. – 1Mó 17:10; 1Kor 7:19; Fil 3:3.

**Undirbúningsdagur.** Dagurinn fyrir hvíldardag þegar Gyðingar bjuggu sig undir hvíldardaginn. Dagurinn endaði við sólsetur á föstudegi, sem nú heitir svo, og þá hófst hvíldardagurinn. Dagurinn hjá Gyðingum stóð frá sólarlagi til sólarlags. – Mr 15:42; Lúk 23:54.

**Undirdjúp.** Þýðing gríska orðsins *abyssos* sem merkir ‚gífurlega djúpur‘ eða ‚botnlaus, takmarkalaus‘. Það er notað í Grísku ritningunum um fangelsi eða fangavist. Það getur átt við gröfina en einskorðast ekki við hana. – Lúk 8:31; Róm 10:7; Op 20:3.

**Upprisa.** Það að rísa upp frá dauðum. Gríska orðið *anástasis* merkir bókstaflega ‚það að rísa upp, standa upp‘. Sagt er frá níu upprisum í Biblíunni, þar á meðal að Jehóva Guð hafi reist Jesú upp frá dauðum. Elía, Elísa, Jesús, Pétur og Páll reistu fólk upp frá dauðum en ljóst er að þar var kraftur Guðs að verki. Það er mikilvægtur þáttur í fyrirætlun Guðs að reisa upp „bæði réttláta og rangláta“ hér á jörð. (Pos 24:15) Í Biblíunni er einnig minnst á upprisu til himna. Andasmurðir bræður Jesú hljóta þá upprisu. Hún er nefnd „fyrri upprisan“. – Fil 3:11; Op 20:5, 6; Jóh 5:28, 29; 11:25.

## V

**Vagn, hervagn.** Tvíhjóla hestvagn, notaður sem farartæki, oft í stríði. – 2Mó 14:23; Dóm 4:13; Pos 8:28; Op 9:9.

**Varðmaður.** Maður sem gætir fólks eða eigna, oft að næturlagi, og gefur viðvör- unarmerki ef hætta steðjar að. Varðmenn stóðu oft á borgarmúrum og turnum og höfðu auga með þeim sem nálgubust borgina. Hermaður sem stóð vörð var yfirleitt kallaður varðmaður. – Mt 27:65; 28:4.

**Vegurinn.** Notað í táknrænni merkingu í Biblíunni um atferli eða hegðun sem Jehóva hefur annaðhvort velþóknun eða vanþóknun á. Talað var um að fylgjendur Jesú Krists tilheyrdi ‚Veginum‘, í þeirri merkingu að líf þeirra snerist um trúna á Jesú Krist og þeir fylgdu fordæmi hans. – Pos 19:9.

**Veldissproti.** Stafur eða kefli sem konungur bar til táknis um vald sitt. – 1Mó 49:10; Heb 1:8.

**Vígsluhátíð.** Árleg hátíð haldin til að minnast þess að musteríð var hreinsað eftir að Antiokos Epifanes vanhelgaði það. Hún hófst 25. kíslev og stóð í átta daga. – Jóh 10:22.

**Vinbelgur.** Belgur úr heilu skinni, til dæmis af kind eða geit, notaður undir vín. Við vingerjun myndast koldíoxíð sem myndar þrýsting í belgnum. Vín var því sett á nýja skinnbelgi sem gátu þanist út en ekki gamla og harða belgi sem myndu springa vegna þrýstingsins. – Jós 9:4; Mt 9:17.

**Vinþróng.** Yfirleitt tvær þrær höggvar í kalkstein. Önnur stóð hærra en hin og mjó renna lá í milli. Vinberin voru kramin í efri þrónni og safinn rann í þá neðri. Orðið er notað í táknrænni merkingu um dóm Guðs. – Op 19:15.

**Vændiskona.** Gríska orðið *porne*, sem er þýtt ‚vændiskona‘, er dregið af orðstofni sem merkir ‚að selja‘. Oftast notað um manneskju sem býður upp á kynmök gegn gjaldi en einnig notað í almennari merkingu um manneskju sem á kynmök við aðra manneskju utan hjónabands. Það er yfirleitt notað um konur en Biblían nefnir einnig vændi karla. Vændi var fordæmt í Móselögunum og ekki mátti gefa vændislaun sem framlag til helgidóms Jehóva, ólíkt því sem tíðkaðist meðal heiðinna manna þar sem vændi var ein af tekjulindum mustera. (5Mó 23:17, 18; 1Kon 14:24) Vændi er einnig notað í táknrænni merkingu í Biblíunni þegar fólk, þjóðir eða stofnanir dýrka skurðgoð á einhvern hátt en segjast tilbiðja Guð. Í Opinberunarbókinni er til dæmis talað um trúarveldið sem kallast „Babýlon hin mikla“ og er kallað vændiskona af því að það leggur lag sitt við valdhafa þessa heims í skiptum fyrir völd og fjárhagslegan ávinning. – Op 17:1–5; 18:3; 1Kr 5:25.

## Y

**Yfirprestur.** Sömu merkingar og æðstiprestur í Hebresku ritningunum. Í Grísku ritningunum er heitið yfirprestur greinilega notað um helstu menn meðal prestanna. Hugsanlegt er að yfirverandi æðstiprestar og yfirmenn prestaflokkanna 24 hafi verið þeirra á meðal. – 2Kr 26:20; Esr 7:5; Mt 2:4; Mr 8:31.

## Þ

**Þrengingin mikla.** Gríska orðið sem er þýtt ‚þrenging‘ lýsir erfiðleikum eða þjáning-

um af völdum aðstæðna. Jesús talaði um fordæmalausla ‚mikla þrengingu‘ sem kæmi yfir Jerúsalem og um aðra sem kæmi síðar yfir allt mannkyn þegar hann ‚kæmi í dýrð‘. (Mt 24:21, 29–31) Páll kallar þessa þrengingu réttláta aðgerð Guðs gegn „þeim sem þekkja ekki Guð og þeim sem hlýða ekki fagnaðarboðskapnum“ um Jesú Krist. Jesú er lýst í Opinberunarbókinni 19. kafli þar sem hann leiðir himneskan her í stríði við ‚villidýrið, konunga jarðarinnar og hersveitir þeirra‘. (2Þe 1:6–8; Op 19:11–21) Fram kemur að ‚mikill múgur‘ lifi þrenginguna af. (Op 7:9, 14) – Sjá HARMAGEDÓN.

**Þresking, þreskivöllur.** Það að losa korn frá hálminum og hisminu; staðurinn þar sem það var gert. Þegar þreskt var með handfli var notaður stafur en þegar um mikið magn var að ræða var þreskt með þreskisleða eða valtara sem dráttardýr dró. Sleðinn eða valtarinn var dreginn yfir kornið sem var dreift um sléttan og hringlaga þreskivöll sem var yfirleitt uppi á hæð þar sem blés um hann. – 3Mó 26:5; Jes 41:15; Mt 3:12.

## Æ

**Æðstaráðið.** Hæstiréttur Gyðinga í Jerúsalem. Á dögum Jesú átti 71 maður sæti í ráðinu, þeirra á meðal æðstipresturinn og fyrrverandi æðstuprestar, ættmenn þeirra, öldungar, ættarhöfðingjar og fræðimenn. – Mr 15:1; Pos 5:34; 23:1, 6.

**Æðstiprestur.** Æðsti prestur Gyðinga í tíð Móselaganna. Hann var fulltrúi þjóðarinnar gagnvart Guði og hafði umsjón með öðrum prestum. Hann einn mátti fara inn í hið allra helgasta, innsta rými tjaldbúðarinnar og síðar musterisins. Það gerði hann aðeins á friðþægingardeginum einu sinni á ári. Jesús Kristur er einnig nefndur æðstiprestur. – 3Mó 16:2, 17; 21:10; Mt 26:3; Heb 4:14.

## Ö

**Öldungur.** Roskinn maður. Í Biblíunni er þó aðallega átt við mann sem fer með vald og gegnir ábyrgðarstöðu innan samfélags eða þjóðar. Orðið er einnig notað í Opinberunarbókinni um himneskar verur. Gríska orðið *presbyteros* er þýtt ‚öldungur‘ þegar það vísar til þeirra sem fara með forystu í söfnuðinum. – 2Mó 4:29; Okv 31:23; 1Tí 5:17; Op 4:4.























Til að fá nánari upplýsingar geturðu farið inn á [www.jw.org](http://www.jw.org) eða haft samband við Votta Jehóva. Fyrir Ísland, sjá Skandinavíu.